ISSN 2735-8801

Stjórn fiskveiða 2025/2026
Lög og reglugerðir

Atvinnuvegaráðuneytið
október 2025

Í þessu riti er að finna öll helstu lög og reglugerðir sem lúta að stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2025/2026 og almanaksárinu 2026. Útgáfan er ætluð til hagræðis og séu í ritinu að finna frávik frá texta Stjórnartíðinda víkur texti þessa rits að sjálfsögðu.

ISSN 2735-8801

Stjórn fiskveiða 2025/2026
Lög og reglugerðir

Atvinnuvegaráðuneytið
október 2025

Í þessu riti eru tekin saman helstu lög og reglugerðir sem lúta að stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2025/2026 og almanaksárinu 2026.

Útgáfan er ætluð til hagræðis fyrir notendur og því hefur umfang ritsins verið aukið og inniheldur öll þau helstu lög og reglugerðir um stjórn fiskveiða sem falla undir málefnasvið atvinnuvegaráðherra. Ritið inniheldur einnig yfirlit um önnur lög, reglugerðir og fyrirmæli sem varða málefni tengd stjórn fiskveiða sem ekki var talin ástæða til að hafa með í ritinu. Vert er að benda á að með forsetaúrskurði nr. 46/2025, um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands fluttust mál er varða meðferð og ráðstöfun aflamagns sem dregið er frá heildarafla samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða frá atvinnuvegaráðuneytinu til innviðaráðuneytisins. Þær reglugerðir sem innviðaráðuneytið hefur þegar sett vegna þessa eru einnig hluti af þessu riti þar sem þær varða lög um stjórn fiskveiða.

Gerðar hafa verið nokkrar breytingar á ritinu til þess að auka notagildið og tilvísanir hafa verið uppfærðar með hliðsjón af gildandi lögum og reglugerðum. Jafnframt er breytingasaga reglugerða tilgreind þar sem slíkt á við. Helstu nýmæli í ritinu eru þau að efnistök hafa verið aukin og nýjum hluta verið bætt við þar sem er að finna lög og reglugerðir sem tengjast lax- og silungsveiði. Ritið inniheldur einnig lista yfir tilvísanir í auglýsingar, erindisbréf, forsetaúrskurði, gjaldskrár, konungsbréf, lög, reglugerðir, reglur, samþykktir og tilskipanir.

Þar sem það á við hefur reglugerðum sem gefnar eru út af öðrum ráðuneytum einnig verið bætt við ef þær tengjast efninu sem fjallað er um í þessu riti. Tekið skal fram að ritið inniheldur ekki lög og reglugerðir um fiskeldi og tengdar reglugerðir þótt þær séu á málefnasviði atvinnuvegaráðherra.

Þrátt fyrir að reglugerðir og auglýsingar séu til hagræðis flokkaðar eftir helstu efnisatriðum þá ber þess að geta að ákvæði viðkomandi reglugerða geta átt við fleiri efnisatriði þrátt fyrir að valið sé að flokka þær með öðrum reglugerðum er varða hliðstæð efnisatriði. Í einhverjum tilvikum hafa prentvillur verið leiðréttar og uppsetning aðlöguð í útgáfunni en þó skal áréttað að séu frávik frá texta Stjórnartíðinda og því sem birt er í þessari útgáfu þá víkur að sjálfsögðu texti þessar útgáfu.

Atvinnuvegaráðuneytið: Stjórn fiskveiða 2025/2026 – Lög og reglugerðir

Útgefandi: Atvinnuvegaráðuneytið
Skúlagötu 4
101 Reykjavík
Sími: 545 9700
Netfang: atrn@atrn.is
Veffang: https://www.stjornarradid.is/raduneyti/atvinnuvegaraduneytid/

Umbrot og textavinnsla: Atvinnuvegaráðuneytið

Prentun: Litlaprent ehf.

©2025 Atvinnuvegaráðuneytið

Stjórn fiskveiða – Lög og reglugerðir (prentuð útgáfa)
ISSN 2735-8798
ISBN 978-9935-551-09-2 Stjórn fiskveiða 2025/2026 – Lög og reglugerðir

Stjórn fiskveiða – Lög og reglugerðir (rafræn útgáfa)
ISSN 2735-8801
ISBN 978-9935-551-10-8 Stjórn fiskveiða 2025/2026 – Lög og reglugerðir

Efnisyfirlit

Helstu önnur lög, reglugerðir og fyrirmæli sem ekki eru birt í þessu riti vii

I. hluti - Stjórn fiskveiða 1

Lög

Lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. 3
Lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. 23
Lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. 31
Lög nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. 41
Lög nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum. 47
Lög nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. 49
Lög nr. 26/1949, um hvalveiðar. 55
Lög nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins. 57
Lög nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. 59
Lög nr. 145/2018, um veiðigjald. 63
Lög nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla. 69
Lög nr. 24/1986, um skiptaverðmæti. 71
Lög nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. 73
Lög nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri. 79
Lög nr. 68/1981, um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. 85
Lög nr. 48/1979, um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. 87
Lög nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. 89
Lög nr. 36/1992, um Fiskistofu. 93
Lög nr. 30/2018, um Matvælastofnun. 97
Lög nr. 30/2018, um Matís. 99
Lög nr. 31/2020, um Matvælasjóð. 101
Lög nr. 39/1914, um beitutekju. 103
Tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872 um síldar- og upsaveiði með nót. 105
Lög nr. 53/1901, um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872 um síldar- og upsaveiði með nót. 107
Lög nr. 4/1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot. 109
Lög nr. 55/2013, um velferð dýra. 111
Lög nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða 127

Reglugerðir um stjórn fiskveiða

Reglugerð nr. 860/2025, um leyfilegan heildarafla og veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026. 135
Reglugerð nr. 929/2025, um aflaheimildir samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2025/2026. 143
Reglugerð nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. 145
Reglugerð nr. 1256/2024, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnsluskyldu skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. 149
Reglugerð nr. 382/2017, um leyfisskyldar frístundaveiðar. 153
Reglugerð nr. 753/2019, um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa. 155
Reglugerð nr. 800/2025, um þorskígildisstuðla fyrir fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026. 157
Reglugerð nr. 306/1999, um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi. 159

Reglugerðir um veiðar á einstökum tegundum og á einstökum svæðum
Reglugerð nr. 30/2024, um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski innan efnahagslögsögu Noregs. 161
Reglugerð nr. 1617/2023, um stjórn veiða íslenskra skipa á kolmunna. 163
Reglugerð nr. 182/2025, um veiðar íslenskra skipa á loðnu. 167
Reglugerð nr. 962/2019, um veiðar á íslenskri sumargotssíld. 169
Reglugerð nr. 32/2024, um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum. 171
Reglugerð nr. 266/2024, um veiðar íslenskra skipa á makríl. 175
Reglugerð nr. 725/2020, um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl. 179
Reglugerð nr. 200/2023, um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski. 181
Reglugerð nr. 807/2011, um meðafla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski. 187
Reglugerð nr. 1124/2024, um hrognkelsaveiðar. 189
Reglugerð nr. 1441/2024, um úthlutun aflamarks í grásleppu til nýliða. 193
Reglugerð nr. 460/2024, um strandveiðar. 195
Reglugerð nr. 364/2019, um veiðar úr úthafskarfastofninum árið 2019. 199
Reglugerð nr. 923/2010, um veiðar á skötusel í net. 203
Reglugerð nr. 462/2017, um veiðar á gulllaxi. 205
Reglugerð nr. 470/2012, um veiðar á lúðu. 207
Reglugerð nr. 188/2020, um veiðar á humri. 209
Reglugerð nr. 964/2019, um veiðar á rækju. 213
Reglugerð nr. 1160/2021, um veiðar á kröbbum. 217
Reglugerð nr. 711/2018, um veiðar á kúfskel. 221
Reglugerð nr. 890/2020, um veiðisvæði hörpudisks. 223
Reglugerð nr. 633/2019, um veiðar á beitukóngi í gildrur. 225
Reglugerð nr. 930/2025, um veiðar á skollakopp (ígulkerum). 227
Reglugerð nr. 741/2019, um veiðar á sæbjúgum. 233
Reglugerð nr. 163/1973, um hvalveiðar. 239
Reglugerð nr. 895/2023, um veiðar á langreyðum. 243

Reglugerð um sjávargróður
Reglugerð nr. 1007/2024, um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni. 249

Reglugerðir um veiðar erlendra skipa
Reglugerð nr. 110/2018, um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi. 253
Reglugerð nr. 150/2024, um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2024. 257
Reglugerð nr. 220/2025, um loðnuveiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2024/2025 261
Reglugerð nr. 873/2025, um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2025. 265
Reglugerð nr. 187/2025, um loðnuveiðar grænlenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2024/2025 269
Reglugerð nr. 670/2025, um heimild grænlenskra skipa til veiða á makríl á árinu 2025 275
Reglugerð nr. 116/2024, um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2024 281
Reglugerð nr. 1203/2022, um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2022/2023 285

Reglugerð um velferð sjávarspendýra
Reglugerð nr. 1020/2021, um velferð sjávarspendýra við fiskveiðar og fiskeldi í sjó. 289

Reglugerðir um skráningu, vinnslu, mælingar og útbúnað
Reglugerð nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla. 291
Reglugerð nr. 659/2014, um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski 307
Reglugerð nr. 468/2013, um nýtingu afla og aukaafurða. 309
Reglugerð nr. 307/2023, um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga. 311
Reglugerð nr. 994/2013, um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla. 313
Reglugerð nr. 295/2018, um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum. 321
Reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð. 323

Reglugerð nr. 55/2003, um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum. 327
Reglugerð nr. 489/2009, um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum. 329
Auglýsing nr. 213/2010, um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun. 337
Auglýsing nr. 947/2016, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð. 341
Reglugerð nr. 474/2020, um merkingu veiðarfæra og töpuð veiðarfæri. 345
Reglugerð nr. 188/2014, um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski. 347
Reglugerð nr. 940/2016, um mælingar á fiskilestum. 349

Reglugerðir um takmarkanir og friðunarsvæði
Reglugerð nr. 115/2006, um þorskfisknet. 351
Reglugerð nr. 963/2019, um veiðar með dragnót við Ísland. 353
Reglugerð nr. 620/2012, um takmarkanir á veiðum íslenskra skipa úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja. 361
Reglugerð nr. 431/2013, um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). 363
Reglugerð nr. 433/2013, um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja. 367
Reglugerð nr. 960/2019, um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu. 369
Reglugerð nr. 961/2019, um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð. 373
Reglugerð nr. 958/2019, um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma. 377
Reglugerð nr. 1097/2023, um bann við veiðum með fiskibotnvörpu út af Norðvesturlandi. 381
Reglugerð nr. 732/1997, um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja. 383
Reglugerð nr. 733/2018, um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði. 385
Reglugerð nr. 186/2020, um tímabundið bann við veiðum með fiskibotnvörpu á veiðisvæðum humars. 387
Reglugerð nr. 188/2023, um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa. 389
Reglugerð nr. 11/2015, um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). 397
Reglugerð nr. 175/2015, um notkun botnveiðarfæra á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). 401
Reglugerð nr. 845/2022, um undanþágu frá banni við veiðum vegna fjarskiptastrengsins ÍRIS. 405
Reglugerð nr. 766/2004, um bann við rækjuveiðum norður af Rifsbanka. 409
Reglugerð nr. 456/2017, um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli. 411
Reglugerð nr. 1035/2017, um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum. 413
Reglugerð nr. 1100/2019, um bann við selveiðum. 415
Auglýsing nr. 955/2020, um framkvæmd skyndilokana Fiskistofu. 417

Reglugerðir um eftirlit
Reglugerð nr. 543/2002, um möskvastærðir- og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri. 419
Reglugerð nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga. 423
Reglugerð nr. 770/2008, um fjareftirlit. 425
Reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands. 427
Reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. 443
Reglugerð nr. 431/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO. 445
Reglugerð nr. 432/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). 449
Reglugerð nr. 601/1997, um löndun á bræðslufiski erlendis. 453

Reglugerðir um viðskipti
Reglugerð nr. 646/2007, um uppboðmarkaði sjávarafla. 455
Reglugerð nr. 941/2016, um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði. 461
Reglugerð nr. 147/1998, um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. 463

Auglýsing um veiðigjald og gjaldskrár
Auglýsing nr. 1340/2024, um veiðigjald 2025. 467
Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. 469
Gjaldskrá fyrir eftirlit og önnur gjaldskyld verkefni Matvælastofnunar nr. 665/2025. 473

Erindisbréf fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu
Erindisbréf fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu. 479

Reglur um Verkefnasjóð sjávarútvegsins
Reglur um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum. 483

Reglugerð um framkvæmd CITES samningsins
Reglugerð nr. 829/2005, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. 485

II. hluti - Lax- og silungsveiði 531

Lög
Lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. 533
Lög nr. 58/2006, um fiskrækt. 555
Lög nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum. 559
Lög nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma. 565
Lög nr. 72/2008, um Fiskræktarsjóð. 569

Reglugerðir um veiðifélög
Reglugerð nr. 345/2014, um starfsemi veiðifélaga. 571
Reglugerð nr. 403/2012, um arðskrár veiðifélaga. 579

Reglugerðir um búnað og frágang neta og veiðar á hnúðlaxi og álaveiðar
Reglugerð nr. 449/2013, um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó. 583
Reglugerð nr. 665/2023, um veiðar á hnúðlaxi. 585
Reglugerð nr. 408/2019, um bann við álaveiðum. 587

Reglur og auglýsingar um veiðar göngusilungs og hafbeitarlax
Reglur nr. 331/2011, um netaveiði göngusilungs í sjó. 589
Reglur nr. 522/2007, um afnám reglna nr. 373, 29. apríl 2004, um bann við netaveiði göngusilungs við Eyjafjörð. 591
Auglýsing nr. 197/1943, um bann við veiði göngusilungs við Fnjóskárósa. 593
Auglýsing nr. 78/1944, um bann við veiði göngusilungs við ósa Svarfaðardalsár. 595
Auglýsing nr. 170/1952, um bann við veiði göngusilungs við vestari ós Héraðsvatna. 597
Samþykkt nr. 23/1965, um bann við veiði göngusilungs við Vesturós Héraðsvatna. 599
Auglýsing nr. 222/1968, um bann við veiði göngusilungs í Skógarlóni inn af Nýpsfirði. 601
Auglýsing nr. 278/1983, um bann við veiði göngusilungs í Steingrímsfirði. 603
Auglýsing nr. 355/1984, um bann við veiði göngusilungs í sjó í Ólafsfirði. 605
Reglur nr. 451/1997, um veiðitæki og veiðiaðferðir á hafbeitarlaxi í Hraunsfirði. 607
Auglýsing nr. 300/1998, um bann við veiði göngusilungs í Hvalfirði. 609

Verklagsreglur Fiskræktarsjóðs
Verklagsreglur Fiskræktarsjóðs 2024 vegna úthlutunar 2025. 611

Tilvísanir í auglýsingar, erindisbréf, forsetaúrskurði, gjaldskrár, konungsbréf, lög, reglugerðir, reglur, samþykktir og tilskipanir 613

Helstu önnur lög, reglugerðir og fyrirmæli sem ekki eru birt í þessu riti

Lög

Tilskipun um veiði á Íslandi, 20. júní 1849.
Lög nr. 23/1925, um selaskot á Breiðafirði og uppidráp.
Lög nr. 29/1937, um útrýmingu sels í Húnaósi.
Lög nr. 18/1954, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að láta öðlast gildi ákvæðin í alþjóðasamningi frá 5. apríl 1946, um möskvastærð fiskinetja og lágmarksstærðir fisktegunda, ásamt ákvæðum viðbætis við samninginn frá 2. apríl 1953.[1)]
Lög nr. 91/2006, um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn.[2)]
Framangreind lög eru á málefnasviði atvinnuvegaráðherra.

Lög nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn.
Lög nr. 38/2010, um Íslandsstofu, sjálfseignarstofnun.
Framangreind lög eru á málefnasviði utanríkisráðherra.

Konungsbréf (til stiftamtm. og amtm.) um fiskiútveg á Íslandi, 28. febrúar 1758.[3)]
Lög nr. 20/1987, um sjómannadag.
Sjómannalög nr. 35/1985.
Lög nr. 41/2003, um vaktstöð siglinga.
Hafnalög nr. 61/2003.
Hafnarlög nr. 10/1944, fyrir Siglufjarðarkaupstað.[3)]
Lög nr. 50/2004, um siglingavernd.
Lög nr. 30/2007, um áhafnir íslenskra fiskiskipa, varðskipa, skemmtibáta og annarra skipa.
Lög nr. 35/2010, um lögskráningu sjómanna.
Skipalög nr. 66/2021.
Lög nr. 82/2022, um áhafnir skipa.
Lög nr. 47/2003, um eftirlit með skipum.
Lög nr. 38/2007, um íslenska alþjóðlega skipaskrá.
Lög nr. 10/1968, um heimild fyrir ríkisstjórnina til að staðfesta fyrir Íslands hönd alþjóðasamþykkt um takmörkun á ábyrgð útgerðarmanna, sem gerð var í Brüssel 10. október 1957.
Lög nr. 52/1960, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðasiglingamálastofnun (IMCO).
Lög nr. 26/1975, um heimild fyrir ríkisstjórnina til þess að staðfesta fyrir Íslands hönd samþykkt um alþjóðareglur til að koma í veg fyrir árekstra á sjó, 1972.
Framangreind lög eru á málefnasviði innviðaráðherra.

Lög nr. 52/2006, um Landhelgisgæslu Íslands.
Framangreind lög eru á málefnasviði dómsmálaráðherra.

Lög nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða.
Lög nr. 34/2001, um kjaramál fiskimanna og fleira.[4)]
Framangreind lög eru á málefnasviði félags- og húsnæðismálaráðherra.

[1)]Samkvæmt 16. gr. samnings frá 24. janúar 1959 (sjá l. 14/1960), er úr gildi numinn hluti af samningi frá 5. apríl 1946, sem birtur var sem fylgiskjal með l. 18/1954. Það sem enn er í gildi af samningnum (5.–9. gr. og fylgiskjöl I–II) virðist ekki hafa raunhæft gildi. Um texta laganna og samningsins, sjá Lagasafn 1965, d. 1643–1650.

[2)]Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneyti sinnir þeim verkefnum er lögin varða.

[3)]Lög sem hafa í reynd lokið hlutverki sínu en eru þó að formi til enn í gildi.

[4)]Þáverandi sjávarútvegsráðherra lagði fram frumvarp um þetta mál á sínum tíma en málið er nú á málefnasviði félags- og húsnæðismálaráðherra.

Reglugerðir um eftirlit og öryggi

Reglugerð nr. 812/1999, um eftirlitsreglur hins opinbera.
Framangreind reglugerð er á málefnasviði forsætisráðherra.

Reglur um merkingu skipa nr. 493/1986, um merkingu skipa.
Reglugerð nr. 80/2013, um vaktstöð siglinga og eftirlit með umferð skipa.
Auglýsing nr. 77/2015, um gjaldskrá vaktstöðvar siglinga.
Reglugerð nr. 122/2004, um öryggi fiskiskipa sem eru 15 metrar eða lengri að mestu lengd.
Reglugerð nr. 53/2000, um fjarskiptabúnað og fjarskipti íslenskra skipa.
Reglugerð nr. 989/2016, um skipsbúnað.
Reglugerð nr. 466/2023, um skoðanir á skipum og búnaði þeirra.
Reglugerð nr. 520/2006, um eftirlit og skráningu á afli aðalvéla íslenskra skipa.
Framangreindar reglugerðir eru á málefnasviði innviðaráðherra.

Reglugerðir um réttindi og skráningu

Reglugerð nr. 817/2010, um lögskráningu sjómanna.
Reglugerð nr. 944/2020, um skipstjórnar- og vélstjórnarréttindi á fiskiskipum, varðskipum og öðrum skipum.
Framangreindar reglugerðir eru á málefnasviði innviðaráðherra.

Reglugerð nr. 441/2010, um vigtarmannanámskeið.
Framangreind reglugerð er á málefnasviði atvinnuvegaráðherra. Húsnæðis- og mannvirkjastofnun sem heyrir undir félags- og húsnæðismálaráðuneyti sinnir þeim verkefnum er lögin varða.

Reglugerðir um alþjóðaverslun

Reglugerð nr. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.
Framangreind reglugerð er á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra.

Reglugerð um gerð strandsvæðisskipulags

Reglugerð nr. 330/2020, um gerð strandsvæðisskipulags.
Framangreind reglugerð er á málefnasviði félags- og húsnæðismálaráðherra.

Reglugerðir er varða Matvælastofnun

Reglugerð nr. 940/2019, um samstarfsráð Matvælastofnunar.
Reglugerð nr. 646/2020, um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar.
Framangreindar reglugerðir eru á málefnasviði atvinnuvegaráðherra.

Auglýsingar um friðlýsingar sem varða svæði í sjó.

Auglýsing nr. 1070/2021, um friðlýsingu Gerpissvæðisins.
Auglýsing nr. 740/2021, um friðlandið Lundey í Kollafirði.
Auglýsing nr. 470/2021, um friðlandið Akurey í Kollafirði.
Auglýsing nr. 300/2021, um friðland á Látrabjargi.
Auglýsing nr. 878/2009, um búsvæðavernd í Skerjafirði innan bæjarmarka Garðabæjar.
Auglýsing nr. 510/2007, um friðlýsingu hverastrýta á botni Eyjafjarðar, norður af Arnarnesnöfum.
Auglýsing nr. 50/2006, um friðland í Surtsey.
Auglýsing nr. 513/1995, um friðlýsingu Skrúðs og næsta nágrennis.
Auglýsing nr. 548/1994, um friðlýsingu Grunnafjarðar.
Auglýsing nr. 284/1988, um friðland á ströndinni við Stapa og Hellna.
Auglýsing nr. 1010/1978, um friðlýsingu Dyrhólaeyjar, Dyrhólahreppi, Vestur-Skaftafellssýslu.
Auglýsing nr. 96/1975, um friðland í Vatnsfirði.
Auglýsing nr. 118/1974, um friðlandið í Melrakkaey.
Framangreindar auglýsingar eru á málefnasviði umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra. Listinn hér að framan er ekki tæmandi.

Aðrar reglur

Reglur nr. 189/1994, um björgunar- og öryggisbúnað íslenskra skipa.
Framangreindar reglur eru gefnar út af Samgöngustofu.

I. hluti

Stjórn fiskveiða

Lög
nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.

1 Nytjastofnar á Íslandsmiðum eru sameign íslensku þjóðarinnar. Markmið laga þessara er að stuðla að verndun og hagkvæmri nýtingu þeirra og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu. Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

2. gr.

1 Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

2 Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3 […

4 …][1)]

[1)]L. 65/2020, 1. gr.

3. gr.

1 [Ráðherra][1)] skal, að fengnum tillögum [Hafrannsóknastofnunar],[2)] ákveða með reglugerð[3)] þann heildarafla sem veiða má á ákveðnu tímabili eða vertíð úr þeim einstökum nytjastofnum við Ísland sem nauðsynlegt er talið að takmarka veiðar á. Heimildir til veiða samkvæmt lögum þessum skulu miðast við það magn. Afli sem veiddur er í rannsóknarskyni á vegum [Hafrannsóknastofnunar][2)] reiknast ekki til heildarafla. [Sama á við um afla sem fæst við veiðar sem fara fram í fræðsluskyni, enda séu veiðarnar óverulegar og aflinn ekki fénýttur.][4)] Þá er ráðherra heimilt að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar][2)] að ákveða að afli sem fenginn er við vísindalegar rannsóknir annarra aðila skuli ekki að hluta eða öllu leyti reiknast til heildarafla.

2 Leyfður heildarafli botnfisktegunda skal miðaður við veiðar á 12 mánaða tímabili, frá 1. september ár hvert til 31. ágúst á næsta ári, og nefnist það tímabil fiskveiðiár. Skal heildarafli fyrir komandi fiskveiðiár ákveðinn fyrir 1. ágúst ár hvert. Ráðherra er heimilt innan fiskveiðiársins að auka eða minnka leyfðan heildarafla einstakra botnfisktegunda. Heildarafli annarra tegunda sjávardýra skal ákveðinn með hæfilegum fyrirvara fyrir upphaf viðkomandi vertíðar eða veiðitímabils og er ráðherra heimilt að auka hann eða minnka á meðan vertíð eða veiðitímabil varir.

3 […

4

5

6 …][5)]

7 Ákvæði 1. og 2. mgr. gilda ekki um sjávargróður.][6)]

[1)]L. 126/2011, 440. gr. [2)]L. 157/2012, 21. gr. [3)]Rg. 860/2025 (um leyfilegan heildarafla og veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026). [4)]L. 66/2009, 1. gr. [5)]L. 65/2022, 2. gr. [6)]L. 49/2017, 4. gr.

II. KAFLI.
Veiðileyfi og aflamark.

4. gr.

1 Enginn má stunda veiðar í atvinnuskyni við Ísland nema hafa fengið til þess almennt veiðileyfi. Almenn veiðileyfi eru tvenns konar, þ.e. veiðileyfi með aflamarki og veiðileyfi með krókaaflamarki. Á sama fiskveiðiári getur skip aðeins haft eina gerð veiðileyfis. Veiðileyfi í atvinnuskyni fellur niður hafi fiskiskipi ekki verið haldið til fiskveiða í atvinnuskyni í tólf mánuði. Þá fellur veiðileyfi niður ef fiskiskip er tekið af skrá hjá [Samgöngustofu][1)] og ef eigendur eða útgerðir þeirra fullnægja ekki skilyrðum 2. málsl. 5. gr.

2 [Þeir bátar einir geta öðlast veiðileyfi með krókaaflamarki sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd og minni en 30 brúttótonn. Óheimilt er að stækka bátana þannig að þeir verði stærri en þessu nemur.][2)]

3 [Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. geta bátar sem eru styttri en 15 metrar að mestu lengd öðlast veiðileyfi með krókaaflamarki noti þeir að lágmarki til helminga vistvæna orkugjafa. Til vistvænna orkugjafa samkvæmt þessari grein teljast rafmagn, vetni, metan og rafeldsneyti. Ráðherra getur með reglugerð heimilað aðra vistvæna orkugjafa með litlu kolefnisspori.][3)]

[1)]L. 59/2013, 30. gr. [2)]L. 82/2013, 1. gr. [3)]L. 26/2023.

5. gr.

1 Við veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni koma aðeins til greina þau fiskiskip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá [Samgöngustofu][1)] eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

[1)]L. 59/2013, 30. gr.

6. gr.

1 [Heimilt er án sérstaks leyfis að stunda fiskveiðar í frístundum til eigin neyslu. Slíkar veiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Afla sem veiddur er samkvæmt heimild í þessari málsgrein er einungis heimilt að hafa til eigin neyslu og er óheimilt að selja eða fénýta hann á annan hátt.

2 Ráðherra er heimilt að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaaflamarks, enda sé aflinn einungis fénýttur til að standa straum af kostnaði við mótshaldið.

3 Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða er skylt að sækja um sérstakt leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem nota skal í því skyni. Einungis er heimilt að veita leyfi til frístundaveiða aðilum sem fengið hafa leyfi sem Ferðamálastofa gefur út með stoð í 8. gr. laga nr. 73/2005, um skipan ferðamála.[1)] Einungis er heimilt að stunda veiðar með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar á þeim bátum sem leyfi fá samkvæmt þessari grein.

4 Leyfi til frístundaveiða, sbr. 3 mgr., eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Ráðherra setur frekari leiðbeiningar um þessi atriði í reglugerð.[2)] Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafla. [Um afla báta sem eingöngu stunda frístundaveiðar gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.][3)] Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs

skv. 4. málsl. 3. mgr. 15. gr. vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja og fénýta á annan hátt þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

5 [[Á hverju fiskveiðiári skal ráðherra hafa til ráðstöfunar aflaheimildir skv. 5. mgr. 8. gr. í óslægðum botnfiski],[4] sem gegn greiðslu gjalds er heimilt að ráðstafa til skipa sem hafa leyfi til frístundaveiða skv. 2. tölul. 4. mgr. vegna afla sem er fenginn við frístundaveiðar. Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Þessar heimildir miðast við óslægðan afla og skulu dragast frá þeim heildarafla sem veiða má á hverju tímabili, sbr. 3. gr. Ráðherra kveður nánar á um úthlutun aflaheimilda þessara í reglugerð.[5] [Tekjur af aflaheimildum þessum skulu renna í rannsóknasjóð til að auka verðmæti sjávarfangs.][6]][7]

6 Innan sama fiskveiðiárs er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort skv. 1. tölul. 4. mgr. eða 2. tölul. 4. mgr. Við veitingu leyfa til frístundaveiða koma aðeins til greina skip sem hafa haffærisskírteini og skrásett eru á skipaskrá [Samgöngustofu][8] eða á sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7 Leyfi til frístundaveiða skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn. [Frístundaveiðiskip, sbr. 2. tölul. 4. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.][3] …[3]

8 Rekstraraðili skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar og enn fremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

9 Ráðherra setur í reglugerð[2] frekari skilyrði og reglur um frístundaveiðar, þ.m.t. um skil á skýrslum vegna veiða frístundaveiðibáta og á sjóstangaveiðimótum.

10 Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til frístundaveiða í samræmi við ákvæði VI. kafla fyrir brot á ákvæðum þessarar greinar og reglum settum með stoð í henni.][9]

[1] Felld úr gildi skv. l. 96/2018, um Ferðamálastofu, 21. gr. [2] Rg. 382/2017 (um leyfisskyldar frístundaveiðar). Rg. 295/2018 (um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum). [3] L. 22/2010, 1. gr., sbr. brbákv. V í s.l. [4] L. 48/2014, 1. gr. [5] Rg. 753/2019 (um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa). [6] L. 47/2018, 10. gr. [7] L. 70/2011, 1. gr. [8] L. 59/2013, 30. gr. [9] L. 66/2009, 2. gr.

[6. gr. a.

1 [Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem nýtt skal til veiða með handfærum á tímabilinu frá 1. maí til 31. ágúst samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu.][1] Í lögum þessum eru slíkar veiðar nefndar strandveiðar og leyfin til þeirra veiða strandveiðileyfi. Afli sem fæst við strandveiðar reiknast ekki til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra skipa er þær veiðar stunda.

2 Þeim heimildum sem ráðstafað er til strandveiða samkvæmt þessari grein skal skipt á fjögur landsvæði. Ráðherra skal með reglugerð[2] kveða nánar á um skiptingu landsvæða …[3]. [Þá skal Fiskistofa með auglýsingu í Stjórnartíðindum stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla, að ufsa undanskildum, verði náð samkvæmt reglugerð sem ráðherra setur um strandveiðar fyrir hvert ár.][3]

3 Strandveiðar eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Fiskistofu er aðeins heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægt sé ákvæðum 5. gr. og einungis er heimilt að veita hverri útgerð, [eiganda],[4] einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. [Eigandi fiskiskips skal vera lögskráður á skipið.][4] Frá og með árinu 2011 er óheimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á sama fiskveiðiári verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

4 Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum [nema strandveiðileyfi hafi verið fellt úr gildi skv. 5. mgr.][3)] Strandveiðileyfi eru bundin við tiltekið landsvæði, sbr. 1. málsl. 2. mgr. Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla fiskiskips landað í löndunarhöfn innan þess landsvæðis, [sbr. þó 10. mgr.][3)] Sama fiskiskipi verður aðeins veitt leyfi frá einu landsvæði á hverju veiðitímabili.

5 [Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. er fiskiskipi sem hefur fengið strandveiðileyfi heimilt að óska eftir að leyfið verði fellt úr gildi og stunda fiskveiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Þó tekur slík niðurfelling strandveiðileyfis ekki gildi fyrr en mánuðinn eftir að ósk um niðurfellingu á sér stað. Hafi strandveiðileyfi fiskiskips verið fellt úr gildi getur það fiskiskip ekki fengið strandveiðileyfi að nýju á umræddu strandveiðitímabili.][3)]

6 Leyfi til strandveiða samkvæmt þessari grein eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Óheimilt er að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Ráðherra er heimilt með reglugerð[2)] að banna strandveiðar á almennum frídögum.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi.
3. Tilkynna skal Fiskistofu um sjósókn fiskiskipsins í samræmi við reglur sem ráðherra setur.
4. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð í fiskiskipi. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
5. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð. [Þó er á fiskiskipi heimilt að draga allt að 750 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum í hverri veiðiferð, ef skipið er skráð sem rafknúið skip á skipaskrá, sbr. 5. gr.][4)]
6. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.

7 Þá skal beita ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, fari afli fiskiskips umfram hámark sem ákveðið er í lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim. Gjald skal lagt á afla í samræmi við hlutfallslega skiptingu afla eftir tegundum. Skal gjaldið nema því meðalverði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á fiskmörkuðum á þeim stað og því tímabili þegar hann barst að landi.

8 [Heimilt er hverju skipi að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar mánuðina maí, júní, júlí og ágúst.

9 Fiskistofa skal auglýsa árlega eftir umsóknum um leyfi til strandveiða. Heimilt er hverju strandveiðiskipi að landa ufsa í því magni sem ráðherra ákveður með reglugerð ár hvert án þess að sá afli teljist til hámarksafla skv. 5. tölul. 6. mgr. Um ufsa sem ekki reiknast til heimilaðs afla í hverri veiðiferð strandveiðiskips gilda eftirtalin skilyrði:

a. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
b. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, sbr. þó 2. málsl. 10. mgr.

10 Sé heimild skv. 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 80% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.][3)]

11 Ráðherra setur nánari reglur um framkvæmd strandveiða. [Þar er m.a. heimilt að setja nánari skilyrði um eignarhald. […][5] Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild nema að einu strandveiðileyfi.][6]][7]

[1] L. 48/2014, 2. gr. [2] Rg. 460/2024 (um strandveiðar). [3] L. 22/2019, 1. gr. [4] L. 27/2023, 1. gr. [4] L. 70/2011, 2. gr. [5] L. 88/2020, 3. gr. [6] L. 82/2013, 2. gr. [7] L. 32/2010, 1. gr.

7. gr.

1 Bátum sem veiðileyfi hafa með krókaaflamarki er heimilt að stunda veiðar úr þeim tegundum sem þeir hafa krókaaflamark í og enn fremur tegundum sem ekki sæta takmörkunum á leyfilegum heildarafla. Ráðherra skal þó setja reglur um leyfðan meðafla. Krókaaflamark er óheimilt að nýta á annan hátt en við línu- og handfæraveiðar. Þó er ráðherra heimilt að veita krókaaflamarksbátum [heimild til þess með reglugerð][1] að stunda veiðar á botndýrum með þeim veiðarfærum sem til þarf, svo sem plógum og gildrum, svo og til hrognkelsaveiða í net.

[1] L. 88/2020, 4. gr.

[7. gr. a.

1 Ráðherra er heimilt að úthluta aflamarki til fiskiskipa til að veiða á grásleppu á grundvelli aflahlutdeildar skips á hverju staðbundnu veiðisvæði skv. 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Grásleppuveiðar eru heimilar innan staðbundinna veiðisvæða, en þar geta aðeins veitt fiskiskip með aflahlutdeild í grásleppu og aflamark á staðbundnu veiðisvæði. Fiskiskip skal skráð innan veiðisvæðis og landa í löndunarhöfn innan staðbundins veiðisvæðis. Ef fiskiskip er flutt af staðbundnu veiðisvæði fellur aflahlutdeild skipsins í grásleppu niður.

2 Ráðherra skal í reglugerð[2] kveða nánar á um skipulag grásleppuveiða, veiðitíma og meðafla grásleppu við aðrar veiðar.][1]

[1] L. 102/2024, 3. gr. [2] Rg. 1124/2024 (um hrognkelsaveiðar).

8. gr.

1 Veiðar á þeim tegundum sjávardýra, sem ekki sæta takmörkun á leyfilegum heildarafla skv. 3. gr., eru frjálsar öllum þeim skipum, sem leyfi fá til veiða í atvinnuskyni skv. 4. gr., með þeim takmörkunum sem leiðir af almennum reglum um veiðisvæði, veiðarfæri og veiðitíma.

2 Veiðiheimildum á þeim tegundum, sem heildarafli er takmarkaður af, skal úthlutað til einstakra skipa. Skal hverju skipi úthlutað tiltekinni hlutdeild af leyfðum heildarafla tegundarinnar. Nefnist það aflahlutdeild skips og helst hún óbreytt milli ára. [Aflahlutdeild í makríl skiptist í tvo flokka, A- og B-flokk. Í A-flokki er hlutdeild úthlutað á grundvelli veiðireynslu með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum. Í B-flokki er hlutdeild úthlutað á grundvelli veiðireynslu með línu og handfærum.][1]

3 [Aflamark veiðiskips á hverju fiskveiðiári, veiðitímabili eða vertíð ræðst af leyfðum heildarafla í viðkomandi tegund og hlutdeild skipsins í þeim heildarafla skv. 2. mgr., að frádregnu hlutfalli af magni hverrar tegundar sem skal vera […][2] 5,3% [og aflamagni skv. 10. gr. b.][1] Sama gildir um aflamark samkvæmt lögum nr. 151/1996. […][2]

4 […][3]

5 [Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla í hverri tegund skv. 3. mgr. skal varið til að mæta áföllum skv. 1. tölul. 1. mgr. 10. gr., til stuðnings byggðarlögum skv. 2. tölul. 1. mgr. 10. gr., til línuívilnunar skv. 8. mgr. 11. gr., til strandveiða skv. 6. gr. a, til veiða sem eru taldar í 6. gr. og til annarra tímabundinna ráðstafana samkvæmt lögum þessum. Ráðherra skal eigi sjaldnar en á þriggja ára fresti leggja fyrir Alþingi tillögu til þingsályktunar um áætlun um meðferð og ráðstöfun þessa aflamagns til næstu sex ára.][2]

6 [Því aflamagni sem dregið er frá heildarafla skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að skipta í aðrar tegundir til að leitast við að tryggja tegundarsamsetningu aflamagns til ráðstafana skv. 5. mgr. Ráðherra skal mæla nánar fyrir um þessa framkvæmd í reglugerð,[4)] m.a. um gerð tilboða, tímafresti, magn í skiptum og að Fiskistofa annist framkvæmdina. Aflamagn samkvæmt þessu ákvæði er heimilt að flytja milli fiskveiðiára.][2)] [Fyrir úthlutun aflamarks samkvæmt þessari málsgrein skal útgerð skips greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[5)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][6)]][2)]

7 [Því aflamarki sem dregið er frá heildarafla grásleppu skv. 3. mgr. er ráðherra heimilt að úthluta gjaldfrjálst til þeirra sem eru að hefja grásleppuveiðar í fyrsta skipti. Fiskistofa annast framkvæmd við úthlutun aflamarks til nýliða. Ráðherra skal mæla nánar fyrir um úthlutun aflamarks til nýliða í reglugerð, m.a. um skilyrði til að teljast vera nýliði, skilyrði til úthlutunar, hámarksafla og ráðstöfun aflamarks sem ekki er úthlutað til nýliða innan hvers fiskveiðiárs. Fyrir úthlutun aflamarks til nýliða skal nýliði þjónustugreiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992.][7)]

8 Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um framkvæmd ákvæða greinarinnar í reglugerð.][8)]

9 Ákvæði laganna um úthlutun, nýtingu og framsal aflahlutdeildar og aflamarks gilda einnig um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark nema öðruvísi sé kveðið á um í þeim.

[1)]L. 46/2019, 2. gr. [2)]L. 48/2014, 3. gr. [3)]L. 72/2016, 1. gr. [4)]Rg. 860/2025 (um leyfilegan heildarafla og veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026), 7. gr. [5)]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [6)]L. 67/2015, 2. gr. [7)]L. 102/2024 [8)]L. 70/2011, 3. gr.

9. gr.

1 Verði veiðar takmarkaðar skv. 3. gr. á tegundum sjávardýra sem samfelld veiðireynsla er á, en ekki hafa áður verið bundnar ákvæðum um leyfðan heildarafla, skal aflahlutdeild úthlutað á grundvelli aflareynslu síðustu þriggja veiðitímabila. […][1)]

2 [Ráðherra er heimilt að úthluta aflahlutdeild til veiða á staðbundnum nytjastofnum hryggleysingja þannig að sérstök aflahlutdeild komi fyrir hvert veiðisvæði.][2)]

3 Ef ekki er fyrir hendi samfelld veiðireynsla á viðkomandi tegund skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Getur hann við þá ákvörðun tekið mið af fyrri veiðum, stærð eða gerð skips. Getur ráðherra bundið úthlutun samkvæmt þessari málsgrein því skilyrði að skip afsali sér heimildum til veiða á öðrum tegundum.

4 [Fiskistofu er heimilt, fyrir úthlutun aflahlutdeilda samkvæmt lögum þessum, 5. eða 6. gr. laga nr. 151/1996 eða öðrum lögum, að heimila tilfærslu á viðmiðun aflareynslu og annarra réttinda er tengjast veiðum milli fiskiskipa, að hluta til eða öllu leyti, þegar um er að ræða breytingu á skipastól. Það er skilyrði þessa að fyrir liggi samþykki eigenda beggja skipa fyrir tilfærslunni ef ekki er um að ræða skip í eigu sömu útgerðar.][1)]

[1)]L. 56/2015, 2. gr. [2)]L. 64/2022, 1. gr.

10. gr.

1 [[Á hverju fiskveiðiári er ráðherra heimilt að ráðstafa aflamagni í óslægðum botnfiski skv. 5. mgr. 8. gr. sem hér segir]:[1)]

1. Til að mæta áföllum sem fyrirsjáanleg eru vegna verulegra breytinga á aflamarki einstakra tegunda.

2. Til stuðnings byggðarlögum, í samráði við Byggðastofnun, þannig:

a. Til minni byggðarlaga sem lent hafa í vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi og háð eru veiðum eða vinnslu á botnfiski.

b. Til byggðarlaga sem hafa orðið fyrir óvæntri skerðingu á heildaraflaheimildum fiskiskipa sem gerð hafa verið út og landað hafa afla í viðkomandi byggðarlögum og sem hefur haft veruleg

áhrif á atvinnuástand í byggðarlögunum. Heimilt er að ráðstafa aflaheimildum samkvæmt þessum lið til allt að þriggja ára í senn.

2 [Aflaheimildir samkvæmt þessari grein skulu dregnar frá leyfðum heildarafla þessara tegunda áður en honum er skipt á grundvelli aflahlutdeilda.][2] Í reglugerðum sem ráðherra setur skv. 3. og 4. mgr. skal kveðið á um hvaða botnfisktegundir komi til úthlutunar.

3 Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 1. tölul. 1. mgr.

4 Ráðherra setur í reglugerð ákvæði um ráðstöfun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. Þar skal kveðið á um skilgreiningu á byggðarlagi, viðmiðunar- og útreikningsreglur og aðrar reglur um úthlutun aflaheimilda til byggðarlaga.

5 Ráðherra setur í reglugerð almenn skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda skv. 2. tölul. 1. mgr. til fiskiskipa innan einstakra byggðarlaga. Skulu þau skilyrði m.a. varða skráningarstað, skráningartíma, eignarhald, skiptingu milli fiskiskipa, lágmarksverð, tryggingar fyrir greiðslum og framkvæmd úthlutunar. [Einnig er ráðherra heimilt að setja reglur um að ekki sé heimilt að úthluta aflaheimildum til skipa sem fluttar hafa verið meiri aflaheimildir frá en þær heimildir sem fluttar hafa verið til skipanna á tilteknu fiskveiðiári.][3] Ráðherra getur heimilað á grundvelli rökstuddra tillagna sveitarstjórnar að sett verði sérstök skilyrði fyrir úthlutun aflaheimilda í einstökum byggðarlögum er víkja frá eða eru til viðbótar hinum almennu skilyrðum enda séu þau byggð á málefnalegum og staðbundnum ástæðum og í samræmi við hagsmuni viðkomandi byggðarlaga. Eftir að slíkar tillögur sveitarstjórna hafa borist skulu þær birtar með aðgengilegum hætti, svo sem á vefsíðu ráðuneytisins, eigi síðar en sjö dögum áður en tekin verður afstaða til þeirra. Fallist ráðherra á tillögur sveitarstjórna um slík skilyrði staðfestir ráðuneytið tillögurnar og auglýsir þær í B-deild Stjórnartíðinda.

6 Framsal aflaheimilda, sem úthlutað er skv. 2. tölul. 1. mgr., er óheimilt en þó skulu heimil jöfn skipti á aflaheimildum í þorskígildum talið. Framsal aflaheimilda samkvæmt töluliðnum skal þó vera heimilt hafi fiskiskip efnt löndunar- og vinnsluskyldu í samræmi við 7. mgr.

7 Fiskiskipum er skylt að landa til vinnslu innan hlutaðeigandi byggðarlaga afla sem nemur í þorskígildum talið tvöföldu magni þeirra aflaheimilda sem þau fá úthlutað skv. 2. tölul. 1. mgr. og skal úthlutun til þeirra ekki fara fram nema að því leyti sem það skilyrði er uppfyllt samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur. Ráðherra er heimilt að fengnum rökstuddum tillögum sveitarstjórnar að víkja frá þessu skilyrði enda sé það gert á grundvelli málefnalegra og staðbundinna ástæðna.

8 Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda, sem koma í hlut einstakra byggðarlaga, til fiskiskipa. Ákvarðanir Fiskistofu um úthlutun aflaheimilda samkvæmt þessari grein er heimilt að kæra til [ráðuneytisins].[5] Kærufrestur er tvær vikur frá tilkynningu Fiskistofu um úthlutun eða höfnun umsóknar um úthlutun og skal úthlutun ekki fara fram fyrr en að þeim fresti liðnum. Skal ráðuneytið leggja úrskurð á kærur innan tveggja mánaða. Ráðuneytið getur ákveðið að úthlutun aflaheimilda til skipa í tilteknu byggðarlagi verði frestað að hluta eða öllu leyti þar til það hefur lokið afgreiðslu á kærum sem borist hafa vegna úthlutunar þar.][5]

9 [Heimilt er að flytja aflamark einstakra fiskveiðiára sem úthlutað er samkvæmt þessari grein yfir á næsta fiskveiðiár og úthluta því með þeim aflaheimildum sem koma til úthlutunar á því fiskveiðiári. Aflamark sem er flutt frá eldra fiskveiðiári skal tilheyra aflamarki þess fiskveiðiárs sem hófst 1. september næst á undan úthlutun aflamarks.][3]

10 [Fyrir úthlutun aflamarks til einstakra skipa samkvæmt þessari grein skal útgerð skips greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[6] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][7]

[1]L. 48/2014, 4. gr. [2]L. 72/2016, 2. gr. [3]L. 74/2010, 1. gr. [4]L. 126/2011, 440. gr. [5]L. 21/2007, 1. gr. [6]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [7]L. 67/2015, 3. gr.

[10. gr. a.

1 [Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi. Byggðastofnun getur gert samninga við fiskvinnslur eða útgerðarfélög til allt að sex ára í senn. Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en samningur er undirritaður. Aflaheimildir skulu vera í þorski, ýsu, steinbít, ufsa, löngu, keilu og gullkarfa í hlutfalli við leyfðan heildarafla af þessum tegundum. Aflaheimildir þessar miðast við þorskígildi og skulu þær dregnar frá með sama hætti og greinir í 3. mgr. 8. gr. laganna, sbr. 5. mgr. sömu greinar. Ráðherra er heimilt, að fengnum tillögum Byggðastofnunar, að setja nánari ákvæði um framkvæmd þessa ákvæðis í reglugerð,[1)] svo sem efni samnings, skilyrði og tímalengd.][2)]

[1)]Rg. 643/2016 (um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða), sbr. 427/2018 og 487/2024 og rg. 1256/2024 (um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnsluskyldu skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða). [2)]L. 72/2016, 3. gr.

[10. gr. b.

1 Ráðherra er heimilt að ráðstafa allt að 4.000 lestum af aflaheimildum í makríl til skipa í B-flokki. Hvert skip á kost á að fá úthlutað aflaheimildum í makríl gegn gjaldi sem á hverjum tíma skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl. Eftir 15. september ár hvert er ráðherra heimilt að ráðstafa því sem eftir er til fiskiskipa í A-flokki gegn sama gjaldi. Ráðherra skal setja nánari reglur um framkvæmd úthlutunar samkvæmt þessari grein.][1)]

[1)]L. 46/2019, 3. gr.

11. gr.

1 Heimilt er að veiða umfram aflamark í einstökum botnfisktegundum, enda skerðist aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega í samræmi við verðmætahlutföll einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Heimild þessi takmarkast við 5% af heildarverðmæti botnfiskaflamarks en umframafli í hverri botnfisktegund má þó ekki vera meiri en sem nemur [1,5%][1)] af heildarverðmæti botnfiskaflamarks. [Tilfærsla úr einstakri botnfisktegund getur þó aldrei orðið meiri en 30% af aflamarki skips í viðkomandi tegund.][1)] [Heimild þessarar málsgreinar nær þó ekki til veiða umfram aflamark í þorski og íslenskum deilistofnum botnfisks.][2)] Ráðherra er heimilt í reglugerð að ákveða að takmörkun á heimild skv. 2. málsl. skuli í ákveðnum fisktegundum miðast við hærri viðmiðun en [1,5%][1)] af heildaraflaverðmæti botnfiskaflamarks.

2 Hafi aflamark verið flutt milli skipa skv. 15. gr. flyst heimild til breytinga skv. 1. mgr. frá skipi sem flutt er af til þess skips sem flutt er til.

3 [Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki hverrar botnfisktegundar, úthafsrækju, humars og íslenskrar sumargotssíldar, 10% af aflamarki hörpudisks og 5% af aflamarki rækju á grunnslóð og hryggleysingja frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Heimilt er að flytja allt að 15% af aflamarki kolmunna, makríls og norsk-íslenskrar síldar frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta ef ekki er í gildi samningur með aðild Íslands milli strandríkja um hverja tegund, en annars gilda ákvæði viðkomandi samninga um flutningsheimild milli ára. Ráðherra getur með reglugerð, að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, hækkað fyrrgreind hlutföll aflamarks í einstökum tegundum telji hann slíkt stuðla að betri nýtingu tegundarinnar.

4 Heimilt er að veiða 5% umfram aflamark hverrar botnfisktegundar, úthafsrækju, humars, íslenskrar sumargotssíldar, kolmunna, makríls og norsk-íslenskrar síldar og 3% umfram aflamark hörpudisks, rækju á grunnslóð og hryggleysingja enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.][2)]

5 Beita skal skerðingarákvæðum 1. mgr. áður en heimild 3. mgr. er nýtt. Heimild 4. mgr. rýmkar ekki heimildir til breytinga milli fisktegunda skv. 1. mgr.

6 Ráðherra getur ákveðið með reglugerð[7)] að fiskur undir tiltekinni stærð teljist aðeins að hluta með í aflamarki.

7 Þá getur ráðherra ákveðið að afli á ákveðnum fisktegundum, sem fluttur er óunninn á erlendan markað, skuli reiknaður með álagi þegar metið er hversu miklu af aflamarki skips er náð hverju sinni. Skal álagið vera allt að 20% á þorsk og ýsu en allt að 15% á aðrar tegundir.

8 [Við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem beitt er í landi má landa 20% umfram þann afla í [þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa][3)] sem reiknast til aflamarks þeirra. Einnig er heimilt við línuveiðar dagróðrabáta með línu sem stokkuð er upp í landi að landa 15% umfram þann afla í [þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa][3)] sem reiknast til aflamarks þeirra. Dagróðrabátur telst bátur sem kemur til hafnar til löndunar innan 24 klukkustunda frá því að hann heldur til veiða.][4)] Ákvæði þetta tekur aðeins til þeirra báta sem tilkynna staðsetningu um sjálfvirkt tilkynningarkerfi íslenskra skipa, sbr. lög nr. 41 20. mars 2003, um vaktstöð siglinga. [Línuívilnun í þorski, ýsu, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa][3)] skal á hverju fiskveiðiári takmarkast við [magn í óslægðum botnfiski sem ráðherra ákveður með heimild í 5. mgr. 8. gr.][5)] og skal það magn skiptast innan hvers fiskveiðiárs á fjögur þriggja mánaða tímabil frá 1. september að telja, hlutfallslega með hliðsjón af þorskveiðum línubáta á árinu 2002. Fiskistofa fylgist með línuafla og tilkynnir ráðuneytinu hvenær telja megi líklegt að leyfilegu viðmiðunarmagni hvers tímabils verði náð. Ráðuneytið tilkynnir síðan frá hvaða tíma þorskafli á línu skuli reiknast að fullu til aflamarks. Þá getur ráðherra ákveðið hámark á heildarmagn ýsu og steinbíts til línuívilnunar og jafnframt ákveðið að ýsu- og steinbítsafli skuli reiknast að fullu til aflamarks þegar því er náð. Ráðherra setur nánari reglur[6)] um framkvæmd þessa ákvæðis.

9 Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. [Sá hluti sem þannig reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju tímabili. Ráðherra skal binda heimild þessa við ákveðin tímabil.][1)] Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

10 Sé heimild í 9. mgr. nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

11 [Ráðherra getur í reglugerð ákveðið að skylt sé að vinna einstakar tegundir uppsjávarfisks til manneldis. Hlutfall uppsjávarafla einstakra skipa sem ráðstafað er til vinnslu á því tímabili sem ráðherra ákveður skal ekki vera ákveðið hærra en 70%.][4)]

[1)]L. 70/2011, 4. gr. [2)]L. 40/2023, 1. gr. [3)]L. 72/2016, 4. gr. [4)]L. 22/2010, 2. gr., sbr. brbákv. IV í s.l. [5)]L. 48/2014, 5. gr. [6)]Með forsetaúrskurði nr. 46 , um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands Íslands fluttust mál er snúa að meðferð og ráðstöfun sem dregið er frá heildarafla samkvæmt 5. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða frá atvinnuvegaráðuneytinu til innviðaráðuneytis. Línuívilnun fellur hér undir og þar með reglugerðarheimild innviðaráðherra.[7)]Rg. 860/2025 (um leyfilegan heildarafla og veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026).

12. gr.

1 Farist skip skal útgerð þess halda aflamarki þess við úthlutun í upphafi næsta fiskveiðiárs eða veiðitímabils þar á eftir, enda hafi aflahlutdeild þess ekki verið flutt til annars fiskiskips.

2 Við eigendaskipti að fiskiskipi fylgir aflahlutdeild þess, nema aðilar geri sín á milli skriflegt samkomulag um annað, enda sé fullnægt ákvæðum 3. og 4. mgr. þessarar greinar.

3 Eigi að selja fiskiskip, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, til útgerðar sem heimilisfesti hefur í öðru sveitarfélagi en seljandi á sveitarstjórn í sveitarfélagi seljanda forkaupsrétt að skipinu. Forkaupsréttur skal boðinn skriflega þeirri sveitarstjórn sem hlut á að máli og söluverð og aðrir skilmálar tilgreindir á tæmandi hátt. Sveitarstjórn skal svara forkaupsréttartilboði skriflega innan fjögurra vikna frá því henni berst tilboð og fellur forkaupsréttur niður í það sinn sé tilboði ekki svarað innan þess frests.

4 Neyti sveitarstjórn forkaupsréttar skv. 3. mgr. þessarar greinar skal hún þegar gefa útgerðaraðilum, sem heimilisfesti eiga í sveitarfélaginu, kost á að kaupa skipið og skal opinberlega leita tilboða í það.

5 Sé skipi ráðstafað andstætt ákvæðum þessarar greinar um forkaupsrétt getur forkaupsréttarhafi krafist þess að salan verði ógild enda sé málsókn hafin innan sex mánaða frá því að hann fékk vitneskju um söluna. Forkaupsréttur gildir ekki sé skip selt á opinberu uppboði. Ákvæði þessarar greinar um forkaupsrétt gilda ekki við sölu opinna báta.

6 Heimilt er að framselja aflahlutdeild skips að hluta eða öllu leyti, enda leiði flutningur aflahlutdeildar ekki til þess að veiðiheimildir þess skips, sem flutt er til, verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. [Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips í makríl úr B-flokki.][1] Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem er undir [þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.],[2] enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. Tafarlaust skal leita staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimildar sé innan heimilaðra marka. Öðlast slíkur flutningur ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Óheimilt er að framselja aflahlutdeild skips nema fyrir liggi samþykki þeirra aðila sem samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991. [Óheimilt er að framselja aflahlutdeild í grásleppu á skip sem ekki er skráð á sama staðbundna veiðisvæði grásleppu skv. 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.][3] [Sá sem leitar staðfestingar Fiskistofu á að flutningur aflaheimilda sé innan heimilaðra maka skal greiða gjald greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[4] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][5]

[1] L. 46/2019, 4. gr. [2] L. 82/2013, 3. gr. [3] L. 102/2024, 5. gr. [4] Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [5] L. 67/2015, 4. gr.

13. gr.

1 Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 8. gr. og 12. gr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila, aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild eftirtalinna tegunda en hér segir:

Tegund	**Hámarksaflahlutdeild**
Þorskur	12%
Ýsa	20%
Ufsi	20%
Karfi	35%
Grálúða	20%
Síld	20%
Loðna	20%
Úthafsrækja	20%
[Grásleppa	1,5%][1]

Nemi heildarverðmæti aflamarks annarra tegunda en að framan greinir, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum, við upphaf fiskveiðiárs hærra hlutfalli en 2% af heildarverðmæti aflamarks allra tegunda, sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla, má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila

aldrei nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild viðkomandi tegunda en 20%. Skal ráðherra við upphaf fiskveiðiárs tilgreina í reglugerð þær tegundir sem um er að ræða. Við mat á heildarverðmæti aflamarks skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 19. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu. Þó skal samanlögð krókaaflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli en 4% af þorski og 5% af ýsu miðað við heildarkrókaaflahlutdeild í hvorri tegund.

2 Þá má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila, eða í eigu tengdra aðila ekki nema meira en 12% af heildarverðmæti aflahlutdeildar allra tegunda sem sæta ákvörðun um leyfðan heildarafla samkvæmt lögum þessum og 5. gr. laga nr. 151/1996 eða meira en 5% af heildarverðmæti krókaaflahlutdeildar. Við mat á heildarverðmæti aflahlutdeildar skal annars vegar miða við verðmætahlutföll einstakra tegunda á viðkomandi fiskveiðiári eða veiðitímabili, sbr. 19. gr., og hins vegar úthlutað aflamark einstakra tegunda á tímabilinu.

3 Til aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu einstakra aðila skv. 1. og 2. mgr. telst einnig aflahlutdeild fiskiskipa sem aðilar hafa á kaupleigu eða leigu til sex mánaða eða lengur.

4 Tengdir aðilar teljast:

1. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, á beint eða óbeint meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár í hinum aðilanum eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

2. Aðilar, þar sem annar aðilinn, einstaklingur eða lögaðili, hefur með öðrum hætti en greinir í 1. tölul. raunveruleg yfirráð yfir hinum. Fyrrnefndi aðilinn telst móðurfyrirtæki en hinn síðarnefndi dótturfyrirtæki.

3. Lögaðilar, þar sem svo háttar til að sami aðili eða sömu aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í báðum eða öllum lögaðilunum enda nemi eignarhlutur hvers þeirra um sig a.m.k. 10% af hlutafé, stofnfé eða atkvæðafjölda í viðkomandi lögaðilum. Sama á við ef aðili eða aðilar, einstaklingar eða lögaðilar, eða tengdir aðilar skv. 1. eða 2. tölul., sem eiga meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðila og hver um sig á a.m.k. 10% hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í lögaðilanum, eiga ásamt viðkomandi lögaðila meiri hluta hlutafjár, stofnfjár eða atkvæðisréttar í öðrum lögaðila. Til eignarhluta og atkvæðisréttar einstaklinga í lögaðilum samkvæmt þessum tölulið telst jafnframt eignarhluti og atkvæðisréttur maka og skyldmenna í beinan legg.

[1)]*L. 102/2024, 6. gr.*

14. gr.

1 Aðila ber, þegar fyrirsjáanlegt er að aflahlutdeild fiskiskipa aðila fari umfram þau mörk sem sett eru í 1. eða 2. mgr. 13. gr., að tilkynna Fiskistofu flutning aflahlutdeilda, samruna lögaðila sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, kaup á eignarhlut í slíkum lögaðilum og kaup, kaupleigu eða leigu á fiskiskipi með aflahlutdeild. Þegar um tengda aðila er að ræða skv. 1. og 2. tölul. 4. mgr. 13. gr. hvílir tilkynningarskyldan á móðurfyrirtæki en annars á þeim aðila er að gerningnum stendur. Þá ber lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, að láta Fiskistofu reglubundið í té upplýsingar um eignarhluta allra þeirra sem eiga 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Jafnframt skal veita upplýsingar um eignarhluta einstaklinga og maka þeirra og skyldmenna í beinan legg sé samanlagður eignarhluti eða atkvæðisréttur þeirra 10% eða meira af hlutafé, stofnfé eða atkvæðisrétti í viðkomandi lögaðila. Lögaðilum, sem eiga fiskiskip með aflahlutdeild, ber enn fremur að upplýsa Fiskistofu um lögaðila sem þeir eiga eignarhlut eða atkvæðisrétt í og eiga fiskiskip með aflahlutdeild.

2 Fiskistofa skal meta þær upplýsingar sem aðili hefur látið í té og innan hæfilegs frests tilkynna aðila hver aflahlutdeild fiskiskipa hans er. Ef aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila

eða tengdra aðila fer umfram framangreind mörk skal Fiskistofa tilkynna viðkomandi aðila að svo sé og hve há umframaflahlutdeild hans er. Aðila skal veittur sex mánaða frestur, frá því að honum sannanlega barst tilkynningin, til að gera ráðstafanir til að koma aflahlutdeildinni niður fyrir mörkin. Hafi aðili ekki veitt Fiskistofu upplýsingar um að fullnægjandi ráðstafanir hafi verið gerðar fyrir lok frestsins fellur umframaflahlutdeildin niður. Skerðist þá aflahlutdeild fiskiskipa í eigu viðkomandi hlutfallslega miðað við einstakar tegundir. Við úthlutun aflahlutdeildar í upphafi næsta fiskveiðiárs eftir lok frestsins skal skerðingin koma til hækkunar aflahlutdeildar fiskiskipa í eigu annarra. Hækkunin skal vera í réttu hlutfalli við aflahlutdeild fiskiskipanna af þeim tegundum sem um ræðir.

15. gr.

1 Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki er heimilt að flytja aflamarkið milli skipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

2 Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks og öðlast hann ekki gildi fyrr en stofnunin hefur staðfest flutninginn. Í tilkynningu skulu m.a. koma fram upplýsingar um magn aflamarks sem flytja skal, auk upplýsinga um verð, nema þegar aflamark er flutt á milli skipa í eigu sama aðila, einstaklings eða lögaðila.

3 Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks skal stofnunin skrá upplýsingar um flutning aflamarksins samkvæmt tilkynningu þar að lútandi. Ráðherra skal með reglugerð ákveða í hvaða formi tilkynningar til Fiskistofu um flutning aflamarks skuli vera. [Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða Fiskistofu gjald með hverri tilkynningu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[1)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][2)] [Áður en Fiskistofa staðfestir flutning aflamarks til fiskiskips skal stofnunin fá staðfestingu Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum.][3)] [Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa og skal greiða gjald til Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[1)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][2)] Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um skilyrði fyrir gerð þjónustusamninga og víkja frá ákvæðum 1.–3. mgr. að því leyti sem þau lúta að framkvæmd flutnings aflamarks og greiðslu gjalds vegna hans.

4 [Óheimilt er að flytja aflamark skips í makríl úr B-flokki, nema í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít. Ráðherra er heimilt að flytja ónýtt aflamark í makríl úr B-flokki yfir í A-flokk eftir 15. september ár hvert, að teknu tilliti til tegundartilfærslna og flutningsréttar milli veiðitímabila, sem ráðstafað skal á skip í samræmi við hlutdeild og eftirspurn, gegn gjaldi sem á hverjum tíma skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl. Ef aflabrögð á grunnslóð mæla með því að flýta eða seinka flutningi úr B-flokki í A-flokk er ráðherra heimilt að miða við annað tímamark. Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis með reglugerð.][4)]

5 Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

6 [Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur.][5)] Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips í samræmi við verðmætahlutföll þeirra, sbr. 19. gr. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. [Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til

deilistofna.][5] [Ráðherra er heimilt með reglugerð að undanskilja grásleppu frá ákvæði þessu ef aðstæður á markaði leiða til þess að afli verður óvenjulítill.][6]

7 [Tefjist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.][4]

8 [Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda, sbr. 19. gr. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns, samkvæmt nánari reglum sem ráðherra setur.][5]

9 Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts sem er undir [þeim stærðarmörkum sem kveðið er á um í 2. mgr. 4. gr.],[7] enda hafi hann veiðileyfi með krókaaflamarki. [Ráðherra getur þó heimilað með reglugerð flutning á aflamarki tiltekinna tegunda frá krókaaflamarksbátum til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamark, enda séu skiptin jöfn í þorskígildum talið.][8]

10 [Óheimilt er að flytja aflamark í grásleppu á milli skipa sem ekki eru skráð á sama staðbundna veiðisvæði grásleppu skv. 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða á um flutning á aflamarki milli veiðisvæða á yfirstandandi veiðitímabili ef náttúrulegar aðstæður breytast verulega innan veiðisvæðis. Ráðherra er heimilt með reglugerð að undanskilja grásleppu frá ákvæði þessu ef aðstæður á markaði leiða til þess að afli verður óvenjulítill.][9]

[1]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [2]L. 67/2015, 5. gr. [3]L. 63/2007, 5. gr. [4]L. 46/2019, 5. gr. [5]L. 22/2010, 3. gr., sbr. brbákv. III í s.l. [6]L. 102/2024, 7. gr. a-liður. [7]L. 82/2013, 4. gr. [8]L. 48/2014, 6. gr. [9]L. 102/2024, 7. gr. b-liður.

[II. KAFLI A.
Sjávargróður.][1]
[15. gr. a.][2]

[1]L. 49/2017, 5. gr. [2]L. 65/2022, 3. gr.

[15. gr. b.
[*Nýting sjávargróðurs.*

1 Enginn má stunda þangslátt í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess leyfi sem Fiskistofa gefur út til allt að fimm ára í senn. Leyfið skal bundið við þau sláttutæki, eða sláttupramma, sem hagnýtt eru af leyfishafa. Leyfið er óskiptanlegt og óframseljanlegt.

2 Um heimild til þangsláttar í fjöru eða netlögum sjávarjarðar fer samkvæmt samkomulagi við ábúanda eða landeiganda. Er nægilegt að meiri hluti eigenda eða fyrirsvarsmaður skv. 1. mgr. 9. gr. jarðalaga, nr. 81/2004, veiti samþykki sé það ekki til lengri tíma en tíu ára.

3 Ráðherra er heimilt að binda leyfi samkvæmt þessari grein skilyrðum sem varðað geta m.a. löndun, vigtun, eftirlit og skráningu. Þá er leyfi háð skilyrði um að leyfishafi hafi gert nýtingaráætlun um töku þangs sem gildi a.m.k. í fimm ár í senn. Skal áætlun uppfærð áður en sláttur hefst á hverju ári. Í henni skal greina hvaða tæki verði hagnýtt við slátt, hvaða magn verði slegið, hvar verði slegið og eftir atvikum hvaða svæði verði hvíld eftir slátt til að örva endurvöxt. Skal áætlunin byggjast á mati á lífmassa þangs og líklegu aðgengi að því í fjörum. Leitast skal við að gera grein fyrir áhrifum nýtingar á umhverfið með hliðsjón af þeim sláttutækjum og sláttuaðferðum sem verða hagnýtt. Drög að nýtingaráætlun skal leyfishafi kynna Hafrannsóknastofnun skriflega. Hafrannsóknastofnun skal, að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, veita umsögn um nýtingaráætlunina. Leyfishafa er skylt í nýtingaráætlun að greina athugasemdir stofnunarinnar og hvernig brugðist hafi verið við þeim.

4 Ráðherra er heimilt, sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, að ákveða að öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni utan fjörusvæða sé auk almenns veiðileyfis háð sérstöku leyfi Fiskistofu, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997. Auk þeirra skilyrða sem þar greinir má binda leyfi sömu skilyrðum og greinir í 1. og 3. mgr. Geta leyfi þessi verið til allt að 10 ára í senn. Ráðherra getur kveðið nánar á um gerð og innihald nýtingaráætlana í reglugerð, um skilyrði fyrir tæki og búnað við öflun sjávargróðurs og um form og efni ákvörðunar um leyfi vegna öflunar á sjávargróðri.][1)][2)]

[1)]L. 65/2022, 4. gr. [2)]L. 49/2017, 5. gr.

[15. gr. c.][1)]

[1)]L. 65/2022, 5. gr.

III. KAFLI.
Framkvæmd og eftirlit.

16. gr.

1 Ráðherra getur sett nánari reglur[1)] varðandi framkvæmd laga þessara.

[1)]Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). Rg. 1124/2024 (um hrognkelsaveiðar). Rg. 462/2017 (um veiðar á gullaxi). Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski), sbr. 862/2020. Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 174/2021. Rg. 807/2011 (um meðafla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 431/2013 (um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 339/2014. Rg. 433/2013 (um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja), sbr. 341/2014 og 611/2014. Rg. 741/2019 (um veiðar á sæbjúgum). Rg. 994/2013 (um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla). Rg. 432/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 501/2021. Rg. 11/2015 (um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 175/2015 (um notkun botnveiðarfæra á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávarafla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020, 990/2020, 358/2021, 399/2021 og 709/2021. Rg. 753/2019 (um sérstaka úthlutun aflaheimilda til fristundaveiðiskipa). Rg. 431/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO), sbr. 339/2014. Rg. 432/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 501/2021. Rg. 90/2018 (um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Rg. 711/2018 (um veiðar á kúfskel). Rg. 741/2019 (um veiðar á sæbjúgum). Rg. 930/2025 (um veiðar á skollakopp (ígulkerum). Rg. 962/2019 (um veiðar á íslenskri sumargotssíld). Rg. 460/2024 (um strandveiðar). Rg. 640/2021 (um veiðar á makríl).

17. gr.

1 …[1)]

2 Útgerðarmönnum, skipstjórnarmönnum og kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum, er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu ókeypis í té og í því formi, sem ráðherra ákveður, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd laga þessara.

3 Eigendaskipti á fiskiskipi, eða aðra breytingu á útgerðaraðild fiskiskips, sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni, skal innan 15 daga frá undirritun samnings tilkynna til Fiskistofu. Bæði seljandi og kaupandi, eða leigusali og leigutaki þegar um leigu er að ræða, skulu sameiginlega undirrita tilkynningu um breytta útgerðaraðild á sérstöku eyðublaði sem Fiskistofa leggur til í þessu skyni. Afrit af kaupsamningi eða leigusamningi skal fylgja tilkynningu. Ábyrgð á tilkynningu til Fiskistofu hvílir á kaupanda skips eða leigutaka þess eftir atvikum. Ráðherra getur í reglugerð kveðið nánar á um framkvæmd tilkynningarskyldu. Vanefndir á tilkynningarskyldu varða viðurlögum skv. 25. gr.

4 [Nú vanrækir aðili skv. 2. mgr. að verða við beiðni ráðuneytis eða Fiskistofu um að veita tilgreindar upplýsingar og skal þá Fiskistofa skora á hann að bæta úr. Um leið skal hlutaðeiganda gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil. Leiðbeina skal um að dagsektir verði lagðar á að 20 dögum liðnum hafi umræddar upplýsingar ekki borist, nema hlutaðeigandi upplýsi sannanlega um ástæður sem honum verður ekki um kennt og gerðu honum ókleift að veita upplýsingarnar. Jafnskjótt og slíkum tálmunum lýkur skal veita upplýsingarnar.

5 Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar upplýsingum hefur verið skilað. Dagsektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.

6 Ákvörðun um dagsektir má kæra til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu um dagsektir er ekki heimilt að innheimta þær fyrr en dómur hefur fallið, enda hafi ekki verið haggað við gildi ákvörðunarinnar í honum. Þrátt fyrir kæru eða málshöfðun til ógildingar ákvörðunar um dagsektir leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

7 Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.][2)]

[1)]L. 85/2022, 4. gr. a-liður. [2)]L. 85/2022, 4. gr. b-liður.

18. gr.

1 Fiskistofa annast eftirlit með framkvæmd laga þessara og hefur í því skyni sérstaka eftirlitsmenn í sinni þjónustu.

2 Jafnframt því sem þessir eftirlitsmenn sinna verkefnum skv. 10. gr. laga nr. 79 26. maí 1997 og eftirliti með reglum settum samkvæmt heimild í þeim lögum skulu þeir fylgjast með löndun, vigtun og vinnslu afla, enn fremur útflutningi afla eða afurða eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim og í erindisbréfi.[1)]

3 Eftirlitsmönnum er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og að fara um borð í skip til athugunar á farmi og veiðarfærum og er skipstjórum skylt að veita þeim aðstoð, sbr. 1. mgr. 10. gr.

laga nr. 79 26. maí 1997. Enn fremur skal þeim heimill aðgangur að öllum vinnslusölum fiskverkana og birgðageymslum.

4 Ráðherra getur með reglugerð[2)] ákveðið að settur skuli, á kostnað útgerða, sjálfvirkur eftirlitsbúnaður til fjareftirlits um borð í fiskiskip.

[1)]Erindisbréf fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu, 9. nóvember 2010. [2)]Rg. 770/2008 (um fjareftirlit).

IV. KAFLI.
Þorskígildi.

19. gr.

1 [Ráðuneytið][1)] skal reikna þorskígildi fyrir 15. júlí ár hvert fyrir hverja tegund sem sætir ákvörðun um stjórn veiða, sbr. 20. gr., og taka mið af tólf mánaða tímabili sem hefst 1. maí næstliðið ár og lýkur 30. apríl. Sé tekin ákvörðun um stjórn veiða á tegund sem ekki hefur áður sætt slíkri ákvörðun skal þegar reikna þorskígildi fyrir tegundina miðað við sama tímabil og greinir í 1. málsl. Þorskígildi skulu reiknuð sem hlutfall verðmætis einstakra tegunda sem sæta ákvörðun um stjórn veiða af verðmæti slægðs þorsks. Til grundvallar verðmætaútreikningi skal leggja heildaraflamagn og heildarverðmæti þessara tegunda samkvæmt upplýsingum Fiskistofu þar um. Þegar fiskur er seldur ferskur erlendis skal miða við 88% af söluverðmæti hans. Varðandi botnfisk, að undanskildum karfa, skal miða við slægðan fisk. Miða skal við slitinn humar.

[1)]L. 126/2011, 440. gr.

V. KAFLI.
Veiðigjald.

20. gr.

1 [Allir þeir sem fá úthlutað aflaheimildum samkvæmt lögum þessum, eða landa afla fari stjórn veiða fram með öðrum hætti en með úthlutun aflamarks, skulu greiða veiðigjöld svo sem í lögum um veiðigjöld greinir.][1)]

[1)]L. 75/2012, 1. gr.

21. gr. – 23. gr. a. …[1)]

[1)]L. 75/2012, 2. gr.

VI. KAFLI.
Viðurlög o.fl.

24. gr.

1 [[Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni, eða eftir atvikum leyfi til strandveiða [eða leyfi til öflunar sjávargróðurs][1)], fyrir brot á lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.][1)] [Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni gilda við útgáfu næsta veiðileyfis.][2)] Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar verður skotið til [ráðuneytisins],[3)] enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.][4)]

[1)]L. 49/2017, 6. gr. [2)]L. 32/2010, 5. gr. [3)]L. 82/2013, 5. gr. [4)]L. 126/2011, 440. gr. [5)]L. 163/2006, 7. gr.

25. gr.

1 Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim og ákvæðum leyfisbréfa varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða fangelsi allt að sex árum.

2 Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.

3 Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

26. gr.

1 Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 25. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

2 Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

27. gr. …[1)]

1) L. 88/2008, 233. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

[I. …][1)]

1) L. 47/2017, 1. gr.

[II. …][1)]

1) L. 48/2014, 8. gr.

III. …[1)]

1) L. 48/2014, 8. gr.

[IV. …][1)]

1) L. 48/2014, 8. gr.

[V. …][1)]

1) L. 72/2016, 5. gr.

[VI. …[1)]][2)]

1) L. 48/2014, 8. gr. 2) L. 21/2007, 2. gr.

[VII. …][1)]

1) L. 88/2020, 6. gr.

[VIII. …][1)]

1) L. 88/2020, 6. gr.

[IX. …[1)]][2)]

1) L. 48/2014, 8. gr. 2) L. 70/2011, 8. gr.

[X. …[1)]][2)]

1) L. 48/2014, 8. gr. 2) L. 70/2011, 8. gr.

[XI. …[1)]][2)]

1) L. 48/2014, 8. gr. 2) L. 164/2011, 37. gr.

[XII…][1)]

[1)]L. 88/2020, 6. gr.

[XIII. …][1)]

[1)]L. 72/2016, 5. gr.

[XIV. …][1)]

[1)]L. 72/2016, 5. gr.

[XV. …][1)]

[1)]L. 72/2016, 5. gr.

[XVI. …][1)]

[1)]L. 88/2020, 6. gr.

[XVII. …][1)]

[1)]L. 65/2022, 6. gr.

[XVIII. …][1)]

[1)]L. 65/2022, 6. gr.

[XIX. …][1)]

[1)]L. 65/2022, 6. gr.

[XX. …[1)]][2)]

[1)]L. 19/2018, 2. gr. [2)]L. 19/2018, 1. gr.

[XXI. …[1)]][2)]

[1)]L. 19/2018, 2. gr. [2)]L. 19/2018, 1. gr.

[XXII.

 Endurreikna skal aflahlutdeild í sandkola við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023 með þeim hætti sem hér segir:

a. Að 85/100 hlutum samkvæmt skráðum aflahlutdeildum hvers fiskiskips í sandkola við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023.
b. Að 15/100 hlutum samkvæmt veiðireynslu hvers fiskiskips í sandkola á fiskveiðiárunum 2017/2018, 2018/2019 og 2019/2020 á svæðinu norðan skilgreinds aflamarkssvæðis fyrir sandkola sem afmarkast af Snæfellsnesi suður um að Stokksnesi.][1)]

[1)]L. 64/2022, 2. gr.

[XXIII.

 Við upphaf fiskveiðiársins 2022/2023 skal setja skipum sjálfstæða aflahlutdeild skv. 2. mgr. 9. gr. í sæbjúgum á hverju veiðisvæði samkvæmt reglugerð nr. 741/2019 um veiðar á sæbjúgum á eftirfarandi hátt:

a. Svæði A–E: Samkvæmt aflareynslu skips á fiskveiðiárunum 2018/2019, 2019/2020 og 2020/2021 vestan 20°V.
b. Svæði F–H: Samkvæmt aflareynslu skips á fiskveiðiárunum 2018/2019, 2019/2020 og 2020/2021 austan 20°V.][1)]

[1)]L. 64/2022, 2. gr.

[XXIV.

1 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. og 1. málsl. 5. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. málsl. 5. gr. heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.][1)]

[1)] *L. 66/2022, 1. gr.*

[XXV.

1 Fiskistofa skal fyrir 1. mars 2025 úthluta fiskiskipum aflahlutdeild í grásleppu. Aflahlutdeild einstakra skipa skal ákveðin með tilliti til veiðireynslu sem fengin hefur verið á grundvelli réttar til grásleppuveiða og leyfis frá Fiskistofu sem skráð er á viðkomandi skip og nýtt innan viðmiðunartímabilsins. Við mat á veiðireynslu skal miða við þrjú bestu veiðitímabil leyfisins sem skráð er á skipið frá og með árinu 2018 til og með árinu 2022 að undanskildu árinu 2020.][1)]

2 Þrátt fyrir 6. mgr. 12. gr. og 10. mgr. 15. gr. er framsal aflahlutdeilda í grásleppu óheimilt til 31. ágúst 2026.][1)]

[1)] *L. 102/2024, 8. gr.*

Lög
nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.

1 Markmið laga þessara er að bæta umgengni um nytjastofna sjávar og stuðla að því að þeir verði nýttir með sjálfbærum hætti er tryggi til langs tíma hámarksafrakstur fyrir íslensku þjóðina.

II. KAFLI.
Veiðar.

2. gr.

1 [Veiðum skal hagað þannig að afli skemmist ekki í veiðarfærum. Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um notkun einstakra veiðarfæra.

2 Skylt er að hirða og landa öllum afla sem kemur í veiðarfæri fiskiskipa. Ráðherra getur með reglugerð ákveðið að sleppa skuli lifandi afla sem er undir tiltekinni lengd eða þyngd eða fæst í ákveðin veiðarfæri. Þá getur ráðherra með reglugerð[1)] ákveðið að heimilt sé að varpa fyrir borð verðlausum fiski og innyflum, hausum og öðru því sem til fellur við verkun eða vinnslu um borð í veiðiskipum.

3 Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar er ráðherra heimilt að ákveða að hann reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þeim afla skal haldið aðgreindum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Ráðherra setur frekari reglur um framkvæmd þessarar málsgreinar, þar á meðal um leyfilega nýtingu þessa afla.][2)]

[1)]Rg. 468/2013 (um nýtingu afla og aukaafurða), sbr. 237/2019, 1256/2020 og 331/2021. [2)]L. 13/2002, 1. gr.

3. gr.

1 Fiskistofa skal fylgjast með aflasamsetningu fiskiskipaflotans þannig að jafnan liggi fyrir sem gleggstar upplýsingar um aflasamsetningu skipa eftir stærð og gerð skips, gerð og búnaði veiðarfæra, veiðislóð og veiðitíma. Skal Fiskistofa taka saman og birta árlega yfirlit yfir aflasamsetningu fiskiskipaflotans á liðnu fiskveiðiári.

2 Óheimilt er að hefja veiðiferð skips sem leyfi hefur til veiða í atvinnuskyni nema skipið hafi aflaheimildir sem telja má líklegt að dugi fyrir afla í ferðinni með hliðsjón af þeim veiðarfærum sem notuð eru.

4. gr.

1 Net og önnur veiðarfæri, sem skilin eru eftir í sjó, skulu dregin með eðlilegum og reglubundnum hætti eftir því sem aðstæður leyfa.

2 Fiskistofu er heimilt að taka eða láta taka upp veiðarfæri sem ekki hefur verið vitjað með eðlilegum hætti. Sama á við um veiðarfæri sem liggja í sjó eftir að veiðitímabili lýkur, svo og veiðarfæri sem eru ólögleg eða eru á svæðum þar sem notkun þeirra er óheimil.

3 Fiskistofa skal krefja eigendur veiðarfæra, sem dregin eru úr sjó samkvæmt heimild í 2. mgr., um kostnað sem af því hlýst. Verði ekki upplýst hver er eigandi veiðarfæra er Fiskistofu heimilt að selja veiðarfærin og rennur andvirði þeirra að frádregnum kostnaði til [Hafrannsóknastofnunar].[1)]

[1)]L. 157/2012, 7. gr.

III. KAFLI.
Vigtun sjávarafla.

5. gr.

1 [Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innan lands og hann veginn í innlendri höfn.

2 Ráðherra getur með reglugerð heimilað að ísfiski sé landað í erlendum höfnum eða hann fluttur úr landi án þess að hafa verið endanlega veginn, enda sé fiskurinn seldur á opinberum fiskmarkaði sem hlotið hefur leyfi Fiskistofu. Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu á fiskmarkaði erlendis sem ekki hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal útgerð og skipstjóri fiskiskips tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klukkustundum áður en aflinn fer um borð í flutningsfar eða skip fer af miðum, sigli fiskiskip með eigin afla. Útgerð skal einnig upplýsa hvaða lágmarksverðs er krafist fyrir afla. Upplýsingar þessar skulu birtar á opnum uppboðsvef uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla þar sem aflinn skal boðinn upp. Ráðherra skal kveða á um uppboðsskilmála og framkvæmd uppboðs í reglugerð.[1)]

3 Þá getur ráðherra heimilað með reglugerð að afla sem veiddur er úr íslenskum deilistofnum sé landað erlendis, enda sé eftirlit með löndun afla og vigtun hans talið fullnægjandi.

4 Þegar sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar, getur Fiskistofa heimilað að skip sem vinna afla um borð landi erlendis.

5 Fiskistofa skal innheimta af fiskmarkaði erlendis kostnað sem til fellur við upphaflega úttekt á fiskmarkaði í kjölfar umsóknar, vegna launa eftirlitsmanna erlendis og við sérstakar eftirlits-úttektir af hálfu Fiskistofu. Enn fremur er Fiskistofu heimilt að innheimta af útgerð skips sem landar afla sínum erlendis, sbr. 3. og 4. mgr., kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis.][2)] [Um fjárhæð gjalda vegna kostnaðar samkvæmt þessari grein vísast til gjaldskrár Fiskistofu,[3)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][2)][4)]

[1)]Rg. 646/2007 (um uppboðsmarkaði sjávarafla), sbr. 774/2007 og 398/2021. [2)]L. 144/2008, 1. gr. [3)]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [4)]L. 67/2015, 7. gr.

6. gr.

1 Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans. Skal við vigtunina nota löggilta vog. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu. Sé hafnarvog ekki í verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa tímabundið leyft vigtun með öðrum hætti.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. getur Fiskistofa veitt einstökum aðilum leyfi til vigtunar án þess að afli sé veginn á hafnarvog að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað. Slíkt leyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit þess aðila sem í hlut á sé traust, auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. [Þá er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á löndunarstað, að veita einstökum aðilum leyfi til að vigta afla, enda hafi hann áður verið veginn á hafnarvog.][1)] [Umsækjandi um leyfi til vigtunar samkvæmt þessari málsgrein skal greiða gjald fyrir útgáfu leyfis og úttekt á vigtunaraðstöðu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[2)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][3)]

3 Hafnir skulu uppfylla kröfur um aðstöðu til vigtunar sjávarafla og eftirlit sem kveðið er á um í reglugerð.[4)] [Ráðuneytið][5)] getur bannað löndun sjávarafla í einstökum höfnum sem ekki fullnægja kröfum samkvæmt þessari málsgrein.

4 Þrátt fyrir ákvæði 3. mgr. getur [ráðuneytið][5)] við sérstakar aðstæður, svo sem vegna róðra frá afskekktum stöðum, veitt undanþágu frá löndun í viðurkenndri höfn. Skilyrði fyrir þessari undanþágu er að vigtun afla og skýrsluskil séu fullnægjandi.

[1)]L. 163/2006, 1. gr. [2)]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [3)]L. 67/2015, 8. gr. [4)]Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávarafla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020, 990/2020, 358/2021, 399/2021 og 709/2021. [5)]L. 126/2011, 222. gr.

7. gr.

1 Löggiltir vigtarmenn, er vigta sjávarafla, skulu gæta þess að fara í hvívetna eftir reglum um framkvæmd vigtunar, skráningu upplýsinga og skil á þeim.

8. gr.

1 Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningstækjum, fiskverkunum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta sjávarafla eða hafa eftirlit með vigtun hans. Hafnaryfirvöld skulu senda Fiskistofu jafnharðan upplýsingar um landaðan afla í því formi sem ráðherra ákveður með reglugerð. [Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimill aðgangur að rafrænum vöktunarkerfum í löndunarhöfnum í þeim tilgangi að hafa eftirlit með löndun afla.][1)]

2 Ráðuneytið skal að höfðu samráði við [það ráðuneyti er fer með samgöngumál][2)] og Hafnasamband sveitarfélaga kveða nánar á um það í reglugerð hvernig afli skuli veginn og upplýsingum um landað aflamagn safnað.

[1)]L. 85/2022, 1. gr. [2)]L. 126/2011, 222. gr.

9. gr.

1 Skipstjóra fiskiskips er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki komið við vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Skipstjóra fiskiskips er skylt að láta vigta hverja tegund sérstaklega. [Ákveði ráðherra á grundvelli laga um stjórn fiskveiða að fiskur undir tiltekinni stærð eða þyngd teljist aðeins að hluta með í aflamarki skal hann setja reglur um hvernig að frágangi hans um borð í veiðiskipi og vigtun skuli staðið.][1)] Skipstjóra ber að tryggja að réttar og fullnægjandi upplýsingar um aflann berist til vigtarmanns.

2 [Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla. Meðafli reiknast þó til aflamarks viðkomandi fiskiskips, en ráðherra setur reglur[2)] um hvernig …[3)] skuli standa að sýnatöku og útreikningi meðafla við löndun á uppsjávarfiski. Komi til gjaldtöku á grundvelli laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum, vegna fisktegunda sem veiðast sem meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal gjaldið þó aldrei vera lægra en nemur 70% af meðalfiskverði sömu tegundar í næsta mánuði fyrir gjaldtöku.][4)]

3 [Við öflun sjávargróðurs er ekki skylt að skilja meðafla frá, en ráðherra er heimilt að setja fyrirmæli í reglugerð um hvernig skuli staðið að eftirliti með skráningu hans og skoðun afla.][5)]

4 [Skipstjórnarmenn veiðiskipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu senda aflaupplýsingar stafrænt til Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Ráðherra skal með reglugerð kveða nánar á um þær upplýsingar sem skal skrá, og form þeirra og skil til Fiskistofu. Þá er skipstjórum skipa sem vinna afla um borð skylt að skrá upplýsingar um vinnslu aflans á því formi sem Fiskistofa samþykkir.][6)]

[1)]L. 65/2004, 2. gr. [2)]Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski), sbr. 862/2020. [3)] L. 88/2020, 7. gr. [4)] L. 61/2005, 1. gr. [5)]L. 49/2017, 1. gr.[6)]L. 85/2022, 2. gr.

10. gr.

1 Ökumaður, sem flytur óveginn afla, skal aka rakleiðis frá skipshlið að hafnarvog, að undanteknum þeim tilvikum þegar Fiskistofa hefur veitt undanþágu frá vigtun á hafnarvog, sbr. 2. mgr. 6. gr. Ökumaðurinn skal kynna sér samsetningu farmsins eins og kostur er og gefa vigtarmanni upplýsingar um hann.

2 [Skipstjóri skips sem flytur sjávargróður frá skipum sem afla hans til löndunarhafnar skal halda aflanum sérgreindum þannig að færa megi aflann á rétt skip í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.][1)]

[1)]L. 49/2017, 2. gr.

11. gr.

1 Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við getur átt. Sama á við varðandi afla sem gefinn er upp sem undirmálsafli. Skulu þeir með reglubundnum hætti gefa Fiskistofu yfirlit yfir framkvæmdar úrtaksskoðanir og niðurstöður þeirra.

12. gr.

1 [Aðili sem stundar viðskipti með afla][1)] skal ganga úr skugga um að afli sem hann tekur við hafi verið veginn samkvæmt gildandi reglum um vigtun sjávarafla.

2 [Aðilar sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmenn útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa skulu fylla út og skila [Fiskistofu][2)] skýrslum ráðstöfun afla í því formi og með þeim hætti er [stofnunin][2)] ákveður.][1)]

3 [Fiskistofa skal skora á hvern þann sem vanrækir að veita upplýsingar skv. 2. mgr. að bæta úr. Um leið skal hlutaðeiganda gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil. Leiðbeina skal um að dagsektir verði lagðar á að sjö dögum liðnum hafi umræddar upplýsingar ekki borist, nema hlutaðeigandi upplýsi sannanlega um ástæður sem honum verður ekki um kennt og gerðu honum ókleift að veita upplýsingarnar. Jafnskjótt og slíkum tálmunum lýkur skal veita Fiskistofu upplýsingarnar.

4 Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar upplýsingum hefur verið skilað. Dagsektir eru aðfararhæfar og greiðast í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.

5 Ákvörðun um dagsektir má kæra til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Kæra til ráðuneytisins frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Sé mál höfðað til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu um dagsektir er ekki heimilt að innheimta þær fyrr en dómur hefur fallið, enda hafi ekki verið haggað við gildi ákvörðunarinnar í honum. Þrátt fyrir kæru eða málshöfðun til ógildingar ákvörðunar um dagsektir leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

6 Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.][2)]

[1)]L. 9/2011, 1. gr. [2)]L. 85/2022, 3. gr.

IV. KAFLI.
Framkvæmd og viðurlög.

13. gr.

1 Fiskistofa og eftirlitsmenn í hennar þjónustu annast eftirlit með framkvæmd laga þessara. Getur Fiskistofa enn fremur leitað aðstoðar lögreglu og Landhelgisgæslunnar í því skyni.

2 [Telji Fiskistofa að afli tiltekins skips sé að stærðarsamsetningu, aflasamsetningu eða gæðum frábrugðinn afla annarra skipa sem stunda sambærilegar veiðar [eða að ekki sé farið að lögum og reglum um veiðarfæri][1)] skal Fiskistofa setja veiðieftirlitsmann um borð í skipið til að fylgjast sérstaklega með veiðum þess. Hafi veiðieftirlitsmaður í þessu skyni verið um borð í veiðiskipi [einn dag eða eina veiðiferð][1)] á sama fiskveiðiári skal Fiskistofa ákveða hvort ástæða sé til að fylgjast

sérstaklega með veiðum skipsins áfram. Skal útgerð skipsins tilkynnt ákvörðun Fiskistofu. [Um fjárhæð kostnaðar útgerðar vegna eftirlits samkvæmt þessari grein vísast til gjaldskrár Fiskistofu,[2)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][1)] Hafi veiðieftirlitsmaður á sama fiskveiðiári verið fleiri en [einn dag eða eina veiðiferð][1)] um borð í veiðiskipi samkvæmt þessari grein skal útgerð skipsins greiða allan kostnað, þar með talinn launakostnað, af veru hans um borð frá og með [öðrum degi eða annarri][1)] [veiðiferð].[3)]][4)]

3 [Komi í ljós við eftirlit Fiskistofu hjá vigtunarleyfishafa verulegt frávik á íshlutfalli í afla skips í tiltekinni fisktegund miðað við meðaltal íshlutfalls skipsins í fyrri löndunum skal Fiskistofa fylgjast með allri vigtun hlutaðeigandi vigtunarleyfishafa í allt að sex vikur. Skal vigtunarleyfishafa tilkynnt um ákvörðun Fiskistofu. Vigtunarleyfishafi greiðir allan kostnað vegna eftirlits samkvæmt þessari málsgrein. Um fjárhæð og kostnað eftirlitsmannsins fer eftir gjaldskrá Fiskistofu,[2)] sbr. 5. gr. laga um Fiskistofu, nr. 36/1992.][5)]

4 Heimildir Fiskistofu og eftirlitsmanna samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða gilda um eftirlit samkvæmt lögum þessum.

[1)] L. 67/2015, 9. gr. [2)]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [3)]L. 162/2000, 1. gr. [4)]L. 161/2000, 1. gr. [5)]L. 48/2017, 17. gr.

14. gr.

1 [[Útgerð og skipstjóra fiskiskips er skylt að fylgjast með stöðu aflaheimilda skipa sinna með hliðsjón af úthlutuðum aflaheimildum, flutningi aflaheimilda og lönduðum afla. Fiskistofa skal fylgjast með nýtingu fiskiskipa á aflaheimildum. Bendi upplýsingar Fiskistofu til að skip hafi veitt umfram aflaheimildir sínar í einhverri tegund skal Fiskistofa tilkynna það útgerð og skipstjóra viðkomandi skips með tölvubréfi[1)] og jafnframt að skipið sé svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni frá og með fjórða virka degi hafi fullnægjandi aflaheimildir ekki verið fluttar til skipsins innan þess tíma. Telji móttakandi tilkynningar að upplýsingar Fiskistofu um afla skips séu rangar og að skipið hafi ekki veitt umfram aflaheimildir skal hann innan þriggja virkra daga koma athugasemdum á framfæri við Fiskistofu. Fiskistofa getur veitt lengri frest til athugasemda ef ástæða er til að ætla að skráning afla eða aflaheimilda sé röng. Óheimilt er að stunda veiðar í atvinnuskyni eftir tölvubréf hefur verið sent móttakanda þar til aflaheimildir fiskiskips hafa verið auknar þannig að það sé ekki í umframaflastöðu.[1)] Séu aflaheimildir skips að liðnum fresti auknar þannig að afli skipsins á fiskveiðiárinu rúmist innan þeirra skal því veitt leyfi að nýju. [Útgerð viðkomandi skips skal bera kostnað af tölvubréfum[1)] og öðrum tilkynningum samkvæmt ákvæðum þessarar greinar samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[2)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][3)] Útgerð viðkomandi skips skal skrá netfang móttakanda hjá Fiskistofu til að eiga rétt á tilkynningum samkvæmt þessari málsgrein.[1)] Heimilt er Fiskistofu að fallast á að tilkynningar samkvæmt þessari grein fari fram með öðrum sannanlegum hætti en tölvubréf, [1)] enda hafi útgerðir lagt fram tillögur um slíka framkvæmd sem Fiskistofa metur fullnægjandi. Ráðherra getur sett nánari reglur um framkvæmd þessa ákvæðis.][4)]

2 Komi til leyfissviptingar í annað sinn á sama fiskveiðiári vegna veiða umfram aflaheimildir skal Fiskistofa svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni í tvær vikur til viðbótar þeim tíma sem leiðir af leyfissviptingu skv. 1. mgr., í sex vikur gerist það í þriðja sinn og í tólf vikur gerist það oftar. Úthlutun aflaheimilda í upphafi nýs fiskveiðiárs hefur ekki áhrif á lengd leyfissviptingar samkvæmt þessari málsgrein. Um framkvæmdina fer að öðru leyti skv. 1. mgr.][5)]

[1)]L. 88/2020, 8. gr. [2)]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [3)]L. 67/2015, 10. gr. [4)]L. 61/2005, 2. gr. [5)]L. 24/2001, 1. gr.

15. gr.

1 [Fiskistofa skal svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

2 Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

3 Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.][1)]

[1)]L. 163/2006, 2. gr.

16. gr.

1 Hafi skip ítrekað verið svipt leyfi til veiða í atvinnuskyni skv. 14. og 15. gr. laga þessara getur Fiskistofa ákveðið að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð á kostnað útgerðar í tiltekinn tíma, allt að tveimur mánuðum. Skal útgerð skips þá greiða allan kostnað sem hlýst af veru eftirlitsmanns um borð, þar með talinn launakostnað. [Um fjárhæð kostnaðar útgerðar vegna eftirlits samkvæmt þessari grein fer samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu,[1)] sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][2)]

[1)]Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025. [2)]L. 67/2015, 11. gr.

17. gr.

1 [Fiskistofa skal afturkalla leyfi aðila til vigtunar sjávarafla skv. 2. mgr. 6. gr. ef hann, fyrirsvarsmenn hans, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim.

2 Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað skv. 1. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en átta vikur eru liðnar frá afturköllun leyfis. Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en sextán vikur eru liðnar frá því að leyfi var síðast afturkallað.

3 Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. mgr., veita hlutaðeigandi aðila skriflega áminningu.

4 Brjóti aðili sem hefur vigtunarleyfi eða þeir sem í þágu hans starfa gegn ákvæðum III. kafla laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim þannig að bersýnilega leiði til þess að afli verði ranglega skráður skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hlutaðeigandi aðila. Hafi vigtunarleyfi aðila verið afturkallað samkvæmt þessari málsgrein skal honum ekki veitt slíkt leyfi að nýju fyrr en 26 vikur eru liðnar frá afturköllun, enda geri aðili þá í umsókn um leyfi fullnægjandi grein fyrir hvernig hann hyggst tryggja að framkvæmd vigtunar verði í samræmi við lög og reglur. Heimavigtunarleyfi, sbr. 1. málsl. 2. mgr. 6. gr., skal þó ekki veitt aðila fyrr en eitt ár er liðið frá afturköllun fyrra leyfis.

5 Hafi ítrekað komið til afturköllunar á vigtunarleyfi aðila skv. 4. mgr. skal ekki veita honum slíkt leyfi að nýju fyrr en tvö ár eru liðin frá því að leyfi var síðast afturkallað.] [1)]

6 [Fiskistofa skal afturkalla leyfi erlends fiskmarkaðar til að móttaka afla íslenskra fiskiskipa sem ekki hefur verið endanlega veginn ef fyrirsvarsmenn fiskmarkaðar, starfsmenn eða aðrir þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla eða reglum settum samkvæmt þeim. Hið sama á við standi erlendur fiskmarkaður ekki í skilum með greiðslu kostnaðar skv. 5. mgr. 5. gr.][2)]

7 [Ef ítrekað eru veruleg frávik á íshlutfalli í afla hjá skipum sem landa hjá vigtunarleyfishafa, sbr. 3. mgr. 13. gr., skal Fiskistofa afturkalla vigtunarleyfi hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa í allt að eitt ár.][3)]

[1)]L. 163/2006, 3. gr. [2)]L. 144/2008, 2. gr. [3)]L. 48/2017, 2. gr.

18. gr.

1 Ákvörðunum Fiskistofu samkvæmt þessum kafla verður skotið til [ráðuneytisins], enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra samkvæmt þessari grein frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

1)L. 126/2011, 222. gr.

19. gr.

1 [Áminningar, sviptingar veiðileyfa og afturkallanir vigtunarleyfa, sem ákveðnar eru skv. 15. og 17. gr. laga þessara eða 24. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.][1)]

1)L. 163/2006, 4. gr.

20. gr.

1 Ákvarðanir stjórnvalda samkvæmt þessum kafla má bera undir dómstóla. Slíkt málskot frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.

21. gr.

1 Fiskistofa skal reglulega birta opinberlega upplýsingar um sviptingu veiðiheimilda samkvæmt þessum kafla. Skal þar tilgreina heiti skips, skipaskrárnúmer, útgerð skips, tilefni leyfissviptingar og til hvaða tímabils svipting nái. Þá skulu birtar opinberlega ákvarðanir um afturköllun heimilda [skv. 17. gr. laga þessara].[1)]

1)L. 163/2006, 5. gr.

22. gr.

1 Upplýsingar um aflahlutdeild einstakra skipa, úthlutun aflamarks til þeirra, afla einstakra skipa og ráðstöfun aflaheimilda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að. Fiskistofa skal reglulega birta upplýsingar um þau skip sem veitt hafa umfram aflaheimildir. Þá skal Fiskistofa árlega birta upplýsingar um álagningu gjalds vegna ólögmæts sjávarafla á liðnu fiskveiðiári.

23. gr.

1 Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau að auki varða […][1)] fangelsi allt að sex árum.

2 [Við fyrsta brot skal sekt eigi nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.][2)]

3 Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota gegn lögum þessum eftir því sem við á.

1)L. 82/1998, 225. gr. 2)L. 22/2005, 1. gr.

24. gr.

1 Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 23. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

2 Tilraun og hlutdeild í brotum á lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

25. gr.

[…][1)]

[1)]L. 88/2008, 233. gr.

V. KAFLI.

…

VI. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

30. gr.

Ráðherra getur með reglugerð[1)] kveðið nánar á um framkvæmd laga þessara.

[1)]Rg. 1124/2024 (um hrognkelsaveiðar). Rg. 601/1997 (um löndun á bræðslufiski erlendis). Rg. 307/2023 (um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga). Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski), sbr. 862/2020. Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 174/2021. Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 431/2013 (um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 339/2014. Rg. 433/2013 (um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja), sbr. 341/2014 og 611/2014. Rg. 994/2013 (um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla). Rg. 930/2025 (um veiðar á skollakopp (ígulkerum)). Rg. 711/2018 (um veiðar á kúfskel). Rg. 633/2019 (um veiðar á beitukóngi í gildrur). Rg. 671/2018 (um veiðar á kröbbum). Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávarafla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019 og 325/2020. Rg. 90/2018 (um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Rg. 295/2018 (um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum). Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum).

31. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi. …

Lög
nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

1 Tilgangur laga þessara er að stuðla að viðgangi og hagkvæmri nýtingu nytjastofna innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og tryggja með því trausta atvinnu og byggð í landinu.

2. gr.

1 Til nytjastofna samkvæmt lögum þessum teljast sjávardýr, svo og sjávargróður, sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð í íslenskri fiskveiðilandhelgi og sérlög gilda ekki um.

2 Til fiskveiðilandhelgi Íslands telst hafsvæðið frá fjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands eins og hún er skilgreind í lögum nr. 41 1. júní 1979, um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn.

3. gr.

1 Erlendum skipum eru bannaðar allar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum samkvæmt milliríkjasamningum.

4. gr.

1 Aðeins þeim íslensku skipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt ákvæðum laga nr. 38 15. maí 1990, um stjórn fiskveiða,[1)] með síðari breytingum, er heimilt að stunda veiðar í fiskveiðilandhelginni.

[1)] *L. 38/1990 endurútgefin, sbr. 4. gr. l. 42/2006, sem l. 116/2006.*

5. gr.

1 Íslenskum skipum eru bannaðar veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót í fiskveiðilandhelgi Íslands nema á þeim veiðisvæðum og veiðitímum sem tilgreind eru í þessari grein, enda undanþiggi ráðherra ekki tiltekin svæði slíkum veiðum. Þegar rætt er um viðmiðunarlínu er átt við línu sem dregin er umhverfis landið á milli eftirtalinna staða:

[1. 66°27'18,73"N – 22°24'10,19"V Horn (grp. 1)
2. 66°07'27,12"N – 21°30'58,14"V Selsker (viti)
3. 66°08'04,64"N – 20°10'48,81"V Ásbúðarrif (grp. 2)
4. 66°12'04,58"N – 18°51'30,00"V Siglunes (grp. 3)
5. 66°10'20,57"N – 17°51'14,76"V Flatey (Skjálfanda) (grp. 4)
6. 66°17'59,33"N – 17°07'02,92"V Mánáreyjar (Lágey) (grp. 5)
7. 66°30'37,67"N – 16°32'38,58"V Rauðinúpur (grp. 6)
8. 66°32'26,03"N – 16°11'47,30"V Rifstangi (grp. 7)
9. 66°32'16,91"N – 16°01'52,45"V Hraunhafnartangi (grp. 8)
10. 66°22'42,72"N – 14°31'47,69"V Langanes (grp. 11)
11. 65°59'54,92"N – 14°37'23,07"V Skálatóarsker
12. 65°33'09,98"N – 13°40'21,09"V Almenningsfles
13. 65°30'39,80"N – 13°36'16,23"V Glettinganes (grp. 12)
14. 65°09'58,45"N – 13°30'37,83"V Norðfjarðarhorn (grp. 13)
15. 65°04'37,50"N – 13°29'34,21"V Gerpir (grp. 14)
16. 64°58'54,90"N – 13°30'46,40"V Hólmur (Seley) (grp. 15)
17. 64°54'04,80"N – 13°36'51,98"V Skrúður (Þursi) (grp. 17)

18. 64°35'28,14"N – 14°10'28,86"V Papey (viti)
19. 64°23'45,67"N – 14°27'32,81"V Hvítingar (grp. 20)
20. 64°14'23,41"N – 14°57'37,98"V Stokksnes (grp. 21)
21. 64°01'39,04"N – 15°58'37,16"V Hrollaugseyjar (grp. 23)
22. 63°47'50,65"N – 16°38'22,59"V Ingólfshöfði (grp. 25)
23. 63°43'31,09"N – 17°37'32,76"V Hvalsíki (grp. 26)
24. 63°32'23,47"N – 17°55'14,65"V Meðallandssandur I (grp. 27)
25. 63°30'24,19"N – 18°00'01,69"V Meðallandssandur II (grp. 28)
26. 63°27'43,73"N – 18°09'09,22"V Mýrnatangi (grp. 29)
27. 63°23'36,05"N – 18°44'10,16"V Kötlutangi (grp. 30)
28. 63°23'32,72"N – 19°07'26,23"V Lundadrangur (grp. 31)
29. 63°32'09,00"N – 20°09'18,18"V Bakkafjara (skúr við sæstreng)
30. 63°49'23,88"N – 20°58'32,46"V Knarrarós (viti)
31. 63°50'33,27"N – 21°24'26,14"V Hafnarnes
32. 63°49'16,20"N – 21°39'05,88"V Selvogur (viti)
33. 63°49'47,94"N – 22°04'09,12"V Krýsuvíkurberg (viti)
34. 63°48'01,68"N – 22°41'51,78"V Reykjanes (aukaviti)
35. 63°49'01,21"N – 22°44'17,71"V Önglabrjótsnef
36. 63°58'15,18"N – 22°45'08,40"V Stafnes (viti)
37. 64°04'54,91"N – 22°43'44,93"V 1. sjm. r/v V af Garðskagavita
38. 64°43'41,40"N – 23°48'10,32"V Malarrif (viti)
39. 64°44'59,65"N – 23°55'07,33"V Dritvíkurtangi
40. 64°51'16,81"N – 24°02'19,59"V Skálasnagi (grp. 35)
41. 64°53'06,78"N – 24°02'39,48"V Öndverðarnes (viti)
42. 65°24'53,94"N – 23°57'08,64"V Skor (viti)
43. 65°30'07,00"N – 24°32'12,73"V Bjargtangar (grp. 36)
44. 65°48'23,52"N – 24°06'07,72"V Kópanes (grp. 38)
45. 66°03'39,84"N – 23°47'33,50"V Barði I (grp. 39)
46. 66°25'48,44"N – 23°08'21,56"V Straumnes I (grp. 41)
47. 66°28'11,57"N – 22°56'12,07"V Kögur II (grp. 46)
48. 66°27'55,63"N – 22°28'21,71"V Horn (grp. 47)][1)]

2 [Heimildir fiskiskipa til veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands miðast við lengd skipa. Er skipum skipt niður í þrjá flokka miðað við lengd þeirra þannig:

1. flokkur: Fiskiskip 42 metrar og lengri.
2. flokkur: Fiskiskip 29 metrar og lengri en styttri en 42 metrar.
3. flokkur: Fiskiskip styttri en 29 metrar.][2)]

3 […][2)]

4 […][2)]

5 Þar sem í lögum þessum er rætt um lengd skipa er miðað við mestu lengd þeirra samkvæmt mælingum [Samgöngustofu].[3)]

6 Botnvarpa og flotvarpa samkvæmt þessari grein merkir fiskivörpur sem notaðar eru til veiða á helstu botnfisktegundum hér við land og tekur ekki til varpna sem notaðar eru til veiða á humri, rækju eða uppsjávarfiskum. Setja skal nánari ákvæði í reglugerð[4)] um gerð og útbúnað fiskivarpna og dragnótar.

7 [Stundi tvö eða fleiri skip veiðar með sömu botnvörpu, flotvörpu eða dragnót skulu heimildir þeirra samkvæmt þessari grein miðast við lengd lengsta skipsins.][2)]

8 Hér á eftir eru tilgreind þau svæði og tímar þar sem einstökum flokkum fiskiskipa, sbr. 2. mgr. þessarar greinar, er heimilt að stunda veiðar með botnvörpu, flotvörpu og dragnót:

A. Norðurland.

Allir flokkar:

A.1. Allt árið frá línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 1) að línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan við viðmiðunarlínu.

A.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Grímseyjar.

A.3. Allt árið utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Kolbeinseyjar (67°08'80 N – 18°40'60 V).

B. Austurland.

Allir flokkar:

B.1. Allt árið frá línu réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) að línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

B.2. Allt árið utan línu sem dregin er í 5 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki Hvalbaks (64°35'80 N – 13°16'60 V).

Flokkar 2 og 3:

B.3. Allt árið utan línu sem dregin er 6 sjómílur utan viðmiðunarlínu milli lína réttvísandi norðaustur frá Langanesi (vms. 10) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (vms. 13).

C. Suðausturland.

Allir flokkar:

C.1. Allt árið frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.2. Tímabilið 1. maí – 31. desember frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að línu réttvísandi suður frá Hvalnesi (64°24'10 N – 14°32'50 V), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.3. Tímabilið 1. maí – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) og réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22), utan línu sem dregin er 9 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

C.4. Tímabilið 15. september – 31. janúar á svæði milli lína réttvísandi suður frá Ingólfshöfða (vms. 22) og réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28), utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

Flokkar 2 og 3:

C.5. Allt árið utan línu sem dregin er í 4 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.
Á svæði milli línu sem dregin er réttvísandi [suður frá Stokksnesi (vms. 20)][2)] og að 15°45'00 V er þó ekki heimilt að stunda veiðar innan 6 sjómílna frá landi tímabilið 1. maí – 30. september.

C.6. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28).

Flokkur 3:

C.7. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum (vms. 19) að 18°00'00 V.

C.8. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá 18°00'00 V að línu réttvísandi suður af Lundadrangi (vms. 28).

D. Suðurland.

Allir flokkar:

D.1. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt 63°08'00 N – 19°57'00 V og þaðan í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey (63°17'60 N – 20°36'30 V).

D.2. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey í punkt í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi [(63°40'7 N–23°17'1 V)].[5)]

D.3. Tímabilið 1. ágúst – 31. desember utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

Flokkar 2 og 3:

D.4. Allt árið utan línu sem dregin er úr punkti í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Surtsey.

D.5. Tímabilið 16. maí – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suður úr Lundadrangi (vms. 28) að línu [réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34)].[5)]

Flokkur 3:

D.6. Allt árið utan línu sem dregin er í 3 sjómílna fjarlægð frá fjörumarki meginlandsins frá línu réttvísandi suður frá Lundadrangi (vms. 28) að línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita.
[…][2)]

E. Reykjanes- og Faxaflóasvæði.

Allir flokkar:

E.1. [Allt árið úr punkti í 5 sjómílna fjarlægð réttvísandi suður frá Geirfugladrangi og utan línu í 5 sjómílna fjarlægð frá Geirfugladrangi í punkt 64°43'70 N–24°12'00 V.][5)]

E.2. Tímabilið 1. nóvember – 31. desember utan línu sem dregin er í 12 sjómílna fjarlægð frá viðmiðunarlínu á svæði sem að sunnan markast af línu dreginni réttvísandi suður frá Reykjanesaukavita (vms. 34) og að vestan af línu sem dregin er réttvísandi vestur frá Reykjanesaukavita.

Flokkar 2 og 3:

E.3. Allt árið utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi suðvestur frá Reykjanesaukavita (vms. 34) að línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38).

F. Breiðafjörður.

Allir flokkar:

F.1. Allt árið utan línu sem dregin er frá punkti 64°43'70 N – 24°12'00 V í punkt 64°43'70 N – 24°26'00 V og þaðan í punkt í 12 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkar 2 og 3:

F.2. Tímabilið 1. júní – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

Flokkur 3:

F.3. Tímabilið 1. janúar – 31. maí utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan viðmiðunarlínu frá línu [réttvísandi vestur frá Malarrifi][5)] (vms. 38) að línu réttvísandi vestur frá Skálasnaga (vms. 40) og þaðan í punkt í 4 sjómílna fjarlægð réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43).

F.4. Tímabilið 1. september – 31. desember utan línu sem dregin er 4 sjómílur utan við viðmiðunarlínu á Snæfellsnesi, norðan við línu réttvísandi vestur frá Malarrifi (vms. 38) og utan við viðmiðunarlínu milli Öndverðarnesvita (vms. 41) og Skorarvita (vms. 42). Að norðan markast svæði þetta af 65°16'00 N.

Vestfirðir.

Allir flokkar:

[G.1.][5)] Allt árið frá línu réttvísandi vestur frá Bjargtöngum (vms. 43) að línu réttvísandi norður frá Horni (vms. 48), utan línu sem dregin er 12 sjómílur utan viðmiðunarlínu.

[1)]L. 88/2020, 1. gr. [2)]L. 47/2023, 1. gr. [3)]L. 59/2013, 11. gr. [4)]Rg. 182/2025. Svo birt í lagasafni en ætti að vera rg. 963/2019 (um veiðar með dragnót við Ísland). [5)]L. 127/1997, 1. gr.

6. gr.

1 Þrátt fyrir 5. gr. er heimilt að leyfa veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. samkvæmt sérstökum leyfum Fiskistofu. Aðeins er heimilt að veita leyfi skipum styttri en 42 metrar …,[1)] en ráðherra skal með reglugerð[2)] kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur í því skyni að stuðla að hagkvæmri nýtingu fiskstofna, að teknu tilliti til veiða með öðrum veiðarfærum sem stundaðar eru á viðkomandi svæðum. Getur ráðherra m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað dragnótaveiðar. Þá getur ráðherra, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[3)] ákveðið að dragnótaveiðar á ákveðnu svæði miðist við nýtingu ákveðinnar fisktegundar.

2 Sé talin þörf á að takmarka notkun tiltekins veiðarfæris til að tryggja skynsamlega nýtingu þess stofns sem veiðarnar beinast að eða vegna þeirrar skaðsemi sem notkun þess kann að hafa í för með sér fyrir nýtingu annarra stofna getur ráðherra með reglugerð[4)] ákveðið að veiðar með því veiðarfæri séu háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Um skilyrði fyrir veitingu slíkra leyfa skal kveðið á í reglugerð og gilda ákvæði 1. mgr. um þau eftir því sem við á.

[1)]L. 47/2023, 2. gr. [2)]Rg. 963/2019 (um veiðar með dragnót við Ísland), sbr. 1307/2019, 176/2020, 909/2020, 1153/2021, 570/2023 og 1517/2023. [3)]L. 157/2012, 9. gr. [4)]Rg. 1153/2021 (um breytingu á ýmsum reglugerðum er varða sjávarútveg (viðurlagaákvæði)). Rg. 462/2017 (um veiðar á gullaxi), sbr. 1153/2021. Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum). Rg. 962/2019 (um veiðar á íslenskri sumargotssíld), sbr. 1153/2021. Rg. 890/2020 (um veiðisvæði hörpudisks), sbr. 989/2020. Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum). Rg. 182/2025 (um veiðar íslenskra skipa á loðnu).

7. gr.

1 [Staðbundin veiðisvæði grásleppu eru:

1. **Suðurland – Faxaflói**, frá línu réttvísandi austur frá Hvítingum 64°23,90 N 014°28,00 V að línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00 N 023°55,30 V.

2. **Breiðafjörður – Vestfirðir**, svæði frá línu réttvísandi vestur frá Dritvíkurtanga (-flögum) 64°45,00 N 023°55,30 V að línu réttvísandi norður frá Horni 66°27,40 N 022°24,30 V.

3. **Húnaflói**, frá línu réttvísandi norður frá Horni 66°27,40 N 022°24,30 V að línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20 N 020°05,90 V.

4. **Norðurland**, frá línu réttvísandi norður frá Skagatá 66°07,20 N 020°05,90 V að línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi 66°22,70 N 014°31,90 V.

5. **Austurland**, frá línu réttvísandi austur frá Fonti á Langanesi 66°22,70 N 014°31,90 V að línu réttvísandi austur frá Hvítingum 64°23,90 N 014°28,00 V.][1)]

2 [Ráðherra er heimilt með reglugerð[2)] að banna og takmarka veiðar tímabundið innan staðbundinna veiðisvæða, að hluta eða að öllu leyti, vegna hættu á meðafla sjávarspendýra og fugla.][1)]

2 Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum stofni, óeðlilegan meðafla af öðrum tegundum en veiði beinist að eða önnur óæskileg áhrif veiða getur ráðherra

ákveðið að veiðar úr tilteknum nytjastofni eða á tilteknu svæði séu háðar leyfi Fiskistofu. Sama á við ef þörf er á að skipuleggja veiðar úr stofnum sem ekki er stjórnað með skiptingu heildarafla milli einstakra skipa, sbr. [8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006][3)], með síðari breytingum, t.d. vegna óvissu um veiðiþol viðkomandi stofns. Ráðherra skal í reglugerð[3)] kveða nánar á um skilyrði fyrir veitingu leyfa samkvæmt þessari málsgrein. Getur ráðherra sett almennar og svæðisbundnar reglur og m.a. ákveðið að leyfin séu bundin við ákveðið svæði og að aðeins hljóti leyfi til veiða á tilteknu svæði tiltekinn fjöldi skipa, skip sem skráð eru á því svæði, skip af ákveðinni stærð eða gerð eða skip sem áður hafa stundað tilteknar veiðar.

[1)]L. 102/2024, 1. gr. a-liður. [2)]Rg. 1124/2024 (um hrognkelsaveiðar). [3)]Rg. 470/2012 (um veiðar á lúðu), sbr. 522/2013, 1028/2013 og 1153/2021. Rg. 890/2020 (um veiðisvæði hörpudisks), sbr. 989/2020. Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum). Rg. 1007/2024 (um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni). Rg. 1441/2024 (um úthlutun aflamarks í grásleppu til nýliða).

8. gr.

1 Ráðherra er heimilt með reglugerð[1)] að skipta veiðisvæðum milli veiðarfæra með því að banna notkun ákveðinna veiðarfæra á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma. Áður en ákvarðanir um slíka skiptingu veiðisvæða eru teknar skal leita álits samtaka þeirra útgerðar- og sjómanna sem ætla má að slík skipting veiðisvæða varði mestu hverju sinni.

2 Þá er ráðherra heimilt að banna[2)] notkun allra eða tiltekinna gerða veiðarfæra á svæðum þar sem veiðarfæri geta valdið skemmdum á neðansjávarstrengjum og vatnslögnum.

[1)]Rg. 182/2025 (um veiðar íslenskra skipa á loðnu). [2)]Rg. 732/1997 (um bann við veiðum milli lands og Vestmannaeyja), sbr. 1219/2021. Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 277/2022.

9. gr.

1 Ráðherra skal gera nauðsynlegar ráðstafanir til þess að sporna við því að stundaðar séu veiðar sem skaðlegar geta talist með tilliti til hagkvæmrar nýtingar nytjastofna og [varðveislu viðkvæmra hafsvæða].[1)] Getur ráðherra með reglugerð [2)] m.a. ákveðið sérstök friðunarsvæði þar sem veiðar með öllum eða tilteknum veiðarfærum eru bannaðar. Ráðherra ákveður hvort reglugerðir um friðunarsvæði gildi um ákveðinn tíma eða séu ótímabundnar. Áður en ákvarðanir eru teknar samkvæmt þessari grein skal að jafnaði leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].[3)]

2 Heimilt er að banna tímabundið allar veiðar eða notkun tiltekinna veiðarfæra á ákveðnu svæði sé þess talin þörf vegna tilrauna eða vísindalegra rannsókna [Hafrannsóknastofnunar].[3)]

[1)]L. 149/2007, 1. gr. [2)]Rg. 766/2004 (um bann við rækjuveiðum norður af Rifsbanka), sbr. 1153/2021. Rg. 696/2005 (um bann við kolmunnaveiðum við Þórsbanka án meðaflaskilju), sbr. 771/2006, 499/2017 og 1153/2021. Rg. 1044/2012 (um bann við línuveiðum á norðanverðum Faxaflóa), sbr. 49/2015. Rg. 456/2017 (um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli), sbr. 1153/2021. Rg. 733/2018 (um ótímabundið bann við veiðum á sæbjúgum í Breiðafirði). Rg. 958/2019 (um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma), sbr. 1153/2021. Rg. 960/2019 (um takmarkanir við veiðum með fiskibotnvörpu), sbr. 1153/2021, sbr. 294/2022. Rg. 961/2019 (um takmarkanir við veiðum með línu á djúpslóð), sbr. 1153/2021. Rg. 965/2019 (um tímabundnar lokanir á veiðisvæðum á grunnslóð við Ísland). Rg. 1080/2019 (um bann við veiðum á sæbjúgum á veiðisvæði út af Austurlandi, suðursvæði). Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum). Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 277/2022. Rg. 188/2023 (um verndarráðstafanir vegna viðkvæmra hafsvæða og botnvistkerfa). [3)]L. 157/2012, 9. gr.

10. gr.

1 Veiðieftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í veiðiferðir með fiskiskipum og er skipstjórum þeirra skylt að veita þeim alla aðstoð og aðstöðu um borð í skipum sínum til þess að þeir geti sinnt eftirliti með veiðum. Í erindisbréfum[1)] til eftirlitsmanna, sem útgefin eru af ráðuneytinu, skal nánar kveðið á um starfsskyldur veiðieftirlitsmanna um borð í veiðiskipum.

2 Verði veiðieftirlitsmenn Fiskistofu, leiðangursstjórar skipa, sem eru á vegum [Hafrannsóknastofnunar],[2)] eða starfsmenn Landhelgisgæslunnar varir við að stundaðar séu skaðlegar veiðar skv. 3. mgr. skulu þeir þegar tilkynna það til [Hafrannsóknastofnunar][2)] eða þeirra aðila sem stofnunin tilnefnir í því skyni.

3 Skaðlegar veiðar skv. 2. mgr. teljast veiðar þegar smáfiskur í afla fer yfir þau viðmiðunarmörk sem ráðherra hefur ákveðið að fengnum tillögum [Hafrannsóknastofnunar].[2)] Sama gildir um veiðar á smáhumri, smárækju eða öðrum tegundum nytjastofna, enda hafi verið sett viðmiðunarmörk varðandi nýtingu hlutaðeigandi stofns. Þá teljast það enn fremur skaðlegar veiðar í þessu sambandi ef telja verður að veiðarnar séu ekki í samræmi við aðrar ákvarðanir sem teknar hafa verið um hagkvæma nýtingu viðkomandi nytjastofna.

4 Að fengnum upplýsingum skv. 2. mgr. getur [Fiskistofa][3)] bannað tilteknar veiðar á ákveðnum svæðum í allt að 14 sólarhringa með tilkynningu til strandstöðva og í útvarpi. Jafnframt skal [Hafrannsóknarstofnun][3)] og stjórnstöð Landhelgisgæslunnar tilkynnt um skyndilokanir. Ráðherra skal setja nánari reglur[4)] um framkvæmd slíkra skyndilokana.

5 [Ráðuneytið][5)] skal, í samráði við [Hafrannsóknastofnun][2)], áður en skyndilokun fellur úr gildi, ákveða til hvaða ráðstafana skuli grípa ef ástæða er talin til frekari friðunar á viðkomandi svæði. [Hafrannsóknastofnun][2)] er þó heimilt að grípa til skyndilokunar svæðis aftur í allt að sjö daga sé þess talin þörf þar sem ekki liggja fyrir nægar upplýsingar um ástand svæðisins eða ef talið er að skyndilokun svæðisins aftur tryggi að ekki verði um að ræða frekari skaðlegar veiðar á því svæði. Ákvörðun um til hvaða ráðstafana verði gripið í framhaldi af lokun skv. 4. mgr. skal tilkynnt a.m.k. einum sólarhring áður en fyrri skyndilokun fellur úr gildi.

6 Heimilt er ráðuneytinu að leyfa einstökum fiskiskipum að stunda tilraunaveiðar á svæðum sem lokað hefur verið tímabundið skv. 4. mgr. Slíkt skal þó jafnan gert undir eftirliti Fiskistofu, [Hafrannsóknastofnunar][2)] eða Landhelgisgæslunnar og skal skipstjórnarmönnum skylt að fara að fyrirmælum eftirlitsaðila varðandi tilraunaveiðarnar.

[1)]Erindisbréf fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu, 9. nóvember 2010. [2)]L. 157/2012, 9. gr. [3)]L. 88/2020, 2. gr. [4)]Augl. 955/2020 (um framkvæmd skyndilokana Fiskistofu). [5)]L. 126/2011, 247. gr.

11. gr.

1 Heimilt er að grípa til skyndilokana veiðisvæða skv. 10. gr. vegna upplýsinga sem komnar eru frá skipstjórum um að skaðlegar veiðar fari fram á ákveðnu svæði. Skilyrði þess eru eftirfarandi:

1. Að upplýsingar berist frá a.m.k. þremur skipstjórum sem telji að skaðlegar veiðar séu stundaðar á tilteknu svæði.

2. Upplýsingarnar séu studdar nýjum mælingum á aflasamsetningu hjá viðkomandi skipum, sbr. 1. tölul., enda séu mælingarnar framkvæmdar á fullnægjandi hátt að mati [Hafrannsóknastofnunar][1)] og fyrir liggi ákveðnar tillögur frá skipstjórunum um mörk þess svæðis sem lagt er til að lokað verði.

2 Ekki verði viðkomið að staðreyna upplýsingarnar án tafar með mælingum frá eftirlitsaðilum skv. 10. gr.

3 Skyndilokanir samkvæmt þessari grein gilda í allt að viku. Að öðru leyti gilda ákvæði 10. gr. um skyndilokanir þessar eftir því sem við á.

[1)]L. 157/2012, 9. gr.

12. gr.

1 Sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í veiðiskipi getur hann óskað eftir því að skipstjóri láti kasta eða leggi veiðarfæri á tilteknu svæði í tilraunaskyni, enda hafi hann rökstudda ástæðu til að ætla að önnur skip stundi skaðlegar veiðar á því svæði. Slíka tilraun skal gera með þeim hætti að hún tefji veiðar skipsins óverulega og valdi útgerðinni ekki teljandi óhagræði. Skal framkvæmd tilraunarinnar ákveðin í samráði við skipstjóra skipsins.

13. gr.

1 Ráðherra getur, að fengnu áliti [Hafrannsóknastofnunar],[1)] veitt tímabundnar heimildir til veiðitilrauna og annarra vísindalegra rannsókna í fiskveiðilandhelgi Íslands og þurfa þær heimildir ekki að vera bundnar við íslenska aðila. Slíkar tilraunir eða rannsóknir skulu að jafnaði fara fram undir eftirliti [Hafrannsóknastofnunar],[1)] Landhelgisgæslunnar eða Fiskistofu. Verði því ekki viðkomið að hafa sérstakan eftirlitsmann um borð í skipi því er heimild fær samkvæmt þessari grein skal heimildin veitt með því skilyrði að [Hafrannsóknastofnun][1)] fái nákvæmar upplýsingar um niðurstöður þessara tilrauna eða rannsókna. Heimilt er að ákveða að leyfishafi skuli greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns um borð í skipi samkvæmt þessari grein.

2 [Ráðherra getur, að fenginni umsókn þar um, veitt skilyrt, takmörkuð og tímabundin leyfi til prófana á nýjum vinnslu- og veiðarfærabúnaði skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, ef búnaðurinn hefur verið settur í skip hér á landi og nauðsynlegt getur talist að prófa virkni hans. Veiðist sjávarafli við prófanir skal hann vera óverulegur og seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla á Íslandi og skal andvirði aflans renna til sjóðs skv. 3. mgr. 1. gr. laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, nr. 37/1992. Slíkar prófanir skulu fara fram undir eftirliti Fiskistofu. Leyfishafi skal greiða allan kostnað sem leiðir af veru eftirlitsmanns Fiskistofu um borð í skipi samkvæmt þessari málsgrein. Ráðherra getur kveðið á um nánari reglur um skilyrði, veitingu leyfa, kostnað og eftirlit vegna prófana á vinnslu- og veiðarfærabúnaði í reglugerð.][2)]

[1)]L. 157/2012, 9. gr. [2)]L. 108/2023, 1. gr.

14. gr.

1 Ráðherra setur reglur[1)] um framkvæmd laga þessara. Getur hann m.a. sett allar reglur um útbúnað, gerð og frágang veiðarfæra og takmarkað notkun þeirra. Þá getur ráðherra sett reglur um lágmarksstærðir sjávardýra sem heimilt er að veiða og leyfilegan veiðitíma.

[1)]Rg. 963/2019 (um veiðar með dragnót við Ísland), sbr. 1307/2019, 176/2020 og 909/2020. Rg. 24/1998 (um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga), sbr. 992/2014. Rg. 964/2019 (um veiðar á rækju). Rg. 543/2002 (um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri), sbr. 39/2003, 84/2003, 412/2008 og 432/2018. Rg. 958/2019 (um um friðun þorsks, skarkola, blálöngu og steinbíts á hrygningartíma). Rg. 115/2006 (um þorskfisknet), sbr. 809/2012 og 225/2016. Rg. 1160/2021 (um veiðar á kröbbum). Rg. 188/2020 (um veiðar á humri), sbr. 174/2021. Rg. 923/2010 (um veiðar á skötusel í net). Rg. 470/2012 (um veiðar á lúðu), sbr. 522/2013 og 1028/2013. Rg. 1124/2024 (um hrognkelsaveiðar). Rg. 741/2019 (um veiðar á sæbjúgum). Rg. 930/2025 (um veiðar á skollakopp (ígulkerum)). Rg. 711/2018 (um veiðar á kúfskel). Rg. 633/2019 (um veiðar á beitukóngi í gildrur). Rg. 188/2014 (um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski). Rg. 940/2016 (um mælingar á fiskilestum).

15. gr.

1 Brot gegn[1)] ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 16.–17. gr. laga þessara, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða[1)] fangelsi allt að sex árum.

2 Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla vegna brota á lögum þessum eftir því sem við á.

[1)]L. 82/1998, 239. gr.

16. gr.

1 [Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn 3.–5. gr. laga þessara skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess. Sama gildir sé skip staðið að veiðum á svæðum þar sem veiðar hafa verið bannaðar með stoð í 1. mgr. 8. gr. og 9.–11. gr.

2 Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.][1)]

[1)]L. 163/2006, 8. gr.

17. gr.

1 [Brot gegn…[1] ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.][2]

[1] L. 163/2006, 9. gr. [2] L. 22/2005, 3. gr.

18. gr.

1 Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 15. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

2 Tilraun og hlutdeild í brotum samkvæmt lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

19. gr.

1 Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku [skv. 2. mgr. 16. gr.][1]

2 Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

3 …[2]

4 Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

[1] L. 163/2006, 10. gr. [2] L. 88/2008, 233. gr.

20. gr.

1 [Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.][1]

[1] L. 163/2006, 11. gr.

21. gr.

1 [Fiskistofa skal svipta skip leyfi,…[1] skv. 6. eða 7. gr. laga þessara, ef útgerð eða áhöfn skips eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa hafa brotið gegn ákvæðum laganna eða reglum settum samkvæmt þeim.

2 [Ef veiðitímabili er lokið áður en ákvörðun Fiskistofu um sviptingu veiðileyfis tekur gildi, eða gildistíma sviptingar lýkur, skal leyfissvipting samkvæmt ákvörðuninni gilda við útgáfu næsta veiðileyfis. […][1]][2]

3 Við fyrsta brot, sem varðar sviptingu veiðileyfis, skal leyfissvipting ekki standa skemur en eina viku og ekki lengur en tólf vikur eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekuð brot skal svipting ekki standa skemur en fjórar vikur og ekki lengur en eitt ár.

4 Við fyrsta minni háttar brot skal Fiskistofa, þrátt fyrir ákvæði [1. - 3. mgr.],[1] veita hlutaðeigandi útgerð skriflega áminningu.

5 Áminningar og sviptingar veiðileyfa, sem ákveðnar eru samkvæmt þessari grein, skulu hafa ítrekunaráhrif í tvö ár.

6 Ákvörðunum Fiskistofu um áminningar og veiðileyfissviptingar samkvæmt þessari grein verður skotið til [ráðuneytisins],[2)] enda sé það gert innan eins mánaðar frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun. Kæra frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar.][3)]

[1)]L. 82/2013, 8. gr. [2)]L. 126/2011, 247. gr. [3)]L. 163/2006, 12. gr.

[22. gr.][1)]

1 Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. janúar 1998.

[1)]L. 163/2006, 12. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

1 [Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. málsl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.][1)]

[1)]L. 66/2022, 3. gr.

[II.

1 Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. um fiskiskip í 3. flokki gilda heimildir fiskiskipa til að veiða með botnvörpu, flotvörpu og dragnót innan fiskveiðilandhelgi Íslands fyrir þau fiskiskip sem féllu undir 3. flokk við gildistöku laga þessara, enda verði ekki gerðar meiri háttar breytingar á skipunum.][1)]

[1)]L. 47/2023, 3. gr.

Lög
nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

I. KAFLI.
Fiskveiðar íslenskra skipa.

1. gr.

1 Ákvæði þessa kafla taka til veiða íslenskra skipa úr nytjastofnum utan lögsögu Íslands, sbr. lög um landhelgi, efnahagslögsögu og landgrunn. Til veiða samkvæmt lögum þessum telst hvers konar nýting nytjastofna. Til nytjastofna í þessu sambandi teljast sjávardýr og sjávargróður sem nytjuð eru og kunna að verða nytjuð.

2. gr.

1 Úthlutun veiðiheimilda samkvæmt lögum þessum myndar ekki eignarrétt eða óafturkallanlegt forræði einstakra aðila yfir veiðiheimildum.

3. gr.

1 Ráðherra getur sett reglur[1)] um veiðar íslenskra skipa utan lögsögu sem nauðsynlegar eru til að fullnægja almennum skyldum Íslands til verndunar lifandi auðlindum hafsins eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

[1)]Rg. 200/2023 (um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). Rg. 182/2025 (um veiðar íslenskra skipa á loðnu).

4. gr.

1 Öllum íslenskum skipum eru heimilar veiðar utan lögsögu Íslands með þeim takmörkunum sem leiðir af lögum og reglum settum með stoð í þeim.

2 Ráðherra skal með reglugerð[1)] binda veiðar íslenskra skipa á úthafinu sérstökum leyfum sé það nauðsynlegt vegna alþjóðlegra samningsskuldbindinga Íslands, til þess að fullnægja almennum ákvörðunum sem teknar eru með stoð í 3. gr., eða til að vernda hagsmuni Íslands að því er varðar fiskstofna sem um ræðir í 5. gr., og eru veiðar í þessum tilvikum óheimilar án slíkra leyfa. Skulu leyfin bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru. Því aðeins er heimilt að veita skipum leyfi samkvæmt þessari grein að eigendur þeirra og útgerðir fullnægi þeim skilyrðum til að stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands.

3 Ákvæði 2. mgr. gilda einnig um veiðar íslenskra skipa í lögsögu annarra ríkja úr þeim stofnum sem um ræðir í 5. gr.

4 Fiskveiðar íslenskra skipa innan lögsögu annarra ríkja eru ekki heimilar nema með leyfi þar til bærra yfirvalda.

5 Ráðherra getur sett sérstakar reglur um stjórn veiða íslenskra skipa í þeim tilvikum sem Ísland hefur nýtt rétt sinn til að mótmæla samþykktum um fiskveiðistjórn sem gerðar hafa verið á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, enda þótt ákvæði 1. málsl. 2. mgr. eigi ekki við. Getur hann í því skyni bundið veiðarnar sérstökum leyfum og eru þær þá óheimilar án slíkra leyfa. Binda má leyfin nauðsynlegum skilyrðum. Ákvæði 5. og 6. gr. gilda í þessum tilvikum eftir því sem við getur átt.

[1)] Rg. 200/2023 (um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). Rg. 182/2025 (um veiðar íslenskra skipa á loðnu).

5. gr.

1 Um veiðar utan lögsögu Íslands úr stofnum, sem veiðast bæði innan og utan hennar, íslenskum deilistofnum, skulu gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða eftir því sem við getur átt, sbr. þó ákvæði þessarar greinar.

2 Sé tekin ákvörðun um að takmarka heildarafla úr slíkum stofni sem samfelld veiðireynsla er á skal aflahlutdeild einstakra skipa ákveðin á grundvelli veiðireynslu þeirra miðað við þrjú bestu veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum. Veiðireynsla telst samfelld samkvæmt lögum þessum hafi ársafli íslenskra skipa úr viðkomandi stofni a.m.k. þrisvar sinnum á undangengnum sex árum svarað til a.m.k. þriðjungs þess heildarafla sem er til ráðstöfunar af hálfu íslenskra stjórnvalda.

3 Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

4 Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 6. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 15% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

5 Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 6. mgr.

6 Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða aflahlutdeild einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað í þorskígildum, á tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

7 Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 6. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

8 […][1)]

9 Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

[1)]L. 88/2020, 18. gr.

6. gr.

1 Sé ákveðinn heildarafli úr öðrum stofnum en þeim sem um ræðir í 5. gr., á grundvelli samnings sem Ísland er aðili að, skal ráðherra setja reglur um veiðar íslenskra skipa á þeim hluta heildaraflans sem kemur í hlut Íslands. Skulu þær reglur[1)] tryggja að aflinn verði innan umsaminna marka og getur ráðherra í því skyni skipt veiðiheimildum úr stofninum á hverju veiðitímabili milli einstakra íslenskra skipa.

2 Við skiptingu veiðiheimilda úr stofni sem samfelld veiðireynsla er á skulu veiðiheimildir einstakra skipa ákveðnar á grundvelli veiðireynslu skipanna miðað við bestu þrjú veiðitímabil þeirra á undangengnum sex veiðitímabilum.

3 Hafi skip, sem reglulega hefur stundað veiðar úr stofni sem varanleg veiðireynsla er á, tafist frá veiðum í a.m.k. sex mánuði samfellt vegna meiri háttar tjóns eða bilana skal við ákvörðun aflahlutdeildar á grundvelli veiðireynslu skv. 2. mgr. reikna skipinu afla á því tímabili sem frátafirnar verða. Skal aflinn fyrir hvert heilt veiðitímabil talinn nema sama hlutfalli af heildarafla og nam meðaltalshlutfalli skipsins í heildarafla af viðkomandi tegund á þeim tveimur veiðitímabilum sem næst liggja því tímabili eða þeim tímabilum sem frátafirnar verða. Verði frátafirnar aðeins hluta veiðitímabils skal reikna aflareynsluna hlutfallslega að teknu tilliti til almennra aflabragða þann hluta veiðitímabils sem frátafirnar verða.

4 Ráðherra getur bundið úthlutun skv. 2. og 7. mgr. því skilyrði að skip afsali sér aflaheimildum innan lögsögu Íslands er nemi, reiknað í þorskígildum, allt að 7% af þeim aflaheimildum sem ákveðnar eru á grundvelli þeirra málsgreina. Þær útgerðir, sem ekki geta uppfyllt skilyrði þessarar málsgreinar, skulu sæta skerðingu á úthlutuðum aflaheimildum samkvæmt þessari grein sem þessu nemur.

5 Þeim aflaheimildum, sem ekki er úthlutað samkvæmt framansögðu, skal ráðstafað með þeim hætti sem um ræðir í 7. mgr.

6 Ráðherra getur ákveðið einstökum skipum fasta hlutdeild í afla til lengri tíma en eins veiðitímabils þegar veiðiheimildum er úthlutað skv. 2. mgr. og getur hann þá ákveðið að ákvæði laga um stjórn fiskveiða varðandi framsal veiðiheimilda gildi eftir því sem við getur átt.

7 Sé ekki fyrir hendi samfelld veiðireynsla úr viðkomandi stofni skal ráðherra ákveða veiðiheimildir einstakra skipa. Skal hann við þá ákvörðun m.a. taka mið af fyrri veiðum skips. Einnig getur hann tekið mið af stærð skips, gerð þess eða búnaði og öðrum atriðum er máli skipta. Þá getur hann ráðstafað veiðiheimildum til skipa þeirra útgerða sem að undangenginni auglýsingu hafa lýst sig með skuldbindandi hætti reiðubúnar til þess að afsala af viðkomandi skipi mestum aflaheimildum, reiknað til þorskígilda, í tegundum sem heildarafli er takmarkaður af.

8 Þeim aflaheimildum, sem afsalað hefur verið á grundvelli 1. málsl. 4. mgr. eða á grundvelli 7. mgr., skal úthlutað til annarra skipa í hlutfalli við samanlagða aflahlutdeild sem þau hafa, í þorskígildum talið, á grundvelli 2. mgr. 7. gr. laga um stjórn fiskveiða eða á grundvelli þessara laga.

9 Sé ekki ákveðinn heildarafli skv. 1. mgr., en gert ráð fyrir takmörkun veiða á úthafinu á annan hátt, skal ráðherra setja reglur sem nauðsynlegar eru til að tryggja að veiðar íslenskra skipa verði innan þeirra marka. Getur hann í því skyni m.a. sett reglur um fjölda skipa, fjölda veiðiferða og úthaldstíma einstakra skipa.

10 Ráðherra er einnig heimilt að setja reglur sem nauðsynlegar eru til að takmarka veiðar í öðrum tilvikum, sbr. 3. gr., og skal hann í þeim efnum leita álits [Hafrannsóknastofnunar.][1)]

11 Ráðherra getur, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, ákveðið að allt að 5% heildaraflans verði sérstaklega úthlutað til þeirra skipa sem hófu veiðar úr viðkomandi stofni.

[1)] Rg. 182/2025 (um veiðar íslenskra skipa á loðnu). [2)]L. 157/2012, 8. gr.

7. gr.

1 Ráðherra setur með reglugerð[1)] ákvæði um gerð og frágang veiðarfæra íslenskra skipa við veiðar utan lögsögu Íslands, þar á meðal um lágmarksmöskvastærð. Þá getur hann sett reglur um lokun veiðisvæða og aðrar þær aðgerðir sem nauðsynlegar kunna að vera til að tryggja verndun smáfisks og ábyrgar veiðar. Ráðherra skal í þessum efnum byggja á samningum sem Ísland er aðili að. Jafnframt getur ráðherra tekið mið af þeim reglum sem gilda við veiðar í lögsögu Íslands, reglum sem gilda í lögsögu annarra ríkja sem liggur að viðkomandi hafsvæði eða reglum sem settar hafa verið af viðkomandi svæðisstofnun.

[1)]Rg. 200/2023 (um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). Rg. 182/2025 (um veiðar íslenskra skipa á loðnu).

8. gr.

1 Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að fara í eftirlitsferðir með íslenskum skipum við veiðar utan íslensku lögsögunnar. Um eftirlit með framkvæmd laga þessara gilda ákvæði laga um stjórn fiskveiða og laga um fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum eftir því sem við á. Auk þess skal ráðherra með reglugerð[1)] gera íslenskum skipum að sæta því eftirliti sem kveðið er á um í samningum sem Ísland er aðili að. Þá getur ráðherra sett reglur um eftirlit á grundvelli 5. mgr. 4. gr.

2 […][2)]

3 Þá skulu íslensk skip er stunda veiðar utan lögsögu Íslands fullnægja öllum sömu ákvæðum um skil á aflaskýrslum og gilda um veiðar innan lögsögunnar. Að auki skal ráðherra með reglugerð[3)] gera íslenskum skipum að fullnægja ákvæðum samninga sem Ísland er aðili að um tilkynningarskyldu og upplýsingagjöf til erlendra stjórnvalda eða alþjóðastofnana.

[1)]Rg. 200/2023 (um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). [2)]L. 34/2000, 9. gr. [3)]Rg. 182/2025 (um veiðar íslenskra skipa á loðnu).

9. gr.

1 Íslensk lög og reglur settar samkvæmt þeim varðandi hreinlæti, búnað og innra eftirlit, sem og um meðferð og nýtingu afla, sem gilda um veiðar íslenskra skipa innan lögsögu Íslands, skulu jafnframt gilda um veiðar þeirra utan hennar. Ráðherra er þó heimilt að veita undanþágur varðandi aflanýtingu við veiðar utan lögsögunnar ef fjarlægð frá landi, lengd veiðiferða eða aðrar aðstæður gera slíkt nauðsynlegt.

II. KAFLI.
Fiskveiðar erlendra skipa.

10. gr.

1 […][1)]

[1)]L. 22/1998, 16. gr.

11. gr.

1 Íslenskum stjórnvöldum er heimilt að gera aðrar þær ráðstafanir gagnvart erlendum skipum vegna veiða þeirra á úthafinu sem nauðsynlegar eru til að framfylgja samningum sem Ísland er aðili að.

III. KAFLI.
Viðurlög.

12. gr.

1 Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða viðurlögum skv. 13.–14. gr., hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

2 Sé um stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot að ræða skulu þau þar að auki varða […][1)] fangelsi allt að sex árum.

3 Beita skal ákvæðum laga um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla við brot á lögum þessum eftir því sem við á.

[1)]L. 82/1998, 231. gr.

13. gr.

1 [Við stórfelld eða ítrekuð ásetningsbrot gegn reglum, sem settar hafa verið skv. 2. málsl. 7. gr. laga þessara, skal gera upptæk þau veiðarfæri skips sem notuð hafa verið við hinar ólögmætu veiðar, þar með talda dragstrengi, svo og ólögmætan afla þess.

2 Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk skv. 1. mgr. er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis afla og veiðarfæra samkvæmt mati dómkvaddra kunnáttumanna.][1)]

[1)]L. 163/2006, 13. gr.

14. gr.

1 [Brot gegn …[1)] ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt lögum þessum eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema hærri fjárhæð en 4.000.000 kr. eftir eðli og umfangi brots. Við ítrekað brot skal sekt eigi nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 8.000.000 kr., sömuleiðis eftir eðli og umfangi brots.][2)]

2 Fiskistofa skal svipta lögaðila leyfi til veiða fyrir brot á þessum lögum eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum um umgengni um nytjastofna sjávar.

[1)]L. 163/2006, 14. gr. [2)]L. 22/2005, 4. gr.

15. gr.

1 Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Þrátt fyrir ákvæði 12. gr. má ákvarða lögaðila sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga er í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn eða starfsmenn hans, eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa, hafa gerst sekir um brot.

2 Tilraun og hlutdeild í brotum gegn lögum þessum er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

16. gr.

1 Heimilt er að leggja löghald á skip sem fært er til hafnar vegna brota gegn lögum þessum. Sé það gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skv. [2. mgr. 13. gr.][1)]

2 Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

3 […][2)]

4 Sektarfé samkvæmt lögum þessum, svo og andvirði upptæks afla og veiðarfæra, skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

[1)]L. 163/2006, 15. gr. [2)]L. 88/2008, 233. gr.

17. gr.

1 [Heimilt er að gera ólögleg veiðarfæri upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum.][1)]

[1)]L. 163/2006, 16. gr.

IV. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

18. gr.

1 Hafi íslensk stjórnvöld á grundvelli milliríkjasamnings veitt heimild til þess að eftirlitsaðilar erlends ríkis fari til eftirlitsstarfa um borð í íslensk fiskiskip utan lögsögu Íslands skal ráðherra með reglugerð kveða nánar á um eftirlit þetta.

2 Í reglugerðinni skal m.a. kveða á um heimildir eftirlitsaðilanna til þess að rannsaka meint brot gegn veiðistjórnunarreglum á viðkomandi hafsvæði og um réttarvernd þeirra í samræmi við viðkomandi samning. Einnig skal kveðið á um skyldur skipverja á íslenskum skipum m.a. til þess að ljá atbeina sinn við eftirlitið þegar uppganga fer fram.

19. gr.

1 Ráðherra kveður nánar á um framkvæmd laga þessara með reglugerð.[1)]

[1)]Rg. 364/2019 (um veiðar úr úthafskarfastofnum árið 2019). Rg. 24/1998 (um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga), sbr. 992/2014. Rg. 306/1999 (um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi), sbr. 397/1999. Rg. 462/2017 (um veiðar á gulllaxi). Rg. 543/2002 (um möskvastærðir og útbúnað varpna til veiða á botnfiski, rækju og humri), sbr. 39/2003, 84/2003, 412/2008 og 432/2018. Rg. 770/2008 (um fjareftirlit). Rg. 807/2011 (um meðafla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski). Rg. 620/2012 (um takmarkanir á veiðum íslenskra skipa úr deilistofnum í lögsögu annarra ríkja), sbr. 487/2013. Rg. 431/2013 (um stjórn veiða á djúpsjávartegundum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 339/2014. Rg. 433/2013 (um stjórn veiða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja), sbr. 341/2014 og 611/2014. Rg. 432/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)), sbr. 501/2021. Rg. 11/2015 (um verndun kóralsvæða á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 175/2015 (um notkun botnveiðarfæra á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC)). Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávarafla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020, 990/2020, 358/2021, 399/2021 og 709/2021. Rg. 940/2016, (um mælingar á fiskilestum). Rg. 307/2023, (um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga). Rg. 431/2017 (um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO), sbr. 339/2014. Rg. 30/2024 (um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski innan efnahagslögsögu Noregs). Rg. 182/2021 (um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski árið 2021 innan efnahagslögsögu Rússlands), sbr. 272/2021 og 504/2021. Rg. 32/2024 (um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum). Rg. 930/2020 (um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski).

20. gr.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi.

[Ákvæði til bráðabirgða.

1 Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. 5. gr. skal Fiskistofa úthluta einstökum skipum aflahlutdeild í Norðaustur-Atlantshafsmakrílstofninum á grundvelli tíu bestu aflareynsluára þeirra á árunum 2008–2018, að báðum árum meðtöldum. Hafi skip komið í stað skips sem áunnið hefur sér aflareynslu á þessu tímabili skal það skip sem í staðinn kemur njóta þeirrar aflareynslu.

2 Aflahlutdeild í makríl skiptist í tvo flokka, A- og B-flokk. Aflahlutdeild í A-flokki skal úthluta á skip sem stunduðu makrílveiðar á viðmiðunartímabilinu með öðrum veiðarfærum en línu og handfærum. Aflahlutdeild í B-flokki skal úthluta á skip sem stunduðu makrílveiðar á viðmiðunartímabilinu með línu og handfærum.][1)]

[1)]L. 46/2019, 1. gr.

Lög
nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum.

1. gr.

1 [Lög þessi gilda um alla frekari vinnslu afla um borð í skipum en blóðgun, slægingu og flokkun.

2 Vinnsla samkvæmt ákvæðum laga þessara er háð sérstöku leyfi Fiskistofu.][1)]

[1)]L. 154/2002, 1. gr.

2. gr.

1 [Ráðherra skal setja reglugerð[1)] um nýtingarstuðla sem gildir um útreikning á nýtingu aflaheimilda einstakra skipa eða skipaflokka sem vinna afla um borð. Um nýtingu afla þeirra skipa gilda að öðru leyti ákvæði laga nr. 57 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.][2)]

[1)]Rg. 54/2003 (um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð). [2)]L. 154/2002, 2. gr.

3. gr.

1 [Um borð í [skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla][1)] skal vera aðstaða til móttöku, geymslu, vinnslu og frágangs aflans þannig að gæði framleiðslunnar verði tryggð.

2 Ráðherra er heimilt að ákveða í reglugerð að um borð í [skipum sem leyfi hafa til vinnslu afla][1)] skuli vera sjálfvirkur tækjabúnaður sem tryggi nákvæma vigtun og skráningu innvegins afla og afurða. Setja skal með reglugerð[2)] nánari ákvæði um nauðsynlegan búnað í þessu skyni og önnur atriði varðandi framkvæmd laganna.][3)]

[1)]L. 154/2002, 3. gr. [2)]Rg. 55/2003 (um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum), sbr. 1035/2015. [3)]L. 58/1996, 2. gr.

4. gr.

1 Það er skilyrði fyrir leyfisveitingu, sbr. 1. gr., að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt miðað við veiðar, vinnslu og gerð skips, að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma og að fyrir hendi sé tilskilin aðstaða fyrir þá áhöfn og eftirlitsmenn, sbr. 6. gr.

2 Í áhöfn skal vera maður með sérþekkingu á viðkomandi framleiðslu er hafa skal umsjón með allri vinnslu ásamt nauðsynlegu gæðaeftirliti. Skal með reglugerð kveða á um menntunarkröfur og starfssvið hans.

5. gr.

1 Áður en [leyfi til vinnslu afla][1)] er veitt skal liggja fyrir álit [Fiskistofu][2)] á því hvort búnaður sé fullnægjandi með hliðsjón af ákvæðum laga þessara og reglugerða settra með stoð í þeim. Þá skal liggja fyrir mat [Samgöngustofu][3)] á því hvort reglum um öryggisbúnað varðandi fiskvinnslu og aðbúnað áhafnar sé fullnægt. [Framangreint álit Fiskistofu byggist á úttekt Fiskistofu og skal greitt fyrir slíka úttekt samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][4)]

[1)]L. 154/2002, 4. gr.[2)]L. 58/1996, 3. gr. [3)]L. 59/2013, 7. gr. [4)]L. 67/2015, 12. gr.

6. gr.

1 [Eftirlitsmaður eða eftirlitsmenn skulu vera um borð í fiskiskipi, sem leyfi hefur til [vinnslu afla][1)] um borð, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn [skips],[1)] útgerðarháttum þess eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu. Í

annan tíma er veiðieftirliti Fiskistofu heimilt að setja eftirlitsmann eða eftirlitsmenn um borð í [skip sem vinnur afla um borð][1] eftir því sem ástæða er talin til.

2 …[2]][3]

[1] L. 154/2002, 5. gr. [2] L. 34/2000, 11. gr. [3] L. 58/1996, 4. gr.

[7. gr.

1 Brot gegn ákvæðum laga þessara eða reglum settum samkvæmt þeim varða sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum.

2 …[1]

3 [Fiskistofu er enn fremur heimilt vegna brota gegn ákvæðum laga þessara, reglna settra samkvæmt þeim og leyfisbréfa að svipta skip leyfi til vinnslu afla um borð.][2]][3]

[1] L. 88/2008, 233. gr. [2] L. 154/2002, 6. gr. [3] L. 58/1996, 5. gr.

[8. gr.][1]

1 Lög þessi öðlast þegar gildi.

[1] L. 58/1996, 5. gr.

Ákvæði til bráðabirgða. …[1]

[1] L. 58/1996, 6. gr.

Lög
nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

1. gr.

1 Fiskveiðar og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er skilgreind í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, mega eftirtaldir aðilar einir stunda:

1. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.
2. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:
   a. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.
   b. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar eða vinnslu í fiskveiðilandhelgi Íslands, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.
   c. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

2 Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja þá aðra verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

3 Til fiskveiða og vinnslu sjávarafla um borð í skipum í fiskveiðilandhelgi Íslands má aðeins hafa íslensk skip og gildir það einnig um vinnslu sjávarafla skv. 2. málsl. 2. mgr. Íslensk skip eru þau skip sem skráð eru hér á landi samkvæmt lögum um skráningu íslenskra skipa.

2. gr.

1 Erlendum veiðiskipum og vinnsluskipum er óheimilt að hafast við í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er þeim heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda hafi þau tilkynnt um veru sína skv. 4. gr. Með ákvæði þessu eru ekki skert þau réttindi sem veitt hafa verið eða kunna að verða veitt öðrum ríkjum með milliríkjasamningum.

3. gr.

1 Erlendum skipum er heimilt að landa eigin afla, umskipa afla og selja í íslenskum höfnum og sækja þangað alla þá þjónustu er varðar útgerð skips.

2 [Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er erlendum skipum óheimilt að koma til íslenskrar hafnar í eftirfarandi tilvikum:

1. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla úr sameiginlegum nytjastofnum sem veiðast bæði innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og íslensk stjórnvöld hafa ekki gert milliríkjasamning um nýtingu á.
2. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla í bága við samninga um nýtingu og varðveislu lifandi auðlinda hafsins sem Ísland er aðili að, þ.m.t. skip sem hafa verið skráð hjá svæðisbundnum fiskveiðistjórnarstofnunum, og sigla ekki undir fána aðildarríkja þeirra, fyrir brot gegn reglum settum á grundvelli slíkra samninga.
3. Skip stundar veiðar eða vinnslu á afla og er í eigu eða rekstri aðila sem á eða rekur skip sem fellur undir 2. tölul.

3 Óheimilt er að veita skipum sem um ræðir í 2. mgr., skipum sem flytja afla þeirra og skipum sem þjónusta þau, sem og útgerðum þessara skipa, þjónustu, þ.m.t. í íslenskum höfnum, í fiskveiðilandhelgi Íslands og utan hennar. Komist skip sem um ræðir í 2. mgr. til íslenskrar hafnar er óheimilt að landa eða umskipa afla í höfn og skal án tafar vísa skipunum úr höfn eftir að þau hafa verið skoðuð af eftirlitsaðilum og eftir atvikum veitt neyðaraðstoð. Kaupendum afla, svo og umboðsmönnum, útflytjendum, flutningsaðilum, bönkum, lánastofnunum og opinberum stofnunum er skylt að láta ráðuneytinu eða Fiskistofu í té, ókeypis og í því formi sem þessi stjórnvöld ákveða, allar þær upplýsingar sem unnt er að láta í té og nauðsynlegar eru taldar vegna eftirlits með framkvæmd þessarar greinar.][1)]

4 Ráðherra getur ákveðið að ákvæði [2.-3. mgr.][1)] gildi gagnvart skipum ef fánaríki skipsins er ekki aðili að samningi sem gildir um stjórn þeirra veiða sem viðkomandi skip stundar eða fylgir ekki þeim reglum sem settar eru samkvæmt þeim samningi, enda sé Ísland aðili að honum. Þá getur ráðherra ákveðið að ákvæði [2.-3. mgr.][1)] taki til erlendra skipa sé slíkt talið nauðsynlegt til verndar lifandi auðlindum hafsins.

5 Ákvæði þessarar greinar takmarka ekki rétt erlendra skipa til löndunar, umskipunar eða þjónustu hér á landi samkvæmt alþjóðasamningum sem Ísland er aðili að eða gildandi þjóðarétti. Ráðherra er heimilt að víkja frá ákvæði [2.–4. mgr.][1)] þegar sérstaklega stendur á. Ákvæði þessarar greinar skerða ekki rétt erlendra skipa til að koma til hafnar þurfi þau á neyðarþjónustu að halda og heimilt er þeim að leita vars við strendur landsins, enda verði Landhelgisgæslu Íslands tilkynnt um það.

6 [Landhelgisgæslan skal, ef við á, krefja fánaríki skips um staðfestingu, innan frests sem ákveðinn er í reglugerð, til samræmis við ákvæði 4. gr., um að afli um borð í skipinu hafi ekki verið veiddur í bága við ákvæði 1.–3. tölul. 2. mgr., skipið hafi ekki verið við starfsemi sem greinir í 1. málsl. 3. mgr. eða stundað veiðar eða vinnslu afla þannig að gangi gegn verndartilgangi skv. 4. mgr. Í þessum tilvikum gilda fyrirmæli 3. mgr. um skipið þar til fullnægjandi staðfesting hefur borist eða ella þykir sýnt, að höfðu samráði við Fiskistofu eða ráðherra ef við á, að skipið falli ekki undir ákvæði þessarar greinar. Þó er heimilt, hafi skipið komið til hafnar, að landa afla úr skipinu til geymslu meðan beðið er staðfestingar fánaríkis. Óheimilt er að ráðstafa aflanum frekar og er Fiskistofu heimilt að setja hann undir innsigli. Falli skipið og afli þess undir ákvæði þessarar greinar skal aflinn gerður upptækur og skipi þegar vísað úr höfn. Hafi staðfesting fánaríkis ekki borist innan tiltekins hæfilegs tíma frá því að hennar var óskað, sbr. reglugerð, skal gera aflann upptækan.][1)]

7 [Fiskistofa skal skora á hvern þann sem vanrækir að veita stofnuninni upplýsingar skv. 3. mgr. að bæta úr. Um leið skal hlutaðeiganda gefinn kostur á að upplýsa um ástæður tafa við upplýsingaskil. Leiðbeina skal um að dagsektir verði lagðar á að sjö dögum liðnum hafi umræddar upplýsingar ekki borist, nema hlutaðeigandi upplýsi sannanlega um ástæður sem honum verður ekki um kennt og gerðu honum ókleift að veita upplýsingarnar. Jafnskjótt og slíkum tálmunum lýkur skal veita Fiskistofu upplýsingarnar.

8 Dagsektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. fyrir hvern byrjaðan dag og heimilt er að ákveða þær sem hlutfall af tilteknum stærðum í rekstri eftirlitsskylds aðila. Við ákvörðun um fjárhæð dagsekta er heimilt að taka tillit til eðlis vanrækslu og fjárhagslegs styrkleika viðkomandi aðila. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynna skriflega þeim sem hún beinist að. Ákvörðun um dagsektir felur í sér að sá aðili sem ákvörðunin beinist að skal greiða sekt fyrir hvern dag frá og með upphafi fyrsta virka dags eftir að honum var tilkynnt um ákvörðunina og er það tímamark jafnframt gjalddagi kröfunnar. Síðasti sektardagur skal vera sá dagur þegar upplýsingum hefur verið skilað. Dagsektir eru aðfararhæfar og greiðast í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við innheimtu. Heimilt er að fella óinnheimtar dagsektir niður veiti aðilar síðar upplýsingar.

9 Ákvörðun um dagsektir má kæra til ráðuneytisins innan fjórtán daga frá því að hún er tilkynnt þeim sem hún beinist að. Kæra til ráðuneytisins frestar ekki réttaráhrifum ákvörðunar. Sé mál

höfðað til ógildingar ákvörðunar Fiskistofu um dagsektir er ekki heimilt að innheimta þær fyrr en dómur hefur fallið, enda hafi ekki verið haggað við gildi ákvörðunarinnar í honum. Þrátt fyrir kæru eða málshöfðun til ógildingar ákvörðunar um dagsektir leggjast dagsektir áfram á viðkomandi aðila.

10 Ráðherra er heimilt að kveða nánar á um ákvörðun og innheimtu dagsekta í reglugerð.][2)]

[1)]L. 38/2015, 1. gr. [2)]L. 85/2022, 5. gr.

4. gr.

1 Erlend veiðiskip og vinnsluskip skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands með sex klukkustunda fyrirvara um komu sína í og siglingu út úr fiskveiðilandhelgi Íslands og gefa upp staðsetningu. Meðan á siglingu þeirra í landhelginni stendur skulu þau á [a.m.k.][1)] tólf klukkustunda fresti gefa upp staðsetningu, stefnu og hraða. [Erlend veiðiskip og vinnsluskip sem sigla um íslenska fiskveiðilandhelgi skulu hafa uppi fána síns ríkis til auðkenningar.][1)] Auk þess skulu þau erlendu skip sem hyggjast leita hafnar hér á landi tilkynna Landhelgisgæslunni um magn afla og tegundir um borð í skipinu, hvaða veiðar skipið hefur stundað og á hvaða svæði og hvaða þjónustu skipið sækir til viðkomandi hafnar. […][1)]

[1)]L. 38/2015, 2. gr.

5. gr.

1 [Um veiðar erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu, ef ekki er um annað samið í milliríkjasamningum, gilda ákvæði laga og reglugerða sem gilda um veiðar íslenskra skipa í fiskveiðilandhelginni eftir því sem við á. Sama gildir um vigtun og skráningu sjávarafla erlendra skipa sem landað er í íslenskum höfnum, sbr. þó 9. gr.][1)]

[1)]L. 85/2022.

6. gr.

1 Fiskistofa gefur út tímabundin leyfi til erlendra skipa í samræmi við ákvarðanir [ráðuneytisins][1)] þar að lútandi. Stjórnvöld í því ríki sem veitt hafa verið réttindi með milliríkjasamningi skulu sækja til Fiskistofu um leyfi til að stunda veiðar á grundvelli samningsins. [Óheimilt er að gefa út leyfi til erlendra skipa sem notuð hafa verið til brota gegn lögum þessum, öðrum lögum um fiskveiðar, stjórnvaldsreglum settum með heimild í þeim, reglum svæðisbundinna fiskveiðistjórnunarstofnana og/eða milliríkjasamninga.][2)]

[1)]L. 126/2011, 261. gr. [2)]L. 22/2007, 2. gr.

7. gr.

1 Eftirlit með framkvæmd laga þessara er í höndum Landhelgisgæslunnar, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu. Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í erlend veiðiskip sem stunda veiðar innan fiskveiðilandhelginnar. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð í veiðiskipinu og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

2 Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit skv. 1. mgr. geti ekki farið fram á sjó skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

8. gr.

1 Fiskistofa getur svipt erlent skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir sem í þágu útgerðar starfa gegn lögum þessum, öðrum lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerðum settum með stoð í lögum eða ákvæðum milliríkjasamninga.

9. gr.

[Ráðherra er heimilt með reglugerð[1)] að setja nánari fyrirmæli um:

1. Framkvæmd laga þessara og um framkvæmd einstakra milliríkjasamninga í samræmi við reglur um sambærilegar veiðar íslenskra skipa innan fiskveiðilandhelgi Íslands ef ekki hefur verið um annað samið í milliríkjasamningum.
2. Framkvæmd laga þessara og einstakra milliríkjasamninga sem varða framkvæmd þeirra, m.a. ákvæða um hafnríkiseftirlit. Heimilt er að birta eingöngu erlendan texta þessara fyrirmæla, enda varði þau veiðar erlendra skipa.
3. Veiðarfæri, veiðisvæði og veiðitíma og reglur sem lúta að eftirliti með veiðum erlendra skipa, svo sem um vigtun afla, færslu afladagbóka, rafræna færslu og miðlun upplýsinga o.fl.
4. Tilkynningar til stjórnvalda, fjareftirlit og skyldu til að sigla inn í og út úr fiskveiðilandhelgi Íslands á tilteknum athugunarstöðvum.
5. Skráningu og birtingu upplýsinga um hafnir sem heimilað er að taka við erlendum fiskiskipum.][2)]

[1)]Rg. 750/2024 (um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2024). Rg. 116/2024 (um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2024). Rg. 110/2018 (um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi). Rg. 659/2014 (um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski), sbr. 862/2020. Rg. 1133/2013 (um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu). Rg. 1170/2013 (um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands), sbr. 1032/2017. [2)]L. 38/2015, 3. gr.

10. gr.

Ákvæði 11.–15. gr. eiga við sé brotið gegn lögum þessum eða reglum settum samkvæmt þeim nema þyngri refsing liggi við brotinu samkvæmt öðrum lögum eða reglugerðum settum með stoð í þeim.

11. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum, hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi. Sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða gilda ekki sektarhámörk þau sem sett eru í 12. gr. Auk þess skal heimilt í þeim tilvikum að gera allan afla skipsins og öll veiðarfæri um borð í skipinu upptæk. Í stað þess að gera afla og veiðarfæri upptæk samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans og veiðarfæranna samkvæmt mati dómkvaddra manna.

12. gr.

Brot gegn ákvæðum laga þessara, reglum settum samkvæmt þeim eða ákvæðum leyfisbréfa varða sektum sem eigi skulu nema lægri fjárhæð en 400.000 kr. og eigi hærri fjárhæð en 4.000.000 kr., eftir eðli og umfangi brots.

13. gr.

Sektir má jafnt gera lögaðila sem einstaklingi. Ákvarða má sekt þótt sök verði ekki sönnuð á fyrirsvarsmann lögaðila, starfsmenn hans eða aðra þá einstaklinga sem í þágu hans starfa, enda hafi brotið orðið eða getað orðið til hagsbóta fyrir lögaðilann. Með sama skilorði má einnig gera lögaðila sekt ef fyrirsvarsmenn, starfsmenn hans eða aðrir einstaklingar sem í þágu hans starfa hafa gerst sekir um brot.

Tilraun til eða hlutdeild í brotum á lögum þessum og reglum settum samkvæmt þeim er refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

14. gr.

1 Hafi afli fengist á ólögmætan hátt skulu brot auk refsingar samkvæmt framansögðu varða upptöku afla. Komi í ljós við athugun á afla um borð í erlendu veiðiskipi að aflamagn um borð í skipinu er ekki í samræmi við skráðan afla í afladagbókum eða tilkynningar til stjórnvalda er heimilt að gera það aflamagn sem umfram er hinn skráða eða uppgefna afla upptækt. Á sama hátt skal gera þann afla upptækan sem umfram er þær heimildir sem erlendum skipum eru veittar af íslenskum stjórnvöldum. Í stað þess að gera afla upptækan samkvæmt þessari grein er heimilt að gera upptæka fjárhæð sem svarar til andvirðis aflans samkvæmt mati dómkvaddra matsmanna.

2 Ólögleg veiðarfæri skulu gerð upptæk. Ólögleg eru þau veiðarfæri eða hluti veiðarfæra sem ekki eru í samræmi við þær reglur sem settar eru um veiðarfæri með stoð í lögum þessum eða í samræmi við ákvæði annarra laga sem vísað er til í lögum þessum.

15. gr.

1 Heimilt er að kyrrsetja skip sem fært er til hafnar vegna brota á lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim. Sé slíkt gert er dómara heimilt að láta það laust ef sett er bankatrygging eða önnur jafngild trygging, að hans mati, fyrir greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku.

2 Til tryggingar greiðslu sektar, sakarkostnaðar og upptöku skal vera lögveð í skipinu.

3 […][1)]

4 Sektarfé samkvæmt lögum þessum skal renna í Landhelgissjóð Íslands.

[1)]L. 88/2008, 233. gr.

16. gr.

1 [Lög þessi fela í sér innleiðingu á samningi hafnríkja um aðgerðir til að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, ótilkynntar og eftirlitslausar veiðar. Túlka skal ákvæði laganna með hliðsjón af ákvæðum samningsins.][1)]

[1)]L. 38/2015, 4. gr.

[17. gr.][1)]

1 Lög þessi öðlast þegar gildi. …

[1)]L. 38/2015, 4. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

1 [Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. málsl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.][1)]

[1)]L. 66/2022, 2. gr.

Lög
nr. 26/1949, um hvalveiðar.

1. gr.

1 [Rétt til að stunda hvalveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, eins og hún er ákveðin í reglugerð[1)] nr. 299 15. júlí 1975, til að landa hvalafla, þótt utan þeirrar landhelgi sé veitt, og til að verka slíkan afla í landi eða í fiskveiðilandhelgi Íslands, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi [ráðuneytisins].[2)] [Slík leyfi má aðeins veita aðilum er fullnægja skilyrðum til að mega stunda fiskveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.][3)] Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].[4)]][5)]

2 …[2)]

3 Leyfishafi skal á hverjum tíma veita allar þær upplýsingar um starfsemi sína og starfsháttu, sem [ráðuneytið][1)] telur nauðsynlegar.

[1)]Felld niður með rg. 971/2019, núverandi rg. nr.163/1973 (um hvalveiðar). [2)]L. 126/2011, 24. gr. [3)]L. 23/1991, 5. gr. [4)]L. 157/2012, 1. gr. [5)]L. 40/1979, 1. gr.

2. gr.

1 Erlend skip má ekki nota til hvalveiða nema með leyfi [ráðherra].[1)] Skulu slík leyfi eigi veitt til lengri tíma en eins árs í senn. Eigi skal þetta þó skerða þau leyfi, sem þegar hafa verið veitt.

[1)]L. 126/2011, 24. gr.

3. gr.

1 Óheimilt er að veiða:

a. Hvalkálfa og hvali, sem kálfar fylgja.
b. Tilteknar tegundir hvala og hvali undir tiltekinni lágmarksstærð, eftir því, sem [ráðuneytið][1)] ákveður nánar í reglugerð með hliðsjón af alþjóðasamningum um hvalveiðar, sem Ísland er eða kann að gerast aðili að.

[1)]L. 126/2011, 24. gr.

4. gr.

1 Með reglugerð[1)] getur [ráðuneytið]:[2)]

a. Bannað hvalveiðar á tilteknum svæðum.
b. Takmarkað veiðar við ákveðinn tíma árs.
c. Takmarkað heildarveiðimagn, veiðimagn ákveðins fyrirtækis, leiðangurs eða landstöðvar.
d. Takmarkað veiðibúnað.
e. Bannað íslenskum ríkisborgurum og þeim, sem heimilisfang eiga á Íslandi, að taka þátt í hvalveiðum, sem ekki eru háðar jafnströngum fyrirmælum og þeim, sem á Íslandi gilda.
f. Sett hvers konar önnur ákvæði, sem talin eru nauðsynleg vegna þátttöku Íslands í alþjóðasamningum um hvalveiðar.

[1)]Rg. 163/1973 (um hvalveiðar), sbr. 304/1983, 239/1984, 862/2006, 822/2007, 456/2008, 58/2009, 263/2009, 359/2009, 1116/2013, 263/2014 og 186/2019. Rg. 489/2009 (um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum), sbr. 533/2018. Rg. 1035/2017 (um bann við hvalveiðum á tilteknum svæðum). [2)]L. 126/2011, 24. gr.

5. gr.

1 Verkun hvalafla má einungis fara fram á þeim stöðum, sem [ráðuneytið][1)] samþykkir. Ráðuneytið setur nánari fyrirmæli um fyrirkomulag verkunarinnar, þannig, að af henni hljótist sem minnst ónæði fyrir aðra. Jafnframt skulu sett fyrirmæli um nýtingu hvals til fullnustu.

[1)]L. 126/2011, 24. gr.

6. gr.

1 [Ráðuneytið][1)] setur reglur um eftirlit með hvalveiðum samkvæmt lögum þessum, og skal þar gert ráð fyrir, að skipaðir verði opinberir eftirlitsmenn, er laun taki úr ríkissjóði.

2 Jafnframt skal ákveða gjald fyrir leyfi samkvæmt 1. gr. laga þessara til að standast kostnaðinn af eftirlitinu.

[1)]L. 126/2011, 24. gr.

7. gr.

1 Útgerðarmaður hvalveiðiskips ber ábyrgð á því, að ekki sé brotið í bága við lög þessi með notkun skipsins.

8. gr.

1 [Ráðuneytið][1)] getur gefið sérstakt leyfi til hvalveiða í vísindalegu augnamiði. Leyfið skal háð þeim skilyrðum, sem ráðuneytið ákveður, og þarf þá ekki að fylgja fyrirmælum laga þessara.

[1)]L. 126/2011, 24. gr.

9. gr.

1 Ráðningarkjör hvalveiðimanna skulu ákveðin þannig, að tekjur byggist að miklu leyti á tegund, stærð og verðmæti veiddra hvala, en ekki einungis á fjölda þeirra.

2 Engin laun má greiða fyrir ólöglega hvalveiði, jafnvel þótt fullnægjandi ástæður séu færðar fyrir veiði hvalsins.

10. gr.

1 [Brot gegn lögum þessum og reglugerðum eða ákvæðum leyfisbréfa settum samkvæmt þeim skulu varða sektum 2.000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

2 Auk þess má láta brot varða fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

3 Brot samkvæmt framansögðu skulu og varða upptöku á veiðitækjum skipsins, byssum, skotlínu, skutlum og skotfærum, svo og öllum afla skipsins.

4 [Kyrrsetja skal][1)] skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður hefur verið greitt að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr, ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild, …[1)] fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

5 Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.][2)]

[1)]L. 92/1991, 27. gr. [2)]L. 40/1979, 2. gr.

Lög
nr. 44/1948, um vísindalega verndun fiskimiða landgrunnsins.

1. gr.

[Ráðuneytið][1] skal með reglugerð ákvarða takmörk verndarsvæða við strendur landsins innan endimarka landgrunnsins, [eða á hafsvæði allt að 200 sjómílum utan við grunnlínu],[2] þar sem allar veiðar skuli háðar íslenskum reglum og eftirliti, enda verði friðun á landgrunninu á engan hátt rýrð frá því, sem verið hefur. Ráðuneytið skal einnig ákvarða allar þær reglur,[3] sem nauðsynlegar eru til verndar fiskimiðunum á ofangreindum svæðum. Ráðstafanir þessar skulu gerðar að fengnum tillögum Fiskifélags Íslands og Atvinnudeildar Háskóla Íslands.

Reglugerðin skal endurskoðuð eftir því, sem vísindalegar rannsóknir gefa tilefni til.

[1]L. 126/2011, 23. gr. [2]L. 45/1974, 1. gr. [3]Rg. 711/2018 (um veiðar á kúfskel) . Rg. 456/2017 (um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli).

2. gr.

Reglum þeim, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, skal framfylgt þannig, að þær séu ávallt í samræmi við milliríkjasamninga um þessi mál, sem Ísland er aðili að á hverjum tíma.

3. gr.

[Brot á reglum, sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara, varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 62 18. maí 1967,[1] um bann gegn veiðum með botnvörpu og flotvörpu, með síðari breytingum, laga nr. 40 9. júní 1960,[2] um takmarkað leyfi til dragnótaveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands undir vísindalegu eftirliti, laga nr. 33 19. júní 1922,[3] um rétt til fiskveiða í landhelgi, með síðari breytingum eða, ef um brot er að ræða, sem ekki fellur undir framangreind lög, sektum …[4]][5]

[1]Nú l. 79/1997. [2]L. 40/1960 eru úr gildi fallin, sbr. l. 102/1973, 2. mgr. 17. gr. [3]Nú l. 79/1997. [4]L. 75/1982, 27. gr. [5]L. 45/1974, 2. gr.

4. gr.

[Ráðuneytið][1] skal, eftir því sem unnt er, taka þátt í alþjóðlegum vísindarannsóknum, er miða að verndun fiskimiða.

[1]L. 126/2011, 23. gr.

Lög
nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

Um gjaldtöku.

1. gr.

1 [Ólögmætur er sá sjávarafli:

a. sem er umfram það aflamark eða krókaaflamark sem veiðiskip hefur eða umfram hámarksafla sem veiðiskipi er settur með öðrum hætti,
b. sem fenginn er án þess að tilskilin veiðileyfi hafi verið fyrir hendi,
c. sem fenginn er utan leyfilegra veiðidaga, nema um eðlilegan meðafla sé að ræða,
d. sem fenginn er með óleyfilegum veiðarfærum,
e. sem fenginn er á svæði þar sem viðkomandi veiðar eru bannaðar,
f. sem 2. mgr. 7. gr. tekur til.][1)]

2 Greiða skal sérstakt gjald samkvæmt fyrirmælum laga þessara fyrir veiðar, verkun, vinnslu eða viðskipti með ólögmætan sjávarafla.

3 [Gjald skv. 2. mgr. skal renna í sérstakan sjóð í vörslu [ráðuneytisins][2)] og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum. Sjóður þessi nefnist Verkefnasjóður sjávarútvegsins. Ráðherra skal skipa stjórn Verkefnasjóðsins sem skilar tillögum til ráðherra um ráðstöfun fjárins. Ráðherra setur reglur[3)] um stjórn sjóðsins og úthlutun úr honum.][4)]

4 Nú hefur verið lagt hald á afla og hann gerður upptækur eftir ákvæðum annarra laga og kemur þá ekki til greiðslu gjalds skv. 2. mgr.

[1)]L. 19/2016. [2)]L. 126/2011, 166. gr. [3)]Rgl. 770/2011 (um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum). [4)]L. 146/2003, 1. gr.

Um greiðsluskyldu.

2. gr.

1 Gjald skv. 1. gr. skal að jafnaði lagt á þann sem hefur gert út skip eða bát sem veitt hefur gjaldskyldan afla. Ef uppvíst verður um gjaldskyldan afla án þess að unnt reynist að ákvarða hver hafi veitt hann má þó leggja gjaldið á þann sem hefur tekið við aflanum til verkunar eða vinnslu eða hefur haft milligöngu um sölu hans eða afurða úr honum hvort sem er hér á landi eða erlendis, enda hafi þeir vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

2 Gjald skv. 1. gr. verður aðeins lagt á einn þeirra sem taldir eru upp í 1. mgr. Aðrir þeir, sem þar eru taldir og sem uppvíst er að hafi átt þátt í veiðum, verkun, vinnslu eða viðskiptum með gjaldskyldan afla, ábyrgjast þó greiðslu gjaldsins sem eigin skuld með þeim sem gjald er lagt á ef ætla má að þeir hafi vitað eða mátt vita að um ólögmætan sjávarafla var að ræða.

3. gr.

1 Gjald skv. 1. gr. skal nema andvirði gjaldskylds afla.

2 Ef ekki verður staðreynt hver sú fjárhæð hefur verið skal gjaldið nema því verði sem fengist hefur fyrir samsvarandi afla á þeim stað og því tímabili sem hann barst að landi. Verði gjaldskyldur afli ekki heimfærður til ákveðins tímabils skal verðleggja hann á grundvelli meðalverðs fyrir samsvarandi afla á viðkomandi fiskveiðiári.

3 Ef ekki verður staðreynt af fyrirliggjandi gögnum hvert hafi verið magn eða andvirði gjaldskylds afla skal það áætlað eftir því sem segir í 5. gr.

Um eftirlit.

4. gr.

1 Að því leyti sem fyrirmæli laga fela það ekki öðrum stjórnvöldum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu með höndum eftirlit með því hvort sjávarafli er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er [ráðherra][1)] heimilt að kveða nánar á um eftirlit þetta í reglugerð.

2 [Ráðherra][1)] er heimilt að kveða á í reglugerð um skyldu útgerðarmanna, fiskverkenda og fiskseljenda til að láta af hendi sérstakar skilagreinar um þann sjávarafla sem þeir hafa til umráða hverju sinni.

[1)]*L. 126/2011, 166. gr.*

5. gr.

1 Fiskistofu er heimilt að krefja útgerðarmenn, skipstjórnarmenn, fiskverkendur, fiskseljendur og þá sem hafa haft milligöngu um viðskipti með sjávarafla eða afurðir um öll nauðsynleg gögn og upplýsingar sem þeir geta látið í té og varða, að mati Fiskistofu, ákvörðun um hvort sjávarafli kunni að vera gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum. Er þeim sem krafðir eru upplýsinga skylt að láta þær af hendi endurgjaldslaust og í því formi sem Fiskistofa mælist til. Fiskistofu er enn fremur heimilt í sama skyni að krefjast aðgangs að bókhaldsgögnum þeirra, sem áður er getið, samningum þeirra, verslunarbréfum og öðrum slíkum gögnum, svo og að skrifstofum þeirra, vinnustöðvum, vinnsluhúsum, vörugeymsluhúsum og öðrum slíkum stöðum til birgðakönnunar og annars eftirlits.

2 Í sama tilgangi er Fiskistofu heimilt að krefjast upplýsinga af félögum og félagasamtökum útgerðarmanna, fiskverkenda, fiskseljenda og af félögum annarra sem hlut geta átt að máli, um viðskipti félagsmanna þeirra og aðra starfsemi sem þau hafa gögn eða upplýsingar um.

3 Ef Fiskistofa telur fram komin gögn eða upplýsingar ófullnægjandi, óglögg, tortryggileg eða ekki látin í té í umbeðnu formi eða hún telur frekari skýringa þörf á einhverju atriði skal hún skora skriflega á þann sem kann að verða krafinn um gjald skv. 1. gr. að bæta úr því innan ákveðins tíma og láta í té skriflegar skýrslur og þau gögn sem þeir telja þörf á. Ef ekki er bætt úr annmörkum, svar berst ekki innan tiltekins tíma, þau gögn eru ekki send sem óskað er eftir eða fram komin gögn eða upplýsingar eru ófullnægjandi eða tortryggileg að mati Fiskistofu skal hún áætla magn og andvirði sjávarafla eftir þeim gögnum og upplýsingum sem fyrir liggja.

Um úrskurðaraðila.

6. gr.

1 […][1)]

[1)]*L. 88/2020, 23. gr.*

7. gr.

1 Ef rökstudd ástæða kemur fram við framkvæmd eftirlits til að ætla að einhver sá, sem fyrirmæli 2. gr. taka til, hafi haft gjaldskyldan sjávarafla til umráða skal Fiskistofa leggja gjald á hlutaðeigandi aðila skv. 1. gr.

2 Nú sýna starfsmenn Fiskistofu fram á að verkun, vinnsla eða sala tiltekins aðila á sjávarafla eða afurða úr honum sé umfram uppgefin kaup hans eða aðföng og er þá heimilt að leggja á viðkomandi aðila gjald skv. 1. gr. um mismuninn enda þótt sjávaraflinn verði ekki rakinn til ákveðins veiðiskips eða tímabils.

3 […][1)]

4 […][1)]

[1)]*L. 88/2020, 24. gr.*

8. gr.

1 Nú vill aðili eigi sætta sig við ákvörðun Fiskistofu um álagningu gjalds samkvæmt lögum þessum getur hann þá skotið henni til ráðherra til úrskurðar, enda geri hann það innan tveggja vikna frá því að hann fékk vitneskju um ákvörðunina.[1)]

[1)]L. 88/2020, 25. gr.

9. gr.

1 […][1)] Hafi þess verið krafist skal jafnframt kveðið á um hvort aðrir ábyrgist greiðslu gjaldsins skv. 2. mgr. 2. gr. Heimild til álagningar gjalds nær til gjalds vegna afla síðustu fjögurra fiskveiðiára sem næst eru á undan því fiskveiðiári sem álagning Fiskistofu fer fram á.

2 […][1)]

[1)]L. 88/2020, 26. gr.

Um innheimtu.

10. gr.

1 Fiskistofa fer með [álagningu og][1)] innheimtu gjalds skv. 1. gr. [Ráðherra][2)] er þó heimilt að fela innheimtumönnum ríkissjóðs eða öðrum aðilum innheimtu þess.

2 Gjald skv. 1. gr. fellur í gjalddaga við álagningu. Ber það dráttarvexti samkvæmt ákvæðum vaxtalaga frá því 30 dagar eru liðnir frá gjalddaga þess.

3 Álagning gjalds eða úrskurður um gjaldtöku skv. 1. gr. eru aðfararhæfar ákvarðanir, bæði gagnvart þeim sem gjald hefur verið lagt á og þeim sem bera ábyrgð á greiðslu þess samkvæmt úrskurði. Má Fiskistofa krefjast fullnustu með fjárnámi þegar liðnir eru 30 dagar frá dagsetningu álagningar eða uppkvaðningu úrskurðar. [Ef gjald, sem lagt hefur verið á útgerð skips sem veitt hefur hinn gjaldskylda afla, hefur ekki verið greitt þegar sá tími er kominn að krefjast má fullnustu þess með fjárnámi skal Fiskistofa svipta hlutaðeigandi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni þar til skuldin greiðist eða samið hefur verið um greiðslu hennar. Gildir þetta einnig þótt eigendaskipti hafi orðið á skipi, enda hafi eigendaskiptin ekki orðið við nauðungaruppboð eða gjaldþrotaskipti. Standi útgerð ekki við samning um greiðslu skuldar er Fiskistofu heimilt að svipta skip fyrirvaralaust leyfi til veiða í atvinnuskyni.][3)]

4 Ágreining um skyldu til greiðslu gjalds skv. 1. gr. eða um ábyrgð á greiðslu þess má bera undir dómstóla sé það gert innan 30 daga frá uppkvaðningu úrskurðar [skv. 8. gr.][1)] Slíkt málskot frestar ekki fullnustu úrskurðar.

[1)]L. 88/2020, 27. gr. [2)]L. 126/2011, 166. gr. [3)]L. 146/2003, 4. gr.

11. gr.

1 Ef [ráðherra][1)] telur veiðar á gjaldskyldum afla samkvæmt lögum þessum brjóta gegn refsiákvæðum annarra laga er honum rétt að tilkynna það ríkissaksóknara. Slík tilkynning eða …[2)] rannsókn eða höfðun [sakamáls][2)] í tilefni hennar raskar því ekki að gjald verði lagt á eftir fyrirmælum þessara laga.

[1)]L. 126/2011, 166. gr. [2)]L. 88/2008, 234. gr.

Um dagsektir.

12. gr.

1 Hver sá, sem tregðast við að láta Fiskistofu í té upplýsingar er varða gjaldskyldu annarra eða tregðast við að veita aðgang að aðstöðu eða gögnum, sbr. 5. gr., skal sæta dagsektum. [Ráðherra][1)] kveður á um skyldu til greiðslu dagsekta og mega þær nema allt að 10.000 kr. á dag. Dagsektir má innheimta með fjárnámi.

[1)]L. 126/2011, 166. gr.

Um gildistöku o.fl.

13. gr.

1 Lög þessi öðlast gildi 1. september l992.

2 […][1)]

[1)]L. 88/2020, 27. gr.

14. gr.

1 […][1)]

2 [Ráðherra][2)] setur reglugerð[3)] um nánari framkvæmd laga þessara.

[1)]L. 88/2020, 29. gr. [2)]L. 126/2011, 166. gr. [3)]Rg. 470/2012 (um veiðar á lúðu), sbr. 522/2013 og 1028/2013. Rg. 456/2017 (um bann við veiðum á háfi, hámeri og beinhákarli).

Lög
nr. 145/2018, um veiðigjald.[1)]

[1)]Þrátt fyrir að l. 55/2025 sem breyta ákvæðum l. 145/2018 öðlast ekki gildi fyrr en 1. nóvember 2025 þá eru þau uppfærð hér til hagræðis fyrir notendur þar sem veiðigjald á árinu 2026 mun miðast við ákvæði laganna.

1. gr.
Markmið.

1 Veiðigjald er lagt á í þeim tilgangi að mæta kostnaði ríkisins við rannsóknir, stjórn, eftirlit og umsjón með fiskveiðum og fiskvinnslu og til að tryggja þjóðinni í heild beina og sýnilega hlutdeild í afkomu við veiðar á nytjastofnum sjávar.

2. gr.
Gjaldskylda.

1 Eigandi íslensks fiskiskips er gjaldskyldur samkvæmt lögum þessum og ber ábyrgð á greiðslu veiðigjalds af öllum afla skipsins úr nytjastofnum sjávar, sbr. 3. gr.

3. gr.
Gjaldstofn.

1 Stofn til álagningar veiðigjalds er allur afli íslenskra fiskiskipa úr nytjastofnum sjávar samkvæmt aflaskráningarkerfi Fiskistofu að frátöldum afla sem reiknast ekki til aflamarks skips skv. 9. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða, ólögmætum sjávarafla, rannsóknarafla og afla úr stofnum sem ekki er stjórnað með aflamarki, öðrum en makríl.

2 Þorskur og meðafli hans í rússneskri og norskri lögsögu sem og úthafskarfi sem veiddur er á ICES-svæði I og II (í Síldarsmugunni) myndar ekki stofn veiðigjalds.

3 Nytjastofnar sem hafa minna aflaverðmæti en 100 millj. kr. á ári samkvæmt vegnu meðaltali næstliðinna þriggja ára mynda ekki stofn veiðigjalds.

4. gr.
Fjárhæð veiðigjalds.

1 Ríkisskattstjóri gerir tillögu um fjárhæð veiðigjalds hvers nytjastofns fyrir komandi veiðigjaldsár til þess ráðherra sem fer með sjávarútvegsmál eigi síðar en 1. desember. Skal tillagan vera um að veiðigjaldið nemi 33% af reiknistofni hvers nytjastofns skv. 5. gr. Ráðherra auglýsir gjaldið sem krónur á kílógramm landaðs óslægðs afla fyrir áramót. Veiðigjaldsár er almanaksár.

5. gr.
Reiknistofn.

1 Stofn til ákvörðunar veiðigjalds hvers nytjastofns skal reikna í þremur skrefum. Fyrst skal reikna fyrir hvert fiskiskip. Frá aflaverðmæti hvers nytjastofns sem skipið veiðir skal draga hlutdeild stofnsins í breytilegum og föstum kostnaði skipsins við veiðiúthald [þó ekki frystiskip, þ.e. fiskiskip sem frysta um borð og landa 50% aflans eða meira sem frystum afla.][1)] Hlutdeild í breytilegum og föstum kostnaði við veiðiúthald skal vera jöfn hlutdeild aflaverðmætis stofnsins af heildaraflaverðmæti skipsins á almanaksári. Þessu næst skal leggja saman þá niðurstöðu fyrir öll fiskiskip sem veiddu nytjastofninn. Að lokum skal deila í samtölu þessa með öllu aflamagni nytjastofnsins hjá öllum fiskiskipunum á sama almanaksári. Reikna skal til króna á kílógramm landaðs óslægðs afla.

2 [Aflaverðmæti skal umreikna úr slægðum eða unnum afla til óslægðs afla. Aflaverðmæti skal byggjast á greinargerð um tekjur og kostnað skv. 5. mgr. Þegar 50% eða meira af lönduðum afla

fiskiskips, sem ekki telst frystiskip skv. 2. málsl. 1. mgr., í einstakri tegund eru frystar afurðir skal lækka aflaverðmæti þeirrar tegundar þess skips um 20%.

3 Þrátt fyrir 5. málsl. 1. mgr. skal niðurstaða fyrir öll fiskiskip sem veiddu síld, kolmunna, makríl, þorsk og ýsu taka breytingum miðað við mismuninn á aflaverðmæti skv. 2. málsl. 2. mgr. og aflaverðmæti sem hér segir:

1. Aflaverðmæti eftirfarandi tegunda skal miðast við meðalverð fyrir hvern mánuð á hvert kílógramm samkvæmt opinberum gögnum um fiskverð frá fiskistofu Noregs. Verðmæti þess aflamagns sem veiðist í hverjum mánuði skal miðast við meðalverð aflaverðmætis þess mánaðar. Við umreikning úr norskum krónum í íslenskar krónur skal miða við miðgengi norsku krónunnar árið 2024 og skal það viðmið taka breytingum árlega miðað við miðgengi SDR á hverju almanaksári sem reiknistofn miðast við. Fiskistofa skal safna upplýsingum um eftirfarandi tegundir, umreikna í íslenskar krónur og birta meðalverð opinberlega og skal ríkisskattstjóri leggja þær upplýsingar til grundvallar útreikningi veiðigjalds:
   a. Norsk-íslenska síld á því tímabili sem íslensk skip stunda veiðar ár hvert og reiknistofn miðast við. Þó skal miða verð síldar annarrar en norsk-íslenskrar síldar við 90% af aflaverðmæti norsk-íslenskrar síldar.
   b. Kolmunna á því tímabili sem íslensk skip stunda veiðar ár hvert og reiknistofn miðast við.
   c. Makríl á því tímabili sem íslensk skip stunda veiðar ár hvert og reiknistofn miðast við. Aflaverðmæti makríls skal miðast við 80% af aflaverðmæti tegundarinnar.
2. Fiskistofa skal reikna aflaverðmæti fyrir þorsk og ýsu og birta vegið meðaltalsverð slægðs og óslægðs afla á fiskmarkaði á 12 mánaða tímabil sama ár og reiknistofn miðast við. Fiskistofa skal við útreikninginn notast við upplýsingar frá Verðlagsstofu skiptaverðs. Fiskistofu ber að birta útreikningana opinberlega og skal ríkisskattstjóri leggja þá til grundvallar útreikningi veiðigjalds.
3. Liggi ekki fyrir upplýsingar um meðalverð tegundar skv. 1. og 2. tölul. í tilteknum mánuði skal aflaverðmæti þess mánaðar byggjast á greinargerð skv. 5. mgr.][2)]

4 [Til breytilegs kostnaðar við fiskveiðar telst launakostnaður áhafna, eldsneyti eða annar orkugjafi fiskiskipa, veiðarfærakostnaður, viðhald fiskiskipa, frystikostnaður og umbúðir, löndunarkostnaður, hafnargjöld og eftirlits- og leyfisgjöld í fiskveiðum önnur en veiðigjald, flutningskostnaður, tryggingar, sölukostnaður og stjórnunarkostnaður. Til fasts kostnaðar við fiskveiðar teljast skattalegar fyrningar skipa og skipsbúnaðar. Séu skattalegar fyrningar samtals hærri en 20% af fyrningargrunni að viðbættum 200 millj. kr. skal ríkisskattstjóri dreifa því sem umfram er á næstu fimm ár. Áætluð vaxtagjöld skulu nema sömu fjárhæð og þær fyrningar sem lagðar eru til grundvallar útreikningi á veiðigjaldi á ári hverju.][3)]

5 Eigendum, útgerðaraðilum og rekstraraðilum íslenskra fiskiskipa er skylt að skila sérstakri greinargerð um tekjur og kostnað af veiðum fiskiskipa og úthaldi þeirra, sundurgreint á einstök fiskiskip, með skattframtölum á því formi sem ríkisskattstjóri ákveður. Ákvæði 90. og 92.–94. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003, gilda um öflun og skil þessara upplýsinga, eftir því sem við á. Sé upplýsingum ekki skilað eða ef upplýsingar sem látnar eru í té reynast ófullnægjandi eða ótrúverðugar, eða frekari þörf er talin á upplýsingum um einstök atriði, skal ríkisskattstjóri skora á viðkomandi að bæta úr. Verði áskorun um úrbætur ekki sinnt skal áætla tekjur og kostnað og skal miða fjárhæð kostnaðar við að hún sé ekki hærri en raunverulegur kostnaður. Við þessa áætlun er heimilt að taka mið af gögnum og upplýsingum sem aflað er hjá opinberum stofnunum og einkaaðilum. Jafnframt er heimilt að leiðrétta sýnilegar villur eða mistök í upplýsingum. Fiskistofu er heimilt að miðla upplýsingum til embættis ríkisskattstjóra úr aflaskýrslum og vigtar- og ráðstöfunarskýrslum og skal hún vera embættinu til ráðuneytis um þau gögn sem stofnunin lætur því í té.

6 Komi í ljós við yfirferð greinargerðar sem getur í [5.][4] mgr. að hún er ranglega útfyllt þannig að tekjur eru verulega vantaldar eða kostnaður oftalinn skal ríkisskattstjóri leggja á rekstraraðila sérstakt gjald sem nemur 5% af vantalinni tekjufjárhæð og/eða oftöldum kostnaði. Gjald þetta skal leggja á óháð því hvort vantaldar tekjur og/eða oftalinn kostnaður leiðir sem slíkur til leiðréttingar á reiknistofni veiðigjalds. Þá varðar engu þótt leiðrétting sé gerð síðar en tillaga er gerð til ráðherra skv. 4. gr. Ákvörðun ríkisskattstjóra um álagningu þessa gjalds er kæranleg til yfirskattanefndar, sbr. lög nr. 30/1992.

7 Í þeim tilvikum þegar ekki liggja fyrir full skil upplýsinga sem getur í [2.–5. mgr.][5] skal engu síður reikna stofn veiðigjalds fyrir nytjastofna, eftir atvikum með beitingu þeirra heimilda sem kveðið er á um í [5.][5] mgr.

8 Hafi útreikningur reiknistofns reynst verulega rangur af einhverjum ástæðum er heimilt að endurákvarða gjaldið, samkvæmt ákvæðum 4. gr., til allt að síðustu tveggja veiðigjaldsára, þótt í ljós hafi komið að álagning hafi verið of lág.

[1]L. 55/2025, 1. gr. a-liður. [2]L. 55/2025, 1. gr. b-liður. [3]L. 55/2025, 1. gr. c-liður. [4]L. 55/2025, 1. gr. d-liður. [5]L. 55/2025, 1. gr. e-liður.

6. gr.

Álagning o.fl.

1 Skráður eigandi skips við álagningu veiðigjalds er ábyrgur fyrir greiðslu þess. Ef fleiri en einn eigandi eru að skipi bera allir eigendur þess óskipta ábyrgð á greiðslu veiðigjalds.

2 Fiskistofa leggur á veiðigjald. Veiðigjald fellur í gjalddaga 1. hvers mánaðar vegna veiða þarsíðasta mánaðar. Við álagningu skal leiðrétta fyrir slægingu eða annarri aflameðferð fyrir löndun ef við á.

3 Við álagningu veiðigjalds skal [frítekjumark nema 40% af fyrstu 9 millj. kr. álagningar hvers árs fyrir alla nytjastofna nema þorsk og ýsu. Frítekjumark vegna þorsks og ýsu skal vera 65% af fyrstu 15 millj. kr. og 45% af næstu 55 millj. kr. álagningar veiðigjalds hvers árs hjá hverjum gjaldskyldum aðila.][1]. [Þessar fjárhæðir taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs til verðtryggingar frá janúarmánuði 2025 fram að ákvörðunardegi skv. 4. gr.][2]

[1]L. 55/2025, 2. gr. a-liður. [2]L.55/2025, 2. gr. b-liður.

7. gr.

Innheimta.

1 Innheimtumenn ríkissjóðs innheimta veiðigjald og fer ríkisskattstjóri með samræmingar- og eftirlitshlutverk við innheimtu þess, sbr. 1. mgr. 111. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003. Sé veiðigjald ekki greitt innan 14 daga frá gjalddaga skal greiða ríkissjóði dráttarvexti af því sem gjaldfallið er. Sé veiðigjald ekki greitt innan mánaðar frá gjalddaga skal Fiskistofa fella almennt veiðileyfi hlutaðeigandi skips niður. Innheimtumönnum ríkissjóðs er heimiluð miðlun upplýsinga af þessu tilefni. Kröfum um greiðslu veiðigjalds fylgir lögveð ríkissjóðs í hlutaðeigandi skipi í fjögur ár frá gjalddaga. Lögveðið nær einnig til dráttarvaxta og innheimtukostnaðar.

2 Fiskistofa birtir árlega upplýsingar um álagningu veiðigjalds. Upplýsingar um álagningu og innheimtu veiðigjalds á hvern og einn greiðanda eru opinberar upplýsingar sem öllum er heimill aðgangur að.

8. gr.

Sérákvæði.

1 Veiðigjald fyrir hvern hval er sem hér segir: i) langreyður 50.000 kr., ii) hrefna 8.000 kr. Veiðigjald á sjávargróður er sem hér segir: 500 kr. á hvert landað tonn […][1] hrossaþara og stórþara (blautvigt). Þessar fjárhæðir taka breytingum samkvæmt vísitölu neysluverðs frá septembermánuði 2015 fram að ákvörðunardegi skv. 4. gr.

2 Veiðigjald telst rekstrarkostnaður skv. 1. tölul. 31. gr. laga um tekjuskatt, nr. 90/2003.

3 Í milliríkjasamningi um heimildir erlendra fiskiskipa til fiskveiða innan íslenskrar lögsögu eða samkvæmt aflaheimild íslenskra stjórnvalda í deilistofnum er heimilt að semja um fjárgreiðslu til íslenskra stjórnvalda. Ákvæði 6. og 7. gr. þessara laga gilda í slíkum tilvikum, eftir því sem við á.

[1)] *L. 65/2022, 7. gr.*

9. gr.

Refsingar og viðurlög.

1 Skýri aðili af ásetningi eða stórkostlegu hirðuleysi með röngum eða villandi hætti frá upplýsingum sem getur í 3. og 5. gr. varðar það fjársekt. Stórfelld brot gegn ákvæði þessu, eða samlög um slíka háttsemi, varða allt að tveggja ára fangelsi. Um meðferð mála samkvæmt þessari grein fer samkvæmt lögum um meðferð sakamála.

10. gr.

Gildistaka.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða.

[I.][1)]

 Þrátt fyrir ákvæði þessara laga skal veiðigjald á landaðan afla frá og með 1. janúar til 31. desember 2019 nema í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla þeim fjárhæðum sem hér segir:

Blálanga	6,90 kr./kg
Djúpkarfi	11,32 kr./kg
Grálúða	35,19 kr./kg
Gulllax	4,14 kr./kg
Hlýri	12,56 kr./kg
Humar	18,91 kr./kg
Íslensk sumargotssíld	2,27 kr./kg
Karfi/gullkarfi	8,14 kr./kg
Keila	4,69 kr./kg
Kolmunni	0,57 kr./kg
Langa	8,42 kr./kg
Langlúra	4,83 kr./kg
Litli karfi	4,55 kr./kg
Loðna	2,13 kr./kg
Makríll	3,55 kr./kg
Norsk-íslensk síld	2,27 kr./kg
Rækja	0,00 kr./kg
Sandkoli	2,48 kr./kg
Skarkoli	10,35 kr./kg
Skrápflúra	2,62 kr./kg
Skötuselur	10,76 kr./kg
Steinbítur	8,42 kr./kg
Ufsi	7,73 kr./kg
Úthafsrækja	0,00 kr./kg
Ýsa	16,15 kr./kg
Þorskur	13,80 kr./kg
Þykkvalúra	23,74 kr./kg

[II.

Tillaga ríkisskattstjóra til ráðherra vegna veiðigjaldsársins 2026 fyrir síld, kolmunna, makríl, þorsk og ýsu skal nema 85% af fjárhæð veiðigjalds skv. 2. málsl. 4. gr. Þá skal tillaga ríkisskattstjóra til ráðherra vegna veiðigjaldsársins 2027 fyrir síld, kolmunna, makríl, þorsk og ýsu nema 95% af fjárhæð veiðigjalds skv. 2. málsl. 4. gr.

III.

Ráðherra skal fela Byggðastofnun að meta áhrif veiðigjalds á stöðu sjávarútvegssveitarfélaga og skila ráðherra skýrslu þar að lútandi fyrir árslok 2027.][2)]

[1)]Eldra bráðabirgðaákvæði fær númerið I. Ný ákvæði frá númerin II. og III. [2)]L. 55/2025, 3. gr.

Lög
nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla.

1. gr.

1 Lög þessi taka til starfsemi uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla.

2 [Ráðherra][1)] veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fyrir sjávarafla. Við veitingu leyfa skal ráðherra m.a. meta hvort skilyrði séu til frjálsrar verðmyndunar á uppboðsmarkaði með hliðsjón af líklegu fiskframboði, fjölda fiskvinnslustöðva á markaðssvæði og starfsemi annarra uppboðsmarkaða.

3 Svipta má aðila leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar fullnægi hann ekki skilyrðum settum í lögum þessum eða reglugerð um starfsemi uppboðsmarkaða, sbr. 5. gr.

[1)] *L. 126/2011, 407. gr.*

2. gr.

1 Í lögum þessum er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1. *Leyfishafi:* Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum þessum til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávarafla.
2. *Reiknistofa uppboðsmarkaða:* Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða skv. 5. tölul. og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. Reiknistofa skal uppfylla þau skilyrði sem ráðherra setur með reglugerð skv. 5. gr.
3. *Uppboðsmarkaður:* Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsu uppboði. Uppboðsmarkaður getur jafnframt veitt aðra þjónustu sem tengist sölunni.
4. *Uppboðsstaður:* Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla sem seldur verður á uppboði.
5. *Uppboðsstjóri:* Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til þeirra starfa. Leyfishafi hefur heimild til að fela reiknistofu uppboðsmarkaða að sjá um framkvæmd uppboðs.

3. gr.

1 Leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar má einungis veita aðilum sem fullnægja eftirfarandi skilyrðum:

a. Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. [Skilyrði um íslenskan ríkisborgararétt og lögheimili hér á landi ná ekki til einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.][1)]

b. Eru fjárráða.

c. Hafa forræði á búi sínu.

2 Enn fremur má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

[1)] *L. 44/2006, 1. gr.*

4. gr.

1 Um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla gilda lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, og reglur settar á grundvelli þeirra laga eftir því sem við á.

2 Um vigtun afla gilda ákvæði laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og reglur sem settar eru á grundvelli þeirra eftir því sem við á.

5. gr.

1 Ráðherra skal í reglugerð[1)] kveða á um útgáfu rekstrarleyfa og starfsemi uppboðsmarkaða, þar á meðal um gagnsæi viðskipta, birtingu uppboðsskilmála og um uppboðslýsingar. Ráðherra setur jafnframt reglur um starfsemi reiknistofu uppboðsmarkaða.

[1)]Rg. 646/2007 (um uppboðsmarkaði sjávarafla), sbr. 774/2007 og 398/2021.

6. gr.

1 Leyfishafar skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljenda og sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

2 Leyfishafi skal krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

3 Við skiptingu greiðslna samkvæmt þessari grein skal miða við uppboðsandvirði að frádregnum beinum kostnaði af uppboðinu.

4 Leyfishafa er heimilt að fela reiknistofu uppboðsmarkaða þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í þessari grein.

7. gr.

1 Um sjávarafla, sem seldur er á uppboðsmarkaði, gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

8. gr.

1 Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra, og skal hann hafa löggildingu til starfans.

2 [Ráðherra][1)] veitir löggildingu.

3 Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

[1)]L. 126/2011, 407. gr.

9. gr.

1 …[1)] Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum hvort sem þau eru framin af ásetningi eða gáleysi og fangelsi allt að tveimur árum sé um stórfellt eða ítrekað ásetningsbrot að ræða.

[1)]L. 88/2008, 233. gr.

10. gr.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi. …

Lög
nr. 24/1986, um skiptaverðmæti.

I. KAFLI
Um skiptaverðmæti sjávarafla.

1. gr.

[1] [Þegar afli fiskiskipa er seldur óunninn hér á landi er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta og aflaverðlauna 75% af því heildarverðmæti sem útgerðin fær fyrir hann. [Ekki er heimilt að draga frá heildarverðmæti afla í þessu sambandi kostnað við kaup á veiðiheimildum.][1)] Þessi hlutfallstala skal hækka eða lækka við breytingar á verði gasolíu til fiskiskipa með hliðsjón af því gasolíuverði í birgðum olíufélaganna sem olíuverðsákvörðun miðast við hverju sinni. Skiptahlutfallið skal hækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala lækkun á birgðaverði gasolíu niður fyrir 109 Bandaríkjadali á tonn fob en lækka um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 133 Bandaríkjadali á tonn fob. Skiptaverðmæti aflans skal þó aldrei vera lægra samkvæmt þessari grein en 70% af heildarverðmæti. Breytingar á gasolíuverði til fiskiskipa skulu miðast við mánaðamót.

[2] Frá og með 1. júní 1987 skal skiptaverðmæti skv. 1. málsl. 1. mgr. hækka í 76% af heildaraflaverðmæti. Frá sama tíma breytist viðmiðun til lækkunar skiptaverðmætishlutfalls skv. 3. málsl. 1. mgr. á þann hátt að hlutfallstalan lækki um eitt prósentustig fyrir hverja 12 Bandaríkjadala hækkun á birgðaverði gasolíu umfram 145 Bandaríkjadali á tonn fob.][2)]

[1)]L. 79/1994, 10. gr. [2)]L. 21/1987, 1. gr.

2. gr.

[1] Þegar fiskiskip siglir með ísfisk til sölu í erlendri höfn er skiptaverðmæti aflans til hlutaskipta, aflaverðlauna og aukaaflaverðlauna 64% af því heildarverðmæti (brúttósöluverðmæti) sem útgerðin fær fyrir hann. Þetta hlutfall skal þó vera 70% þegar fiski er landað til bræðslu erlendis.

3. gr.

[1] [Þegar afli fiskiskips er fluttur ísaður í kössum með öðru skipi til sölu á erlendum markaði skal draga frá heildarverðmæti flutningskostnað, erlenda tolla og kostnað við söluna erlendis annan en umboðslaun. Skiptaverðmæti skal vera 76% af þannig ákveðnu söluverði með þeim breytingum til hækkunar eða lækkunar sem kveðið er á um í 1. gr.][1)]

[1)]L. 21/1987, 2. gr.

4. gr.

[1] [Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir bolfisk um borð, heilan eða flakaðan, er skiptaverðmætið 74,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta skiptahlutfall skal þó vera 69% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

[2] Þegar seldur er afli fiskiskips sem frystir rækju um borð er skiptaverðmætið 71,5% af fob-verðmæti framleiðslunnar við útflutning. Þetta hlutfall skal þó vera 66% af cif-verðmætinu sé þannig samið um sölu framleiðslunnar.

[3] Skiptahlutfallið skal hækka eða lækka um hálft prósentustig fyrir hvert eitt prósentustig sem skiptahlutfallið breytist til hækkunar eða lækkunar skv. 1. og 2. mgr. 1. gr.][1)]

[1)]L. 21/1987, 3. gr.

II. KAFLI.

1 **…**[1)]

[1)]L. 44/2013, 1. gr.

III. KAFLI.

1 …[1)]

[1)]L. 93/1986, 11. gr.

IV. KAFLI.

1 …

V. KAFLI.

1 …

VI. KAFLI.

Um reglugerð og gildistöku.

16. gr.

1 [Ráðherra setur nánari reglur[1)] um framkvæmd laga þessara.][2)]

[1)]Rg. 147/1998 (um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins). [2)]L. 44/2013, 2. gr.

17. gr.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi og taka ákvæði þeirra til fiskafla og sjávarafurðaframleiðslu frá og með 15. maí 1986. …

18. gr.

1 [Brot á 2. málsl. 1. mgr. 1. gr. varðar sektum nema þyngri refsing liggi við samkvæmt öðrum lögum. …[1)]][2)]

[1)]L. 88/2008, 233. gr. [2)]L. 79/1994, 11. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

1 …

2 [Eignum Styrktar- og lánasjóðs fiskiskipa og Framkvæmdasjóðs, sem verið hafa í vörslu Fiskveiðasjóðs, skal varið til rannsókna á kjörhæfni veiðarfæra og áhrifum þeirra á lífríki sjávar. Skal ráðherra semja við fjármálastofnanir um varðveislu og innheimtu verðbréfa sjóðanna.][1)]

[1)]L. 80/1997, brbákv.

[**II.**

…[1)]][2)]

[1)]5. mgr. ákvæðisins, sbr. l. 44/2013, 3. gr. [2)]L. 44/2013, 3. gr.

Lög
nr. 13/1998, um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

I. KAFLI.
Verðlagsstofa skiptaverðs.

1. gr.

1 Hlutverk Verðlagsstofu skiptaverðs er að fylgjast með fiskverði og uppgjöri á aflahlut sjómanna og stuðla að réttu og eðlilegu uppgjöri á aflahlut sjómanna eins og nánar er kveðið á um í lögum þessum.

2 [Hafi samtök útvegsmanna og sjómanna gert með sér samkomulag um tiltekin markmið um viðmið varðandi verðlagningu á fiski við uppgjör á aflahlut sjómanna á gildistíma kjarasamnings eða ákvarðanir um slíkt hafa verið teknar með öðrum skuldbindandi hætti skulu Verðlagsstofa skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna, sbr. II. kafla, stuðla að því með störfum sínum og úrskurðum að þau markmið nái fram að ganga.][1)]

3 [Verðlagsstofa skiptaverðs skal hafa aðsetur á Akureyri, nema ráðherra ákveði annað.][2)]

[1)]L. 34/2001, 7. gr. [2)]L. 121/1999, 2. gr.

2. gr.

1 [Ráðherra][1)] skipar forstöðumann Verðlagsstofu skiptaverðs til fimm ára í senn. Forstöðumaður ræður annað starfsfólk. [Ráðherra][1)] getur samið við aðrar ríkisstofnanir um að annast rekstur skrifstofu Verðlagsstofu skiptaverðs eftir því sem hagkvæmt þykir. Þá er ráðherra og heimilt að semja við fagaðila um almenna öflun og úrvinnslu gagna skv. 3. gr. [Ráðherra er einnig heimilt að fela forstöðumanni annarrar ríkisstofnunar jafnframt forstöðu Verðlagsstofu skiptaverðs með skipun til allt að fimm ára í senn.][2)]

[1)]L. 126/2011, 259. gr. [2)]L. 82/2024, 1. gr.

3. gr.

1 Verðlagsstofa skiptaverðs skal afla ítarlegra gagna um fiskverð. Skal hún með skipulegum hætti vinna úr upplýsingunum sundurliðuð yfirlit um fiskverð miðað við einstök landsvæði, tiltekna viðskiptahætti og stærðar- og gæðaflokka. Stofan skal reglulega birta upplýsingar um fiskverð þannig að þær gagnist útvegsmönnum, sjómönnum og fiskkaupendum sem best. Þá skal stofan afla gagna um afurðaverð og horfur um þróun þess.

4. gr.

1 Til að Verðlagsstofa geti sinnt hlutverki sínu skv. 3. gr. ber Fiskistofu og þeim aðilum sem fyrir hennar hönd safna og vinna úr upplýsingum að veita Verðlagsstofu skiptaverðs aðgang að öllum upplýsingum um ráðstöfun afla og fiskverð. Þá er útgerð skips skylt að senda Verðlagsstofu án tafar alla samninga um fiskverð sem gerðir eru milli útgerðar og áhafnar.

5. gr.

1 Við athugun einstakra mála getur Verðlagsstofa skiptaverðs krafið sjómenn, útgerðir, kaupendur afla, flutningsaðila, fiskmarkaði, umboðsmenn og aðra þá sem milligöngu hafa um sölu á afla um allar nauðsynlegar upplýsingar. Upplýsinga er hægt að krefjast munnlega eða skriflega og skulu þær gefnar innan hæfilegs frests sem Verðlagsstofa setur. Þá getur stofan krafið framangreinda aðila um að afhenda gögn til athugunar innan hæfilegs frests.

2 Verðlagsstofa skiptaverðs getur við athugun einstakra mála krafist upplýsinga frá öðrum stjórnvöldum, þar á meðal skattyfirvöldum og tollyfirvöldum, sem og bönkum og sparisjóðum, óháð þagnarskyldu þeirra.

3 Verðlagsstofa skiptaverðs getur einnig lagt skyldur á þá aðila sem um ræðir í 1. mgr. að upplýsa stofuna reglulega um atriði er máli skipta við framkvæmd laga þessara.

4 [Við upplýsinga- og gagnaöflun samkvæmt þessari grein skal gæta meðalhófsreglu og að kröfur um upplýsingar og gögn séu í samræmi við tilefni. Upplýsingar og gögn má einungis nýta vegna úrskurðar í einstökum málum, í almennum tilgangi skv. 3. gr. eða til að undirbúa ákvarðanir sem Verðlagsstofa skiptaverðs tekur skv. 6. gr. a.][1)]

[1)]L. 63/2007, 1. gr.

6. gr.

1 [Verðlagsstofa skiptaverðs skal með athugun einstakra mála og úrtakskönnunum fylgjast með því að við uppgjör á aflahlut áhafna sé lagt til grundvallar söluverðmæti afla með þeim hætti sem kveðið er á um í lögum og samningum á hverjum tíma.][1)] Telji Verðlagsstofa misræmi milli gagna um söluverðmæti afla og þess verðs sem uppgjör við áhöfn hefur miðast við og framkomnar skýringar ekki fullnægjandi skal hún tilkynna það álit útgerð og áhöfn viðkomandi skips. Skal álit Verðlagsstofu rökstutt og skulu því fylgja nauðsynleg gögn. [Fulltrúar Félags skipstjórnarmanna, Sjómannasambands Íslands, Félags vélstjóra og málmtæknimanna og Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi skulu hafa aðgang að álitinu. Ef uppgjör við áhöfn fylgir kjarasamningi um kaup og kjör á smábátum skal Landssamband smábátaeigenda einnig hafa aðgang að álitinu.][2)]

[1)]L. 63/2007, 2. gr. [2)]L. 82/2024, 2. gr.

[6. gr. a.

1 Verðlagsstofa skiptaverðs skal að beiðni Fiskistofu og í tilefni af framsali aflamarks skv. 15. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, staðfesta að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum sem fullnægir kröfum laga þessara. Leiði athugun skv. 6. gr. í ljós að útgerð skips hafi ekki gert upp við skipverja í samræmi við samning um fiskverð skal stofan ekki veita staðfestingu sína nema úr hafi verið bætt eða hlutaðeigandi útgerð sett fullnægjandi tryggingu fyrir réttu uppgjöri. Þá skal Verðlagsstofa skiptaverðs ekki veita staðfestingu sína hafi útgerð skips ekki veitt upplýsingar eða afhent gögn sem stofan hefur krafist á grundvelli 5. gr.

2 Ákvörðun um synjun staðfestingar skv. 1. mgr. lýtur ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, og sætir kæru til [ráðuneytisins].[1)]][2)]

[1)]L. 126/2011, 259. gr. [2)]L. 63/2007, 3. gr.

7. gr.

1 Víki fiskverð við uppgjör á aflahlut áhafnar í verulegum atriðum frá því sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla á viðkomandi landsvæði að teknu tilliti til stærðar og gæða skal Verðlagsstofa skiptaverðs taka málið til sérstakrar athugunar. Skal stofan afla allra gagna um ráðstöfun afla viðkomandi skips og verðlagningu hans, upplýsinga um samninga útgerðar og áhafnar skips um fiskverð, umsagna útgerðar og áhafnar um málið og annarra gagna er máli skipta.

2 Telji Verðlagsstofa ekki fram komnar fullnægjandi skýringar skal hún skjóta málinu til úrskurðarnefndar sjómanna og útvegsmanna skv. II. kafla laga þessara með kröfu um að úrskurðarnefnd ákveði fiskverð er nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar þess skips er í hlut á. Skulu fylgja kæru öll gögn sem aflað hefur verið um uppgjör á aflahlut áhafnar skips skv. 1. mgr., svo og nauðsynlegar upplýsingar um verðlagningu sambærilegs afla í hliðstæðum viðskiptum.

II. KAFLI.
Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna.

8. gr.

1 Úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna hefur það hlutverk að ákveða fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut áhafnar einstakra skipa svo sem nánar er kveðið á um í þessum kafla.

2 [Í nefndinni eiga sæti níu menn skipaðir af ráðherra. Af þeim skulu [Félag skipstjórnarmanna][1)], Sjómannasamband Íslands og Félag vélstjóra og málmtæknimanna tilnefna einn fulltrúa hvert og einn fulltrúa sameiginlega. Þá skal [Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi][2)] tilnefna þrjá fulltrúa og Landssamband smábátaeigenda einn fulltrúa. Loks skipar ráðherra formann nefndarinnar án tilnefningar en að höfðu samráði við framangreind samtök sjómanna og útvegsmanna. Varamenn skulu skipaðir á sama hátt og aðalmenn.][3)]

3 Nýti samtök ekki tilnefningarrétt sinn skv. 2. mgr. skal [ráðherra][4)] skipa þá nefndarmenn og varamenn þeirra sem á vantar til að nefndin verði fullskipuð.

4 Verðlagsstofa skiptaverðs skal annast upplýsingaöflun og skrifstofuhald fyrir úrskurðarnefnd.

[1)]L. 82/2024, 3. gr. a-liður. [2)]L. 82/2024, 3. gr. b-liður. [3)]L. 63/2007, 4. gr.[4)]L. 126/2011, 259. gr.

9. gr.

1 Verðlagsstofa skiptaverðs getur skotið málum til úrskurðarnefndar, sbr. 7. gr.

2 Takist ekki samningar milli útgerðar og áhafnar fiskiskips um fiskverð sem nota skal við uppgjör á aflahlut þegar afli skipsins er afhentur eða seldur aðila sem telst skyldur útgerðinni geta þau heildarsamtök sjómanna og útvegsmanna sem standa að tilnefningu úrskurðarnefndar skv. 8. gr. hver um sig skotið málinu til úrlausnar nefndarinnar, í samræmi við ákvæði kjarasamninga aðila þar að lútandi.

3 Á sama hátt geta heildarsamtök sjómanna skotið til nefndarinnar ákvörðun fiskverðs í viðskiptum útgerðar við aðila sem ekki telst skyldur útgerðinni ef samningar um slíkt verð hafa ekki tekist innan fimm daga frá því að áhöfn skips óskaði slíkra samninga.

4 Útgerð og viðskiptaaðili hennar teljast skyld í þessu sambandi ef þau eru í eigu eða rekstri sama aðila eða ef sami aðili á meiri hluta beggja fyrirtækjanna, svo sem meiri hluta stofnfjár eða hlutafjár, eða fer með meiri hluta atkvæðisréttar í þeim báðum eða hefur með öðrum hætti raunveruleg yfirráð þeirra beggja. Sama á við ef annað fyrirtækið hefur raunveruleg yfirráð yfir hinu með eignaraðild, atkvæðisrétti eða með öðrum hætti.

10. gr.

1 Úrskurðarnefnd skal ákvarða fiskverð til uppgjörs á aflahlut sjómanna í þeim tilvikum sem til hennar er skotið skv. 9. gr. Gildir ákvörðunin eingöngu um fiskverð gagnvart áhöfn þess skips sem málskotið varðar en ekki gagnvart áhöfnum annarra skipa sömu útgerðar. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í málum sem skotið er til hennar af Verðlagsstofu skiptaverðs gildir um verð í öllum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar, sbr. þó 3. mgr. Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð í viðskiptum milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr., gildir um verð í öllum slíkum viðskiptum á gildistíma ákvörðunar.

2 Ákvörðun nefndarinnar nær til verðs fyrir afla sem landað er eftir að málinu var skotið til hennar ef ákvörðun varðar viðskipti milli skyldra aðila, sbr. 2. mgr. 9. gr., en til verðs fyrir afla sem landað er eftir að ákvörðun nefndarinnar er tilkynnt aðilum, en þó aldrei síðar en sjö dögum eftir að málinu var skotið til hennar, ef hún varðar kæru frá Verðlagsstofu skiptaverðs, sbr. 1. mgr. 9. gr., eða viðskipti milli óskyldra aðila, sbr. 3. mgr. 9. gr. Nefndin ákveður sjálf hversu lengi ákvörðun hennar skuli gilda. Þó skal hún aldrei gilda lengur en í þrjá mánuði.

3 Ákvörðun nefndarinnar um fiskverð gildir ekki þegar afli er seldur á innlendum eða erlendum uppboðsmörkuðum.

11. gr.

1 Úrskurðarnefnd skal við ákvörðun sína taka mið af upplýsingum sem Verðlagsstofa [skiptaverðs][1)] hefur safnað.

2 Nefndin skal við ákvörðun sína taka mið af því fiskverði sem algengast er við sambærilega ráðstöfun afla. Skal í því sambandi tekið mið af verði í nærliggjandi byggðarlögum fyrir sambærilegan fisk að stærð og gæðum. Þá skal nefndin taka tillit til líklegrar þróunar afurðaverðs. Varði ákvörðun nefndarinnar fiskverð í skiptum óskyldra aðila skal og taka tillit til heildarráðstöfunar á afla skips.

[1)] *L. 82/2024, 4. gr.*

12. gr.

1 Úrskurðarnefnd skal fela Verðlagsstofu skiptaverðs að leita upplýsinga hjá útgerð og áhöfn og þeim aðilum er um ræðir í 4. og 5. gr. um öll þau atriði sem máli kunna að skipta varðandi úrlausn í tilteknu máli.

13. gr.

1 Þegar eftir að máli er skotið til úrskurðar skulu þeir nefndarmenn, sem tilnefndir eru af heildarsamtökum sjómanna og útvegsmanna, taka málið til umfjöllunar. Nái þeir ekki samkomulagi um ákvörðun fiskverðs innan 14 daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra aðila en innan sjö daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra skal málið tekið fyrir í fullskipaðri nefnd og skal hún kveða upp úrskurð innan sjö daga ef málið varðar fiskverð í viðskiptum skyldra en innan fjögurra daga varði málið kæru Verðlagsstofu skiptaverðs eða viðskipti óskyldra.

2 Samkomulagi nefndarinnar um fiskverð skulu fylgja forsendur þess en úrskurður fullskipaðrar nefndar skal vera rökstuddur.

14. gr.

1 Þegar úrskurður er kveðinn upp ræður afl atkvæða úrslitum í úrskurðarnefnd. Um hæfi nefndarmanna til meðferðar einstaks máls og málsmeðferð að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga, nr. 37/1993, eftir því sem við getur átt.

15. gr.

1 Ákvörðun úrskurðarnefndar um fiskverð, hvort sem hún byggist á samkomulagi eða úrskurði, er bindandi gagnvart útgerð og allri áhöfn skips á gildistíma hennar og er óheimilt að semja um annað fiskverð við einstaklinga í áhöfn. Skal ákvörðun nefndarinnar lögð til grundvallar fyrir dómi, nema svo sé ástatt sem um er rætt í 2. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989, um samningsbundna gerðardóma. Hafi skip landað afla hjá aðila er telst skyldur útgerð eftir að máli var skotið til nefndarinnar en áður en úrskurður er upp kveðinn getur nefndin úrskurðað um aflahlut áhafnar vegna þess afla. Er sá úrskurður aðfararhæfur, sbr. 1. mgr. 13. gr. laga nr. 53/1989.

16. gr.

1 Stöðvi útgerð rekstur skips eða breyti útgerðarháttum þess í verulegum atriðum á gildistíma úrskurðar skal það tilkynnt áhöfn skriflega með a.m.k. 10 daga fyrirvara. Er útgerð skylt að greiða áhöfn bætur fyrir skertan aflahlut fyrir þann tíma sem eftir lifir af gildistíma úrskurðar. Skulu þær nema áætluðum aflahlut einstakra skipverja miðað við óbreytta útgerðarhætti að frádregnum greiðslum sem í stað aflahlutar kunna að hafa komið.

2 Við áætlun aflahluta skv. 1. mgr. skal taka mið af fyrri veiðum skips og afla hliðstæðra skipa sem stunda sambærilegar veiðar á þeim tíma er bæturnar varða.

3 Ákvæði 1. mgr. eiga ekki við ef óviðráðanlegar ástæður valda því að útgerð stöðvar rekstur skips eða breytir útgerðarháttum þess.

III. KAFLI.

Ýmis ákvæði.

17. gr.

1 [Á starfsmönnum Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefndarmönnum hvílir þagnarskylda skv. X. kafla stjórnsýslulaga.][1)] Þagnarskylda gildir þó ekki gagnvart fiskverði sem úrskurðað er skv. II. kafla eða almennum upplýsingum skv. 3. gr.

[1)]L. 71/2019, 5. gr.

18. gr.

1 Kostnaður af Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna greiðist úr ríkissjóði. Þó skulu heildarsamtök útvegsmanna og sjómanna hver um sig bera kostnað af þeim fulltrúum sem hlutaðeigandi samtök hafa tilnefnt til setu í úrskurðarnefndinni.

19. gr.

1 Lög þessi öðlast gildi 1. júní 1998. …

Ákvæði til bráðabirgða.

1 Sjávarútvegsráðherra skal fyrir lok fiskveiðiársins 1998/1999 láta kanna hvaða áhrif lögin hafi haft á íslenskan sjávarútveg, sérstaklega stöðu og möguleika einstaklingsútgerðarinnar. Skal ráðherra fyrir árslok 1999 leggja fyrir Alþingi skýrslu þar sem niðurstöður könnunar verði birtar.

Lög
nr. 34/1991, um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

1. gr.

Lög þessi gilda um hvers kyns fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi nema annað leiði af ákvæðum annarra laga eða reglum settum samkvæmt þeim.

2. gr.

Í lögum þessum hafa eftirfarandi orð merkingu sem hér segir:

Erlendur aðili: Einstaklingur, búsettur erlendis, án tillits til ríkisfangs, félag, stofnun, sjóður eða annar lögaðili, sem á heimili erlendis, erlent ríki og ríkisfyrirtæki, svo og atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum. Einstaklingur telst búsettur erlendis ef hann á lögheimili erlendis eða á þar heimili samkvæmt skilgreiningu [laga um lögheimili og aðsetur].[1)] Lögaðili telst eiga heimili erlendis ef hann er skráður til heimilis erlendis eða telur heimili sitt erlendis samkvæmt samþykktum sínum.

Íslenskt atvinnufyrirtæki: Atvinnufyrirtæki sem er með atvinnurekstur hér á landi og á heimili hér á landi, án tillits til þess hvernig rekstrarformi og eignarhaldi viðkomandi atvinnufyrirtækis er háttað. Atvinnufyrirtæki telst eiga heimili hér á landi ef það er skráð hér á landi, ef það telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn þess er hér á landi.

Atvinnufyrirtæki undir erlendum yfirráðum: Íslenskt atvinnufyrirtæki þar sem erlendur aðili eða aðilar eiga meiri hluta fyrirtækisins, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, eða fara með meiri hluta atkvæðisréttar eða hafa með öðrum hætti raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi atvinnufyrirtæki.

Fjárfesting: Fjárframlag eða annað framlag til eigin fjár atvinnufyrirtækis eða kaup á eignarhlut sem fyrir er í atvinnufyrirtæki.

Erlend fjárfesting: Fjárfesting erlends aðila í atvinnurekstri hér á landi, án tillits til þess hvort um er að ræða nýtt framlag eða endurfjárfestingu á úthlutuðum arði eða hlut eða söluandvirði vegna fyrri fjárfestingar hér á landi.

[*Kerfisáhætta:* Þegar samspil fjármálakerfis og þjóðarbúskapar felur í sér hagsveiflumögnun, fjármálafyrirtæki verða viðkvæm fyrir aðgerðum annarra aðila og hætta er á atburðarás sem getur ógnað fjármálastöðugleika með tilheyrandi neikvæðum áhrifum á þjóðarbúskapinn.][2)]

[1)]L. 80/2018, 20. gr. [2)]L. 57/2014, 1. gr.

3. gr.

[Erlendum aðilum er heimilt að fjárfesta í atvinnurekstri hér á landi með þeim takmörkunum sem í þessum lögum eða sérlögum greinir og að uppfylltum öðrum skilyrðum og fengnum tilskildum leyfum lögum samkvæmt.][1)]

[1)]L. 121/1993, 1. gr.

4. gr.

[Fjárfesting erlendra aðila í atvinnurekstri hér á landi er háð eftirfarandi takmörkunum:

1. Eftirtaldir aðilar mega einir stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt lögum um rétt til veiða í efnahagslögsögu Íslands eða eiga og reka fyrirtæki til vinnslu sjávarafurða hér á landi:

a. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar.

b. Íslenskir lögaðilar sem að öllu leyti eru í eigu íslenskra aðila eða íslenskra lögaðila sem uppfylla eftirfarandi skilyrði:

i. Eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

ii. Eru ekki í eigu erlendra aðila að meira leyti en 25% sé miðað við hlutafé eða stofnfé. Fari eignarhlutur íslensks lögaðila í lögaðila, sem stundar veiðar í efnahagslögsögu Íslands eða vinnslu sjávarafurða hér á landi, ekki yfir 5% má eignarhlutur erlendra aðila þó vera allt að 33%.

iii. Eru að öðru leyti í eigu íslenskra ríkisborgara eða íslenskra lögaðila sem eru undir yfirráðum íslenskra aðila.

Með vinnslu sjávarafurða í 1. mgr. þessa töluliðar er átt við frystingu, söltun, herslu og hverja aðra þá verkun sem ver fisk og aðrar sjávarafurðir skemmdum, þar með taldar bræðsla og mjölvinnsla. Til vinnslu í þessu sambandi telst hins vegar ekki reyking, súrsun, niðursuða, niðurlagning og umpökkun afurða í neytendaumbúðir eða frekari vinnsla afurða til að gera þær hæfari til dreifingar, neyslu eða matreiðslu.

2. Íslenskir ríkisborgarar og aðrir íslenskir aðilar mega einir eiga virkjunarréttindi vatnsfalla og jarðhita önnur en til heimilisnota. Sama á við um fyrirtæki sem stunda orkuvinnslu og orkudreifingu. [Sama rétt hafa einstaklingar sem búsettir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum og lögaðilar sem heimilisfastir eru í öðru aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, öðru aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.][1)] Heimilt skal að kveða svo á í fjárfestingarsamningum milli Íslands og ríkja utan Evrópska efnahagssvæðisins að einstaklingar sem þar eru búsettir eða lögaðilar sem þar eru heimilisfastir hafi einnig sama rétt, enda verði slíkir samningar lagðir fyrir Alþingi til staðfestingar með þingsályktun.

Erlendum aðila, sem öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna, er heimilt að nýta jarðhita til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni innan þeirra takmarkana sem fram koma í orkulögum.

3. …[2)]

4. Fjárfesting erlends ríkis, sveitarfélags eða annars erlends stjórnvalds í atvinnurekstri hér á landi er óheimil nema með sérstöku leyfi [ráðherra].[3)]

5. Erlendum aðila er heimilt að öðlast eignarrétt og afnotarétt yfir fasteign til beinnar notkunar í atvinnustarfsemi sinni samkvæmt ákvæðum laga um eignarrétt og afnotarétt fasteigna.

[2] Með íslenskum aðila er í þessari grein átt við ríkissjóð og sveitarfélög, svo og stofnanir, fyrirtæki og sjóði hér á landi í fullri eigu þeirra, íslenska ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi og lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu opinberra aðila hér á landi, íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi eða annarra lögaðila sem eiga heimili hér á landi og eru að öllu leyti í eigu íslenskra ríkisborgara sem eiga lögheimili hér á landi. Með íslenskum lögaðila er í þessari grein átt við lögaðila með heimili hér á landi án tillits til þess hvernig rekstrarformi eða eignarhaldi er háttað. Lögaðili telst eiga heimili hér á landi ef hann er skráður hér á landi, ef hann telur heimili sitt hér á landi samkvæmt samþykktum sínum eða ef raunveruleg framkvæmdastjórn hans er hér á landi. Með íslenskum lögaðila undir yfirráðum íslenskra aðila er í þessari grein átt við íslenskan lögaðila þar sem íslenskir aðilar eiga meiri hluta hans, svo sem meiri hluta hlutafjár eða stofnfjár, og hafa meiri hluta atkvæðisréttar og hafa raunveruleg yfirráð yfir viðkomandi lögaðila.][4)]

[1)]L. 108/2006, 95. gr. [2)]L. 80/2022, 260. gr. [3)]L. 126/2011, 156. gr. [4)]L. 46/1996, 1. gr.

[5. gr.

[1] Telji stjórnendur fyrirtækis sem starfar hér á landi og rétt hefur til að stunda fiskveiðar í efnahagslögsögu Íslands, stjórnendur fiskvinnslufyrirtækis eða stjórnendur íslensks lögaðila sem á með beinum eða óbeinum hætti hlut í slíku fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki að farið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. um hámark erlendrar fjárfestingar og innlend yfirráð í

íslenskum lögaðila sem með beinum eða óbeinum hætti á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki skal viðkomandi þá þegar senda [ráðuneytinu][1)] tilkynningu þar að lútandi. Ráðuneytið skal þá afla upplýsinga frá hlutaðeigandi lögaðila um það hverjir eigendur hans eru, atkvæðamagn hvers þeirra, stjórnarmenn og önnur atriði sem máli þykja skipta varðandi raunveruleg yfirráð hans. Ráðherra getur að eigin frumkvæði óskað eftir slíkum upplýsingum ef grunsemdir eru um brot gegn ákvæði þessu. Ráðuneytinu skal senda þær upplýsingar sem það óskar eftir innan fjögurra vikna frá því að beiðni þess berst. …[2)]

2 Telji [ráðherra][2)] að fjárfesting eða yfirráð séu með þeim hætti að gengið sé gegn ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. skal [ráðherra][3)] með úrskurði skylda hlutaðeigandi lögaðila til að selja þann eignarhlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki eða, ef um það er að ræða, þá hlutdeild í lögaðila sem á hlut í fiskveiðifyrirtæki eða fiskvinnslufyrirtæki sem ekki er samræmanlegur ákvæðum 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Söluskylda samkvæmt þessari málsgrein takmarkast við þann eignarhlut eða hluta eignarhlutar sem varð til þess að erlend fjárfesting fór fram úr þeim mörkum sem greinir í 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. Við úrlausn þess skal miðað við það hvenær tilkynning um eigendaskipti barst viðkomandi lögaðila. Ef ekki er orðið við slíkri skyldu innan fjögurra vikna skal með eignarhlutinn fara skv. 4. og 5. mgr.

3 Ef erlendur aðili eignast hlut í fiskveiðifyrirtæki, fiskvinnslufyrirtæki eða fiskiskipi með samningum til lúkningar veðskuldar sem veðhafi við útgáfu uppboðsafsals, með erfðum eða á annan hátt skal hann selja hlutinn svo fljótt sem verða má og eigi síðar en tólf mánuðum eftir að hluturinn komst í eigu hans. Ef ekki hefur orðið af slíkri sölu innan tólf mánaða skal fara með eignarhlutinn skv. 4. og 5. mgr.

4 Eigi sala á eignarhlut, sem skylt er að selja skv. 2. mgr., sér ekki stað innan fjögurra vikna eða skv. 3. mgr. innan tólf mánaða skal afhenda [ráðherra] 3) hlutabréfin eða skilríki fyrir eignarhlutnum ásamt undirrituðu söluumboði. Hann skal þá fela óháðu, íslensku verðbréfafyrirtæki, sem heimilt væri skv. b-lið 1. tölul. 1. mgr. 4. gr. að eiga slíkan hlut, að selja þann eignarhlut sem um ræðir til aðila sem uppfyllir skilyrði laganna. Skal verðbréfafyrirtækið eftir það annast söluna og fara með eignarhlutinn þar til sala hefur tekist. Skal verðbréfafyrirtækið gæta fjárhagslegra hagsmuna eiganda við þá sölumeðferð, þar með talið við ákvörðun um tímasetningu á sölu. Nú selur verðbréfafyrirtækið eignarhlutinn og er eigandi hans þá bundinn við söluna. Þóknun fyrir umsýslu og sölu eignarhlutarins skal greiða af söluandvirði eða arði samkvæmt almennum venjum á verðbréfamarkaði.

5 Skili eigandi eða umráðaaðili eignarhlutar ekki hlutabréfum eða skilríki fyrir eignarhlut, sbr. 4. mgr., falla öll réttindi samkvæmt eignarhlutnum niður, þar með talin atkvæðisréttur, áskriftarréttur að nýjum hlutum og réttur til greiðslu arðs, þar til skil hafa verið gerð.

6 Hafi sala skv. 3. mgr. eigi tekist innan sex mánaða frá því að verðbréfafyrirtækið tók eignarhlutinn til umsýslu og sölumeðferðar er ráðherra heimilt að fenginni ósk verðbréfafyrirtækisins eða eiganda hans að veita viðbótarfrest í sex mánuði ef líkur eru taldar á frjálsri sölu innan þess frests. Að öðrum kosti er ráðherra rétt að krefjast nauðungarsölu á eignarhlutnum án undangengins dóms, sáttar eða aðfarar.

7 Ákvæði 1.–6. mgr. eiga með samsvarandi hætti við þegar gengið er gegn ákvæðum 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr.][4)]

[1)]L. 126/2011, 156. gr. [2)]L. 57/2014, 2. gr. [3)]L. 98/2009, 14. gr. [4)]L. 46/1996, 2. gr.

[6. gr. …[1)]][2)]

[1)]L. 81/2001, 1. gr. [2)]L. 46/1996, 2. gr.

[7. gr.][1)]

1 [[Tilkynna ber ráðherra erlenda fjárfestingu á þeim sviðum þar sem sérstakar takmarkanir gilda, sbr. 1.–3. tölul. 1. mgr. 4. gr., jafnskjótt og samningur eða ákvarðanir þar að lútandi liggja fyrir.][2)] Tilkynningarskyldan tekur bæði til fjárfestingar erlends aðila í atvinnufyrirtæki sem hann hefur ekki átt í áður og viðbótarfjárfestingar í slíku fyrirtæki. Tilkynningu skulu fylgja afrit eða ljósrit af skjölum eða gögnum sem málið varða og nauðsynleg teljast að mati ráðherra. Sé um að ræða erlenda fjárfestingu í íslensku atvinnufyrirtæki hvílir tilkynningarskyldan á viðkomandi atvinnufyrirtæki, en sé um að ræða fyrirhugaða atvinnustarfsemi hér á landi í eigin nafni erlends aðila hvílir tilkynningarskyldan á honum.

2 [Tilkynningarskylda hvað varðar 2. og 3. tölul. 1. mgr. 4. gr. gildir þó ekki um einstaklinga eða lögaðila þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga, [eða um þá sem eru búsettir][3)] í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.][2)]

3 [Ráðherra][4)] hefur rétt til upplýsingaöflunar og athugana vegna fjárfestingar erlendra aðila. Heimilt er [ráðherra][4)] að fela ríkisstofnun að annast slíka upplýsingaöflun og athuganir.][5)]

[1)]L. 46/1996, 2. gr. [2)]L. 57/2014, 3. gr. [3)]L. 138/2019, 1. gr. [4)]L. 98/2009, 14. gr. [5)]L. 46/1996, 3. gr.

[8. gr.][1)]

1 [Erlendum aðila, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal frjálst að flytja í því skyni til landsins erlendan gjaldmiðil, enda sé slíkur fjármagnsflutningur tilkynntur samkvæmt lögum og reglum um gjaldeyrisviðskipti.][2)] Um skilaskyldu slíks gjaldmiðils skal fara samkvæmt almennum reglum. Sé um að ræða erlendan gjaldmiðil sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna gengisskráningu á skal hinn erlendi aðili eiga rétt á að fá hinum erlenda gjaldmiðli skipt í íslenskar krónur.

[1)]L. 46/1996, 2. gr. [2)]L. 46/1996, 4. gr.

[9. gr.][1)]

1 Erlendur aðili, sem fjárfestir í atvinnurekstri hér á landi, skal eiga rétt á að fá yfirfært í hvern þann erlenda gjaldmiðil, sem Seðlabanki Íslands annast reglubundna skráningu á, móttekinn arð eða annan hagnaðarhlut og söluandvirði fjárfestingar.

[1)]L. 46/1996, 2. gr.

[10. gr.][1)]

1 Í íslenskum atvinnufyrirtækjum skulu framkvæmdastjórar og meiri hluti stjórnarmanna vera búsettir hér á landi óháð eignarhlut, atkvæðisrétti eða öðrum yfirráðum erlendra aðila. [[Búsetuskilyrði gildir þó ekki um ríkisborgara þeirra ríkja sem eru aðilar að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið, aðilar að stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu eða um Færeyinga, [eða um þá sem eru][2)] búsettir í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum.][3)] [Ráðherra][4)] getur veitt ríkisborgurum annarra ríkja undanþágu frá þessu ákvæði.][5)]

2 [Nú geyma sérlög um tiltekna fjárfestingu hér á landi, sem í gildi eru við gildistöku laga þessara, skilyrði um íslenskt ríkisfang stjórnarmanna eða búsetu þeirra hér á landi, og skulu þá ríkisborgarar þeirra ríkja sem aðild eiga að samningnum um Evrópska efnahagssvæðið eða stofnsamningi Fríverslunarsamtaka Evrópu og Færeyingar [og þeir][2)] sem búsettir eru í aðildarríki samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða Færeyjum teljast uppfylla ríkisfangs- og búsetuskilyrði slíkra laga.][3)]

[1)]L. 46/1996, 2. gr. [2)]L. 138/2019, 2. gr. [3)]L. 108/2006, 96. gr. [4)]L. 98/2009, 14. gr. [5)]L. 121/1993, 4. gr.

[11. gr.][1)]

1 [Ráðherra][2)] fer með leyfisveitingar samkvæmt lögum þessum og annast eftirlit með framkvæmd þeirra að svo miklu leyti sem tiltekið eftirlit eða leyfisveitingar eru ekki samkvæmt ákvæðum laganna faldar öðrum.

2 [Ráðherra][3)] getur bannað erlendum aðila fjárfestingu í atvinnurekstri hér á landi ef hann hefur verið sviptur réttindum til atvinnurekstrar með dómi í öðru ríki.

[1)]L. 46/1996, 2. gr. [2)]L. 126/2011, 156. gr. [3)]L. 98/2009, 14. gr.

[12. gr.][1)]

1 […[2)]

2 [Nú telur ráðherra að tiltekin erlend fjárfesting ógni öryggi landsins eða gangi gegn allsherjarreglu, almannaöryggi eða almannaheilbrigði eða ef upp koma alvarlegir efnahagslegir, þjóðfélagslegir eða umhverfislegir erfiðleikar í sérstökum atvinnugreinum eða á sérstökum svæðum, sem líklegt er að verði viðvarandi, og getur hann þá stöðvað slíka fjárfestingu, enda kunngjöri hann ákvörðun sína innan átta vikna frá því að honum berst vitneskja um hlutaðeigandi fjárfestingu.][2)] Þegar um er að ræða fjárfestingu aðila frá ríki innan Evrópska efnahagssvæðisins skal gætt ákvæða 112. og 113. gr. samningsins um Evrópska efnahagssvæðið, sbr. lög nr. 2/1993. [Þegar um er að ræða fjárfestingu frá aðila aðildarríkis stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu skal gætt ákvæða 40. og 41. gr. í stofnsamningnum.][3)]

3 [Ráðherra er heimilt að stöðva erlenda fjárfestingu í kerfislega mikilvægum fyrirtækjum þegar slík fjárfesting felur í sér kerfisáhættu.

4 Ráðherra er heimilt að stöðva erlenda fjárfestingu skv. 2. og 3. mgr. á grundvelli ábendinga þar til bærra aðila.][2)]

5 [Ráðherra getur bundið erlenda fjárfestingu skilyrðum í því skyni að koma í veg fyrir að hún geti ógnað öryggi landsins, gengið gegn allsherjarreglu, almannaöryggi o.s.frv., sbr. 2. mgr. Áður skal ráðherra veita hlutaðeigandi fjárfesti tækifæri til að tjá sig um möguleg skilyrði og framlengist þá tímafrestur skv. 1. málsl. 2. mgr. sem nemur þeim fresti sem hlutaðeigandi fjárfesti er veittur til að koma að sjónarmiðum sínum.][4)]

6 [Ráðherra][5)] skal á fyrri hluta hvers árs flytja Alþingi skýrslu um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri hérlendis næsta ár á undan. Í henni skulu m.a. koma fram upplýsingar um aðgerðir stjórnvalda til að auka fjárfestingu erlendra aðila hér á landi, um fjárfestingu erlendra aðila og heildarfjárfestingu eftir atvinnugreinum og um beitingu öryggisákvæðis skv. 2. mgr. og úrræða stjórnvalda skv. 5. gr.

7 [Ef brotið er gegn skilyrðum sem ráðherra hefur sett á grundvelli 5. mgr. er ráðherra heimilt að taka ákvörðun um að hlutaðeigandi erlend fjárfesting skuli ganga til baka að viðlögðum dagsektum, eftir að hafa skorað á hlutaðeigandi að bæta úr broti. Dagsektum skal fylgja lögveð í réttindum hlutaðeigandi fjárfestis í því atvinnufyrirtæki sem fjárfestingin varðar. Ráðherra getur enn fremur af þessum sökum lýst atkvæðisrétt fjárfestis í viðkomandi atvinnufyrirtæki óvirkan. Þá getur ráðherra af sömu ástæðum krafist innlausnar á eignum og réttindum fjárfestis í viðkomandi atvinnufyrirtæki, en náist ekki samkomulag um innlausnarverð skal fara um mat og greiðslu bóta eftir lögum um framkvæmd eignarnáms. Ráðherra getur neytt fleiri en eins framangreindra úrræða hvort heldur samtímis eða hvers á fætur öðru.][4)]][6)]

[1)]L. 46/1996, 2. gr. [2)]L. 57/2014, 4. gr. [3)]L. 76/2002, 40. gr. [4)]L. 17/2022, 5. gr. [5)]L. 98/2009, 14. gr. [6)]L. 46/1996, 6. gr.

[13. gr.][1)]

1 [Ráðherra][2)] getur með reglugerð sett nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara.

[1)]L. 46/1996, 2. gr. [2)]L. 98/2009, 14. gr.

[14. gr.][1)]

Brot gegn ákvæðum laga þessara og reglum settum samkvæmt þeim varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum.

…[2)]

[1)]L. 46/1996, 2. gr. [2)]L. 88/2008, 233. gr.

[15. gr.][1)]

Lög þessi öðlast þegar gildi.

[1)]L. 46/1996, 2. gr.

Ákvæði til bráðabirgða.

I. …

[II. …][1)]

[1)]L. 46/1996, 7. gr.

[III.

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. málsl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.][1)]

[1)]L. 66/2022, 4. gr.

Lög

nr. 68/1981, um aðild Íslands að samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.

1. gr.

1 Ríkisstjórninni er heimilt að fullgilda fyrir Íslands hönd samning frá 18. nóvember 1980 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

2. gr.

1 [Ráðherra][1)] er heimilt að setja reglur[2)] um framkvæmd samningsins.

[1)]L. 126/2011, 93. gr. [2)]Í lagasafni er tilgreindar eftirfarandi reglugerðir sem þegar eru fallnar úr gildi: Rg. 263/1970 (um alþjóðlegt fiskveiðieftirlit utan landhelgi og fiskveiðilögsögu), augl. 222/1971 (um bann við síldveiði með herpinót á svæði í hafinu suður af Írlandi og vestur af Englandi) og rg. 181/1976 (um takmörkun á síldveiðum íslenskra skipa í Norðursjó, Skagerak og á svæði VI (a) vestan Skotlands).

3. gr.

1 Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 2. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

2 Ennfremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

3 Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

4 [Kyrrsetja skal][1)] skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

5 Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

6 …[2)]

[1)]L. 19/1991, 195. gr. [2)]L. 88/2008, 233. gr.

4. gr.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi. …

Fylgiskjal.

Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðaustur-Atlantshafi.[1)]

[1)]Samningurinn er ekki birtur hér en upphaflegu úthaflegu útgáfuna er að finna í Lagasafni 1995, bls. 950–953. Breytingar voru gerðar á samningnum 2006 og tóku þær gildi 29. október 2013. Allar uppfærslur á samningnum er að finna á vefsvæði NEAFC (https://www.neafc.org/basictexts)

Lög

nr. 48/1979, um framkvæmd samnings um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.

1. gr.

1 [Ráðherra][1] er heimilt að setja reglur[2] um framkvæmd samnings frá 24. október 1978 um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi. Samningurinn er prentaður sem fylgiskjal með lögum þessum.

[1]L. 126/2011, 82. gr. [2]Í lagasafni er tilgreind eftirfarandi reglugerð sem þegar er fallin úr gildi: Rg. 161/1975 (um takmörkun á loðnuveiðum íslenskra skipa í Norðvestur-Atlantshafi).

2. gr.

1 Brot á reglum sem settar verða samkvæmt 1. gr. laga þessara skulu varða sektum 2000–40.000 gullkrónum, sbr. lög nr. 4 11. apríl 1924.

2 Enn fremur er heimilt að gera afla og veiðarfæri upptæk.

3 Auk þess má láta brot varða skipstjóra fangelsi allt að 6 mánuðum þegar sakir eru miklar eða þegar um ítrekað brot er að ræða.

4 [Kyrrsetja skal][1] skip, sem staðið er að meintum ólöglegum veiðum, þegar er það kemur til hafnar, og er eigi heimilt að láta það laust fyrr en dómur hefur verið kveðinn upp í máli ákæruvaldsins gegn skipstjóra skipsins eða máli hans lokið á annan hátt og sekt og kostnaður greiddur að fullu. Þó er heimilt að láta skip laust fyrr ef sett er bankatrygging, eða önnur trygging jafngild að mati dómara, fyrir greiðslu sektarinnar og málskostnaðar.

5 Til tryggingar greiðslu sektar samkvæmt þessari grein og kostnaðar skal vera lögveð í skipinu.

6 …[2]

[1]L. 19/1991, 195. gr. [2]L. 88/2008, 233. gr.

3. gr.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi. …

Fylgiskjal.

Samningur um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar á Norðvestur-Atlantshafi.[1]

[1]Samningurinn er ekki birtur hér en upphaflega samninginn er að finna í Stjtíð. A 1979, bls. 161–188. Frá því að samningurinn tók gildi hefur honum verið breytt fjórum sinnum, 1. janúar 1980, 9. október 1987, 13. september 1996 og 18. maí 2017. Fyrstu þrjár breytingarnar breyttu sumum af mörkum undirsvæða, deilda og undirdeilda samningssvæðisins sem innihélt í I. viðauka samningsins. Fjórða (18. maí 2017) sett af breytingum var yfirgripsmikið, hönnuð til að nútímavæða NAFO, sérstaklega með því að innleiða vistkerfisnálgun við fiskveiðistjórnun. Fjórða sett breytinganna straumlínulagaði einnig ákvarðanatökuferli NAFO, styrkti skyldur samningsaðila, fánaríkja og hafnarríkja og kom á formlegu kerfi til að leysa deilumál.

Lög

nr. 112/2015, um Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna.

1. gr.

Rannsókna- og ráðgjafarstofnun.

1 Starfrækja skal sjálfstæða rannsókna- og ráðgjafarstofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, sem heyrir undir ráðherra.

2. gr.

Markmið.

1 Markmið með lögum þessum er að efla vísindalega þekkingu á umhverfi og lifandi auðlindum í hafi og ferskvatni og stuðla í senn að sjálfbærri og arðbærri nýtingu auðlindanna.

3. gr.

Forstjóri.

1 Ráðherra skipar forstjóra Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna til fimm ára í senn. Forstjóri skal hafa háskólamenntun á verkefnasviði stofnunarinnar.

2 Forstjóri ber ábyrgð á stjórn, rekstri og starfsskipulagi stofnunarinnar gagnvart ráðherra og gerir rekstraráætlanir fyrir hana. Forstjóri ræður annað starfsfólk.

4. gr.

Ráðgjafarnefnd.

1 Forstjóri hefur sér til ráðuneytis níu manna ráðgjafarnefnd sem ráðherra skipar til fjögurra ára í senn. Einn nefndarmaður skal skipaður án tilnefningar og er hann formaður, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra sem fer með umhverfismál, einn samkvæmt tilnefningu ráðherra menntamála, og skal sá valinn úr hópi háskólakennara eða annarra fræðimanna við háskólastofnun, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands fiskeldisstöðva, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands smábátaeigenda, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og einn samkvæmt sameiginlegri tilnefningu Sjómannasambands Íslands og Farmanna- og fiskimannasambands Íslands. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Forstjóri situr fundi með ráðgjafarnefnd.

2 Ráðgjafarnefndin skal funda einu sinni á ári og oftar ef þurfa þykir. Formaður ráðgjafarnefndar kveður hana saman til fundar.

3 Verkefni nefndarinnar er að vera forstjóra til ráðuneytis um langtímastefnumótun starfseminnar og vera tengiliður við hagsmunaaðila um fagleg málefni.

5. gr.

Hlutverk.

1 Hlutverk Hafrannsóknastofnunar skal vera sem hér segir:

1. Að afla með rannsóknum alhliða þekkingar á hafinu, ám og vötnum landsins og lífríki þeirra, með áherslu á hvernig nýta megi lifandi auðlindir með sjálfbærum hætti.
2. Að afla þekkingar um eðlis- og efnafræðilega eiginleika ferskvatns og sjávar umhverfis Ísland með tilliti til áhrifa á lífríkið.
3. Að afla þekkingar og viðhalda gagnagrunni um jarðfræði og eðliseiginleika landgrunnsins, áa og vatna, einkum með tilliti til sjálfbærra fiskveiða og sjálfbærrar nýtingar annarra lifandi auðlinda.

4. Að rannsaka lífsskilyrði og lifnaðarhætti gróðurs, dýrasvifs og botndýra, einkum vistfræðileg tengsl hinna ýmsu samfélaga og samhengi þeirra við nytjastofna í sjó og í ferskvatni.
5. Að treysta undirstöður vísindalegrar ráðgjafar um nýtingu og ræktun nytjastofna sjávar, áa og vatna.
6. Að gera tilraunir með og þróa veiðarfæri og veiðibúnað í þeim tilgangi að bæta hagkvæmni sóknar og koma í veg fyrir skaðleg áhrif veiða á lífríkið.
7. Að stunda rannsóknir sem miða að aukinni nýsköpun og fjölbreytni í öflun sjávarfangs og nýtingu ferskvatnsvistkerfa.
8. Að stunda rannsóknir á eldi í sjó og ferskvatni og veita ráðgjöf þar um.
9. Að rannsaka hvernig fiskeldi og fiskrækt megi best stunda í sátt við íslenska náttúru og villta stofna.
10. Að annast gegn gjaldi rannsóknir fyrir einstaklinga eða fyrirtæki á umhverfi eða lífríki í ám, vötnum og sjó, m.a. vegna framkvæmda.
11. Að annast aðrar rannsóknir og tengd verkefni sem ráðherra felur stofnuninni með reglugerð.
12. Að veita lögboðnar umsagnir og vera ráðuneyti og öðrum stjórnvöldum til ráðgjafar um málefni á verksviði stofnunarinnar.
13. Að veita stjórnvöldum og hagsmunaaðilum ráðgjöf og þjónustu varðandi sjálfbæra nýtingu á lifandi auðlindum í sjó og ferskvatni á grundvelli sjálfbærra viðmiða og nýtingarstefnu stjórnvalda.
14. Að veita ráðgjöf um lífríki áa, vatna og sjávar varðandi framkvæmdir og mannvirkjagerð.
15. Að leggja mat á og veita ráðgjöf um verndargildi vistkerfa og náttúruminja í ferskvatni og í sjó.
16. Að miðla upplýsingum til stjórnvalda, hagsmunaaðila og almennings um sjálfbærar nytjar á íslensku hafsvæði, í ám og vötnum, greina frá niðurstöðum rannsóknastarfseminnar og veita aðgang að gögnum stofnunarinnar eftir því sem tök eru á.
17. Að annast milliríkjasamstarf og erlend samskipti á fagsviði stofnunarinnar.
18. Að annast önnur verkefni sem ráðherra kann að fela stofnuninni.

6. gr.

Samstarf við háskóla og rannsóknastofnanir.

1 Hafrannsóknastofnun skal stuðla að virkum samskiptum og rækta samstarf við háskóla og rannsóknastofnanir á fagsviði sínu, m.a. með þátttöku nemenda í framhaldsnámi í rannsóknaverkefnum stofnunarinnar.

7. gr.

Fjármögnun.

1 Kostnaður við starfrækslu Hafrannsóknastofnunar greiðist af fjárveitingum úr ríkissjóði samkvæmt fjárlögum. Hafrannsóknastofnun aflar sér enn fremur tekna með sölu á þjónustu á verksviði stofnunarinnar, sbr. 5. gr., og með þjónustugjöldum fyrir úrvinnslu og afgreiðslu gagna. Gjaldtaka fyrir slíka þjónustu skal taka mið af kostnaði og byggjast á kostnaðargreiningu. Stofnunin skal gefa út gjaldskrá fyrir veitta þjónustu og afgreiðslu gagna samkvæmt þessari málsgrein sem ráðherra staðfestir og skal hún birt í B-deild Stjórnartíðinda. Einnig er stofnuninni heimilt að afla tekna með leigu tækja og búnaðar, sölu afla sem fellur til vegna rannsókna og sölu hlutdeildar í félögum, sbr. 8. gr. Þá getur stofnunin sótt um rannsókna- og þróunarstyrki jafnt innan lands sem utan og tekið við framlögum sem samrýmast hlutverki stofnunarinnar.

2 Þann hluta starfsemi Hafrannsóknastofnunar, sem rekinn er á viðskiptagrundvelli á samkeppnismarkaði, skal skilja fjárhagslega frá öðrum þáttum rekstrarins og skal endurgjald vegna hans taka mið af markaðsverði. Hafrannsóknastofnun setur viðmiðunargjaldskrá fyrir þessi verkefni. Sala á þjónustu samkvæmt þessari málsgrein skal byggjast á samningum.

8. gr.

Aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum.

1 Hafrannsóknastofnun er heimilt, að fengnu samþykki ráðherra, að eiga aðild að rannsókna- og þróunarfyrirtækjum, hvort heldur hlutafélögum eða öðrum félögum með takmarkaðri ábyrgð, er þrói hugmyndir og hagnýti niðurstöður rannsókna- og þróunarverkefna sem stofnunin vinnur að hverju sinni.

9. gr.

Reglugerðarheimild.

1 Ráðherra getur með reglugerð mælt nánar fyrir um starfsemi Hafrannsóknastofnunar og um aðra framkvæmd þessara laga.

10. gr.

Gildistaka.

1 Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2016. Frá sama tíma tekur til starfa ný stofnun, Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna. Við gildistöku þessara laga er Hafrannsóknastofnun lögð niður, en hún er starfrækt samkvæmt núgildandi lögum um rannsóknir í þágu atvinnuveganna, nr. 64/1965, en þau lög falla einnig úr gildi frá sama tíma. Enn fremur falla úr gildi lög um Veiðimálastofnun, nr. 59/2006, og er stofnunin lögð niður um leið. Hin nýja stofnun tekur við réttindum og skyldum þeirra stofnana sem lagðar eru niður.

Ákvæði til bráðabirgða.

1 Öll störf hjá Hafrannsóknastofnun og Veiðimálastofnun eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Öllum starfsmönnum Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar skal boðið starf hjá hinni nýju stofnun. Embætti forstjóra Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar eru lögð niður við gildistöku laga þessara. Bjóða skal forstjórunum starf hjá hinni nýju stofnun.

2 Starfsmenn Hafrannsóknastofnunar og Veiðimálastofnunar sem ráðnir verða til starfa hjá hinni nýju stofnun halda réttindum sem þeir hafa áunnið sér til námsleyfis og um lengdan uppsagnarfrest samkvæmt kjarasamningi Félags íslenskra náttúrufræðinga og fjármálaráðherra sem miðast við samfellt starf hjá sömu stofnun.

3 Um réttarstöðu starfsmanna og forstjóra fer eftir ákvæðum laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum. Ákvæði 7. gr. laga nr. 70/1996 gilda ekki um störf sem ráðið er í samkvæmt þessu ákvæði.

4 Er lög þessi hafa verið samþykkt er ráðherra heimilt, að undangenginni auglýsingu, að skipa forstjóra Hafrannsóknastofnunar og skal forstjórinn hafa heimild til að undirbúa starfsemi stofnunarinnar fyrir gildistöku laganna í samráði við ráðherra.

Lög
nr. 36/1992, um Fiskistofu.

I. KAFLI
1. gr.

1 Fiskistofa skal starfa að stjórnsýsluverkefnum á sviði sjávarútvegsmála, [lax- og silungsveiði, fiskræktar …[1] o.fl.],[2] svo sem nánar er kveðið á um í lögum þessum. Fiskistofa heyrir undir [ráðherra].[3]

[1] L. 49/2014, 22. gr. [2] L. 81/2008, 14. gr. [3] L. 126/2011, 165. gr.

2. gr.

1 Fiskistofa skal annast framkvæmd laga um stjórn fiskveiða og eftirlit með fiskveiðum, svo sem nánar er kveðið á um í lögum um það efni. [Einnig skal Fiskistofa annast stjórnsýslu og eftirlit samkvæmt lögum um lax- og silungsveiði, lögum um fiskrækt o.fl.][1] Fiskistofa skal annast söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála, [lax- og silungsveiði, fiskræktar …[2] o.fl.][1] sem og önnur verkefni sem stofunni verða falin með lögum eða ákvörðun ráðherra.

2 [Eftirlitsmönnum Fiskistofu er heimilt að nota fjarstýrð loftför í eftirlitsstörfum sínum sem eru búin myndavélum til upptöku eða annan fjarstýrðan búnað sem getur safnað upplýsingum. Fiskistofu er heimilt að vinna upplýsingar sem þannig er aflað í eftirlitstilgangi eða til söfnunar, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegsmála í samræmi við hlutverk stofnunarinnar. Skal gæta þess að einungis sé rafræn vöktun á þeim stöðum sem nauðsynlegt er talið vegna almannahagsmuna og til þess að eftirlitsmenn Fiskistofu geti uppfyllt eftirlitsskyldu sína. Fiskistofa skal tilkynna með opinberum hætti um fyrirhugað eftirlit með fjarstýrðum loftförum.

3 Persónuupplýsingum sem safnast við rafræna vöktun skal eytt þegar ekki er lengur málefnaleg ástæða til að varðveita þær en í síðasta lagi þegar heimild til að beita viðurlögum við háttsemi fellur niður. Verði eftirlitsmenn Fiskistofu áskynja um ætlað brot gegn lögum á sviði fiskveiðistjórnar í upplýsingum sem verða til við rafræna vöktun er stofnuninni heimilt að varðveita upplýsingarnar þar til máli telst lokið. Hafi máli lokið með beitingu stjórnsýsluviðurlaga telst því lokið þegar frestur til að höfða dómsmál er runninn út eða endanlegur dómur hefur fallið um það.

4 Fiskistofu er ekki heimilt að láta í té upplýsingar sem verða til við rafræna vöktun nema til lögreglu vegna rannsóknar á ætluðu broti.][3]

[1] L. 81/2008, 15. gr. [2] L. 49/2014, 22. gr. [3] L. 85/2022, 8. gr.

[2. gr. a.

1 Fiskistofu er heimil vinnsla persónuupplýsinga, þar á meðal upplýsinga sem verða til við rafrænt eftirlit og um eignarhald útgerðarfélaga og annarra upplýsinga sem stofnuninni berast og eru nauðsynlegar í þágu lögbundins eftirlits stofnunarinnar, í þeim tilgangi að sinna lögbundnu hlutverki sínu samkvæmt lögum á sviði fiskveiðistjórnar, að uppfylltum skilyrðum laga um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga.][1]

[1] L. 85/2022, 9. gr.

3. gr.

1 [Ráðherra skipar forstöðumann Fiskistofu, fiskistofustjóra, til fimm ára í senn.][1]

2 [Ráðherra][2] skal með reglugerð kveða nánar á um skipulag og starfsemi Fiskistofu.

[1] L. 83/1997, 144. gr. [2] L. 126/2011, 165. gr.

4. gr.

1 [Fiskistofa getur með heimild ráðherra, og að höfðu samráði við Hagstofu Íslands, falið öðrum tiltekna þætti við söfnun, úrvinnslu og útgáfu upplýsinga á sviði sjávarútvegs.][1)]

[1)]L. 144/1995, 15. gr.

II. kafli.
[**Gjaldtökuheimildir**.][1)]

[1)]L. 67/2015, 1. gr.

[5. gr.

Gjaldskrá Fiskistofu.

1 Ráðherra staðfestir, að fengnum tillögum Fiskistofu, gjaldskrá fyrir þjónustu og eftirlit sem Fiskistofu er falið að sinna samkvæmt lögum þessum, lögum um stjórn fiskveiða, lögum um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum um vinnslu afla um borð í skipum, lögum um lax- og silungsveiði, lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu og upplýsingalögum. Gjaldskrá skal birt í B-deild Stjórnartíðinda.

2 Heimilt er að innheimta gjöld fyrir eftirfarandi eftirlit og þjónustu:

1. úthlutun aflamarks á grundvelli 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða,
2. úthlutun aflamarks á grundvelli 10. gr. laga um stjórn fiskveiða,
3. móttöku tilkynninga vegna flutnings aflamarks og krókaaflamarks og erinda vegna staðfestingar á flutningi aflahlutdeilda og krókaaflahlutdeilda,
4. gerð þjónustusamninga vegna rafrænna tilkynninga um flutning aflamarks,
5. sendingu símskeyta og annarra tilkynninga um umframafla,
6. útgáfu vigtunarleyfa og úttektir á vigtunaraðstöðu,
7. úttektir á fiskmörkuðum erlendis og kostnað vegna eftirlitsmanna á slíkum mörkuðum,
8. kostnað vegna ferða eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipi erlendis,
9. úttektir á vinnsluskipum,
10. veru eftirlitsmanna um borð í skipum,
11. útgáfu veiði- og vinnsluvottorða,
12. …[1)]
13. útgáfu CITES-vottorða og -leyfa,
14. útgáfu leyfa til framkvæmda við ár og vötn,
15. sérvinnslu upplýsinga og aðgang að gagnasöf,
16. [yfirstöðu við vigtun.][2)]

3 Fyrir eftirlit og þjónustu samkvæmt þessari grein skal greitt gjald sem er ekki hærra en raunkostnaður til að standa straum af kostnaðarþáttum við veitingu þjónustu og eftirlits. Þannig skal við ákvörðun gjalda leggja til grundvallar kostnað vegna launa og launatengdra gjalda, ferðakostnað, kostnað vegna þjálfunar og endurmenntunar, aðkeyptrar sérfræðiþjónustu, húsnæðis, starfsaðstöðu, fjarskiptabúnaðar og tækja, stjórnunar og stoðþjónustu.][3)]

[1)]L. 85/2022, 10. gr. [2)]L. 48/2017, 3. gr. [3)]L. 67/2015, 1. gr.

[6. gr.

Gjald fyrir veiðileyfi.

1 Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni og veiðileyfa, sem veitt verða á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða, skal greiða 22.000 kr. [í ríkissjóð].[1)]

2 Við útgáfu leyfis til strandveiða skal, auk greiðslu fyrir leyfi skv. 1. mgr., greiða 50.000 kr. í strandveiðigjald. Fiskistofa innheimtir gjaldið [og rennur það í ríkissjóð].[1)] [Ráðherra skal á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum ákvarða fjárveitingu sem samsvarar tekjum af strandveiðigjaldi][1)] til þeirra hafna þar sem afla, sem fenginn er við strandveiðar, hefur verið landað. Eftir lok veiðitímabils skal Fiskistofa á grundvelli aflaupplýsingakerfis Fiskistofu greiða hverri höfn í hlutfalli við hlut viðkomandi hafnar í heildarafla sem fenginn er við strandveiðar á því tímabili, reiknað í þorskígildum.][2)]

[1)]L. 47/2018, 25. gr. [2)]L. 67/2015, 1. gr.

[7. gr.

Kostnaður vegna veru veiðieftirlitsmanna um borð í skipum.

1 Útgerð skips skal greiða fæði veiðieftirlitsmanna og sjá þeim endurgjaldslaust fyrir aðstöðu meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð í skipum sem stunda veiðar á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2 Auk kostnaðar skv. 1. mgr. skulu útgerðir skipa, sem hafa leyfi Fiskistofu til að vinna afla um borð, greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr., vegna eftirlits fyrir hvern dag eða hluta dags sem eftirlitsmaður er um borð. Sama gildir sé veiðieftirlitsmaður Fiskistofu um borð í fiskiskipi á kostnað útgerðar samkvæmt sérstakri heimild í lögum.

3 Hafi stjórnvöld, á grundvelli milliríkjasamnings eða með öðrum skuldbindandi hætti, samið um að eftirlit með veiðum fiskiskipa úr stofni, sem alfarið veiðist utan lögsögu Íslands, skuli vera með þeim hætti að um borð í hverju fiskiskipi skuli starfa eftirlitsmaður skulu útgerðir skipa, er stunda veiðar úr þeim stofni, auk kostnaðar skv. 1. mgr., greiða gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr., fyrir hvern dag er skipið stundar þær veiðar. Verði samið um minna eftirlit, þannig að veiðieftirlitsmaður verði við eftirlitsstörf um borð í hluta skipa, sem stunda veiðar úr viðkomandi stofni, skal hvert skip greiða gjald fyrir hvern dag sem skipið stundar þær veiðar, er nemur sama hlutfalli af daggjaldi skv. 1. málsl. og umsömdu hlutfalli skipa með eftirlitsmenn um borð. Skal gjaldið greitt af öllum skipum sem veiðarnar stunda án tillits til veru eftirlitsmanna um borð í einstökum skipum.][1)]

[1)]L. 67/2015, 1. gr.

8. gr.

Innheimta gjalda.

1 Fiskistofa annast innheimtu gjalda samkvæmt þessum kafla. Gjöldin skulu greidd samkvæmt reikningi sem gefinn skal út eftir að viðkomandi þjónusta eða eftirlit fer fram. Gjalddagi er við útgáfu reiknings og eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald greitt eftir eindaga reiknast dráttarvextir á greiðsluna frá gjalddaga í samræmi við lög um vexti og verðtryggingu. Innheimta má gjöld samkvæmt þessari grein með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Allar tekjur samkvæmt þessum kafla skulu renna óskiptar til Fiskistofu að frátöldum tekjum af [gjöldum skv. 6. gr.] [1)]

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. skulu gjöld fyrir veiðileyfi skv. 6. gr. greidd áður en leyfi er gefið út.] [2)]

[1)]L. 47/2018, 26. gr. [2)]L. 67/2015, 1. gr.

[9. gr.

Gagnsæi í störfum Fiskistofu.

1 Fiskistofa skal birta opinberlega ákvarðanir stofnunarinnar um sviptingu veiðileyfa og afturköllun vigtunarleyfa.][1)]

[1)]L. 85/2022, 11. gr.

…[1)]

[1)] *L. 67/2015, 1. gr.*

III. kafli.

13. gr.

 Lög þessi öðlast þegar gildi og koma til framkvæmda 1. september 1992. …

Ákvæði til bráðabirgða.

 [Fiskistofu er heimilt að eiga samstarf við útgerðaraðila um tímabundið verkefni um rafræna vöktun í fiskiskipum árin 2022, 2023 og 2024. Tilgangur verkefnisins skal vera prófun á tæknibúnaði við hagnýtingu rafræns eftirlits um borð í fiskiskipum, þ.e. notkun, eiginleikar og gæði myndefnis. Fiskistofa skal láta útgerðaraðila myndavélar í té vegna samstarfsins og skal eftirlitsmönnum Fiskistofu vera heimill aðgangur að þeim upplýsingum sem til verða við rafræna vöktun um borð, til söfnunar og úrvinnslu. Upplýsingar sem til verða við framkvæmd verkefnisins skulu einungis nýttar í samræmi við framangreindan tilgang verkefnisins en ekki í eftirlitsskyni. Fiskistofu er ekki heimilt að afhenda öðrum aðila þær upplýsingar sem safnast við framkvæmd verkefnisins nema það sé nauðsynlegt í þágu verkefnisins.][1)]

[1)] *L. 85/2022, 12. gr.*

Lög
nr. 30/2018, um Matvælastofnun.

1. gr.
Matvælastofnun.

1 Matvælastofnun er ríkisstofnun undir yfirstjórn ráðherra. Stofnunin fer með stjórnsýslu matvælamála samkvæmt lögum þessum og öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir.

2 Matvælastofnun skal með starfsemi sinni stuðla að neytendavernd, heilbrigði og velferð dýra, heilbrigði plantna og öryggi, heilnæmi og gæðum matvæla.

2. gr.
Hlutverk.

1 Hlutverk Matvælastofnunar er að:

a. fara með stjórnsýslu og eftirlit í samræmi við lög þessi og önnur lög, m.a. varðandi matvæli, dýraheilbrigði, dýravelferð, jarðrækt, fóður, sóttvarnir og viðbragðsáætlanir, fiskeldi, kjötmat, inn- og útflutningseftirlit …,[1)]

b. veita ráðherra ráðgjöf um þá málaflokka sem falla undir starfssvið stofnunarinnar, þ.m.t. aðstoð við stefnumótun, undirbúning laga og stjórnvaldsfyrirmæla og alþjóðlegt samstarf,

c. veita öðrum stjórnvöldum ráðgjöf og umsagnir um mál á starfssviði stofnunarinnar,

d. vinna að samræmingu og skilvirkni opinbers eftirlits á starfssviði sínu,

e. vinna að aðgengi fyrir íslenskar afurðir að erlendum mörkuðum,

f. veita hagsmunaaðilum og almenningi fræðslu um málefni á starfssviði stofnunarinnar.

[1)] *L. 84/2019, 18. gr.*

3. gr.
Skipulag o.fl.

1 Ráðherra skipar forstjóra Matvælastofnunar til fimm ára í senn. Hann ber ábyrgð á starfsemi og rekstri stofnunarinnar, mótar helstu áherslur, verkefni og starfshætti og annast daglega stjórn hennar.

2 Matvælastofnun skiptist í svið eftir viðfangsefnum. Forstjóri ræður sviðsstjóra yfir hvert svið. Ráðherra skipar þó sviðsstjóra yfir sérstöku sviði sem fer með málefni dýrasjúkdóma og varna gegn þeim og dýravelferðar. Sá sviðsstjóri skal vera dýralæknir að mennt og nefnast yfirdýralæknir. Hann er skipaður til fimm ára. Ráðherra setur honum erindisbréf með hliðsjón af þeim verkefnum sem yfirdýralækni eru sérstaklega falin í lögum. Yfirdýralæknir heyrir undir forstjóra. Forstjóri ræður annað starfsfólk nema annað sé tekið fram í lögum.

3 Matvælastofnun starfrækir umdæmisstofur sem sinna eftirlitsstörfum og ákveður ráðherra fjölda umdæma og mörk milli þeirra. Forstjóri ákveður staðsetningu umdæmisstofa og ræður dýralækni sem veitir hverri stofu forstöðu og fer með þau verkefni sem héraðsdýralækni eru falin með lögum.

4 Matvælastofnun starfrækir landamærastöðvar eftir þörfum til að hafa eftirlit með innflutningi búfjárafurða, sjávarafurða og lifandi ferskvatns- eða sjávardýra frá ríkjum utan Evrópska efnahagssvæðisins.

5 Matvælastofnun skal árlega gera áætlun um störf stofnunarinnar, birta skýrslu um starfsemi sína og setja stefnu um starfsemi sína og meginverkefni í samræmi við ákvæði laga um opinber fjármál.

6 Ráðherra setur í reglugerð[1)] nánari ákvæði um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar að fengnum tillögum forstjóra.

[1)]Rg. 646/2020 (um skipulag og starfsemi Matvælastofnunar).

4. gr.

Samstarfsráð.

1 Matvælastofnun skal hafa samvinnu og samráð við þá aðila, félög, samtök og stofnanir sem tengjast starfsemi hennar. Við stofnunina skal starfa samstarfsráð þar sem reglubundið samráð og miðlun upplýsinga á sér stað. Meðal annars skal leggja fram til umræðu í ráðinu áætlun skv. 3. gr. og kynna nýjar áherslur og fyrirhugaðar breytingar á starfi stofnunarinnar. Ráðherra skipar samstarfsráðið, ákveður fjölda fulltrúa og hverjir tilnefna þá auk Matvælastofnunar. Ráðið skal koma saman eigi sjaldnar en tvisvar á ári, en ráðherra setur í reglugerð[1)] nánari ákvæði um starfsemi þess.

[1)]Rg. 940/2019 (um samstarfsráð Matvælastofnunar).

5. gr.

Samningar við aðila um framkvæmd eftirlits.

1 Ráðherra getur ákveðið að Matvælastofnun skuli með samningi fela aðilum að annast afmarkaða hluta af lögbundnu eftirliti fyrir sína hönd. Ákvörðun um framsal eftirlits sem fellur undir gildissvið EES-samningsins skal þó tekin af Matvælastofnun.

2 Aðili skv. 1. mgr. skal eftir atvikum hafa fullnægjandi menntun, starfsréttindi eða viðeigandi faggildingu. Ráðherra skal með reglugerð mæla nánar fyrir um hvaða kröfur skuli gerðar hverju sinni til aðila sem fara með eftirlit.

3 Aðila skv. 1. mgr. verður ekki, nema á grundvelli lagaheimildar, falið að taka ákvörðun um innheimtu gjalda eða beitingu viðurlaga eða aðrar sambærilegar ákvarðanir um rétt eða skyldu þeirra sem eftirlit beinist að.

4 [Aðilar skv. 1. mgr. og starfsmenn þeirra eru bundnir þagnarskyldu skv. X. kafla stjórnsýslulaga.][1)]

5 Um samning skv. 1. mgr. fer eftir 40. gr. laga um opinber fjármál, nr. 123/2015, að því leyti sem strangari eða ítarlegri kröfur koma ekki fram í lögum þessum eða öðrum lögum sem stofnunin starfar eftir og mæla fyrir um eftirlit.

[1)]L. 71/2019, 5. gr.

6. gr.

Gildistaka.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi. …

[Lög
nr. 30/2018, um Matís.][1)]

[1)]*L. 71/2021, 31. gr.*

1. gr.
Matvælastofnun.

1 Ríkisstjórninni er heimilt að stofna hlutafélag …[1)] um rekstur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti, sbr. samstarfssamning milli Iðntæknistofnunar og Landbúnaðarháskólans, og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar.

2 Við stofnun félagsins skal allt hlutafé þess vera í eigu íslenska ríkisins og stofnfé ákveðið í fjárlögum.

[1)]*L. 71/2021, 28. gr.*

2. gr.

1 Tilgangur félagsins er að sinna rannsóknum og nýsköpun á sviði matvæla í þágu atvinnulífsins, lýðheilsu og matvælaöryggis og fjármálalegri umsýslu á grundvelli laga og reglugerða sem um þetta gilda, svo og að reka aðra skylda starfsemi.

2 Tilgangi og verkefnum félagsins skal nánar lýst í samþykktum þess. Heimilt er félaginu að stofna nýtt félag eða félög sem verði í eigu þess til að annast ákveðna þætti starfseminnar. Þá skal því einnig heimilt að standa að stofnun og gerast eignaraðili að öðrum félögum og fyrirtækjum.

3 Félaginu er heimilt að gera samninga við aðra aðila til að ná tilgangi sínum á sem hagkvæmastan hátt skv. 1. mgr.

3. gr.

1 Ákvæði laga um hlutafélög gilda um félagið ef ekki er kveðið á um annað í lögum þessum.

4. gr.

1 Stjórn félagsins skal skipuð [fimm fulltrúum].[1)] Þeir skulu kosnir á aðalfundi ár hvert. [Ráðherra][2)] fer með eignarhlut ríkissjóðs í félaginu.

[1)]*L. 71/2021, 29. gr.* [2)]*L. 126/2011, 432. gr.*

5. gr.

1 Þegar starfsemi Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti og rannsóknastofu Umhverfisstofnunar verður lögð niður, sbr. 1. gr., fer um réttindi og skyldur starfsmanna þeirra eftir lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, með síðari breytingum, og lögum nr. 72/2002, um réttarstöðu starfsmanna við aðilaskipti að fyrirtækjum, eftir því sem við á. Félagið skal bjóða störf öllum starfsmönnum framangreindra ríkisstofnana.

2 Um biðlaunarétt, sem kann að hafa fylgt störfum í framangreindum ríkisstofnunum, gilda ákvæði laga nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins.

6. gr.

1 Starfsmaður Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins, Matvælarannsókna Keldnaholti eða rannsóknastofu Umhverfisstofnunar, sem hefur áunnið sér rétt til lífeyrisgreiðslna skv. 24. gr. laga nr. 1/1997, um Lífeyrissjóð starfsmanna ríkisins, og ræðst til starfa hjá hlutafélaginu með minnst þriggja mánaða uppsagnarfresti í hálft starf eða meira getur ekki hafið töku lífeyris fyrr en hann lætur af því starfi.

7. gr.

 [Matís ohf.][1)] er skylt að halda uppi tilskilinni öryggisþjónustu á sviði matvælarannsókna í þágu landsmanna sem nánar er skilgreind í samningi við félagið. Félaginu er skylt að framkvæma rannsóknir vegna matvælaeftirlits á vegum hins opinbera eftir því sem nánar kveður á í samningi.

[1)]L. 71/2021, 30. gr.

8. gr.

 Félagið skal hefja rekstur 1. janúar 2007.

9. gr.

 Lög þessi öðlast þegar gildi.

10. gr. …

Ákvæði til bráðabirgða.

I.–III. …[1)]

[1)]L. 88/2020, 12. gr.

IV.

 Þrátt fyrir ákvæði 8. gr. er heimilt að viðhalda Rannsóknastofnun fiskiðnaðarins sem lögaðila án starfsemi vegna uppgjörs og aðildar að samningum sem ákvörðun hefur verið tekin um fyrir 1. janúar 2007.

Lög
nr. 31/2020, um Matvælasjóð.

1. gr.

1 Hlutverk Matvælasjóðs er að styrkja þróun og nýsköpun við framleiðslu og vinnslu matvæla úr landbúnaðar- og sjávarafurðum.

2 Matvælasjóður lýtur stjórn fjögurra manna sem ráðherra skipar til þriggja ára í senn. Einn skal skipaður samkvæmt tilnefningu Bændasamtaka Íslands, einn samkvæmt tilnefningu Samtaka fyrirtækja í sjávarútvegi og tveir án tilnefningar og skal annar þeirra vera formaður. Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. Ef til atkvæðagreiðslu kemur innan stjórnar og atkvæði falla jafnt ræður atkvæði formanns.

3 Stjórn sjóðsins gerir tillögur um úthlutanir úr sjóðnum að fenginni umsögn fagráðs sem stjórnin skipar til fjögurra ára í senn. Fagráð skal skipað allt að sjö einstaklingum. Fagráð er til ráðgjafar um fagleg málefni við úthlutanir úr sjóðnum. Jafnframt er fagráð ráðgefandi fyrir stjórn sjóðsins eftir því sem óskað er.

4 Stjórn sjóðsins mótar stefnu fyrir sjóðinn og ber undir ráðherra til samþykktar. Ráðstöfunarfé sjóðsins samanstendur af fjárveitingu af fjárlögum hverju sinni og öðrum tekjum eftir því sem þeim er til að dreifa.

5 Stjórn sjóðsins hefur umsjón með rekstri hans. Heimilt er að fela þriðja aðila reksturinn. Stjórnin skilar ársreikningi og reglulegu yfirliti um störf sín til ráðherra. Þóknun stjórnar er ákveðin af ráðherra. Kostnaður af rekstri sjóðsins greiðist af tekjum hans.

6 Stjórn sjóðsins setur starfsreglur um auglýsingar, meðferð og mat umsókna, framkvæmd úthlutunar, fagráð o.fl.

2. gr.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi.

2 Lög um Framleiðnisjóð landbúnaðarins, nr. 89/1966, falla úr gildi 31. desember 2020. Skal starfsemi sjóðsins þá vera lokið. Matvælasjóður tekur við öllum eignum hans og skuldbindingum frá þeim tíma.

3 Skipa skal stjórn fyrir Matvælasjóð svo fljótt sem verða má eftir gildistöku laga þessara sem þegar skal hefja vinnu við stefnumótun fyrir sjóðinn og undirbúning að starfsemi hans.

3. gr. …

Ákvæði til bráðabirgða.

1 Þrátt fyrir ákvæði 2.–4. tölul. 3. gr. skal Framleiðnisjóður landbúnaðarins halda sömu skattalegu stöðu og hingað til út starfstíma sinn.

Lög
nr. 39/1914, um beitutekju.

1. gr.

1 Sérhver sá, er heimild hefur til fiskiveiða í landhelgi, má setja á land skelfisksbeituverkfæri sín og farvið af skipi sínu, þar sem ekki er friðlýst æðarvarp, selalátur eða árós, sem laxveiði er í. [Ef landeigandi verður fyrir tjóni vegna þessa á hann rétt á bótum.][1)]

2 …[1)]

1) L. 116/1990, 6. gr.

2. gr.

1 Eigi má taka beitu í netlögum, nema ábúandi jarðar leyfi. Netlög eru 60 faðmar á sjó út frá stórstraumsfjöruмáli. Gera skal formaður ábúanda viðvart í hvert skipti, er hann ætlar að taka beitu fyrir landi hans samkvæmt 1. gr.

2 …[1)]

1) L. 116/1990, 6. gr.

3. gr.

1 Nú tekur maður í óleyfi skelfisk í netlögum annars manns, og varðar það … [1)] sekt, og borga skal hann allan svo upp tekinn skelfisk tvöföldu gangverði.

1) L. 116/1990, 6. gr.

4. gr.

1 Nú verður jörð fyrir usla af beitutekjumönnum, og skal formaður gjalda fyrir það skaðabætur eftir mati óvilhallra manna.

5. gr.

1 Formaður greiðir gjald það, er nefnt er í 1. gr., áður en hann fer af beitufjöru, nema öðruvísi sé um samið. Séu ábúendur fleiri en einn, má greiða gjaldið einum þeirra, enda hafi enginn umboðsmaður gefið sig fram af þeirra hálfu.

2 Nú greiðir beitutaki ekki gjald þetta áður en hann fer af beitufjöru, og skal hann þá greiða tvöfalt gjald.

6. gr. …[1)]

1) L. 116/1990, 6. gr.

7. gr. …[1)]

1) L. 19/1991, 194. gr.

Tilskipun
fyrir Ísland 12. febrúar 1872 um síldar- og upsaveiði með nót.

1. gr.

1 Sérhverjum þeim, sem heimilt er að fiska í landhelgi, skal leyft að króa af síld eða upsa með nót upp að landi annars manns, og draga veiðina þar á land; svo má hann og setja þar báta, nætur og önnur veiðarfæri á land upp til aðgerðar og þerris, og salta þar niður aflann; en gjalda skal hann fyrir allt þetta landshlut, 4 af hundraði af veiðinni.

2 [Heimilt er að veiða með herpinót í netlögum annars manns, og skal þá gjalda landshlut, 3 af hundraði af veiðinni, enda sé nótinni ekki fest við land né lagt við festar í netlögum. Nótinni telst ekki lagt við festar, þótt skip, sem er að háfa veiði úr herpinót liggi fyrir akkeri. Nú er slíkri nót fest við land eða lagt við festar innan netlaga, og skal þá gjalda landshlut 4 af hundraði.][1)]

[1)] *L. 4/1936, 1. gr.*

2. gr.

1 Geri nótarmenn með þessu skaða á túni, engjum eða haga, eða á friðlýstu æðarvarpi eða selalögnum, eða það verði almennum afnotum landeignarinnar til fyrirstöðu, skulu fyrir það koma sanngjarnar skaðabætur, sem óvilhallir menn er rétturinn nefnir þar til, skulu meta, ef mönnum kemur ekki saman.

3. gr.

1 Landshlutur fellur undir ábúanda þeirrar jarðar, þar sem gjalda skal landshlut, þótt eigi sé hann eigandi jarðarinnar, nema öðruvísi sé um samið milli hans og landsdrottins.

4. gr.

1 Hafi fleiri en einn tilkall til landshlutar af landi, þar sem landshlut skal greiða, er nótarformanninum heimilt að borga landshlut allan og skaðabætur fyrir skemmdir, sem kunna að hafa orðið á landeigninni, til einhvers þeirra, nema umboðsmaður gefi sig fram af hendi allra hinna, sem hlut eiga að máli.

5. gr.

1 Þegar nót er upp dregin, er formaður skyldur til, áður en nótarmenn fara burt, að segja til veiðarinnar þeim, sem eftir næstu grein á undan á hlut að máli, og svo framarlega sem mönnum ekki hefir komið saman um annað, skal þá þegar gjalda landshlut með þeim parti af veiðinni, sem lögákveðinn er, og í því, sem veiðst hefir. Sé ekki farið eftir ákvörðun þessari, eða ef rangt er sagt til veiðarinnar, skal landshlutur goldinn tvöfalt. Sé rangt sagt til veiðarinnar í sviksamlegum tilgangi, kemur það þar að auk undir hin almennu hegningarlög.

6. gr.

1 Bátar, veiðarfæri og afli nóteigenda skulu standa í veði fyrir landshlut og skaðabótum eftir 2. gr.

7. gr. …[1)]

[1)] *L. 116/1990, 3. gr.*

8. gr.

1 Þar sem nót er lögð, má, eftir að búið er að gefa út streng og byrjað á lagningunni, og þessu er haldið áfram án þess óvanaleg töf eigi sér stað, engin veiðarfæri leggja niður á því sviði, sem ætlast má á að nótin lyki fyrir.

2 [Sé net áður útlögð, sem eru því til fyrirstöðu, að nótin verði dregin og fest, hefir formaður nótarinnar rétt til að taka þau upp, ellegar að draga nótina í land, og, ef til vill, hin útlögðu net með, ef hann bætir eiganda skaða og veiðispjöll.

3 Nú er nót fest, og liggur yfir veiðarfærum, þá má þau eigi upp taka án samþykkis nótarformanns. Þar á móti skal nóteigandi, þegar svo á stendur, annaðhvort skila veiðarfærunum jafngóðum, áður en 12 stundir líði, eða bæta þau með öðrum nýjum og óaðfinnanlegum, eða borga þau í peningum tvennu verði. Auk þessa skal eiganda bætt veiðispjöll eftir því, sem almennt aflast dægur hvert, uns goldið er.

4 Net, sem liggja á sviði því, sem nótin lykur fyrir, má formaður nótarinnar taka upp að ósekju, en borgi veiðispjöll.

9. gr.

1 Sitji fleiri en einir nótarmenn fyrir síld eða upsa, hafa þeir rétt til nótlagnar, sem fyrst hafa gefið út nótstrenginn og byrjað að leggja nótina, og sé þessu haldið áfram tafarlaust svo sem verður, mega engir hinna tálma þessu. Nú hafa tvennir nótarmenn byrjað að leggja út nót samstundis og aðrir innar, þá skulu þeir, ef síld eða upsi er í báðum nótum og ytri nótin ekki getur bjargað afla sínum, áður en sú innri er upp tekin, hafa drátt í sameiningu, og skal hlutur hvorra fyrir sig ákveðinn eftir áætlun, ef þeir hafa ekki komið sér öðruvísi saman.

2 [Nú leggja tvennir nótarmenn samstundis, og hvorir í mót öðrum, og draga hvorugir nótina í land til sinnar hliðar, þá skulu þeir hafa drátt í sameiningu, og skipta til helminga.

10. gr.

1 Nót, sem engin veiði er í, skal strax upp tekin, ef eigandi nótar, sem utar liggur, og veiði er í, krefst þess.

2 [Nóteigandi, sem hefir nót lagða þannig, að öðrum er meinað að leggja nætur sínar, eða draga þær á land, skal skyldur til, þegar þess er krafist, að draga fram nót sína eða flytja festar og vörp svo mikið sem verður, án þess að skaða afla sinn.

11. gr.

1 Hver sá, er á nokkurn hátt reynir að tálma nótveiði, og eins hver sá, er með ásettu ráði skemmir nót, sem er lögð út og fest, eða spillir veiðinni að öllu eða nokkru leyti, skal sæta hegningu eftir tilskipun þessari, að því leyti sem þyngri hegning ekki liggur við verki hans eftir hinum almennu hegningarlögum.

12. gr.

1 Fyrir brot gegn ákvörðununum í 8.–11. gr. skulu koma sektir …[1)]

[1)] L. 116/1990, 3. gr.

13. gr. …[1)]

[1)] L. 19/1991, 194. gr.

14. gr. …[1)]

[1)] L. 116/1990, 3. gr.

Lög

nr. 53/1901, um viðauka við tilskipun fyrir Ísland 12. febrúar 1872 um síldar- og upsaveiði með nót.

1. gr.

Þilskipum má ekki án samþykkis landeiganda eða ábúanda leggja við festar að haustinu eða í vetrarlegu þar, sem tíðkast síldar- eða upsaveiði með nót, þannig, að þau á nokkurn hátt tálmi veiðinni. Sé það gert, kærir landeigandi eða ábúandi fyrir lögreglustjóra, er kveður með sér tvo kunnuga, óvilhalla menn, til að álíta, hvort skipið liggi svo, að það tálmi veiðinni. Úrskurði þeir, að svo sé, og annað jafntryggt lægi sé fáanlegt í nánd, er heimilt að færa skipið úr stað eftir tilvísun lögreglustjóra, svo framarlega að eigandi skipsins eða umsjónarmaður þess ekki gerir það tafarlaust, eftir að honum hefur verið birtur úrskurðurinn.

2. gr.

Kostnað þann, sem leiða kann af færslu skipsins, skal skipseigandi greiða. Ferðakostnaður lögreglustjóra og borgun fyrir álitsgerðina greiðist af gerðarbeiðanda samkvæmt 5. gr. laga um að fá útmældar lóðir í kaupstöðum og löggiltum kauptúnum o.fl. 13. mars 1891.[1)]

[1)] *Nú l. 75/1917, 5. gr.*

Lög
nr. 4/1924, um að miða við gullkrónur sektir fyrir landhelgisbrot.

1. gr.

1 Sektir fyrir brot gegn lögum um bann gegn botnvörpuveiðum nr. 5 18. maí 1920,[1)] og lögum um rétt til fiskiveiða í landhelgi nr. 33 19. júní 1922,[1)] skal miða við gullkrónur og ákveða í dómnum eða sættinni jafngildi þeirra í íslenskum krónum, eftir gengi dag þann, er sektin er ákveðin.

[1)] *Nú l. 79/1997.*

Lög
nr. 55/2013, um velferð dýra.

I. KAFLI.
Markmið, gildissvið og skilgreiningar.

1. gr.
Markmið.

1 Markmið laga þessara er að stuðla að velferð dýra, þ.e. að þau séu laus við vanlíðan, hungur og þorsta, ótta og þjáningu, sársauka, meiðsli og sjúkdóma, í ljósi þess að dýr eru skyni gæddar verur. Enn fremur er það markmið laganna að þau geti sýnt sitt eðlilega atferli eins og frekast er unnt.

2. gr.
Gildissvið.

1 Lög þessi taka til hryggdýra auk tífætlukrabba, smokkfiska og býflugna. Lög þessi gilda einnig um fóstur þegar skynfæri þeirra eru komin á sama þroskastig og hjá lifandi dýrum. Lög þessi taka ekki til hefðbundinna veiða og föngunar á villtum fiski. Ákvæði laga þessara eru lágmarksreglur um meðferð dýra.

3. gr.
Skilgreiningar.

1 Í lögum þessum, reglugerðum og öðrum stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra er merking orða sem hér segir:

1. *Dýrahald:* Hvert það fyrirkomulag þar sem dýr eru haldin, hvort sem það er í atvinnuskyni eða ekki.
2. *Föngun:* Að ná dýri lifandi.
3. *Hálfvillt dýr:* Dýr sem ekki eru merkt í samræmi við 22. gr. og ganga laus.
4. *Læknisaðgerð:* Aðgerð eða meðhöndlun að undangenginni sjúkdómsgreiningu dýralæknis, þ.m.t. gelding án rofs á húð.
5. *Meðhöndlun:* Aðgerð, önnur en læknis- eða skurðaðgerð, þar sem gripið er inn í líkama eða atferli dýra, svo sem fæðingarhjálp, klaufhirða, járningar, rúningur, snyrting.
6. *Skurðaðgerð:* Aðgerð sem felur í sér rof á húð eða slímhúð, þó ekki með nálum.
7. *Umráðamaður:* Eigandi dýrs eða annar aðili sem er ábyrgur fyrir umsjá dýrs.
8. *Umsjá:* Umönnun, fóðrun og varsla dýra.
9. *Veiðar:* Að ná dýri í þeim tilgangi að deyða það.

II. KAFLI.
Stjórn dýravelferðarmála.

4. gr.
Yfirstjórn.

1 Ráðherra fer með yfirstjórn mála er varða velferð dýra en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum Matvælastofnunar sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laga þessara sé framfylgt.

2 Matvælastofnun er skylt að leita álits fagráðs um velferð dýra um stefnumótandi ákvarðanir og umsóknir um leyfi til dýratilrauna.

5. gr.

Fagráð um velferð dýra.

1 [Ráðherra skipar fagráð um velferð dýra og er skipunartími þess þrjú ár.][1)] Í ráðinu skulu sitja fimm menn og jafnmargir til vara. …[1)] Í ráðinu skal vera fagfólk á sem flestum eftirtalinna fagsviða: dýralækninga, dýrafræði, dýraatferlisfræði, dýravelferðar, dýratilrauna, búfjárfræða og siðfræði.

2 [Yfirdýralæknir er formaður fagráðsins.][1)] Fagráðinu ber að kalla eftir sérfræðiáliti þegar fjallað er um fræðileg álitamál og ráðið skortir sérþekkingu á viðkomandi sviði. Hlutverk fagráðsins er eftirfarandi:

a. að vera Matvælastofnun til ráðuneytis um stefnumótun og einstök álitaefni er varða málefni á sviði velferðar dýra,

b. að veita Matvælastofnun umsögn um umsóknir vegna dýratilrauna,

c. að fylgjast með þróun dýravelferðarmála og upplýsa Matvælastofnun um mikilvæg málefni á sviði velferðar dýra,

d. að taka til umfjöllunar mál á sviði velferðar dýra að beiðni einstakra fagráðsmanna.

3 Fagráðið skal hafa aðsetur hjá Matvælastofnun sem leggur því til vinnuaðstöðu og starfsmann með sérfræðiþekkingu á starfssviði ráðsins. Fagráðið skal halda gerðabók um störf sín og gefa út ársskýrslu fyrir 1. mars ár hvert. Um málsmeðferð hjá fagráðinu skal farið að ákvæðum stjórnsýslulaga.

[1)]*L. 71/2021, 27. gr.*

III. KAFLI.

Almenn ákvæði um meðferð dýra.

6. gr.

Almennt um meðferð dýra.

1 Skylt er að fara vel með dýr og ber umráðamaður ábyrgð á að annast sé um þau í samræmi við lög þessi. Ill meðferð dýra er óheimil.

7. gr.

Hjálparskylda.

1 Þeim sem verður var við eða má ætla að dýr sé sjúkt, sært, í sjálfheldu eða bjargarlaust að öðru leyti ber að veita því umönnun eftir föngum. Sé umráðamaður ekki til staðar skal tilkynna atvikið til lögreglu sem kallar til dýralækni meti hún það svo að ástæða sé til. Sé fyrirsjáanlegt að ekki sé hægt að koma dýrinu til hjálpar innan hæfilegs tíma og augljóst er að sjúkdómur dýrs eða meiðsl eru banvæn er heimilt að deyða dýrið, sbr. 21. gr. Sé um að ræða búfé eða gæludýr skal tilkynna slíka aflífun til Matvælastofnunar.

2 Sveitarfélagi er skylt að sjá til þess að gripið sé til aðgerða skv. 1. mgr. sé um hálfvillt eða villt dýr að ræða. Ráðherra sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra skal þó sjá til þess að gripið sé til slíkra aðgerða sé um að ræða villt dýr af stofni í útrýmingarhættu og dýr sem lenda í umhverfisslysum. Þrátt fyrir hjálparskyldu sem tilgreind er í 1. mgr. er ráðherra og sveitarfélagi heimilt að taka ákvörðun um aflífun villtra dýra þegar fyrirsjáanlegur kostnaður vegna aðgerða er verulegur.

3 Umráðamaður dýrs skal bera allan kostnað sem stofnað er til vegna ákvæða 1. mgr. Sveitarfélag ber allan kostnað sem stofnað er til skv. 1. mgr. þegar um er að ræða hálfvillt og villt dýr sem ekki eru af stofni í útrýmingarhættu. Ráðuneyti sem fer með vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra ber allan kostnað sem stofnað er til skv. 1. mgr. þegar um er að ræða villt dýr sem eru af stofni í útrýmingarhættu.

4 Sá sem stofnar til útgjalda skv. 1. mgr. á rétt á endurgreiðslu á öllum nauðsynlegum kostnaði úr hendi þess aðila sem ber ábyrgð á kostnaði samkvæmt grein þessari. Sveitarfélögum er heimilt að setja reglur um framkvæmd endurgreiðslna …[1)]

[1)] *L. 101/2020, 9. gr.*

8. gr.

Tilkynningarskylda.

1 Leiki grunur á að meðferð á dýrum brjóti gegn lögum þessum eða reglugerðum settum samkvæmt þeim skal sá sem verður þess var tilkynna það Matvælastofnun eða lögreglu svo fljótt sem auðið er. Sé mál tilkynnt lögreglu skal hún tilkynna Matvælastofnun um það. Matvælastofnun skal kanna hvort tilkynning sé á rökum reist.

2 Tilkynnandi skv. 1. mgr. getur óskað eftir því að nafni hans verði haldið leyndu gagnvart öðrum en Matvælastofnun eða lögreglu. Ef líklegt má telja að hagsmunir viðkomandi skaðist ef greint er frá nafni hans skal fallast á ósk um nafnleynd. Ef ekki eru forsendur til þess að fallast á nafnleynd er tilkynnanda heimilt að draga tilkynningu sína til baka. Ákvörðun Matvælastofnunar um nafnleynd er heimilt að skjóta til ráðherra innan tveggja vikna frá tilkynningu ákvörðunar. Leiðbeina skal tilkynnanda um rétt hans til að kæra ákvörðun Matvælastofnunar.

9. gr.

Tilkynningarskylda þeirra sem hafa afskipti af dýrum.

1 Hverjum þeim sem stöðu sinnar og starfa vegna hefur afskipti af málum dýra og verður var við aðstæður eins og lýst er í 1. mgr. 8. gr. er skylt að tilkynna það Matvælastofnun.

2 Sérstaklega er dýralæknum og heilbrigðisstarfsmönnum dýra skylt að fylgjast með meðferð dýra, aðbúnaði dýra, aðgerðum og meðhöndlun dýra, dýrahaldi, aðferðum við dýrahald og útbúnaði dýra eftir því sem við verður komið og gera Matvælastofnun viðvart ef ætla má að aðstæður dýrs séu með þeim hætti sem lýst er í 1. mgr. 8. gr.

3 Tilkynningarskylda samkvæmt þessari grein gengur framar ákvæðum laga eða siðareglna um þagnarskyldu viðkomandi starfsstétta.

10. gr.

Geta, hæfni og ábyrgð.

1 Hver sá sem hefur dýr í umsjá sinni skal búa yfir eða afla sér grunnþekkingar á þörfum og umönnun viðkomandi dýrategundar og skal enn fremur búa yfir nægjanlegri getu til að annast dýrið í samræmi við lög þessi.

2 Rekstraraðili leyfisskylds dýrahalds skal sjá til þess að það starfsfólk sem sér um umönnun dýranna búi yfir nægjanlegri hæfni og þekkingu á viðkomandi sviði. Þjónustuaðili við dýrahald skal búa yfir nægjanlegri þekkingu til þeirra starfa sem hann annast.

3 Óheimilt er að fela börnum undir 18 ára aldri og ólögráða einstaklingum einum ábyrgð á dýrum.

4 Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari fyrirmæli um þær kröfur sem gera skal um getu og hæfni umráðamanna dýra, svo sem um menntun.

11. gr.

Umráðaskipti dýra.

1 Óheimilt er að selja, gefa eða afhenda dýr einstaklingi sem ástæða er til að ætla að hafi ekki aðbúnað, getu eða vilja til að annast dýrið í samræmi við lög þessi. Veita skal viðtakanda dýrs, eftir því sem við á, upplýsingar um atriði sem máli skipta um velferð þess.

IV. KAFLI.
Úttekt og eftirlit.

12. gr.
Úttekt.

1 Umfangsmikið og tæknivætt dýrahald eða starfsemi er skylt að tilkynna til Matvælastofnunar áður en starfsemi hefst. Óheimilt er að hefja slíka starfsemi áður en skilyrði sem sett eru um húsakost, búnað og þekkingu, sbr. 10. gr. og 29.–32. gr., eru uppfyllt og þau tekin út af Matvælastofnun.

2 Ráðherra skal með reglugerð ákvarða í hvaða tilvikum fisk-, alifugla-, svína- og loðdýraeldi og hvaða tæknivædda dýrahald eða starfsemi skal vera tilkynningarskylt og falla undir grein þessa.

13. gr.
Eftirlit.

1 [Starfsemi samkvæmt lögum þessum skal háð reglulegu opinberu eftirliti af hálfu Matvælastofnunar. Umfang og tíðni eftirlits skal byggt á áhættuflokkun.][1)]

2 Ráðherra setur í reglugerð[2)] nánari fyrirmæli um eftirlit og framkvæmd þess.

[1)]L. 11/2014, 1. gr. [2)]Rg. 917/2022 (um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum).

V. KAFLI.
Meðferð og meðhöndlun dýra.

14. gr.
Meðferð.

1 Umráðamönnum dýra ber að tryggja dýrunum góða umönnun, þ.m.t. að:

a. sjá til þess að þörfum dýranna sé sinnt að jafnaði einu sinni á dag; þetta gildir þó ekki um dýr í sumarhögum,
b. tryggja gæði og magn fóðurs, beitilands og vatns þannig að fullnægi þörfum dýranna,
c. tryggja grasbítum beit á grónu landi á sumrin,
d. vernda þau gegn meiðslum, sjúkdómum og sníkjudýrum eða annarri hættu,
e. sjá til þess að sjúk eða slösuð dýr fái tilhlýðilega læknismeðferð eða séu aflífuð,
f. venja dýr við umgengni við menn, eftir því sem við á,
g. tryggja að útbúnaður sé til staðar svo unnt sé að annast um þau og meðhöndla á viðunandi hátt.

15. gr.
Sérstakt bann.

1 Bannað er að:

a. ofbjóða kröftum dýrs eða þoli,
b. yfirgefa dýr í bjargarlausu ástandi,
c. hafa samræði eða önnur kynferðismök við dýr,
d. nota lifandi dýr sem fóður, agn eða sem skotmark við skotæfingar eða skotkeppni,
e. etja dýrum saman til áfloga,
f. þvinga fóður eða vatn ofan í dýr nema nauðsynlegt sé vegna læknismeðferðar,
g. misbjóða dýrum á annan sambærilegan hátt.

16. gr.
Aðgerðir og meðhöndlun.

1 Skurð- og læknisaðgerðir og önnur meðhöndlun dýra skal aðeins framkvæmd þegar og á þann hátt að velferð dýra sé höfð að leiðarljósi og tryggð að meðferð lokinni eins og unnt er. Ekki

er heimilt að framkvæma aðgerð ef fyrirséð er að dýr muni, að aðgerð lokinni, líða fyrir örkuml eða þjáningar og engar líkur eru á bata.

2 Skurðaðgerðir, þar á meðal fjarlæging líkamshluta eða fegrunaraðgerðir, skulu ekki framkvæmdar nema af læknisfræðilegum ástæðum. Þó er heimilt að fjarlægja horn, spora af dagsgömlum hönum og gelda dýr. Merkingar á dýrum eru einnig heimilar í samræmi við lög og reglugerðir sem um þær gilda.

3 Við sársaukafulla aðgerð eða meðhöndlun skal ávallt deyfa eða svæfa dýr og veita því verkjastillandi meðhöndlun, nema við eyrnamörkun lamba og kiðlinga yngri en vikugamalla.

4 Dýralæknum er einum heimilt að meðhöndla og framkvæma skurð- og læknisaðgerðir á dýrum. Öðrum er þó heimilt að framkvæma eftirfarandi hafi þeir fengið leyfi til þess samkvæmt lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr:

a. læknisaðgerðir samkvæmt tilvísun frá dýralækni,
b. sæðingar sauðfjár, geitfjár, nautgripa, svína, refa, kalkúna, hæna og kanína,
c. fangskoðanir nautgripa,
d. klippingu á hala grísa,
e. örmerkingar.

5 Öllum er heimilt að framkvæma eftirfarandi:

a. lyfjameðhöndlun samkvæmt fyrirmælum frá dýralækni,
b. meðhöndlun sem veldur hvorki sársauka né vanlíðan,
c. merkingar og eyrnamörkun, aðrar en örmerkingar.

17. gr.

Þjálfun, sýningar, keppni o.fl.

1 Hver sá sem þjálfar dýr, notar þau í keppni og sýningar eða á annan hátt skal tryggja að þau:

a. hafi til þess líkamlegt heilbrigði og hafi hlotið viðeigandi þjálfun,
b. hafi ekki verið meðhöndluð með lyfjum sem deyfa sjúkdómseinkenni eða auka afkastagetu þannig að það samræmist ekki velferð þeirra,
c. séu ekki markvisst beitt meðferð sem veldur þeim skaða eða óþarfa ótta.

2 Ráðherra er heimilt að setja nánari reglur samkvæmt grein þessari.

18. gr.

Flutningur dýra og rekstur búfjár.

1 Við flutning á dýrum ber að tryggja velferð dýra eins og fært er. Gæta skal þess við flutning og rekstur búfjár að dýr verði fyrir sem minnstu álagi og hvorki þoli þeirra né kröftum sé ofboðið. Hvorki er heimilt að flytja dýr né reka sé augljóst að það þoli það ekki.

2 Flutningstæki skulu þannig útbúin að þau henti viðkomandi dýrategund og tryggi öryggi dýranna. Við flutning skal veita dýrum viðeigandi umönnun, aðbúnað og gæslu.

3 Ráðherra setur í reglugerð[1)] nánari ákvæði um flutning og rekstur dýra og um leyfi fyrir flutningstækjum, öryggisbúnaði og merkingu þeirra. Þá skal ráðherra setja fyrirmæli er tryggja velferð búfjár í tengslum við flutninga. Einnig skal ráðherra setja nánari ákvæði um flutning búfjár frá brottfararstað til áfangastaðar, þ.m.t. um hleðslu í rými, umfermingu, affermingu, hámarksflutningstíma og um þær kröfur sem eru gerðar um flutningstæki sem flytja búfé, þ.m.t. um hleðslubúnað þeirra. Heimilt er auk þess að setja reglur um flutningsskilríki flutningsaðila, skyldur gæsluaðila með búfé, sérstök leyfi flutningsaðila sem veitt verða af Matvælastofnun og reglur til að skylda aðila sem vinna við flutning á búfé til að sækja námskeið þar sem m.a. er fjallað um velferð dýra og dýrasjúkdóma.

[1)] *Rg. 527/2017 (um velferð dýra í flutningi), sbr. 597/2018 og 927/2019.*

19. gr.
Ræktun.

1 Við ræktun mismunandi eiginleika hinna ýmsu dýrategunda skal þess gætt að ávallt séu alin heilsuhraust dýr. Æxlun, þ.m.t. tæknifrjóvgun eða erfðatækni, er óheimil þegar fyrirsjáanlegt er að hún:

a. breyti eiginleikum á þann hátt að það hafi neikvæð áhrif á heilsu og atferli dýra eða afkvæma þeirra eða viðhaldi slíkum annmörkum,

b. dragi úr getu dýra til að sýna eðlilegt atferli.

2 Ráðherra er heimilt í reglugerð að kveða nánar á um skilyrði varðandi ræktun einstakra dýrategunda með tilliti til sjónarmiða um velferð dýra.

20. gr.
Tilraunir, kennsla og læknisfræðileg starfsemi.

1 Óheimilt er að nota lifandi dýr við kennslu, tilraunir, rannsóknir, framleiðslu eða prófun efna eða lyfja og við sjúkdómsgreiningu nema með sérstöku leyfi Matvælastofnunar ef slíkri notkun fylgir álag eða þjáning fyrir dýrin. Ákvæði þetta á þó ekki við um leyfisskylda starfsemi að því marki sem útgefið leyfi heimilar slíka notkun lifandi dýra.

2 Einungis má nota lifandi dýr í tilraunum ef ekki eru þekktar aðrar leiðir til að ná sambærilegum árangri. Óheimilt er að nota lifandi dýr við prófun á snyrtivörum.

3 Leyfi skv. 1. mgr. skal taka til ræktunar, eldis, dreifingar, notkunar og aflífunar tilraunadýra. Heimilt er að binda leyfi þeim skilyrðum sem má telja nauðsynleg til að tryggja velferð tilraunadýra. Gæta skal þess við tilraunir eða aðgerðir á dýrum að þær baki þeim ekki meiri þjáningu en óhjákvæmilegt er. Matvælastofnun skal tryggja að þeir sem nota dýr í tilraunaskyni hafi hlotið þjálfun og menntun í viðkomandi vísindagrein og lokið námskeiði um meðferð tilraunadýra.

4 Ráðherra skal setja í reglugerð[1)] nánari ákvæði um dýratilraunir, þar á meðal meðferð tilraunadýra og eftirlit með dýratilraunum og um menntun og þjálfun þeirra sem nota dýr í tilraunaskyni.

[1)] *Rg. 460/2017 (um vernd dýra sem eru notuð í vísindaskyni).*

21. gr.
Aflífun.

1 Dýr skulu aflífuð með skjótum og sársaukalausum hætti og eftir því sem unnt er án þess að önnur dýr verði þess vör. Forðast skal að valda dýrum óþarfa þjáningum eða hræðslu.

2 Dýr í umsjón manna skulu svipt meðvitund fyrir aflífun nema þegar aflífunin veldur meðvitundarleysi umsvifalaust. Að lokinni aflífun skal gengið úr skugga um að dýr sé dautt. Óheimilt er að aflífa dýr með því að drekkja þeim nema um sé að ræða gildruveiði minka sem hluta af skipulögðum aðgerðum til að halda minkastofninum í skefjum sem heimil er samkvæmt ákvæðum laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum. Slík gildruveiði er þó aðeins heimil að hún hafi verið tilkynnt Umhverfisstofnun. Einnig er óheimilt að aflífa dýr með útblæstri véla, nema við aflífun loðdýra ef um er að ræða vélar sem eru sérstaklega hannaðar og framleiddar til aflífunar loðdýra og notkun vélar hefur verið samþykkt af Matvælastofnun.

3 Dýr skulu ávallt svipt meðvitund áður en blóðtæming fer fram og skal meðvitundarleysið a.m.k. vara frá upphafi blóðtæmingar og til dauða. Eingöngu er heimilt að nota útbúnað til sviptingar meðvitundar og/eða til aflífunar sem hæfir viðkomandi dýrategund og skal þess gætt að hann sé rétt notaður og honum vel við haldið.

4 Við aflífun í neyðartilvikum, sbr. 7. gr., skal uppfylla ákvæði 1. og 2. mgr. eins og kostur er.

5 Aflífun dýra er ekki heimil sem skemmtiatriði eða keppni.

6 Ráðherra skal setja í reglugerð[1)] nánari ákvæði um hverjir megi aflífa dýr, hvernig staðið skuli að aflífun og bann við tilteknum aðferðum við aflífun.

[1)]Rg. 911/2012 (um vernd dýra við aflífun), sbr. 738/2016 og 928/2019. Rg. 460/2017 (um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni). Rg. 846/2023 (um slátrun í litlum sauðfjár- og geitasláturhúsum).

VI. KAFLI.
Merkingar dýra o.fl.

22. gr.
Merkingar og skráningarskylda.

1 Skylt er að einstaklingsmerkja kanínur, ketti, hunda, geitur, hross, nautgripi, sauðfé og svín.

2 Matvælastofnun ber ábyrgð á að starfræktir séu gagnagrunnar um skráningu einstaklingsmerkja skv. 1. mgr. Stofnuninni er heimilt að fela öðrum starfrækslu gagnagrunns með samningi.

3 Við merkingu á dýrum skal nota aðferðir er valda sem minnstum sársauka og takmarka ekki eðlilegt atferli dýranna eða valda þeim óþarfa álagi.

4 Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um merkingar dýra þar sem m.a. yrði kveðið á um aldursmörk, skilyrði eða bann við merkingum eða merkingaraðferðum og undanþágur frá merkingarskyldu. Einnig skal þar kveðið á um skilyrði varðandi gagnagrunna, einstaklingsskráningar í gagnagrunna og umsjón með þeim.

23. gr.
Slepping dýra út í náttúruna.

1 Óheimilt er að sleppa dýrum sem hafa alist upp hjá mönnum út í náttúruna í þeim tilgangi að þau verði þar til frambúðar. Þó er heimilt að sleppa seiðum og fiskum. Umráðamanni eða sveitarfélagi, sé umráðamaður ekki þekktur, er skylt að smala eða handsama dýr, önnur en villt dýr, sem ætla má að líði fyrir umhirðu- eða skjólleysi úti í náttúrunni.

24. gr.
Handsömun dýra.

1 Ef dýr strjúka eða sleppa úr haldi skulu umráðamenn þeirra þegar gera ráðstafanir til að handsama þau. Viðkomandi sveitarfélagi er skylt að taka slík dýr í vörslu sína, lesa af einstaklingsmerkjum og gera þegar ráðstafanir til að hafa uppi á umráðamanni þeirra. Sveitarfélögum er skylt að hafa aðstöðu til að halda slík dýr. Sveitarfélagi er heimilt að innheimta áfallinn kostnað úr hendi umráðamanns samkvæmt gjaldskrá. Ef umráðamaður vitjar ekki dýrsins innan viku frá því að honum var tilkynnt um handsömun þess eða ef umráðamaður finnst ekki innan tveggja vikna er sveitarfélaginu heimilt að ráðstafa dýrinu eins og um hálfvillt dýr sé að ræða. Sveitarfélag telst umráðamaður dýra á meðan þau eru í vörslu þess.

2 Eftir tvo sólarhringa frá handsömun er sveitarfélagi heimilt að ráðstafa hálfvilltu dýri til nýs eiganda, selja það gegn áföllnum kostnaði eða aflífa án bóta.

3 Sveitarfélagi er heimilt að fela öðrum að framkvæma þær skyldur sem tilgreindar eru í 1. og 2. mgr. með sérstökum samningi.

4 Við handsömun dýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim limlestingum, kvölum eða óþarfa ótta. Ráðherra er heimilt að kveða í reglugerð nánar á um hvaða aðferðir eru heimilar við handsömun dýra.

25. gr.
Dreifing og merking dýraafurða.

1 Ráðherra er skylt að setja reglugerð um kröfur til merkinga á vörum unnum úr dýrum eða dýraafurðum á grundvelli sjónarmiða um velferð dýra. Þá getur ráðherra einnig sett ákvæði sem

takmarka eða banna innflutning eða dreifingu dýraafurða sem eru framleiddar í andstöðu við lög þessi með þeim takmörkunum sem leiðir af alþjóðasamningum.

VII. KAFLI.
Villt dýr.

26. gr.
Föngun villtra dýra.

1 Óheimilt er að halda villt dýr. Umhverfisstofnun getur veitt leyfi til föngunar villtra dýra til nota við rannsóknir, fyrir söfn og dýragarða, til ræktunar og undaneldis eða annarra sambærilegra nota. Umhverfisstofnun skal afla umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands og Matvælastofnunar varðandi föngun á villtum dýrum áður en leyfi til þess er veitt.

2 Við föngun villtra dýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda limlestingum eða kvölum.

3 Ráðherra setur í reglugerð skilyrði fyrir veitingu leyfis og kveður á um aðferðir við föngun og meðferð villtra dýra við flutning og vörslu. Jafnframt er ráðherra heimilt að kveða á um bann við föngun og vörslu tiltekinna tegunda villtra dýra með tilliti til sjónarmiða um velferð dýra.

27. gr.
Veiðar.

1 Ávallt skal staðið að veiðum þannig að það valdi dýrunum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma. Skylt er veiðimönnum að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum.

2 Við veiðar er óheimilt að beita aðferðum sem valda dýri óþarfa limlestingum eða kvölum. Við veiðar á villtum dýrum skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

3 Ráðherra setur í reglugerð,[1)] að höfðu samráði við ráðherra er fer með stjórn veiða, vernd og friðun villtra fugla og villtra spendýra, nánari ákvæði um aðferðir við veiðar.

[1)] *Rg. 895/2023 (um veiðar á langreyðum).*

28. gr.
Meindýr.

1 Við eyðingu meindýra er óheimilt að beita aðferðum sem valda þeim óþarfa limlestingum eða kvölum. Tryggja skal að útrýmingarefni valdi ekki tjóni á öðrum dýrum en meindýrum.

2 Við eyðingu á meindýrum skal að auki fara að fyrirmælum gildandi laga um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum og lögum um hollustuhætti og mengunarvarnir.

3 Ráðherra setur í reglugerð, að höfðu samráði við ráðherra er fer með hollustuhætti og heilbrigðiseftirlit, nánari ákvæði um aðferðir við eyðingu meindýra.

VIII. KAFLI.
Aðbúnaður, umhverfi o.fl.

29. gr.
Aðbúnaður dýra.

1 Umráðamaður dýra skal tryggja að dýr séu haldin í umhverfi sem samræmist sjónarmiðum um velferð dýra, m.a. hvað varðar öryggi þeirra og heilbrigði, og tekur tillit til bæði sérstakra þarfa dýrsins og séreinkenna tegundarinnar. Umhverfi dýra skal vera þannig, eftir því sem við á, að þau geti athafnað sig, hreyft sig, hvílst, notið útivistar, beitar eða viðhaft annað atferli sem þeim er eðlilegt.

2 Dýr skulu hafa skjól fyrir veðrum í samræmi við þarfir sínar þegar þau eru úti að staðaldri. Að vetri til skal sjá til þess að á staðnum sé húsaskjól eða annað öruggt og hentugt skjól fyrir öllum veðrum.

3 Þegar veitt eru leyfi samkvæmt öðrum lögum fyrir athöfnum sem geta haft neikvæð áhrif á líðan eða að öðru leyti á velferð dýra, t.d. sökum hávaða eða mengunar, skal taka tillit til sjónarmiða um velferð dýra í samræmi við ákvæði laga þessara.

4 Ráðherra setur í reglugerð nánari kröfur er lúta að aðbúnaði einstakra dýrategunda.

30. gr.

Byggingar og búnaður.

1 Húsnæði, innréttingar, girðingar og annar búnaður sem ætlaður er dýrum skal þannig úr garði gerður að tekið sé tillit til þarfa og öryggis dýranna hvað varðar fóðrun, atferli, hreyfingu, rýmisþörf, hvíld og annan aðbúnað, svo sem loftgæði, lýsingu, hljóðvist og efnisnotkun. Einnig skal þess gætt að dýrum stafi engin slysahætta af aðstæðum sem þeim eru búnar eða hætta skapist á því að dýrin geti orðið innikróuð eða bjargarlaus í neyð.

2 Ráðherra setur í reglugerð nánari ákvæði um aðbúnað og meðferð dýra samkvæmt grein þessari.

31. gr.

Skilyrði varðandi aðbúnað villtra dýra í dýragörðum.

1 Einungis er heimilt að hafa villt dýr í dýragörðum þegar aðbúnaður sem þeim er ætlaður er þess eðlis að dýrið geti aðlagast honum á fullnægjandi hátt með tilliti til sjónarmiða um velferð dýra.

2 Ráðherra skal setja reglugerð um kröfur um aðbúnað villtra dýra í dýragörðum. Í henni skal m.a. kveðið sérstaklega á um aðbúnað þeirra einstöku tegunda villtra dýra sem algengt er að haldin séu í dýragörðum hér á landi.

32. gr.

Dýrahald, aðferðir og útbúnaður.

1 Hver sá sem heldur dýr ber ábyrgð á að starfsaðferðir, tæki, tól og hvers konar útbúnaður sem notaður er á dýr í umsjá hans séu ekki andstæð velferð dýra.

2 Hver sá sem kynnir starfsaðferðir er varða dýrahald eða dreifir tækjum, tólum og hvers konar útbúnaði varðandi dýrahald ber ábyrgð á að það sé ekki andstætt velferð dýra.

3 Matvælastofnun getur krafist upplýsinga og gagna frá hlutaðeigandi aðilum um að ákvæði 1. og 2. mgr. séu uppfyllt.

4 Ráðherra setur reglugerð um bann við eða takmörkun á dreifingu á starfsaðferðum, tækjum, tólum og hvers konar útbúnaði. Ráðherra er enn fremur heimilt að setja ákvæði í reglugerð með nánari fyrirmælum um mat og prófanir.

IX. KAFLI.
Gjaldtaka o.fl.

33. gr.

Gjaldtaka.

1 Matvælastofnun er heimilt að taka gjald samkvæmt gjaldskrá fyrir leyfisumsóknir, úttektir, eftirlit, eftirfylgni og vinnu við úrvinnslu tilkynninga skv. 12., 13., 18., 20., 22. og 26. gr.

2 [Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar samkvæmt lögum þessum skal greiða gjald sem ekki er hærra en raunkostnaður til að standa straum af eftirtöldum kostnaðarþáttum:

a. launum starfsfólks sem sinnir störfum vegna eftirlits, umsýslu og skjalaskoðunar,

b. öðrum kostnaði vegna starfsfólks, þ.m.t. kostnaði af aðstöðu, áhöldum, búnaði, þjálfun og ferðalögum, svo og tengdum kostnaði,

c. kostnaði vegna sýnatöku opinberra eftirlitsaðila og kostnaði sem opinberar rannsóknastofur innheimta vegna sýnatöku, greiningar, prófunar og sjúkdómsgreininga sem framkvæmdar eru á opinberum rannsóknastofum.

3 Ráðherra er heimilt að setja reglugerð um eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar og skal hann gefa út gjaldskrá fyrir eftirlit Matvælastofnunar að fengnum tillögum stofnunarinnar.

4 Við gerð reglugerðar og gjaldskrár opinberra eftirlitsaðila er heimilt að taka tillit til eftirfarandi atriða:

a. hvers konar fyrirtæki um er að ræða og viðkomandi áhættuþátta,

b. hagsmuna fyrirtækja með litla framleiðslu,

c. hefðbundinna aðferða við framleiðslu, vinnslu og dreifingu,

d. þarfa fyrirtækja með aðsetur á svæðum sem líða fyrir landfræðilegar takmarkanir.

5 Matvælastofnun skal afla umsagnar hlutaðeigandi hagsmunasamtaka og kynna þeim efni og forsendur reglugerðar og/eða gjaldskrár stofnunarinnar með a.m.k. eins mánaðar fyrirvara. Hafi umsagnir þeirra ekki borist Matvælastofnun að mánuði liðnum er ráðherra þó heimilt að setja reglugerð og gjaldskrá án umsagna þeirra.

6 Eftirlitsgjald skal greiða samkvæmt framlögðum reikningi opinbers eftirlitsaðila.

7 Innheimta má eftirlitsgjaldið með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar. Opinberum eftirlitsaðilum er heimilt að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu vegna eftirlits frá og með gjalddaga fram að greiðsludegi.][1)]

[1)] *L. 60/2023., 8. gr.*

X. KAFLI.
Stjórnvaldsfyrirmæli og viðurlög.

34. gr.
Heimildir Matvælastofnunar og skyldur umráðamanna.

1 Matvælastofnun er heimilt að fara í eftirlitsheimsóknir á hvern þann stað þar sem dýr eru haldin til að kanna aðstæður og aðbúnað þeirra og við beitingu þvingunarúrræða. Í því felst m.a. heimild til sýna- og myndatöku og skoðunar og ljósritunar gagna. Ekki er þó heimilt að fara í þessum tilgangi í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án samþykkis eiganda eða umráðamanns húsnæðisins nema að fengnum dómsúrskurði, sbr. þó 2. mgr. Fylgja skal ákvæðum laga um meðferð sakamála um leit og hald á munum.

2 Leiki grunur á að um sé að ræða alvarlegt brot gegn lögum þessum eða reglugerðum sem eru settar með stoð í þeim getur lögregla fyrirvaralaust tekið dýr úr vörslum eiganda eða umráðamanns samkvæmt ákvörðun Matvælastofnunar. Í þessu skyni er lögreglu rétt að fara inn í íbúðarhús, útihús eða aðra þvílíka staði án dómsúrskurðar ef brýn hætta er talin á að bið eftir úrskurði valdi dýrum þeim er í hlut eiga skaða.

3 Matvælastofnun er heimilt að framkvæma rannsókn skv. 1. og 2. mgr. með aðstoð lögreglu.

4 Við skoðun og eftirlit skal umráðamaður dýra veita án endurgjalds alla nauðsynlega aðstoð við eftirlitið, svo sem aðstoð starfsmanna, aðgang að húsakynnum og tækjabúnaði. Einnig ber að veita Matvælastofnun allar umbeðnar upplýsingar og afhenda öll þau gögn sem hafa þýðingu við eftirlitið. Aðrir opinberir aðilar sem búa yfir upplýsingum sem geta haft þýðingu við eftirlit skulu að beiðni Matvælastofnunar veita þær upplýsingar.

35. gr.

Stöðvun starfsemi.

1 Matvælastofnun er heimilt að takmarka eða stöðva starfsemi þegar um alvarleg tilvik eða ítrekað brot er að ræða eða ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests. Við stöðvun starfsemi er heimilt að leita aðstoðar lögreglu.

36. gr.

Dagsektir og úrbætur á kostnað umráðamanns.

1 Matvælastofnun er heimilt að beita dagsektum gagnvart umráðamanni. Kveða skal á um hámark dagsekta í reglugerð[1)] sem ráðherra setur. Dagsektir, að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu, renna í ríkissjóð og má innheimta með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

2 Matvælastofnun er heimilt að gera kröfur um úrbætur. Láti umráðamaður dýra ekki skipast við tilmæli Matvælastofnunar getur stofnunin látið vinna úrbætur á hans kostnað.

[1)]Rg. 940/2015 (um beitingu og hámark dagsekta í opinberu eftirliti með velferð dýra).

37. gr.

Vörslusvipting dýra og haldlagning.

1 Matvælastofnun er heimilt að taka ákvörðun um að svipta umráðamann dýra vörslu þeirra, ef aðilar sinna ekki fyrirmælum innan tilgreinds frests, og sér Matvælastofnun um framkvæmd vörslusviptingar en er jafnframt heimilt að leita aðstoðar lögreglu. Við vörslusviptingu skal Matvælastofnun ákveða hvort dýrin skuli flutt burt eða þeim haldið þar sem þau eru. Matvælastofnun er heimilt að láta aflífa dýr sem stofnunin hefur umráð yfir vegna vörslusviptingar að liðnum tveimur sólarhringum takist hvorki stofnuninni né eiganda að finna viðeigandi aðstæður eða aðbúnað fyrir dýr. Matvælastofnun telst vera umráðamaður dýra á meðan vörslusvipting stendur yfir og er skylt að annast um þau og sjá um brottflutning á dýrum sem tekin hafa verið úr vörslu umráðamanns, auk þess sem hún ber ábyrgð á fóðrun, umhirðu og aðbúnaði dýranna, allt á kostnað umráðamanns. Matvælastofnun tekur ákvörðun um hvort aflétta skuli vörslusviptingu dýra eða ráðstafa þeim með öðrum hætti að virtum andmælarétti aðila máls þar sem honum skal gefinn kostur á að setja viðhlítandi tryggingu fyrir greiðslu á kostnaði við geymslu, fóður og umhirðu fyrir dýrin uns dómur fellur, sbr. 41. gr. Matvælastofnun skal ráðstafa dýrunum og getur látið bjóða dýr upp, selt þau til lífs eða slátrunar eða látið aflífa þau sé ekki unnt að ráðstafa þeim á annan hátt.

2 Matvælastofnun er heimilt að leggja hald á tæki og tól sem standast ekki kröfur 32. gr. til að koma í veg fyrir slæma meðferð á dýrum.

3 Sláturleyfishöfum er skylt að taka slík dýr án tafar til slátrunar óski Matvælastofnun þess.

4 [Við vörslusviptingu skv. 1. mgr. er [ráðherra][1)] heimilt að fella niður opinberar stuðningsgreiðslur samkvæmt ákvæðum búvörulaga, nr. 99/1993, og búnaðarlaga, nr. 70/1998, vegna þess dýrs sem vörslusviptingin tekur til. Aflétti Matvælastofnun vörslusviptingu dýrs og afhendi umráðamanni dýrið að nýju skulu opinberar stuðningsgreiðslur vegna dýrsins hefjast að nýju frá afhendingardegi dýrsins.][2)]

[1)]L. 84/2019, 19. gr. [2)]L. 102/2016, 59. gr.

38. gr.

Úrbætur þola ekki bið.

1 Telji Matvælastofnun að úrbætur þoli enga bið getur stofnunin tekið dýr úr vörslu umráðamanns eða aflífað dýr sem hafa orðið fyrir varanlegum skaða sökum vanfóðrunar, harðýðgi, slysa eða slæms aðbúnaðar. Framangreindar aðgerðir skulu gerðar í samráði við eða samkvæmt fyrirmælum lögreglu. Matvælastofnun er ekki skylt að veita andmælarétt samkvæmt stjórnsýslulögum þegar úrbætur þola enga bið.

2 Aflífun samkvæmt grein þessari skal framkvæmd af Matvælastofnun en henni er jafnframt heimilt að leita aðstoðar lögreglu. Sláturleyfishöfum er skylt að taka slík dýr án tafar til slátrunar óski Matvælastofnun þess.

39. gr.

Tímabundið bann við dýrahaldi.

1 Telji Matvælastofnun það nauðsynlegt, til að stöðva eða koma í veg fyrir illa meðferð á dýrum, getur hún fyrirvaralaust og til bráðabirgða svipt umráðamann heimild til þess að hafa eða sjá um dýr þar til úrbætur hafa verið gerðar eða dómur fallið, sbr. 44. gr.

40. gr.

Kostnaður af þvingunaraðgerðum.

1 Heimilt er að krefja umráðamann dýra og aðila sem er ábyrgur fyrir starfsemi sem lögin ná til um endurgreiðslu kostnaðar vegna 37.–39. og 44. gr. Kröfum um kostnaðarendurgreiðslu fylgir lögveð Matvælastofnunar og lögreglustjóra í dýrum. Lögveðið nær einnig til vaxta og innheimtukostnaðar af kröfunni ef því er að skipta. Þá er Matvælastofnun og lögreglu heimilt að innheimta kostnað vegna þvingunaraðgerða með fjárnámi án undanfarandi dóms eða sáttar. Ekki er skylt að greiða bætur til eiganda dýrs vegna aflífunar á dýrinu eða annarrar ráðstöfunar á því í samræmi við lögin.

41. gr.

Ágreiningsefni um aðgerðir.

1 Nú vill umráðamaður dýrs ekki hlíta því að dýr sé tekið úr vörslu hans eða að hann sé til bráðabirgða sviptur heimild til að hafa eða sjá um dýr og getur hann þá borið ágreiningsefnið undir dómstóla, hvort sem er sérstaklega eða í sakamáli sem höfðað kann að vera á hendur honum. Slíkt frestar þó ekki aðgerðum eða framkvæmd slíkra ákvarðana skv. 37. gr. og 39. gr.

42. gr.

Stjórnvaldssektir.

1 Matvælastofnun getur lagt stjórnvaldssektir á mann eða lögaðila sem brýtur gegn eftirfarandi ákvæðum og stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra:

a. banni skv. 6. gr.,
b. skyldu skv. 14. gr.,
c. banni skv. 15. gr.,
d. banni skv. 16. gr.,
e. skyldu skv. 17. gr.,
f. banni skv. 18. gr.,
g. banni skv. 19. gr.,
h. banni skv. 20. gr.,
i. skyldu og banni skv. 21. gr.,
j. banni skv. 23. gr.,
k. banni skv. 26. gr.,
l. banni skv. 27. gr.,
m. banni skv. 28. gr.,
n. skyldu skv. 29. gr.,
o. skyldu skv. 30. gr.,
p. skilyrði skv. 31. gr.,
q. skyldu skv. 32. gr.

2 Stjórnvaldssektir geta numið frá 10 þús. kr. til 1 millj. kr. Við ákvörðun sekta skal m.a. tekið tillit til alvarleika brots, hvað það hefur staðið lengi, samstarfsvilja hins brotlega aðila og hvort um

ítrekað brot er að ræða. Matvælastofnun er heimilt að ákveða hærri sektir hafi aðili hagnast á broti. Skal upphæð stjórnvaldssektar þá ákveðin sem allt að tvöfaldur sá hagnaður sem aðili hefur aflað sér með broti gegn lögum þessum, þó aldrei hærri en 5 millj. kr. Séu stjórnvaldssektir ekki greiddar innan mánaðar frá ákvörðun Matvælastofnunar skal greiða dráttarvexti af fjárhæð sektarinnar. Um ákvörðun og útreikning dráttarvaxta fer eftir lögum um vexti og verðtryggingu. Stjórnvaldssektir eru aðfararhæfar og renna í ríkissjóð að frádregnum kostnaði við álagningu og innheimtu.

3 Stjórnvaldssektum verður beitt óháð því hvort brot eru framin af ásetningi eða gáleysi.

4 Í máli sem beinist að einstaklingi og lokið getur með álagningu stjórnvaldssekta eða kæru til lögreglu hefur maður, sem rökstuddur grunur leikur á að hafi gerst sekur um lögbrot, rétt til að neita að svara spurningum eða afhenda gögn eða muni nema hægt sé að útiloka að það geti haft þýðingu fyrir ákvörðun um brot hans. Réttur þessi tekur þó ekki til synjunar um afhendingu dýra. Matvælastofnun skal leiðbeina hinum grunaða um þennan rétt.

5 Heimild Matvælastofnunar til að leggja á stjórnvaldssektir samkvæmt lögum þessum fellur niður þegar fimm ár eru liðin frá því að háttsemi lauk.

6 Nú vill aðili ekki una ákvörðun Matvælastofnunar um stjórnvaldssekt og getur hann þá höfðað mál til ógildingar fyrir dómstólum. Mál skal höfða innan þriggja mánaða frá því að aðila var tilkynnt um ákvörðun Matvælastofnunar. Málshöfðun frestar hvorki réttaráhrifum ákvörðunar Matvælastofnunar né heimild til aðfarar.

7 Frestur skv. 5. mgr. rofnar þegar Matvælastofnun tilkynnir aðila um upphaf rannsóknar á meintu broti. Rof frests hefur réttaráhrif gagnvart öllum sem staðið hafa að broti.

8 Ekki skal beita öðrum refsiviðurlögum þegar stjórnvaldssekt er beitt.

43. gr.

Leyfissvipting.

1 Matvælastofnun er heimilt að svipta leyfishafa leyfi sem gefið er út skv. 18. gr. verði hann ítrekað uppvís að því að vanrækja skyldur sem á honum hvíla samkvæmt lögum þessum eða öðrum lögum sem um reksturinn eða flutningana gilda eða brjóti hann að öðru leyti ítrekað gegn skilyrðum eða skilmálum leyfisins.

2 Áður en kemur til sviptingar skv. 1. mgr. skal Matvælastofnun senda leyfishafa viðvörun þar sem fram komi tilefni sviptingar og skal leyfishafa eftir atvikum gefinn frestur til að bæta úr annmörkum, sbr. 36. gr.

44. gr.

Heimildarsvipting með dómi.

1 Hafi aðili gerst sekur um stórfellt eða ítrekað brot á lögum þessum eða reglugerðum sem eru settar með stoð í þeim má svipta hann með dómi heimild til að hafa dýr í umsjá sinni, versla með þau eða sýsla með þau með öðrum hætti. Sama gildir ef ljóst þykir að aðili hafi ekki getu til að annast dýr, sbr. 10. gr. Heimildarsvipting getur lotið að dýrum almennt eða einstökum tegundum og staðið tiltekið tímabil eða ævilangt. Ákæruvaldið getur haft uppi kröfu um heimildarsviptingu í sakamáli hvort sem krafist er refsingar á hendur sakborningi eða ekki. Sá sem sviptur er heimild samkvæmt þessari málsgrein og skeytir ekki dómi um heimildarsviptingu skal sæta sektum.

45. gr.

Refsiábyrgð.

1 Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári ef:

a. hann vanrækir tilkynningarskyldu skv. 8. gr.,
b. hann vanrækir umönnunarskyldur skv. 14. gr.,
c. hann brýtur gegn bannákvæðum skv. 15. gr.,

d. hann þjálfar dýr án þess að þau hafi til þess líkamlegt heilbrigði eða notar dýr í keppni og sýningar eða á annan hátt án þess að þau hafi til þess líkamlegt heilbrigði og hafi hlotið viðeigandi þjálfun,

e. hann meðhöndlar dýr sem eru notuð í keppni og sýningar eða á annan hátt með lyfjum sem deyfa sjúkdómseinkenni eða auka afkastagetu andstætt velferð þeirra,

f. hann beitir dýr sem eru notuð í keppni og sýningar eða á annan hátt meðferð sem veldur þeim skaða eða óþarfa ótta,

g. hann vanrækir skyldur til að tryggja dýrum aðbúnað skv. 29. gr. eða stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli hennar,

h. hann brýtur ákvæði 16., 18.–28., 31. og 32. gr. eða gegn stjórnvaldsfyrirmælum settum á grundvelli þeirra.

2 Nú er brot skv. 1. mgr. stórfellt eða ítrekað og skal maður þá sæta fangelsi allt að tveimur árum nema brot teljist meiri háttar svo að það varði refsingu skv. 174. gr. almennra hegningarlaga.

3 Brot skv. 1. og 2. mgr. varða mann refsiábyrgð ef þau eru framin af ásetningi eða gáleysi.

4 Gera má lögaðila sekt vegna brots skv. 1. eða 2. mgr. óháð sök fyrirsvarsmanns lögaðilans, starfsmanns hans eða annars á hans vegum í starfsemi lögaðilans. Lögaðila verður gerð refsing þó að ekki verði staðreynt hver þessara aðila hafi átt í hlut. Refsiábyrgð stjórnvalda er bundin sömu skilyrðum, enda hafi verið framið brot skv. 1. eða 2. mgr. í starfsemi sem telst vera sambærileg starfsemi einkaaðila.

5 Tilraun til brota og hlutdeild í brotum skv. 1. og 2. mgr. eru manni refsiverð eftir því sem segir í almennum hegningarlögum.

6 Brot gegn lögum þessum sæta aðeins rannsókn lögreglu að undangenginni kæru Matvælastofnunar.

7 Varði meint brot á lögum þessum bæði stjórnvaldssektum og refsingu metur Matvælastofnun hvort mál skuli kært til lögreglu eða því lokið með stjórnvaldsákvörðun hjá stofnuninni. Ef brot eru meiri háttar ber Matvælastofnun að vísa þeim til lögreglu. Brot telst meiri háttar ef verknaður er framinn með sérstaklega vítaverðum hætti eða við aðstæður sem auka mjög á saknæmi brotsins. Jafnframt getur Matvælastofnun á hvaða stigi rannsóknar sem er vísað máli vegna brota á lögum þessum til rannsóknar lögreglu. Gæta skal samræmis við úrlausn sambærilegra mála.

8 Með kæru Matvælastofnunar skulu fylgja afrit þeirra gagna sem grunur um brot er studdur við. Ákvæði IV.–VII. kafla stjórnsýslulaga gilda ekki um ákvörðun Matvælastofnunar um að kæra mál til lögreglu.

9 Matvælastofnun er heimilt að láta lögreglu og ákæruvaldi í té upplýsingar og gögn sem stofnunin hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr.

10 Lögreglu og ákæruvaldi er heimilt að láta Matvælastofnun í té upplýsingar og gögn sem hún hefur aflað og tengjast þeim brotum sem tilgreind eru í 7. mgr. Lögreglu er heimilt að taka þátt í aðgerðum Matvælastofnunar sem varða rannsókn þeirra brota sem tilgreind eru í 7. mgr.

11 Telji ákærandi að ekki séu efni til málshöfðunar vegna ætlaðrar refsiverðrar háttsemi sem jafnframt varðar stjórnsýsluviðurlögum getur hann sent eða endursent málið til Matvælastofnunar til meðferðar og ákvörðunar.

46. gr.

Reglugerðarheimild.

1 Ráðherra er heimilt að mæla nánar fyrir um framkvæmd laga þessara í reglugerð.[1)]

[1)] *Rg. 968/2011 (um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða), sbr. 33/2016. Rg. 910/2014 (um velferð hrossa). Rg. 1065/2014 (um velferð nautgripa), sbr. 379/2022. Rg. 1066/2014 (um velferð sauðfjár og geitfjár), sbr. 836/2021. Rg. 1276/2014 (um velferð svína), sbr. 529/2015 og 357/2019. Rg. 1277/2014 (um velferð minka). Rg. 80/2016 (um velferð gæludýra). Rg. 540/2016 (um búfjársæðingar og flutning fósturvísa). Rg. 300/2018 (um velferð lagardýra, varnir*

gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum), sbr. 1447/2021. Rg. 511/2018 (um gæðastýrða sauðfjárframleiðslu). Rg. 200/2020 (um innflutning hunda og katta), sbr. 1152/2020, 1019/2021 og 946/2022. Rg. 201/2020 (um einangrun og einangrunarstöðvar fyrir gæludýr), sbr. 786/2022. Rg. 1020/2021 (um velferð sjávarspendýra við fiskveiðar og fiskeldi í sjó). Rg. 88/2022 (um velferð alifugla), sbr. 1359/2022. Rg. 900/2022 (um blóðtöku úr fylfullum hryssum). Rg. 895/2023 (um veiðar á langreyðum).

XI. KAFLI.
Gildistaka o.fl.

47. gr.
Gildistaka.

 Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2014. … Reglugerðir sem settar hafa verið með heimild í lögum nr. 15/1994, um dýravernd, sem og reglugerðir um aðbúnað og velferð dýra settar á grundvelli laga nr. 103/2002, um búfjárhald o.fl., halda gildi sínu að svo miklu leyti sem þær samrýmast lögum þessum.[1)]

[1)]*Sjá nú: Rg. 635/1996 (um notkun lyfja og meðferð á sýningar- og keppnishrossum). Rg. 557/1998 (um kanínurækt). Rg. 526/2001 (um bann við aðgerðum á hundum og köttum sem framkvæmdar eru án læknisfræðilegra ástæðna). Rg. 968/2011 (um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa og um merkingar nautakjöts og nautakjötsafurða), sbr. 33/2016. Rg. 969/2011 (um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 911/2004 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar eyrnamerki, vegabréf og jarðabækur). Rg. 970/2011 (um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1082/2003 um ítarlegar reglur um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000 að því er varðar lágmarkseftirlit sem fara skal fram í tengslum við kerfið fyrir auðkenningu og skráningu nautgripa), sbr. 215/2012. Rg. 971/2011 (um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar nr. 644/2005 um leyfi fyrir sérstöku auðkenningarkerfi fyrir nautgripi sem eru haldnir í menningarlegum og sögulegum tilgangi á samþykktum stöðum eins og kveðið er á um í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins nr. 1760/2000). Rg. 972/2011 (um framkvæmd viðurlaga í tengslum við kerfi um auðkenningu og skráningu nautgripa samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1760/2000), sbr. 89/2012 og 183/2012. Rg. 973/2011 (um gildistöku reglugerðar ráðsins nr. 21/2004 um að koma á kerfi fyrir auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita), sbr. 182/2012 . Rg. 974/2011 (um gildistöku ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar nr. 2006/968/EB um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar viðmiðunarreglur og aðferðir við rafræna auðkenningu sauðfjár og geita). Rg. 975/2011 (um gildistöku reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1505/2006 um framkvæmd reglugerðar ráðsins (EB) nr. 21/2004 að því er varðar lágmarkseftirlit sem skal fara fram í tengslum við auðkenningu og skráningu sauðfjár og geita), sbr. 336/2012. Rg. 1189/2011 (um framlengdan frest til þess að setja tiltekin eyrnamörk). Rg. 916/2012 (um merkingar búfjár). Rg. 136/2015 (um sóttvarnastöðvar fyrir alifugla), sbr. 291/2017. Rg. 285/2020 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2019/723 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625 að því er varðar staðlaða fyrirmynd að eyðublaði sem á að nota í ársskýrslum sem aðildarríki leggja fram).*

48. gr.
Lagaskil.

 Ef málsmeðferð hjá Matvælastofnun hefur hafist í tíð eldri laga gilda ákvæði laga þessara um meðferð máls eftir gildistöku þeirra. Gildir það þótt atvik þau sem mál er sprottið af hafi gerst að einhverju eða öllu leyti í tíð eldri laga.

49. gr.

 Breyting á öðrum lögum. …

Lög
nr. 88/2018, um skipulag haf- og strandsvæða

I. KAFLI.
Almenn ákvæði.

1. gr.
Markmið.

1 Markmið laga þessara er:

a. að nýting og vernd auðlinda haf- og strandsvæða verði í samræmi við skipulag sem hefur efnahagslegar, félagslegar og menningarlegar þarfir landsmanna, heilbrigði þeirra og öryggi að leiðarljósi,

b. að skipulag veiti grundvöll fyrir fjölbreyttri nýtingu auðlinda haf- og strandsvæða sem byggist á heildarsýn á málefni hafsins, vistkerfisnálgun og vernd náttúru og menningarminja, með sjálfbæra þróun að leiðarljósi; enn fremur taki skipulag mið af áhrifum vegna loftslagsbreytinga,

c. að tryggja réttaröryggi í meðferð skipulagsmála þannig að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi,

d. að tryggja samráð og samvinnu við sveitarfélög um skipulag strandsvæða og samræmi þess við skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum,

e. að tryggja samráð við almenning og aðra hagsmunaaðila við skipulagsgerð,

f. að tryggja faglegan undirbúning framkvæmda á haf- og strandsvæðum.

2. gr.
Gildissvið.

1 Lög þessi gilda um stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og um strandsvæðisskipulag.

2 Lög þessi gilda þó ekki um nýtingu og vernd fiskstofna eða annarra lifandi auðlinda hafsins og hafsbotnsins, að undanskilinni nýtingu sem háð er leyfi til efnistöku og eldi eða ræktun nytjastofna.

3. gr.
Orðskýringar.

1. Haf- og strandsvæði: Svæði frá netlögum að ytri mörkum efnahagslögsögunnar.
2. Netlög: Sjávarbelti 115 m út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.
3. Stefna um skipulag haf- og strandsvæða: Sá hluti landsskipulagsstefnu sem fjallar um samræmda stefnu ríkisins í skipulagsmálum á haf- og strandsvæðum og þar sem grundvöllur er lagður fyrir gerð strandsvæðisskipulags.
4. Strandsvæði: Svæði frá netlögum að þeirri viðmiðunarlínu sem tilgreind er í 1. mgr. 5. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.
5. Strandsvæðisskipulag: Skipulagsáætlun fyrir tiltekið strandsvæði þar sem koma fram markmið og ákvarðanir viðkomandi stjórnvalda um framtíðarnýtingu og vernd á tilteknu svæði og hvers konar framkvæmdir falla að nýtingu á svæðinu. Forsendum ákvarðana er einnig lýst. Skipulagssvæði strandsvæðisskipulags afmarkast við strandsvæði. Önnur afmörkun er ákveðin í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða hverju sinni.

II. KAFLI.

Stjórn skipulagsmála á haf- og strandsvæðum.

4. gr.

Stjórn og framkvæmd skipulagsmála.

1 Ráðherra fer með yfirstjórn skipulagsmála samkvæmt lögum þessum. Ráðherra til aðstoðar er Skipulagsstofnun.

2 Svæðisráð bera ábyrgð á gerð strandsvæðisskipulags.

3 Skipulagsstofnun hefur eftirlit með framkvæmd laga þessara og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim. Hún er svæðisráðum til ráðgjafar og annast gerð strandsvæðisskipulags í þeirra umboði og þá málsmeðferð sem kveðið er á um í lögum þessum auk þess sem hún fylgist með þróun í starfsemi og öðrum athöfnum sem hafa áhrif á skipulagsmál á haf- og strandsvæðum. Þá gerir stofnunin tillögu að stefnu um skipulag haf- og strandsvæða sem hluta af landsskipulagsstefnu. Um hlutverk Skipulagsstofnunar að öðru leyti fer samkvæmt ákvæðum skipulagslaga eftir því sem við á.

5. gr.

Svæðisráð.

1 Þegar stefna um skipulag haf- og strandsvæða kveður á um gerð strandsvæðisskipulags á tilteknu svæði eða endurskoðun á strandsvæðisskipulagi skal ráðherra skipa eitt svæðisráð fyrir hvert slíkt strandsvæði. Svæðisráð hefur það hlutverk að vinna að tillögu að strandsvæðisskipulagi fyrir viðkomandi svæði eða endurskoðun þess.

2 Ráðherra skipar átta manna svæðisráð til að annast gerð strandsvæðisskipulags á tilteknu svæði. Eftir að strandsvæðisskipulag hefur tekið gildi skal skipan svæðisráðsins gilda þar til að loknum alþingiskosningum og skal þá skipa nýtt svæðisráð. Ef endurskoða þarf strandsvæðisskipulag eða gera breytingu á því í samræmi við 14. gr. skal ráðherra óska eftir því við svæðisráð að það endurskoði skipulagið eða vinni tillögu að breytingu á því.

3 Ráðherra er fer með orkumál og ferðamál, ráðherra er fer með sjávarútvegsmál og ráðherra er fer með samgöngumál skulu hver hafa einn fulltrúa í svæðisráði. Aðliggjandi sveitarfélög skulu einnig hafa alls þrjá fulltrúa í svæðisráðinu og Samband íslenskra sveitarfélaga einn fulltrúa. Þessir aðilar tilnefna sína fulltrúa. Ráðherra er fer með umhverfismál og auðlindamál skal einnig hafa einn fulltrúa í ráðinu sem skal skipaður formaður svæðisráðsins. Allir aðilar skulu einnig hafa jafnmarga varamenn sem eru tilnefndir og skipaðir með sama hætti. Taki nýr ráðherra við embætti á miðju kjörtímabili er honum heimilt að tilnefna nýja fulltrúa í svæðisráð. Sömu heimild hafa sveitarstjórnir viðkomandi sveitarfélaga að loknum sveitarstjórnarkosningum.

4 Skipulagsstofnun leggur svæðisráðum til aðstöðu og starfsmann vegna funda svæðisráðanna.

5 Samþykki að lágmarki sex fulltrúa þarf til að mál sem eru til afgreiðslu í svæðisráði teljist samþykkt.

6 Ráðherra skipar fimm manna samráðshóp sem skal vera svæðisráði til ráðgjafar og samráðs við undirbúning að gerð strandsvæðisskipulags. Í samráðshópnum skulu vera einn fulltrúi ferðamálasamtaka, einn fulltrúi Samtaka atvinnulífsins, einn fulltrúi útivistarsamtaka og tveir fulltrúar umhverfisverndarsamtaka, annar þeirra frá umhverfisverndarsamtökum á landsvísu en hinn frá samtökum á viðkomandi svæði ef slík samtök eru til staðar, annars skulu báðir vera fulltrúar umhverfisverndarsamtaka á landsvísu. Svæðisráðum er heimilt að tilnefna allt að þrjá fulltrúa til viðbótar.

6. gr.

Ráðgefandi aðilar.

1 Fagstofnanir sem fara með málaflokka er varða nýtingu og vernd á haf- og strandsvæðum skulu vera svæðisráðum og Skipulagsstofnun til ráðgjafar um atriði sem undir lög þessi heyra. Hið

sama á við um vatnasvæðisnefndir samkvæmt lögum um stjórn vatnamála. Þessum aðilum ber að leggja fram nauðsynleg gögn vegna vinnu við gerð stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og strandsvæðisskipulags samkvæmt lögum þessum og upplýsingar um hvaða gögn liggja fyrir. Þær fagstofnanir sem um er að ræða eru m.a. Ferðamálastofa, Fiskistofa, Hafrannsóknastofnun, [Landgræðslan],[1)] Landhelgisgæslan, Landmælingar Íslands, [Húsnæðis- og mannvirkjastofnun],[2)] Matvælastofnun, Minjastofnun Íslands, Náttúrufræðistofnun Íslands, Orkustofnun, Samgöngustofa, Umhverfisstofnun, Veðurstofan og Vegagerðin.

[1)]L. 155/2018, 28. gr. [2)]L. 137/2019, 19. gr.

III. KAFLI.
Skipulagsskylda og framkvæmd skipulags.

7. gr.
Skipulagsskylda.

1 Skylt er í landsskipulagsstefnu að marka stefnu um skipulag á haf- og strandsvæðum frá netlögum að ytri mörkum efnahagslögsögunnar. Skipulagsskylda á strandsvæðum tekur til þeirra afmörkuðu strandsvæða sem kveðið er á um í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Nýting og vernd auðlinda haf- og strandsvæða, þ.m.t. mannvirkjagerð á slíkum svæðum og aðrar framkvæmdir og umferð sem hefur áhrif á umhverfið og breytir ásýnd þess eða hefur áhrif á aðra nýtingu og vernd, skal vera í samræmi við stefnu um skipulag haf- og strandsvæða og strandsvæðisskipulag þar sem það er fyrir hendi.

2 Í strandsvæðisskipulagi skal m.a. lýsa umhverfi og aðstæðum á skipulagssvæðinu og forsendum þeirrar stefnu sem það felur í sér og gera grein fyrir áhrifum þess og einstakra stefnumiða á umhverfið með umhverfismati, m.a. með samanburði þeirra kosta sem til greina koma. Við gerð strandsvæðisskipulags skal leita eftir sjónarmiðum og tillögum viðkomandi stjórnvalda, almennings og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu. Sérstakt samráð skal haft við viðkomandi sveitarfélög um samræmingu skipulags strandsvæða og skipulagsáætlana samkvæmt skipulagslögum og hafnarstjórnir vegna hafnarsvæða.

8. gr.
Framkvæmd skipulags.

1 Leyfi fyrir framkvæmdum eða annarri starfsemi skal samræmast gildandi strandsvæðisskipulagi sé það fyrir hendi. Leyfisveitendur skulu senda Skipulagsstofnun upplýsingar um útgefin leyfi á haf- og strandsvæðum og birtir stofnunin upplýsingar um leyfin í landupplýsingagátt á vef Skipulagsstofnunar.

2 Heimilt er að leggja fram fyrirspurn til Skipulagsstofnunar um hvort tiltekin framkvæmd eða starfsemi sé í samræmi við viðkomandi strandsvæðisskipulag. Stofnunin skal eftir atvikum leita upplýsinga um slíka framkvæmd eða starfsemi hjá framkvæmdaraðila eða rekstraraðila og leyfisveitanda til að ganga úr skugga um að hún samræmist viðkomandi strandsvæðisskipulagi.

IV. KAFLI.
Stefna um skipulag haf- og strandsvæða.

9. gr.
Stefna um skipulag haf- og strandsvæða.

1 Í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða er lagður grundvöllur fyrir gerð strandsvæðis-skipulags varðandi orkuvinnslu á hafi, mannvirkjagerð, eldi eða ræktun nytjastofna, efnistöku, haugsetningu, verndarsvæði, vatnsvernd, umferð og samgöngur, náttúruvá, útivist, ferðaþjónustu o.fl., í samræmi við markmið laga þessara. Þar skal mælt fyrir um á hvaða afmörkuðu svæðum gera skuli strandsvæðisskipulag og hvaða strandsvæðisskipulag skuli endurskoðað. Við slíka ákvörðun

skulu hafa forgang þau svæði þar sem talið er brýnt að samþætta ólíka nýtingu og verndarsjónarmið. Í þeim tilvikum þegar gerð tiltekins hluta af strandsvæðisskipulagi hefur verið frestað, sbr. 2. mgr. 13. gr., skal sú ákvörðun endurskoðuð við gerð stefnunnar og þar mælt fyrir um hvort umrætt svæði skuli skipulagt eða hvort því skuli frestað til lengri tíma.

2 Stefna um skipulag haf- og strandsvæða skal vera hluti af landsskipulagsstefnu samkvæmt skipulagslögum. Þar skal ávallt vera uppfærð stefna um skipulagsmál á haf- og strandsvæðum. Um stefnu um skipulag haf- og strandsvæða fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum skipulagslaga um landsskipulagsstefnu.

V. KAFLI.
Strandsvæðisskipulag.

10. gr.
Strandsvæðisskipulag.

1 Strandsvæðisskipulag er skipulagsáætlun fyrir afmarkað strandsvæði sem tilgreint er í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Í strandsvæðisskipulagi er sett fram stefna og ákvæði varðandi orkuvinnslu á hafi, mannvirkjagerð, eldi eða ræktun nytjastofna, efnistöku, haugsetningu, verndarsvæði, vatnsvernd, umferð og samgöngur, náttúruvá, útivist, ferðaþjónustu o.fl., í samræmi við markmið laga þessara, þar á meðal með tilliti til sjálfbærrar þróunar, áhrifa á umhverfið og ásýnd þess, öryggissjónarmiða sem og annarra skipulagsforsendna sem þurfa að liggja fyrir vegna starfsemi eða framkvæmda á svæðinu.

2 Strandsvæðisskipulag skal byggt á og vera í samræmi við stefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Þar er stefnan útfærð á grundvelli nánari upplýsinga um viðkomandi svæði. Eftir atvikum skal einnig gæta samræmis við annað strandsvæðisskipulag samkvæmt lögunum. Við gerð strandsvæðisskipulags skal jafnframt gæta samræmis við skipulagsáætlanir samkvæmt skipulagslögum. Einnig ber að taka mið af stjórnvaldsfyrirmælum, öðrum lögum og lögbundnum ákvörðunum um nýtingu og vernd haf- og strandsvæða þar sem tiltekin starfsemi er t.d. takmörkuð eða bönnuð.

3 Strandsvæðisskipulag skal setja fram á skipulagsuppdrætti ásamt skipulagsgreinargerð. Í greinargerð strandsvæðisskipulags er forsendum þess lýst og sett fram stefna og ákvæði skipulagsins og umhverfismat áætlunarinnar. Á skipulagsuppdrætti strandsvæðisskipulags skal setja fram þá stefnu og ákvæði sem sett eru fram í skipulagsgreinargerð fyrir skipulagssvæðið að svo miklu leyti sem það getur átt við.

4 Strandsvæðisskipulag skal unnið á stafrænu formi og skal Skipulagsstofnun gera það aðgengilegt með stafrænum hætti.

5 Um gerð og framsetningu strandsvæðisskipulags gilda að öðru leyti ákvæði 7. gr. og nánari ákvæði í reglugerð um skipulagsgerðina.

6 Strandsvæðisskipulag er háð staðfestingu ráðherra.

11. gr.
Gerð strandsvæðisskipulags, kynning og samráð.

1 Þegar vinna við gerð strandsvæðisskipulags hefst skal svæðisráð taka saman lýsingu á skipulagsverkefninu þar sem fram kemur hvaða áherslur svæðisráð hafi við gerð skipulagsins, upplýsingar um forsendur og fyrirliggjandi stefnu og fyrirhugað skipulagsferli, svo sem um kynningu og samráð við skipulagsgerðina gagnvart stjórnvöldum, almenningi og öðrum hagsmunaaðilum og hvernig staðið verður að umhverfismati áætlana. Svæðisráð skal bera drög að lýsingu undir fagstofnanir og viðkomandi vatnasvæðisnefndir, sbr. 6. gr. Þegar samkomulag liggur fyrir í svæðisráði um lýsingu á gerð strandsvæðisskipulagsins skal hún kynnt opinberlega og skal svæðisráðið leita eftir sjónarmiðum hagsmunaaðila og einstakra sveitarfélaga um efni hennar.

12. gr.

Auglýsing tillögu að strandsvæðisskipulagi.

1 Þegar endanleg tillaga að strandsvæðisskipulagi liggur fyrir samþykkir svæðisráð hana til auglýsingar.

2 Þegar svæðisráð hefur samþykkt að auglýsa tillögu að strandsvæðisskipulagi skal hún auglýst með áberandi hætti, bæði í fjölmiðli sem gefinn er út svæðisbundið og á landsvísu. Tillagan skal einnig auglýst í Lögbirtingablaðinu [og vera aðgengileg á vef].[1)] …[1)]

3 Í auglýsingu skal tilgreina hvar tillagan er til sýnis og hve lengi og skal sá tími ekki vera skemmri en athugasemdafrestur. Í auglýsingu skal hverjum þeim aðila sem telur sig eiga hagsmuna að gæta gefinn kostur á að gera athugasemdir við tillöguna innan ákveðins frests sem eigi skal vera skemmri en átta vikur frá birtingu auglýsingar. Tekið skal fram hvert skila skuli athugasemdum.

[1)]L. 111/2021, 38. gr.

13. gr.

Afgreiðsla og gildistaka strandsvæðisskipulags.

1 Þegar frestur til athugasemda er liðinn skal svæðisráð fjalla um tillöguna á nýjan leik. Í þeirri umfjöllun skal taka afstöðu til athugasemda sem borist hafa og þess hvort gera skuli breytingar á tillögunni. Ákveði svæðisráð að breyta tillögu að strandsvæðisskipulagi í grundvallaratriðum skal hin breytta tillaga auglýst á nýjan leik skv. 12. gr.

2 Svæðisráði er heimilt með samþykki ráðherra að fresta gerð strandsvæðisskipulags fyrir ákveðið svæði innan strandsvæðisins ef óvissa ríkir um atriði sem haft geta veruleg áhrif á framkvæmd skipulagsins. Ákvörðun um frestun skal endurskoðuð við gerð stefnu um skipulag haf- og strandsvæða, sbr. 4. málsl. 1. mgr. 9. gr.

3 Þegar svæðisráð hefur samþykkt tillögu að strandsvæðisskipulagi skal senda ráðherra tillöguna ásamt athugasemdum og umsögn svæðisráðs um þær, innan tólf vikna frá því að frestur til að gera athugasemdir skv. 12. gr. rann út. Jafnframt skal senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu afgreiðslu og umsögn svæðisráðs um athugasemdir og auglýsa niðurstöðu svæðisráðs.

4 Þegar ráðherra berst tillaga að strandsvæðisskipulagi skal hann innan tólf vikna staðfesta tillöguna, staðfesta frestun hennar að hluta eða hafna staðfestingu hennar. Við yfirferð tillögunnar metur hann hvort á henni séu form- eða efnisgallar, þar á meðal hvort tillagan sé í samræmi við stefnu um skipulag haf- og strandsvæða. Ef ráðherra telur að tillagan sé haldin form- eða efnisgalla skal hann gefa svæðisráði færi á að koma að athugasemdum áður en hann tekur ákvörðun um afgreiðslu tillögunnar.

5 Staðfest strandsvæðisskipulag skal auglýst í B-deild Stjórnartíðinda. Strandsvæðisskipulag tekur gildi þegar það hefur verið samþykkt af svæðisráði, hlotið staðfestingu ráðherra og verið birt í B-deild Stjórnartíðinda.

14. gr.

Breytingar á strandsvæðisskipulagi.

1 Telji Skipulagsstofnun að gera þurfi breytingar á strandsvæðisskipulagi tilkynnir hún ráðherra þar um. Fallist ráðherra á það skipar hann svæðisráð í samræmi við 5. gr. sem tekur ákvörðun um gerð tillögu um breytingu á skipulaginu. Ráðherra getur einnig skipað svæðisráð að eigin frumkvæði, að höfðu samráði við Skipulagsstofnun, telji hann þörf á breytingum á strandsvæðisskipulagi.

2 Telji Skipulagsstofnun eða aðliggjandi sveitarfélag þörf á breytingum á fyrirliggjandi strandsvæðisskipulagi, tilkynnir viðkomandi aðili ráðherra þar um. Ráðherra skal þá óska eftir því við svæðisráð að það endurskoði strandsvæðisskipulag, sbr. 5. gr., og geri tillögu um breytingu telji

það þörf á því. Ráðherra getur einnig að eigin frumkvæði óskað eftir því við svæðisráð að það vinni tillögu að breytingu á strandsvæðisskipulagi.

3 Nú telur svæðisráð að þær breytingar sem gera þarf á gildandi strandsvæðisskipulagi séu það óverulegar að ekki sé talin ástæða til meðferðar skv. 11.–13. gr. og skal þá svæðisráð senda rökstudda tillögu um breytinguna til ráðherra. Niðurstaða svæðisráðs skal auglýst. Við mat á því hvort breyting á strandsvæðisskipulagi geti talist óveruleg skal taka mið af því hvort hún hafi verulegar breytingar á nýtingu umrædds svæðis í för með sér eða sé líkleg til að hafa mikil áhrif á einstaka aðila eða hafa áhrif á stór svæði.

4 Fallist ráðherra á tillögu svæðisráðs skal hann staðfesta tillöguna innan fjögurra vikna frá því að tillagan barst honum og auglýsa hana í B-deild Stjórnartíðinda. Fallist ráðherra ekki á að um óverulega breytingu sé að ræða skal hann tilkynna svæðisráðinu um það og fer þá um málsmeðferð skv. 11.–13. gr.

VI. KAFLI.
Reglugerð, bætur o.fl.

15. gr.
Reglugerðir.

1 Ráðherra setur reglugerð[1)] um gerð strandsvæðisskipulags. Í reglugerðinni skal m.a. kveðið nánar á um efni og kynningu lýsingar, efni og framsetningu strandsvæðisskipulags og samráð og kynningu við gerð og afgreiðslu strandsvæðisskipulags.

2 Ráðherra er jafnframt heimilt að setja í reglugerð[1)] nánari ákvæði um starfsreglur svæðisráðs.

3 Þær reglugerðir sem kveðið er á um í lögum þessum skulu settar að fengnum tillögum Skipulagsstofnunar og að höfðu samráði við ráðuneyti orkumála, ferðamála, sjávarútvegsmála og samgöngumála og Samband íslenskra sveitarfélaga.

[1)] *Rg. 330/2020 (um gerð strandsvæðaskipulags), sbr. 196/2022.*

16. gr.
Bætur vegna skipulags.

1 Leiði strandsvæðisskipulag eða breyting á strandsvæðisskipulagi til sérstakrar skerðingar á nýtingu rétthafa á viðkomandi svæði, umfram það sem teljast má til almennra takmarkana eignarréttar, skal rétthafi eiga rétt á bótum fyrir fjárhagslegt tjón sem hann verður fyrir.

2 Rétthafar sem telja sig hafa rétt til bóta skv. 1. mgr. skulu bera fram bótakröfu við ráðherra innan sex mánaða frá birtingu strandsvæðisskipulags. Viðurkenni ríkið bótaskyldu og ekki næst samkomulag um bætur skal það annast um að dómkvaddir verði matsmenn til að ákveða bætur.

17. gr.
Gildistaka.

1 Lög þessi öðlast þegar gildi.

18. gr.

Breyting á öðrum lögum. …

Ákvæði til bráðabirgða.

I.

1 Þrátt fyrir að í lögum þessum sé kveðið á um að í stefnu um skipulag haf- og strandsvæða skuli mælt fyrir um á hvaða afmörkuðu svæðum gera skuli strandsvæðisskipulag, sbr. 1. mgr. 9. gr., skal 1. september 2018 hafin vinna við gerð strandsvæðisskipulags á Vestfjörðum og Austfjörðum. Ráðherra skal því eigi síðar en 1. september 2018 skipa svæðisráð til að gera strandsvæðisskipulag


fyrir Vestfirði frá Bjargtöngum að Straumnesi eins og það er nánar afmarkað á uppdrætti I í viðauka við ákvæði þetta. Ráðherra skal á sama tíma skipa svæðisráð til að gera strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði frá Almenningsfles að Hvítingum eins og það er nánar afmarkað á uppdrætti II í viðauka við ákvæði þetta. Mæli sérstakar ástæður með því skal skipuðum svæðisráðum heimilt að vinna að strandsvæðisskipulaginu í áföngum með því að fresta gerð skipulagsins fyrir ákveðin svæði innan Vestfjarða og Austfjarða.

II.


 Lög þessi skulu endurskoðuð í ljósi reynslunnar þegar vinnu við gerð strandsvæðisskipulags samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I er lokið en þó eigi síðar en þremur árum eftir gildistöku laga þessara. Við þá endurskoðun verði m.a. horft til afmörkunar haf- og strandsvæða landmegin, viðmiðunarlínu ytri afmörkunar strandsvæðisskipulags, stjórnar og framkvæmdar skv. 4. gr. og skipanar svæðisráða skv. 5. gr.

Viðauki.

Uppdráttur I. Strandsvæðisskipulag á Vestfjörðum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.



Uppdráttur II. Strandsvæðisskipulag á Austfjörðum samkvæmt ákvæði til bráðabirgða I.



Reglugerð

nr. 860/2025, um leyfilegan heildarafla og veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 860/2025 sbr. 1000/2025 og 1013/2025.*

I. KAFLI
Veiðileyfi í atvinnuskyni.

1. gr.

 Veiðar í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. Um veitingu leyfa til veiða í atvinnuskyni fer eftir 5. gr. laga um stjórn fiskveiða.

II. KAFLI
Heildarafli, frádráttur og úthlutun.

2. gr.

Úthlutun fiskveiðiársins 2025/2026.

 Leyfilegur heildarafli tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á grundvelli aflahlutdeildar fiskiskips í viðkomandi tegund er sem hér segir:

Tegund	Ráðlagður heildarafli	Frádrag vegna heimilda erlendra ríkja og annarra ráðstafana	Leyfilegur heildarafli	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar á grundvelli aflahlutdeildar
Blálanga	307	3	304	16	288
Djúpkarfi	0	0	0	0	0
Grálúða	20.992	9.166	11.826	627	11.199
Grásleppa	662	0	662	35	627
Gullkarfi	41.345	5.122	36.223	1.920	34.303
Gulllax	7.771	0	7.771	412	7.359
Hlýri	299	0	299	16	283
Humar	0	0	0	0	0
Keila	7.451	610	6.841	363	6.478
Langa	6.330	1.272	5.058	268	4.790
Langlúra	1.659	0	1.659	88	1.571
Litli karfi	683	0	683	36	647
Loðna	0	0	0	0	0
Rækja við Snæfellsnes	0	0	0	0	0
Sandkoli	253	0	253	13	240
Skarkoli	7.871	0	7.871	417	7.454
Skrápflúra	0	0	0	0	0
Skötuselur	226	0	226	12	214
Steinbítur	9.412	0	9.412	499	8.913
Ufsi	59.510	106	59.404	3.148	56.256
[Úthafsrækja	4.537	0	4.537	240	4.297][1)]
Ýsa	78.918	1.606	77.312	4.098	73.214
Þorskur	203.822	2.437	201.385	10.673	190.712
Þykkvalúra/sólkoli	970	0	970	51	919

2 Aflamark í botnfiski miðast við slægðan fisk með haus nema í grásleppu, gullkarfa, litla karfa, gulllaxi, og djúpkarfa sem miðast við óslægðan fisk. Aflamark í uppsjávarfiski miðast við óslægðan fisk.

[1)]Rg. 1000/2025.

3. gr.

Úthlutun fiskveiðiársins 2025/2026 fyrir viðkomandi svæði.

1 Leyfilegur heildarafli tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum fyrir viðkomandi svæði, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á grundvelli aflahlutdeildar fiskiskips í viðkomandi tegund fyrir viðkomandi svæði er sem hér segir:

Tegund/Svæði	Ráðlagður heildarafli	Leyfilegur heildarafli	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar á grundvelli aflahlutdeildar
Hörpudiskur:	**40**	**40**	**2**	**38**
Breiðasund	40	40	2	38
Hvammsfjörður	0	0	0	0
Rækja á grunnslóð:	**0**	**0**	**0**	**0**
Arnarfjörður	0	0	0	0
Ísafjarðardjúp	0	0	0	0
Skollakoppur (ígulker):	**197**	**197**	**10**	**187**
Svæði A	50	50	3	47
Svæði B	88	88	5	83
Svæði C	59	59	3	56
[**Brimbútur (sæbjúga):**	**2.168**	**2.168**	**115**	**2.053**
Svæði A – Norður-Aðalvík	110	110	6	104
Svæði B – Vestfirðir, miðsvæði	36	36	2	34
Svæði C – Vestfirðir, suðursvæði	40	40	2	38
Svæði D – Utanverður Breiðafjörður	45	45	2	43
Svæði E – Faxaflói	416	416	22	394
Svæði F – Austurland, norðursvæði	208	208	11	197
Svæði G – Austurland, miðsvæði	964	964	51	913
Svæði H – Austurland, suðursvæði	349	349	18	331]1)

[1)]Rg. 1013/2025.

4. gr.

Úthlutun almanaksársins 2026.

1 Á árinu 2026 er leyfilegur heildarafli tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum, frádráttur sbr. 3. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, ráðstöfun skv. 10. gr. b laga um stjórn fiskveiða og úthlutun Fiskistofu á grundvelli aflahlutdeildar fiskiskips í viðkomandi tegund er sem hér segir:

Tegund	Ráðlagður heildarafli	Leyfilegur heildarafli	Dregið frá heildarafla, skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%)	Fiskistofa úthlutar á grundvelli aflahlutdeildar
Íslensk sumargotssíld	**0**	**0**	**0**	**0**
Kolmunni	**0**	**0**	**0**	**0**
Makríll:	**0**	**0**	**0**	**0**
Til úthlutunar á grundvelli aflahlutdeildar skv. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006.	0	0	0	0

Til ráðstöfunar skv. 10. gr. b. laga nr. 116/2006.	0	0	0	0
Norsk-íslensk síld	**0**	**0**	**0**	**0**
Norður-Íshafsþorskur:	**0**	**0**	**0**	**0**
Til úthlutunar innan efnahagslögsögu Noregs.	0	0	0	0
Til úthlutunar innan efnahagslögsögu Rússlands.	0	0	0	0
Úthafskarfi	**0**	**0**	**0**	**0**

III. KAFLI
Heimildir erlendra skipa til veiða.

5. gr.
Heimildir fiskveiðiársins 2025/2026.

1 Veiðar erlendra skipa samkvæmt samningum í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2025/2026 skulu háðar leyfum Fiskistofu. Leyfilegur heildarafli tilgreindur í tonnum í eftirfarandi tegundum í viðkomandi tegund er sem hér segir:

Tegund	Ríki	Leyfilegur heildarafli samkvæmt samningi	Athugasemd
Loðna	Færeyjar	0	
	Grænland	0	
	Noregur	0	

6. gr.
Heimildir almanaksársins 2026.

1 Veiðar erlendra skipa samkvæmt samningum í fiskveiðilandhelgi Íslands á almanaksárinu 2026 skulu háðar leyfum Fiskistofu.

IV. KAFLI
Skiptimarkaður með aflamark.

7. gr.

1 Fiskistofa skal sjá um framkvæmd skipta, sbr. 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða og annast skiptimarkað fyrir aflamark.

2 Við framkvæmd skiptimarkaðar skal Fiskistofa auglýsa hverju sinni eftir tilboðum í það magn aflamarks sem ráðherra ákveður. Auglýsa skal eftir tilboðum í tiltekið magn aflamarks í einstakri tegund í skiptum fyrir aflamark í einni af eftirfarandi tegundum: þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu og gullkarfa, svo lengi sem aflamark er til ráðstöfunar. Tilboðsfrestur og -skilmálar skulu birtast á vefsíðu Fiskistofu. Þegar tilboð berst Fiskistofu er það bindandi fyrir aðila. Þó er aðila heimilt að afturkalla tilboð sitt enda berist afturköllunin Fiskistofu áður en tilboðsfrestur er liðinn. Fiskistofu er einungis heimilt að veita upplýsingar um tilboð eftir að tilboðsfrestur er liðinn og skal þá birta upplýsingarnar á vefsíðu sinni. Birta skal einungis upplýsingar um samþykkt tilboð.

3 Fiskistofa ákveður form tilboða. Í tilboði skal útgerðaraðili skips tilgreina magn þeirrar tegundar sem boðið er í og magn þeirrar tegundar sem boðið er í skiptum, svo og önnur atriði sem Fiskistofa ákveður.

4 Fiskistofa skal samþykkja það tilboð sem hæst er. Við mat tilboða skal Fiskistofa, þar sem tilboð geta falið í sér mismunandi tegundir sem endurgjald, miða við meðalverð tegunda í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, undanfarna 30 daga eða eftir atvikum síðasta mánuð sem viðskipti voru með tegund. Ef hæstu tilboð eru jöfn skal magni skipt hlutfallslega á milli tilboðsgjafa. Ef hæsta tilboð er aðeins í hluta þess magns sem í boði er skal það samþykkt. Síðan skal næst hæsta tilboðið samþykkt, þar til því aflamarki sem var í boði hefur verið ráðstafað.

5 Ef aflamark í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu eða gullkarfa sem látið hefur verið í skiptum, er umfram það aflamark sem innheimta skal, er heimilt að bjóða þær tegundir á skiptimarkaði.

6 Óheimilt er að framselja aflaheimildir í makríl sem keyptar eru á skiptimarkaði.

7 Aflamark sem látið er í skiptum telst ekki flutt af skipi í skilningi 15. gr. laga um stjórn fiskveiða.

V. KAFLI
Skipting leyfilegs afla, úthlutun og útreikningur aflamarks.

8. gr.
Úthlutun aflamarks/krókaaflamarks.

1 Veiðiheimildum í þeim tegundum sem heildarafli er takmarkaður af, skv. 2. og 3. gr. skal skipt milli einstakra skipa í samræmi við aflahlutdeild eða krókaaflahlutdeild þeirra í viðkomandi tegund. Úthlutað aflamark/krókaaflamark hvers skips í hverri einstakri tegund ræðst annars vegar af aflahlutdeild/krókaaflahlutdeild skipsins í viðkomandi tegund en hins vegar af úthlutuðu heildaraflamarki í tegundinni skv. 2. og 3. gr.

2 Bátum, sem leyfi hafa til veiða með krókaaflamarki, skal úthlutað krókaaflamarki í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu, blálöngu, litla karfa, hlýra, grásleppu og gullkarfa á grundvelli krókaaflahlutdeildar þeirra. Um krókaaflahlutdeild og krókaaflamark gilda sömu reglur um útreikning, nýtingu og framsal og gilda um aflahlutdeild og aflamark nema kveðið sé á um annað í lögum eða reglugerð þessari.

9. gr.
Slægingarstuðlar.

1 Þegar umreikna skal óslægðan fisk í slægðan skal margfalda magn með slægingarstuðli og þegar umreikna skal slægðan fisk í óslægðan skal deila magni með slægingarstuðli fyrir þær tegundir sem tilgreindar eru í töflunni hér að neðan.

Tegund	Slægingarstuðull
Þorskur	0,84
Ýsa	0,84
Ufsi	0,84
Grálúða	0,92
Skarkoli	0,92
Sandkoli	0,92
Skrápflúra	0,92
Langlúra	0,92
Þykkvalúra/sólkoli	0,92
Steinbítur	0,90
Keila	0,90
Skötuselur	0,90
Langa	0,80
Blálanga	0,80

2 Þegar umreikna skal slitinn humar yfir í óslitinn skal margfalda vegið magn humarhala með 3,25. Þegar umreikna skal óslitinn humar yfir í slitinn humar skal deila í vegið magn óslitins humars með 3,25.

3 Við umreikning landaðra grásleppuhrogna í heila grásleppu til skráningar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við margföldunarstuðulinn 3,4.

10. gr.

Undirmálsafli og annar afli til aflamarks.

1 Þorskur styttri en 50 cm (27 cm hausaður) og ufsi styttri en 50 cm (31 cm hausaður), ýsa styttri en 45 cm (26,5 cm hausuð) og gull- og djúpkarfi styttri en 33 cm teljast að hálfu til aflamarks, enda fari afli undir áðurgreindum stærðarmörkum ekki yfir 10% af viðkomandi tegund í veiðiferð. Undirmálsafla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega af löggiltum vigtarmanni. Þó er heimilt að ákvarða magn undirmáls í gull- og djúpkarfaafla við endurvigtun í vinnsluhúsi. Skal gullkarfa og djúpkarfa sem þannig er flokkaður frá í vinnsluhúsi til ákvörðunar á magni undirmáls, haldið aðgreindum frá öðrum afla. Ákvæði þessarar málsgreinar gilda þó ekki um afla sem flakaður er um borð í veiðiskipi. Hausaðan fisk skal mæla frá sporðsenda að gotrauf.

2 Komi afli í veiðarfæri skips, sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt, sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks enda sé honum haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega. Þennan afla er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

3 Heimilt er skipstjóra að ákveða að hluti aflans reiknist ekki til aflamarks skipsins. Þessi heimild takmarkast við 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla, sem viðkomandi skip veiðir á fiskveiðiárinu og er bundin eftirfarandi skilyrðum:

a. Aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn og skráður sérstaklega.
b. Aflinn sé seldur á uppboði á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. lög um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.
c. Heimildin skiptist í fjögur þriggja mánaða tímabil á fiskveiðiárinu. Ekki er heimilt að flytja ónýttar heimildir milli tímabilanna. Þó má miða ýsuafla sem fæst sem meðafli eða meðafla við grásleppuveiðar, við heimild fiskveiðiársins í heild, enda sé sá afli gerður upp í lok þess.

4 Um heimild til veiða umfram aflamark í einstökum fisktegundum sem skerðir aflamark annarra botnfisktegunda hlutfallslega gilda ákvæði 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða.

11. gr.

Tímabil löndunar.

1 Afli fiskveiðiárs sem landað er 1. september 2025 eða síðar telst til fiskveiðiársins 2025/2026, enda þótt veiðiferð hefjist fyrir upphaf þess fiskveiðiárs. Afli almanaksárs sem landað er 1. janúar 2026 eða síðar innan ársins telst til almanaksársins 2026.

2 Sigli skip með eigin afla í tegundum, skal afli teljast til þess fiskveiðiárs ef um er að ræða tegundir sem tilgreindar eru í 2. gr. og til þess almanaksárs ef um er að ræða tegundir sem tilgreindar eru í 4. gr. þá er skipið sannanlega hættir veiðum fyrir siglingu.

VI. KAFLI
Framsal aflamarks og aflahlutdeildar.

12. gr.

Framsal aflamarks.

1 Þegar fiskiskipi hefur verið úthlutað aflamarki, er heimilt að flytja aflamarkið á milli fiskiskipa enda leiði flutningurinn ekki til þess að veiðiheimildir skipsins verði bersýnilega umfram veiðigetu þess. Krókaaflamark verður aðeins flutt til báts, sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 4. gr. laga um stjórn fiskveiða.

2 Á hverju fiskveiðiári er heimilt að flytja af fiskiskipi 50% þess aflamarks sem skipi var úthlutað í þorskígildum talið á grundvelli verðmætahlutfalla einstakra tegunda. Auk þess er heimilt að flytja frá skipi það aflamark í einstökum tegundum sem flutt hefur verið til skips. Heimilt er Fiskistofu að víkja frá þessari takmörkun á heimild til flutnings á aflamarki vegna varanlegra breytinga á skipakosti útgerða eða þegar skip hverfur úr rekstri um lengri tíma vegna alvarlegra bilana eða sjótjóns.

3 Tilkynna skal Fiskistofu um flutning aflamarks á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út og öðlast flutningurinn ekki gildi fyrr en Fiskistofa hefur staðfest hann. Í tilkynningunni skulu koma fram upplýsingar um nöfn og skipaskrárnúmer þeirra skipa sem aflamark er flutt á milli og magn aflamarks, auk upplýsinga um verð aflamarks nema skipin séu í eigu sama aðila. Eigandi og útgerðaraðili þess skips sem aflamarkið er flutt frá skulu undirrita og leggja fram tilkynningu um flutning.

4 Tilkynningu um flutning aflamarks skal fylgja staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs um að fyrir liggi samningur útgerðar og áhafnar þess skips sem aflamarkið er flutt til, um fiskverð til viðmiðunar hlutaskiptum. Skal sá samningur uppfylla kröfur sem Verðlagsstofa skiptaverðs gerir, sbr. lög um Verðlagsstofu skiptaverðs og úrskurðarnefnd sjómanna og útvegsmanna. Telji Verðlagsstofa skiptaverðs að gildissvið laganna nái ekki yfir viðkomandi skip, skal staðfesting Verðlagsstofu skiptaverðs lúta að því.

5 Sá sem tilkynnir um flutning aflamarks skal greiða flutningsgjald fyrir hverja tilkynningu samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Gjalddagi reiknings er við útgáfu hans og eindagi 15 dögum síðar. Gjaldið er óendurkræft. Hafi reikningur ekki verið greiddur á eindaga er Fiskistofu heimilt að stöðva frekari flutning aflamarks frá og til viðkomandi fiskiskips.

6 Heimilt er Fiskistofu að gera þjónustusamninga um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa sem eru í eigu sama einstaklings eða lögaðila og skal greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu fyrir slíka samninga fyrir hvert fiskveiðiár. Sækja skal til Fiskistofu um gerð þjónustusamnings um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks á eyðublöðum sem Fiskistofa leggur til. Á umsóknareyðublöðunum skulu koma fram þær upplýsingar sem Fiskistofa telur nauðsynlegar og óskar þar eftir. Verði breytingar á atriðum sem útgerð hefur tilgreint í umsókn sinni skal hlutaðeigandi útgerð tilkynna Fiskistofu skriflega um breytingarnar án tafar.

7 Útgerð ber alfarið ábyrgð á öllum rafrænum tilkynningum um flutning aflamarks sem framkvæmdar eru samkvæmt þjónustusamningi hennar við Fiskistofu og skal útgerðin tryggja að óviðkomandi aðilar komist ekki yfir aðgang hennar til að tilkynna Fiskistofu rafrænt um flutning aflamarks. Þjónustusamningur um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks fellur úr gildi verði vanskil á greiðslu gjalds fyrir samninginn og ef hlutaðeigandi útgerð hefur brotið gegn reglum er gilda um flutning aflamarks eða skilyrðum sem sett hafa verið varðandi rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks.

8 Fiskistofa skal daglega birta aðgengilegar upplýsingar um flutning aflamarks, þar á meðal um magn eftir tegundum, auk upplýsinga um verð, þar sem við á.

9 Tilkynning um flutning aflamarks skal hafa borist Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir að veiðitímabili lýkur.

13. gr.

Flutningur aflahlutdeildar.

1 Beiðni um flutning á aflahlutdeild milli fiskiskipa skal tilkynna Fiskistofu fyrirfram og á því formi sem Fiskistofa gerir kröfu um, þ.m.t. með undirritun eiganda skips og vottun. Krókaaflahlutdeild verður aðeins flutt til báts sem hefur veiðileyfi með krókaaflamarki og uppfyllir stærðarmörk sem kveðið er á um í 6. gr. Við flutning á aflahlutdeild skal leggja fram veðbókarvottorð þess skips sem flutt er frá auk skriflegs samþykkis eftirgreindra aðila:

a. þeirra er þinglýst samningsveð áttu í skipinu 1. janúar 1991,
b. þeirra, sem eiga þinglýsta kvöð á skipinu þar sem kveðið er á um að framsal aflahlutdeildar sé óheimilt án samþykkis kvaðarhafa,
c. þinglýst samþykki þeirra, sem eiga þinglýst samningsveð í skipinu frá og með 1. janúar 1998.

2 Flutningur aflahlutdeildar öðlast ekki gildi fyrr en staðfesting Fiskistofu liggur fyrir. Aldrei er heimilt að flytja aflahlutdeild milli skipa, leiði slíkur flutningur til þess að veiðiheimildir þess skips sem flutt er til verði bersýnilega umfram veiðigetu þess.

3 Umsóknir um flutning aflahlutdeildar milli fiskiskipa ásamt fullnægjandi fylgigögnum skulu hafa borist Fiskistofu eigi síðar en einum mánuði fyrir lok fiskveiðiárs. Berist umsókn innan mánaðar, hefur flutningur aflahlutdeildar ekki áhrif á úthlutun aflamarks komandi fiskveiðiárs.

4 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. má samanlögð aflahlutdeild fiskiskipa í eigu einstakra aðila, einstaklinga eða lögaðila eða í eigu tengdra aðila ekki nema hærra hlutfalli af heildaraflahlutdeild en tilgreint er í 13. gr. laga um stjórn fiskveiða. Fyrir staðfestingu Fiskistofu á flutningi aflahlutdeildar og krókaaflahlutdeildar milli skipa skal eigandi þess skips sem flutt er frá greiða samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.

14. gr.

Flutningur aflamarks til krókaaflamarksbáta og jöfn skipti.

1 Heimilt er að flytja til krókaaflamarksbáts aflamark í öðrum tegundum botnfisks en í þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu, blálöngu, litla karfa, hlýra, grásleppu og gullkarfa. Einnig er heimilt að flytja aflamark í ufsa og þorski frá krókaaflamarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í ýsu. Jafnframt er heimilt að flytja aflamark í steinbít frá krókaaflamarksbát til skipa sem hafa veiðileyfi með aflamarki, í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu og löngu.

15. gr.

Skerðingar krókaaflamarks.

1 Veiði bátur aðrar tegundir en hann hefur krókaaflamark í, skal skerða aflamark hans í öðrum tegundum, skv. 1. mgr. 11. gr. laga um stjórn fiskveiða og reglum settum samkvæmt þeim ákvæðum. Hverjum báti skal þó heimilt, sbr. 7. gr. laganna, án þess að til skerðingar komi, að veiða allt að 2,0% af heildarafla sínum í kvótabundnum botnfisktegundum, öðrum en þorski, ýsu, ufsa, steinbít, löngu, keilu, blálöngu, litla karfa, hlýra, grásleppu og gullkarfa þó þannig að afli í einni tegund fari aldrei yfir 1% af heildarafla bátsins.

VII. KAFLI
Veiðiskylda og veiðar í frístundum.

16. gr.

Veiðiskylda.

1 Veiði fiskiskip minna en 50% á fiskveiðiári af úthlutuðu aflamarki sínu og aflamarki sem flutt hefur verið frá fyrra fiskveiðiári, í þorskígildum talið, fellur aflahlutdeild þess niður og skal aflahlutdeild annarra skipa í viðkomandi tegundum hækka sem því nemur. Skal við mat á þessu hlutfalli miðað við verðmæti einstakra tegunda í aflamarki skips skv. þorskígildisstuðlum. Viðmiðunarhlutfall, sem ákveðið er í þessari málsgrein, lækkar þó um 5% fyrir hverja fulla 30 daga sem skipi er haldið til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu á þeim tegundum sem ekki hefur verið samið um veiðistjórn á. Hið sama á við þegar skipi er haldið til veiða utan lögsögu á tegundum sem samið hefur verið um veiðistjórn á og ekki teljast til deilistofna.

2 Tefjist skip frá veiðum í a.m.k. fjóra mánuði vegna tjóns, meiri háttar bilana eða endurbóta hefur afli þess fiskveiðiárs ekki áhrif til niðurfellingar aflahlutdeildar samkvæmt þessari grein.

17. gr.

Veiðar í frístundum.

1 Heimilt er að nýta báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni, til veiða í frístundum, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, enda séu engin veiðarfæri um borð önnur en handfæri án sjálfvirknibúnaðar og/eða sjóstangir. Óheimilt er að selja aflann eða fénýta á annan hátt.

2 Skipstjórar báta, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni og fara til veiða, skv. 1. mgr., skulu tilkynna Fiskistofu um það áður en veiðiferð hefst.

VIII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

18. gr.

1 Ef haldið er til veiða utan fiskveiðilandhelgi Íslands skal, þegar haldið er úr höfn, tilkynna Fiskistofu hvar fyrirhugað sé að stunda veiðar. Þá skal tilkynna hvenær veiðar hefjast og hvenær þeim lýkur, nema annað sé ákveðið í sérstökum reglugerðum um viðkomandi veiðar. Í tilkynningunni komi fram, eftir því sem við á, áætlaður afli um borð, sundurliðaður eftir tegundum.

2 Í einni og sömu veiðiferð er óheimilt að stunda veiðar bæði innan og utan fiskveiðilögsögu Íslands. Þetta gildir þó ekki, haldi skip til veiða utan lögsögunnar á úthafskarfa, síld, loðnu, kolmunna, túnfiski eða makríl, enda sé Fiskistofu tilkynnt um slíkt í samræmi við reglur þar að lútandi.

3 Heimilt er þó með samþykki Fiskistofu að víkja frá banni, skv. 4. mgr., enda hafi afli og aflasamsetning um borð í fiskiskipi verið staðfest með fullnægjandi hætti að mati Fiskistofu, áður en skip flytur sig milli veiðisvæða innan og utan lögsögunnar.

4 Þorsk-, ýsu- og ufsaveiðar með hringnót eru bannaðar.

IX. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

19. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Um áminningar og sviptingu veiðileyfa vegna brota á ákvæðum reglugerðar þessarar fer samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3 Um gjald vegna ólögmæts sjávarafla gilda ákvæði laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

20. gr.

Gildistaka og lagastoð.

1 Reglugerð þessi er sett með heimild í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Reglugerð nr. 817/2024, um veiðar í atvinnuskyni fiskveiðiárið 2024/2025 og almanaksárið 2025 fellur úr gildi 1. janúar 2026. Reglugerð nr. 818/2024, um úthlutun byggðakvóta til byggðarlaga á fiskveiðiárinu 2024/2025 og reglugerð nr. 819/2024, um úthlutun byggðakvóta til fiskiskipa á fiskveiðiárinu 2024/2025 falla úr gildi 1. september 2025.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 31. júlí 2025.

Reglugerð

nr. 929/2025, um aflaheimildir samkvæmt 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða á fiskveiðiárinu 2025/2026.[1)]

[1)]Reglugerðarheimild hefur færst til innviðaráðherra skv. forsetaúrskurði nr. 46/2025, um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

1. gr.

Aflaheimildir Byggðastofnunar.

 Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir, sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Aflaheimildir Byggðastofnunar á fiskveiðiárinu 2025/2026 skiptast á eftirgreindar botnfisktegundir í hlutfalli við leyfðan heildarafla af eftirfarandi tegundum:

Tegundir	Tonn upp úr sjó	Þorskígildistonn
Þorskur	3.115	2.617
Ýsa	1.196	717
Ufsi	919	473
Steinbítur	146	60
Gullkarfi	560	303
Keila	106	28
Langa	78	32
Samtals:	**6.120**	**4.230**

2. gr.

Gildistaka og lagastoð.

 Reglugerð þessi er sett skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast þegar gildi.

Innviðaráðuneytinu, 29. ágúst 2025.

Reglugerð

nr. 643/2016, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.[1)2)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 643/2016 sbr. 427/2018 og 487/2024. [2)]Reglugerðarheimild hefur færst til innviðaráðherra skv. forsetaúrskurði nr. 46/2025, um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

1. gr.

Gildissvið - Val á byggðarlögum.

1 Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir, sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2 [Val á byggðarlögum sem koma til álita skal byggja á eftirfarandi þáttum:

Byggðarlag hafi átt í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi eða ætla megi að samdráttur í greininni myndi skapa slíkan vanda.

Störf við veiðar og vinnslu séu eða hafi verið verulegur hluti starfa í byggðarlaginu sl. 10 ár.

Íbúar byggðarlags séu færri en 450.

Íbúaþróun í byggðarlaginu hafi verið undir landsmeðaltali sl. 10 ár.

Akstursfjarlægð frá byggðarlagi til byggðakjarna sem telur meira en 1.000 íbúa sé a.m.k. 20 km.

Byggðakjarninn tilheyri vinnusóknarsvæði sem telur færri en 10.000 íbúa.

Að aflamark Byggðastofnunar skipti verulegu máli fyrir framtíð byggðarlagsins að mati stjórnar Byggðastofnunar.

3 Stjórn Byggðastofnunar tekur ákvörðun um endanlegt val byggðarlaga og um það aflamark sem úthluta skal til hvers þeirra á grundvelli greiningar stofnunarinnar á stöðu byggðarlaga sem falla að þeim skilgreiningum sem upp eru taldar í grein þessari.][1)]

[1)]Rg. 487/2024, 1. gr.

2. gr.

Skipting aflamarks.

1 Skipting þess aflamarks sem kemur í hlut byggðarlags samkvæmt reglum þessum skal fara fram á grundvelli samninga Byggðastofnunar, fiskvinnslu og útgerðaraðila. Við mat umsókna frá einstökum byggðarlögum verður byggt á mati á eftirfarandi atriðum:

Trúverðugum áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi.

Fjölda heilsársstarfa […][1)] sem skapast eða verður viðhaldið.

Sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu.

Öflugri starfsemi til lengra tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina.

Jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og samfélag.

Traustri rekstrarsögu forsvarsmanna umsækjenda.

2 Byggðastofnun ákveður tímalengd samninga um nýtingu aflaheimilda skv. reglum þessum, sem skal þó ekki vera lengri en til sex ára.

[1)]Rg. 487/2024, 2. gr.

3. gr.

Skilyrði fyrir úthlutun aflamarks.

 Eingöngu er heimilt að ráðstafa aflamarki til fiskiskipa sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, þegar úthlutun aflamarks á sér stað.

4. gr.

Umsóknarferli.

 Byggðastofnun annast úthlutun aflamarks, sem kemur í hlut einstakra byggðarlaga, og skal auglýsa eftir umsóknum [með opinberum hætti][1)] og á vefsíðu Byggðastofnunar: www.byggdastofnun.is. Í umsóknum skulu koma fram upplýsingar sem Byggðastofnun ákveður og skal umsóknum skilað á því formi sem stofnunin ákveður. Umsóknarfrestur skal vera minnst tvær vikur. Byggðastofnun annast mat og úrvinnslu umsókna og skal svara öllum umsóknum svo fljótt sem unnt er.

[1)]*Rg. 487/2024, 3. gr.*

5. gr.

Úthlutun aflamarks.

 [Byggðastofnun skal úthluta aflamarki með tilkynningu til Fiskistofu um magn á skip, á grundvelli samninga fyrir fiskveiðiárið enda séu skilyrði samningsins uppfyllt.][1)] Hafi skilyrði fyrir úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa á grundvelli reglugerðar þessarar ekki verið uppfyllt að fullu í lok fiskveiðiárs fellur niður réttur til aflamarks í hlutfalli við það sem upp á vantar að skilyrði séu uppfyllt. Takist ekki að úthluta öllu aflamarki viðkomandi skips fyrir lok fiskveiðiársins er heimilt að ráðstafa áunnu aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs til næsta fiskveiðiárs, enda hafi viðkomandi skip verið í samfelldri eigu viðkomandi útgerðar og ekki verið flutt meira aflamark frá skipinu en til þess í lok fiskveiðiársins á undan.

[1)]*Rg. 427/2018, 1. gr.*

6. gr.

Samráð við sveitarstjórn.

 [Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en tillögur um samningsaðila eru lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu.][1)]

[1)]*Rg. 427/2018, 2. gr.*

7. gr.

[*Veiðar og vinnsla afla.*][1)]

 Fiskiskipum er skylt að [skila því aflamagni][1)] sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar til vinnslu innan hlutaðeigandi vinnusóknarsvæða á viðkomandi fiskveiðiári og í samræmi við samning sem liggur til grundvallar úthlutun. Með vinnslu er átt við flökun, flatningu, frystingu, söltun eða herslu samkvæmt nánari lýsingu í samningi.

[1)]*Rg. 487/2024, 4. gr.*

8. gr.

Framsal aflamarks.

 Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt [reglugerð][1)] þessum er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. [Samningsaðilar skulu gera grein fyrir öllum slíkum skiptum þannig að ljóst sé hvernig umsamið aflamark skilar sér til veiða og vinnslu skv. samningi.][1)] Aflamarki Byggðastofnunar er m.a. ætlað að stuðla að sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu. Því er heimilt í samningi skv. 2. gr. að kveða á um bann við leigu eða sölu aflaheimilda frá aðilum samningsins á samningstímanum.

[1)]*Rg. 487/2024, 5. gr.*

9. gr.

Eftirlit með samningum.

[1] [Eftirlit með framkvæmd samninga skal vera í höndum Byggðastofnunar og skal kveða á um nauðsynlegar heimildir stofnunarinnar þess vegna í samningunum sjálfum. Sé það mat stofnunar-innar að um alvarleg frávik sé að ræða frá ákvæðum samningsins, getur hún rift honum einhliða hvenær sem er á samningstímanum.]

[1)] *Rg. 487/2024, 6. gr.*

10. gr.

Gildistaka.

[1] Reglugerð þessi er sett skv. 10.gr.a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast gildi 1. september 2016. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 606/2015, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda skv. ákvæði til bráðabirgða XIII í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. júlí 2016.

Reglugerð

nr. 1256/2024, um ráðstöfun og meðferð aflaheimilda án vinnsluskyldu skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.[1)]

[1)]Reglugerðarheimild hefur færst til innviðaráðherra skv. forsetaúrskurði nr. 46/2025, um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

1. gr.

Gildissvið - Val á byggðarlögum.

1 Byggðastofnun hefur til ráðstöfunar aflaheimildir, sem ráðherra ákvarðar samkvæmt heimild í 5. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006, til að styðja byggðarlög í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi, sbr. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2 Val á byggðarlögum sem koma til álita skal byggja á eftirfarandi þáttum:

Byggðarlag hafi átt í alvarlegum og bráðum vanda vegna samdráttar í sjávarútvegi eða ætla megi að samdráttur í greininni myndi skapa slíkan vanda.

Störf við veiðar og vinnslu séu eða hafi verið verulegur hluti starfa í byggðarlaginu sl. 10 ár.

Íbúar byggðarlags séu færri en 450.

Íbúaþróun í byggðarlaginu hafi verið undir landsmeðaltali sl. 10 ár.

Að byggðarlag sé tengt þjóðvegakerfinu með ferju- og flugsamgöngum.

Að tími sem tekur að koma vörum frá byggðarlaginu inn á þjóðvegakerfið sé a.m.k. 2 klst.

Byggðakjarninn tilheyri vinnusóknarsvæði sem telur færri en 10.000 íbúa.

Að aflamark Byggðastofnunar skipti verulegu máli fyrir framtíð byggðarlagsins að mati stjórnar Byggðastofnunar.

3 Stjórn Byggðastofnunar tekur ákvörðun um endanlegt val byggðarlaga og um það aflamark sem úthluta skal til hvers þeirra á grundvelli greiningar stofnunarinnar á stöðu byggðarlaga sem falla að þeim skilgreiningum sem upp eru taldar í grein þessari.

2. gr.

Skipting aflamarks.

1 Skipting þess aflamarks sem kemur í hlut byggðarlags samkvæmt reglugerð þessari skal fara fram á grundvelli samninga Byggðastofnunar, fiskvinnslu og útgerðaraðila. Við mat umsókna frá einstökum byggðarlögum verður byggt á eftirfarandi atriðum:

Trúverðugum áformum um útgerð, vinnslu sjávarafurða eða aðra starfsemi.

Fjölda heilsársstarfa sem skapast eða verður viðhaldið.

Sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu.

Öflugri starfsemi til lengri tíma sem dregur sem mest úr óvissu um framtíðina.

Jákvæðum áhrifum á atvinnulíf og samfélag.

Traustri rekstrarsögu forsvarsmanna umsækjenda.

Lönduðum botnfiskafla í tegundum sem hafa þorskígildisstuðla, í þorskígildum talið innan viðkomandi byggðarlags á tímabilinu 1. september 2018 til 31. ágúst 2024.

2 Byggðastofnun ákveður tímalengd samninga um nýtingu aflaheimilda skv. reglugerð þessari, sem skal þó ekki vera lengri en til sex ára.

3. gr.

Skilyrði fyrir úthlutun aflamarks.

 Eingöngu er heimilt að ráðstafa aflamarki til fiskiskipa sem:

Hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni, sbr. 4. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, þegar úthlutun aflamarks á sér stað.

Eru skráð í viðkomandi byggðarlagi 1. september 2024 og við úthlutun.

Eru skráð í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila með heimilisfang í viðkomandi byggðarlagi 1. september 2024 og við úthlutun. Miðað skal við lögheimili einstaklinga samkvæmt þjóðskrá og heimilisfang lögaðila samkvæmt fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.

4. gr.

Umsóknarferli.

 Byggðastofnun annast úthlutun aflamarks, sem kemur í hlut einstakra byggðarlaga, og skal auglýsa eftir umsóknum með opinberum hætti og á vefsíðu Byggðastofnunar: www.byggdastofnun.is. Í umsóknum skulu koma fram upplýsingar sem Byggðastofnun ákveður og skal umsóknum skilað á formi sem stofnunin ákveður. Umsóknarfrestur skal vera minnst tvær vikur. Byggðastofnun annast mat og úrvinnslu umsókna og skal svara öllum umsóknum svo fljótt sem unnt er.

5. gr.

Úthlutun aflamarks.

 Byggðastofnun skal úthluta aflamarki með tilkynningu til Fiskistofu um magn á skip, á grundvelli samninga fyrir fiskveiðiárið enda séu skilyrði samningsins uppfyllt. Hafi skilyrði fyrir úthlutun aflamarks til einstakra fiskiskipa á grundvelli reglugerðar þessarar ekki verið uppfyllt að fullu í lok fiskveiðiárs fellur niður réttur til aflamarks í hlutfalli við það sem upp á vantar að skilyrði séu uppfyllt. Takist ekki að úthluta öllu aflamarki viðkomandi skips fyrir lok fiskveiðiársins er heimilt að ráðstafa áunnu aflamarki yfirstandandi fiskveiðiárs til næsta fiskveiðiárs, enda hafi viðkomandi skip verið í samfelldri eigu viðkomandi útgerðar og ekki verið flutt meira aflamark frá skipinu en til þess í lok fiskveiðiársins á undan.

6. gr.

Samráð við sveitarstjórn.

 Byggðastofnun skal hafa samráð við sveitarstjórn viðkomandi sveitarfélags áður en tillögur um samningsaðila eru lagðar fyrir stjórn Byggðastofnunar til endanlegrar afgreiðslu.

7. gr.

Löndunarskylda, slæging afla og sala á fiskmarkaði.

 Fiskiskipum er skylt að landa því aflamagni sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar innan hlutaðeigandi byggðarlags á viðkomandi fiskveiðiári og í samræmi við samning sem liggur til grundvallar úthlutun. Skylt er að landa í byggðarlagi slægðum afla sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar eða að sá afli sem telja á til aflamarks Byggðastofnunar og landað er óslægðum sé slægður í viðkomandi byggðarlagi og sala afla fari fram á fiskmarkaði.

8. gr.

Framsal aflamarks.

 Framsal aflamarks sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari er óheimilt, en þó skulu heimil jöfn skipti á aflamarki í þorskígildum talið. Samningsaðilar skulu gera grein fyrir öllum slíkum skiptum þannig að ljóst sé hvernig umsamið aflamark skilar sér til veiða og vinnslu skv. samningi. Aflamarki Byggðastofnunar er m.a. ætlað að stuðla að sem bestri nýtingu þeirra aflaheimilda sem fyrir eru í byggðarlaginu. Því er heimilt í samningi skv. 2. gr. að kveða á um bann við leigu eða sölu aflaheimilda frá aðilum samningsins á samningstímanum.

9. gr.

Eftirlit með samningum.

 Eftirlit með framkvæmd samninga skal vera í höndum Byggðastofnunar og skal kveða á um nauðsynlegar heimildir stofnunarinnar þess vegna í samningunum sjálfum. Sé það mat stofnunarinnar að um alvarleg frávik sé að ræða frá ákvæðum samningsins, getur hún rift honum einhliða hvenær sem er á samningstímanum.

10. gr.

Gildistaka.

 Reglugerð þessi er sett skv. 10. gr. a laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 8. nóvember 2024.

Reglugerð
nr. 382/2017, um leyfisskyldar frístundaveiðar.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um leyfisskyldar frístundaveiðar, sbr. 3. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

2. gr.

1 Aðilum sem reka ferðaþjónustu og hyggjast nýta við þann rekstur báta til frístundaveiða er skylt að sækja um leyfi til Fiskistofu fyrir hvern bát sem fyrirhugað er að nota í því skyni. Skilyrði útgáfu leyfis er að rekstraraðili báts hafi leyfi Ferðamálastofu, sem gefið er út með stoð í 8. gr. laga nr. 73/2005, um skipan ferðamála.

2 Við veitingu leyfa til frístundaveiða koma aðeins til greina bátar sem hafa haffærisskírteini og skrásettir eru á skipaskrá Samgöngustofu eða sérstaka skrá stofnunarinnar fyrir báta undir 6 metrum. Skulu eigendur þeirra og útgerðir fullnægja þeim skilyrðum til að stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sem kveðið er á um í lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri og í lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

1 Frístundaveiðar er einungis heimilt að stunda með sjóstöng og handfærum án sjálfvirknibúnaðar. Leyfi til veiðanna eru tvenns konar:

1. Leyfi til að veiða tiltekinn fjölda fiska af kvótabundnum fisktegundum á hvert handfæri eða sjóstöng dag hvern og reiknast sá afli ekki til aflamarks viðkomandi báts. Um borð í báti sem tekur færri en 20 farþega er heimilt að hafa allt að 7 sjóstangir eða handfæri samtímis enda fari heildarafli fiska af kvótabundnum fisktegundum ekki yfir 49 fiska dag hvern. Um borð í báti sem tekur farþega á bilinu 20 - 49 er heimilt að hafa allt að 15 sjóstangir eða handfæri samtímis enda fari heildarfjöldi fiska af kvótabundnum fisktegundum ekki yfir 60 fiska dag hvern. Þá er um borð í báti sem tekur 50 farþega eða fleiri heimilt að hafa allt að 25 sjóstangir eða handfæri samtímis enda fari heildarfjöldi fiska af kvótabundnum fisktegundum ekki yfir 75 fiska dag hvern. Óheimilt er að selja eða fénýta á annan hátt afla sem fæst við veiðar samkvæmt leyfi þessu.
2. Leyfi til veiða sem takmarkast af aflamarki eða krókaaflamarki viðkomandi báts. Allur afli þessara báta skal veginn í samræmi við gildandi reglur um vigtun og skráningu sjávarafla. Um afla þessara báta gilda ekki ákvæði laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Ekki skal leitað staðfestingar Verðlagsstofu skiptaverðs vegna flutnings aflamarks til þessara báta. Heimilt er að selja og fénýta á annan hátt þann afla sem fæst við veiðar sem heimilar eru samkvæmt þessum tölulið.

2 Ekki er skylt að halda afladagbækur vegna afla báta er stunda frístundaveiðar.

3 Leyfi til frístundaveiða skulu veitt til eins fiskveiðiárs í senn og er einungis heimilt að veita báti leyfi annaðhvort samkvæmt 1. tl. eða 2. tl. Frístundaveiðiskip skv. 2. tl. 1. mgr., sem jafnframt hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni skulu tilkynna Fiskistofu með viku fyrirvara um upphaf og lok tímabils sem skipinu er haldið til veiða í atvinnuskyni.

4. gr.

1 Rekstraraðili frístundaveiðibáts, sem ekki hefur aflaheimildir, skal mánaðarlega skila til Fiskistofu skýrslu, í því formi sem Fiskistofa ákveður, yfir veiddan afla. Skila skal sérstakri skýrslu fyrir afla hvers báts. Í aflaskýrslu frístundaveiðibáts skal færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og kennitölu rekstraraðila.
2. Nafn báts.
3. Skipaskrárnúmer.
4. Löndunarstað.
5. Löndunardag.
6. Fisktegund.
7. Fjölda fiska og áætlaða þyngd þeirra.
8. Fjölda sjóstanga og/eða færarúlla.

2 Upplýsingar um afla skal færa í aflaskýrslu svo skjótt sem verða má. Í lok hverrar veiðiferðar og áður en lagst er að bryggju skal veiðiferðin vera að fullu færð á aflaskýrslu mánaðarins.

3 Skipstjóra er skylt að veita eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands aðgang að aflaskýrslunni og aðstoð við að sannreyna upplýsingar sem færðar hafa verið í aflaskýrsluna.

4 Aflaskýrsla skal ávallt vera um borð í fiskiskipi á meðan á frístundaveiðum stendur og þar til löndun er lokið.

5 Rekstraraðili skal eigi síðar en 15. hvers mánaðar senda Fiskistofu skýrslur vegna afla undanfarandi mánaðar.

5. gr.

1 Rekstraraðili báts skal með sannanlegum hætti kynna fyrir áhöfn báts reglur um takmarkanir sem kunna að vera á veiðum á þeim svæðum þar sem líklegt má telja að báturinn stundi frístundaveiðar og ennfremur reglur um bann við brottkasti afla og reglur um meðferð afla.

6. gr.

1 Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 8. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

7. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 6. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur reglugerð nr. 549/2009, um leyfisskyldar frístundaveiðar úr gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 4. maí 2017.

Reglugerð

nr. 753/2019, um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um úthlutun aflaheimilda samkvæmt 5. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

1 Á hverju fiskveiðiári er heimilt er að úthluta til frístundaveiðiskipa því magni af óslægðum botnfiski sem nánar er tilgreint í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni. Aflaheimildir fyrir hvert fiskveiðiár sem ekki hefur verið úthlutað í lok fiskveiðiárs falla niður.

2 Heimilt er gegn greiðslu að úthluta aflaheimildum á skip, sem leyfi hefur til frístundaveiða, sbr. 2. tl. 4. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

3 Fiskistofa annast úthlutun aflaheimilda samkvæmt reglugerð þessari og skal hverju skipi úthlutað að hámarki 10 tonnum á fiskveiðiárinu. Fiskistofa skal afgreiða umsóknir þannig að umsóknir sem berast fyrir kl. 16.00 hvern virkan dag skulu afgreiddar næsta virka dag. Berist umsókn eftir kl. 16.00 ber að telja hana til umsókna næsta dags. Ef aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru nægja ekki til úthlutunar í samræmi við umsóknir þess dags skal umbeðið magn, sem fram kemur í umsóknum, lækkað hlutfallslega.

4 Verð á aflaheimildum skal vera 80% af meðalverði í viðskiptum með aflamark, sem birt er á vef Fiskistofu, í lok dags daginn áður en viðskipti fara fram og skal það greitt Fiskistofu fyrir úthlutun. Hafi viðskipti með aflamark ekki átt sér stað síðasta virka dag áður en umsókn barst Fiskistofu skal miða við þann dag sem viðskipti fóru síðast fram fyrir þann tíma. Hafi gjald ekki verið greitt innan sjö daga frá því að umsókn barst Fiskistofu fellur réttur útgerðar til úthlutunar á grundvelli umsóknarinnar niður.

3. gr.

1 Aflaheimildir sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari er einungis heimilt að nýta til frístundaveiða. Heimilt er að flytja af frístundaveiðiskipi 50% af aflaheimildum sem úthlutað er samkvæmt reglugerð þessari og eru þær eingöngu framseljanlegar á milli frístundaveiðiskipa.

4. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, og öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 804/2018, um sérstaka úthlutun aflaheimilda til frístundaveiðiskipa.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. ágúst 2019.

Reglugerð

nr. 800/2025, um þorskígildisstuðla fyrir fiskveiðiárið 2025/2026 og almanaksárið 2026.

1. gr.

 Þorskígildisstuðlar fyrir fiskveiðiárið 1. september 2025 til 31. ágúst 2026 eru sem hér segir:

Tegund	Stuðull	Tegund	Stuðull	Tegund	Stuðull
Beitukóngur	0,27	Keila	0,27	Skrápflúra	0,05
Beltisþari	0,06	Kræklingur	0,16	Skollakoppur (igulker)	0,34
Blágóma	0,09	Kúskel	0,15	Skötuselur	1,00
Blálanga	0,38	Langa	0,51	Slétti langhali	0,15
Brimbútur (sæbjúga)	0,18	Langlúra	0,68	Smokkfiskur	0,08
Djúpkarfi	0,60	Litla brosma	0,03	Snarphali	0,11
Flundra/ósalúra	0,01	Litli karfi	0,32	Spærlingur	0,08
Geirnyt	0,02	Loðna	0,26	Steinbítur	0,41
Gjölnir	0,07	Lúða	1,49	Stinglax	0,40
Grálúða	1,88	Lýr	0,06	Stóra brosma	0,14
Grásleppa	0,40	Lýsa	0,23	Tindaskata	0,07
Grjótkrabbi/klettakrabbi	0,44	Náskata	0,05	Trjónukrabbi	0,62
Gullkarfi	0,54	Norræni silfurfiskur	0,06	Ufsi	0,61
Gulllax	0,25	Punktalaxsíld	0,08	Urrari	0,02
Háfur	0,02	Rauðmagi	0,29	Úthafsrækja	0,78
Hákarl	0,04	Rækja á grunnslóð	0,36	Vogmær	0,06
Hámeri	0,09	Rækja við Snæfellsnes	0,88	Ýsa	0,71
Hlýri	0,59	Sandhverfa	2,41	Þorskur	1,00
Humar (slitinn)	6,21	Sandkoli	0,33	Þykkvalúra/sólkoli	1,22
Hvítskata	0,08	Skarkoli	0,74	Öfugkjafta	0,69
Hörpudiskur	0,21	Skata	0,16		

2. gr.

 Þorskígildisstuðlar vegna aflaheimilda sem miðast við almanaksárið 2025 eru sem hér segir:

Tegund	Stuðull
Íslensk sumargotssíld	0,14
Kolmunni	0,08
Makríll	0,17
Norsk-íslensk síld	0,16

3. gr.

 Reglugerð þessi er sett, skv. 19. gr. laga um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast gildi 1. september 2025.

Ákvæði til bráðabirgða

 Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. þá gildir þorskígildisstuðull fyrir íslenska sumargotssíld einnig fyrir tímabilið frá 1. september 2025 til 31. desember 2025.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 14. júlí 2025.

Reglugerð
nr. 306/1999, um úthlutun þorskaflahlutdeildar í Barentshafi.

1. gr.

1 Fiskistofa skal úthluta aflahlutdeild í þorski í Barentshafi til íslenskra skipa, á grundvelli veiðireynslu þeirra í þorski miðað við þrjú bestu ár þeirra á undangengnum sex árum frá og með árinu 1993 að telja. Hafi skip með veiðireynslu á sex síðustu árum verið tekið af skipaskrá hjá Siglingastofnun Íslands, fyrir gildistöku reglugerðar þessarar, skal þeirri útgerð sem skráð var eigandi skipsins þegar það var tekið af skipaskrá, gefinn frestur til og með 15. júní 1999 til að óska eftir því við Fiskistofu, að aflahlutdeildinni verði úthlutað til annars sambærilegs skips í eigu sama einstaklings eða lögaðila.

2. gr.

1 Við útreikning á veiðireynslu einstakra skipa í þorski, skv. 1. gr., skal leggja til grundvallar eftirfarandi nýtingarstuðla:

1.	a.	slægður með haus	1.18
	b.	slægður og hausaður	1.50
	c.	slægður og hausaður án klumbubeins	1.80
2.	a.	flök með roði án beina	2.95
	b.	flök með roði og beinum	2.60
	c.	flök án roðs með beinum	2.90
	d.	flök án roðs og beina	3.25
3.	a.	flattur saltfiskur	2.55
	b.	söltuð flök	3.50

3. gr.

1 Fiskistofa skal eigi síðar en 31. maí 1999 senda útgerðum skipa, sem veiðireynslu hafa skv. 1. gr., tilkynningu þar sem fram kemur hver afli skipsins hefur verið á viðmiðunarárunum. Útgerðum skipa gefst kostur til og með 15. júní 1999 til að koma á framfæri við Fiskistofu athugasemdum við skráðan afla. Fiskistofa skal taka afstöðu til athugasemda áður en til endanlegrar úthlutunar aflahlutdeildar kemur.

2 Til endanlegrar úthlutunar aflahlutdeildar samkvæmt reglugerð þessari kemur ekki fyrr en samningur íslenskra stjórnvalda við stjórnvöld í Noregi og Rússlandi frá 13. apríl 1999 hefur verið staðfestur í öllum ríkjunum.

4. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um veiðar utan lögsögu Íslands með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 10. maí 1999.

Reglugerð

nr. 30/2024, um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski innan efnahagslögsögu Noregs.

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókunum við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs annars vegar og Íslands og Rússlands hins vegar.

2 Íslenskum skipum er óheimilt að stunda loðnuveiðar í Barentshafi.

3 Veiðisvæði innan efnahagslögsögu Noregs afmarkast sem svæðið norðan við 62°00′ N og utan 12 sjómílna frá grunnlínum.

2. gr.

Leyfi til veiða.

1 Allar veiðar á Norðuríshafsþorski innan efnahagslögsögu Noregs eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu. Veiðar á Norðuríshafsþorski eru aðeins heimilar innan efnahagslögsögu Noregs og miðast leyfi Fiskistofu við nýtingu þessara veiðiheimilda. Aðeins þau skip, sem hafa aflamark í Norðuríshafsþorski, á viðkomandi fiskveiðiári, eiga kost á veiðileyfi, samkvæmt reglugerð þessari.

3. gr.

Aflamark.

1 Fiskistofa skal á hverju almanaksári úthluta aflamarki í Norðuríshafsþorski til einstakra skipa í efnahagslögsögu Noregs. Aflamark einstaks skips á svæðinu ræðst af aflahlutdeild þess.

4. gr.

Heimill meðafli.

1 Við veiðar á Norðuríshafsþorski er heimilt að hafa allt að 30% meðafla af öðrum tegundum. Þó má karfi ekki vera nema 20% í hverju togi og 20% af lönduðum þorskafla og grálúða má ekki vera meiri en 12% í hverju togi og ekki meiri en 7% af lönduðum þorskafla.

2 Í hverri veiðiferð innan efnahagslögsögu Noregs, skal afli af öðrum tegundum en í Norðuríshafsþorski, ekki vera meiri samtals en sem nemur 30% af þorskafla, miðað við afla upp úr sjó.

5. gr.

Eftirlit og takmarkanir á fjölda skipa.

1 Um veiðar í efnahagslögsögu Noregs fer samkvæmt reglum, sem settar eru af stjórnvöldum í Noregi, m.a. varðandi eftirlitsmenn um borð í veiðiskipum, svæðalokanir, möskvastærðir og tilkynningar.

2 Ekki skulu fleiri en 15 íslensk skip stunda veiðar samtímis innan efnahagslögsögu Noregs.

6. gr.

Fjarskiptabúnaður.

1 Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar í efnahagslögsögu Noregs sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu á klukkustundar fresti. Óheimilt er að hefja veiðiferð í efnahagslögsögu Noregs, fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

2 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 3. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag skal senda á annan hátt upplýsingar á 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

7. gr.

Framsal aflahlutdeildar og flutningur.

1 Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark í Norðuríshafsþorski milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt 12. gr. og 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

2 Óheimilt er að veiða umfram aflamark og óheimilt að flytja óveitt aflamark á næsta ár í Norðuríshafsþorski.

8. gr.

Landanir á Íslandi.

1 Að fengnu leyfi Fiskistofu er heimilt í sömu veiðiferð að stunda veiðar á Norðuríshafsþorski og veiðar innan íslenskrar efnahagslögsögu að því tilskildu að öllum afla þeirrar veiðiferðar sé landað í íslenskri höfn. Fyrir upphaf hverrar veiðiferðar skal skipstjóri tilkynna sérstaklega til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu hvenær veiðiferð hefst. Þá skal tilkynna til eftirlitsstöðvarinnar þegar veiðar hefjast innan efnahagslögsögu Noregs og þegar þeim lýkur hverju sinni. Þar skal koma fram áætlað magn og samsetning afla um borð, miðað við afla upp úr sjó og áætlaður löndunarstaður og löndunartími. Um tilkynningar varðandi veiðar innan efnahagslögsögu Noregs fer samkvæmt reglum norskra stjórnvalda um rafræna afladagbók.

9. gr.

Landanir í Noregi.

1 Heimilt er, að fengnu leyfi Fiskistofu, að landa afla í höfnum í Noregi, enda séu skilyrði Fiskistofu um eftirlit með vigtun og skýrsluskil uppfyllt. Sækja skal um leyfi til löndunar í norskum höfnum til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina hvar hann hyggst landa aflanum ásamt áætluðu magni. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnríkiseftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC (https://psc.neafc.org).

2 Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla á við að öðru leyti.

3 Þegar afli er unninn um borð í veiðiskipi skal við útreikning á veiddum afla ekki miða við mælda nýtingu um borð í veiðiskipi heldur nýtingarstuðla, sem gefnir eru út af viðkomandi stjórnvöldum í Noregi.

10. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari skulu varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

11. gr.

Lagastoð og gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3.-8. gr. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1460/2022, um veiðar íslenskra skipa á Norðuríshafsþorski árið 2023 innan efnahagslögsögu Noregs.

Matvælaráðuneytinu, 18. janúar 2024.

Reglugerð
nr. 1617/2023, um stjórn veiða íslenskra skipa á kolmunna.

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands, fiskveiðilandhelgi Færeyja og á veiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

2. gr.
Leyfi til veiða.

1 Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á kolmunna, sem hafa aflamark í kolmunna.

2 Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 5% umfram aflamark í kolmunna á viðkomandi almanaksári og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á næsta almanaksári. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá viðkomandi almanaksári til næsta almanaksárs. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun.

3. gr.
Lokunarsvæði.

1 Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar vestan 20°30´ V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°05,90´ N - 020°30,00´ V
2. 63°11,40´ N - 019°07,30´ V
3. 63°07,50´ N - 018°38,00´ V
4. 63°09,00´ N - 018°27,00´ V
5. 63°07,00´ N - 018°02,00´ V
6. 63°12,50´ N - 017°00,00´ V
7. 63°20,00´ N - 016°03,00´ V
8. 63°22,50´ N - 015°51,00´ V
9. 63°26,00´ N - 015°29,00´ V
10. 63°30,70´ N - 015°00,00´ V
11. 63°33,60´ N - 014°41,70´ V
12. 63°43,40´ N - 013°53,00´ V
13. 64°00,00´ N - 013°07,00´ V
14. 64°21,70´ N - 012°17,30´ V
15. 64°32,30´ N - 011°41,00´ V
16. 65°00,00´ N - 011°28,00´ V
17. 65°27,00´ N - 011°24,00´ V
18. 66°06,00´ N - 011°33,00´ V
19. 66°42,00´ N - 012°50,00´ V

og þaðan réttvísandi í 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru kolmunnaveiðar heimilar innan íslenskrar lögsögu vestan 27°30´V.

3 Veiðar með kolmunnavörpu við Þórsbanka eru aðeins heimilar að varpan sé búin meðaflaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski. Svæðið markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°00´00 N - 10°20´00 V
2. 64°37´00 N - 10°20´00 V
3. 64°37´00 N - 09°50´00 V
4. 64°04´00 N - 09°50´00 V
5. 63°17´00 N - 11°20´00 V
6. 63°07´00 N - 12°29´00 V
7. 63°45´50 N - 12°56´70 V
8. 63°53´44 N - 13°25´00 V
9. 64°00´00 N - 13°07´00 V
10. 64°21´70 N - 12°17´30 V
11. 64°32´30 N - 11°41´00 V
12. 65°00´00 N - 11°28´00 V

4. gr.

Búnaður.

1 Skipum sem stunda kolmunnaveiðar er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

5. gr.

Fjarskiptabúnaður.

1 Fiskiskip sem stunda kolmunnaveiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafs-fiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

2 Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

3 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

Tilkynningar.

1 Um tilkynningar við kolmunnaveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og taka þær tilkynningar einnig til veiða innan lögsögunnar sem og veiða í færeyskri lögsögu.

2 Um tilkynningar til Færeyja vegna veiða innan færeysku lögsögunnar fer samkvæmt reglum færeyskra stjórnvalda.

3 Skipstjóri skal hafa samband við stjórnstöð Landhelgisgæslu Íslands, sem sinnir verkefnum Eftirlitsstöðvarinnar, til staðfestingar á að honum sé heimilt að hefja veiðar.

4 Eftirlitsstöðin hefur eftirlit með að fjöldi íslenskra skipa við veiðar innan færeyskrar lögsögu fari ekki umfram þann leyfilega fjölda sem landstjórn Færeyja ákveður á hverjum tíma og að ekki séu fleiri en 15 íslensk skip samtímis á veiðum.

5 Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

7. gr.

Landanir.

1 Kolmunnaafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Um vigtun á kolmunna gilda ákvæði reglugerðar um vigtun sjávarafla, þó þannig að draga skal frá 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í kolmunna miðað við afla upp úr sjó fari afli til manneldis og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess.

2 Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa kolmunnaafla og kolmunnaafurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtuðum kolmunna um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar kolmunna utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri tilgreina í

umsókn nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætla magn kolmunna. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarríkiseftirlit og framkvæmd þess Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC, https://psc.neafc.org. Frekari upplýsingar má finna á slóðinni https://psc.neafc.org/ designated-contacts.

3 Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda kolmunnans eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

8. gr.

Sýnataka.

1 Kolmunnasýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera a.m.k. 50 stykki af kolmunna sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, að lokinni veiðiferð.

9. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

10. gr.

Gildistaka og lagastoð.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 8. gr., 11. gr og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8. gr. og 9. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2. gr., 3.gr., 9. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 7. gr. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

2 Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2024. Jafnframt falla úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 696/2005 um bann við kolmunnaveiðum á Þórsbanka án meðaflaskilju og reglugerð nr. 1444/2022, um togveiðar á kolmunna árið 2023.

Matvælaráðuneytinu, 21. desember 2023.

Reglugerð
nr. 182/2025, um veiðar íslenskra skipa á loðnu.

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða íslenskra skipa úr fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen.

2. gr.
Heimild til veiða.

1 Skipum sem hafa aflamark í loðnu er heimilt að stunda loðnuveiðar á tímabilinu 15. október til 30. apríl. Veiðar umfram aflamark í loðnu varða gjaldtöku samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólöglegs sjávarafla.

2 Óheimilt er að stunda veiðar á loðnu í lögsögu annarra ríkja en skv. 1. gr., nema að fenginni staðfestingu Fiskistofu á fyrirliggjandi leyfi frá viðkomandi stjórnvöldum.

3. gr.
Búnaður.

1 Skipum sem stunda loðnuveiðar er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

4. gr.
Veiðisvæði.

1 Loðnuveiðar eru heimilar í fiskveiðilandhelgi Íslands, Grænlands og Jan Mayen. Þó er íslenskum skipum einungis heimilt að stunda loðnuveiðar austan Hvarfs og norðan 64°30´N í lögsögu Grænlands og er þeim þar aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna. Í lögsögu Jan Mayen er þeim aðeins heimilt að veiða 35% af leyfilegum heildarafla íslensku skipanna til 15. febrúar ár hvert.

2 Við loðnuveiðar í lögsögu annarra ríkja skal fara eftir reglum sem viðkomandi stjórnvöld setja, auk þess skal tilkynna til Fiskistofu þegar farið er inn í og út úr viðkomandi lögsögu, ásamt upplýsingum um afla um borð í báðum tilvikum, og daglega skal tilkynna um afla síðastliðinn sólarhring. Tilkynningar skal senda á netfangið uthafsv@fiskistofa.is.

5. gr.
Landanir.

1 Loðnuafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn.

2 Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa loðnu til bræðslu og heilfrystri loðnu í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri loðnu um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé tryggt að skráning og vigtun afla sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar loðnu utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn loðnu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda loðnunnar, eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

Heimilt er að miðla afla úr veiðarfærum á miðunum, milli skipa sem hafa leyfi til loðnuveiða í því skyni að koma í veg fyrir að loðnu sé sleppt dauðri úr veiðarfærum. Fái veiðiskip svo stórt kast að skipstjóri telji að ekki sé lestarrými fyrir þann afla sem hann áætlar að sé í nótinni og ekkert skip

nærstatt til að miðla loðnuafla til, skal heimilt áður en verulega er þrengt að loðnunni í nótinni að sleppa niður lifandi loðnu sem fyrirsjáanlega rúmast ekki í lestum skipsins. Vinnsluskipum er ekki heimilt að sleppa niður loðnu til að samræma afla vinnslugetu.

6. gr.

Veiðisvæði flotvörpu.

1 Aðeins er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67°11´N - 014°30´V
2. 68°00´N - 014°30´V
3. 68°00´N - 008°30´V
4. 65°15´N - 008°30´V
5. 65°15´N - 011°20´V
6. 66°05´N - 011°30´V
7. 66°15´N - 012°00´V
8. 66°12´N - 012°22´V
9. 66°40´N - 012°40´V
10. 66°47´N - 013°00´V
11. 66°52´N - 013°08´V
12. 67°11´N - 014°30´V

2 Ráðuneytið getur takmarkað eða bannað loðnuveiðar á ákveðnum svæðum í tiltekinn tíma þyki ástæða til þess, m.a. vegna verndunarsjónarmiða og til þess að stuðla að sem bestri hagnýtingu loðnustofnsins.

7. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofa sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

8. gr.

Lagastoð og gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 3. gr., 5.gr., 6. gr., 8. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 3. gr., 4. gr., 6. gr., 7. gr., 8. gr., 18. gr. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1200/2022 um loðnuveiðar íslenskra skipa á vetrarvertíð 2022/2023.

Matvælaráðuneytinu, 20. febrúar 2025.

Reglugerð
nr. 962/2019, um veiðar á íslenskri sumargotssíld.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 962/2019 sbr. 1153/2021.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um veiðar íslenskra skipa á íslenskri sumargotssíld. Einungis skipum sem hafa aflamark í íslenskri sumargotssíld er heimilt að stunda veiðar á íslenskri sumargotssíld í fiskveiðilandhelgi Íslands. Veiðitímabil íslenskrar sumargotssíldar er frá og með 1. september til og með 30. apríl ár hvert.

2. gr.

1 Einungis er heimilt að stunda síldveiðar með vörpu utan 12 sjómílna frá viðmiðunarlínu, sbr. 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3. gr.

1 Ef net eru notuð til síldveiða, skal lágmarksmöskvastærð vera slík að þegar möskvi er teygður horna á milli eftir lengd netsins, komist flöt mælistika 63 mm breið og 2 mm þykk auðveldlega í gegn. Netið skal mælt vott.

4. gr.

1 Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé aflanum landað í íslenskri höfn og tryggt að skráning og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

2 Heimilt er að miðla afla úr nótum á miðunum milli skipa í því skyni að koma í veg fyrir að síld sé sleppt dauðri úr nótum.

3 Um vigtun á síld gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla.

5. gr.

1 Síldarsýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera 50 til 75 stykki af síld sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

6. gr.

1 Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 56/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. […][1)].

[1)]Rg. 1153/2021, 10. gr.

7. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 770/2006, um veiðar á íslenskri sumargotssíld.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.

Reglugerð

nr. 32/2024, um veiðar íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 32/2024 sbr. 164/2025.*

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi tekur til veiða íslenskra skipa á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í fiskveiðilandhelgi Íslands, fiskveiðilögsögu Færeyja, á veiðistjórnunarsvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) og í lögsögu Svalbarða.

2 Við veiðar í lögsögu Færeyja skal farið að reglum sem færeysk stjórnvöld setja um veiðarnar. Í lögsögu Svalbarða skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

2. gr.

Aflamark.

1 Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á norsk-íslenskri síld, sem hafa aflamark í norsk-íslenskri síld samkvæmt reglugerð um veiðar í atvinnuskyni.

2 Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 5% umfram aflamark í norsk-íslenskri síld á viðkomandi almanaksári og dregst sá umframafli frá aflamarki þess á næsta almanaksári. Þá er heimilt að flytja allt að 10% af ónýttu aflamarki fiskiskips frá viðkomandi almanaksári til næsta almanaksárs. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem skip fá úthlutað af aflamagni sem dregið er frá upphaflegri úthlutun.

3 Við veiðar á norsk-íslenskri síld í færeyskri efnahagslögsögu má meðafli makríls ekki fara yfir 30% af síldarafla í hverri veiðiferð. Heildarmakrílafli íslenskra skipa í færeyskri efnahagslögsögu skal ekki fara yfir 1.300 tonn. Fiskistofa fylgist með afla þessum og tilkynnir ráðuneytinu hvenær líklegt megi telja að aflanum verði náð og tilkynnir ráðuneytið frá hvaða tíma óheimilt er að veiða makríl sem meðafla.

3. gr.

Sýnataka.

1 Sýni af norsk-íslenskri síld skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera a.m.k. 50 stykki af norsk-íslenskri síld sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, í Hafnarfirði eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

4. gr.

Búnaður.

1 Skipum sem stunda veiðar á norsk-íslenskri síld er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

2 [Skip sem stunda veiðar á norsk-íslenskri síld skulu hafa sjóskilju þar sem hámarksbil milli rimla er ekki meira 10 mm og skulu rimlarnir rafsoðnir fastir. Ef gataplötur eru notaðar í stað rimla má hámarksþvermál gata ekki fara yfir 10 mm. Göt og rimlar í rennum framan við sjóskilju mega ekki fara yfir 15 mm í þvermál.][1)]

[1)]*Rg. 164/2025, 1. gr.*

5. gr.

Fjarskiptabúnaður.

1 Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

2 Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

3 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

Tilkynningar.

1 Um tilkynningar varðandi síldveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

2 Um tilkynningar varðandi veiðar innan fiskveiðilögsögu Færeyja fer samkvæmt reglum sem færeysk stjórnvöld setja.

3 Um tilkynningar varðandi veiðar í lögsögu Svalbarða fer samkvæmt reglum sem norsk stjórnvöld setja enda séu þær settar á grundvelli samningsins um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

4 Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og fyrirhugaðan löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

7. gr.

Löndun og vigtun.

1 Síldarafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Um vigtun á norsk-íslenskum síldarafla gilda ákvæði reglugerðar um vigtun sjávarafla þó þannig að draga skal frá 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í síld miðað við afla upp úr sjó fari afli til manneldis og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess.

2 Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa síldarafla og síldarafurðum í höfnum erlendis enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Jafnframt er heimilt að fengnu leyfi Fiskistofu að landa óvigtaðri síld um borð í vinnsluskip og flutningaskip, enda sé aflanum landað í íslenskri höfn og tryggt að skráning og vigtun sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar síldar utan íslenskra hafna til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn síldar. Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarríkiseftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC, (https://psc.neafc.org).

3 Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda síldarinnar eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

4 Heimilt er að miðla norsk-íslenskum síldarafla úr veiðarfærum skips á síldveiðum til annars skips með leyfi til síldveiða.

5 Landi skip frystum afurðum utan Íslands skal tilkynna um það í samræmi við ákvæði 5. kafla reglna Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) um fiskveiðieftirlit og framkvæmd þess.

8. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 151/1996, um fisk-veiðar utan lögsögu Íslands, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

9. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 8., 11. og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 8., 9. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2., 9. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 3., 4., 6.-8., 18. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1604/2022 um stjórn veiða íslenskra skipa úr norsk-íslenska síldarstofninum árið 2023.

Matvælaráðuneytinu, 18. janúar 2024.

Reglugerð
nr. 266/2024, um veiðar íslenskra skipa á makríl.[1)]

[1)] *Breytingasaga reglugerðar nr. 266/2024 sbr. 1331/2024.*

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi tekur til makrílveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) utan lögsögu ríkja og í lögsögu Svalbarða.

2 Í lögsögu Svalbarða skal farið að reglum sem norsk stjórnvöld setja um veiðarnar, enda séu þær settar á grundvelli samnings um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

2. gr.
Aflamark.

1 Aðeins skipum sem hafa aflamark í makríl er heimilt að stunda makrílveiðar.

2 Heimilt er hverju skipi að veiða allt að 5% umfram aflamark í makríl á viðkomandi almanaksári og dregst sá umframafli frá aflamarki þess næsta almanaksárið. Þá er heimilt að flytja allt að 15% aflamarks fiskiskips í makríl frá viðkomandi almanaksári til næsta almanaksárs. Flutningsheimildir samkvæmt þessari grein eiga einnig við um aflaheimildir sem eru dregnar frá leyfilegum heildarafla samkvæmt 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%) og samkvæmt 10. gr. laga nr. 116/2006 (4.000 lestir).

3. gr.
A- og B-flokkur.

1 Aflaheimildir í makríl skiptast í A- og B-flokk. Skip sem eru með aflamark í makríl skiptast í A- og B-flokk og fer um skiptinguna eftir því í hvaða flokki aflaheimildir skipsins eru. Ekki er hægt að skipta um flokk á veiðitímabilinu. Óheimilt er að flytja aflamark úr B-flokki yfir í A-flokk nema í jöfnum skiptum í þorskígildum talið fyrir aflamark í þorski, ýsu, ufsa og steinbít að því gefnu slík skipting samræmist reglum um krókaaflamark þ.m.t. að krókaaflamark verður aðeins flutt til skips sem leyfi hefur til veiða með krókaaflamarki. Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. 15. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, er varðar A- og B-flokk aflaheimilda í makríl, er ekki heimilt að flytja aflamark makríls sem flutt hefur verið af skipi í B-flokki og yfir á skip í A-flokki, til annarra skipa í sama flokki.

4. gr.
Búnaður.

1 Skipum sem hafa fengið heimild til veiða á makríl er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

2 Hámarksbil milli rimla í sjóskilju skal ekki vera meira 10 mm og skulu rimlarnir rafsoðnir fastir. Ef gataplötur eru notaðar í stað rimla má hámarksþvermál gata ekki fara yfir 10 mm. Göt og rimlar í rennum framan við sjóskilju mega ekki fara yfir 15 mm í þvermál.

5. gr.
Veiðitilhögun.

1 Makrílveiðar í flottroll eru ekki heimilar nær landi en 12 sjómílur frá viðmiðunarlínu.

2 Þá eru makrílveiðar í flottroll bannaðar á svæði sem afmarkast af línum sem dregnar er milli eftirfarandi hnita:

1. 68°30 N - 17°00 V
2. 65°30 N - 17°00 V
3. 65°30 N - 26°00 V
4. 66°00 N - 26°00 V
5. 66°55 N - 24°13 V
6. 67°40 N - 24°13 V
7. 68°30 N - 19°04 V

3 Makrílveiðar í net eru óheimilar.

6. gr.

Sýnataka.

1 Sé makríll veiddur í flottroll eða nót, skulu tekin sýni úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera að minnsta kosti 50 stk. af makríl, sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, merkt skilmerkilega (veiðiskip, staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, þegar að lokinni veiðiferð.

7. gr.

Fjarskiptabúnaður.

1 Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

2 Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

3 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

8. gr.

Tilkynningar.

1 Um tilkynningar við makrílveiðar á alþjóðlegu hafsvæði gilda ákvæði reglugerðar um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Um tilkynningar varðandi veiðar í lögsögu Svalbarða fer samkvæmt reglum sem norsk stjórnvöld setja enda séu þær settar á grundvelli samnings um Svalbarða frá 9. febrúar 1920 og í samræmi við ákvæði hans.

2 Eftir að skip hættir veiðum og í síðasta lagi fjórum klukkustundum áður en áætlað er að það komi til hafnar skal skipstjóri senda Fiskistofu tilkynningu á því formi sem Fiskistofa ákveður um áætlaðan afla skipsins, fyrirhugaðan löndunarstað og fyrirhugaðan löndunartíma. Heimilt er að víkja frá lágmarkstíma t.d. ef fjarlægð milli fiskimiða og löndunarhafnar gefur tilefni til þess, enda sé þá tilkynning send um leið og veiðum er hætt.

9. gr.

Vigtun og löndun.

1 Makrílafla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Þó er heimilt með leyfi Fiskistofu að landa makrílafla og makrílafurðum í höfnum erlendis, enda sé tryggt að eftirlit með vigtun aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar makríls utan íslenskra hafna til

Fiskistofu, skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og hvert er áætlað magn makríls.

2 Áætli skip komu til hafnar samningsaðila NEAFC með afla af samningssvæði NEAFC, hvort heldur til löndunar, umskipunar eða til að leita þjónustu að öðru leyti, skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarríkiseftirlit og framkvæmd þess.

3 Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heimasíðu NEAFC https://psc.neafc.org. Samþykki þar til bærra yfirvalda þarf að liggja fyrir áður en löndun hefst.

Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda makrílsins eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir.

4 Draga skal 2% af afla hvers skips vegna vatnsinnihalds í makríl miðað við afla upp úr sjó fari afli til manneldis og reiknast það magn ekki til aflaheimilda þess. Sé makríll veiddur á línu eða handfæri skal afla haldið aðgreindum um borð í veiðiskipi eftir tegundum. Verði slíku ekki við komið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun.

9. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu Íslands.

10. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 3. gr., 7. mgr. 8. gr., 10. gr. b., 4. mgr. 15. gr. og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 9. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 8. gr., 9. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 4. gr., 7. gr., 8. gr. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 480/2023 um veiðar á makríl.

[Ákvæði til bráðabirgða

1 Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 2. gr. um aflamark er heimilt að flytja allt að 25% aflamarks fiskiskips í makríl frá árinu 2024 til ársins 2025.][1)]

[1)] *Rg. 1331/2024.*

Matvælaráðuneytinu, 13. febrúar 2024.

Reglugerð

nr. 725/2020, um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 725/2020 sbr. 944/2022.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl samkvæmt ákvæði 10. gr. b. í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

1 [Eftir að aflamarki í makríl hefur verið úthlutað til skipa í A- og B- flokki er Fiskistofu heimilt að úthluta allt að 4.000 lestum af viðbótaraflaheimildum í makríl ár hvert til skipa í B-flokki gegn greiðslu gjalds.][1)] Úthluta skal allt að 50 lestum í senn. Ekkert skip getur fengið úthlutað viðbótaraflaheimildum fyrr en skip hefur veitt 75% af úthlutuðu aflamarki í makríl. Þessi takmörkun gildir ekki fyrir skip sem fá úthlutað 30 tonnum af aflamarki í makríl eða minna.

2 [Eftir 15. september er heimilt að úthluta til skipa í A-flokki því sem eftir er af viðbótaraflaheimildum í makríl gegn greiðslu gjalds.][2)]

[1)]Rg. 944/2022, 1. gr. [2)]Rg. 944/2022, 2. gr.

3. gr.

1 [Úthlutun viðbótaraflaheimilda í makríl samkvæmt þessari reglugerð í annað sinn eða síðar er bundin því skilyrði að skip hafi veitt úthlutað aflamark í makríl og viðbótaraflaheimildir í makríl þannig að eftir standi 30 tonn eða minna samanlagt. Einnig er slík úthlutun bundin því skilyrði að greitt hafi verið fyrir fyrri úthlutanir.][1)]

[1)]Rg. 944/2022, 3. gr.

4. gr.

1 Óheimilt er framselja aflaheimildir í makríl af skipi í B-flokki sem hefur fengið úthlutað samkvæmt reglugerð þessari á veiðitímabilinu. Heimilt er að flytja allt að 10% af úthlutuðum viðbótaraflaheimildum skips yfir á næsta ár.

5. gr.

1 Fiskistofa annast úthlutun viðbótaraflaheimilda [í makríl][1)] gegn greiðslu gjalds á grundvelli umsókna og skal úthluta [viðbótaraflaheimildum][2)] vikulega á grundvelli umsókna sem borist hafa undanfarandi viku.

2 Ef umsóknir um viðbótaraflaheimildir eru umfram þær aflaheimildir sem til ráðstöfunar eru skal Fiskistofa skipta því sem til ráðstöfunar er jafnt á milli umsækjenda, enda hafi umsækjandi ekki sótt um minna magn en því nemur. Verð á viðbótaraflaheimildum í makríl skal nema sömu fjárhæð og veiðigjald fyrir makríl og skal það greitt Fiskistofu […][3)]. […][4)].

3 [Á vefsíðu Fiskistofu skal birta upplýsingar um úthlutanir Fiskistofu og upplýst um magn makríls sem til ráðstöfunar er á hverjum tíma.][5)]

4 [Skipum í A-flokki er heimilt að sækja um þær viðbótaraflaheimildir í makríl sem Fiskistofa hefur ekki úthlutað til skipa í B-flokki fyrir lok ágúst ár hvert. Umsóknir skipa í A-flokki skulu berast til Fiskistofu á tímabilinu 1. til 10. september ár hvert og skal Fiskistofa úthluta því sem eftir er jafnt á milli umsækjenda eftir 15. september ár hvert.][6)]

[1)]Rg. 944/2022, 4. gr. [2)]Rg. 944/2022, 4. gr. [3)]Rg. 944/2022, 5. gr. [4)]Rg. 944/2022, 5. gr. [5)]Rg. 944/2022, 6. gr. [6)]Rg. 944/2022, 7. gr.

6. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 10. gr. b. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 606/2019 um ráðstöfun 4.000 lesta af viðbótaraflaheimildum í makríl.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. júlí 2020.

Reglugerð
nr. 200/2023, um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 200/2023 sbr. 305/2023, 292/2024 og 63/2025.

1. gr.
Gildissvið.

1 Ákvæði reglugerðar þessarar taka til veiða á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski (hér nefndur bláuggatúnfiskur) á samningssvæði Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins (ICCAT), þar með talið hafsvæði utan lögsögu ríkja og innan lögsögu þar sem íslensk skip hafa rétt til veiða samkvæmt samningum eða sérstökum veiðileyfum.

2. gr.
Leyfilegur heildarafli.

1 [Á árinu 2025 er íslenskum skipum heimilt að veiða alls 224 tonn af bláuggatúnfiski miðað við afla upp úr sjó. Af þeim heimildum er 200 tonnum úthlutað til veiða með línu og 24 tonnum vegna áætlaðs meðafla íslenskra skipa á bláuggatúnfiski.][1)]

[1)]Rg. 63/2025, 1. gr.

3. gr.
Leyfi til veiða.

1 Allar beinar veiðar á bláuggatúnfiski eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu. [Fiskistofu er heimilt að gefa út leyfi til allt að þriggja íslenskra skipa hverju sinni.][1)] Fiskistofu er heimilt að setja nánari skilyrði um veiðarnar í leyfin til samræmis við reglur Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins.

2 Leyfishöfum er heimilt að stunda línuveiðar á tímabilinu 1. ágúst til 31. desember. Línuveiðar eru einungis heimilar á veiðisvæði norðan 42°00,00´ N milli 10°00,00´ V og 45°00,00´ V.

3 Fiskistofa skal afturkalla útgefin veiðileyfi þegar leyfilegum heildarafla hefur verið náð.

[1)]Rg. 305/2023, 1. gr.

4. gr.
Úthlutun leyfa til línuveiða.

1 Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til línuveiða á bláuggatúnfiski í atvinnuskyni til eins árs í senn. [Skal umsóknartímabil vera frá 1. janúar til og með 10. mars.][1)] Heimilt er að endurnýja leyfi samkvæmt umsókn leyfishafa um eitt ár í senn án auglýsingar en þó ekki lengur en til þriggja ára enda mæli áætlun um veiðarnar, árangur veiða og skipulag veiðanna með slíkri framlengingu. Við veitingu leyfa koma einungis til greina skip sem hafa leyfi til veiða í atvinnuskyni. Skip skulu vera, að lágmarki, 500 brúttótonn að stærð og skulu hafa fullnægjandi útbúnað til veiðanna og meðhöndlunar bláuggatúnfiskafla.

2 Í umsókn skal leggja fram áætlun um hvenær stunda á veiðarnar, svo sem um hvaða fiskiskip muni stunda veiðarnar, veiðisókn, hvernig fiskiskipið verður útbúið til veiðanna, áætlaðar löndunarhafnir og ráðstöfun afla.

3 [Fiskistofa skal ákvarða aflamark á hvert skip með hlutfallslega jöfnum hætti af heildaraflaheimildum Íslands eftir að áætlaður meðafli hefur verið dregin frá. Fiskistofa getur heimilað færslu aflamarks á milli þeirra skipa sem hafa leyfi til veiða skv. 1. gr. Verður að tilkynna ráðuneytinu um slíkt sem upplýsir skrifstofu Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins um færslur milli skipa.

4 Fiskistofa getur fært hluta af aflaheimildum vegna meðafla, ef svigrúm er til þess á seinni stigum veiðitímabils, með hlutfallslegum hætti á hvert skip en aldrei má úthlutun auk skráðs meðafla fara yfir heildaraflaheimildir Íslands hverju sinni. Verður að tilkynna ráðuneytinu um breytta nýtingu meðafla heimilda sem upplýsir skrifstofu Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins um það.

5 Fyrir [15. mars][3] skal Fiskistofa senda ráðuneytinu viðeigandi upplýsingar um umsóknir um leyfi og útgefin leyfi, m.a. um skip og aflamark þeirra. Ráðuneytið sendir upplýsingar um skip sem hafa leyfi til veiða til skrifstofu Atlantshafs túnfiskveiðiráðsins eigi síðar en [15. júlí.][4]][2]

[1] Rg. 63/2025, 2. gr. a-liður. [2] Rg. 305/2023, 2. gr. b-liður. [3] Rg. 63/2025, 2. gr. b-liður. [4] Rg. 63/2025, 2. gr. c-liður.

5. gr.

Skilyrði leyfa til línuveiða.

1 Eftir að leyfi skv. 4. gr. er veitt er óheimilt að endurúthluta því eftir 14. júlí, ár hvert, til annars skips, nema skip hafi farist, vélarbilun valdi því að það geti ekki haldið til veiða eða af *force majeure* ástæðum.

2 Veiðiheimildir má ekki flytja milli ára.

3 Þegar skip heldur til veiða á bláuggatúnfiski er því ekki heimilt að stunda aðrar beinar veiðar í þeirri veiðiferð.

4 Um greiðslu eftirlitskostnaðar vegna veru eftirlitsmanns um borð fer samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu.

5 Heimilt er að setja nánari skilyrði fyrir veiðunum í leyfisbréf, þ.m.t. um lágmarksfjölda sóknardaga að viðlagðri afturköllun leyfis.

6. gr.

Bláuggatúnfiskur sem meðafli og tilkynningaskylda.

1 Íslensk fiskiskip sem ekki hafa leyfi til beinna veiða á bláuggatúnfiski skulu sleppa öllum lífvænlegum túnfiski sem kemur í veiðarfæri skipsins. Skrá skal allan túnfisk sem kemur í veiðarfæri skips og er sleppt. Skip sem fá afla af bláuggatúnfiski er skylt að skrá hann til Fiskistofu áður en honum er landað.

7. gr.

Ólögmætur sjávarafli.

1 Afli umfram leyfilegan afla bláuggatúnfisks á árinu er ólögmætur sjávarafli sem skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir. Afli sætir álagningu gjalds samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla.

8. gr.

Skylda til sleppinga á öðrum tegundum.

1 Skipum sem stunda beinar veiðar á bláuggatúnfiski er skylt að sleppa lifandi afla eftirfarandi tegunda: sjávarskjaldbökum, sleggjuháfum (latína: *Spyrnidae*), hvítuggaháfum (latína: *Carcharihinus longimanus*), glyrnuskotthafum (latína: *Alopia supercilliosus*) og silkiháfum (latína: *Carcharhinus falciformis*). Sé þess engin kostur að sleppa afla þessara tegunda lifandi er skylt að koma með hann að landi. Halda skal afla þessara fisktegunda aðskildum frá öðrum afla og skal skila honum til Hafrannsóknastofnunar þegar við löndun. Bannað er að selja eða fénýta á annan hátt afla þessara tegunda.

9. gr.

Skil aflaupplýsinga.

1 Skila skal aflaupplýsingum stafrænt til Fiskistofu skv. 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

10. gr.

Eftirlitsbúnaður og tilkynningar.

1 Skip sem hafa leyfi til að stunda línuveiðar á bláuggatúnfiski í atvinnuskyni skulu vera búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundarfresti.

2 Skipi er óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

3 Skip sem stunda línuveiðar í atvinnuskyni á túnfiski skulu tilkynna Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu með 3 vikna fyrirvara um ætlað upphaf veiða.

4 15 dögum fyrir upphaf veiðitímabils bláuggatúnfisks skal eftirlitsstöð framsenda til skrifstofu ICCAT upplýsingar um staðsetningu skipsins, skulu þær sendingar standa þar til 15 dögum eftir lok veiðitímabils, eða eftir að ráðuneytið hefur tilkynnt um lokun veiða til ICCAT.

5 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar. Einnig skulu tilkynningar skv. 11. gr. innihalda upplýsingar um staðsetningu skipsins.

11. gr.

Tilkynningar til eftirlitsstöðvar.

1 Skip sem stunda línuveiðar á túnfiski í atvinnuskyni skulu senda eftirgreindar tilkynningar á tölvutæku formi úr rafrænni afladagbók skipsins til eftirlitsstöðvarinnar:

Komutilkynning:

Skylt er skipstjóra skips að tilkynna til eftirlitsstöðvarinnar með ekki meira en 12 klukkustunda og að minnsta kosti 6 klukkustunda fyrirvara að það fari inn á viðkomandi samningssvæði til túnfiskveiða. Á þetta við um veiðar innan íslenskrar lögsögu sem og utan. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COE“ sem komutilkynning.
4. Kallmerki skipsins.
5. Staðsetning skipsins í gráðum og heilum mínútum.
6. Áætlað aflamagn um borð miðað við afla og meðafla upp úr sjó, sundurliðað eftir tegundum.
7. Dagsetning og tími.
8. Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni á sama hátt.

Aflatilkynning:

Dag hvern sem skip er við túnfiskveiðar, skal skipstjóri tilkynna eftirlitsstöðinni um heildarafla síðasta sólarhrings, miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „CAT“ sem aflatilkynning.

4. Kallmerki skipsins.
5. Afli frá síðustu aflatilkynningu í kg, miðað við afla upp úr sjó, sundurliðaður eftir teg-undum.
6. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
7. Dagsetning og tími.

Lokatilkynning:

Þegar veiðiskip hættir veiðum skal það tilkynnt eftirlitsstöðinni. Jafnframt skal í tilkynningu tilgreina afla frá síðustu aflatilkynningu miðað við afla úr sjó, aðgreindan eftir tegundum og einnig löndunarhöfn eða löndunarstað. Lokatilkynningin skal send eigi síðar en 6 klukkustundum fyrir áætlaðan tíma í löndunarhöfn. Í tilkynningunni komi fram eftirfarandi upplýsingar:

1. Kóði viðtakanda: „ISL“ fyrir íslensku eftirlitsstöðina.
2. Raðnúmer skeytisins.
3. Kóði fyrir tegund skeytisins: „COX“ sem lokatilkynning.
4. Kallmerki skipsins.
5. Dagsetning og tími.
6. Afli frá síðustu aflatilkynningu í kg, miðað við afla upp úr sjó, sundurliðaður eftir teg-undum.
7. Fjöldi veiðidaga frá upphafi veiða, en frá síðustu aflatilkynningu hafi hún verið send.
8. Löndunarhöfn (áætlaður tími og dagsetning þar).
9. Dagsetning og tími.

12. gr.

Leit úr lofti.

1 Óheimilt er að styðjast við leit úr lofti við veiðar á bláuggatúnfiski.

13. gr.

Löndunarhafnir.

1 Skip skulu landa öllum afla bláuggatúnfisks á Íslandi í fyrir fram ákveðnum höfnum, sem Fiskistofa ákveður.

14. gr.

Undirmál.

1 Skylt er að sleppa lifandi bláuggatúnfiski sem er undir 30 kg að þyngd.

15. gr.

Eftirlit um borð.

1 Fiskiskipi sem hefur leyfi til línuveiða á bláuggatúnfiski í atvinnuskyni er óheimilt að stunda veiðar nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá þessu ef eftirlitsmenn eru um borð a.m.k. 20% þess tíma sem skip stundar túnfiskveiðar. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til túnfiskveiða án eftirlitsmanns um borð, án skriflegrar heimildar Fiskistofu.

2 Fyrir hverja veiðiferð, eftir að upphaflega hefur verið tilkynnt um upphaf veiða á árinu, sbr. 3. mgr. 9. gr., skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu með a.m.k. 7 daga fyrirvara að fyrirhugað sé að halda til veiða.

16. gr.

Merkingar.

1 Öllum bláuggatúnfiski sem veiddur er af íslenskum skipum sem og öllum bláuggatúnfiski sem fluttur er inn til Íslands eða seldur er á íslenskum markaði skal fylgja sérstakt rafrænt rekjanleikavottorð (e. bluefin tuna catch document, e-BCD) sem Fiskistofa gefur út.

2 Öllum bláuggatúnfiski sem endurútfluttur er frá Íslandi skal fylgja sérstakt rafrænt endurútflutningsvottorð (e. bluefin tuna re-export certificate, e-BFTRC) sem Fiskistofa gefur út.

3 Óheimilt er að flytja inn, landa, selja eða flytja út bláuggatúnfisk sem ekki fylgir rafrænt rekjanleikavottorð.

17. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, ákvæðum 15.-21. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum VI. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

18. gr.

Lagaheimild.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ákvæðum 3., 4., 6., 7., 8., 18. og 19. gr. laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

2 Reglugerð þessi er sett til samræmis við skuldbindingar Íslands vegna aðildar að ICCAT og ber að túlka með hliðsjón af þeim skuldbindingum sem fylgja aðildinni.

3 Við gildistöku þessarar reglugerðar fellur úr gildi reglugerð um veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski nr. 930/2020.

Matvælaráðuneytinu, 24. febrúar 2023.

Reglugerð

nr. 807/2011, um meðafla skipa sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski.

1. gr.

1 Skip sem stunda veiðar á Austur-Atlantshafs bláuggatúnfiski er skylt að sleppa lifandi afla eftirfarandi tegunda: sjávarskjaldbökum, sleggjuháfum (enska: hammerhead sharks, latína: spyrnidae), hvítuggaháfum (enska: oceanic whitetip sharks, latína: carcharihinus longimanus) og glyrnuskottháfum (enska: bigeye thresher sharks, latína: alopia supercilliosus).

2 Sé þess engin kostur að sleppa aflanum lifandi er skylt að koma með hann að landi. Halda skal aflanum aðskildum frá öðrum afla og skal skila honum til Hafrannsóknastofnunar þegar við löndun. Bannað er að selja eða fénýta á annan hátt afla þessara tegunda.

2. gr.

1 Skrá skal í afladagbók allan afla fyrrgreindra tegunda, hvort sem honum er sleppt lifandi eða skilað til Hafrannsóknastofnunar.

3. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum III. kafla laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum.

4. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og ákvæðum laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 26. ágúst 2011.

Reglugerð
nr. 1124/2024, um hrognkelsaveiðar.

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi gildir um hrognkelsaveiðar, þ.e. netaveiðar á grásleppu og rauðmaga.

2. gr.
Leyfi til veiða.

1 Allar hrognkelsaveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu leyfi Fiskistofu samkvæmt 4. og 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

2 Aðeins fiskiskip með aflahlutdeild í grásleppu á viðkomandi staðbundnu veiðisvæði skv. 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, geta stundað þar veiðar. Fiskiskip með aflamark í grásleppu skal skráð innan staðbundins veiðisvæðis, þ.e. í heimahöfn og landa í löndunarhöfn innan veiðisvæðis, sbr. 7. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

3 Fiskiskipum með aflamark í grásleppu er heimilt að veiða með netum. Fiskiskip sem hafa leyfi til veiða með krókaaflamarki er óheimilt að stunda veiðar með rauðmaganetum, nema að fengnu leyfi Fiskistofu.

3. gr.
Tímabil þegar veiðar eru óheimilar.

1 Frá 1. apríl til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjöruborði, sbr. lög um vernd, friðun og veiðar á villtum fuglum og villtum spendýrum.

2 Veiðar eru óheimilar á tímabilinu 1. september til og með 19. maí næsta árs á veiðisvæði skv. 2. tölul. 1. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, innan svæðis Breiðafjörður – Vestfirðir, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum, samkvæmt línu sem dregin er úr Krossnesvita vestan Grundarfjarðar, 64°58,30 N 023°21,40 V í Lambanes vestan Vatnsfjarðar 65°29,30 N 023°12,60 V.

3 Óheimilt er að stunda veiðar með rauðmaganetum frá 16. júní til 31. desember.

4. gr.
Lokunarsvæði.

1 Lokunarsvæði eru eftirfarandi:

I. Innan svæðis á Faxaflóa, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
   1. 64°50,00´N - 22°25,75´V
   2. 64°32,40´N - 21°51,40´V
   3. 64°26,00´N - 22°00,00´V
   4. 64°25,00´N - 22°20,00´V
   5. 64°36,00´N - 22°34,00´V
   6. 64°50,00´N - 22°32,00´V

II. Innan svæðis á Breiðafirði, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
   1. 65°04,80´N - 22°43,40´V Stykkishólmur
   2. 65°17,45´N - 22°21,90´V Skarðsstöð
   3. 65°25,45´N - 22°12,45´V Reykhólar

III. Innan svæðis út af Rauðasandi, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 65°32,80´N - 24°29,40´V
2. 65°28,30´N - 23°56,00´V
3. 65°26,50´N - 23°57,60´V
4. 65°27,50´N - 24°07,00´V
5. 65°29,00´N - 24°16,00´V
6. 65°28,00´N - 24°27,00´V
7. 65°29,00´N - 24°35,00´V

IV. Innan svæðis út af Kollsvík, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 65°39,20´N - 24°29,34´V
2. 65°38,95´N - 24°18,40´V
3. 65°34,20´N - 24°22,00´V
4. 65°34,55´N - 24°27,14´V

V. Innan svæðis út af Tálknafirði, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 65°48,75´N - 24°10,60´V
2. 65°48,27´N - 24°04,67´V
3. 65°45,34´N - 24°06,36´V
4. 65°45,75´N - 24°12,50´V

VI. Innan svæðis út af Ströndum (Selsker-Óðinsboði), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°28,00´N - 22°28,00´V
2. 66°23,00´N - 21°42,00´V
3. 66°10,50´N - 21°28,00´V
4. 65°58,30´N - 21°40,00´V

VII. Innan svæðis út af Ströndum (Reykjarfjörður-Veiðileysufjörður), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 65°58,00´N - 21°37,70´V
2. 65°59,25´N - 21°23,00´V
3. 65°56,20´N - 21°19,50´V
4. 65°56,00´N - 21°36,80´V

VIII. Innan svæðis út af Ströndum (út af Kaldbakshorni), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 65°53,20´N - 21°16,00´V
2. 65°51,40´N - 21°14,50´V
3. 65°50,20´N - 21°15,00´V
4. 65°49,80´N - 21°18,00´V

IX. Innan svæðis út af Ströndum (út af Bjarnarfirði), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 65°46,70´N - 21°24,00´V
2. 65°45,50´N - 21°14,00´V
3. 65°44,70´N - 21°14,00´V
4. 65°44,60´N - 21°21,00´V

X. Innan svæðis innst í Húnaflóa, sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 65°45,50´N - 20°50,00´V
2. 65°41,00´N - 20°42,00´V
3. 65°21,00´N - 20°51,00´V
4. 65°14,00´N - 21°10,00´V
5. 65°29,00´N - 21°17,00´V

XI. Innan svæðis út af Skagatá sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°06,40´N - 20°23,00´V
2. 66°08,20´N - 20°10,20´V
3. 66°06,85´N - 20°10,00´V
4. 66°05,00´N - 20°23,25´V

XII. Innan svæðis á Skagafirði (út af Ketubjörgum), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°02,20´N - 19°57,85´V
2. 66°02,20´N - 19°54,00´V
3. 66°01,10´N - 19°54,00´V
4. 66°01,20´N - 19°57,85´V

XIII. Innan svæðis á Skagafirði (við Drangey), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°02,20´N - 19°43,40´V
2. 66°02,20´N - 19°39,00´V
3. 65°55,90´N - 19°34,60´V
4. 65°55,90´N - 19°42,00´V

XIV. Innan svæðis á Skagafirði (á Málmeyjarsundi), sem afmarkast af eftirfarandi hnitum:
1. 66°04,00´N - 19°36,80´V
2. 66°04,00´N - 19°22,40´V
3. 66°02,00´N - 19°26,00´V
4. 66°02,00´N - 19°35,50´V

5. gr.

Netamöskvi.

1 Grásleppunet skulu vera með möskva á bilinu 10,5 þumlunga (267 mm) til 11,5 þumlunga (292 mm) og net 12 möskva eða grynnri.

2 Rauðmaganet skulu vera með möskva á bilinu 7 þumlunga (178 mm) til 8 þumlunga (203 mm) og net 20 möskva eða grynnri.

6. gr.

Vitjun neta.

1 Grásleppunet skulu dregin eigi síðar en þremur sólarhringum eftir að þau eru lögð í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja neta enda hafi skipstjóri sent Fiskistofu tilkynningu þar að lútandi á formi sem Fiskistofa ákveður.

7. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, nr. 151/1996, laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996 og laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997.

8. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 og 2. mgr. 7. gr. a. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur úr gildi reglugerð um hrognkelsaveiðar árið 2024, nr. 223/2024.

Matvælaráðuneytinu, 25. september 2024.

Reglugerð

nr. 1441/2024, um úthlutun aflamarks í grásleppu til nýliða. [1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 1441/2024 sbr. 117/2025.*

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi gildir um úthlutun aflamarks í grásleppu til skipa í eigu nýliða samkvæmt 7. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

2. gr.

Nýliði.

1 [Nýliði samkvæmt reglugerð þessari telst sá aðili sem á skip, sem ekki hefur skráða aflahlutdeild og hefur ekki fengið úthlutað aflahlutdeild eða átti rétt á aflahlutdeild í grásleppu vegna fiskveiðiársins 2024/2025.][1)]

[1)]*Rg. 117/2025.*

3. gr.

Auglýsing og umsókn um aflamark í grásleppu.

1 Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um aflamark í grásleppu fyrir skip í eigu nýliða á hverju fiskveiðiári.

2 Aflamark í grásleppu til úthlutunar til nýliða er miðað við það magn sem tilgreint er í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni sem gildir fyrir viðkomandi fiskveiðiár og almanaksár.

3 Umsókn skal skilað á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í umsókn um aflamark í grásleppu til nýliða skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn, kennitala og lögheimili umsækjanda.
2. Fiskiskip sem óskað er að aflamark verði skráð á.
3. Á hvaða staðbundna veiðisvæði fiskiskip muni stunda veiðar.

4. gr.

Lokunarsvæði.

1 Aflamarki í grásleppu til nýliða skv. 7. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða skal Fiskistofa úthluta árlega til skipa í eigu nýliða skv. 2. gr.

2 Fiskistofa skal úthluta aflamarki í grásleppu til skips nýliða á grundvelli umsókna skv. 3. gr. Aflamark í grásleppu skal skiptast jafnt á milli nýliða. Hver nýliði getur að hámarki fengið 0,4% af aflamarki leyfilegs heildarafla í grásleppu á viðkomandi fiskveiðiári úthlutað á skip.

3 Eftirstöðvum óráðstafaðs aflamarks í grásleppu til nýliða skal Fiskistofa ráðstafa til skipa með aflahlutdeild í grásleppu á þeim degi sem úthlutun aflamarks til nýliða fer fram.

5. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett skv. 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997 og 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 25. nóvember 2024.

Reglugerð
nr. 460/2024, um strandveiðar.[1)2)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 460/2024 sbr. 828/2024 og 385/2025. [2)]Reglugerðarheimild hefur færst til innviðaráðherra skv. forsetaúrskurði nr. 46/2025, um breytingu á forsetaúrskurði nr. 5/2025, um skiptingu stjórnarmálefna milli ráðuneyta í Stjórnarráði Íslands.

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi gildir um strandveiðar, þar sem fenginn afli telst ekki til aflamarks eða krókaaflamarks, samkvæmt 6. gr. a í lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2. gr.
Strandveiðar.

1 Á tímabilinu maí, júní, júlí og ágúst er, að fengnu leyfi Fiskistofu, heimilt að veiða á handfæri, það aflamagn sem ráðstafað er til strandveiða hvert fiskveiðiár eins og nánar er tilgreint í reglugerð um veiðar í atvinnuskyni fyrir viðkomandi fiskveiðiár og almanaksár, sem ekki reiknast til aflamarks eða krókaaflamarks þeirra fiskiskipa sem stunda handfæraveiðar samkvæmt reglugerð þessari.

2 Fiskistofa skal, með auglýsingu í Stjórnartíðindum, stöðva strandveiðar þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla samkvæmt 1. mgr. verði náð. Skulu fiskiskip sem leyfi hafa til strandveiða þá hætta veiðum.

3. gr.
Leyfi til veiða.

1 Fiskistofa skal auglýsa eftir umsóknum um leyfi til strandveiða á vefsíðu Fiskistofu. [Umsóknir um leyfi til strandveiða skulu berast Fiskistofu fyrir 22. apríl ár hvert og skal í umsókn tilgreina upphafsdag strandveiða innan strandveiðitímabils skv. 1. mgr. 2. gr.][1)]

2 Fiskistofu er eingöngu heimilt að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða að fullnægðum ákvæðum 5. gr. laga nr. 116/2006.

3 Skal leyfið veitt á því svæði þar sem heimilisfesti útgerðar viðkomandi fiskiskips er skráð, samkvæmt þjóðskrá eða fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra, og skal öllum afla skips með leyfi til strandveiða landað í löndunarhöfn þess landsvæðis.

4 Einungis er heimilt að veita hverri útgerð, eiganda, einstaklingi eða lögaðila, leyfi til strandveiða fyrir eitt fiskiskip. Enginn eigenda lögaðila sem á bát með strandveiðileyfi getur átt aðild að nema einu strandveiðileyfi. [Um borð í hverri strandveiðiferð skal vera einn einstaklingur sem er lögskráður á skipið og á að lágmarki beint eða óbeint í gegnum lögaðila, meira en 50% eignarhlut í skipinu. Eignarhald skips ræðst af skráningu í skipaskrá Samgöngustofu og eignarhald lögaðila miðast við skráningu raunverulegs eiganda hjá fyrirtækjaskrá ríkisskattstjóra.][2)] Fiskistofa skal fella niður strandveiðileyfi fiskiskips, þá þegar, ef fyrir liggja gögn sem sýna fram á að skilyrði 1. og [4.][3)] málsl. eru ekki uppfyllt.

5 Í umsókn lögaðila um leyfi til strandveiða skulu koma fram upplýsingar um eignarhald á lögaðilanum. [Eigandi lögaðila sem er lögskráður á fiskiskip á standveiðitímabilinu skv. 1. mgr. 2. gr. skal eiga meira en 50% í lögaðilanum.][4)] Fiskistofu er heimilt að krefjast gagna um eignarhald á lögaðila, s.s. aðgangs að ársreikningum og upplýsingum úr hlutafélagaskrá til að staðreyna skilyrði 4. mgr., sbr. 2. mgr. 17. gr. laga nr. 116/2006.

6 Óheimilt er að veita fiskiskipi leyfi til strandveiða hafi aflamark í þorskígildum talið, umfram það aflamark sem flutt hefur verið til þess á fiskveiðiárinu, verið flutt af því. Eftir útgáfu leyfis til strandveiða er skipum óheimilt að flytja frá sér aflamark þess árs umfram það sem flutt hefur verið til skips.

7 Frá útgáfudegi strandveiðileyfis er fiskiskipi óheimilt til loka fiskveiðiárs að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum nema strandveiðileyfi hafi verið fellt úr gildi samkvæmt 8. mgr.

8 Þrátt fyrir ákvæði 7. mgr. er fiskiskipi sem hefur fengið strandveiðileyfi heimilt að óska eftir að leyfið verði fellt úr gildi, skal sú ósk berast Fiskistofu í síðasta lagi 20. dag mánaðarins á undan, og er fiskiskipi þá heimilt að stunda veiðar í atvinnuskyni samkvæmt öðrum leyfum. Þó tekur slík niðurfelling strandveiðileyfis ekki gildi fyrr en mánuðinn eftir að ósk um niðurfellingu á sér stað. Hafi strandveiðileyfi fiskiskips verið fellt úr gildi, getur það fiskiskip ekki fengið strandveiðileyfi að nýju á umræddu fiskveiðiári.[1)]

[1)]Rg. 385/2025, 1. gr. a-liður. [2)]Rg. 385/2025, 1. gr. b-liður. [3)]Rg. 385/2025, 1. gr. c-liður. [4)]Rg. 385/2025, 1. gr. d-liður.

4. gr.

Svæðaskipting.

1 Heimildir til strandveiða samkvæmt þessari reglugerð skiptast á fjögur löndunarsvæði, sem eru:

A. Eyja- og Miklaholtshreppur - Súðavíkurhreppur,
B. Strandabyggð - Grýtubakkahreppur,
C. Þingeyjarsveit - Djúpavogshreppur,
D. Sveitarfélagið Hornafjörður - Borgarbyggð.

2 Skipi á strandveiðum er einungis heimilt að landa afla innan síns löndunarsvæðis.

5. gr.

Veiðidagar og framkvæmd veiða.

1 Strandveiðileyfi samkvæmt reglugerð þessari eru bundin eftirfarandi skilyrðum:

1. Heimilt er hverju skipi með strandveiðileyfi að stunda strandveiðar í 12 veiðidaga innan hvers mánaðar, með takmörkunum samkvæmt 2 gr. Þó er óheimilt að stunda veiðar föstudaga, laugardaga og sunnudaga. Þá eru strandveiðar bannaðar; 1. maí, uppstigningardag, annan í hvítasunnu, 17. júní og á frídegi verslunarmanna.
2. Hver veiðiferð skal eigi standa lengur en 14 klukkustundir. Miðað er við þann tíma er fiskiskip lætur úr höfn til veiða til þess tíma er það kemur til hafnar aftur til löndunar. Aðeins er heimilt að fara í eina veiðiferð á hverjum degi. Nái fiskiskip ekki af óviðráðanlegum ástæðum, s.s. vegna vélarbilunar, til hafnar innan 14 klukkustunda frá upphafi veiðiferðar getur Fiskistofa þó, að fengnum skýringum útgerðar, fallist á að skilyrði þessa töluliðar séu uppfyllt. Skipstjóri skal tilkynna brottför úr höfn til vaktstöðvar siglinga. Í tilkynningu skal ávallt koma fram úr hvaða höfn haldið er til strandveiða. Fiskiskip skal hafa um borð sjálfvirkan fjareftirlitsbúnað og skal hin sjálfvirka skráning lögð til grundvallar við útreikning sóknar. Óheimilt er að fara í veiðiferð nema fjareftirlitsbúnaður um borð sé virkur. Bili búnaður í veiðiferð, skal strax tilkynna það til Landhelgisgæslu og halda tafarlaust til hafnar til löndunar.
3. Aldrei er heimilt að hafa fleiri en fjórar handfærarúllur um borð. Engin önnur veiðarfæri en handfærarúllur skulu vera um borð.
4. Á hverju fiskiskipi er aðeins heimilt að draga 650 kg, í þorskígildum talið, af kvótabundnum tegundum, að ufsa undanskildum, í hverri veiðiferð. Heimilt er hverju strandveiðiskipi að landa ufsa án þess að sá afli telji til hámarksafla skv. 5. tölul. 5. mgr. 6. gr. a. Um ufsaafla

sem ekki reiknast til heimilaðs afla í hverri veiðiferð strandveiðiskips gilda eftirtalin skilyrði:

a. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
b. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólög-mæts sjávarafla, sbr. þó 2. málsl. 2. mgr. þessa töluliðar.

Sé heimild til að landa ufsa nýtt skulu forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið. Þá skal útgerð skipsins fá 80% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um.

5. Skylt er að landa öllum afla í lok hverrar veiðiferðar og skal hann veginn og skráður endanlega hér á landi. Um vigtun, skráningu og meðferð afla fer að öðru leyti samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og ákvæðum gildandi reglugerðar þar um.
6. Eigandi fiskiskips skal vera skráður eigandi skipsins í skipaskrá Samgöngustofu og lög-skráður á skipið. Þegar fiskiskip er í eigu lögaðila er fullnægjandi að einn eigenda lögaðilans sé lögskráður á skipið.
7. Eigendur og útgerðaraðilar mega einungis eiga aðild að einu strandveiðileyfi.
8. [Skráning aflaupplýsinga við strandveiðar fer fram samkvæmt ákvæðum reglugerðar um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga, nr. 307/2023. Við vigtun á hafnarvog skal löggiltur vigtarmaður tengja saman aflaskráningu við það auðkenni sem aflaupplýsingar strandveiðibáts hefur fengið með stafrænni skráningu og skilum skipstjóra úr hverri veiðiferð.][1)]

[1)]*Rg. 385/2025, 2. gr. Í reglugerðinni segir að nýr töluliður verði 9. töluliður en á að vera 8. töluliður. Þetta er leiðrétt hér.*

6. gr.

Viðurlög.

 Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

7. gr.

Gildistaka.

 Reglugerð þessi er sett með heimild í 6. gr. a laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 401/2023, um strandveiðar fiskveiðiárið 2022/2023.

[**Ákvæði til bráðabirgða**

 Þrátt fyrir ákvæði 7. og 8. mgr. 3. gr. reglugerðarinnar skal Fiskistofa fella úr gildi leyfi til strand-veiða, frá sama tíma og strandveiðar eru stöðvaðar með auglýsingu í Stjórnartíðindum, sbr. 2. mgr. 2. gr. reglugerðarinnar, á árinu 2024.][1)]

[1)]*Rg. 828/2024.*

Matvælaráðuneytinu, 12. apríl 2024.

Reglugerð
nr. 364/2019, um veiðar úr úthafskarfastofninum árið 2019.[1)]

[1)]Reglugerðin var gefin út vegna ársins 2019. Ný reglugerð hefur ekki verið gefin út en eldri reglugerð er birt hér til upplýsingar þrátt fyrir að reglugerðin eigi ekki við vegna ársins 2026.

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til flotvörpuveiða íslenskra skipa vestan 22. gráðu vestlægrar lengdar úr úthafskarfastofnum á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan þeirra svæða sem falla undir fiskveiðilögsögu samningsaðila og innan fiskveiðilandhelgi Grænlands, í samræmi við samning þjóðanna þess efnis. Ennfremur tekur reglugerð þessi til úthafskarfaveiða fiskiskipa, sem leyfi hafa til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er þau stunda veiðar á úthafskarfa með flotvörpu utan línu, sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 64°17´N - 30°23´V (við miðlínu milli Íslands og Grænlands).
2. 64°45´N - 28°30´V
3. 62°50´N - 25°45´V
4. 61°55´N - 26°45´V
5. 61°00´N - 26°30´V
6. 60°48´N - 26°51´V (við lögsögumörk á Reykjaneshrygg).

2 Þá tekur reglugerðin til veiða á úthafskarfa sem veiddur er á svæðum 1f, 2g, 2h, 2j og 3k á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar, NAFO. Á árinu 2019 eru veiðar á úthafskarfa óheimilar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafsfiskveiðistofnunarinnar.

2. gr.

1 Íslenskum fiskiskipum er óheimilt að stunda flotvörpuveiðar á úthafskarfa skv. 1. gr. án sérstaks leyfis Fiskistofu.

2 Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á úthafskarfa í flotvörpu, sem hafa aflamark í úthafskarfa, sbr. 3. og 4. gr.

3. gr.

1 Fyrir tímabilið 10. maí 2019 til 31. desember 2019 er leyfilegur heildarafli sem hér segir:

A	B	C
Lestir	**Lestir**	**Lestir**
1.861	99	1.762

Skýringar á töflu:
A. Leyfilegur heildarafli.
B. Skerðing skv. 3. mgr. 8. gr. laga nr. 116/2006 (5,3%).
C. Fiskistofa úthlutar til skipa á grundvelli aflahlutdeildar.

2 Veiðar á úthafskarfa eru heimilar frá og með 10. maí og eru einungis leyfðar innan svæðis sem markast af eftirfarandi punktum:

1. 64°45´N - 28°30´V
2. 62°50´N - 25°45´V
3. 61°55´N - 26°45´V
4. 61°00´N - 26°30´V
5. 59°00´N - 30°00´V

6. 59°00´N - 34°00´V
7. 61°30´N - 34°00´V
8. 62°50´N - 36°00´V
9. 64°45´N - 28°30´V

3 Á grundvelli aflahlutdeildar í úthafskarfa skal Fiskistofa úthluta hverju skipi aflamarki, eins og skilgreint er í 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

1 Heimilt er að framselja aflahlutdeild og aflamark milli íslenskra fiskiskipa, samkvæmt þeim reglum, sem almennt gilda um framsal aflahlutdeildar og aflamarks samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

2 Ákvæði 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, gilda ekki um aflamark sem úthlutað er í úthafskarfa samkvæmt þessari reglugerð. Þó er heimilt að flytja allt að 5% af aflamarki úthafskarfa frá einu fiskveiðiári yfir á það næsta. Þá er heimilt að veiða 5% umfram aflamark í úthafskarfa, enda dregst sá umframafli frá við úthlutun aflamarks næsta fiskveiðiárs á eftir.

5. gr.

1 Aðeins er þeim íslenskum fiskiskipum heimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti. Óheimilt er að halda úr höfn til veiða fyrr en starfsmenn Eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að ofangreindur búnaður starfi eðlilega.

2 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga, sbr. 1. mgr., bilar, skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða skipsins á 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

6. gr.

1 Um tilkynningar við úthafskarfaveiðar skv. þessari reglugerð, bæði innan íslensku lögsögunnar og á alþjóðlegu hafsvæði, gilda ákvæði reglugerðar nr. 432/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

7. gr.

1 Stundi skip úthafskarfaveiðar og almennar togveiðar í lögsögu Íslands í sömu veiðiferð skal halda úthafskarfa aðgreindum frá öðrum afla um borð í veiðiskipi og skal hann veginn og skráður sérstaklega við löndun.

2 Er afli reiknast til aflamarks skal miðað við 94% nýtingu sé úthafskarfa landað slægðum með haus, 59% nýtingu sé úthafskarfa landað hausskornum, 30% nýtingu sé honum landað flökuðum með roði og beinum, 27% nýtingu sé honum landað flökuðum, roðlausum með beinum.

3 Þegar úthafskarfi er reiknaður til þorskígilda skal miðað við verðmætastuðulinn 0,83.

8. gr.

1 Skipstjóri skal, svo fljótt sem verða má eftir að veiðum lýkur og eigi síðar en 4 klukkustundum eftir að komið er til hafnar, senda Fiskistofu skýrslu um áætlaðan úthafskarfaafla í viðkomandi veiðiferð á því formi sem Fiskistofa ákveður. Í skýrslunni skal koma fram úthafskarfaafli skipsins miðað við afla upp úr sjó sundurliðaður eftir afla innan fiskveiðilandhelgi Íslands, afla á alþjóðlegu hafsvæði og afla innan fiskveiðilandhelgi Grænlands.

2 Sýni skulu tekin úr afla, a.m.k. tvö í hverri veiðiferð, og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu að lágmarki vera 50 til 100 fiskar sem valdir eru af handahófi. Ef togað er á mismunandi dýpi í veiðiferðinni er æskilegt að fá sýni frá mismunandi dýpi. Sýnin skulu fryst

um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun í Reykjavík eða útibúum stofnunarinnar að lokinni veiðiferð.

9. gr.

 Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, skulu varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

10. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1106/2017, um veiðar úr úthafskarfastofnum 2018.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 17. apríl 2019.

Reglugerð
nr. 923/2010, um veiðar á skötusel í net.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 923/2010 sbr. 474/2020 og 1153/2021.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um veiðar á skötusel í net og eru þær heimilar með þeim takmörkunum sem ákveðnar eru í lögum og reglugerðum hverju sinni.

2 Á Breiðafirði eru allar skötuselsveiðar bannaðar í net innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

2. gr.

1 Lágmarksmöskvastærð skötuselsneta sem heimilt er að nota er 12 þumlungar (305 mm). Óheimilt er að nota flottein með meira uppdrif en 13 g/m (grömm á metra) á skötuselsnet. Þrátt fyrir ákvæði fyrsta málsliðar er heimilt til og með 31. ágúst 2011 að nota net með 11,5 þumlunga (292 mm) möskva.

2 Þegar möskvastærð er mæld skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Netið skal mælt vott. Um framkvæmd möskvamælinga vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

[…][1)]

[1)]Rg. 474/2020, 5. gr. Greinin felld út í heild sinni þ.m.t. greinarnúmer.

4. gr.

1 Hverju skipi er heimilt að hafa 100 net í sjó fyrir hvern skipverja í áhöfn en þó aldrei fleiri en 600 net. Takmörkun þessi á netafjölda miðast við 100 faðma ófellda slöngu. Heimilt er stunda veiðar með þorskfisknetum á sama tíma og veiðar eru stundaðar með skötuselsnetum. Í slíkum tilvikum skal skötuselsnetum fækkað um 3 net fyrir hvert eitt þorskfisknet sem lagt er í sjó.

2 Skötuselsnet skulu dregin eigi síðar en 4 sólarhringum eftir að þau eru lögð í sjó. Frávik frá þessu ákvæði er einungis heimilt ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja neta og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggi skötuselsnet viðkomandi skips lengur en 4 sólarhringa án þess að hafa verið dregin.

3 Týni skip skötuselsnetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.

5. gr.

1 Óheimilt er að stunda veiðar með skötuselsnetum á tímabilinu frá og með 20. janúar til og með 20. maí.

2 Til 14. júlí má eigi án leyfis varpeiganda leggja net í sjó nær friðlýstu æðarvarpi en 250 metra frá stórstraumsfjöruborði.

6. gr.

1 Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að gera allar þær athuganir sem þeir telja nauðsynlegar í því skyni.

7. gr.

1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 […][1)]

[1)] *Rg. 1153/2021, 22. gr.*

8. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast þegar gildi, að 2. gr. undanskilinni sem tekur gildi frá og með 21. maí 2011, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 282, 31. mars 2010, um veiðar á skötusel í net.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 1. desember 2010.

Reglugerð
nr. 462/2017, um veiðar á gulllaxi.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 462/2017 sbr. 1153/2021.

1. gr.

 Reglugerð þessi tekur til gulllaxveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Aðeins skipum sem hafa aflamark í gulllaxi er heimilt að stunda gulllaxveiðar.

2. gr.

 Gulllaxveiðar eru aðeins heimilar á svæði undan Vestur- og Suðurlandi vestan 19°30,00´ V og sunnan 66°50,00´ N á dýpra vatni en 220 föðmum. Á svæði milli 19°30,00´ V og 12°00,00´ V eru veiðar jafnframt heimilar sunnan línu sem dregin er um eftirgreinda punkta:

1. 63°19,00´ N – 19°30,00´ V
2. 63°20,00´ N – 19°20,00´ V
3. 63°15,00´ N – 19°00,00´ V
4. 63°11,00´ N – 18°10,00´ V
5. 63°11,00´ N – 17°53,00´ V
6. 63°16,00´ N – 17°10,00´ V
7. 63°20,00´ N – 16°35,00´ V
8. 63°22,00´ N – 16°29,00´ V
9. 63°24,00´ N – 16°00,00´ V
10. 63°28,00´ N – 15°41,00´ V
11. 63°29,00´ N – 15°30,00´ V
12. 63°34,00´ N – 15°00,00´ V
13. 63°35,00´ N – 14°42,00´ V
14. 63°45,00´ N – 14°12,00´ V
15. 63°49,00´ N – 14°00,00´ V
16. 63°58,00´ N – 13°33,00´ V
17. 64°01,00´ N – 13°10,00´ V
18. 64°30,00´ N – 12°00,00´ V

 Ofangreind heimild veitir skipinu aðeins rétt til að stunda veiðar á þeim svæðum sem því er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með þeim takmörkunum sem slíkum veiðum eru settar í sérstökum reglugerðum og skyndilokunum.

3. gr.

 Gulllaxsýni skulu tekin úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð. Í hverju sýni skulu vera 100-200 stk. af gulllaxi, sem valin eru af handahófi. Gæta skal þess að sýni sé tekið í öllum tilkynningaskyldureitum þar sem skipið stundar veiðar. Sýnin skulu fryst um borð, rækilega merkt (staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna í Reykjavík, þegar að lokinni veiðiferð.

4. gr.

 Lágmarksstærð möskva í þeirri vörpu sem notuð er til gulllaxveiða skal vera 80 mm miðað við mælingu með hnútum (heilmöskvi), en 40 mm í poka.

5. gr.

 […][1)] Brot varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum.

[1)]Rg. 1153/2021, 17.gr.

6. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 717/2000, um veiðar á gulllaxi, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 16. maí 2017.

Reglugerð
nr. 470/2012, um veiðar á lúðu.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 470/2012 sbr. 522/2013, 1028/2013 og 1153/2021.

1. gr.

1 Allar beinar veiðar á lúðu (hvítlúðu) í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, þ.m.t. veiðar með sérútbúnum krókum (haukalóðum).

2 Leyfi til lúðuveiða skulu gefin út, fyrir hvert fiskveiðiár, þegar talið er, samkvæmt ráðgjöf Hafrannsóknastofnunarinnar, að lúðustofninn þoli veiðar.

2. gr.

1 Komi lúða um borð í veiðiskip sem meðafli skal umsvifalaust sleppa lífvænlegri lúðu.

2 Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu með því að skera á taum línunnar. Við handfæra- og sjóstangaveiðar skal losa lúðuna varfærnislega af krókum eða skera á lykkju slóðans áður en lúða kemur um borð.

3. gr.

1 Til að koma í veg fyrir að stórlúða fari í móttöku skips, er skylt við botnvörpuveiðar þar sem móttaka er lægra en aðalþilfar skipsins, að hafa rist þar sem fiski er hleypt í móttöku. Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá notkun ristar, t.d. vegna smæðar báts. Þá er skipum sem stunda humarveiðar heimil undanþága frá notkun ristar. Rimlabil ristarinnar skal að hámarki vera 40 sm.

2 Gildir þetta á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er austur úr Dalatanga, réttsælis og allt að línu sem dregin er réttvísandi norðvestur úr Horni.

4. gr.

1 [Lúðuafli skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir. Lúðuafli sætir álagningu gjalds samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla. Það skal nema andvirði gjaldskylds afla.

2 Forráðamenn uppboðsmarkaðarins þar sem aflinn er seldur standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboðið, eins og þessi kostnaður er markaður í reglugerð um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði. Þá skal útgerð skipsins fá 20% af andvirði selds afla sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um. Lúðuafli skal seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir.][1)]

[1)]Rg. 1028/2013.

5. gr.

1 Skipstjóra er skylt að halda afladagbók, sbr. reglugerð nr. 557/2007, um afladagbækur, með síðari breytingum. Skrá skal í afladagbók upplýsingar s.s. um veiðarfæri, veiðistað og veiðidag, um þá lúðu sem sleppt er í hverju kasti/lögn/togi.

6. gr.

1 […][1)] Brot varða viðurlögum samkvæmt 17. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðar breytingum.

[1)]Rg. 1153/2021, 21. gr.

7. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 14. gr. laga nr. 37/1992 um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og öðlast þegar gildi. Reglugerðina skal taka til endurskoðunar þegar skilyrði eru til útgáfu leyfa til lúðuveiða, sbr. 2. mgr. 1. gr.

2 Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi reglugerð nr. 477/2011 um bann við notkun haukalóða við lúðuveiðar og reglugerð nr. 1164/2011 um bann við veiðum á lúðu, með síðari breytingu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 30. maí 2012.

Reglugerð
nr. 188/2020, um veiðar á humri.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 188/2020 sbr. 174/2021, 277/2022, og 322/2024.*

1. gr.
Gildissvið

1 Reglugerð þessi gildir um veiðar á humri í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Allar veiðar á humri í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema þeim skipum sem eru með aflamark í humri.

3 Veiðar með humarvörpu í fiskveiðilandhelgi Íslands eru aðeins heimilar fiskiskipum sem eru 50 metrar að skráningarlengd eða styttri.

2. gr.
Veiðitímabil og veiðisvæði.

1 Veiðar með humarvörpu eru heimilar á tímabilinu frá og með 16. mars til og með 30. nóvember á eftirgreindum svæðum:

Svæði 1: Lónsdýpi:
1. 64°13,00´N - 014°22,00´V
2. 63°56,90´N - 014°00,50´V
3. 63°54,20´N - 014°08,00´V
4. 63°52,00´N - 014°12,00´V
5. 64°08,00´N - 014°50,00´V
6. 64°12,00´N - 014°46,00´V
7. 64°15,00´N - 014°37,00´V.

Svæði 2: Hornafjarðardýpi:
1. 63°59,00´N - 014°55,00´V
2. 63°40,00´N - 014°36,00´V
3. 63°38,00´N - 014°52,00´V
4. 64°02,00´N - 015°27,00´V
5. 64°04,00´N - 015°19,00´V.

Svæði 3: Breiðamerkurdýpi:
1. 64°02,00´N - 016°04,00´V
2. 63°50,00´N - 015°40,00´V
3. 63°33,00´N - 015°27,00´V
4. 63°29,00´N - 015°42,00´V
5. 63°54,00´N - 016°21,00´V
6. 63°56,00´N - 016°17,00´V.

Svæði 4: Meðallandsbugur:
1. 63°46,00´N - 016°45,00´V
2. 63°21,00´N - 016°42,00´V
3. 63°17,00´N - 016°56,00´V
4. 63°16,00´N - 017°09,00´V
5. 63°29,00´N - 017°53,00´V
6. 63°40,00´N - 017°40,00´V
7. 63°42,00´N - 017°32,00´V
8. 63°44,00´N - 017°17,00´V.

Svæði 5: Eyjasvæði:
1. 63°28,00´N - 019°50,00´V
2. 63°23,00´N - 019°38,00´V
3. 63°19,00´N - 019°43,00´V
4. 63°09,00´N - 020°21,00´V
5. 63°08,00´N - 021°00,00´V
6. 63°14,00´N - 021°37,00´V
7. 63°12,00´N - 021°54,00´V
8. 63°34,00´N - 021°58,00´V
9. 63°33,00´N - 021°41,00´V
10. 63°26,00´N - 020°47,00´V
11. 63°21,00´N - 020°49,00´V
12. 63°17,00´N - 020°36,00´V
13. 63°20,00´N - 020°17,00´V
14. 63°24,00´N - 020°13,00´V
15. 63°28,00´N - 020°00,00´V.

Svæði 6: Grindavíkursvæði:
1. 63°47,00´N - 021° 42,00´V
2. 63°42,00´N - 021° 30,00´V
3. 63°36,00´N - 021° 58,00´V
4. 63°05,00´N - 022° 15,00´V
5. 63°12,00´N - 022° 52,00´V
6. 63°25,00´N - 023° 05,00´V
7. 63°04,00´N - 024° 16,00´V
8. 63°14,00´N - 024° 15,00´V
9. 63°34,00´N - 023° 35,00´V
10. 63°34,00´N - 023° 26,00´V

11. 63°40,00´N - 023° 16,00´V
12. 63°47,00´N - 022° 47,00´V
13. 63°45,00´N - 022° 36,00´V
14. 63°45,00´N - 022° 14,00´V.

Svæði 7: Eldeyjarsvæði:
1. 64°04,00´N - 022°58,00´V
2. 63°56,00´N - 022°59,00´V
3. 63°50,00´N - 022°49,00´V
4. 63°45,00´N - 023°01,00´V
5. 63°43,00´N - 023°15,00´V
6. 63°37,00´N - 023°31,00´V
7. 63°27,00´N - 023°55,00´V
8. 63°29,00´N - 024°00,00´V
9. 64°09,00´N - 023°35,00´V.

Svæði 8: Jökuldýpi:
1. 64°37,00´N - 023°11,00´V
2. 64°25,00´N - 022°54,00´V
3. 64°18,00´N - 023°19,00´V
4. 64°22,00´N - 023°32,00´V
5. 64°14,00´N - 023°59,00´V
6. 64°20,00´N - 024°15,00´V
7. 64°33,00´N - 023°58,00´V
8. 64°39,00´N - 023°36,00´V.

3. gr.
Undirmál.

1 Slitinn humar 6-10 g að þyngd og óslitinn 20-33 g að þyngd, telst ekki með til aflamarks, enda fari hlutfall þess stærðarflokks ekki yfir 10% af humarafla skipsins í veiðiferð.

2 Löggiltur vigtarmaður staðfesti á vigtarnótu magn og hlutfall slitins og óslitins humars í ofangreindum stærðarflokki í afla hverrar veiðiferðar. Liggi slík staðfesting ekki fyrir skal humarinn að fullu skráður til aflamarks.

4. gr.
Veiðarfæri.

1 Lágmarksmöskvastærð í netþaki humarvörpu skal vera 135 mm en 80 mm í öðrum hlutum vörpunnar. Humarvarpa skal búin leggglugum skv. A- eða B-lið eða slöku yfirbyrði skv. C-lið hér að neðan.

2 Um mælingar á möskvum vísast til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga. Þegar möskvastærðir eru tilgreindar er átt við innanmál möskva nema annað sé tekið fram.

A Varpa með leggglugga: Skylt er að hafa tvö ferhyrnd netstykki á legg úr a.m.k. 185 mm möskvastærð á efra byrði vörpubelgs. Fremra netstykkið skal vera a.m.k. 4 metrar að lengd og skal fremsti hluti þess vera innan við 0,4 metrar frá netþaki. Aftara netstykkið skal vera a.m.k. 2 metrar að lengd og skal það staðsett að hámarki 2 metrum aftan við fremra netstykkið. Afturhorn netstykkjanna skal festa ekki fjær hliðarleisum en sem nemur 20 opnum möskvum. Hverjir 200 mm leggstykkisins skulu festir á móti a.m.k. 7 upptökum af 80 mm byrðinu. Ef möskvar í yfirbyrði eru stærri en lágmarksmöskvastærð segir til um skal fellingin vera sambærileg og þegar 80 mm eru notaðir.

B Varpa með leggglugga og tveimur belgjum: Sé notuð tveggja belgja humarvarpa skal tveimur ferhyrndu netstykkjunum hnýttum á legg komið fyrir í hvorum belg vörpunnar sömu stærðar og segir í A-lið og þau fest eins og þar er kveðið á um. Þó skal aftara innra horn fremri netstykkjanna festa ekki fjær miðleisi en nemur 40 möskvum.

C Varpa með slöku yfirbyrði: Slakt yfirbyrði með 135 mm lágmarksmöskvastærð skal ná frá netþaki og aftur að þeim stað sem breidd undirbyrðis samsvarar 150 möskvum milli leisa af 80 mm möskvastærð. Þó skal slaka yfirbyrðið ekki vera styttra en 12 metrar að lengd. Breidd yfirbyrðisins skal vera að hámarki 66% af samsvarandi breidd undirbyrðis. Lengd yfirbyrðisins skal vera a.m.k. 33% meiri en samsvarandi lengd undirbyrðis. Netslaka í yfirbyrði skal dreift jafnt við samsetningu yfir- og undirbyrðis.

3 Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum eða umbúnaði af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka. Þó er heimilt að festa allt að 9 metra langt hlífðarnet undir pokann með a.m.k. sömu möskvastærð og er í undirbyrði pokans og skal hún fest að framan og á hliðum en opið að aftan. Einnig er heimilt að þrengja poka á leisum í 2 öftustu metrum pokans.

5. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 56/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

6. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 214//2010, um humarveiðar með síðari breytingum.

Ákvæði til bráðbirgða.

1 [Allar veiðar á humri í fiskveiðilandhelgi Íslands eru bannaðar frá og með 16. mars 2024 til og með 15. mars 2026.][1)]

[1)] *Rg. 322/2024, 1. gr.*

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. febrúar 2020.

Reglugerð
nr. 964/2019, um veiðar á rækju.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 964/2019 sbr. 1153/2021 og 401/2022.*

I. KAFLI
Gildissvið

1 Reglugerð þessi tekur til rækjuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands. Allar rækjuveiðar við Ísland eru óheimilar nema þeim skipum sem hafa aflamark á viðkomandi veiðisvæði.

II. KAFLI
Veiðarfæri.

2. gr.

1 Lágmarksmöskvastærð rækjuvörpu skal vera 45 mm í vængjum aftur að fremsta netþaki (miðneti) en 36 mm í öðrum hlutum rækjuvörpunnar.

2 Við veiðar á rækju skal nota þvernetspoka með fjórum byrðum felldan á línur og skal þvernetspokinn vera í a.m.k. 4 öftustu metrum vörpunnar við rækjuveiðar á grunnslóð en í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar við úthafsrækjuveiðar.

3 Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. er heimilt við veiðar á úthafsrækju að nota net á legg í a.m.k. 8 öftustu metrum vörpunnar í stað þvernetspoka.

4 Við notkun leggpoka eða þvernetspoka er heimilt að hafa þrjá síðumöskva fyrir framan kolllínumöskvana.

3. gr.

1 Við veiðar með rækjuvörpu er óheimilt að nota nokkurn þann útbúnað, sem þrengir, herpir eða lokar á nokkurn hátt möskvum vörpunnar eða nota umbúnað af nokkru tagi til þess að koma í veg fyrir rennsli afla aftur í poka eða nota net eða annað til þéttingar poka að aftan. Þó er heimilt:

A. Að nota hlífðarpoka utan um pokann sjálfan. Lágmarksmöskvastærð slíks hlífðarpoka skal vera 100 mm.
B. Að binda fyrir rækjupoka allt að 40 sm fyrir ofan pokaendann og stinga lausa netinu inn í pokann til að þétta pokahnútinn.
C. Rækjupokinn skal ekki vera meira en 50 sm lengri en hlífðarpokinn. Heimilt er að binda fyrir hlífðarpokann að aftan.
D. Að festa undir 8 öftustu metra vörpunnar húðir eða mottur úr gerviefnum í því skyni að auka núningsþol pokans.

4. gr.

1 Skylt er að nota seiðaskilju við rækjuveiðar. Við veiðar á úthafsrækju og við rækjuveiðar á grunnslóð á veiðisvæðum H (Eldeyjarsvæði) og I (við Snæfellsnes) skal seiðaskilja þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 22 mm, en við rækjuveiðar á grunnslóð á veiðisvæðum A (Breiðafjörður, norðurhluti) til og með G (Öxarfjörður) skal seiðaskilja þannig gerð að bil milli rimla skal mest vera 19 mm.

2 Skiljunni skal komið fyrir í belg vörpunnar með u.þ.b. 45-50 gráðu halla þannig að neðri kantur skiljunnar nái lengra fram. Skiljan skal fylla út í belginn og skulu allir jaðrar hennar festir við netið í belgnum. Á efra byrði vörpunnar fyrir framan skiljuna skal vera gat þar sem fiskur skilst út.

3 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að stunda veiðar á rækju án seiðaskilju í Ísafjarðardjúpi innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°03,00´N – 22°56,00´V (Kambsnes)
2. 66°07,00´N – 22°39,00´V (Snæfjallaströnd)

III. KAFLI
Úthafsrækjuveiðar.

5. gr.

1 Skipum sem hafa aflamark í úthafsrækju er heimilt að stunda veiðar á rækju utan viðmiðunarlínu, sbr. lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með eftirfarandi takmörkunum:

A. Fyrir Suðurlandi eru allar rækjuveiðar óheimilar á svæði milli 14°30´V og 23°00´V allt árið.
B. Við Eldey eru úthafsrækjuveiðar óheimilar á svæði sem að sunnan markast af línu sem dregin er réttvísandi 245° frá Reykjanesaukavita. Að vestan markast svæðið af 23°40´V og að norðan af 64°05´N.
C. Við Snæfellsnes eru úthafsrækjuveiðar óheimilar á svæði sem afmarkast milli eftirfarandi hnita:
    1. 64°04,90´N – 22°43,60´V
    2. 64°43,70´N – 23°48,20´V
    3. 64°45,00´N – 23°55,30´V
    4. 64°51,30´N – 24°02,50´V
    5. 64°53,10´N – 24°02,50´V
    6. 65°15,00´N – 24°02,50´V
    7. 65°15,00´N – 25°40,00´V
    8. 64°05,00´N – 25°40,00´V
    9. 64°04,90´N – 22°43,60´V

6. gr.

1 Heimilt er að nota yfirpoka við úthafsrækjuveiðar á þeim svæðum þar sem viðkomandi skipum eru heimilar veiðar með fiskibotnvörpu samkvæmt 5. gr. laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þó er óheimilt að nota yfirpoka á svæðum þar sem veiðar með fiskibotnvörpu eru óheimilar samkvæmt reglugerðum og skyndilokunum. Yfirpokanum skal komið fyrir á efra byrði poka vörpunnar yfir opinu þar sem fiskur skilst út.

2 Að minnsta kosti 8 öftustu metrar yfirpokans skulu vera með lágmarksmöskvastærð 135 mm að innanmáli.

IV. KAFLI
Rækjuveiðar á Dohrnbanka.

7. gr.

1 Úthafsrækju sem veidd er á Dohrnbanka vestan 26°V og norðan 65°30´N skal skrá sérstaklega. Skip sem stunda veiðar á Dohrnbanka skulu búin fjarskiptabúnaði, sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til Landhelgisgæslunnar um staðsetningu viðkomandi skips á klukkustundar fresti, frá því skipið lætur úr höfn og þar til það kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

V. KAFLI

Rækjuveiðar á grunnslóð.

8. gr.

 Veiðitímabil rækju á grunnslóð er fiskveiðiárið nema annað sé ákveðið samhliða úthlutun aflamarks á viðkomandi veiðisvæði.

9. gr.

 Einungis skipum minni en 230 brúttótonn að stærð er heimilt að stunda rækjuveiðar á grunnslóð innan viðmiðunarlínu.

10. gr.

 Veiðisvæði rækju á grunnslóð eru þessi:

A. Breiðafjörður, norðurhluti:
   1. Að sunnan markast svæðið af 65°15,00´N
   2. A vestan markast svæðið af 24°00,00´V

B. Arnarfjörður. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
   1. 65°47,68´N – 24°06,60´V (Kópanesviti)
   2. 65°54,59´N – 23°50,76´V (Svalvogaviti)

C. Ísafjarðardjúp. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
   1. 66°12,00´N – 23°28,00´V (Deild)
   2. 66°21,00´N – 23°11,00´V (Ritur)

D. Húnaflói. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
   1. 66°07,50´N – 21°30,00´V (Selsker)
   2. 66°05,00´N – 20°25,20´V (Rifsnes)

E. Skagafjörður. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
   1. 66°07,16´N – 20°05,93´V (Skagatáarviti)
   2. 66°11,22´N – 18°57,06´V (Sauðanesviti)

F. Skjálfandaflói. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
   1. 66°10,03´N – 17°50,30´V (Flatey)
   2. 66°17,22´N – 17°08,67´V
   3. 66°12,40´N – 17°08,67´V (Tjörnesviti)

G. Öxarfjörður. Svæðið markast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
   1. 66°12,40´N – 17°08,67´V (Tjörnesviti)
   2. 66°17,22´N – 17°08,67´V
   3. 66°30,50´N – 16°32,17´V (Rauðanúpsviti)

H. Eldeyjarsvæði:
   1. Að sunnan markast svæðið af línu sem dregin er réttvísandi 245° frá 63°48,03´N – 22°41,86´V Reykjanesaukavita
   2. Að vestan markast svæðið af 23°40,00´V
   3. Að norðan af 64°05,00´N

I. Við Snæfellsnes:
   a) Í Kolluál og Jökuldjúpi, á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
      1. 64°04,90´N – 22°43,60´V
      2. 64°43,70´N – 23°48,20´V
      3. 64°45,00´N – 23°55,30´V
      4. 64°51,30´N – 24°02,50´V
      5. 64°53,10´N – 24°02,50´V
      6. 65°15,00´N – 24°02,50´V
      7. 65°15,00´N – 25°40,00´V

8. 64°05,00´N – 25°40,00´V
9. 64°04,90´N – 22°43,60´V

b) Á Breiðafirði á tímabilinu frá og með 8. maí til og með 31. júlí ár hvert er skipum sem eru 105 brl að stærð eða minni og hafa aflamark til veiða á rækju á veiðisvæðinu við Snæfellsnes heimilt að stunda rækjuveiðar á svæði sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 64°58,28´N – 23°21,42´V
2. 65°10,00´N – 23°21,42´V
3. 65°10,00´N – 24°02,50´V
4. 64°53,10´N – 24°02,50´V

VI. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.

11. gr.

[1] [Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.][1)]

[1)]Rg. 1153/2021, 8. gr.

12. gr.

[1] Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar til þess að öðlast þegar gildi. Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi reglugerð nr. 396/2005, um úthafsrækjuveiðisvæði og notkun seiðaskilju, reglugerð nr. 258/2012, um rækjuveiðar innfjarða, reglugerð nr. 542/2014, um veiðar á rækjustofninum á miðunum við Snæfellsnes og reglugerð nr. 739/2000, um gerð og búnað smárækjuskilju.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. október 2019.

Reglugerð
nr. 1160/2021, um veiðar á kröbbum.

1. gr.
Almennt.

1 Allar veiðar á kröbbum í gildrur í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Undir þessa reglugerð falla allar krabbategundir, svo sem trjónukrabbi, grjótkrabbi og gaddakrabbi.

2. gr.
Krabbaveiðileyfi.

1 Leyfi til veiða á kröbbum skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til krabbaveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

2 Aðeins þeir bátar, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni eiga kost á leyfi til krabbaveiða í gildrur.

3 Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m.a. skýrsluskilum um veiðarnar, hámarksstærð báta, stærð og gerð veiðarfæris, veiðitímabil o.s.frv.

4 Í umsókn skal meðal annars koma fram hvar veiðar eru fyrirhugaðar og gerð gildra.

5 Krókaaflamarksbátum sem fá leyfi til veiða á kröbbum samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veiða krabba með gildrum, sbr. 7. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

6 Leyfi til veiða á kröbbum er óheimilt að framselja.

3. gr.
Veiðarfæri, vitjun og merking lagna.

1 Óheimilt er að nota önnur veiðarfæri við krabbaveiðar en þar til gerðar gildrur sem uppfylla skilyrði sem fram koma í reglugerð þessari. Hámarksfjöldi gildra fyrir hvert skip eru 2000 gildrur í sjó.

2 Merkja skal gildrur og trossur með númeri og skal leggja gildrur og trossur í númeraröð.

3 Gildra skal vitja eigi síðar en 10 sólarhringum eftir að þær eru lagðar í sjó. Frá þessu má aðeins víkja ef veður hamlar sjósókn með þeim hætti að ekki reynist unnt að vitja gildra og skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu liggi gildrur viðkomandi skips lengur en 20 sólarhringa án þess að hafa verið vitjað. Framangreint á einnig við um óbeittar gildrur.

4 Gildrubaujur skulu vera á báðum endum gildrulínu og allar merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Gildrur, niðurstöður, gildrubaujur, gildrubelgir og baujuflögg skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þær. Stafir á baujuflöggum og belgjum skulu vera stórir og skýrir.

5 Leggi skip gildrur sínar á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda gildrulagnar með hvítu blikkljósi og radarspegli.

6 Frá og með 1. september 2023 skulu allar gildrur vera þannig útbúnar að þær opnist innan árs hafi þær glatast í sjó.

4. gr.

Veiðibann.

1 Ekki er heimilt að koma með að landi karlkyns trjónukrabba sem eru undir 60 mm skjaldarbreidd, karlkyns grjótkrabba undir 100 mm skjaldarbreidd eða karlkyns gaddakrabba undir 90 mm skjaldarbreidd.

2 Ekki er heimilt að koma með að landi lifandi kvenkynskrabba af öllum tegundum (sjá skýringarmyndir í fylgiskjali).

3 Allar veiðar á kröbbum í gildrur og/eða gildrulagnir eru bannaðar á skilgreindum humarsvæðum, sbr. reglugerð um veiðar á humri.

5. gr.

Refsingar og viðurlög.

1 Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til krabbaveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til veiða þessara tegunda.

2 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

6. gr.

Gildistaka og lagastoð

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. mgr. 6. gr., 2. mgr. 7. gr., 9. gr., 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, og 1. og 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 671/2018 um veiðar á kröbbum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 30. september 2021.


Fylgiskjal.

Bogkrabbi | European green crab | *Carcinus maenas*





Karldýr | Male



Kvendýr | Female


© Óskar Sindri Gíslason 2011

Grjótkrabbi | Atlantic rock crab | *Cancer irroratus*





Karldýr | Male



Kvendýr | Female

© Óskar Sindri Gíslason 2011

Reglugerð
nr. 711/2018, um veiðar á kúfskel.

1. gr.

1 Allar veiðar á kúfskel til manneldis í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Leyfi til kúfskelveiða skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Krókaaflmarksbátum sem fá leyfi til kúfskelveiða til manneldis samkvæmt þessari grein er heimilt að veiða með plóg.

2 Með umsókn skal fylgja samningur um vinnslu á kúfskel í landi eða jafngild yfirlýsing þegar um eigin vinnslu er að ræða. Í báðum tilfellum þarf staðfesting frá MAST að fylgja um að viðkomandi vinnsla hafi gilt vinnsluleyfi frá MAST.

3 Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til kúfskelveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

2. gr.

1 Krókaaflmarksbátum er heimilt að veiða kúfskel til notkunar í beitu til eigin nota með plóg og fer um þær veiðar eftir reglugerð þessari eftir því sem við á.

3. gr.

1 Allar veiðar á kúfskel eru bannaðar innan einnar sjómílu fjarlægðar frá punkti 66°26´N, 15°52´V.

2 Veiðar á kúfskel til manneldis eru einungis heimilar á svæðum sem hafa verið heilnæmiskönnuð af Matvælastofnun (MAST).

4. gr.

1 Við vigtun og skráningu á kúfskel gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla og reglugerðar um afladagbækur.

5.gr.

1 Fiskistofa skal veita áminningar og svipta skip leyfi til kúfskelsveiða, eða eftir atvikum leyfi til veiða í atvinnuskyni, vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa eða reglugerð þessari eftir því sem nánar er fyrir mælt í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengi um nytjastofna sjávar.

6. gr.

1 Brot á ákvæðum leyfisbréfa eða reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 56/1997, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

7. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 1011/2013, um veiðar á kúfskel.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 13. júlí 2018.

Reglugerð
nr. 890/2020, um veiðisvæði hörpudisks.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 890/2020 sbr. 989/2020.

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til hörpudisksveiða íslenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Veiðisvæði hörpudisks eru sjö. Aðeins skipum sem hafa aflamark í hörpudiski, á viðkomandi svæði, er heimilt að stunda hörpudisksveiðar á því svæði.

2 Veiðisvæði hörpudisks eru þessi:

1. Hvalfjörður.
[2. Breiðafjörður (veiðisvæði í Breiðafirði eru sýnd á korti í fylgiskjali):
    a. Breiðasund innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
        1. 65°03,60´N – 22°43,50´V
        2. 65°07,10´N – 22°43,50´V
        3. 65°07,10´N – 22°31,50´V
        4. 65°03,60´N – 22°31,50´V
    b. Hvammsfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
        1. 65°04,00´N – 22°21,00´V
        2. 65°07,00´N – 22°21,00´V
        3. 65°07,00´N – 22°12,00´V
        4. 65°04,00´N – 22°12,00´V][1)]
3. Patreksfjarðarflói.
4. Arnarfjörður.
5. Ísafjarðardjúp.
6. Húnaflói.
7. Skagafjörður.

[1)]Rg. 989/2020.

2. gr.

Stjórn veiðanna.

1 Fiskistofa annast eftirlit með veiðunum og skal tryggja að afli á hverju veiðisvæði eða hluta veiðisvæða sé ekki skaðlega mikill og veiðarnar í samræmi við varúðarsjónarmið. Veiðar teljast skaðlegar ef afli fer fram yfir ráðgjöf Hafrannsóknastofnunar fyrir hvert veiðisvæði eða hluta veiðisvæðis.

3. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

4. gr.


Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ásamt síðari breytingum. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 461/2017, um veiðisvæði hörpudisks.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. september 2020.

Fylgiskjal.

Breiðafjörður veiðisvæði.



Reglugerð
nr. 633/2019, um veiðar á beitukóngi í gildrur.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 633/2019 sbr. 1153/2021.*

1. gr.
Almennt.

1 Allar veiðar á beitukóngi í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Krókabátum sem fá leyfi til veiða á beitukóngi er heimilt að veiða með beitukóngsgildrum.

2 Leyfi til beitukóngsveiða skulu gefin út fyrir hvert fiskveiðiár. Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi til beitukóngsveiða sé talin ástæða til að takmarka veiðarnar eða endurskipuleggja stjórnun þeirra.

3 Veiðar á beitukóngi til manneldis eru einungis heimilar á svæðum sem hafa verið heilnæmiskönnuð af Matvælastofnun (MAST).

4 Með umsókn skal fylgja samningur um vinnslu á beitukóngi í landi eða jafngild yfirlýsing þegar um eigin vinnslu er að ræða. Í báðum tilfellum þarf staðfesting frá MAST að fylgja um að viðkomandi vinnsla hafi gilt vinnsluleyfi frá MAST.

2. gr.
Veiðisvæði.

1 Á Breiðafirði skiptist veiðisvæði beitukóngs með eftirfarandi hætti:

1. Suðursvæði, sem afmarkast af línu fyrir sunnan 65°15´N og vestan við 22°30´V.
2. Norðursvæði, sem afmarkast af línu fyrir norðan 65°15´N.

2 Ekki er heimilt í einni og sömu veiðiferð að veiða á báðum svæðum.

3. gr.
Lágmarksstærð beitukóngs.

1 Ekki er heimilt að koma með að landi beitukóng undir 50 mm skelhæð.

4. gr.
Merking veiðarfæra.

1 Gildrubaujur skulu vera á báðum endum gildrulínu og allar merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Gildrur, niðurstöður, gildrubaujur og -belgir og baujuflögg skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar umdæmisnúmeri eða skipaskrárnúmeri þess skips sem notar þær. Stafir á baujuflöggum og belgjum skulu vera stórir og skýrir.

2 Hverja gildrulögn skal merkja þannig að á miðju baujustangar á vestari enda hennar skal komið fyrir netahring (floti), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda gildrulagnar með hvítu blikkljósi.

3 Æskilegt er að radarspegill sé á bauju.

5. gr.
Vitjun veiðarfæra.

1 Gildra skal vitjað með eðlilegum og reglubundnum hætti. Týni skip beitukóngsgildrum í sjó, ber skipstjóra að slæða þær upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu og skýra frá staðsetningu gildranna eins nákvæmlega og unnt er.

6. gr.

Önnur veiðarfæri um borð.

 Óheimilt er að hafa önnur veiðarfæri um borð en plóga og gildrur meðan á beitukóngsveiðum stendur. Þetta gildir einnig þegar gildrur eru lagðar eða þeirra er vitjað.

7. gr.

Vigtun og skráning.

 Við vigtun og skráningu á beitukóngi gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum. Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði, sbr. 2. gr., við vigtun afla á hafnarvog.

8. gr.

Svipting veiðileyfis.

 Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til beitukóngsveiða vegna brota á ákvæðum leyfisbréfa og ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna. Missi skip leyfi til veiða í atvinnuskyni fellur jafnframt úr gildi leyfi til beitukóngsveiða.

9. gr.

Viðurlög.

 Brot varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. […][1)]

[1)] *Rg. 1153/2021, 15. gr.*

10. gr.

Lagastoð og gildistaka.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin tekur þegar gildi og fellur þá úr gildi reglugerð nr. 1012/2013 um veiðar á beitukóngi í gildrur.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 3. júlí 2019.

Reglugerð
nr. 930/2025, um veiðar á skollakopp (ígulkerum).

1. gr.

1 Allar veiðar á skollakopp (ígulkerum) í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema skipum sem hafa aflamark í skollakopp (ígulkerum), sbr. ákvæði laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, eða hafa sérveiðileyfi frá Fiskistofu, sbr. ákvæði laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

Veiðarfæri og veiðisvæði.

1 Aðeins er heimilt að veiða skollakopp (ígulker) með einum plógi á hverju skipi samtímis og skal breidd plógs ekki vera meiri en 2,5 m og hámarksþyngd 700 kg.

2 Möskvastærð í poka má ekki vera minni en 80 mm (innanmál).

3 Ekki er heimilt að landa skollakopp (ígulkerum) sem eru undir 45 mm í þvermál. Veiðist ígulker undir þeim stærðarmörkum skal sleppa þeim aftur.

4 Ekki er heimilt að veiða á fleiri en einu veiðisvæði í hverri veiðiferð.

3. gr.

Vigtun.

1 Við vigtun og skráningu á skollakopp (ígulkerum) gilda ákvæði reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla. Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði við veiðar, sbr. II. og III. kafla reglugerðarinnar við vigtun afla á hafnarvog.

II. KAFLI
Aflamarksveiðar.

4. gr.

Svæðaskipting veiða.

1 Skipum sem hafa aflamark í skollakopp (ígulkerum) á eftirfarandi svæðum er heimilt að veiða ígulker á þeim tilteknu svæðum sem aflamarkið er bundið við (fylgiskjal 1):

Svæði A
65°30,00’N – 24°30,00’V
65°35,00’N – 23°30,00’V
65°40,00’N – 21°45,00’V
65°13,00’N – 21°35,00’V
65°13,00’N – 22°40,00’V
64°53,12’N – 22°40,00’V
64°53,12’N – 24°02,45’V

Svæði B
65°13,00’N – 22°40,00’V
65°13,00’N – 22°31,00’V
65°08,00’N – 22°31,00’V
65°04,00’N – 22°25,00’V
65°00,00’N – 22°40,00’V

Svæði C
Hvammsfjörður innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
65°08,00'N – 22°31,00'V
65°04,00'N – 22°25,00'V

III. KAFLI
Sérveiðileyfi.

5. gr.
Úthlutun leyfa.

1 Fiskistofa skal úthluta leyfi til veiða á skollakopp (ígulkerum) að fenginni umsókn, sbr. 3. mgr. 7. gr. laga nr. 79/1997. Veiðileyfum skal úthluta á eftirtalin veiðisvæði í Ísafjarðardjúpi, Húnaflóa og á Austfjörðum, gildir eitt leyfi fyrir öll svæðin.

2 Leyfi til veiða á skollakopp er bundið við fiskveiðiár.

Skilyrði fyrir útgáfu leyfis til að veiða ígulker er að skip hafi leyfi til veiða í atvinnuskyni.

Krókaaflamarksbátum sem fá leyfi til að veiða ígulker samkvæmt reglugerð þessari er heimilt að veiða ígulker með plóg.

6. gr.
Leyfilegur heildarafli fyrir viðkomandi svæði.

Leyfilegur heildarafli hvers fiskveiðiárs tilgreindur í tonnum fyrir viðkomandi svæði er sem hér segir:

Svæði		**Leyfilegur heildarafli**
Í Ísafjarðardjúpi		60
Í Húnaflóa	Í Miðfirði	20
	Í Steingrímsfirði	20
	Í Bitrufirði	20
Á Austfjörðum	A: Austurland norður	25
	B: Austurland mið	30
	C: Austurland suður	40

7. gr.
Svæðaskipting veiða á skollakopp (ígulkerum).

1 Skipum sem hafa leyfi til veiða á skollakopp (ígulkerum) er heimilt að veiða á þeim tilteknu svæðum sem leyfi er bundið við (fylgiskjöl 2-4):

Í Ísafjarðardjúpi.
Heimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
66°11,47'N - 23°28,19'V
66°21,26'N - 23°11,36'V
66°13,55'N - 22°58,12'V

Í Húnaflóa.
Heimilt er að veiða fyrir vestan við línu dregna beint í norður frá eftirfarandi punkti:
65°40,55'N - 20°42.18'V

Óheimilt er að veiða í Hrútafirði.

Lokun innan Miðfjarðar.

Svæði 1: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
65°27,33'N - 21°03,04'V
65°27,21'N - 21°02,32'V
65°21,49'N - 20°57,46'V
65°21,36'N - 20°58,16'V

Svæði 2: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
65°26,65’N - 20°58,94’V
65°25,29’N - 20°58,21’V
65°25,26’N - 20°58,65’V
65°26.65’N - 20°59,67’V

Á Austfjörðum.
Heimilt er að veiða á eftirfarandi svæðum:

A: Austfirðir norður:
65°15,00’N - 14°15,00’V
65°24,00’N - 14°15,00’V
65°24,00’N - 13°18,00’V
65°15,00’N - 13°18,00’V

B: Austfirðir mið:
65°04,00’N - 14°15,00’V
65°15,00’N - 14°15,00’V
65°15,00’N - 13°18,00’V
65°04,00’N - 13°18,00’V

C: Austfirðir suður:
64°55,00’N – 14°15,00’V
64°04,20’N – 14°15,00’V
65°04,00’N – 13°18,00’V
64°55,00’N – 13°18,00’V

Lokunarsvæði innan Reyðarfjarðar.

Svæði 1: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
65°02,21’N - 14°03,27’V
65°01,84’N - 14°02,27’V
65°02,63’N - 13°59,31’V
65°02,39’N -13°57,16’V

Svæði 2: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
65°00,53’N - 13°56,59’V
65°00,83’N - 13°56,01’V
64°59,42’N - 13°52,28 V
64°59,03’N - 13°52,99’V

Svæði 3: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
65°02,46’N - 13°53,51’V
65°02,31’N - 13°53,63’V
65°02,12’N -13°52,82’V
65°02,21’N - 13°52,59’V

Svæði 4: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
65°03,51’N - 13°59,20’V
65°03,41’N - 13°59,31’V
65°03,19’N- 13°59,54’V
65°03,27’N - 13°58,31’V

Svæði 5: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
64°57,91’N - 13°49,28’V
64°57,73’N - 13°49,39’V
64°57,42’N - 13°48,36’V
64°57,95’N - 13°48,17’V

Lokunarsvæði innan Berufjarðar.

Svæði 1: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
64°43,32’N - 14°23,74’V
64°43,30’N - 14°23,22’V
64°42,76’N - 14°23,18’V
64°42,78’N - 14°23,72’V

Svæði 2: Óheimilt er að veiða fyrir innan línu milli eftirfarandi punkta:
64°44,47’N - 14°22,40’V
64°44,42’N - 14°22,62’V
64°43,88’N - 14°22,58’V
64°43,88’N - 14°22,36’V

8. gr.
Stjórn veiða og eftirlit.

 Fiskistofa annast eftirlit með veiðunum og skal tryggja að veiðar á hverju veiðisvæði séu ekki skaðlegar og í samræmi við varúðarsjónarmið. Fiskistofa skal loka svæðum fyrir veiðum þegar sýnt er að leyfilegum heildarafla fyrir hvert svæði verði náð.

IV. KAFLI
Viðurlög og gildistaka.
9. gr.
Viðurlög.

 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, IV. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.


10. gr.
Gildistaka.

 Reglugerð þessi er gefin út með stoð í 5., 6., 8. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 2., 6., 8. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 765/2020 um veiðar á ígulkerum.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 27. ágúst 2025.


Fylgiskjal 1.

Veiðisvæði í Breiðafirði.




Fylgiskjal 2.

Veiðisvæði í Ísafjarðardjúpi.




Fylgiskjal 3.

Veiðisvæði í Húnaflóa.



Fylgiskjal 4.

Veiðisvæði á Austfjörðum.



Reglugerð
nr. 741/2019, um veiðar á sæbjúgum.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 741/2019 sbr. 986/2022.*

1. gr.

Almennt um veiðar á sæbjúgum.

[Allar veiðar á sæbjúgum í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar, nema skipum sem hafa aflamark í sæbjúgum, sbr. ákvæði laga um stjórn fiskveiða.][1)]

[1)]*Rg. 986/2022, 1. gr.*

2. gr.

[*Svæðaskipting veiða á sæbjúgum.*][1)]

[Skipum sem hafa aflamark í sæbjúgum er heimilt að veiða sæbjúgu á þeim tilteknu svæðum sem aflamarkið er bundið við (fylgiskjöl 1 og 2):][2)]

A. Vestfirðir, Norður-Aðalvíkursvæði:
1. 66°00,00 N – 23°00,00 V
2. 66°30,00 N – 24°00,00 V
3. 66°30,00 N – 23°00,00 V
4. 66°00,00 N – 23°00,00 V

B. Vestfirðir, miðsvæði:
1. 66°00,00 N – 23°00,00 V
2. 66°00,00 N – 25°00,00 V
3. 66°30,00 N – 25°00,00 V
4. 66°30,00 N – 24°00,00 V
5. 66°00,00 N – 23°00,00 V

Lokun innan Önundarfjarðar:
1. 66°04,35 N – 23°33,96 V
2. 66°02,53 N – 23°35,47 V

C. Vestfirðir, suðursvæði:
1. 65°30,00 N – 23°00,00 V
2. 65°30,00 N – 25°00,00 V
3. 66°00,00 N – 25°00,00 V
4. 66°00,00 N – 23°00,00 V
5. 65°30,00 N – 23°00,00 V

Lokun innan Dýrafjarðar:
1. 65°55,00 N – 23°35,86 V
2. 65°53,76 N – 23°38,18 V

Lokun innan Arnarfjarðar:
1. 65°46,17 N – 23°37,81 V
2. 65°42,76 N – 23°40,62 V

Lokun innan Tálkna- og Patreksfjarðar:
1. 65°40,72 N – 24°01,73 V
2. 65°38,85 N – 24°04,81 V
3. 65°36,46 N – 24°09,60 V

D. Utanverður Breiðafjörður:
1. 64°50,00 N – 23°12,00 V
2. 64°50,00 N – 25°00,00 V
3. 65°30,00 N – 25°00,00 V
4. 65°30,00 N – 23°38,45 V
5. 65°26,85 N – 23°38,75 V
6. 65°00,00 N – 23°12,00 V
7. 64°50,00 N – 23°12,00 V

E. Faxaflói:
1. 64°02,00 N – 22°18,00 V
2. 64°02,00 N – 23°00,00 V
3. 64°21,00 N – 23°00,00 V
4. 64°21,00 N – 22°18,00 V
5. 64°02,00 N – 22°18,00 V

F. Austurland, norðursvæði:
1. 65°00,00 N – 13°00,00 V
2. 65°00,00 N – 15°00,00 V
3. 65°30,00 N – 15°00,00 V
4. 65°30,00 N – 13°00,00 V
5. 65°00,00 N – 13°00,00 V

Lokun innan fjarða á Austurlandi, norðursvæði:
1. 65°21,82 N – 13°42,57 V
2. 65°16,25 N – 13°34,47 V
3. 65°10,00 N – 13°30,80 V
4. 65°04,70 N – 13°29,60 V
5. 64°48,10 N – 13°50,30 V
6. 64°44,61 N – 13°56,74 V
7. 64°39,44 N – 14°15,21 V

G. Austurland, miðsvæði:
1. 64°40,00 N – 13°00,00 V
2. 64°40,00 N – 15°00,00 V
3. 65°00,00 N – 15°00,00 V
4. 65°00,00 N – 13°00,00 V
5. 64°40,00 N – 13°00,00 V

H. Austurland, suðursvæði:
1. 64°20,00 N – 13°00,00 V
2. 64°20,00 N – 15°00,00 V
3. 64°40,00 N – 15°00,00 V
4. 64°40,00 N – 13°00,00 V
5. 64°20,00 N – 13°00,00 V

2 Ekki er heimilt að veiða með fleiri en tveimur plógum samstundis á veiðisvæðum sem skilgreind eru í þessu ákvæði.

[1)]Rg. 986/2022, 2. gr. a-liður. [2)]Rg. 986/2022, 2. gr. b-liður.

[…][1)]

[1)]Rg. 986/2022, 3. gr. Greinin er felld út í heild sinni.

[3. gr.][1)]

Tilraunaveiðileyfi.

1 [Þrátt fyrir ákvæði 1. gr. er ráðherra heimilt að veita tímabundin leyfi til tilraunaveiða á sæbjúgum utan veiðisvæða sem skilgreind eru í 2. gr. í samræmi við 13. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands][2)]. Í umsókn um tilraunaveiðar skal umsækjandi tilgreina meðal annars heiti skips, veiðitímabil og á hvaða tilkynningarskylda reit hann hyggst veiða (fylgiskjal 3). Leyfi til tilraunaveiða eru veitt að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, rannsókna- og ráðgjafarstofnunar hafs og vatna. Sama skip getur einungis haft eitt virkt tilraunaveiðileyfi til að veiða sæbjúgu og skal gildistími þess ekki vera lengri en þrír mánuðir. Sé sótt um nýtt tilraunaveiðleyfi fellur hið fyrra úr gildi við útgáfu þess nýja.

2 Heimilt er að binda leyfi til tilraunaveiða tilteknum skilyrðum, svo sem um hámarksafla, eftirliti Hafrannsóknastofnunar eða Fiskistofu með veiðunum, gerð plógs, greiningu afla og skýrsluskil til Hafrannsóknastofnunar.

3 Ráðherra er heimilt að afturkalla tímabundið leyfi til tilraunaveiða sé ekki farið að skilyrðum leyfisins.

[1)]Rg. 986/2022, 3. gr. [2)]Rg. 986/2022, 4. gr.

[4. gr.][1)]

Lokanir svæða á hrygningartíma.

1 Á hrygningartíma sæbjúgna eru veiðar óheimilar, sem hér segir:
1. Frá 1. maí til og með 30. júní á svæði milli lína réttvísandi vestur frá Reykjanesvita (63°48,00′ N og 22°41,90′ V) og norður frá Skagatá (66°07,20′ N og 20°05,90′ V).
2. Frá 1. júní til og með 31. júlí á svæði milli lína réttvísandi norður frá Skagatá (66°07,20′ N og 20°05,90′ V) og réttvísandi austur frá Glettinganesi (65°30,50′ N og 13°36,30′ V).
3. Frá 1. júní til og með 31. júlí á svæði milli lína réttvísandi austur frá Glettinganesi (65°30,50′ N og 13°36,30′ V) og réttvísandi vestur frá Reykjanesvita (63°48,00′ N og 22°41,90′ V).

[1)]Rg. 986/2022, 3. gr.

[5. gr.][1)]

[*Veiðarfæri.*][2)]

1 Við veiðar á sæbjúgum skal plógstærð ekki fara yfir 2,5 m og lágmarksmöskvastærð netpoka skal vera 80 mm. Við mælingar á möskvum gilda ákvæði gildandi reglugerðar um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

2 Ekki er heimilt að veiða á fleiri en einu veiðisvæði í hverri veiðiferð.

[1)]Rg. 986/2022, 3. gr. [2)]Rg. 986/2022, 5. gr.

[6. gr.][1)]

Vigtun.

1 Við vigtun og skráningu á sæbjúgum gilda ákvæði reglugerðar nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla. Skipstjóri skal gefa upp veiðisvæði, sbr. 2. og 3. gr., við vigtun afla á hafnarvog.

[1)]Rg. 986/2022, 3. gr. [2)]Rg. 986/2022, 6. gr.

[7. gr.][1)]

[*Stjórnsýsluviðurlög.*

1 Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til veiða í atvinnuskyni vegna brota á ákvæðum laga og reglugerða, sem lúta að stjórn veiða og nýtingu nytjastofna, sbr. lög nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lög nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.][2)]

[1)]Rg. 986/2022, 3. gr. [2)]Rg. 986/2022, 7. gr.

[8. gr.][1)]

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, IV. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

[1)]Rg. 986/2022, 3. gr.

[9. gr.][1)]

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er gefin út með stoð í lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 795/2013 um veiðar á sæbjúgum.


[1)]Rg. 986/2022, 3. gr.

[…][1)]


[1)]Rg. 986/2022, 8. gr. Ákvæði til bráðabirgða er fellt út.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. ágúst 2019.

Fylgiskjal 1.




Fylgiskjal 2.



Fylgiskjal 3.

Tilkynningarskyldir reitir.



Reglugerð
nr. 163/1973, um hvalveiðar.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 163/1973 sbr. 304/1983, 239/1984, 862/2006, 822/2007, 456/2008, 58/2009, 263/2009, 359/2009, 1116/2013, 263/2014, 186/2019, 642/2023, 694/2024 og 1442/2024.

[…][1)]

1. gr.

Gildissvið.

1 [Rétt til þess að stunda hvalveiðar í íslenskri fiskveiðilandhelgi og til að landa hvalafla, þótt utan landhelgi sé veitt, svo og til að verka slíkan afla, hafa þeir einir, er fengið hafa til þess leyfi sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins. Áður en leyfi er veitt, skal ráðherra leita umsagnar Hafrannsóknarstofnunarinnar.

2 [Leyfi til veiða á hrefnu árin 2025, 2026, 2027, 2028 og 2029 skal veita þeim íslensku skipum, sem eru í eigu eða leigu einstaklinga eða lögaðila, sem að mati ráðherra uppfylla neðangreind skilyrði. Eingöngu þeim skipum sem sérútbúin eru til veiða á stórhvölum er heimilt að taka þátt í veiðum á langreyði árin 2025, 2026, 2027, 2028 og 2029.][2)]

3 Við mat á því hvort skip fullnægi skilyrðum til þess að fá leyfi til hrefnuveiða skal Fiskistofa ganga úr skugga um að eftirfarandi skilyrðum sé fullnægt:

1. Að minnsta kosti einn úr áhöfn hafi reynslu af hrefnuveiðum. Við mat á því hvort aðili hafi reynslu af hrefnuveiðum er sú krafa gerð að aðili hafi a.m.k. verið samfellt í þrjá mánuði skytta á hrefnuveiðibát. Heimilt er Fiskistofu að meta jafngilda annarskonar reynslu eða þekkingu svo að hún fullnægi áskilnaði skv. þessari grein.
2. Skyttur sem annast veiðar og aflífun dýra skulu hafa sótt viðurkennt námskeið í meðferð skutulbyssa og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Auk þessa skal skytta hafa fullnægjandi skotvopnaleyfi.

4 Við veiðarnar skal nota búnað sem tryggir að hrefnur aflífist samstundis eða aflífun taki sem skemmstan tíma og valdi þeim sem minnstum þjáningum. Til að tryggja ofangreint skal Fiskistofa ganga úr skugga um að skip sem ætlað er til hrefnuveiða sé búið eftirfarandi veiðibúnaði:

1. Riffli a.m.k. 11,6 (.458 cal.) að stærð sem skal nota ef þörf er á seinna skoti. Riffillinn skal ásamt skotfærum, vera staðsettur í nánd við skutulbyssu. Aflífist hrefna ekki samstundis við skutulskot skal svo fljótt sem auðið er aflífa hana með riffilskoti í höfuðið. Einungis skal nota alklæddar kúlur með rúnuðum oddi (e. round nosed full metal jacket).
2. Vélknúinni vindu til að draga hrefnuna að skipinu og um borð í það. Vindan skal þola a.m.k. 5.000 kg álag og hafa a.m.k. 2.500 kg togkraft. Skotlínu skal tengja inn á vinduna og er óheimilt að sleppa línuenda lausum frá skipi eftir að hrefna hefur verið skutluð.
3. Línu sem þolir a.m.k. 5.000 kg álag.
4. Fjöðrunarbúnaði sem þolir a.m.k. 5.000 kg álag og hefur fjöðrun upp á a.m.k. 1,5 m eða línu sem hefur a.m.k. 20% teygjanleika.

5 Óheimilt er að nota skutul án skutulsprengju (kaldskutul). Einungis skal nota skutulsprengjur af gerðinni hvalgranat-99. Óheimilt er að hleypa af skoti án þess að skutulsprengja sé fest á skutulinn og lína fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann.][3)]

[1)]Rg. 862/2006, 6. gr. [2)]Rg. 1442/2024. [3)]Rg. 359/2009.

2. gr.

1 Bannað er að veiða:

a) Hvalkálfa, hvali á spena og kvenhvali, sem kálfar eða hvalir á spena fylgja.
b) [Grænlands-sléttbak, Íslands-sléttbak, hnúfubak, steypireyð og búrhval.][1)]
c) [Langreyðar innan við 55 fet eða 16,8 metra að lengd og sandreyðar innan við 40 fet eða 12,2 metra að lengd.][2)]

2 Þó má veiða langreyðar yfir 50 fet (15,2 m) og sandreyðar yfir 35 fet (10,7 m) fyrir íslenzkar landstöðvar, enda sé hvalkjötið þá notað til manneldis eða skepnufóðurs á Íslandi.

[1)]Rg. 304/1983, 1. gr. [2)]Rg. 304/1983, 2. gr.

3. gr.

1 Hvalir skulu mældir á láréttum fleti svo nákvæmlega sem hægt er, með stálmælibandi, sem þannig er úr garði gert að á núll-endanum sé oddhvasst skaft, sem stinga má föstu niður beint á móts við annan enda hvalsins. Mælibandið skal þanið í beinni línu samsíða hvalnum og lesið af því beint á móts við hinn endann.

2 Endar hvals við mælingu skulu taldir vera fremsti oddur efri kjálka og sporðrauf. Lengd hvals skal miða við heilt fet, þ. e. hvalur, sem mælist milli 76 1/2 fet og 77 1/2 fet skal talinn 77 fet. Ef mæling stendur á hálfu feti, skal lengd miðuð við næsta heila fet á eftir, t. d. 76 1/2 fet skal tákna 77 fet.

4. gr.

1 [Afhenda skal Hafrannsóknastofnuninni tvö vefjasýni úr hverjum veiddum hval til greiningar á erfðaefni.][1)]

[1)]Rg. 862/2006, 2. gr.

5. gr.

1 Íslenzkum landstöðvum skal aðeins heimilt að taka á móti og verka hvalafla íslenzkra skipa, er veiðileyfi hafa skv. 1. gr. og þeim skipum er aðeins heimilt að landa afla sínum til íslenzkra landstöðva.

6. gr.

1 Allir veiddir hvalir skulu merktir veiðiskipi og tölusettir í þeirri röð, sem þeir hafa veiðzt í.

7. gr.

1 Landstöðvar skulu halda dagbók yfir veiðarnar. Skulu innfærslur allar vera greinilegar og má eigi strika út eða gera ólæsilegt það, sem innfært hefur verið. Dagbók skal hafa tölusettar blaðsíður, vera gegnumdregin og löggilt af sjávarútvegsráðuneytinu.

8. gr.

1 Í dagbók skal greina eftirfarandi:

a) Tölu og tegund veiddra hvala og misstra og þeirra, sem unnið er úr.
b) Veiðistað.
c) Kynferði og stærð veiddra hvala (sjá 3. gr.).
d) Ef um kvenhval er að ræða skal tekið fram hvort hún sé mjólkurfull eða með á spena. Einnig skal tilgreind lengd fósturs, sé það fyrir hendi.
e) Heildarmagn lýsis, mjöls og annarra afurða.
f) Upplýsingar varðandi hvalgöngur eða aðrar upplýsingar, sem gætu orðið til glöggvunar á hegðun og ástandi hvalstofna hér við land.

9. gr.

 Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu dagbókina við lok hvers veiðitímabils.

10. gr.

 [Eftirlit með veiðum er í höndum Fiskistofu. Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast með að veiðarnar séu í samræmi við lög nr. 26/1949 um hvalveiðar og reglugerðir settar samkvæmt þeim og að veiðarnar séu í samræmi við þær reglur sem fram koma í fylgiskjali við alþjóðasamning um stjórnun hvalveiða frá 1946 (e. Schedule attatched to the International Convention for the Regulation of Whaling).

 Fiskistofa hefur einnig eftirlit með því að skilyrði sem fram koma í veiðileyfi varðandi veiðibúnað og veiðar séu uppfyllt.][1)]

[1)]Rg. 862/2006, 3. gr.

11. gr.

 [Hver landstöð skal greiða kr. 30 000,00 árgjald í ríkissjóð og auk þess kr. 7 000,00 á ári fyrir hvert hvalveiðiskip.][1)]

[1)]Rg. 239/1984.

12. gr.

 Hvalskyttur og skipshafnir veiðiskipa skulu ráðnar þannig, að laun þeirr a séu að verulegu leyti miðuð við tegund, stærð og afurðir veiddra hvala, en ekki aðeins við tölu veiddra hvala. Engin aflaverðlaun eða aðrar aukaþóknanir má greiða skyttum eða áhöfnum veiðiskipa vegna veiði hvala með mjólk eða kálf á spena. Afhenda skal sjávarútvegsráðuneytinu yfirlit yfir allar launagreiðslur og grundvöll þeirra, þegar þess er óskað.

13. gr.

 [Skipstjórar hvalveiðiskipa ásamt útgerðarmönnum skulu bera ábyrgð á því að ekki sé brotið gegn ákvæðum reglugerðar þessarar og skulu ábyrgir fyrir því að öll skilyrði veiðileyfa verði haldin.][1)]

[1)]Rg. 862/2006, 4. gr.

[…
…][1)]

[1)]Rg. 862/2006, 5. gr. Greinin felld niður í heild sinni.

15. gr.

 Sjávarútvegsráðuneytið getur sett leyfishöfum skilyrði með ákvæðum í leyfisbréfum m. a., um:

a) Ákveðin veiðisvæði,
b) lengd veiðiferða,
c) útbúnað veiðiskips,
d) meðferð og verkun afla,
e) skyldu til skýrslugerðar,
f) innköllun eða skiptingu leyfa.

16. gr.

 Eintak af lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar og reglugerð þessari skulu höfð til sýnis á áberandi stað þar sem hvalveiðar og vinnsla er stunduð.

17. gr.

 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum og öðrum viðurlögum skv. lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar. Mál út af brotum skulu sæta meðferð opinberra mála.

18. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 26/1949, til að öðlast þegar gildi, og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 113 16, ágúst 1949 um hvalveiðar.

[**Ákvæði til bráðabirgða**

 Á árinu 2023 skulu veiðar á langreyðum ekki hefjast fyrr en 1. september.][1)]

[1)]*Rg. 642/2023, 1. og 2. gr. Gildistími þessa ákvæðis skv. 2. gr. er til 12. ágúst 2023.*

Sjávarútvegsráðuneytið, 30. maí 1973.

Fylgiskjal.

VIÐAUKI
[við reglugerð nr. 163/1973 um hvalveiðar.

1. gr.

 [Leyfilegur heildarafli á langreyði og hrefnu á árunum 2025, 2026, 2027, 2028 og 2029 skal nema þeim fjölda dýra sem kveðið er á um í veiðiráðgjöf Hafrannsóknastofnunar. Heimilt er að flytja allt að 20% af veiðiheimildum hvers árs yfir á næsta ár á eftir.

2. gr.

 Viðauki þessi er settur samkvæmt 4. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, til að öðlast þegar gildi.][1)]

[1)]*Rg. 1442/2024.*

Matvælaráðuneytinu, 4. desember 2024.

Reglugerð
nr. 895/2023, um veiðar á langreyðum.

1. gr.
Markmið, gildissvið og grundvallarreglur.

1 Markmið reglugerðarinnar er að bæta umgjörð veiða á langreyðum. Til að ná því markmiði skal tryggt að búnaður og framkvæmd veiða standist þau lágmarksviðmið sem kveðið er á um í lögum og reglugerð þessari.

2 Reglugerð þessi gildir um veiðar á langreyðum. Reglugerð þessi kemur til viðbótar við lög og reglugerðir sem gilda, þar á meðal reglugerð um hvalveiðar, með síðari breytingum.

3 Við veiðar skal ávallt stefnt að því að dýr aflífist samstundis.

Staðið skal að veiðum þannig að það valdi langreyðum sem minnstum sársauka og aflífun þeirra taki sem skemmstan tíma. Þá er óheimilt að beita aðferðum sem valda dýri óþarfa limlestingum eða kvölum.

2. gr.
Orðskýringar.

1 Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

Hvalveiðibyssa: Skipsfast skotvopn í stefni skips til þess að skjóta sprengiskutli.

Marksvæði: Það svæði á langreyði sem miða skal á við skot.

Skotfjarlægð: Fjarlægð dýrs frá hvalveiðibyssu þegar skotið er.

Skotlína: Lína fest við skutul og skip.

Skotlínukarfa: Búnaður undir línu til að tryggja að lína dragist rétt út við skot skutuls.

Skotvinkill: Sú átt sem skotmaður beinir hvalveiðibyssu að dýri, s.s. að framan, að aftan eða frá hlið.

Skutulskott: Lína fest við skutul án tengingar við skip.

Skutulsprengja: Sprengja af gerðinni hvalgranat-99 sem skrúfuð er fremst á skutul.

Tafarlaus dauði: Þegar dýr telst dautt á innan við einni mínútu.

Viðmið um dauða: Dýr telst dautt þegar hvalur er hreyfingarlaus, kjálki er slakur og bægsli liggja slök meðfram hlið hvals. Þó er heimilt að líta til þess við endanlegt mat á dauðatíma hvort hvalur telst dauður þrátt fyrir að sýna krampakennd einkenni.

3. gr.
Eftirlit.

1 Matvælastofnun skal hafa reglubundið eftirlit með því að farið sé að lögum um velferð dýra og reglugerð þessari við veiðar á langreyðum, m.a. með eftirlitsferðum við veiðar, myndbands¬upptökum veiðiaðferða og skráningu þeirra aðgerða við veiðar sem varða velferð dýra. Gögnum sem eftirlitsmenn afla við störf sín skal koma til Matvælastofnunar í lok hverrar athugunar.

2 Fiskistofa fer með eftirlit með framkvæmd veiðanna að öðru leyti samkvæmt lögum um hvalveiðar og reglugerðum settum á grundvelli þeirra.

3 Eftirlitsmenn Fiskistofu fylgjast með að veiðibúnaður sé í samræmi við lög og reglugerðir settar á grundvelli þeirra sem og í samræmi við þær reglur sem fram koma í fylgiskjali við alþjóða¬samning um stjórnun hvalveiða frá 1946. Fiskistofa hefur einnig eftirlit með því að skilyrði sem fram koma í leyfi séu uppfyllt.

4 Tilkynna skal Fiskistofu áður en haldið er til veiða.

5 Fiskistofa og Matvælastofnun skulu hafa samráð sín á milli um eftirlit hvors um sig á grundvelli þessarar reglugerðar.

6 Matvælastofnun er heimilt að fela Fiskistofu öflun gagna vegna eftirlits samkvæmt 1. mgr. og telst þá sá þáttur gagnaöflunar vera hluti af eftirliti Matvælastofnunar. Teljast þær kröfur sem eru gerðar til Fiskistofu og eftirlitsmanna hennar nú þegar fullnægja kröfum sem gera ber til slíks eftir-lits, sbr. 2. mgr. 5. gr. laga nr. 30/2018, um Matvælastofnun.

7 Komi upp vafi eða ágreiningur um undir hvern framkvæmd eftirlits heyrir samkvæmt reglugerð þessari sker ráðherra úr.

4. gr.

Veiðibúnaður.

1 Við veiðarnar skal nota búnað sem tryggir að langreyðar aflífist samstundis eða að aflífun taki sem skemmstan tíma og valdi þeim sem minnstum þjáningum. Til að tryggja ofangreint skal Fiskistofa ganga úr skugga um að skip sem ætlað er til veiða á langreyðum sé búið eftirfarandi veiðibúnaði:

a. Hvalveiðibyssu.
b. Að lágmarki tveimur skipsföstum skotlínum. Skotlína skal vera þannig úr garði gerð að hún standist álag við veiðar og sé ekki næm fyrir ytri áhrifum á borð við vatn og raka.
c. Skotlínukörfu sem fylgir hreyfingum hvalveiðibyssu. Skotlínukarfa skal þannig gerð að lína dragist úr körfu í stefnu skutuls.
d. Miði á hvalveiðibyssu með upplýstum punkti.

2 Óheimilt er að nota skutul án skutulsprengju. Einungis skal nota skutulsprengjur af gerðinni hvalgranat-99. Magn sprengiefnis í skutulsprengju skal vera nægilegt til að tryggja að dýr drepist samstundis.

3 Óheimilt er að hleypa af skoti án þess að skutulsprengja sé fest á skutulinn og lína fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann.

4 Þrátt fyrir 3. mgr. er heimilt við endurskot að hleypa af skoti án þess að lína sé fest í skutul í annan endann og í skipið í hinn endann. Skal þá nota skutulskott sem er lína sem er fest við skutul í annan endann en ekki skipsföst til þess að auka stöðugleika flugs skutuls.

5 Skutulsprengja skal tengd við skutul með kveikibúnaði sem tryggir að skutulsprengja springi þegar skutull gengur inn í dýr og á þeim stað sem veldur dýri nægilegum áverkum til þess að það drepist samstundis.

6 Tilkynna skal sérhverja breytingu á veiðibúnaði til Fiskistofu. Fiskistofa getur heimilað breyt¬ingu á búnaði ef það er mat stofnunarinnar að nýr búnaður eða breytingar á honum fullnægi sömu kröfum hvað notkun varðar, að fenginni umsögn Matvælastofnunar sem leggur mat á dýravelferðar¬sjónarmið.

7 Leyfishafa ber að kanna áður en haldið er til veiða að skotmenn og áhöfn uppfylli að öðru leyti skilyrði laga og reglna sem um meðferð skotvopna gilda og taka og geyma afrit af viðeigandi leyfum og skjölum eftir því sem við á.

5. gr.

Aðstæður við veiðar.

1 Veiðar á langreyðum skulu fara fram í dagsbirtu. Þá skulu ytri skilyrði vera með þeim hætti að líkur séu til þess að aflífun fari fram samstundis og m.a. gætt að ölduhæð, veðurskilyrðum og skyggni í því sambandi.

2 Þó er skylt að fylgja dýri og ljúka aflífun við endurskot óháð framangreindum aðstæðum enda er veiðimönnum skylt að gera það sem í þeirra valdi stendur til að aflífa þau dýr sem þeir hafa valdið áverkum.

6. gr.

Skimun og lengdarmat.

1 Þegar dýr sést skal gengið úr skugga um að ekki fylgi kálfur í grennd við það samkvæmt skrásettu verklagi leyfishafa, sbr. a-lið 9. gr. Í slíku verklagi skal m.a. koma fram hversu stórt svæði er skimað og í hve langan tíma. Skulu viðmið vera til þess fallin að tryggja að hvalir séu ekki veiddir sem kálfar fylgja.

2 Áætla skal lengd dýrs áður en hleypt er af skoti samkvæmt skrásettu verklagi leyfishafa, sbr. b-lið 9. gr., og skal verklagið vera til þess fallið að tryggja að ekki séu veiddir hvalir undir lágmarksstærð.

7. gr.

Framkvæmd skots.

1 Við veiðar skal hvalveiðibyssu miðað á skilgreint marksvæði, sbr. mynd í viðauka I.

2 Skjóta ber dýr úr öruggu færi. Þó skal ekki skjóta dýr af lengra en 25 metra færi.

3 Skotvinkill skal vera á bilinu 45-135° miðað við lengdaröxul dýrs, sbr. mynd í viðauka II.

4 Þrátt fyrir 2. og 3. mgr. er heimilt að víkja frá færi og skotvinkli þegar skjóta þarf sært dýr fleiri en einu skoti til að tryggja sem skjótasta aflífun.

5 Þegar dýr drepst ekki tafarlaust ber án tafar að framkvæma endurskot.

8. gr.

Þjálfun, fræðsla og hæfni.

1 Við veiðar skal tryggt að a.m.k. þrír úr áhöfn hafi reynslu af hvalveiðum. Með reynslu er átt við að aðili hafi verið hluti af áhöfn við hvalveiðar í minnst sex mánuði á síðustu fimm árum. Þó er heimilt að víkja frá þessu skilyrði þegar sérstaklega stendur á og áhafnarmeðlimur hefur sýnt fram á hæfni og þekkingu samkvæmt mati Fiskistofu, þ. á m. um skot ef um skotmenn er að ræða.

2 Skyttur sem annast veiðar og aflífun á dýrum skulu hafa lokið námskeiði í meðferð hvalveiðibyssu og sprengiskutla og í aflífunaraðferðum við hvalveiðar. Skyttur skulu jafnframt hafa lokið námskeiði, viðurkenndu af eftirlitsaðilum, sem að lágmarki skal innihalda fræðslu um líffræði, þ.m.t. atferli, sársaukaskyn og streitu, og vistfræði með tilliti til hvala og um regluverk sem um hvalveiðar gildir.

9. gr.

Gæðahandbók og skýrsla um framkvæmd veiða.

1 Leyfishafi ber ábyrgð á að haldin sé gæðahandbók sem skal vera aðgengileg eftirlitsaðilum og ráðuneytinu. Gæðahandbók skal að lágmarki innihalda:

a. Verklag við skimun hvalkálfa.
b. Verklag við áætlun um lengd dýrs.
c. Verklag við framkvæmd og undirbúning endurskota.
d. Verklag við skráningu tilkynningarskyldra atvika.
e. Verklag við athugun leyfishafa á orsökum þeirra.
f. Verklag vegna viðbragða við tilkynningarskyldum atvikum, sbr. 10. gr., sem kunna að verða við veiðarnar.

2 Verklag skal vera til þess fallið að tryggja að langreyðar séu aflífaðar á þann hátt að það valdi dýrum sem minnstum sársauka og taki sem skemmstan tíma og séu ekki veiddar á þann hátt að valdi þeim óþarfa limlestingum eða kvölum. Eftirlitsaðilar geta krafist úrbóta á verklagi sé það ekki til þess fallið að tryggja framangreind skilyrði, sbr. einnig skilyrði 6. gr. reglugerðar þessarar.

3 Leyfishafi skal skila skýrslu um framkvæmd veiða til eftirlitsaðila samkvæmt 3. gr. í lok veiðitímabils. Skal þar m.a. greina frá helstu áskorunum tímabils, almennu viðhaldi veiðibúnaðar, samantekt atvika og mögulegar orsakir þeirra að mati leyfishafa og eftir því sem við getur átt.

10. gr.

Skýrsluhald og skráning atvika.

1 Leyfishafi skal tilkynna eftirlitsaðilum samkvæmt 3. gr. um atvik sem upp koma við veiðar á lang¬reyðum eins fljótt og unnt er, en eigi síðar en tveimur virkum dögum eftir að veiðiferð lýkur. Eftirfarandi teljast tilkynningarskyld atvik við veiðar samkvæmt reglugerð þessari:

a. Ef framkvæma þarf endurskot.
b. Ef hvalur drepst ekki tafarlaust en endurskot er ekki framkvæmt.
c. Ef endurskot tefst.
d. Ef dýr sem skotið var sleppur eða tapast.
e. Ef sprengiskutull springur ekki eða ef hann springur of snemma.
f. Ef skutull hittir ekki á skilgreint marksvæði.
g. Ef sprengiskutli er skotið utan skilgreinds skotvinkils.
h. Ef grunur leikur á að kálfur hafi fylgt dýri, s.s. ef í ljós kemur að kýr hafi verið mjólkandi.
i. Ef stærð dýrs reynist vera undir 15,2 m.
j. Önnur atvik, s.s. óhappatilvik, mistök eða vanræksla.

2 Í tilkynningu til eftirlitsaðila skal lýsa atviki, greina mögulegar orsakir þess og önnur atriði sem máli kunna að skipta.

11. gr.

Skráning upplýsinga.

1 Auk annarra upplýsinga sem ber að skrá samkvæmt öðrum lögum og reglum sem og leyfisbréfi skal leyfishafi gæta þess að eftirfarandi upplýsingar séu skráðar í hverri veiðiferð:

a. Fjöldi skutla fyrir hvert dýr sem er veitt.
b. Nákvæm tímasetning fyrir hvert skot sem hleypt er af.
c. Áhöfn og skyttur.
d. Hvar skutull hittir dýr í hverju skoti.
e. Veðurskilyrði (ölduhæð, vindur, birtuskilyrði, skyggni) í hverju skoti.
f. Skotvinkill sem skotmaður skaut frá hverju sinni.
g. Skotfjarlægð hvers skots.
h. Áætluð lengd hvers dýrs.
i. Hvernig skimun fyrir hvalkálfum var framkvæmd hverju sinni.
j. Hvort önnur dýr voru í grennd og þá hve mörg hverju sinni.

12. gr.

Gjaldtaka.

1 Matvælastofnun er heimilt að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá vegna eftirlits á grundvelli reglugerðarinnar þ. á m. vegna gagnaöflunar Fiskistofu fyrir hönd Matvælastofnunar samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar þessarar enda telst hún þá vera liður í eftirliti Matvælastofnunar.

2 Fiskistofu er heimilt að innheimta gjald samkvæmt gjaldskrá stofnunarinnar vegna eftirlits á grundvelli reglugerðarinnar.

13. gr.

Fylgiskjal við alþjóðasamninginn um hvalveiðar.

1 Fylgja skal reglum þeim sem kveðið er á um í fylgiskjali við alþjóðasamning um stjórn hvalveiða frá 1946 (e. Schedule Attached to the International Convention for the Regulation of Whaling), með síðari breytingum, að svo miklu leyti sem ekki er kveðið á um annað í lögum eða reglugerð þessari, í samræmi við alþjóðlegar skuldbindingar sem Ísland hefur undirgengist.

14. gr.

Viðurlög.

1 Um brot gegn reglugerð þessari fer samkvæmt X. kafla laga nr. 55/2013, um velferð dýra, og 10. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar.

15. gr.

Gildistaka og lagastoð.

1 Reglugerð þessi er sett með stoð í 3. gr., 4. gr., 1. mgr. 6. gr., sbr. og 3. mgr. 1. gr. laga nr. 26/1949, um hvalveiðar, og 2. mgr. 13. gr., 3. mgr. 27. gr. og 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra, sem og 2. mgr. 5. gr. laga nr. 30/2018, um Matvælastofnun.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi. Ákvæði 2. málsl. 2. mgr. 8. gr. og 9. gr. öðlast þó gildi 18. september 2023. Við gildistöku reglugerðar þessara fellur brott reglugerð nr. 917/2022, um eftirlit með velferð dýra við veiðar á hvölum.

Matvælaráðuneytinu, 31. ágúst 2023.


VIÐAUKI I

 Marksvæði: Það svæði á langreyði sem miða skal á við skot. Svæði sem skyggt er á þessari mynd.



VIÐAUKI II

 Skotvinkill: Sú átt sem skotmaður beinir hvalveiðibyssu að dýri, s.s. að framan, að aftan eða frá hlið. Skotvinkill skal vera á bilinu 45-135° miðað við lengdaröxul dýrs.



Reglugerð
nr. 1007/2024, um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

1. gr.
Gildissvið.

1 Um alla öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands fer samkvæmt reglugerð þessari. Enginn má stunda öflun á sjávargróðri í atvinnuskyni nema hafa til þess tilskilin leyfi.

2 Sjávargróður tekur til þangs og þara sem finna má í fiskveiðilandhelginni, þ.e. á hafsvæðinu frá stórstraumsfjöruborði að ytri mörkum efnahagslögsögu Íslands.

2. gr.
Leyfi og samkomulag vegna þangsláttar.

1 Enginn má stunda þangslátt í atvinnuskyni nema hafa fengið til þess leyfi sem Fiskistofa gefur út til allt að fimm ára í senn. Leyfið skal bundið við þau sláttutæki, eða sláttupramma, sem hagnýtt eru af leyfishafa. Leyfið er óskiptanlegt og óframseljanlegt.

2 Ef öflun sjávargróðurs er innan netlaga sjávarjarðar þarf enn fremur samkomulag og samþykki ábúanda eða landeigenda skv. 7. gr. c. jarðalaga, nr. 81/2004. Nægilegt er að meiri hluti eigenda veiti samþykki sé samkomulag ekki til lengri tíma en tíu ára, sbr. 2. mgr. 7. gr. c. jarðalaga. Skylt er að veita Fiskistofu aðgang að slíku samkomulagi, verði eftir því leitað, m.a. vegna skráningar sjávargróðurs í aflaskráningarkerfi og lögbundinna stjórnsýsluverkefna og eftirlits stofnunarinnar.

3 Óheimilt er að stunda slátt á svæði þegar færri en fern áramót eru liðin síðan svæðið var slegið síðast. Fiskistofa getur veitt undanþágu frá þessu að fenginni umsögn Náttúrufræðistofnunar og Hafrannsóknastofnunar.

3. gr.
Leyfi vegna öflunar sjávargróðurs utan netlaga.

1 Öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni utan netlaga skal háð leyfi Fiskistofu, skv. 15. gr. b. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

2 Sé talin þörf á að koma í veg fyrir staðbundna ofnýtingu á tilteknum sjávargróðri, skal leyfi til öflunar sjávargróðurs í atvinnuskyni utan netlaga einnig háð leyfi skv. 1. mgr. auk almenns veiðileyfis, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997, en Fiskistofa getur gefið út slíkt leyfi til allt að tíu ára í senn.

4. gr.
Skilyrði fyrir útgáfu leyfa.

1 Eftirfarandi skilyrði gilda hvort sem er fyrir útgáfu leyfa Fiskistofu fyrir þangslætti, sbr. 2. gr., til allt að fimm ára í senn eða fyrir öflun sjávargróðurs, utan netlaga, sbr. 3. gr., til allt að tíu ára í senn.

2 Leyfi eru háð því skilyrði að leyfishafi hafi gert nýtingaráætlun um öflun sjávargróðurs sem gildi a.m.k. í fimm ár í senn. Skal áætlun uppfærð áður en öflun sjávargróðurs hefst á hverju ári. Í henni skal greina hvaða tæki verði hagnýtt við öflun, hversu miklu magni af sjávargróðri verði aflað, hvar öflun fari fram og eftir atvikum hvaða svæði verði hvíld til að örva endurvöxt. Skal áætlunin byggjast á mati á lífmassa og líklegu aðgengi. Leitast skal við að gera grein fyrir áhrifum nýtingar á umhverfið, þar með talið áhrifum á viðveru og áhrifum truflunar á atferli fiska,

hryggleysingja, sjávarspendýra og fugla með hliðsjón af þeim tækjum og aðferðum sem verða hagnýtt.

3 Drög að nýtingaráætlun skal leyfishafi kynna Hafrannsóknastofnun skriflega. Hafrannsóknastofnun skal, að höfðu samráði við Náttúrufræðistofnun Íslands, veita umsögn um nýtingaráætlunina.

4 Leyfishafa er skylt í nýtingaráætlun að greina athugasemdir stofnananna og gera grein fyrir þeim skriflega í nýtingaráætlun og hvernig brugðist hafi verið við þeim.

5 Ákvæði 3. og 4. mgr. skulu einnig taka til uppfærslu á nýtingaráætlun skv. 2. mgr.

5. gr.

Vigtun og skráning.

1 Um skráningu afla sjávargróðurs fer samkvæmt reglugerð um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga.

2 Við söfnun á sjó er heimilt að færa sjávargróður á milli skipa en þó skal skrá hvað er tekið af hverju svæði innan netlaga.

3 Við vigtun og skráningu á sjávargróðri gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla.

6. gr.

Birting leyfa til öflunar sjávargróðurs.

1 Fiskistofa skal birta á vefsíðu stofnunarinnar lista yfir þá aðila sem leyfi hafa skv. 2. og 3. gr. til öflunar sjávargróðurs í atvinnuskyni.

7. gr.

Eftirlit.

1 Fiskistofa og Landhelgisgæsla Íslands hafa eftirlit með að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og er leyfishöfum skylt að gera þessum aðilum kleift að framkvæma athuganir á búnaði og aðstöðu.

8. gr.

Ýmis ákvæði um slátt á klóþangi.

1 Gæta skal þess að festa plantna skaðist ekki við þangslátt og skulu skip, þ.m.t. sláttuprammar (prammar), sem stunda slátt á klóþangi vera þeirrar gerðar að komið sé í veg fyrir að festa rifni frá botni. Hlutfall plantna sem festan fylgir skal ekki vera hærra en áætlað 8%. Stilkur plöntunnar, sem eftir stendur skal að jafnaði ekki vera lægri en 25 sm mælt frá festunni.

9. gr.

Ýmis ákvæði um þara.

1 Ráðherra skal, eftir því sem ástæða er til og að fenginni umsögn Hafrannsóknastofnunar, meta reglulega hvort ástæða sé til að skipta nýtingarsvæðum sjávargróðurs utan netlaga í afmörkuð svæði eða reinar til að takmarka og vakta nýtingu.

2 Við öflun þara skal gæta þess að þau tæki sem notuð eru til öflunar valdi ekki neikvæðum áhrifum á þeim svæðum sem öflun fer fram, umfram þau áhrif sem verða af öflun sjávargróðurs, á það svo sem við um notkun slæðu og snúningsmótors. Viðmið og mælikvarðar um umhverfisáhrif sem nýtingaraðili skal fara eftir, skuli unnin og birt af Hafrannsóknastofnun. Eftirlitsaðila ber að fylgjast með umhverfisáhrifum miðað við þau viðmið sem sett eru.

10. gr.

Viðurlög o.fl.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt VI. kafla laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, IV. kafla laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996, og 15.-21. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, 79/1997.

2 Ráðherra er heimilt að fela Fiskistofu að fella úr gildi öll leyfi skv. 2.-3. gr. sé talin ástæða til að takmarka öflun sjávargróðurs eða endurskipuleggja stjórnun hennar.

11. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 15. gr. b. og 16. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, 3. mgr. 9. og 30. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, nr. 57/1996 og 2. mgr. 7. og 14. gr. laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands nr. 79/1997.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi og á sama tíma fellur brott reglugerð um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni, nr. 90/2018.

Matvælaráðuneytinu, 3. september 2024.

Reglugerð

nr. 110/2018, um botnfiskveiðar færeyskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 110/2018 sbr. 613/2025.

1. gr.

1 Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samnings milli Íslands og Færeyja frá 20. mars 1976 með síðari breytingum, um heimildir færeyskra skipa til línu- og handfæraveiða við Ísland.

2. gr.

1 Veiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu og er færeyskum skipum óheimilt að hefja veiðar innan fiskveiðilandhelginnar nema að fengnu leyfi Fiskistofu.

2 Færeysk stjórnvöld skulu sækja um leyfi til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, kallmerki og veiðarfæri. Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í viðkomandi fiskiskipi.

3 Leyfi til línu- og handfæraveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð skulu miðast við árlegar veiðiheimildir færeyskra skipa og falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem færeyskum stjórnvöldum er árlega tilkynnt um. Aflatölur miðast við afla upp úr sjó.

3. gr.

1 Allar beinar veiðar á grálúðu og lúðu (hvítlúðu) eru óheimilar.

2 Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu með því að skera á taum línunnar. Við handfæraveiðar skal varfærnislega losa lúðuna af krókum eða skera á lykkju slóðans áður en lúða kemur um borð. [Skrá skal allan afla sem sleppt er og senda þær upplýsingar til Fiskistofu að lokinni veiðiferð, samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 468/2013 um nýtingu afla og aukaafurða. Upplýsingum skal skilað á formi sem Fiskistofa ákveður.][1)]

3 Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til handfæraveiða eru heimilar veiðar utan fjögurra sjómílna frá grunnlínu og utan 6 sjómílna frá Grímsey. Þó skulu handfæraveiðar heimilar að grunnlínu samkvæmt reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands, á tveim svæðum sem afmarkast þannig:

Að vestan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 1 (Horni 66°27,4′ N – 22°24,3′ V) og að austan af línu réttvísandi norður frá grunnlínupunkti nr. 6 (Rauðanúpi 66°30,7′ N – 16°32,4′ V).[2)]

Að norðan af línu réttvísandi norðaustur frá grunnlínupunkti nr. 9 (Langanesi 66°22,7′ N – 14°31,9′ V) og að sunnan af línu réttvísandi austur frá grunnlínupunkti nr. 10 (Glettinganesi 65°30,5′ N – 13°36,3′ V).[2)]

4 Á tímabilinu 1. janúar - 15. maí skulu handfæraveiðar þó bannaðar innan 12 sjómílna á svæði sem afmarkast að austan af línu réttvísandi suður frá grunnlínupunkti nr. 29 (Surtsey 63°17,6′ N – 20°36,3′ V) og að vestan af línu réttvísandi í vestur frá grunnlínupunkti nr. 32 (Skálasnaga 64°51,3′ N – 24°02,5′ V).

[1)]Rg. 613/2025, 1. gr. [2)]Svo birt í Stjórnartíðindum en ætti ekki að vera sérstök mgr. þar sem um er að ræða upptalningu á eftir tvípunkti.

4. gr.

1 Færeyskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða eru heimilar veiðar utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. reglugerð um fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

1 Færeysk skip sem leyfi hafa fengið til veiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1170/2013 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

6. gr.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

7. gr.

1 Færeysk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

8. gr.

1 Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil. Aflatölur skal miða við fisk upp úr sjó.

2 Við útreikning á „afla um borð“ í „afla upp úr sjó“ skal margfalda með eftirtöldum umreiknistuðlum.

Tegund	**Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó**		**Úr slægðum í fisk upp úr sjó**
	með klumbubeini	**án klumbubeins**	
Keila	1,39	1,47	1,11
Langa	1,47	1,62	1,25
Blálanga	1,47	1,62	1,25
Steinbítur	1,59	1,66	1,11
Grálúða	1,46	1,46	1,09
Lúða	1,36	1,36	1,09
Karfi	1,64	1,82	1,06
Þorskur	1,59	1,83	1,19
Ýsa	1,53	1,78	1,19
Ufsi	1,43	1,68	1,19
Hlýri	1,59	1,66	1,11

3 Skipum við handfæra- eða línuveiðar er óheimilt að hafa um borð veiðarfæri sem nota má til annarra fiskveiða.

9. gr.

1 Skipstjórum færeyskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum.

2 Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

10. gr.

1 Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í færeysk fiskiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð og ennfremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu. Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í viðkomandi fiskiskipi.

2 Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afla-dagbækur um veiðarnar sem uppfylla ákvæði um afladagbækur samkvæmt kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Staðfestar upplýsingar um landaðan afla einstakra skipa hvers mánaðar, sundurliðaðar eftir fisktegundum og löndunardögum, skal senda Fiskistofu eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót.

11. gr.

1 Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum samnings ríkjanna, sbr. 1. gr.

2 Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

12. gr.

1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

13. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. janúar 2018.

Reglugerð

nr. 150/2024, um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2024.[1)]

[1)]Reglugerðin var gefin út vegna ársins 2024. Ný reglugerð hefur ekki verið gefin út en eldri reglugerð er birt hér til upplýsingar þrátt fyrir að reglugerðin eigi ekki við vegna ársins 2026.

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld um heimildir færeyskra skipa til veiða á kolmunna í fiskveiðilandhelgi Íslands á árinu 2024.

2 Allar kolmunnaveiðar innan fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2. gr.
Lokunarsvæði.

1 Óheimilt er að stunda kolmunnaveiðar með flotvörpu vestan 20°30′ V og innan línu fyrir Suður- og Austurlandi sem dregin er milli eftirgreindra punkta:

1. 63°05,90′ N - 20°30,00′ V
2. 63°11,40′ N - 19°07,30′ V
3. 63°07,50′ N - 18°38,00′ V
4. 63°09,00′ N - 18°27,00′ V
5. 63°07,00′ N - 18°02,00′ V
6. 63°12,50′ N - 17°00,00′ V
7. 63°20,00′ N - 16°03,00′ V
8. 63°22,50′ N - 15°51,00′ V
9. 63°26,00′ N - 15°29,00′ V
10. 63°30,70′ N - 15°00,00′ V
11. 63°33,60′ N - 14°41,70′ V
12. 63°43,40′ N - 13°53,00′ V
13. 64°00,00′ N - 13°07,00′ V
14. 64°21,70′ N - 12°17,30′ V
15. 64°32,30′ N - 11°41,00′ V
16. 65°00,00′ N - 11°28,00′ V
17. 65°27,00′ N - 11°24,00′ V
18. 66°06,00′ N - 11°33,00′ V
19. 66°42,00′ N - 12°50,00′ V

og þaðan í réttvísandi 305° að mörkum fiskveiðilögsögunnar.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. eru kolmunnaveiðar heimilar innan íslenskrar lögsögu vestan 27°30′V. Veiðar með kolmunnavörpu við Þórsbanka eru aðeins heimilar að varpan sé búin meðaflaskilju í samræmi við ákvæði reglugerðar um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.

3 Svæðið markast af línum sem dregnar eru milli eftirgreindra punkta:

1. 65°00′00 N - 10°20′00 V
2. 64°37′00 N - 10°20′00 V
3. 64°37′00 N - 09°50′00 V
4. 64°04′00 N - 09°50′00 V
5. 63°17′00 N - 11°20′00 V
6. 63°07′00 N - 12°29′00 V
7. 63°45′50 N - 12°56′70 V
8. 63°53′44 N - 13°25′00 V
9. 64°00′00 N - 13°07′00 V
10. 64°21′70 N - 12°17′30 V
11. 64°32′30 N - 11°41′00 V
12. 65°00′00 N - 11°28′00 V

3. gr.
Búnaður.

1 Skipum sem stunda kolmunnaveiðar er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

4. gr.
Heimild til veiða.

1 Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt 1. gr., er skylt að halda afladagbækur sem uppfylla ákvæði í kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Senda skal Fiskistofu staðfestar löndunartölur sundurliðaðar eftir tegundum þegar að löndun lokinni.

2 Veiðarfæri sem ætluð eru til annarra veiða en kolmunnaveiða, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.
Fjarskiptabúnaður.

1 Aðeins er þeim færeyskum fiskiskipum heimilt að stunda kolmunnaveiðar í flotvörpu innan íslenskrar lögsögu, sem búin eru fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti.

6. gr.
Tilkynningar.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar nr. 1133/2013 um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

7. gr.
Eftirlit.

1 Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

2 Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar lögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

3 Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

8. gr.
Viðurlög.

1 Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

2 Skip sem veiðileyfi hafa skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

3 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.[1)]

Gildistaka og lagastoð.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1606/2022 um heimild færeyskra skipa til veiða á kolmunna við Ísland á árinu 2023.

[1)]*Svo birt í Stjórnartíðindum. Greinarnúmer ætti að vera 9. gr.*

Matvælaráðuneytinu, 29. janúar 2024.

Reglugerð

nr. 220/2025, um loðnuveiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2024/2025.[1)]

[1)]Reglugerðin var gefin út vegna fiskveiðiársins 2024/2025. Ný reglugerð hefur ekki verið gefin út en eldri reglugerð er birt hér til upplýsingar þrátt fyrir að reglugerðin eigi ekki við vegna fiskveiðiársins 2025/2026.

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu frá og með 15. október 2024 til og með 15. apríl 2025. Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót. Færeyskum skipum er þó heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem tilgreint er í 6. gr. Veiðarfæri, sem eru annarrar gerðar en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu. Sé flottroll geymt á flottrollstromlu skal poki trollsins fjarlægður og geymdur sérstaklega í veiðarfærageymslu.

2. gr.

1 Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í BT, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki og netfang.

3 Skipum sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

3. gr.

1 Skipum sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

4. gr.

1 Færeyskum skipum er heimilt að veiða samtals 429 tonn af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Færeysk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þau skulu einnig hlíta sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

5. gr.

Færeyskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

Sé loðna kreist vegna hrogna um borð í skipi skal reikna magn afla sem samtölu af hrognum og afskurði.

Eftir 17. febrúar 2025 er að hámarki heimilt að landa ⅓ af leyfilegum heildarafla til manneldisvinnslu utan Íslands eða vinna til manneldis um borð þó ekki undir 4.000 tonnum.

Færeyskum yfirvöldum er skylt að tilkynna til Fiskistofu um magn þess loðnuafla sem veiðist í fiskveiðilandhelgi Íslands og landað er í Færeyjum. Tilkynna skal um hverja löndun innan sólarhrings og hversu mikið fer til bræðslu, hversu mikið til manneldisvinnslu í Færeyjum og hversu mikið var unnið til manneldis um borð.

6. gr.

1 Færeyskum skipum er heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línum sem dregnar eru milli eftirfarandi punkta:

1. 67°11´N - 014°30´V
2. 68°00´N - 014°30´V
3. 68°00´N - 008°30´V
4. 65°15´N - 008°30´V
5. 65°15´N - 011°20´V
6. 66°05´N - 011°30´V
7. 66°15´N - 012°00´V
8. 66°12´N - 012°22´V
9. 66°40´N - 012°40´V
10. 66°47´N - 013°00´V
11. 66°52´N - 013°08´V
12. 67°11´N - 014°30´V

2 Verði aðgangur færeyskra skipa að fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkaður, vegna nauðsynlegs skipulags á veiðum, er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

3 Ef fjöldi skipa er takmarkaður skv. 2. mgr. skulu ekki vera fleiri loðnuveiðiskip í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni en þau sem hafa hlotið staðfestingu frá Landhelgisgæslunni.

7. gr.

1 Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

8. gr.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

9. gr.

1 Skipstjórum færeyskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

2 Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í færeysk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og enn fremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

3 Sé loðna brædd um borð í skipi skal eftirlitsmaður Fiskistofu ávallt vera um borð og skal útgerð greiða allan kostnað vegna veru eftirlitsmanns um borð í skipi.

4 Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók.
Skipsdagbók.
Mælibréfi.
Teikningum af skipi, þ.m.t. dælubúnaði.
Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.
Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.
Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

5 Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentimetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

10. gr.

1 Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Fiskistofu, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

11. gr.

1 Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

12. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

13. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 6. gr., 8. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi, nema ákvæði 3. mgr. 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1162/2021 um loðnuveiðar færeyskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2021/2022.

Matvælaráðuneytinu, 27. febrúar 2025.

Reglugerð

nr. 873/2025, um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2025.

1. gr.

1 Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við færeysk stjórnvöld og um heimildir skipa frá Færeyjum til veiða á síld úr norsk-íslenska síldarstofninum í efnahagslögsögu Íslands á árinu 2025.

2. gr.

1 Veiðar, sbr. 1. gr., innan íslenskrar efnahagslögsögu eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu. Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting þess að viðkomandi skip hafi leyfi til síldveiða í efnahagslögsögu Íslands og ennfremur reglur, sem um síldveiðarnar gilda.

Færeysk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til síldveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

Leyfi Fiskistofu skal aðeins veitt þegar staðfest hefur verið að áhöfn og aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa, hafi kynnt sér með fullnægjandi hætti framkvæmd sýnatöku skv. 3. gr.

Skipum sem leyfi hafa fengið til veiða á norsk-íslenskri síld er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

3. gr.

1 Færeyskum skipum er óheimilt að stunda síldveiðar á svæði sunnan 67°00,00´N og vestan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 67°00,00´N - 013°19,00´V
2. 66°42,00´N - 012°50,00´V
3. 66°06,00´N - 011°33,00´V
4. 65°27,00´N - 011°24,00´V
5. 65°00,00´N - 011°28,00´V
6. 64°32,30´N - 011°41,00´V
7. 64°21,70´N - 012°17,30´V
8. 64°00,00´N - 013°07,00´V
9. 63°43,00´N - 014°00,00´V

og þaðan réttvísandi í 180° að mörkum efnahagslögsögunnar

2 Færeysk veiðiskip skulu hlíta þeim takmörkunum sem síldveiðum eru settar í sérstökum reglugerðum eða skyndilokunum.

3 Færeysk skip er stunda síldveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt 1. gr. skulu taka sýni úr afla. Sýni skulu tekin úr hverju kasti eða togi og skal sýnatakan framkvæmd fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni úr hverju kasti eða togi. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda svo unnt sé að greina íslenska sumargotssíld frá norsk-íslenskri síld í samræmi við kynþroskastig. Sýnatakan skal skráð á þar til gert eyðublað Fiskistofu og skal senda það til Fiskistofu áður en komið er til hafnar.

4 Einnig skulu færeysk skip er stunda síldveiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt 1. gr. taka eitt sýni í hverri veiðiferð, sýni skulu tekin úr einu kasti eða togi og skal sýnatakan framkvæmd fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni og fryst.

5 Frosnum aflasýnum skal komið til Havstovan í Þórshöfn í Færeyjum.

4. gr.

1 Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í efnahagslögsögu Íslands skv. 2. gr., er skylt að halda afladagbækur sem uppfylla ákvæði í kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Senda skal Fiskistofu staðfestar löndunartölur sundurliðaðar eftir tegundum þegar að löndun lokinni.

2 Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

1 Skip sem leyfi hafa fengið til síldveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

Skip sem leyfi hafa fengið til síldarveiða skv. 2. gr. skulu hafa sjóskilju þar sem hámarksbil milli rimla er ekki meira en 10 mm og skulu rimlarnir rafsoðnir fastir. Ef að gataplötur eru notaðar í stað rimla má hámarksþvermál gata ekki fara yfir 10 mm. Göt og rimlar í rennum framan við sjóskilju mega ekki fara yfir 15 mm í þvermál.

6. gr.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í efnahagslögsögu Íslands hefjast og á leið út úr efnahagslögsögu Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð nr. 1170/2013, um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

7. gr.

1 Skip sem stunda veiðar í efnahagslögsögu Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibönn, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

8. gr.

1 Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

2 Fiskistofu er heimilt að setja veiðieftirlitsmenn um borð í veiðiskip sem leyfi hafa til veiða innan íslenskrar efnahagslögsögu. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

3 Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

9. gr.

1 Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan efnahagslögsögunnar brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum milliríkjasamninga.

10. gr.

 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

11. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 750/2024 um heimild færeyskra skipa til síldveiða við Ísland á árinu 2024.

Matvælaráðuneytinu, 30. júlí 2025.

Reglugerð

nr. 187/2025, um loðnuveiðar grænlenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2024/2025.[1)]

[1)]Reglugerðin var gefin út vegna fiskveiðiársins 2024/2025. Ný reglugerð hefur ekki verið gefin út en eldri reglugerð er birt hér til upplýsingar þrátt fyrir að reglugerðin eigi ekki við vegna fiskveiðiársins 2025/2026.

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða grænlenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu frá og með 15. október 2024 til og með 30. apríl 2025. Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót. Grænlenskum skipum er þó heimilt að stunda loðnuveiðar með flotvörpu innan svæðis sem afmarkast af línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 67°11´N - 014°30´V
2. 68°00´N - 014°30´V
3. 68°00´N - 008°30´V
4. 65°15´N - 008°30´V
5. 65°15´N - 011°20´V
6. 66°05´N - 011°30´V
7. 66°15´N - 012°00´V
8. 66°12´N - 012°22´V
9. 66°40´N - 012°40´V
10. 66°47´N - 013°00´V
11. 66°52´N - 013°08´V
12. 67°11´N - 014°30´V

2 Veiðarfæri, sem eru annarrar gerðar en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

2. gr.

1 Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í BT, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki og netfang.

3 Skipum sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

4 Skip sem heimild hafa til veiða skv. 1. mgr. skulu hafa sjóskilju þar sem hámarksbil milli rimla er ekki meira 10 mm og skulu rimlarnir rafsoðnir fastir. Ef gataplötur eru notaðar í stað rimla má hámarksþvermál gata ekki fara yfir 10 mm. Göt og rimlar í rennum framan við sjóskilju mega ekki fara yfir 15 mm í þvermál.

3. gr.

1 Grænlenskum skipum er heimilt að veiða samtals 2.998 tonn af loðnu í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Verði heildarafli skv. 1. mgr. aukinn, er grænlenskum skipum þó einungis heimilt að veiða 35.000 tonn eftir 15. febrúar sunnan við 64°30´N. Þremur tilgreindum grænlenskum skipum er heimilt að vinna, að hámarki 6.500 tonn samtals af afla um borð meðan skipið er í fiskveiðilandhelgi

Íslands. Óheimilt er að hefja vinnslu um borð fyrr en tilkynning berst frá grænlenskum yfirvöldum til Fiskistofu og eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar um viðkomandi skip.

3 Grænlensk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þau skulu einnig hlíta sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

[1)]*Rg. 209/2023.*

4. gr.

1 Grænlenskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

1 Verði aðgangur grænlenskra skipa að fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkaður, vegna nauðsynlegs skipulags á veiðum, er óheimilt að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

2 Ef fjöldi skipa er takmarkaður skv. 1. mgr. skulu ekki vera fleiri loðnuveiðiskip í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni en þau sem hafa hlotið staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 12. gr.

6. gr.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna.

7. gr.

1 Skip sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

8. gr.

1 Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni siglingu skipsins inn í íslenska lögsögu og komutíma í athugunarstað með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara.

2 Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

Orðið „komutilkynning“ (COE report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

3 Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er í 1. mgr.

9. gr.

1 Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

Orðið „aflatilkynning“ (CAT report).
Nafn skips.
Kallmerki.

Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.

2 Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

10. gr.

1 Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „lokatilkynning“ (COX report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Afli síðan síðasta aflatilkynning var send.

11. gr.

1 Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstað með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „athugunartilkynning“ (CON report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 6. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

2 Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

12. gr.

1 Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar, sbr. 3. og 4. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „In“.
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Heildarafli um borð, í tonnum.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

2 Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „Staðsetningartilkynning“ (POS report).
Nafn skips.
Kallmerki.
Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

3 Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:
Orðið „Out“.
Nafn skips.

Kallmerki.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

13. gr.

1 Skipstjórum grænlenskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

2 Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í grænlensk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og enn fremur greiða allan kostað af veru þeirra um borð í skipinu.

3 Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið skv. 2. gr. til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands, er skylt að halda afladagbækur um veiðarnar. Í afladagbók, sem skal vera innbundin með númeruðum síðum og í tvíriti, skal skipstjóri skrá eftirfarandi upplýsingar: nafn skips, veiðisvæði, veiðitíma og afla í hverju togi eða kasti. Staðfestar aflatölur hvers mánaðar og afrit af afladagbókunum skal senda Fiskistofu eigi síðar en 14 dögum eftir hver mánaðamót eða eftir að veiðum skips lýkur.

4 Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:
Afladagbók.
Skipsdagbók.
Mælibréfi.
Teikningum af skipi, þ.m.t. dælubúnaði.
Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.
Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.
Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

5 Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentimetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

14. gr.

1 Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Fiskistofu, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

15. gr.

1 Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 6. gr. og 8.-11. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

16. gr.

1 Tilkynningar skv. 7.-11. gr. skal senda á íslensku eða ensku, og skulu tímasetningar vera miðaðar við íslenskan tíma, UTC.

2 Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

17. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

18. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1201/2022 um loðnuveiðar grænlenskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2022/2023.

Matvælaráðuneytinu, 21. febrúar 2025.

Reglugerð

nr. 670/2025, um heimild grænlenskra skipa til veiða á makríl á árinu 2025.[1)]

[1)] *Breytingasaga reglugerðar nr. 670/2025 sbr. 799/2025.*

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi lýtur að framkvæmd samninga sem íslensk stjórnvöld hafa gert við grænlensk stjórnvöld og um heimildir skipa frá Grænlandi til veiða á makríl í fiskveiðilandhelgi Íslands frá 1. janúar til og með 31. desember 2025.

2. gr.

Veiðileyfi.

1 Veiðar, sbr. 1. gr., innan íslenskrar fiskveiðilandhelgi eru óheimilar nema að fengnu sérstöku leyfi Fiskistofu.

2 Grænlensk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til veiða á makríl til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3 Um borð í veiðiskipi skal vera staðfesting þess að viðkomandi skip hafi leyfi til veiða á makríl í fiskveiðilandhelgi Íslands og enn fremur reglur sem um makrílveiðarnar gilda.

3. gr.

Afladagbækur.

1 Fiskiskipum sem leyfi hafa fengið til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands skv. 2. gr., er skylt að halda afladagbækur sem uppfylla ákvæði í kafla III og viðauka IV í reglum Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC). Senda skal Fiskistofu staðfestar löndunartölur sundurliðaðar eftir tegundum þegar að löndun lokinni.

4. gr.

Búnaður.

1 Skipum sem hafa fengið heimild til veiða á makríl er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

2 Hámarksbil milli rimla í sjóskilju skal ekki vera meira 10 mm og skulu rimlarnir rafsoðnir fastir. Ef að gataplötur eru notaðar í stað rimla má hámarksþvermál gata ekki fara yfir 10 mm. Göt og rimlar í rennum framan við sjóskilju mega ekki fara yfir 15 mm í þvermál.

3 Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

5. gr.

Veiðitilhögun og meðafli.

1 Makrílveiðar í flottroll eru ekki heimilar nær landi en 12 sjómílur frá viðmiðunarlínu. Makrílveiðar í net eru óheimilar.

2 Makrílveiðar í flottroll eru bannaðar á svæði sem afmarkast af línum sem dregnar eru á milli eftirfarandi hnita:

1. 68°30 N - 17°00 V
2. 65°30 N - 17°00 V
3. 65°30 N - 26°00 V
4. 66°00 N - 26°00 V

5. 66°55 N - 24°13 V
6. 67°40 N - 24°13 V
7. 68°30 N - 19°04 V

3 Ef meðafli í hali/togi af öðrum tegundum er meiri en 10% skal fiskiskip færa sig um 20 sjómílur frá þeim stað er síðast var togað. Ekki er heimilt að fara á fyrri stað fyrr en að loknum tveimur sólarhringum.

4 Ef heildarmeðafli grænlenskra skipa fer yfir 5% af veiðiheimildum Grænlendinga í makríl í íslenskri lögsögu er Fiskistofu heimilt að stöðva veiðar skipa sem hafa leyfi skv. 2. gr.

6. gr.

Sýnataka.

1 Sé makríll veiddur í flottroll eða nót, skulu tekin sýni úr afla, a.m.k. eitt í hverri veiðiferð og skal skrá sýnatökuna í afladagbók skipsins. Í hverju sýni skulu vera að minnsta kosti 50 stk. af makríl, sem valin eru af handahófi. Sýnin skulu fryst um borð, merkt skilmerkilega (veiðiskip, staður, dagsetning og dýpi) og send Hafrannsóknastofnun, þegar að lokinni veiðiferð.

7. gr.

Fjarskiptabúnaður.

1 Skip sem leyfi hafa fengið til makrílveiða, sbr. 2. gr., skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin.

2 Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd Eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

3 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til Eftirlitsstöðvarinnar.

8. gr.

Tilkynningar.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu, nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr fiskveiðilandhelgi á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu.

2 Um tímafresti tilkynninga gilda ákvæði reglugerðar um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands, nr. 1170/2013.

9. gr.

1 Tilkynna skal Eftirlitsstöðinni um siglingu skipsins inn í íslenska fiskveiðilandhelgi og komutíma á athugunarstað með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara.

2 Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

1. Orðið „komutilkynning“ (COE report).
2. Nafn skips.
3. Kallmerki.

4. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
5. Heildarafli um borð, í tonnum.
6. Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 8. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

3 Haldi skip til veiða úr íslenskri höfn skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er í 1. og 2. mgr.

10. gr.

Tilkynning um veiðar.

1 Skip sem stundar veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands skal á hverjum degi á tímabilinu frá kl. 00.00 til 08.00 að íslenskum tíma, senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu þar sem eftirfarandi kemur fram í þessari röð:

1. Orðið „aflatilkynning“ (CAT report).
2. Nafn skips.
3. Kallmerki.
4. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
5. Heildarafli um borð, í tonnum.
6. Afli síðasta sólarhrings, miðað við kl. 24.00, eða afli frá því skipið kom inn í fiskveiðilandhelgi Íslands sé um skemmri tíma að ræða.

11. gr.

Tilkynning um lok veiða.

1 Þegar skip lýkur veiðum í fiskveiðilandhelgi Íslands skal það tilkynnt Eftirlitsstöðinni. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

1. Orðið „lokatilkynning“ (COX report).
2. Nafn skips.
3. Kallmerki.
4. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar tilkynning er send.
5. Heildarafli um borð, í tonnum.
6. Afli síðan síðasta aflatilkynning var send.

12. gr.

Tilkynning um siglingu út úr fiskveiðilandhelgi.

1 Áður en skip heldur út úr fiskveiðilandhelgi Íslands skal senda Eftirlitsstöðinni tilkynningu um það og komutíma í athugunarstað með minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

1. Orðið „athugunartilkynning“ (CON report).
2. Nafn skips.
3. Kallmerki.
4. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
5. Heildarafli um borð, í tonnum.
6. Athugunarstaður sem siglt verður um, sbr. 8. gr. og fyrirhugaður komutími á staðinn.

2 Landi skip afla sínum í íslenskri höfn skal tilkynna það Eftirlitsstöðinni á sama hátt og greint er frá í 1. mgr. en í stað athugunarstaðar í síðasta lið verði greint frá löndunarhöfn.

13. gr.

Tilkynning vegna óslitinnar siglingar.

1 Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar, sbr. 3. og 4. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina, enda tilkynni þau til Landhelgisgæslunnar um komu sína í fiskveiðilandhelgina, eða brottför úr íslenskri höfn, með

minnst 2 klukkustunda fyrirvara og mest 6 klukkustunda fyrirvara. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

1. Orðið „In“.
2. Nafn skips.
3. Kallmerki.
4. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
5. Heildarafli um borð, í tonnum.
6. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar sigling út úr lögsögunni er áætluð.

2 Á 12 klukkustunda fresti skal síðan senda tilkynningu um staðsetningu skipsins til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

1. Orðið „Staðsetningartilkynning“ (POS report).
2. Nafn skips.
3. Kallmerki.
4. Dagsetning, tími, stefna, hraði og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.

3 Þegar skip siglir út úr íslenskri fiskveiðilandhelgi skal það tilkynnt til Landhelgisgæslunnar. Í tilkynningunni komi eftirfarandi upplýsingar fram í þessari röð:

1. Orðið „Out“.
2. Nafn skips.
3. Kallmerki.
4. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd, þegar tilkynning er send.
5. Dagsetning, tími og staðsetning í breidd og lengd þegar skip siglir út úr lögsögunni.

14. gr.

Veiðar og vinnsla erlendra skipa.

1 Skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibönn, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

2 [Grænlensk skip sem hafa leyfi skv. 2. gr. er heimilt að fullvinna afla um borð.

3 Óheimilt er að hefja veiðar í íslenskri fiskveiðilögsögu ef afli veiddur utan íslenskrar fiskveiðilögsögu er um borð í fiskiskipinu.

4 Afli sem veiddur er í íslenskri fiskveiðilögsögu og fullunninn er um borð í fiskiskipi samkvæmt samningi milli Grænlands og Íslands um veiðar á makríl skal landa á Íslandi.

5 Skylt er að landa afskurði er fellur til við fullvinnslu afla.

6 Óheimilt er að hefja veiðar utan íslenskrar fiskveiðilögsögu fyrr en að lokinni löndun á Íslandi.][1)]

[1)] *Rg. 799/2025, 1. gr.*

15. gr.

Eftirlit.

1 Eftirlit með framkvæmd reglugerðar þessarar er í höndum Landhelgisgæslu Íslands, Fiskistofu og eftirlitsmanna í hennar þjónustu.

2 Grænlensk fiskiskip er stunda veiðar á makríl samkvæmt 1. gr. skulu hafa eftirlitsmann Fiskistofu um borð. Skal útgerð skips sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð í veiðiskipi og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

3 Telji Landhelgisgæslan eða Fiskistofa að eftirlit samkvæmt reglugerð þessari geti ekki farið fram á sjó, skal hlutaðeigandi skipi skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem eftirlit getur farið fram.

16. gr.

Svipting leyfis.

 Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða innan fiskveiðilandhelgi Íslands, brjóti útgerð, áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um hlutaðeigandi veiðar gilda, reglugerðum eða ákvæðum milliríkjasamninga.

17. gr.

Viðurlög.

 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998.

18. gr.

Lagaheimild og gildistaka.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Um leið fellur úr gildi reglugerð nr. 751/2024.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 12. júní 2025.

Reglugerð

nr. 116/2024, um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2024.[1)]

[1)]Reglugerðin var gefin út vegna ársins 2024. Ný reglugerð hefur ekki verið gefin út en eldri reglugerð er birt hér til upplýsingar þrátt fyrir að reglugerðin eigi ekki við vegna ársins 2026.

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til framkvæmdar samnings milli Íslands, Noregs og Rússlands frá 15. maí 1999 um tiltekna þætti í samstarfi á sviði sjávarútvegs ásamt tvíhliða bókun við hann frá sama degi milli Íslands og Noregs.

2. gr.

1 Veiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu háðar leyfum Fiskistofu. Ekki skulu fleiri en þrjú norsk skip hafa leyfi til línuveiða samtímis.

2 Norsk stjórnvöld skulu sækja um leyfi fyrir skip til línuveiða til Fiskistofu. Í umsókn skal tilgreina nafn skips, skrásetningarnúmer, stærð, tegund fjarskiptabúnaðar og kallmerki.

3. gr.

1 Norskum skipum sem hafa leyfi til línuveiða í íslenskri fiskveiðilandhelgi, samkvæmt þessari reglugerð, er heimilt að veiða samtals 500 tonn af keilu, löngu og blálöngu miðað við afla upp úr sjó. Auk þess er þeim heimilt að veiða alls 125 tonn af öðrum tegundum, þó ekki meira en 50 tonn af grálúðu og 50 tonn af karfa miðað við afla upp úr sjó. Allar beinar veiðar á lúðu (hvítlúðu) í fiskveiðilandhelgi Íslands eru óheimilar. Við línuveiðar skal sleppa allri lúðu (hvítlúðu) með því að skera á taum línunnar.

2 Í hverri veiðiferð skal afli í öðrum tegundum en keilu, löngu og blálöngu ekki vera meiri, en sem nemur 25% af samtals afla skipsins í keilu, löngu og blálöngu. Grálúðu- og karfaafli skal ekki vera meiri en sem nemur 10% í hvorri tegund.

3 Fari afli í einhverri einstakri tegund, annarri en keilu, löngu eða blálöngu, yfir 50% af heildarafla þegar lína er dregin, er óheimilt að leggja línuna aftur nær þeim stað en 5 sjómílur.

4 Afla skal haldið aðgreindum eftir tegundum um borð í skipinu.

5 Leyfi norskra skipa til línuveiða í fiskveiðilandhelgi Íslands falla úr gildi þegar sameiginlegur afli skipanna hefur náð þeim leyfilega heildarafla sem ákveðinn er í þessari grein.

4. gr.

1 Norskum skipum sem leyfi hafa fengið til línuveiða er einungis heimilt að stunda veiðar sunnan 64°00´N og utan 12 sjómílna frá grunnlínu, sbr. ákvæði laga nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn.

2 Óheimilt er, í sömu veiðiferð, að stunda jafnframt veiðar utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi.

5. gr.

1 Norsk skip sem leyfi hafa fengið til línuveiða skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar með sjálfvirkum hætti til eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 1170/2013 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands.

6. gr.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa

vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

7. gr.

1 Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nema annað sé sérstaklega ákveðið í reglugerð þessari og sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

2 Veiðarfæri, sem ætluð eru til annarra veiða en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu.

8. gr.

1 Skipstjórum norskra skipa sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í skipunum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi athugun geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun geti farið fram.

2 Leyfisbréf og reglur um veiðar skulu geymdar um borð í skipinu.

9. gr.

1 Heimilt er að frysta hausaðan og slægðan afla um borð. Frekari vinnsla á afla um borð er óheimil. Aflatölur skal miða við fisk upp úr sjó.

2 Við útreikning á „afla um borð“ í „afla upp úr sjó“ skal margfalda með eftirtöldum umreiknistuðlum:

Tegund	**Úr hausuðum og slægðum í fisk upp úr sjó**		**Úr slægðum í fisk upp úr sjó**
	Með klumbubeini	**Án klumbubeins**	
Keila	1,39	1,47	1,11
Langa	1,47	1,62	1,25
Blálanga	1,47	1,62	1,25
Steinbítur	1,59	1,66	1,11
Grálúða	1,46	1,46	1,09
Lúða	1,36	1,36	1,09
Karfi	1,64	1,82	1,06
Þorskur	1,59	1,83	1,19
Ýsa	1,53	1,78	1,19
Ufsi	1,43	1,68	1,19
Hlýri	1,59	1,66	1,11

10. gr.

1 Fiskistofa getur svipt skip leyfi til veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands brjóti útgerð eða áhöfn skipsins eða aðrir þeir er í þágu útgerðar starfa gegn lögum sem um veiðarnar gilda, reglugerð þessari eða ákvæðum í samningi ríkjanna, sbr. 1. gr.

11. gr.

1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn.

12. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands og ákvæðum laga nr. 41/1979, um landhelgi, aðlægt belti, efnahagslögsögu og landgrunn. Reglugerðin öðlast gildi 2. febrúar 2024. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1605/2022, um línuveiðar norskra skipa í íslenskri fiskveiðilandhelgi árið 2023.

Matvælaráðuneytinu, 26. janúar 2024.

Reglugerð

nr. 1203/2022, um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands fiskveiðiárið 2022/2023.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 1203/2022 sbr. 92/2023. Ný reglugerð hefur ekki verið gefin út en eldri reglugerð er birt hér til upplýsingar þrátt fyrir að reglugerðin eigi ekki við vegna fiskveiðiársins 2025/2026.*

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til loðnuveiða norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, á tímabilinu frá og með 15. október 2022 til og með 22. febrúar 2023. Óheimilt er að stunda veiðar með öðrum veiðarfærum en nót. Veiðarfæri, sem eru annarrar gerðar en leyfi miðast við, skulu geymd í sérstakri veiðarfærageymslu. Sé flottroll geymt á flottrollstromlu skal poki trollsins fjarlægður og geymdur sérstaklega í veiðarfærageymslu.

2. gr.

1 Aðeins þeim skipum sem fengið hafa sérstakt leyfi frá Fiskistofu er heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Um borð í veiðiskipi skal vera leyfi til loðnuveiða eða afrit af því.

2 Skip, sem óska eftir leyfi til loðnuveiða skulu sækja um það til Fiskistofu. Í umsókninni komi fram upplýsingar um nafn skips, skráningarnúmer, kallmerki, stærð í BT, burðargetu og upplýsingar um fjarskiptatæki og netfang.

3 Skipum sem leyfi hafa fengið til loðnuveiða er óheimilt að vera með þannig útbúnað að mögulegt sé að dæla úr tönkum skips undir yfirborði sjávar.

3. gr.

1 [Norskum skipum er heimilt að veiða samtals 43.215 tonn í fiskveiðilandhelgi Íslands og er þeim aðeins heimilt að stunda loðnuveiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands norðan við 64°30´N.][1)]

2 Norsk skip sem stunda veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands samkvæmt reglugerð þessari skulu hlíta ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands. Þau skulu einnig hlíta sömu reglum og eiga við um íslensk skip við sams konar veiðar, m.a. um veiðibann, friðunarsvæði og aðra lokun svæða.

[1)]*Rg. 92/2023.*

4. gr.

1 Norskum skipum er heimilt að landa afla sínum í íslenskum höfnum og gilda um vigtun afla sömu reglur og gilda fyrir íslensk skip. Óheimilt er að umskipa afla í fiskveiðilandhelgi Íslands.

5. gr.

1 Fjöldi norskra skipa, sem samtímis fá leyfi til að veiða í fiskveiðilandhelgi Íslands takmarkast við 30 skip.

2 Óheimilt er að hefja veiðar í fiskveiðilandhelginni nema fyrir liggi staðfesting frá Landhelgisgæslu Íslands um að fjöldi skipa sé innan tilskilinna marka.

3 Ekki skulu fleiri loðnuveiðiskip vera í fiskveiðilandhelgi Íslands hverju sinni, en hlotið hafa staðfestingu frá Landhelgisgæslunni, sbr. þó 7. gr.

6. gr.

1 Um siglingu skips, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilandhelgi Íslands, gilda ákvæði reglugerðar um eftirlitsstaði erlendra skipa

vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu nr. 1133/2013, þar sem fram kemur staðsetning athugunarstaðanna. Heimilt er Landhelgisgæslu Íslands að ákveða að skipin skuli sigla inn og út úr efnahagslögsögunni á tilteknum athugunarstöðum og að þeim beri að tilkynna komu sína á þá með ákveðnum fyrirvara í samræmi við reglugerð nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu. Tímafrestir tilkynninga koma fram í reglugerð um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil erlendra fiskiskipa í efnahagslögsögu Íslands nr. 1170/2013.

7. gr.

1 Þrátt fyrir ákvæði 5. gr. er skipum sem ekki hafa staðfestingu Landhelgisgæslunnar, sbr. 2. og 3. mgr. 5. gr. heimil óslitin sigling um fiskveiðilandhelgina.

8. gr.

1 Skipstjórum norskra loðnuskipa ber að auðvelda eins og unnt er eftirlit Landhelgisgæslu og Fiskistofu með veiðum, veiðarfærum og afla um borð í veiðiskipum. Telji eftirlitsaðilar að fullnægjandi eftirlit geti ekki farið fram á sjó er hlutaðeigandi skipstjórum skylt að hlíta fyrirmælum um að halda til nálægrar hafnar þar sem athugun getur farið fram.

2 Fiskistofu er heimilt að setja eftirlitsmenn um borð í norsk loðnuveiðiskip. Skal útgerð skipsins sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru um borð við eftirlit og enn fremur greiða allan kostnað af veru þeirra um borð í skipinu.

3 Starfsmenn Landhelgisgæslunnar og veiðieftirlits Fiskistofu skulu hafa aðgang að eftirtöldum gögnum sé þess óskað:

Afladagbók.
Skipsdagbók.
Mælibréfi.
Teikningum af skipi, þ.m.t. dælubúnaði.
Veiðileyfi frá Fiskistofu eða afriti af því.
Upplýsingum úr siglingatölvum og staðsetningartækjum skips.
Öðrum gögnum sem skipt geta máli við rannsókn meintra fiskveiðibrota.

4 Um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af lestum þess þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar. Þá skulu teikningar eða gögn sýna hvert rúmmál lestanna er miðað við 10 sentimetra millibil frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

9. gr.

1 Skipum ber að fylgja banni ráðuneytisins við veiðum vegna verndunarsjónarmiða og skyndilokunum Fiskistofu, sbr. 8.-11. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

10. gr.

1 Skip sem hafa veiðileyfi skv. reglugerð þessari skulu að öðru leyti fylgja ákvæðum laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

11. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Jafnframt getur Fiskistofa svipt skip leyfi til loðnuveiða innan fiskveiðilandhelginnar brjóti útgerð eða áhöfn skips eða aðrir sem í þágu útgerðar starfa gegn reglugerð þessari.

12. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, 2. gr., 6. gr., 8. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, 5. gr., 6. gr., 8. gr. og 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og 9. gr. laga nr. 22/1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 Reglugerðin öðlast þegar gildi, nema ákvæði 3. mgr. 2. gr. sem öðlast gildi 1. janúar 2023. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 1164/2021 um loðnuveiðar norskra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands á fiskveiðiárinu 2021/2022.

Matvælaráðuneytinu, 31. október 2022.

Reglugerð

nr. 1020/2021, um velferð sjávarspendýra við fiskveiðar og fiskeldi í sjó.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

 Tilgangur reglugerðarinnar er að tryggja velferð sjávarspendýra sem gætu orðið fyrir skaða við fiskveiðar og fiskeldi í sjó.

2. gr.

Bann við að skaða sjávarspendýr af ásetningi.

 Óheimilt er við fiskveiðar eða við fiskeldi í sjó að skaða sjávarspendýr af ásetningi, þ. á m. að fanga, særa eða veiða sjávarspendýr. Um meðferð sjávarspendýra við fiskveiðar eða við fiskeldi í sjó fer að öðru leyti eftir lögum um velferð dýra.

3. gr.

Viðurlög.

 Brot gegn reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 55/2013, um velferð dýra.

4. gr.

Lagastoð og gildistaka.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 46. gr. laga nr. 55/2013, um velferð dýra. Reglugerðin öðlast þegar gildi.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 24. ágúst 2021.

Reglugerð
nr. 745/2016, um vigtun og skráningu sjávarafla.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 745/2016 sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020, 990/2020, 358/2021, 399/2021, 709/2021, 1153/2021, 1775/2024, 599/2025 og 779/2025.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um vigtun og skráningu alls afla sem landað er hér á landi án tillits til þess hvar hann er veiddur.

2 Öllum afla, sem íslensk skip veiða úr stofnum sem að hluta eða öllu leyti halda sig í efnahagslögsögu Íslands, skal landað innanlands og hann veginn í íslenskri höfn.

2. gr.

1 Skipstjóri fiskiskips ber ábyrgð á að afli skipsins sé veginn samkvæmt ákvæðum reglugerðar þessarar. Skipstjóra er skylt að halda afla um borð í skipi sínu aðgreindum eftir tegundum. Verði því ekki viðkomið vegna smæðar báts skal afli aðgreindur eftir tegundum við löndun. Meðafli við veiðar á uppsjávarfiski skal ákvarðaður af vigtunarleyfishafa sem er móttakandi afla.

2 Afli skal skráður til aflamarks á veiðiskip. Óheimilt er að flytja afla milli skipa, nema kveðið sé á um annað í reglugerð.

3. gr.

1 Ökumaður flutningstækis sem flytur afla skal fá afrit af vigtarnótu og afhenda viðtakanda afla. Ökumanni er óheimilt að flytja afla fyrr en hann hefur fengið vigtarnótu afhenta.

4. gr.

1 Um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna skal fara að 2. mgr. 27. gr. laga nr. 91/2006 um mælingar, mæligrunna og vigtarmenn, sbr. reglur nr. 650/2007, um almennt og sérstakt hæfi löggiltra vigtarmanna.

5. gr.

1 Afli skal veginn í því ástandi sem hann er í við löndun. Þó er heimilt að vigta þorsk, ýsu og ufsa eftir slægingu í landi enda sé farið að ákvæðum IV. kafla reglugerðar þessarar.

2 Fiskistofu er heimilt að framkvæma sérstaka athugun á íshlutfalli afla vegna eftirlits og getur stofnunin ákveðið að sú mæling verði lögð til grundvallar við aflaskráningu.

6. gr.

1 Fiskistofu er heimilt að veita einkaaðilum leyfi til vigtunar sjávarafla í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar. Skilyrði leyfisveitingar er að eftirlitsmenn Fiskistofu hafi óhindrað aðgengi að aðstöðu þar sem vigtun afla fer fram og skal stofnuninni afhentur lyklakóði sem tryggir aðgengi.

2 Aðilum sem fengið hafa leyfi til vigtunar sjávarafla er skylt að vigta afla sem móttekinn er, í samræmi við útgefið leyfi.

I. KAFLI
Vigtun á hafnarvog.

7. gr.

1 Allur afli skal veginn á hafnarvog í löndunarhöfn þegar við löndun aflans og skal vigtun afla vera lokið innan tveggja klukkustunda frá því að löndun lauk. Skal við vigtunina nota löggilta vog í eigu viðkomandi hafnar. Vigtun skal framkvæmd af starfsmanni hafnar sem hlotið hefur til þess löggildingu.

2 Sé hafnarvog ekki í viðkomandi verstöð eða ef sérstakar ástæður eru fyrir hendi getur Fiskistofa leyft vigtun með öðrum hætti, séu skilyrði sem sett eru í III. kafla eða VI. kafla uppfyllt.

8. gr.

1 Allur afli skal veginn í ílátum með ís. Hver tegund skal vegin sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður á hafnarvog skal skrá á vigtarnótu tegund, fjölda og áætlaða þyngd íláta og draga frá vegnum afla. Vigtarmanni er einnig heimilt að draga allt að 3% frá vegnum afla vegna áætlaðs íss í afla eftir að hafa gengið úr skugga um að aflinn sé ísaður.

2 [Vigtarmanni er heimilt að draga 0,6% frá óunnum ofurkældum (íslausum) afla sem veginn er á hafnarvog vegna vökvafrádrags (e. drips).][1)]

3 [Vigtarmanni er heimilt að draga frá 12% þegar kælt er með flöguís eða 7% þegar kælt er með ísþykkni af óunnum afla sem veginn er á hafnarvog frágenginn til útflutnings, beint í flutningsfar. Skipstjóri skal tryggja að upplýsingar um kælimiðil berist til löndunarhafnar áður en afli er vigtaður og skráður. Komi í ljós við eftirlit Fiskistofu verulegt frávik frá ískhlutfalli í afla skips skal vigta afla skipsins skv. 1. mgr. eða 1. mgr. 11. gr. í næstu 8 vikur. Ef ítrekuð veruleg frávik eru frá tilkynntu ískhlutfalli í afla skips skal vigta afla skipsins skv. 1. mgr. og 1. mgr. 11. gr. næstu 16 vikur.][2)]

4 Frádráttur vegna íss skal tilgreindur á vigtarnótu.

5 [Vigtun strandveiðiafla skal lokið á hafnarvog, vigtarmanni er heimilt að draga allt að 3% frá vegnum afla vegna áætlaðs íss í afla eftir að hafa gengið úr skugga um að aflinn sé ísaður.][3)] [Fiskistofu er þó heimilt að veita fiskmörkuðum leyfi til að endurvigta ísaðan afla strandveiðibáta enda verði til þess notuð flæðivog eða sjálfvirk stykkjavog sem vigtar hvern fisk sérstaklega.][4)]

[1)]Rg. 325/2020, 1. gr. [2)]Rg. 990/2020, 1. gr. [3)]Rg. 599/2025, 1. gr. [4)]Rg. 779/2025, 1. gr.

9. gr.

1 Ökumaður flutningstækis skal láta vigta hverja tegund sérstaklega. Skal hann kynna sér aflasamsetningu farms sem hann flytur, og gefa vigtarmanni réttar upplýsingar þar um og gæta þess að upplýsingar á vigtarnótu gefi rétta mynd af farminum. Jafnframt skal ökumaður gefa vigtarmanni upplýsingar um viðtakanda afla.

10. gr.

1 Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður hafnar og vigtar aflann, gefur út og undirritar vigtarnótu þar sem eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Nafn seljanda, kaupanda og viðtakanda afla eða eftir atvikum fiskmarkaðar.
4. Vegið aflamagn, sundurliðað eftir tegundum.
5. Undirmálsafli.
6. Fjöldi íláta, gerð og þungi (t.d. kör, kassar, tunnur).
7. Veiðarfæri.
8. Sé um að ræða bretti eða palla sem ílátin eru flutt á skal gera grein fyrir fjölda þeirra.
9. Skrásetningarnúmer flutningstækis og eiginþyngd samkvæmt skráningu í ökutækjaskrá.
10. Tilgreina skal hvort afli fari til endurvigtunar.
11. Tilgreina skal hvort óslægður afli, sbr. 5. gr., verði veginn eftir slægingu eða umreiknist í slægðan afla samkvæmt slægingarstuðli sem útgefinn er af ráðuneytinu.

2 Upplýsingar samkvæmt vigtarnótu skal hafnarvigtarmaður ávallt skrá í aflaskráningarkerfi Fiskistofu án ástæðulauss dráttar.

II. KAFLI
Endurvigtun.

11. gr.

1 Heimilt er Fiskistofu að veita leyfi til að ísaður afli sem vigtaður hefur verið á hafnarvog sé endurvigtaður. Leyfi til endurvigtunar er veitt til heilvigtunar og úrtaksvigtunar afla svo sem nánar er kveðið á um í reglugerð þessari.

2 Leyfi til endurvigtunar skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir vigtunarleyfishafa rétt til endurvigtunar sjávarafla í því húsnæði sem tilgreint er í leyfisbréfi og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Leyfið gildir til allt að þriggja ára.

3 Taki nýr rekstraraðili við rekstri fyrirtækis sem hefur endurvigtunarleyfi skal sá aðili þegar í stað sækja um leyfi til endurvigtunar afla. Á meðan umsókn er til meðferðar hjá stjórnvöldum gildir fyrra leyfi.

12. gr.

1 Aðili sem óskar eftir leyfi til að vigta afla skal senda skriflega umsókn til Fiskistofu og skal Fiskistofa taka ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda.

2 Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn og kennitala umsækjanda.
2. Starfsemi umsækjanda.
3. Staðsetning vinnsluhúss sem vigtun fer fram í.
4. Nöfn þeirra löggiltu vigtarmanna sem munu vigta aflann og upplýsingar um hvenær þeir hlutu löggildingu. Þá komi fram hjá hverjum hinn löggilti vigtarmaður starfi.
5. Rekstrarform fyrirtækisins og nöfn aðaleigenda.
6. Vinnsluleyfisnúmer.
7. Gerð leyfis sem óskað er eftir þar sem tilgreind er framkvæmd vigtunar á hverri fisktegund og eftir atvikum aðferð við úrtaksvigtun.

3 Með umsókn skal fylgja nákvæm greinargerð um hvernig staðið verði að vigtun og skráningu afla, hvers konar vogir verði notaðar og hvenær þær voru löggiltar. Þar skal gerð grein fyrir því hvernig niðurstöður vigtunar verða notaðar í viðskiptum með sjávarafla og hvernig rekjanleiki þessara upplýsinga verður tryggður.

4 Fiskistofa skal meta hvort búnaður umsækjanda sé með þeim hætti að unnt verði að fara í hvívetna að reglum sem gilda um vigtun sjávarafla. Uppfylli umsækjandi kröfur sem gerðar eru til vigtunarleyfishafa skal Fiskistofa gefa út leyfi til endurvigtunar afla. Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til endurvigtunar afla.

13. gr.

1 Búnaður til heilvigtunar skal vera með þeim hætti að til staðar sé sjálfvirk vog sem vigtar allan afla með samfelldum hætti.

14. gr.

1 Búnaður til úrtaksvigtunar skal vera með þeim hætti að vigtarmanni sé kleift að annast vigtun þess afla sem unninn er daglega hjá viðkomandi vigtunarleyfishafa. Fiskistofa skal meta hvort búnaður og aðrar aðstæður hjá umsækjanda séu fullnægjandi og skal í því sambandi m.a. líta til ísskiljubúnaðar, fjölda starfsmanna sem annast vigtun og hvort nægilegt rými sé til vigtunar.

15. gr.

1 Við heilvigtun skal allur afli veginn. Heimilt er að heilvigta fisk eftir hausun og skal vigta búka og hausa sérstaklega.

2 Við úrtaksvigtun skal, í kjölfar brúttóvigtunar alls afla á hafnarvog, úrtak valið af handahófi þannig að það gefi sem réttasta mynd af aflanum og vigtun framkvæmd á þann veg að:

Afli í tilteknum fjölda íláta er vigtaður í samræmi við 3. gr. auglýsingar nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun, eða

þegar hvert kar hefur verið brúttóvigtað skal afli í tilteknum fjölda íláta vigtaður í samræmi við 4. gr. auglýsingar nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun.

3 [Vigtunarleyfishafi skal ávallt beita sömu aðferð við vigtun úrtaks. Það á þó ekki við um fiskmarkaði.][1)]

4 Vigtun afla skal framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð skal löggilt vog.

5 Löggiltur vigtarmaður sem jafnframt er starfsmaður löndunarhafnar getur enn fremur annast endurvigtun afla, enda sé löggilt vog notuð. Löggiltur vigtarmaður sjálfstæðs vigtunarleyfishafa, sbr. VI. kafla, getur einnig annast endurvigtun afla hafi viðkomandi vigtunarleyfishafi annast vigtun aflans við löndun enda fari vigtun fram í húsnæði hans á löggiltri vog eða hjá aðila sem hefur leyfi til endurvigtunar.

[1)]Rg. 709/2021

16. gr.

1 Þegar afli er endurvigtaður skal það gert svo fljótt sem verða má og án ástæðulauss dráttar og þegar afla er landað óslægðum. Vigtarnóta skal send löndunarhöfn strax að vigtun lokinni. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja virkra daga frá löndun aflans þegar afli er úrtaksvigtaður og innan fimm virkra daga þegar afli er heilvigtaður. Vigtarnóta skal þó ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja daga þegar afli er veginn eftir slægingu í landi.

2 Afla sem veginn hefur verið hjá endurvigtunarleyfishafa og fluttur er til kaupanda skal fylgja vigtarnóta þar sem fram koma þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr. Vigtarnóta skal þó ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja daga þegar afla er landað óslægðum.

17. gr.

1 Löggiltur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem, auk þess sem segir í 10. gr., skal tilgreina eftirfarandi upplýsingar fyrir hverja tegund:

1. Þegar um er að ræða heilvigtun:
   a. Heildarþunga fisks.
   b. Reiknað hlutfall íss í afla. (Brúttóafli, þ.e. afli og ís samkvæmt vigtun á hafnarvog, mínus nettóafli, þ.e. afli án íss við endurvigtun, margfaldað með 100, deilt með brúttóafla.)
   c. Niðurstöðu vigtunar á óslægðum afla eftir því sem við á, sbr. 25. gr.
2. Þegar um er að ræða úrtaksvigtun A:
   a. Fjöldi og gerð íláta sem valin eru í úrtak.
   b. Fyrir hvert ílát sem valið er í úrtak skal tilgreina:
      i. þunga fisks í hverju íláti,
      ii. þunga íss í hverju íláti,
      iii. þunga íláts.
3. Þegar um er að ræða úrtaksvigtun B:
   a. Niðurstaða brúttóvigtunar hvers kars.
   b. Fjöldi og gerð íláta sem valin eru í úrtak.
   c. Fyrir hvert ílát sem valið er í úrtak skal tilgreina:
      i. þunga fisks í hverju íláti,
      ii. þunga íss í hverju íláti,
      iii. þunga íláts.

d. Reiknað hlutfall íss í afla. (Brúttóafli, þ.e. afli og ís samkvæmt vigtun á hafnarvog, mínus nettóafli, þ.e. afli án íss við endurvigtun, margfaldað með 100, deilt með brúttóafla.)

18. gr.

1 Endurvigtunarleyfishafa, sem hefur heimild til heilvigtunar, er heimilt að fara með afla sem ætlaður er til útflutnings samkvæmt reglum um úrtaksvigtun og skal sá hluti aflans brúttóvigtaður á hafnarvog.

III. KAFLI
Heimavigtun.

19. gr.

1 [Fiskistofu er heimilt að veita undanþágu frá vigtun á hafnarvog að uppfylltum skilyrðum kafla þessa enda verði til þess notuð sjálfvirk vog sem vigtar allan afla fyrir stærðarflokkun og vinnslu með samfelldum hætti. Heimavigtunarleyfi má veita vegna löndunar á uppsjávarfiski og meðafla sem landað er með dælingu afla úr veiðiskipi beint til fiskvinnslu eða í hráefnisgeymslu. Vigtunarbúnaður skal skrá og geyma upplýsingar um vigtaðan afla í 3 ár. Fiskistofu er heimilt að veita leyfi til heimavigtunar á sjávargróðri með notkun ósjálfvirkrar vogar.][1)]

2 Leyfi til heimavigtunar skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir leyfið rétt til vigtunar sjávarafla í því húsnæði sem tilgreint er í leyfisbréfi og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið er á um. Í leyfisbréfi skal koma fram hvort leyfið er til heimavigtunar á uppsjávarfiski eða botnfiski [og sjávargróðri][2)]. Leyfið gildir til allt að tveggja ára.

3 Taki nýr rekstraraðili við rekstri fyrirtækis sem hefur heimavigtunarleyfi skal sá aðili þegar í stað sækja um nýtt leyfi til heimavigtunar afla. Á meðan umsókn er til meðferðar hjá stjórnvöldum gildir fyrra leyfi.

4 Leyfi til heimavigtunar veitir leyfishafa eingöngu heimild til vigtunar á afla sem fyrirhugað er að vinna á vigtunarstað eða seldur er á uppboði hjá fiskmarkaði. Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu leyfa til heimavigtunar afla.

[1)]Rg. 1775/2024, 1. gr. a-liður. [2)]Rg. 1775/2024, 1. gr. b-liður.

20. gr.

1 Heimavigtunarleyfi skal aðeins veitt að fenginni jákvæðri umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað. Heimavigtunarleyfi nær aðeins til vigtunar á afla sem landað er á tilteknum löndunarstað, sem tilgreindur er í leyfisbréfi sem Fiskistofa gefur út. Fiskistofa getur bundið heimavigtunarleyfi skilyrðum, s.s. varðandi tegundir og aðferð við vigtun. Heimavigtunarleyfi skal því aðeins veitt að veruleg vandkvæði séu á því að vega aflann á hafnarvog, eftirlit hafnar sé nægilegt og innra eftirlit fyrirtækisins traust auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Þá skal Fiskistofa meta hvort búnaður umsækjanda sé með þeim hætti að unnt verði að fara í hvívetna að reglum um vigtun sjávarafla. Aðili sem hefur heimavigtunarleyfi hefur jafnframt leyfi til endurvigtunar [og úrtaksvigtunar á loðnuhrognum][1)], sbr. II. kafla.

2 […

3 …

4 …][2)]

[1)]Rg. 1775/2024, 2. gr. a-liður. [2)]Rg. 1775/2024, 2. gr. b-liður.

21. gr.

1 [Aðili sem óskar eftir heimavigtunarleyfi skv. 19. gr. skal senda skriflega umsókn til Fiskistofu og skal Fiskistofa taka ákvörðun um leyfisveitingu eftir að hafa leitað álits viðkomandi hafnaryfirvalda. Í umsókninni skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

1. Nafn og kennitala umsækjanda.
2. Starfsemi umsækjanda.
3. Staðsetning vinnsluhúss sem vigtun fer fram í.
4. Nöfn þeirra löggiltu vigtarmanna sem munu vigta aflann og upplýsingar um hvenær þeir hlutu löggildingu.
5. Rekstrarform fyrirtækisins og nöfn aðaleigenda.
6. Vinnsluleyfisnúmer.
7. Listi yfir allar vogir sem notaðar verða til vigtunar og skráningar.

2 Með umsókn skal fylgja nákvæm greinargerð um hvernig staðið verði að vigtun og skráningu afla. Teikningar af öllum lögnum sem notaðar eru til flutnings afla við dælingu frá skipi og að vigtarbúnaði.

3 Ítarleg lýsing á framkvæmd heimavigtunar skal koma fram í handbók um innra eftirlit leyfishafa samkvæmt leiðbeiningum Fiskistofu.

4 Gera skal grein fyrir því hvernig niðurstöður vigtunar verða notaðar í viðskiptum með sjávarafla og hvernig rekjanleiki þessara upplýsinga verður tryggður.

5 Fiskistofa skal meta hvort búnaður umsækjanda sé með þeim hætti að unnt verði að fara í hvívetna að reglum sem gilda um vigtun sjávarafla. Uppfylli umsækjandi kröfur sem gerðar eru til vigtunarleyfishafa skal Fiskistofa gefa út heimavigtunarleyfi. Fiskistofa skal tilkynna viðkomandi hafnaryfirvöldum um veitingu heimavigtunarleyfa.

6 Sé fyrirhuguð breyting á vigtarbúnaði, sýnatökubúnaði eða á lögnum sem afla er dælt um skal senda upplýsingar um breytingar ásamt teikningum til Fiskistofu.

7 Fiskistofa getur bundið heimavigtunarleyfi því skilyrði að leyfishafi tryggi að tilkynningar um löndun og áætlaðan afla berist til löndunarhafnar og Fiskistofu áður en löndun hefst.][1)]

[1)]Rg. 1775/2024, 3. gr.

22. gr.

1 [Allar breytingar á stillingum á virkni vigtar og skráningarhluta vogar ásamt rafrænum innsiglum skulu vera rekjanlegar þar sem fram kemur tími og dagsetning breytinga og hverju var breytt.

2 Rafræn vigtargögn skulu innihalda magn, tímastimpil og aðrar þær upplýsingar sem tryggja rekjanleika löndunar og aflaskráningar skv. gildandi reglugerðum. Fiskistofu og viðkomandi löndunarhöfn skal veittur rauntímaaðgangur að vigtargögnum.

3 Löndunaraðstaða heimavigtunarleyfishafa skal vera með rafrænni vöktun sem greinir flæði afla á meðan löndun stendur og þar til vigtun og meðaflasýnatöku afla er lokið. Skal sá búnaður tengjast rafmóturum, safnkörum og færiböndum að vigtarbúnaði. Þar sem myndavélar eru notaðar til rafræns eftirlits skal staðsetning myndavéla vera þannig að greina megi flæði afla frá innmötun þar til vigtun og meðaflasýnatöku er lokið.

4 Fiskistofa og viðkomandi löndunarhöfn skal hafa aðgang að vistuðum upptökum úr myndavélaeftirliti og er heimill aðgangur að beinu streymi myndavélaeftirlits. Fiskistofa skal hafa aðgang að beinu streymi gagna vegna vigtunar. Upptökur úr myndavélaeftirliti skal vista og geyma í að minnsta kosti 30 daga.

5 Vogarhausar skulu vera nálægt vigtarbúnaði svo hægt sé að sjá skráningu og virkni voga þegar vigtun afla fer fram. Vogarhaus skal hafa að lágmarki 8 stafa runutölu sem safnar heildarvigtun hverrar vogar.

6 Aðflæði afla að trogvog skal stöðvast sjálfkrafa verði bilun eða villumeldingar í vigtarbúnaði, þar með talin bilun í kraftnemum eða yfirfylling voga eða þrifakerfi er sett í gang.

7 Vinnuþrýstingsfall á stjórnbúnaði voga skal einnig stöðva aðflæði afla að vog.

8 Til að tryggja að allur afli sé vigtaður skal aðflæði afla stöðvast sé kveikt á þrifakerfi eða standi trogvog opin. Skynjarar skulu vera á trogum vogar sem tryggja stöðvun aðflæðis.

9 Flæðivog og trogvog skulu hafa sjálfvirka törun.

10 Til að tryggt sé að allur afli sé vigtaður getur Fiskistofa innsiglað stjórnbúnað voga, færibanda og lagnaloka. Sé nauðsyn að rjúfa innsigli vegna bilunar eða viðhalds skal senda Fiskistofu samstundis upplýsingar um hvar og hvenær innsiglið var rofið ásamt upplýsingum um bilanir og viðhald.

11 Tryggja skal óhindrað aðgengi eftirlitsmanna og hafnarstarfsmanna að vigtarbúnaði þar sem vigtun afla fer fram, sbr. 54. gr.][1)]

[1)]Rg. 1775/2024, 4. gr.

23. gr.

[…][1)]

1 [Heimavigtun afla skal framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar og notuð skal löggilt vog.][2)]

2 [Vigtarnóta skal send til viðkomandi löndunarhafnar undirrituð af þeim löggilta vigtarmanni sem sá um vigtunina þegar vigtun lauk. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja virkra daga frá löndun aflans.][3)]

3 [Við úrtaksvigtun á loðnuhrognum skal vigtarnóta ávallt send til löndunarhafnar innan fimm virkra daga frá löndun aflans.][4)]

4 [Vigtarnóta skal send til viðkomandi löndunarhafnar undirrituð af þeim löggilta vigtarmanni sem sá um vigtunina þegar að vigtun lokinni. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar innan tveggja virkra daga frá löndun aflans þegar afli er úrtaksvigtaður og innan fimm virkra daga þegar afli er heilvigtaður. Vigtarnóta skal þó ávallt send innan tveggja daga þegar afla er landað óslægðum.

5 Á heimavigtunarnótu skal tilgreina sömu atriði og fram koma í 17. gr.

6 Afla sem veginn hefur verið hjá heimavigtunarleyfishafa og fluttur er til kaupanda skal fylgja vigtarnóta þar sem fram koma þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr.][5)]

[1)]Rg. 1775/2024, 5. gr. a-liður. [2)]Rg. 1775/2024, 5. gr. b-liður. [3)]Rg. 1775/2024, 5. gr. c-liður. [4)]Rg. 1775/2024, 5. gr. d-liður. [5)]Númer málsgreina breytast í samræmi við breytingar d-liðar 5. gr.

24. gr.

1 Senda skal Fiskistofu upplýsingar um magn afurða ásamt upplýsingum um nýtingarhlutfall viðkomandi afurða. Upplýsingarnar skal senda á því formi sem Fiskistofa ákveður eigi síðar en 15. hvers mánaðar, vegna afla sem unninn var undanfarinn mánuð.

2 [Nánari skilyrði um framkvæmd vigtunar uppsjávarfisks sem fer í hráefnisgeymslu fiskimjölsverksmiðju fer eftir 38. gr. og uppsjávarfisks sem fer í vinnslu (frystingu eða söltun) fer eftir 39. gr.][1)]

[1)]Rg. 1775/2024, 6. gr.

IV. KAFLI
Vigtun eftir slægingu í landi.

25. gr.

1 Fiskistofu er heimilt að veita vigtunarleyfishafa leyfi til að vigta þorsk, ýsu eða ufsa eftir slægingu í landi enda verði til þess notuð sjálfvirk vog sem vigtar allan afla með samfelldum hætti fyrir og eftir slægingu. Auk þess skal vigta hvern fisk sérstaklega. Vigtunarbúnaður skal skrá og geyma upplýsingar um vigtaðan afla síðastliðna tólf mánuði.

2 Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun aflans skal skrá á vigtarnótu, auk upplýsinga sem fram koma í 17. gr., upplýsingar um niðurstöðu vigtunar á óslægðum afla.

3 Vigtunarleyfishafa sem leyfi hefur til slægingar og vigtunar afla ber ávallt að slægja afla fyrir vigtun hans til skráningar. Það á þó ekki við um fiskmarkaði.

V. KAFLI
Vigtun á fiskmarkaði.

26. gr.

1 Fiskistofu er heimilt að veita fiskmörkuðum leyfi til endurvigtunar afla, sbr. 11. gr. eða til heimavigtunar afla, sbr. 19. gr. og til vigtunar eftir slægingu í landi, sbr. 1. mgr. 25. gr.

2 Um umsókn um vigtunarleyfi til fiskmarkaða og veitingu leyfa vísast til ákvæða 12. gr., sbr. 20. gr. og 1. mgr. 25. gr. eftir atvikum.

27. gr.

1 Um vigtun afla á fiskmarkaði fer skv. ákvæðum II. og III. kafla reglugerðar þessarar um endurvigtun og heimavigtun eftir því sem við á. Vigtarnóta skal ávallt send til löndunarhafnar þegar að vigtun lokinni þó eigi síðar en innan tveggja virkra daga frá löndun aflans.

2 Fiskmarkaði sem heimild hefur til vigtunar afla eftir slægingu í landi ber að vigta afla í samræmi við upplýsingar á vigtarnótu, sbr. 10. gr., eða tilkynningu skipstjóra þegar um er að ræða heimavigtunarleyfishafa.

3 Afla sem veginn hefur verið á fiskmarkaði og fluttur er til kaupanda skal fylgja vigtarnóta þar sem fram koma þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr.

VI. KAFLI
Vigtun sjálfstæðs aðila.

28. gr.

1 Fiskistofa getur veitt sjálfstæðum aðilum heimild til að annast vigtun á afla við löndun enda sé hún undir eftirliti og á ábyrgð viðkomandi hafnaryfirvalda.

2 Leyfið skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir það vigtunarleyfishafa rétt í samræmi við ákvæði leyfisbréfs til vigtunar sjávarafla við löndun í tiltekinni höfn. Í umsókn skal tilgreina þau atriði sem koma fram í 1.-6. tl. 12. gr. og með umsókn skal fylgja yfirlýsing hafnaryfirvalda um heimild umsækjanda til vigtunar sjávarafla undir eftirliti og á ábyrgð hafnarinnar. Leyfið gildir til þriggja ára.

3 Skilyrði fyrir leyfisveitingu er að innra eftirlit vigtunaraðila sé traust, vigtunarbúnaður löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni.

29. gr.

1 Heimild til vigtunar afla í umboði hafnar skal aðeins veitt þeim sem ekki eiga beina eignaraðild að útgerðarfyrirtæki eða fiskvinnslu, né annast eða hafa milligöngu um sölu á afla og ekki hafa slíkra hagsmuna að gæta að draga megi óhlutdrægni þeirra í efa með réttu. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun fyrir slíkan aðila skal uppfylla skilyrði um hæfi, sbr. 4. gr.

30. gr.

1 Vigtun afla sem framkvæmd er af sjálfstæðum aðila á grundvelli sérstaks vigtunarleyfis skal fara fram í samræmi við ákvæði I. kafla. Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun afla skal fylla út og undirrita vigtarnótu, sbr. 10. gr. og senda til viðkomandi hafnar án ástæðulauss dráttar.

VII. KAFLI
Vigtun einstakra tegunda.

Vigtun á grásleppu.

31. gr.

1 [Grásleppa skal vegin á hafnarvog samkvæmt ákvæðum 7. gr.

2 Við vigtun grásleppuhrogna skal brúttóvigta aflann og skrá fjölda tunna eða kara.

3 Við umreikning landaðra grásleppuhrogna í heila grásleppu til skráningar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu skal að frádreginni þyngd íláta miða við margföldunarstuðulinn 3,4.][1)]

[1)] *Rg. 358/2021.*

VII. KAFLI
Vigtun einstakra tegunda.

Vigtun á humri.

32. gr.

1 Humar skal veginn á hafnarvog skv. ákvæðum 7. gr.

2 Um vigtun á humri sem er vigtaður samkvæmt endurvigtunarleyfi gilda eftirfarandi ákvæði:

1. Humri, sem kemur slitinn í land, skal hellt í sérbúna ísskilju, ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af humarhölum áður en afli er veginn.
2. Humar sem slitinn er í landi skal veginn að lokinni afísun áður en honum er pakkað.
3. Heimilt er að vigta heilan humar í umbúðum þegar að lokinni pökkun. Einungis skal draga þyngd umbúða frá heildarþyngd.

3 Á vigtarnótu skulu koma fram þau atriði sem tilgreind eru í 17. gr. Um skil á vigtarnótu gilda ákvæði 16. gr.

Vigtun á hörpudiski.

33. gr.

1 Hörpudiskur skal veginn á hafnarvog skv. ákvæðum 7. gr. Um vigtun hörpudisks gilda að öðru leyti eftirfarandi reglur:

1. Fari endanleg vigtun fram á hafnarvog er vigtarmanni heimilt að draga allt að 4% frá vegnum afla vegna áætlaðra aðskotahluta í aflanum. Þessi frádráttur skal koma fram á vigtarnótu og er því aðeins leyfður að vigtarmaður á hafnarvog staðfesti með áritun á vigtarnótu að aðskotahlutir hafi verið í aflanum við löndun.
2. Sé aflinn endurvigtaður hjá endurvigtunarleyfishafa, skal það gert svo fljótt sem við verður komið og með eftirfarandi hætti:
   a. Löggiltur vigtarmaður sem annast skal vigtunina skal velja af handahófi og vigta úrtak sem nemur a.m.k. 0,5% af farmi. Við endurvigtunina skal úrtakið brúttóvigtað síðan skulu hrúðurkarlar, dauðar skeljar og aðrir aðskotahlutir hreinsaðir frá og úrtakið síðan vegið að nýju og þannig fundinn nettóþungi.
   b. Löggiltur vigtarmaður sem annast endurvigtun afla skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem tilgreina skal eftirfarandi atriði:
      - Nafn skips, skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
      - Veiðarfæri.
      - Löndunarhöfn og löndunardag.

- Viðtakanda afla.
- Fjölda íláta.
- Brúttóafla á hafnarvog (afli og aðskotahlutir).
- Brúttóþunga úrtaks.
- Þunga hrúðurkarla.
- Þunga annarra aðskotahluta.
- Nettóþunga úrtaks.
- Reiknað hlutfall hrúðurkarla og aðskotahluta í afla.

Nettóafla (brúttóafli samkvæmt hafnarvog að frádregnum hrúðurkörlum og öðrum aðskotahlutum í afla).

Vigtun á ísaðri rækju.

34. gr.

1 Ísuð rækja skal vegin á hafnarvog skv. ákvæðum 7. gr.

2 Um ísaða rækju sem vigtuð er samkvæmt endurvigtunarleyfi gildir eftirfarandi: Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtunina skal velja úrtak í samræmi við reglur sem ráðuneytið setur um lágmarksúrtak við vigtun og láta það í sérbúna ísskilju. Hitastig vatns í ísskilju skal ekki vera yfir 15°C. Ísinn skal fleyttur ofan af og vatn látið síga af rækjunni í allt að tvær klukkustundir áður en rækjan er vegin.

Rækjufrystiskip.

35. gr.

1 Vega skal heildarafla af rækju sem er lausfryst í pokum eða fryst í blokkir á hafnarvog skv. 7. gr.

2 Aðila sem hefur endurvigtunarleyfi er heimilt að endurvigta frysta rækju og skal þá löggiltur vigtarmaður standa að vigtun í samræmi við reglur Rannsóknastofnunar fiskiðnaðarins frá 1. janúar 1990, um aðferð til ákvörðunar á nettóþyngd sjófrystrar rækju.

36. gr.

1 Forsoðin rækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 7. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni.

2 Hrárækja sem fryst er í öskjur skal ávallt vegin skv. ákvæðum 7. gr. Vigtarmaður á hafnarvog skal draga þyngd umbúða frá vegnu aflamagni. Frá þannig vegnu aflamagni frystrar hrárækju skal síðan draga 10% vegna vatns í afla.

3 Á vigtarnótu skal tilgreina þau atriði sem fram koma í 43. gr. eftir því sem við á.

37. gr.

1 Rækju sem veidd er vestan 26°00'V og norðan 65°30'N (á Dohrnbanka) skal haldið aðgreindri frá annarri rækju eða auðkennd og skal hún vegin sérstaklega. Sérstaklega skal getið um þann afla í tilkynningu til Fiskistofu skv. 40. gr.

Vigtun á uppsjávarfiski.

38. gr.

1 [Vigtun uppsjávarfisks sem fer í hráefnisgeymslu fiskimjölsverksmiðju skal fara fram í samræmi við ákvæði III. kafla.

2 Við löndun loðnu til hrognaskurðar skal skilja allan bolfiskafla frá með grind eða meðaflatromlu áður en loðna er skorin.

3 Heimilt er að nota vökvaskiljur/tromlur til að skilja frá vökva/blóðvatn úr afla við löndun áður en afli er vigtaður. Við vigtun á afla sem landað er í fiskimjölsverksmiðju skal nota trogvog

sem samþykkt er af Fiskistofu. Allur afli skal fara einu sinni í gegnum vökvaskilju/tromlu áður en hann er vigtaður og óheimilt er að dæla afla oftar í gegnum vökvaskilju/tromlu fyrir vigtun.

4 Óheimilt er að bæta við búnaði á milli vökvaskilju/tromlu og vogar sem veldur hráefnistapi úr lönduðum afla. Göt í vökvaskilju/tromlu skulu ekki vera stærri en 10 mm og ljósop ekki vera meira en 45%. Innra þvermál vökvaskilju/tromlu skal ekki vera meira en 1.700 mm. Lengd vökva-skilju/tromlu skal ekki vera lengri en samtals 11 m. Snúningshraði vökvaskilju/tromlu skal ekki fara yfir 28 snúninga á mínútu. Fari hraði umfram 28 snúninga skal vökvaskilja/tromla stöðvast og aðflæði afla.][1)]

[1)]Rg. 1775/2024, 7. gr.

39. gr.

1 [Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun á uppsjávarfiski til vinnslu, sbr. 2. mgr. 38. gr., skal ganga frá og gefa út vigtarnótu þar sem eftirtalin atriði koma fram:][1)]

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afla.
4. Fyrir hverja afurð komi eftirtaldar upplýsingar fram:
   a. Fjöldi framleiddra eininga.
   b. Fjöldi eininga í úrtaki.
   c. Heildarþungi úrtaks.
   d. Nettóþungi úrtaks (heildarþungi að frádregnum þunga bretta, umbúða og íss).
   e. Nettóþungi einingar (nettóþungi úrtaks deilt með fjölda eininga í úrtaki).
   f. Nettóþungi afurðar (nettóþungi einingar margfaldaður með heildarfjölda eininga).
5. [Nettóþungi afskurðar, hausa, slógs og fráflokks.][2)]

[1)]Rg. 1775/2024, 8. gr.

[[39. gr. A][1)]

Vigtun á sjávargróðri.

1 Við vigtun á þörungum (þangi og þara) í atvinnuskyni skal afli veginn (blautvigt) á hafnarvog, nema gefið sé heimavigtunarleyfi. Hagnýta skal aðra hvora eftirgreindra aðferða:

A) *Pokavigtun*. Vigtun á pokum við löndun. Færa skal skráningu á einstök skip þ.m.t. sláttupramma.
B) *Safnvigtun*. Vigtun í lausu máli frá skipi við löndun. Í þessum tilvikum skal áætla aflamagn hvers skips þ.m.t. pramma við vigtunina.

2 Að auki skal skrá uppruna þangsins eftir heitum fasteigna (eða landnúmeri).

3 Óheimilt er að framkvæma endurvigtun á þörungum. Heimilt er að færa afla milli skipa við söfnun á sjó.][2)]

[1)]Rg. 91/2018. [2)]Rg. 617/2018.

VIII. KAFLI
Skip er vinna afla um borð.

40. gr.

1 Skipstjórar skipa er vinna afla um borð frekar en að blóðga, slægja og ísa, skulu strax þegar veiðum er hætt tilkynna Fiskistofu í símskeyti, eða með öðrum hætti sem Fiskistofa viðurkennir, um áætlað magn hverrar afurðar eins nákvæmlega og unnt er ásamt fyrirhuguðum löndunardegi og löndunarstað. Er þeim skylt að landa afurðum sínum á Íslandi.

2 Þá skulu skipstjórar í lok hverrar veiðiferðar og áður en löndun hefst tilkynna viðkomandi löndunarhöfn skriflega og á því formi sem Fiskistofa ákveður, um áætlaðan fjölda eininga (t.d. kassa og/eða pakkninga) sem landað er af hverri afurð og þunga umbúða hverrar einingar.

3 Í tilkynningunni skal einnig geta þess hvort einstakar afurðir, aðrar en flök, eru íshúðaðar sérstaklega.

4 Vigtarmaður skal því aðeins draga frá niðurstöðu vigtunar afurða vegna þyngdar umbúða og sérstakrar íshúðunar, sbr. 3. mgr. 41. gr., hafi tilkynning skipstjóra borist löndunarhöfn. Tilkynningar þessar skulu varðveittar hjá löndunarhöfn í samræmi við ákvæði 53. gr. Vigtun afurða skv. þessum kafla skal ætíð framkvæmd af starfsmönnum hafnar, sbr. þó 28. gr.

5 Afurðir skulu vigtaðar þegar við löndun og skal vigtarnótu skilað til löndunarhafnar þegar að vigtun lokinni.

6 Einungis er heimilt að landa hluta af tiltekinni afurð vinnsluskips ef allri framleiðslu tiltekinna daga er landað ásamt tilheyrandi nýtingarsýnum.

41. gr.

1 Löggiltur vigtarmaður skal af handahófi velja það úrtak sem vigta skal þannig að það gefi sem réttasta mynd af afurðinni. Úrtakið skal miðað við áætlun skipstjóra hvað varðar fjölda eininga af viðkomandi afurð og skal vera í samræmi við auglýsingu nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun. Með vigtun úrtaks skal finna meðalþyngd hverrar einingar í viðkomandi afurð.

2 Við útreikning á afla skal leggja til grundvallar meðalþunga eininga sem teknar voru í úrtak af hverri afurð, þunga umbúða, reglur um ís í umbúðum, sbr. 3. mgr., og nýtingarstuðla.

3 Þegar tekið er tillit til íss í afurðum skal margfalda nettóþunga flaka með 0,98. Heilfrysta grálúðu skal margfalda með 0,97, heilfrystan karfa með 0,96 og lausfryst íshúðuð flök skal margfalda með 0,95. Um frádrátt vegna íss í öðrum afurðum sem sérstaklega eru íshúðaðar fer samkvæmt ákvörðun ráðuneytisins.

42. gr.

1 Saltaðar afurðir skulu vegnar skv. ákvæðum 7. gr.

2 Endurvigtun á saltfiski skal framkvæmd þannig að afurðir sem legið hafa minnst fjóra daga í pækli og teljast full pækilsaltaðar (vatnsinnihald minna en 60%) skulu teknar úr pæklinum og allt laust salt skal slegið af fiskinum. Vigtun afurða fer fram í samræmi við ákvæði II. kafla. Auglýsing nr. 213/2010 um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun á ekki við um saltaðar afurðir.

3 Við útreikning á afla skal leggja til grundvallar meðalþunga eininga sem teknar voru í úrtak af hverri afurð, þunga umbúða og nýtingarstuðla.

43. gr.

1 Löggiltur vigtarmaður sem annast vigtun á afurðum skipa skv. þessum kafla skal ganga frá og gefa út vigtarnótu þar sem eftirtalin atriði koma fram:

1. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
2. Löndunarhöfn og löndunardagur.
3. Viðtakandi afurða.
4. Fyrir hverja afurð komi eftirtaldar upplýsingar fram:
   a. Fjöldi eininga skv. talningu við löndun.
   b. Fjöldi eininga í úrtaki.
   c. Heildarþungi úrtaks.
   d. Nettóþungi úrtaks (heildarþungi að frádregnum þunga bretta, umbúða og íss).

e. Nettóþungi einingar (nettóþungi úrtaks deilt með fjölda eininga í úrtaki).
f. Nettóþungi afurðar (nettóþungi einingar margfaldaður með heildarfjölda eininga).

X. KAFLI
Eldisfiskur.

44. gr.

1 Þyngd fisks sem fangaður er til áframeldis skal ákvörðuð við flutning farms í eldiskví og skal beita annarri af eftirfarandi aðferðum:

1. Heildarmagn fiska skal vegið með viðurkenndri krókavog.
2. Heildarfjöldi fiska skal talinn og 5% þeirra skulu valin af handahófi en þó að lágmarki 30 fiskar og að hámarki 200 fiskar og skal það sem þannig er valið vegið með löggiltri vog, meðalþyngd fisks fundin og uppreiknuð á heildarfjölda fiska.

2 Farmur telst það magn fiska sem flutt er í einni ferð í eldiskví. Vigtun og talning fiska skal framkvæmd af vigtarmanni sem hlotið hefur löggildingu til vigtunar.

3 Fiskistofa getur heimilað notkun lífmassamælis til ákvörðunar aflamagns. Rekstraraðila ber að tilkynna Fiskistofu um aðferð við ákvörðun aflamagns.

4 Sé fiski safnað í sérstaka kví til geymslu (söfnunarkví) skal skipstjóri á veiðiskipi sem losar fisk í söfnunarkví gefa út undirritaða staðfestingu þar sem fram kemur áætlað magn afla og skal staðfestingin send á hafnarvog í lok hvers veiðidags til aflaskráningar. Ekki má geyma fisk lengur en einn mánuð í söfnunarkví.

45. gr.

1 Skipstjóri fiskiskips og rekstraraðili eldisstöðvar bera ábyrgð á því að afli sé veginn í samræmi við reglugerð þessa.

2 Aðili sem ákvarðar þyngd fisks skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem eftirfarandi atriði skulu koma fram:

1. Rekstrarleyfisnúmer og auðkenni kvíar.
2. Nafn skips og skrásetningarnúmer ásamt umdæmisnúmeri.
3. Dagsetning flutnings fisks.
4. Nafn og kennitala seljanda og kaupanda fisks.
5. Veiðarfæri.
6. Heildarfjöldi fiska og meðalþyngd fiska í úrtaki, sundurliðað eftir tegundum.
7. Aflamagn, sundurliðað eftir tegundum.

3 Vigtarnóta skal send til viðkomandi hafnar strax að vigtun lokinni.

46. gr.

1 Við slátrun skal eldisfiskur veginn í samræmi við ákvæði I., II. eða III. kafla reglugerðar þessarar eftir því sem við á.

2 Þó getur Fiskistofa, samkvæmt skriflegri beiðni aðila og að fenginni umsögn hafnaryfirvalda á viðkomandi löndunarstað, heimilað vigtun eldisfisks, sem landað hefur verið lifandi til slátrunar, með öðrum hætti. Slíkt leyfi skal þó því aðeins veitt að innra eftirlit fyrirtækisins sé traust auk þess sem vigtunarbúnaður sé löggiltur og vigtun framkvæmd af löggiltum vigtarmanni. Áður en leyfi er veitt skal Fiskistofa meta hvort búnaður umsækjanda sé með þeim hætti að honum sé unnt að fara í hvívetna að skilyrðum leyfisins. Leyfi sem veitt er samkvæmt þessari heimild skal bundið við nafn og kennitölu umsækjanda og veitir leyfið rétt til vigtunar á eldisfiski til slátrunar í því húsnæði sem tilgreint er í leyfisbréfi og með þeim skilyrðum sem þar er kveðið á um. Leyfið gildir til allt að tveggja ára. Vigtun sem fyrirhuguð er á grundvelli þessa leyfis skal tilkynna Fiskistofu með að

lágmarki þriggja virkra daga fyrirvara og skal í tilkynningu koma fram hve miklu er áætlað að slátra ásamt fisktegund.

XI. KAFLI
Hafnaryfirvöld.

47. gr.

1 Hafnaryfirvöld skulu tryggja að upplýsingar um vigtun landaðs afla, sbr. 10. gr., séu færðar í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Skráning afla samkvæmt vigtarnótu vigtunarleyfishafa skal fara fram svo skjótt sem verða má og aldrei síðar en einum virkum degi eftir að vigtarnóta liggur fyrir hjá viðkomandi höfn.

2 Berist upplýsingar um endurvigtun frá endurvigtunarleyfishafa ekki til löndunarhafnar innan frests sem veittur er til vigtunar skv. 1. mgr. 16. gr. eða berist vigtarnóta frá öðrum aðila en þeim sem tilgreindur var sem viðtakandi aflans við vigtun á hafnarvog, gildir vigtun á hafnarvog, skv. 7. gr. nema Fiskistofa heimili annað.

3 Berist upplýsingar um nettóvigtun ekki frá heimavigtunarleyfishafa innan frests sem veittur er til að skila vigtarnótu, sbr. 3. mgr. 23. gr., skal brúttóvigtun gilda, sbr. 1. mgr. 23. gr., nema Fiskistofa heimili annað.

48. gr.

1 Hafnaryfirvöld á hverjum löndunarstað skulu hafa umsjón með vigtun afla og söfnun upplýsinga um landaðan afla. Hafnaryfirvöld skulu hafa umsjón með að þeim reglum sem settar hafa verið um vigtun á hverjum löndunarstað sé framfylgt.

2 Starfsmenn hafnarvoga skulu sannreyna að uppgefin tegund vigtaðs afla sé rétt, m.a. með beinni skoðun úrtaks úr lönduðum afla eftir því sem við á. Sama á við varðandi afla sem gefinn er upp sem undirmálsafli.

3 Verði hafnaryfirvöld vör við að brotið sé gegn ákvæðum reglugerðar þessarar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

49. gr.

1 Hafnaryfirvöld skulu meta hvort upplýsingar sem fram koma á vigtarnótum séu trúverðugar. Telji hafnaryfirvöld upplýsingar sem koma fram á vigtarnótu ótrúverðugar skulu þau tilkynna það Fiskistofu.

XII. KAFLI
Ýmis ákvæði.

50. gr.

1 Sé fyrirhugað að flytja út óunninn afla til sölu erlendis sem þegar hefur verið endanlega vigtaður og skráður í aflaskráningarkerfi Fiskistofu, skal útflytjandi (umráðamaður viðkomandi afla) tryggja að áður en afli er settur um borð í flutningsfarið sé tilkynnt til Fiskistofu um þau veiðiskip sem veitt hafa umræddan afla og um útflutt aflamagn sundurliðað eftir tegundum eins nákvæmlega og unnt er. Við útflutning afla er heimilt að fylla ílát með öðrum tegundum sé magn einstakra tegunda það lítið að ekki fylli ílát. Í slíkum tilfellum skal hver tegund vera aðskilin og ílátið merkt sérstaklega með upplýsingum um þær tegundir sem í því eru. Aldrei er þó heimilt að flytja út þorsk með öðrum tegundum í sama íláti.

51. gr.

1 Teljist undirmálsafli að hluta utan aflamarks skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður skal staðfesta á vigtarnótu hversu mikill undirmálsafli er í hverri veiðiferð.

2 Allur undirmálsafli seldur óunninn erlendis reiknast að fullu til aflamarks.

52. gr.

1 Teljist afli utan aflamarks samkvæmt 8. og 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, skal honum haldið aðgreindum frá öðrum afla og hann veginn sérstaklega. Löggiltur vigtarmaður skal staðfesta á vigtarnótu hversu mikill afli þessi er í hverri veiðiferð. Skylt er að landa slíkum afla innanlands á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafla og skal hann boðinn þar upp. Löggiltur vigtarmaður á uppboðsmarkaði skal fylla út og undirrita vigtarnótu þar sem fram koma upplýsingar sem við eiga og tilgreindar eru í 10. gr. reglugerðar þessarar. Að sölu lokinni skulu forráðamenn uppboðsmarkaðar standa skil á þeim hluta andvirðis, sem rennur til sjóðs, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, í samræmi við ákvæði laga um stjórn fiskveiða þar um.

2 Fari sá hluti afla sem reiknast ekki til aflamarks skips samkvæmt ákvæðum 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, yfir 0,5% af uppsjávarafla, eða 5% af öðrum sjávarafla eða ef ekki hefur verið farið að ákvæðum 10. gr. greinar við sölu aflans, skal Fiskistofa endurreikna aflamarksstöðu skipsins þannig að sá hluti aflans skráist til aflamarks viðkomandi skips að fullu.

53. gr.

1 Fiskistofa getur ákveðið í hvaða formi vigtarnótur skuli vera. Óheimilt er að nota vigtarnótur sem eru í öðru formi en Fiskistofa ákveður. Þá getur Fiskistofa gert kröfu um að allar vigtanir í vigtunarbúnaði endurvigtunarleyfishafa sem vigtar í sífellu, séu skráðar og aðgengilegar eftirlitsmönnum.

2 Reglur um meðferð og varðveislu bókhaldsgagna gilda um vigtarnótur.

54. gr.

1 Eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum hafnaryfirvalda er heimill aðgangur að fiskiskipum, flutningsförum, fiskverkunum, fiskmörkuðum og birgðageymslum sem nauðsynlegur er til að vigta afla eða hafa eftirlit með vigtun hans.

XIII. KAFLI
Viðurlög.

55. gr.

1 Sigli fiskiskip með afla af miðum til sölu á markaði erlendis, skal útgerð og skipstjóri fiskiskipsins tryggja að Fiskistofu séu sendar upplýsingar um aflann eigi síðar en 24 klst. áður en lagt er af stað.

2 Fiskistofu er heimilt að veita fiskiskipum leyfi til að afla sem veiddur er úr íslenskum deilistofnum sé landað erlendis, sama gildir ef sérstaklega stendur á, t.d. vegna alvarlegrar vélarbilunar hjá skipi sem vinnur afla um borð. Innheimta skal kostnað vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipinu erlendis, samkvæmt framlögðum reikningum, auk daggjalds vegna veru eftirlitsmanns um borð í skipi fyrir hvern starfsdags eftirlitsmanns samkvæmt auglýsingu nr. 1177/2015, um gjaldskrá Fiskistofu.[1)]

[1)] *Gjaldskrá Fiskistofu nr. 50/2025.*

56. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, samkvæmt VI. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. […][1)]

2 [Þá er Fiskistofu heimilt að afturkalla vigtunarleyfi vinnslustöðva, fiskmarkaða eða annarra aðila sem fengið hafa vigtunarleyfi, sé ekki af þeirra hálfu farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.][2)] Einnig getur Fiskistofa afturkallað viðurkenningu sína á erlendum uppboðsmarkaði, eða svipt aðila

leyfi til að annast vigtun afla og skýrslugjöf vegna afla sem fluttur er á markað erlendis brjóti hann gegn ákvæðum leyfisbréfs eða reglugerðar þessarar.

[3] Ráðuneytinu er heimilt, að fengnum tillögum Fiskistofu, að svipta uppboðsmarkað fyrir sjávarafla rekstrarleyfi samkvæmt lögum um það efni ef markaður eða þeir sem í þágu hans starfa hafa brotið gegn ákvæðum III. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar eða reglugerð þessari

[1)]Rg. 1153/2021, 19. gr. [2)]Rg. 399/2021, 2. gr.

57. gr.

[1] Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla með síðari breytingum.

[**Ákvæði til bráðabirgða.**

[1] Þrátt fyrir ákvæði 9. gr. reglugerðarinnar öðlast 3. málsl. 1. mgr. 19. gr., sbr. 1. gr. reglugerðarinnar, 9. mgr. 22. gr., sbr. 4. gr. reglugerðarinnar og 2. og 3. mgr. 38. gr., sbr. 7. gr. reglugerðarinnar, gildi þann 1. janúar 2026. Fiskistofu er heimilt að veita heimavigtunarleyfishafa aðlögunarfrest, ef umfang breytinga sem leyfishafi þarf að ráðast í fyrir 1. janúar 2026 muni taka lengri tíma. Leyfishafi skal sækja um slíkan frest með skriflegum hætti til Fiskistofu fyrir 1. maí 2025 og beiðninni skal fylgja tímasett áætlun um þær framkvæmdir sem ráðast þarf í og hvenær þeim verði lokið.][1)]

[1)]Rg. 1775/2024, ákvæði til bráðabirgða.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 31. ágúst 2016.

Reglugerð

nr. 659/2014, um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 659/2014 sbr. 862/2020 og 214/2025.*

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem stunda veiðar á kolmunna, loðnu, makríl, norsk-íslenskri síld og íslenskri sumargotssíld og landa afla sínum á Íslandi. Jafnframt tekur reglugerð þessi til erlendra skipa sem stunda veiðar innan íslenskrar lögsögu og landa afla sínum á Íslandi.

2 [Við veiðar á uppsjávarfiski er ekki skylt að skilja meðafla frá uppsjávarafla. Grásleppa sem meðafli við uppsjávarveiðar skal ekki telja til aflamarks.][1)]

[1)]*Rg. 214/2025.*

2. gr.

1 Vigtunarleyfishafi sem tekur á móti uppsjávarfiski sbr. 1. gr. til bræðslu, skal taka sýni úr afla svo sem mælt er fyrir um í þessari grein. Niðurstaða sýnatöku skal lögð til grundvallar við ákvörðun magns og skráningu einstakra tegunda meðafla.

2 Fyrir löndun skal skipstjóri tilkynna til vigtunarleyfishafa um áætlað aflamagn.

3 Úr hverjum farmi sem er meira en 100 lestir skulu tekin 5 sýni. Hvert sýni skal vega um það bil 100 kg. Skulu sýni valin þannig að dregnar skulu út slembitölur fyrir hverja heila lest á talnabilinu frá einum til áætlaðs heildarafla. Þegar löndunarvog sýnir útdregna slembitölu skulu sýni tekin.

4 Sýnin skulu sett í kar og merkt með númeri og þau vegin til að ákvarða heildarþunga hvers sýnis. Starfsmenn vigtunarleyfishafa skulu tegundaflokka meðafla, telja fiska af kvótabundnum meðafla tegundum og vigta magn hverrar tegundar í hverju sýni (kari). Magn meðafla í hverri tegund skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal sá meðafli skráður til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu.

5 Við framkvæmd sýnatöku skulu aðferðir og búnaður samræmd milli vinnslustöðva í samráði við Fiskistofu.

6 Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

3. gr.

1 Uppsjávarafla sem landað er til vinnslu skal vigta samkvæmt ákvæðum reglugerðar um vigtun sjávarafla og skal hver tegund vegin sérstaklega. Fari afli til bræðslu, þrátt fyrir að honum hafi verið landað til vinnslu, skal með hann fara samkvæmt ákvæðum 2. gr.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er vigtunarleyfishafa sem tekur á móti uppsjávarfiski til vinnslu heimilt að taka sýni úr afla. Sýni skal tekið úr fyrstu 10 tonnum farms sem landað er, þá skal sýni tekið úr hverjum 30 tonnum sem landað er í kjölfarið. Hvert sýni skal vega um það bil 30 kg og skal það valið af handahófi áður en afli er stærðarflokkaður. Hvert sýni skal vegið til að ákvarða heildarþunga hvers sýnis. Starfsmenn vigtunarleyfishafa skulu tegundaflokka meðafla, telja fiska af kvótabundnum meðaflategundum og vigta magn hverrar tegundar í hverju sýni. Magn meðafla í hverri tegund uppsjávarfisks skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal sá meðafli skráður til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. [Við vigtun á pökkuðum afurðum skulu enn fremur koma fram á vigtarnótu upplýsingar um afdrif hverrar

tegundar til vinnslu eða bræðslu.][1)] Aðrar tegundir sem flokkast frá við stærðarflokkun afla skulu teknar frá og flokkaðar og vigtaðar sérstaklega.

[1)]*Rg. 862/2020.*

4. gr.

1 Skipstjóri skal taka sýni úr síldarafla sem veiddur er austan 17°00´ V. Sýni skulu tekin úr hverju kasti eða togi og skal sýnatakan fara fram fyrir stærðarflokkun afla og framkvæmd þannig að tekið skal eitt 50 sílda sýni úr hverju kasti eða togi. Hvert sýni skal aðgreint til tegunda í samræmi við kynþroskastig. Skipstjóri skal ávallt tilkynna hlutfall síldartegunda ásamt áætluðu aflamagni til vigtunarleyfishafa, Fiskistofu[1)] og viðkomandi löndunarhafnar, fyrir löndun.

2 Magn hverrar síldartegundar skal síðan uppreiknað með tilliti til heildarafla hverrar löndunar og skal hver síldartegund skráð til afla viðkomandi fiskiskips í aflaskráningarkerfi Fiskistofu. Allar niðurstöður mælinga skulu skráðar á sérstök eyðublöð sem skulu varðveitt í a.m.k. tvö ár.

[1)]*Tilkynning sendist til uthafsv@fiskistofa.is*

5. gr.

1 Vinnsluskipum sem frysta loðnu, síld, makríl og kolmunna um borð er heimilt að blanda saman í lestum fráflokkaðri tegund sem ekki er hæf til vinnslu og afskurði sem fellur til við vinnsluna. Sé það gert skal skipstjóri, áður en löndun hefst, tilkynna vigtunarleyfishafa um í hvaða lestum fráflokkuð tegund og afskurður er. Öllum afskurði og fráflokkaðri tegund skal landað og sýni tekin til að sannreyna magn heillar tegundar í samræmi við ákvæði 2. gr. Ef magn afskurðar og hausa í afla vinnsluskips uppsjávarafla er ekki í samræmi við uppgefna vinnslunýtingu í viðkomandi veiðiferð, er Fiskistofu heimilt að skrá það sem umfram er sem heilan fisk. Slík skráning skal, hvað magn og tegundir varðar, vera í samræmi við hlutfall tegunda í uppsjávarafla í viðkomandi veiðiferð.

6. gr.

1 Um vigtun uppsjávarafla og meðafla og skráningu hans gilda að öðru leyti ákvæði reglugerðar nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,[1)] með síðari breytingum.

[1)]*Gildandi rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, felldi eldri reglugerð úr gildi og 325/2020.*

7. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Þá er Fiskistofu heimilt að áminna vigtunarleyfishafa eða afturkalla leyfi hans til vigtunar ef vigtunarleyfishafi eða starfsmenn hans brjóta gegn ákvæðum þessarar reglugerðar í samræmi við ákvæði laga nr. 57/1996, með síðari breytingum.

8. gr.

1 Reglugerð þessi er gefin út samkvæmt 2. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerðin öðlast gildi 14. júlí 2014. Frá sama tíma eru felld úr gildi reglugerð nr. 246/2008, um vigtun og skráningu meðafla við veiðar á uppsjávarfiski, með síðari breytingum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 7. júlí 2014.

Reglugerð
nr. 468/2013, um nýtingu afla og aukaafurða.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 468/2013 sbr. 237/2019, 1256/2020, 289/2021, 331/2021, 1201/2021, 1464/2021, 341/2022, 306/2023, 378/2024 og 221/2025.

1. gr.

1 Skylt er að hirða og landa öllum afla sem í veiðarfæri kemur í íslenskri lögsögu, með þeim undantekningum sem í reglugerð þessari greinir.

2 [Sé afla sleppt í samræmi við ákvæði reglugerðar þessarar eða annarra reglna skal skrá í rafræna afladagbók eða snjalltækjaforrit tegund og áætlað magn í kílóum sem sleppt var.][1)]

[1)]Rg. 1256/2020

2. gr.

1 Heimilt er að varpa fyrir borð þeim fisktegundum sem ekki eru háðar takmörkun á leyfilegum heildarafla, enda verði þær ekki taldar hafa verðgildi.

2 Heimilt að varpa fyrir borð innyflum, hausum og öðru slíku sem fellur til við verkun og vinnslu afla um borð í veiðiskipum, en ávallt skal nýta þetta hráefni eftir því sem kostur er. Að auki gilda eftirtalin skilyrði:

A. Fyrir öll skip gildir: Skylt er að hirða og koma með að landi öll þorsk- og ufsahrogn. [Skylt er einnig að hirða og koma með að landi hausa og allan afskurð sem fellur til við vinnslu á makríl og íslenskri sumargotssíld og norsk-íslenskri síld.][1)]
B. Fyrir önnur skip en þau er vinna afla um borð gildir: Skylt er að koma með að landi alla þorsklifur auk ufsa-, löngu-, keilu- og skötuselslifur.
C. Fyrir skip sem vinna afla um borð gildir: [Skylt er að hirða og koma með að landi alla grálúðuhausa og grálúðusporða.][2)] Skipum sem vinna afla um borð og eru með nýtanlegt lestarrúmmál (effective space) 600-800 m^3 er skylt að hirða og koma með að landi að lágmarki 30% af þorskhausum sem til falla við veiðar á hverju fiskveiðiári. Skipum sem eru með nýtanlegt lestarrúmmál meira en 800 m^3 er skylt að hirða og koma með að landi að lágmarki 40% af þorskhausum sem til falla við veiðar á hverju fiskveiðiári. Heimilt er þessum skipum í stað hausa, að koma með samsvarandi magn af gellum, kinnum og/eða fésum að landi eða af öðrum afurðum sem unnar eru úr hausum um borð. Jafnframt er svo skylt að hirða og koma með að landi allan afskurð sem fellur til við snyrtingu á þorsk-, ýsu-, karfa- og ufsaflökum um borð í skipum sem vinna afla um borð. Lestarrúmmál skipa samkvæmt þessum lið skal staðfest af Siglingastofnun Íslands.

[1)]Rg. 1464/2021, 1. gr. [2)]Rg. 1464/2021, 2. gr.

3. gr.

1 [Heimilt að sleppa lífvænlegum rauðmaga.][1)]

2 [Heimilt er að sleppa lífvænlegum hlýra.][2)]

3 [Heimilt er að sleppa lífvænlegri tindaskötu.][3)]

4 Um skyldu til að sleppa lúðu fer samkvæmt reglugerð[4)] um veiðar á lúðu.

[1)]Rg. 221/2025. [2)]Rg. 1256/2020. [3)]Rg. 1201/2021. [4)]Rg. 470/2012, sbr. 522/2013, 1028/2013.

4. gr.

1 Komi afli í veiðarfæri fiskiskips sem er selbitinn eða skemmdur á annan hátt og sem ekki er unnt að komast hjá við tilteknar veiðar, skal ekki reikna þann afla til aflamarks skipsins. Þessum

afla skal haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins, hann veginn og skráður sérstaklega. Afla þennan er eingöngu heimilt að nýta til bræðslu.

5. gr.

Þrátt fyrir ákvæði 2. gr. er heimilt að varpa fyrir borð afla í rannsóknarleiðöngrum Hafrannsóknastofnunar, sem ekki er mögulegt að nýta vegna þrengsla um borð eða vegna skipulags og framkvæmdar leiðangurs.

6. gr.

Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar með síðari breytingum.

7. gr.

Reglugerð þessi er sett með heimild í 2. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 1. september 2013 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 810/2011, um nýtingu afla og aukaafurða, með áorðnum breytingum.

Ákvæði til bráðabirgða:

[Þrátt fyrir ákvæði 1. málsl. 1. mgr. 3. gr. er heimilt að varpa hvelju af grásleppu fyrir borð á grásleppuvertíð 2024.][1)]

[1)]Rg. 378/2024, 1. og 2. gr. Gildistími þessa ákvæðis skv. 2. gr. er til 31. ágúst 2024.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 21. maí 2013.

Reglugerð
nr. 307/2023, um stafræna skráningu og skil aflaupplýsinga.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um skráningu, form og skil aflaupplýsinga íslenskra skipa jafnt innan sem utan íslensku fiskveiðilögsögunnar.

2 Skipstjórar skipa, sem hafa veiðileyfi í atvinnuskyni samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eða sérveiðileyfi, skulu skrá þær aflaupplýsingar sem kveðið er á um í reglugerð þessari, og senda þær með stafrænum hætti í vefþjónustu Fiskistofu áður en veiðiferð lýkur. Fiskistofa veitir tæknilegar upplýsingar um hvernig skal tengjast vefþjónustu fyrir stafræn skil aflaupplýsinga.

3 Skipstjóri ber ábyrgð á að sá búnaður sem notaður er við skráningu og skil aflaupplýsinga geti tengst vefþjónustu Fiskistofu, geti tekið á móti staðfestingu á móttöku og tekið á móti því auðkenni sem Fiskistofa úthlutar afla úr hverri veiðiferð. Skipstjóri ber ábyrgð á því að sá búnaður sem notaður er við skráningu og skil aflaupplýsinga sé uppfærður til samræmis við þær reglur sem gilda um skráningu og skil aflaupplýsinga.

4 Skipstjóri skal gæta þess að búnaður til að tengjast vefþjónustu Fiskistofu fyrir stafræn skil aflaupplýsinga sé í lagi áður en haldið er í veiðiferð.

2. gr.

1 Upplýsingar sem skráðar eru samkvæmt 3. gr. skulu nýtast í vísindalegum tilgangi fyrir Hafrannsóknastofnun, rannsókna- og ráðgjafarstofnun hafs og vatna, sem eftirlitsgögn fyrir Fiskistofu og Landhelgisgæslu og til annarra verkefna sem varða stjórnun fiskveiða. Hafrannsóknastofnun er heimilt að veita öðrum rannsóknaraðilum aðgang að gögnunum sem ekki eru rekjanleg til einstakra skipa til vísindarannsókna er varða stjórn fiskveiða. Að öðru leyti skulu upplýsingarnar vera trúnaðarmál milli ofangreindra aðila.

3. gr.

1 Skipstjórar skulu skrá eins nákvæmlega og unnt er eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn skips og skipaskrárnúmer.
2. Veiðarfæri, gerð og stærð.
3. Staðarákvörðun (breidd, lengd og dýpi).
4. Afli eftir magni og tegundum.
5. Veiðidagur.
6. Löndunarhöfn og löndunardagur.
7. Sjófugl eftir fjölda og tegundum.
8. Sjávarspendýr eftir fjölda og tegundum.
9. Upplýsingar um afla, sem veiddur er en sleppt í samræmi við fyrirmæli laga eða annarra stjórnvaldsfyrirmæla.
10. Upplýsingar um tíma veiðarfæra í sjó, hvenær þau eru lögð og hvenær þau eru tekin upp.

2 Upplýsingar um aflamagn og tegundir samkvæmt 4. tölul. 1. mgr. teljast ekki nákvæmar ef magn landaðs afla nemur meira eða minna en 10% af uppgefnum afla í veiðiferð.

3 Upplýsingar um afla sem fæst við veiðar, t.d. í hverju togi, kasti eða lögn, skal skrá svo fljótt sem verða má eftir að frágangi hans lýkur.

4 Ef fleiri en eitt skip stunda veiðar með sama veiðarfæri í sömu veiðiferð, skal skráð hvaða skip stunda veiðarnar. Aflann skal einungis skrá hjá því skipi sem tekur aflann um borð.

5 Ef afla er dælt úr veiðarfæri skips yfir í lestar annars skips þá skal afli skráður hjá báðum skipum. Skipið sem veiðir aflann skal skrá í reitinn fyrir aflamagn upplýsingar um magn og tegundir þess afla sem það dælir í eigin lestar en í reit fyrir athugasemdir skal skrá upplýsingar um tegundir og magn þess afla sem dælt er yfir í móttökuskipið. Einnig á að skrá þar nafn og alþjóðlegt kallmerki (IRCS) móttökuskips. Skipið sem tekur á móti aflanum skal skrá upplýsingar um magn og tegundir þess afla sem það fær frá veiðiskipinu í reitinn fyrir aflamagn. Í reit fyrir athugasemdir skal skrá nafn og alþjóðlegt kallmerki (IRCS) veiðiskips.

6 Við slátt á þörungum skal skrá hjá hverju skipi um sig, þ.m.t. pramma, upplýsingar um magn þörunga (blautvigt) sem tekið er innan netlaga hverrar fasteignar (sjávarjarðar). Hlutaðeigandi landeigandi á rétt á aðgangi að upplýsingum úr aflaskráningu um þörungaslátt fyrir sinni landareign.

7 Skráning og skil aflaupplýsinga gilda einnig um öflun sjávargróðurs í atvinnuskyni.

4. gr.

1 Skipstjóri skal senda upplýsingar samkvæmt 3. gr. til vefþjónustu Fiskistofu áður en skipi er lagt að bryggju í löndunarhöfn að lokinni veiðiferð.

5. gr.

1 Ef upp kemur bilun í hugbúnaði eða vefþjónustu Fiskistofu í veiðiferð skal skipstjóri tilkynna Fiskistofu um bilunina svo fljótt sem auðið er. Jafnframt skal skipstjóri skrá eins nákvæmlega og unnt er áætlað aflamagn og tegundir á blað og undirrita áður en skipi er lagt að bryggju að lokinni veiðiferð.

2 Senda skal Fiskistofu aflaupplýsingar samkvæmt 3. gr. innan tveggja klukkustunda frá komu skips til löndunarhafnar.

3 Skipstjóri skal gæta þess að hugbúnaður sé kominn í lag áður en farið er aftur á veiðar.

6. gr.

1 Skylt er að veita eftirlitsmönnum Fiskistofu og starfsmönnum Landhelgisgæslu Íslands aðgang að aflaupplýsingum.

7. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 57/1996, um umgengi um nytjastofna sjávar.

8. gr.

1 Reglugerð þessi er sett, samkvæmt 4. mgr. 9. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 298/2020, um skráningu og skil aflaupplýsinga.

Matvælaráðuneytinu, 20. mars 2023.

Reglugerð

nr. 994/2013, um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla.

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi tekur til aðila sem stunda viðskipti með afla og forsvarsmanna útgerða vegna viðskipta með afla eða afurðir vinnsluskipa.

2. gr.

Skýrsluskil.

1 Aðilar samkvæmt 1. gr. skulu gera skýrslur og standa skil á þeim skýrslum til Fiskistofu, allt samkvæmt nánari fyrirmælum reglugerðar þessarar. Skýrslum skal skila á eyðublaði sem Fiskistofa gefur út eða með öðrum hætti sem Fiskistofa samþykkir.

3. gr.

Skilgreiningar.

1 Í reglugerð þessari er merking eftirfarandi hugtaka svo sem hér segir:

1. *Kaupandi afla:* Aðili sem kaupir afla hvort sem er til vinnslu eða endursölu, þ.m.t. kaup aðila á afla af eigin skipum.
2. *Afli:* Allur sjávarafli sem skylt er að koma með að landi skv, 2. mgr. 2. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og reglugerð um nýtingu afla og aukaafurða.
3. *Afurð:* Sjávarafli sem meira hefur verið gert að en blóðga, slægja eða hausa.
4. *Vinnsluskip:* Skip þar sem frekari vinnsla fer fram en blóðgun, slæging eða hausun.
5. *Vinnsluaðili:* Aðili sem annast hvers konar vinnslu afla, aðra en blóðgun, slægingu eða hausun.
6. *Fiskmarkaður:* Uppboðsmarkaður fyrir sjávarafla.

4. gr.

Vigtarskýrsla.

1 Kaupandi afla skal mánaðarlega skila til Fiskistofu vigtarskýrslu yfir móttekinn afla. Sérstök skýrsla skal gerð vegna hvers söluaðila.

2 Í vigtarskýrslu skal færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn og kennitölu seljanda.
2. Nafn og kennitölu kaupanda.
3. Afhendingardag.
4. Fisktegund.
5. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst, hæft/óhæft).
6. Magn tegundar.
7. Kílóverð tegundar.
8. Ætli kaupandi afla öðrum aðila að annast vinnslu aflans skal tilgreina vinnsluaðila.
9. Ef afli/afurð er keypt/-ur beint af fiskiskipi skal jafnframt skrá:
10. Nafn skips.
11. Skipaskrárnúmer.
12. Veiðarfæri.
13. Veiðisvæði.
14. Löndunarhöfn.
15. Löndunardag.

3 Ef afli er keyptur fyrir milligöngu fiskmarkaðar á uppboði þarf ekki að gera grein fyrir verði þess afla í vigtarskýrslu.

5. gr.

Ráðstöfunarskýrsla.

1 Kaupandi afla skal mánaðarlega skila einni skýrslu sem tilgreinir ráðstöfun keypts afla samkvæmt samanlögðum vigtarskýrslum hans.

2 Í ráðstöfunarskýrslu skal færa eftirfarandi upplýsingar:

1. Nafn kaupanda.
2. Nafn starfsstöðvar.
3. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst).
4. Fisktegund.
5. Magn tegundar.
6. Vinnsluaðferð.
7. Birgðir í upphafi tímabils.
8. Fiskkaup á tímabilinu.
9. Fjárhæð sölu óunnins afla:
10. Til vinnslustöðvar.
11. Til útflutnings í gám.
12. Til útflutnings með flugfrakt.
13. Fjárhæð sölu til neyslu innanlands (magn).
14. Birgðastöðu í lok tímabils.

3 Ef kaupandi framselur afla skal hann skila skýrslu þar sem greint er frá nafni og kennitölu kaupanda afla, afhendingardegi, fisktegund, magni og ástandi afla við sölu.

6. gr.

1 Kaupandi afla skal eigi síðar en 20. hvers mánaðar senda Fiskistofu skýrslur skv. 4. og 5. gr. vegna undanfarandi mánaðar.

7. gr.

Vinnsluskip.

1 Útgerð vinnsluskipa skal eigi síðar en 30 dögum eftir að vinnsluskip lýkur veiðiferð og kemur til hafnar senda Fiskistofu skýrslu um magn og verð afla og einstakra afurða sem voru afrakstur veiðiferðar.

2 Hafi afli/afurðir ekki verið seldur/-ar eða ekki liggur fyrir samningur við kaupanda um verð afla/afurða skal verð þeirra áætlað í samræmi við kjarasamning við áhöfn vinnsluskipsins. Endanlegar upplýsingar um verð skal senda Fiskistofu eigi síðar en 15 dögum eftir sölu.

8. gr.

Fiskmarkaður.

1 Fiskmarkaður skal mánaðarlega og eigi síðar en 15. hvers mánaðar senda Fiskistofu skýrslu með upplýsingum um seldan afla á uppboði í síðastliðnum mánuði. Þar skulu koma fram eftirfarandi upplýsingar um einstök viðskipti:

1. Nafn fiskmarkaðar og kennitala.
2. Nafn seljanda.
3. Nafn skips og skipaskrárnúmer.
4. VSK-númer seljanda.
5. Nafn löndunarhafnar.
6. Löndunardagur.
7. Söludagur.

8. Fisktegund.
9. Ástand afla, (slægt, hausað, ísað, heilfryst, hæft/óhæft).
10. Nafn útgerðaraðila.
11. Gerð veiðarfærs.
12. Heiti veiðisvæðis.
13. Nafn kaupanda.
14. Magn tegundar.
15. Kílóverð tegundar.

9. gr.

Veiðivottorð til að staðreyna löglegan uppruna afla og afurða.

1 Þegar ætlunin er að flytja afla eða afurðir af íslensku veiðiskipi inn á markað Evrópusambandsins skal Fiskistofa staðfesta veiðivottorð, sbr. viðaukann „Veiðivottorð Fiskistofu“ sem birtur er með þessari. Í veiðivottorði skulu koma fram auk upplýsinga um aflann eða afurðina, nafn skips, skipaskrárnúmer, veiðisvæði, löndunardagur, útgerðaraðili, löndunarhöfn og ákvörðunarstaður aflans eða afurðarinnar.

2 Útflytjandi er ábyrgur fyrir útgáfu vottorðsins og skal senda Fiskistofu allar nauðsynlegar upplýsingar til staðfestingar á því.

3 Fiskistofa sér um útgáfu og staðfestingu veiðivottorða samkvæmt þessari grein.

10. gr.

Skýrslur útflytjanda óunnins afla.

1 Útflytjandi óunnins afla skal mánaðarlega senda til Fiskistofu skýrslu á því formi sem Fiskistofa ákveður, um sölu á aflanum, þar sem tilgreint er magn hverrar fisktegundar, söluverð eftir tegundum, ásamt skipaskrárnúmeri veiðiskips og löndunardegi. Ennfremur skal hann senda Fiskistofu afrit af viðkomandi sölunótum.

11. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum, skv. VI. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum.

2 Fiskistofu er heimilt að undangenginni skriflegri aðvörun að stöðva útgáfu og staðfestingu veiðivottorða skv. 9. gr. til útflytjenda sem vanrækt hafa skýrsluskil skv. 10. gr.

12. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett með heimild í 16. gr. og 2. mgr. 17. gr. laga nr. 116, 10. ágúst 2006, um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og 30. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum. Reglugerð þessi öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 910/2001, um skýrsluskil vegna viðskipta með afla, með síðari breytingum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. nóvember 2013.

VIÐAUKI

VEIÐIVOTTORÐ



Lýðveldið Ísland
Fiskistofa
Dalshrauni 1, 220 Hafnarfjörður, Ísland
Sími: +354 569 7900 Fax: +354 569 7990
www.fiskistofa.is

Tilvísunarnúmer **Númer veiðivottorðs**

Útflutningsland: Ísland
Lögbært yfirvald: Fiskistofa
Skoðunaraðili: Fiskistofa

I. Upplýsingar um viðkomandi sjávarafurðir

II. Uppruni viðkomandi sjávarafurða

Skráningarnúmer og nafn/nöfn fiskiskips/-skipa sem sá afli fékkst á sem lögbært yfirvald heimilar útflutning á, löndunardagur/-dagar aflans sem flytja á út, veiðarfæri, veiðislóð, útgerð fiskiskips og löndunarhöfn:

III. Uppruni viðkomandi sjávarafurða

Nafn og póstfang sendanda: **Nafn og póstfang viðtakanda:**

IV. Upplýsingar um flutninginn

Flutningstæki (fyllið út viðeigandi reiti)

Útflutningsland: Ísland

Gámur númer: Nafn skips og fánaland:

Flug númer: Farmbréfsnúmer:

V. Yfirlýsing

Undirritaður fulltrúi lögbærs yfirvalds staðfestir hér með að:

Sjávarafurðir þær sem lýst er hér að ofan eru framleiddar úr afla fyrrnefndra íslenskra fiskiskipa, eða -skips, sem stunda löglegar veiðar skv. íslenskum reglum um fiskveiðistjórnun.

Gjört í Hafnarfirði, 29 des. 2009

(Stafrænt einkenni útflytjanda)

Fiskistofa

Yfirlýsing innflytjanda, innflutningseftirlit og vottorð vegna endurútflutnings (einungis til ESB-notkunar)

Yfirlýsing innflytjanda				
Nafn og póstfang innflytjanda	**Undirskrift**	**Dagsetning**	**Innsigli**	**Afurðartákn í tollskrá**
Skjöl skv. 1. og 2. mgr. 14. gr. reglug. (ESB) nr. 1005/2008	**Tilvísanir**			
Innflutningseftirlit	**Staður**	**Innflutningur samþykktur(*)**	**Innflutningur stöðvaður(*)**	**Beðið um staðfestingu**
Tollskjöl (ef útgefin)	**Nr.**		**Dagsetning**	**Staður**

ESB-VOTTORÐ VEGNA ENDURÚTFLUTNINGS			
Nr. vottorðs	**Dagsetning**		**Aðildarríki**
1. Lýsing á endurútfluttri vöru		**Þyngd (kg)**	
Tegund	**Afurðartákn**		**Frávik frá heildarmagni skv. veiðivottorði**
2. Nafn endurútflytjanda	**Póstfang**	**Undirskrift**	**Dags.**
3. Yfirvöld			
Nafn/staða	**Undirskrift**	**Dagsetning**	**Innsigli/Stimpill**
4. Endurútflutningseftirlit			
Staður	**Endurútflutningur**	**Beðið um staðfestingu(*)**	**Nr. og dagsetn. yfirlýsingar um endurútflutning**
(*) Merkið við það sem við á.			

CATCH CERTIFICATE



Republic of Iceland
Directorate of Fisheries
Dalshraun 1, 220 Hafnarfjörður, Iceland
Tel. +354 569 7900 Fax. +354 569 7990
www.fiskistofa.is

Reference No. **Catch Certificate No.**

Country of dispatch: Iceland
Competent authority: Directorate of Fisheries
Inspection body: Directorate of Fisheries

I. Details identifying the fishery products

II. Provenance of the fishery products

Registration number(s) and name(s) of the vessel(s) that caught the fishery product(s) authorized for exports by the competent authority, landing date(s) of the catch to be exported, fishing area, operator of the vessel and port of landing:

III. Destination of the fishery products

Name and address of consignor: **Name and address of consignee:**

IV. Transportation details

Means of transport (please fill out the appropriate section)

Country of exportation: Iceland

Container no: Vessel name and flag:

Flight no: Air waybill no.

V. Attestation

The undersigned competent authority hereby certifies that:

The fishery product described above have been obtained from catches of the above Icelandic fishing vessel(s) legally operating in accordance with the Icelandic fisheries management control system (MCS).

Done at Hafnarfjörður, 29 des. 2009

(Electronic identification of exporter)

The Directorate of Fisheries

Importer decleration, import control and re-export certificate (For EC use only)

Importer decleration				
Name and address of importer	**Signature**	**Date**	**Seal**	**Product CN code**
Documents under Articles 14(1), (2) of Regulation (EC) No 1005/2008	**References**			
Import control authority	**Place**	**Importation authorised(*)**	**Importation suspended(*)**	**Verification requested date(*)**
Customs decleration (if issued)	**Number**		**Date**	**Place**

EUROPEAN COMMUNITY RE-EXPORT CERTIFICATE			
Certificate number	**Date**		**Member state**
1. Description of re-exported product		**Weight (kg)**	
Species	**Product code**		**Balance from total quantity declared in the catch certificate**
2. Name of re-exporter	**Address**	**Signature**	**Date**
3. Authority			
Name/title	**Signature**	**Date**	**Seal/stamp**
4. Re-export control			
Place	**Re-export authorised(*)**	**Verification requested(*)**	**Re-export decleration number and date**
(*) Tick as appropriate			

Reglugerð

nr. 295/2018, um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

1. gr.

Tilgangur og gildissvið.

1 Reglugerð þessi er sett til framkvæmdar 2. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 þar sem kveðið er á um heimild ráðherra til að ákveða árlega að á tilteknum fjölda opinberra sjóstangaveiðimóta teljist afli ekki til aflamarks eða krókaaflamarks.

2 Til opinberra sjóstangaveiðimóta teljast þau mót sem eru opin öllum sem sækjast eftir þátttöku í þeim, eftir atvikum með aðild að því félagi sem heldur mótið, sé það mögulegt miðað við aðstæður.

2. gr.

Umsóknir.

1 Fiskistofa skal auglýsa eigi síðar en 15. nóvember ár hvert, eftir umsóknum um vilyrði vegna aflaskráningar skv. 2. mgr. 6. gr. laga um stjórn fiskveiða, vegna opinberra sjóstangaveiðimóta sem áætlað er að verði haldin á yfirstandandi fiskveiðiári. Umsóknarfrestur er til 1. desember ár hvert, ef annað er ekki ákveðið.

2 Í umsókn skal tilgreina fjölda þeirra móta sem sóst er eftir að halda, hvenær þau verði haldin, hvar þau fari fram og hvert sé áætlað aflamagn á mótunum. Umsækjandi skal vera félag sem ekki er rekið í ábataskyni. Með umsókn skulu fylgja samþykktir félagsins auk upplýsinga um reglur um félagsaðild.

3. gr.

Veiting vilyrða.

1 Fiskistofa skal eigi síðar en 15. janúar ár hvert taka ákvörðun um hvort veita skuli vilyrði vegna aflaskráningar á opinberu sjóstangaveiðimóti.

2 Telji Fiskistofa að fjöldi umsókna, eða áætlað umfang opinberra sjóstangaveiðimóta samkvæmt þeim, muni geta leitt af sér meiri afla en nemur 200 lestum, er Fiskistofu heimilt að takmarka veitingu vilyrða skv. 1. mgr. 1. gr. við tiltekinn fjölda móta. Fiskistofu er heimilt að boða umsækjendur á fund til að leita sjónarmiða þeirra til mögulegrar takmörkunar á fjölda áformaðra móta eða breytinga á fyrirkomulagi þeirra. Þá er heimilt að láta hlutkesti ráða úthlutun.

3 Umsóknum þeirra aðila sem hafa ekki sinnt skyldu skv. 2. mgr. 4. gr. á fullnægjandi hátt, vegna fyrri móta á þeirra vegum, skal hafnað.

4. gr.

Ráðstöfun afla og aflaverðmætis.

1 Allur afli sem veiðist á sjóstangaveiðimóti sem nýtur vilyrðis skv. 1. gr. skal veginn og skráður í samræmi við reglugerð um vigtun og skráningu sjávarafla. Skal aflinn seldur á opinberum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir.

2 Innan 30 daga frá næstu mánaðamótum eftir að mót var haldið, skal það félag sem stóð fyrir því móti sem naut vilyrðis skv. 1. gr. skila til Fiskistofu vigtarnótum yfir afla og afreikningum frá opinberum uppboðsmarkaði sem aflinn var seldur á sem og gera skil á 10% af söluandvirði aflans umfram 500.000 kr.

5. gr.

Viðurlög, gildistaka o.fl.

1 Um viðurlög gegn brotum á þessari reglugerð fer eftir lögum um stjórn fiskveiða nr. 116/2006 og lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, eftir því sem við á.

2 Reglugerð þessi, sem sett er með heimild í lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar og 9. mgr. 6. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, öðlast þegar gildi.

3 Við gildistöku reglugerðarinnar fellur úr gildi reglugerð nr. 916/2016 um skráningu afla á opinberum sjóstangaveiðimótum.

Ákvæði til bráðabirgða.

1 Umsóknir sem hafa borist um úthlutun vilyrðis fyrir að afli á opinberum sjóstangaveiðimótum teljist ekki til aflamarks eða krókaaflamarks á árinu 2018, en hefur verið hafnað með vísun til eldri reglugerðar, skal taka til meðferðar að nýju af Fiskistofu samkvæmt ákvæðum þessarar reglugerðar. Skal ákvörðun Fiskistofu um veitingu vilyrða tekin eigi síðar en 15. apríl nk.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 20. mars 2018.

Reglugerð

nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 54/2003 sbr. 809/2022 og 1153/2021.

1. gr.

1 Mælingar á vinnslunýtingu skulu framkvæmdar um borð í öllum skipum, sem vinna afla um borð. Með vinnslu um borð er átt við alla frekari vinnslu en blóðgun, slægingu og flokkun á fiski. Mælingar þessar taki til allra fisktegunda sem heildarafli er takmarkaður á sbr. lög nr. 38, 15. maí 1990[1)], um stjórn fiskveiða, með síðari breytingum og lög nr. 151, 27. desember 1996, um fiskveiðar utan fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, nema kveðið sé á um annað í reglugerð um viðkomandi veiðar.

[1)]Nú l. 116/2006.

2. gr.

1 Á hverjum sólarhring skal gera nýtingarmælingu a.m.k. tvisvar sinnum meðan vinnsla er í gangi og skal vigta fisk eða fiskhluta eftir hvern þátt í vinnsluferlinu.

2 Fari 5 til 15 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 3 nýtingarmælingar á þeirri afurð. Fari meira en 15 lestir af ákveðinni fisktegund til framleiðslu á sömu afurð, skal gera a.m.k. 6 nýtingarmælingar á þeirri afurð.

3 Um framkvæmd nýtingarmælinga vísast til leiðbeiningabæklings Fiskistofu.

3. gr.

1 Öll nýtingarsýni sem tekin eru skv. 2. gr. skal merkja sérstaklega með skýrum hætti. Nýtingarsýni skal geyma aðskilin frá öðrum afla þannig að þau séu aðgengileg veiðieftirlitsmönnum áður en löndun hefst. Þeim skal einnig landa sérstaklega og geyma ef Fiskistofa óskar þess.

2 Ef afurðir úr nýtingarsýni nægja ekki í eina pakkningu, skal aðgreina þann hluta sem tilheyrir nýtingarsýninu með sérstöku auðkennanlegu millileggi. Viðkomandi pakkningu skal merkja með sama hætti og kveðið er á um í 1. mgr. og einnig skal merkja hana sérstaklega þannig að ljóst sé að ekki sé einungis nýtingarsýni í henni.

3 Umbúðir sem nýtingarsýni eru í og eyðublöð sem mælingar á nýtingarsýnum eru skráðar á, skulu merktar með hlaupandi númerum þannig að umbúðir með nýtingarsýni og viðkomandi skráningareyðublað séu merkt með sama númeri.

4. gr.

1 Við útreikning á afla skipa sem vinna afla um borð, skal byggja á nýtingarstuðlum sem reiknaðir eru á grundvelli mælinga skv. 2. gr. Þyngd afla er reiknuð út með því að deila í þyngd afurðar með nýtingarstuðli. Við ákvörðun hvort afli skuli uppreiknast slægður eða óslægður skal miða við 2. og 3. gr. auglýsingar sjávarútvegsráðuneytisins um upphafstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

2 Við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla skal leggja til grundvallar grunnstuðla sem ákveðnir eru af sjávarútvegsráðuneytinu.

3 Áður en vinnsla hefst á afurð sem grunnstuðlar hafa ekki verið ákveðnir fyrir, skal viðkomandi útgerð tilkynna það Fiskistofu. Óheimilt er að hefja þá vinnslu áður en ráðuneytið hefur ákveðið grunnstuðul, nema að fengnu leyfi Fiskistofu sem getur bundið leyfisveitingu þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

5. gr.

1 Er afurðum er landað skal ávallt landa þeim nýtingarsýnum er tekin eru úr þeim afurðum. Niðurstöður nýtingarmælinga úr þeim afurðum sem landað er í hvert sinn skulu lagðar til grundvallar við útreikning á lönduðum afla skips, sbr. þó 6. gr., nema til breytinga á stuðlum komi skv. 7.-9. gr.

6. gr.

1 Ef minna en 5 lestir af ákveðinni fisktegund í veiðiferð eru nýttar til framleiðslu á ákveðinni afurð hafa nýtingarmælingar þeirrar veiðiferðar ekki áhrif á útreikning á nýtingarstuðli þeirrar afurðar. Þó er heimilt að leggja nýtingarmælingar til grundvallar við útreikning á lönduðum afla hafi a.m.k. verið gerðar 3 nýtingarmælingar í viðkomandi afurð.

7. gr.

1 [Fiskistofa hefur eftirlit með framkvæmd mælinga skv. reglugerð þessari.

2 Skipstjóri skips sem vinnur afla um borð skal a.m.k. 12 klukkustundum áður skip leggst að bryggju tilkynna Fiskistofu um löndunarhöfn, löndunardag, fyrirhugaðan löndunartíma og um áætlað magn hverrar afurðar. Tilkynna þarf til Fiskistofu um allar breytingar á framangreindum upplýsingum. Áður en skip leggst að bryggju skal skipstjóri tilkynna viðkomandi löndunarhöfn á því formi sem Fiskistofa ákveður, um áætlaðan fjölda eininga t.d. kassa og/eða pakkninga sem landað er af hverri afurð og þunga umbúða hverrar einingar. Í tilkynningunni skal einnig geta þess hvort einstakar afurðir, aðrar en millilögð flök, eru íshúðaðar sérstaklega. Þessar upplýsingar skal skipstjóri einnig senda Fiskistofu ásamt upplýsingum um nýtingarmælingar í viðkomandi veiðiferð áður en skip leggst að bryggju. Tilgreina skal þá daga sem vinnsla skv. 1. gr. er ekki í gangi. Ef einungis hluta aflans verður landað skal það koma fram í tilkynningum, sbr. þessa mgr. Enn fremur komi fram hvaða afurðum verði landað, hvenær þær voru framleiddar og viðeigandi nýtingarmælingar. Einungis er heimilt að landa hluta af tiltekinni afurð skips sem vinnur afla um borð, ef allri framleiðslu viðkomandi vinnsludaga er landað, ásamt tilheyrandi nýtingarsýnum.

3 Fiskistofa getur ákveðið með hvaða hætti tilkynningar og upplýsingar skuli sendar og er óheimilt að senda tilkynningar og upplýsingar með öðrum hætti en Fiskistofa hefur ákveðið. Berist tilkynningar og upplýsingar, sbr. þessa grein, ekki innan tilskilins frests, eða með röngum upplýsingum um löndunarhöfn, löndunardag eða löndunartíma þannig að ekki reynist unnt að viðhafa eftirlit skulu afurðir skips reiknast til afla samkvæmt grunnstuðlum sem ákveðnir eru af ráðuneytinu.][1)]

[1)]Rg. 809/2022, 1. gr.

8. gr.

1 Sé nýtingarmælingum ekki sinnt um borð í skipi, skulu afurðir skips reiknast til afla samkvæmt grunnstuðlum sem ákveðnir eru af sjávarútvegsráðuneytinu. Sama gildir séu mælingar ekki í samræmi við 2. og 3. gr., eða þær framkvæmdar eða frá þeim gengið, þannig að Fiskistofa geti ekki viðurkennt gildi þeirra.

9. gr.

1 Komi í ljós, svo sem við samanburð eftirlitsmanna á nýtingarsýnum og sýnum úr afurðum eða við samanburð á nýtingarskýrslum og sýnum úr afurðum að mælingar á nýtingu við vinnslu einhverrar afurðar hafi verið framkvæmdar þannig að þær gefi ekki rétta mynd af raunverulegri nýtingu um borð í skipi skulu afurðir skips reiknast til afla samkvæmt grunnstuðlum sem ákveðnir eru af sjávarútvegsráðuneytinu. Fiskistofa getur þó ákveðið að nýtingarstuðlar skuli lægri en grunnstuðlar telji hún að samanburðurinn á nýtingarsýnum og sýnum úr afurðum sýni að raunveruleg nýting sé lakari en grunnstuðlar gefa til kynna.

2 Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til vinnslu á afla um borð komi ítrekað til lækkunar á nýtingarstuðlum samkvæmt 1. mgr.

10. gr.

1 Fiskistofa getur ákveðið í hvaða formi eyðublöð og skýrslur sem nota skal skv. þessari reglugerð skuli vera, og er óheimilt að nota önnur form en Fiskistofa samþykkir.

2 Reglur um meðferð og varðveislu bókhaldsgagna gilda um þau eyðublöð og skýrslur sem færa skal skv. reglugerð þessari.

11. gr.

1 [Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt 7. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum, ákvæðum VI. kafla laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, og ákvæðum IV. kafla laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.][1)]

Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til vinnslu á afla um borð, fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

[1)] *Rg. 809/2022, 2. gr.*

12. gr.

1 [Reglugerð þessi er sett samkvæmt 2. og 3. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum, 30. gr. laga nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, og 16. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða, til að öðlast gildi 15. febrúar 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.][1)] Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 511, 18. ágúst 1998, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, með síðari breytingum.

[1)] *Rg. 809/2022, 3. gr.*

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. janúar 2003.

Reglugerð
nr. 55/2003, um leyfi til vinnslu afla um borð í skipum.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 55/2003 sbr. 1035/2015 og 1153/2021.

1. gr.

1 Óheimil er frekari vinnsla á afla um borð í skipum en blóðgun, slæging og flokkun án sérstaks leyfis Fiskistofu.

2. gr.

1 [Leyfishafa er óheimilt að vinna afla frekar um borð en að fletja, flaka, roðfletta og snyrta.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt með samþykki Fiskistofu að frekari vinnsla fari fram um borð í skipi enda sé aflaskráning áreiðanleg og útfærð í samráði við Fiskistofu. Þá skal veiðieftirlitsmaður Fiskistofu vera um borð í skipinu er vinnslan fer fram í samræmi við 7. gr.

3 Fiskistofa getur jafnframt veitt skipum sem vinna afla um borð leyfi til bitavinnslu, þ.e. að hluta í sundur flak með sjálfvirkum vélbúnaði. Slíkt leyfi skal bundið þeim skilyrðum að öllum hlutum flaksins, sem falla til eftir að bitavinnsla hefst, s.s. flakahlutar, afskurður og roð, verði haldið aðgreindum frá öðrum afurðum vinnsluskipsins og skal því öllu landað. Við löndun skal vigta og skrá alla flakahlutana, afskurð og roð sérstaklega.

4 Niðurstaða aflaskráningar samkvæmt 2. og 3. mgr. gildir varðandi nýtingu aflamarks.][1)]

[1)]Rg. 1035/2015.

3. gr.

1 Áður en Fiskistofa veitir leyfi til vinnslu um borð í skipi, sbr. 1. gr., skal Fiskistofa staðfesta að eftirgreindum skilyrðum sé fullnægt:

1. Að móttaka og aðgerðarrými séu einangruð frá vélarrúmi.
2. Að aðstaða sé til að þvo fisk eftir slægingu.
3. Að mögulegt sé að kæla afla sem bíður vinnslu með ís eða með öðrum viðurkenndum aðferðum þannig að unnt sé að halda hitastigi hans undir 4°C.
4. Að fjöldi og fyrirkomulag geymslukara sé með þeim hætti að auðvelt sé að tegundaflokka og halda mismunandi tegundum aðskildum fyrir vinnslu. Einnig að stærð og fyrirkomulag á hverju kari sé með þeim hætti að afli sem bíður vinnslu verði ekki fyrir þrýstiskemmdum eða öðru hnjaski.
5. Að fiskvinnsluvélar gefi möguleika til hámarksnýtingar hráefnis í aðalafurðir og aukaafurðir miðað við þá tækni sem fyrir hendi er þegar leyfi er veitt.
6. Að hægt sé að stjórna hitastigi í lest skipa. Skal síritandi hitamælir skrá hitastig þar sem afurðir eru geymdar.
7. Að útgerð hafi tilnefnt vinnslustjóra, sbr. 6. gr.

4. gr.

1 Áður en leyfi til vinnslu afla um borð í skipi er veitt skal útgerð skips leggja fyrir Fiskistofu nákvæma greinargerð um hvernig staðið verði að vinnslu, innra eftirliti og nýtingu afla um borð þannig að ákvæðum 3. gr. sé fullnægt. Skulu þar m.a. koma fram upplýsingar um eftirfarandi atriði:

1. Vinnsluaðferðir, vinnslunýtingu, nýtingu aukaafurða og fyrirkomulag vinnslu um borð.
2. Fjölda og stærð íláta undir afla sem bíður vinnslu.
3. Frystigetu fyrir aðalafurðir og aukaafurðir.
4. Stærð lestarrýmis ásamt upplýsingum um búnað og geymslurými vegna nýtingar á fiskúrgangi.
5. Mannaflaþörf og lengd veiðiferða.

5. gr.

1 Það er skilyrði fyrir veitingu leyfis til vinnslu afla um borð í skipi að fjöldi í áhöfn sé nægilegur til að vinna afla á fullnægjandi hátt að teknu tilliti til áskilins hvíldartíma. Við mat á þessu atriði skal tekið tillit til veiðigetu skipsins, gerðar þess og fyrirkomulags vinnslunnar um borð.

2 Það er enn fremur skilyrði fyrir veitingu leyfis til vinnslu afla um borð í skipi að fyrir hendi sé sérstök hvíla fyrir hvern mann í áhöfn skips og eftirlitsmann.

6. gr.

1 Á hverri vakt sem afli er unninn skal vera maður með sérþekkingu á vinnslu um borð í skipum, vinnslustjóri, sem umsjón hefur með allri vinnslu og innra eftirliti. Hann skal og sjá um að öll skráning um vinnslu og mælingar á nýtingu séu samkvæmt gildandi reglum.

7. gr.

1 Eftirlitsmaður skal vera um borð í skipi sem leyfi hefur til vinnslu afla, fyrst eftir að leyfi er veitt, svo lengi sem Fiskistofa metur nauðsynlegt með hliðsjón af framkvæmd vinnslunnar. Sama gildir verði það mikil breyting í áhöfn, útgerðarháttum eða búnaði að ástæða sé til að ætla að það hafi veruleg áhrif á vinnslu um borð í skipinu og þegar afli er unninn um borð skv. 2. mgr. 2. gr. Eftir þann tíma skal eftirlitsmaður vera um borð eftir því sem ástæða er talin til hverju sinni af Fiskistofu.

2 Skal útgerð sjá eftirlitsmönnum fyrir fæði og aðstöðu meðan þeir eru við eftirlitsstörf um borð. Þá skal útgerð skips greiða Fiskistofu upphæð, sbr. lög nr. 33/2000 um veiðieftirlitsgjald, með síðari breytingum, vegna eftirlits fyrir hvern dag eða hluta dags sem eftirlitsmaður er um borð.

8. gr.

1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar eða leyfisbréfa gefinna út samkvæmt henni varða viðurlögum samkvæmt 7. gr. laga nr. 54/1992, um vinnslu afla um borð í skipum, með síðari breytingum. […][1)]

2 Fiskistofu er heimilt að svipta skip leyfi til vinnslu á afla um borð fyrir brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar.

[1)] *Rg. 1153/2021, 27. gr.*

9. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 54, 16. maí 1992, um vinnslu afla um borð í skipum, með síðari breytingum, til að öðlast gildi 15. febrúar 2003 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi reglugerð nr. 510, 24. ágúst 1998, um leyfi til fullvinnslu botnfiskafla um borð í veiðiskipum, með síðari breytingum.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 23. janúar 2003.

Reglugerð
nr. 489/2009, um vinnslu og heilbrigðiseftirlit með hvalaafurðum.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 489/2009 sbr. 533/2018.*

I. KAFLI
Tilgangur og gildissvið.

1. gr.

1 Megintilgangur reglugerðar þessarar er að tryggja að hvalaafurðir séu öruggar til neyslu, að þær séu ómengaðar og framleiddar við fullnægjandi hreinlætisaðstæður. Reglugerð þessi skilgreinir þær kröfur sem gerðar eru til verkunarstöðva sem ætlaðar eru til skurðar, verkunar og vinnslu á hvalaafurðum og skurðar á hrefnum um borð í veiðiskipum. Reglugerð þessi gildir sömuleiðis um hollustuhætti og eftirlit með vinnslu og dreifingu hvalaafurða.

2 Reglugerðin nær ekki til vinnslu hvalaafurða utan verkunarstöðva og skipa, né til áframhaldandi vinnslu afurða eins og söltunar, reykingar og kryddunar, en um slíka vinnslu gildir reglugerð nr. 522/1994, um matvælaeftirlit og hollustuhætti við framleiðslu og dreifingu matvæla.[1)]

[1)]*Núgildandi er reglugerð nr. 103/2010, um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 852/2004 um hollustuhætti sem varða matvæli.*

II. KAFLI
Almenn ákvæði.

2. gr.

Kröfur um leyfi.

1 Allar hvalaafurðir sem fara í dreifingu á markað og til útflutnings, skulu skornar, verkaðar og unnar í löggiltum verkunarstöðvum og/eða skipum sem hafa leyfi til hvalveiða og eru geymdar í viðurkenndum kæli- og kjötfrystigeymslum. Sérhver leyfishafi ber ábyrgð á þeirri framleiðslu sem leyfið tekur til.

3. gr.

Hvalveiðiskip.

1 Skip sem stunda hvalveiðar og vinnslu skulu hafa leyfi frá Fiskistofu og fullnægja kröfum um fullnægjandi aðbúnað og hreinlæti um borð. Hrefnuveiðiskip sem skera hvali um borð skulu hafa starfsleyfi frá Matvælastofnun.

4. gr.

Löggilding.

1 Hver sá sem hyggst útbúa húsnæði til hvalverkunar skal senda sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu teikningu af fyrirhuguðum framkvæmdum ásamt nákvæmri skriflegri lýsingu á aðstöðunni. Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið löggildir aðstöðuna að fenginni umsögn Matvælastofnunar.

5. gr.

Árleg skoðun.

1 Matvælastofnun skal árlega skoða húsnæði og búnað vinnslusala í löggiltum verkunarstöðvum fyrir hvalkjöt og aðstöðu um borð í hrefnuveiðiskipum og skila skýrslu til rekstraraðila. Með sama hætti skal stofnunin sannreyna og yfirfara gögn um innra eftirlit. Í

skýrslunni skal koma fram lýsing á viðkomandi aðstöðu, hvaða athugasemdir eru gerðar, kröfur um úrbætur og þeir frestir sem rekstraraðili hefur til að framkvæma þær.

6. gr.

Starfsleyfi.

 Rekstraraðili verkunarstöðvar skal hafa gilt starfsleyfi frá Matvælastofnun fyrir starfseminni. Honum ber að starfrækja innra eftirlit. Innra eftirlitið skal lýsa þeim fyrirbyggjandi aðgerðum sem gripið er til til að tryggja öryggi afurðanna. Að auki skal hann beita GÁMES aðferðafræðinni við greiningu á hættum og mikilvægum stýristöðum. Allar mælingar og athuganir skv. eftirlitskerfinu skal skrá, svo og viðbrögð við frávikum umfram vikmörk.

III. KAFLI
Verkunarstöðvar í landi.

7. gr.

Almennar kröfur varðandi byggingar og búnað.

1. Umhverfi verkunarstöðva skal vera þurrt og þrifalegt, akbrautir og bílastæði steypt eða malbikuð með góðum halla að niðurföllum svo óhreinindi berist ekki inn á vinnslusvæðið.
2. Vönduð girðing skal vera umhverfis lóð stöðvarinnar, eftir því sem aðstæður leyfa, til að girða fyrir óþarfa og óæskilega umferð.
3. Rými þar sem hvalurinn er skorinn skal vera fullnægjandi hvað varðar stærð og búnað fyrir allan skurð og vinnslu hvalaafurða.
4. Gólf í skurðar- og vinnslusölum skulu vera úr slitsterku, vatnsþéttu efni sem auðvelt er að þrífa og sótthreinsa og lagt þannig að vatn renni greiðlega að niðurföllum, sem skulu vera með vatnslásum og ristum.
5. Tréfletir sem nota þarf vegna skurðar kjötsins skulu vera sléttir.
6. Frárennsli skulu uppfylla kröfur skv. reglugerð nr. 941/2002, um hollustuhætti.
7. Veggir skulu vera með sléttu, vatnsþéttu og slitþolnu yfirborði sem auðvelt er að þrífa.
8. Loft eða loftklæðningu skal vera auðvelt að þrífa.
9. Hurðir skulu vera úr slitþolnu efni sem auðvelt er að þrífa.
10. [Í skurðar- og vinnslusal skal vera nægur fjöldi viðeigandi hreinlætistækja með hæfilega heitu vatni og/eða gufu til þvotta og sótthreinsunar á handverkfærum og vera eins nálægt skurðar- og vinnustöðvum og unnt er.][1)]
11. Í vinnslusölum og snyrtiherbergjum skal vera nægur fjöldi handlauga með hæfilega heitu rennandi vatni ásamt handþvotta- og gerileyðandi efnum og einnota handþurrkum. Kranar mega ekki vera handstýrðir.
12. [Búnaður skal vera til staðar til að sótthreinsa verkfæri með a.m.k. 82°C heitu vatni eða gufu.][2)]
13. Loftræsting skal vera fullnægjandi þannig að ekki setjist þéttivatn á loft, veggi og innréttingar.
14. Næg dagsbirta eða lýsing skal vera til staðar.
15. Nægjanlegt magn af heitu og köldu vatni af neysluvatnsgæðum, sbr. reglugerð nr. 536/2001, um neysluvatn.
16. Hreinsiefni, gerileyðandi efni, skordýraeitur og önnur efni sem innihalda eiturefni skal geyma í læstum hirslum eða herbergjum. Notkun þeirra má ekki valda mengun afurðanna.
17. Skilti skal vera á áberandi stöðum sem banna notkun tóbaks, hrækingar, neyslu matar og drykkjar.

[1)]Rg. 533/2018, 1. gr. [2)]Rg. 533/2018, 2. gr.

8. gr.

Kælar og frystar.

1 Kæla fyrir ferskt kjöt skal vera auðvelt að þrífa. Þeir skulu vera nægjanlega stórir þannig að það kjöt sem þar á að geyma rúmist vel. Hitastig í kælum skal vera 0-4°C. Þar skal ávallt vera til staðar hitamælir.

2 Frysta og geymslur fyrir frosið kjöt skal vera auðvelt að þrífa. Þau skulu vera nægjanlega stór þannig að það kjöt sem þar á að geyma rúmist vel. Frystar og geymslur fyrir frosið kjöt skulu geta haldið hitastigi við -18°C eða lægra.

IV. KAFLI
Hrefnuveiðiskip.

9. gr.

Almennar kröfur varðandi aðstöðu og búnað.

1. Hrefnuveiðiskipum skal vel viðhaldið. Þau skulu útbúin á þann hátt að þau henti til skurðar á hrefnum.
2. Vinnslusvæði skulu nógu rúmgóð til að hægt sé að skera og hluta hrefnur við bestu hreinlætisaðstæður. Þau skulu þannig hönnuð og skipulögð að unnt sé að koma í veg fyrir mengun afurðanna.
3. Skurður á hrefnum skal fara fram í samræmi við góða framleiðsluhætti.
4. Greinilegur aðskilnaður skal vera á milli hreins svæðis og óhreins svæðis um borð í skipunum.
5. Um borð skal vera hæfilegur fjöldi búningsklefa, handlauga og salerna. Salernishurðir mega ekki opnast beint út að svæði þar sem skurður hrefna fer fram eða þar sem þær eru geymdar. Við handlaugar séu handþvotta- og gerileyðandi efni og einnota handþurrkur þannig að hreinlætiskröfum sé fullnægt. Kranar við handlaugar mega ekki vera handstýrðir.
6. Skipin skulu hafa nægt heitt og kalt vatn af neysluvatnsgæðum.
7. Skipin skulu hafa stafræna hitamæla um borð til að hægt sé að fylgjast með hitastigi kjötsins.
8. Áhöld skulu vera hrein og gerð úr eða húðuð með ógagndræpum efnum sem ekki tærast, eru slétt og sem auðvelt er að þvo og gerileyða. Þeim skal ávallt haldið hreinum.
9. Tréfletir sem nota skal vegna skurðar kjötsins skulu vera sléttir og auðþrífanlegir.
10. Ílát undir kjötið, ísinn og lestin skulu vera gerð úr sléttum auðþrífanlegum efnum, sem ekki gefa frá sér efnasambönd sem geta borist í kjötið.
11. Áhöldum og öllum búnaði skal vera vel viðhaldið og úr efnum sem eru tæringarfrí og úr seltuvörðum efnum.
12. Búnaður skal vera til staðar til að sótthreinsa verkfæri með a.m.k. 82°C heitu vatni.
13. Hreinsiefni, gerileyðandi efni, skordýraeitur og önnur efni sem innihalda eiturefni skal geyma í læstum hirslum eða herbergjum. Notkun þeirra má ekki valda mengun afurðanna.
14. Skilti á áberandi stöðum sem banna notkun tóbaks, hrækingar, neyslu matar og drykkjar.

V. KAFLI
Verkun og meðferð hvalkjöts.

10. gr.

Kröfur vegna skurðar og vinnslu stórhvala.

1 [Hvali skal blóðtæma svo fljótt sem auðið er eftir aflífun. Á stórhveli skal gerð a.m.k. 2 metra löng kviðrista til að sjór geti leikið um kviðarholið eða kældum sjó dælt um æðakerfi og kviðarhol hvalsins til kælingar. Skurður á stórhvelum skal að jafnaði hefjast innan sólarhrings frá aflífun.][1)]

2 [Hvalskurður skal hafinn eins fljótt og auðið er eftir að hvalur er kominn á land á skurðarfleti með viðeigandi vörnum sem koma í veg fyrir mengun afurða samkvæmt áhættumati sem rekstraraðili gerir.][2] Skurðarflöturinn sem hvalir eru skornir á, geymslukör, áhöld og verkfæri skal þrífa og sótthreinsa áður en skurður hefst og að loknum skurði.

3 Kjöt með púðurögnum, rifið kjöt og kjöt sem mengast hefur af þarmainnihaldi skal skorið frá og því eytt.

4 Kjöt, spik og rengi skal hluta í hæfilega stór stykki og koma sem fyrst í kælingu og frystingu.

5 Hvalaafurðir sem ætlað er að flytja til vinnslu skulu skornar í hæfilega stór stykki og sett án tafar í hrein og sótthreinsuð ílát/kör og ísuð og flutt yfirbreidd í kælibíl til frekari vinnslu.

6 Framleiðandi skal tryggja rekjanleika kjötsins með lotunúmeri sem merkt skal á frystipakkningar þar sem komi fram auk auðkennisnúmers stöðvar a.m.k. ártal og tegund kjöts, en hann ákvarðar sjálfur hve mikið magn er á bak við hvert númer. Þannig skulu á bak við hvert lotunúmer vera afurðir sem unnar voru við sambærilegar aðstæður. Framleiðandi skal halda skrá yfir lotunúmer og hvaða hvalir liggi þar á bakvið.

[1)]Rg. 533/2018, 3. gr. [2)]Rg. 533/2018, 4. gr.

11. gr.

Kröfur um skurð og frágang á hrefnukjöti.

1 Hrefnur sem skornar eru á sjó skal blóðtæma sem allra fyrst eftir aflífun. Um leið og hrefnan er komin um borð skal pétta endaþarmsop með pappír eða þurrku til að hindra rennsli af saur frá dýrinu á dekkið. Innyfli skal fjarlægja sem allra fyrst eftir að hrefnan er komin um borð. Hrefnuna skal flensa á þann hátt að spikið er skorið frá alveg inn að vöðvahimnum.

2 Kjöt með púðurögnum, rifið kjöt og kjöt sem mengast hefur af þarmainnihaldi skal skorið frá og því eytt.

3 Þá er kjötið skorið í hæfilega stóra bita, sem lagðir eru í plastpoka, ásamt ís til kælingar, sem lagðir hafa verið í viðeigandi kör. Pokunum er lokað áður en afurðirnar eru fluttar til frekari vinnslu. Á sama hátt skal ganga frá öðrum afurðum líkt og spiki og rengi.

4 Ílátin/körin skulu skráð með rekjanleikanúmeri viðkomandi hvals. Rekjanleikanúmer skal innihalda auðkennisstaf skips, hlaupandi númer hvals og ártal.

5 Séð skal til þess að skurður fari fram í samræmi við góða framleiðsluhætti og fyllsta hreinlætis sé gætt. Afurðirnar skal flytja með kælibíl til heilbrigðisskoðunar í viðurkennda kjötvinnslu.

6 Um vinnslu og skurð á hrefnum sem ekki eru skornar á sjó fer eftir ákvæðum um vinnslu og verkunarstöðvar fyrir hvalkjöt í landi.

12. gr.

Kröfur varðandi afurðir.

1 Hvalkjöt sem ætlað er til dreifingar á markaði og til útflutnings skal uppfylla eftirfarandi kröfur:

1. Vera af dýrum sem eru löglega skotin og fyllsta hreinlætis hafi verið gætt við blóðtæmingu, innanúrtöku og meðferð og hafa fengið viðunandi kælingu strax eftir aflífun. Hafi rekstraraðili grun um að dýr eða hluti dýrs uppfylli ekki lágmarkskröfur skal tryggja að hann mengi ekki aðrar afurðir.
2. Vera af dýrum sem eru verkuð í löggiltum verkunarstöðvum eða skipum sem leyfi hafa til að stunda hvalveiðar og vinnslu.
3. Koma frá vinnslustöðvum sem hafa starfsleyfi frá heilbrigðiseftirliti sveitarfélaga til verkunar á hvalkjöti.
4. Hafa verið heilbrigðisskoðað af kjötskoðunarlækni í verkunarstöð.

5. Hafa verið undir opinberu eftirliti í flutningum og geymslu að kjötskoðun lokinni.
6. Fylgja skal sömu kröfum og gilda um annað ferskt kjöt varðandi hreinlæti við vinnslu, pökkun og flutning.

2 Starfsleyfishafi skal tryggja að afurðir uppfylli kröfur sem gerðar eru í reglugerð þessari. Hann skal ekki vinna, framleiða, selja eða afhenda afurðir sem eru óhreinar, mengaðar, skemmdar eða með annarlegri lykt eða útliti og hætta er á sýkingum eða eitrunum við venjulega neyslu þeirra.

VI. KAFLI
Heilbrigðisskoðun.

13. gr.
Eftirlit Matvælastofnunar.

1 Matvælastofnun fer með eftirlit með verkunarstöðvum fyrir hvalkjöt, aðstöðu í hrefnuveiðiskipum og heilbrigðisskoðun á hvalaafurðum.

2 Heilbrigðisskoðun skal fara fram á öllum hvölum áður en frekari vinnsla fer fram eða afurðirnar eru afhentar til dreifingar. Búnaður og aðstaða í verkunarstöðvum skal vera þannig að unnt sé að framkvæma heilbrigðisskoðun á viðunandi hátt. [Tilkynna skal Matvælastofnun eða fulltrúa hennar með nægjanlegum fyrirvara um væntanlega komu hvals, að jafnaði minnst 12 klst. áður en hvalur kemur í verkunarstöð.][1)]

3 Kjötskoðunarlæknar bera ábyrgð á heilbrigðismerkingu afurða og skulu jafnframt skrá þær upplýsingar um hvali, sem tryggja rekjanleika hvalsins að kjötskoðun lokinni.

4 Allt óheilnæmt hvalkjöt, að mati kjötskoðunarlæknis, skal dæma óhæft til manneldis og skal því eytt á tryggilegan hátt. Mat hans skal byggt á skynmati á kjötinu og hreinlæti við vinnslu afurðanna, auk niðurstaðna úr sýnatökum, sbr. viðauka I.

[1)] *Rg. 533/2018, 5. gr.*

14. gr.
Heilbrigðismerki.

1 Hvalkjöt sem pakkað er í verkunar- og vinnslustöðvum skal merkja með lotunúmeri. Merkið skal setja á miða sem festur er á umbúðir eða prentað á þær.

2 Rekjanleikanúmer fyrir hverja hrefnu skal vera til staðar, og skal hver hrefna merkt með auðkennisstaf skips, hlaupandi númeri hrefnu og ártali. Fylla skal út eyðublað Matvælastofnunar vegna heilbrigðisskoðunar á hrefnum og skal það fylgja kjötinu í vinnslustöð. Fylla skal út eitt eyðublað fyrir hverja hrefnu.

VII. KAFLI
Hreinlæti í verkunarstöðvum og aðstaða starfsfólks.

15. gr.
Starfsmannaaðstaða.

1 Aðstaða starfsfólks skal uppfylla kröfur sem eftirlitsaðilar gera. Að lágmarki skal starfsfólk hafa aðgang að búningsherbergi, þar sem aðskilnaður er milli eigin ytri fatnaðar og vinnufatnaðar, kaffistofu og vel búnum snyrtingum.

16. gr.
Þrif.

1 Verkunarstöðvar skulu hafa sérstakan búnað og aðstöðu með heitu og köldu vatni.

2 Gæta skal fyllsta hreinlætis við vinnslu og meðhöndlun afurða. Þetta á jafnt við um persónulegt hreinlæti og þrif á búnaði og húsnæði. Starfsfólk sem vinnur við skurð, vinnslu á afurðum eða pökkun á vöru skal klæðast hlífðarfatnaði, sem leyfishafi leggur til. Til hlífðarfatnaðar

teljast hárnet, fótabúnaður, buxur og sloppur eða skyrta, eða annað sambærilegt. Annan hlífðarbúnað skal nota eftir því sem aðstæður gefa tilefni til. Skipta á um fatnað þegar það er nauðsynlegt til að fyllsta hreinlætis sé gætt. Starfsfólk skal reglulega þvo og sótthreinsa hendur og alltaf áður en vinna hefst, í upphafi dags, eftir hlé og eftir salernisferðir. Hendur skal ávallt þvo og sótthreinsa umsvifalaust, hafi þær mengast af óhreinindum eða sýktum afurðum.

3 Allan búnað verkunar- og vinnslustöðva skal þrífa og sótthreinsa reglulega meðan á vinnslu stendur, þegar vinnslu lýkur og áður en vinnsla hefst, hafi búnaðurinn mengast í millitíðinni.

4 Einungis má nota viðurkennd ræsti- og sótthreinsiefni sem ætluð eru til notkunar í matvælaiðnaði.

5 Þegar þrifum og sótthreinsun er lokið skal skola alla fleti vandlega með vatni af neysluvatnsgæðum.

VIII. KAFLI
Flutningur á afurðum og ýmis ákvæði.

17. gr.
Flutningsaðili.

1 Allt hvalkjöt sem flutt er úr vinnslustöð að heilbrigðisskoðun lokinni og á að dreifa eða selja á almennan markað skal flytja með viðurkenndum flutningsaðila, sem starfrækir innra eftirlit, í þar til gerðu farartæki með kæli eða frysti.

18. gr.
Tilkynningar.

1 Rekstraraðili skal tilkynna starfandi kjötskoðunarlækni í landstöð um komu hvals með hæfilegum fyrirvara áður en hvalurinn berst þangað.

19. gr.
Rannsóknir og eftirlit Matvælastofnunar.

1 Matvælastofnun hefur eftirlit með að ákvæði þessarar reglugerðar séu uppfyllt. Stofnunin skal taka sýni til rannsóknar reglulega og fyrirvaralaust, skv. sýnatökuáætlun sem stofnunin gerir. Auk þess skal stofnunin gera aðrar athuganir sem hún telur nauðsynlegar. Stofnunin skal hvenær sem er eiga greiðan aðgang að öllum hlutum hvalverkunarstöðva, skráningum og niðurstöðum úr innra eftirliti og fylgjast sérstaklega með:

1. Almennu hreinlætisástandi í hvalverkunarstöðvum, tækjabúnaði og vinnubrögðum og búnaði starfsfólks.
2. Skilvirkni innra eftirlits hvalverkunarstöðva.
3. Örveruástandi afurðanna eftir að vinnslu er lokið.
4. Geymslu, flutningi og merkingu afurðanna.

2 Úr hvalkjöti skal taka sýni til:

1. Örverurannsókna.
2. Aðskota- og eiturefnamælinga.
3. Þungmálmamælinga.
4. Annarra rannsókna sem Matvælastofnun telur nauðsynlegar og fyrirskipar, sjá nánar í viðauka I.

20. gr.
Gjaldtaka.

1 Matvælastofnun fer með eftirlit með verkunarstöðvum fyrir hvalkjöt og heilbrigðisskoðun á hvalaafurðum. Rekstrarleyfishafi skal greiða allar rannsóknir og eftirlit sem framkvæmt er samkvæmt reglugerð þessari.

2 Um innheimtu eftirlitsgjalds fer eftir gjaldskrá sem ráðherra setur og skal hún taka mið af kostnaði við undirbúning, ferðir, skoðun, frágang, samræmingu, sýnatöku og rannsóknir sýna vegna eftirlitsins. Þá skal jafnframt kveðið á um leyfisgjöld fyrir verkunarstöðvar og skip, sem og vegna uppruna- og heilbrigðisvottorða fyrir afurðir sem seldar eru innanlands eða fluttar á erlendan markað.

21. gr.
Úrgangur.

1 Öllum hvalaafurðum, sem ekki eru nýttar til manneldis eða í dýrafóður, og líffærum og kjöti, sem kjötskoðunarlæknir dæmir óhæft, skal fargað á tryggilegan hátt samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 820/2007, um meðferð og nýtingu á slátur- og dýraleifum.

22. gr.
Viðurlög.

1 Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða sektum eða fangelsi allt að 2 árum. Með mál út af brotum skal farið að hætti opinberra mála.

23. gr.
Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett með stoð í lögum nr. 96/1997, um eldi og heilbrigði sláturdýra, slátrun, vinnslu, heilbrigðisskoðun og gæðamat á sláturafurðum, lögum nr. 93/1995 um matvæli og lögum nr. 26/1949 um hvalveiðar.

2 […

3 …][1)]

Reglugerðin tekur þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 105/1949 um vinnslu og umbúnað á hvalkjöti.

[1)] *Rg. 533/2018, 6. gr.*

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 28. maí 2009.

VIÐAUKI I

1. Sýnataka vegna aðskota-, eiturefna- og þungmálmamælinga skal framkvæmd samkvæmt nánari ákvörðun Matvælastofnunar og/eða í samræmi við kröfur kaupenda.
2. Rannsóknaþættir vegna örvera:
   a. kóli.
   b. Heildargerlafjöldi við 30ºC.
   c. Vibrio parahaemolyticus.
3. Fjöldi sýna vegna örverurannsókna:
   a. Eitt sýni af tíunda hverjum hval beint af dýrinu.
   b. Eitt sýni einu sinni í viku af þremur tegundum af skornu kjöti.
4. Rannsóknastaður:
   a. Sýnin skulu rannsökuð hjá faggiltri rannsóknastofu.
5. Önnur sýni sem tekin eru og mælingar sem gerðar skulu samkvæmt samþykktum alþjóðahvalveiðiráðsins.

Auglýsing

nr. 213/2010, um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun.

1. gr.

1 Ef vigtun afla fer fram með úrtaksvigtun samkvæmt ákvæðum reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,[1)] með síðari breytingum, skal úrtak tekið í samræmi við auglýsingu þessa.

[1)]Rg. 745/2016 (um vigtun og skráningu sjávarafla), sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018, 436/2019, 325/2020, 861/2020,990/2020, 358/2021, 436/2019 og 709/2021.

2. gr.

1 Úrtak skal tekið af handahófi úr aflanum þannig að það gefi sem réttasta mynd af aflanum.

3. gr.

1 Um lágmarksfjölda íláta sem tekin eru í úrtak úr afla hverrar tegundar af ísuðum botnfiski eða ísaðri rækju fer skv. þessari grein þegar vigtun er framkvæmd samkvæmt 14. gr. reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,[1)] með síðari breytingum.

2 Ílát sem tekin eru í úrtak skulu brúttóvigtuð, þá skal fiskur og ís aðskilin og fiskurinn vigtaður úr hverju íláti fyrir sig. Nettóþungi fisks úr ílátum sem tekin eru í úrtak skal lagður saman og deilt í með fjölda íláta í úrtaki og þannig fundinn meðalnettóþungi afla hvers íláts í úrtaki. Heildarnettóþungi hverrar tegundar skal fundinn með margfeldi meðalnettóþunga afla í íláti til úrtaksvigtunar og fjölda fullra íláta að viðbættum nettóþunga afla hverrar tegundar úr þeim ílátum sem ekki eru full.

Lágmarksfjöldi íláta sem tekin eru í úrtak.

Ísaður botnfiskur				Ísuð rækja	
Heildarfjöldi íláta með afla	**Stór kör**	**Lítil kör**	**Kassar**	**Kör**	**Kassar**
1	1	1	1	1	1
2	2	2	2	2	2
3	3	3	3	2	2
4	4	4	4	2	3
5	4	5	5	2	3
6	5	5	6	2	3
7	6	6	6	2	3
8	6	6	7	3	3
9	6	7	8	3	4
10	7	7	9	3	4
11	7	8	9	3	4
12	8	8	10	3	4
13	8	9	10	3	4
14	8	9	11	3	4
15	9	9	11	3	4
16	9	10	12	3	4
17	9	10	13	3	4
18	9	10	13	3	4
19	10	11	13	3	4
20	10	11	14	3	4
21	10	11	14	3	4
22	10	11	15	3	4
23	10	12	15	3	4

24	11	12	16	3	4
25	11	12	16	3	4
26	11	12	16	3	5
27	11	13	17	3	5
28	11	13	17	3	5
29	11	13	18	3	5
30	12	13	18	3	5
31	12	13	18	3	5
32	12	13	19	3	5
33	12	14	19	3	5
34	12	14	19	3	5
35	12	14	19	3	5
36	12	14	20	3	5
37	12	14	20	3	5
38	13	14	20	3	5
39	13	14	21	3	5
40	13	15	21	3	5
41	13	15	21	3	5
42	13	15	21	3	5
43	13	15	22	3	5
44	13	15	22	3	5
45	13	15	22	3	5
46	13	15	22	3	5
47	13	15	22	3	5
48	13	16	23	3	5
49	13	16	23	3	5
50	13	16	23	3	5
51	14	16	23	3	5
52	14	16	23	3	5
53	14	16	24	3	5
54	14	16	24	3	5
55	14	16	24	3	5
56	14	16	24	3	5
57	14	16	24	3	5
58	14	16	25	3	5
59	14	16	25	3	5
60	14	17	25	3	5
61	14	17	25	3	5
62	14	17	25	3	5
63	14	17	25	3	5
64	14	17	26	3	5
65	14	17	26	3	5
66	14	17	26	3	5
67	14	17	26	3	5
68	14	17	26	3	5
69	14	17	26	3	5
70	15	17	26	3	5
71	15	17	27	3	5
72	15	17	27	3	5
73	15	17	27	3	5
74	15	17	27	3	5
75	15	17	27	3	5
76	15	17	27	3	5
77	15	18	27	3	5
78	15	18	27	3	5
79	15	18	28	3	5

80	15	18	28	3	5
81	15	18	28	3	5
82	15	18	28	3	5
83	15	18	28	3	5
84	15	18	28	3	5
85	15	18	28	3	5
86	15	18	28	3	5
87	15	18	28	3	5
88	15	18	29	3	5
89	15	18	29	3	5
90	15	18	29	3	5
91	15	18	29	3	5
92	15	18	29	3	5
93	15	18	29	3	5
94	15	18	29	3	5
95	15	18	29	3	5
96	15	18	29	3	5
97	15	18	29	3	5
98	15	18	29	3	5
99	15	18	30	3	5
100 og yfir	15	18	30	3	5

[1)]Með rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018 og 436/2019, var rg. 224/2006 felld úr gildi.

4. gr.

1 Um lágmarksfjölda íláta sem tekin eru í úrtak úr afla hverrar tegundar af ísuðum botnfiski fer skv. þessari grein þegar vigtun er framkvæmd á þann veg að hvert kar er brúttóvigtað við endurvigtun afla á fiskmarkaði

2 Aðskilja skal fisk og ís úr þeim ílátum sem valin eru í úrtak og vigta ísinn eða fiskinn. Hlutfall íss í úrtaki skal reiknað með eftirfarandi aðferð: Brúttóafli í ílátum, þ.e. afli og ís að frádregnum þunga íláta, mínus nettóþungi fisks, þ.e. afli mínus ís, margfaldað með 100, deilt með brúttóþunga fisks í ílátum. Nettóþungi afla skal fundinn með því að draga reiknað hlutfall íss frá brúttóþunga (afli og ís) hvers fulls íláts að viðbættum nettóþunga afla úr þeim ílátum sem ekki eru full.

Lágmarksfjöldi íláta sem tekin eru í úrtak.

Ísaður botnfiskur			
Heildarfjöldi íláta með afla	**Stór kör**	**Lítil kör**	**Kassar**
1	1	1	1
2	2	2	2
3	2	2	2
4	3	3	3
5	3	3	3
6	3	3	3
7	3	3	3
8	4	4	4
9	4	4	4
10	4	4	4
11	4	4	4
12	4	4	4
13	4	4	4
14	4	4	4
15	4	4	4
16	4	4	4
17	4	4	4
18 og yfir	5	5	5

5. gr.

1 Ef afli er geymdur í ískrapa skal vigta allan aflann. Með geymslu í ískrapa er átt við fisk sem geymdur er í blöndu af ís (t.d. skelís) og vökva (vatni eða sjó) í vökvaheldu íláti.

6. gr.

1 Um lágmarksúrtak við vigtun á hverri tegund afurðar sem unnin er um borð í fiskiskipum fer skv. þessari grein. Úrtak skal tekið fyrir hverja tegund afurðar þannig að það gefi sem réttasta mynd af framleiðslunni. Ef afurð er í fleiri en einni tegund umbúða, skal vigta sérstaklega afurðina í hverri tegund umbúða.

2 Um vigtun á rækju, annarrar en þeirrar skilgreind er í 33. gr. reglugerðar nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,[1)] fer samkvæmt ákvæðum þessarar greinar.

[1)]Með rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018 og 436/2019 var rg. 224/2006 felld úr gildi.

Heildarmagn afurðar	**Lágmarksúrtak**
Eitt tonn eða minna	Öll framleiðslan eða eitt bretti, eftir því sem við á.
1 til 25 tonn	1 tonn eða 1 bretti, eftir því sem við á.
25 til 50 tonn	2 tonn eða 2 bretti, eftir því sem við á.
50 til 100 tonn	3 tonn eða 3 bretti, eftir því sem við á.
100 tonn og yfir	4 tonn eða 4 bretti, eftir því sem við á.

7. gr.

1 Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 224, 14. mars 2006, um vigtun og skráningu sjávarafla,[1)] með síðari breytingum og öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Frá sama tíma er felld úr gildi auglýsing. nr. 6, 12. janúar 2010, um reglur um lágmarksúrtak og framkvæmd vigtunar við úrtaksvigtun.

[1)]Með rg. 745/2016, sbr. 1011/2017, 91/2018, 617/2018 og 436/2019 var rg. 224/2006 felld úr gildi.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 11. mars 2010.

Auglýsing

nr. 947/2016, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.[1)]

[1)]*Breytingasaga auglýsingar nr. 947/2016 sbr. 1463/2021 og 257/2022.*

1. gr.

 Til grundvallar við útreikning á afla skipa sem ekki hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, skal leggja eftirfarandi grunnstuðla, sbr. 4. gr. reglugerðar nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

2. gr.

 Afurðir sem miðast við slægðan fisk með haus.

Þorskur	Nýtingarstuðull
-hausaður með klumbu	75,0%
-hausaður án klumbu	65,0%
-flattur	70,0%
-saltaður flattur	49,5%
-flök, með roði og beinum	44,5%
-flök, roðflett, með beinum	41,5%
-flök, með roði, beinlaus	40,0%
-flök, roðflett og beinlaus	37,0%
-söltuð flök	32,5%
Ýsa	Nýtingarstuðull
-hausuð með klumbu	78,0%
-hausuð án klumbu	67,0%
-flök, með roði og beinum	43,0%
-flök, roðflett, með beinum	41,0%
-flök, með roði, beinlaus	41,0%
-flök, roðflett og beinlaus	39,0%
Ufsi	Nýtingarstuðull
-hausaður með klumbu	83,0%
-hausaður án klumbu	71,0%
-flattur	76,0%
-saltaður, flattur	53,5%
-flök, með roði og beinum	53,0%
-flök, með roði og beinlaus	51,0%
-flök, roðflett, með beinum	45,0%
-flök, roðflett og beinlaus	43,0%
-söltuð flök	39,4%
Lýsa	Nýtingarstuðull
-hausuð	74,0%
-flök, með roði og beinum	46,5%
-flök, roðflett, með beinum	41,0%
Langa/blálanga	Nýtingarstuðull
-hausuð með klumbu	85,0%
-hausuð án klumbu	77,0%
-flött	76,0%
-söltuð, flött	53,5%
-flök, með roði og beinum	54,0%
-flök, roðflett, með beinum	45,0%
-söltuð flök	39,5%

Keila	Nýtingarstuðull
-hausuð með klumbu	80,0%
-hausuð án klumbu	75,5%
-flött	74,0%
-söltuð, flött	52,5%
-flök með roði og beinum	51,0%
-söltuð flök	38,5%
Steinbítur/hlýri	Nýtingarstuðull
-hausaður með klumbu	70,0%
-hausaður án klumbu	67,0%
-flök með roði og beinum	40,0%
-flök, roðflett, með beinum	35,0%
-flök, roðflett og beinlaus	30,0%
Tindaskata	Nýtingarstuðull
-börðuð með roði	43,0%
-börðuð, roðlaus	34,0%
Skötuselur	Nýtingarstuðull
-halar með roði	35,0%
-halar, roðlausir án sporðs	27,0%
-flök, roðflett og beinlaus	20,0%
Skata/náskata	Nýtingarstuðull
-börðuð	43,5%
Háfur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	52,0%
-haus- og sporðskorinn	49,5%
Svartháfur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	55,0%
-haus- og sporðskorinn	52,5%
Gljáháfur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	55,0%
-haus- og sporðskorinn	52,5%
Hákarl	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	70,0%
-beitur	50,0%
Lúða	Nýtingarstuðull
-hausskorin	80,0%
-flök	54,0%
Grálúða	Nýtingarstuðull
-sporðskorin	[…][1)]
-hausskorin	[…][1)]
-haus- og sporðskorin	[…][1)]
-flök	[…][1)]
Sandkoli	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	75,0%
-haus- og sporðskorinn	72,5%
Skarkoli	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	72,0%
-haus- og sporðskorinn	69,5%
Þykkvalúra	Nýtingarstuðull
-hausskorin	82,0%
-haus- og sporðskorin	79,5%
Langlúra	Nýtingarstuðull
-hausskorin	78,0%
-haus- og sporðskorin	75,5%
Skrápflúra	Nýtingarstuðull
-hausskorin	73,0%

-haus- og sporðskorin	70,5%
Öfugkjafta	Nýtingarstuðull
-hausskorin	73,0%
-haus- og sporðskorin	70,5%
Blágóma	Nýtingarstuðull
-hausskorin	75,0%

[1)]Augl. 1463/2021.

3. gr.

 Afurðir sem miðast við óslægðan afla.

Gullkarfi	Nýtingarstuðull
-slægður með haus	94,0%
-hausaður með klumbu	61,0%
-hausaður án klumbu	55,0%
-flök, með roði og beinum	30,5%
-flök, með roði og beinlaus	28,5%
-flök, roðflett, með beinum	27,5%
-flök, roðflett og beinlaus	26,0%
Djúpkarfi	Nýtingarstuðull
-slægður með haus	94,0%
-hausaður með klumbu	60,0%
-hausaður án klumbu	54,0%
-flök, með roði og beinum	30,0%
-flök, með roði og beinlaus	28,0%
-flök, roðflett, með beinum	27,0%
-flök, roðflett og beinlaus	26,0%
Slétthali	Nýtingarstuðull
-hausaður	50,0%
-haus- og sporðskorinn	47,5%
-flök, með roði og beinum	22,0%
-flök, roðlaus með beinum	17,0%
Snarphali	Nýtingarstuðull
-hausaður	47,0%
-haus- og sporðskorinn	44,5%
-flök, með roði og beinum	21,0%
-flök, roðlaus með beinum	16,0%
Gulllax	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	67,0%
-flök, með roði og beinum	33,0%
-marningur	27,0%
Búri	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	50,5%
-flök, með roði og beinum	36,0%
-flök, roðflett, með beinum	31,0%
Geirnyt	Nýtingarstuðull
-haus- og sporðskorin	43,0%
-flök, roðflett og beinlaus	14,0%
Rauðmagi	Nýtingarstuðull
-kamb-, haus- og kviðskorinn	33,5%
Grásleppa	Nýtingarstuðull
-kamb-, haus- og kviðskorin	29,5%
Broddabakur	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	72,5%
-haus- og sporðskorinn	70,0%
Stinglax	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	71,0%

-haus- og sporðskorinn	69,0%
Síld	Nýtingarstuðull
-samflök með roði og beinum	45,0%
-flök, með roði og beinum	43,0%
-flök, roðflett með beinum	38,0%
Kolmunni	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	54,0%
Makríll	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	66,0%
Gjölnir	Nýtingarstuðull
-hausskorinn	74,5%

[1)] *Augl. 257/2022.*

4. gr.

1 Við útreikning saltaðra afurða til aflamarks, hjá skipum sem hafa unnið sér ákveðna nýtingarstuðla, sbr. reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, skal deila þunga afurða flatts fisks með 0,7 og flakaðs fisks með 0,72.

2 Sé kolmunnaafli bræddur um borð í skipi skulu allar mjölafurðir vigtaðar á hafnarvog við löndun. Við útreikning mjölafurða til aflamarks í kolmunna skal miða við 17,5% nýtingarstuðul. Ákvæði þetta miðast við bræðslu á heilum kolmunna.

5. gr.

1 Auglýsing þessi er sett skv. reglugerð nr. 54/2003, um mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð, og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi auglýsing nr. 240/2006, um grunnstuðla við mælingar á vinnslunýtingu um borð í skipum sem vinna afla um borð.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 28. október 2016.

Reglugerð
nr. 474/2020, um merkingu veiðarfæra og töpuð veiðarfæri.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 474/2020 sbr. 945/2020, 1153/2021 og 304/2023.*

I. KAFLI
Merking veiðarfæra.

1. gr.

Skylda til merkinga.

1 Kyrrstæð veiðarfæri, togveiðarfæri og hringnót í fiskveiðilandhelgi Íslands skulu merkt á greinilegan hátt með skipaskrárnúmeri fiskiskips svo sem segir í reglugerð þessari. Heimilt er í stað þessa að merkja veiðarfæri með IMO-númeri skips, sé því til að dreifa.

2 Þegar veiðarfæri eru um borð í veiðiskipi, skulu veiðarfærin vera merkt í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar.

2. gr.

Kyrrstæð veiðarfæri.

1 Allar niðurstöður skulu, með varanlegri merkingu, vera greinilega merktar. Baujur skulu vera á báðum endum allra lagna og merktar með flaggi sem komið er fyrir efst á baujustönginni. Flögg skulu vera greinileg. Auk þessa skulu allir belgir merktir. Flögg eða belgir skulu vera með endurskini. Merkingar á baujuflöggum og belgjum skulu vera greinilegar og skulu stafir stórir og skýrir.

2 Þegar veiðarfæri er lagt á botndýpi sem er meira en 400 metrar skal á báðum endabaujum vera staðsetningarmerki (AIS). Um MMSI merki fer samkvæmt reglugerð um skipulag, úthlutun og notkun númera, númeraraða og vistfanga á sviði fjarskipta.

3 Þegar veiðarfæri er samsett úr fleiri einingum skal við netaveiðar merkja hvern blýtein […][1)] og við gildruveiði hverja gildru.

4 Hverja netatrossu skal merkja þannig að á miðju baujustangar á vestari enda hennar skal komið fyrir netahring (floti), sem hæglega má losa og færa milli bauja. Leggi skip net sín á svæði þar sem togveiðar eru heimilar, er skylt að auðkenna vestari enda netatrossa með hvítu blikkljósi.

5 Við veiðar á skötusel og grásleppu er skylt að númera netatrossur sem hver bátur á í sjó frá einum til þess fjölda trossa sem hann á í sjó. Númer netatrossu skal skráð skýrum tölustöfum á baujuflagg eða belg á báðum endum trossu.

[1)] *Rg. 304/2023, 1. gr.*

3. gr.

Togveiðarfæri og hringnót.

1 Togveiðarfæri, það er botnvörpu, flotvörpu og dragnót, skal merkja innan við þrjá metra frá pokaenda (kolllínu).

2 Hringnætur skal merkja þannig að sett sé merki á korkalínu (báða enda og fyrir miðju) og þrjú merki á blýtein á sama hátt.

II. KAFLI
Töpuð veiðarfæri.

4. gr.
Töpuð veiðarfæri.

1 Tapist veiðarfæri skal þegar hefja leit að þeim og skal leitast við að slæða þau upp. Þetta gildir einnig þegar hluti veiðarfæra tapast.

2 Takist ekki að slæða upp veiðarfæri skal tilkynna það Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu og skýra frá staðsetningu veiðarfæranna eins nákvæmlega og unnt er. Upplýsa skal um eftirfarandi:

a. Skipaskrárnúmer skips,
b. tegund veiðarfæris,
c. fjölda eða magn tapaðra veiðarfæra,
d. tíma þegar veiðarfæri tapast,
e. staðsetningu.

3 Skrá skal þessar upplýsingar jafnframt í afladagbók skips. Það gildir einnig þegar um er að ræða hluta veiðarfæris.

4 Sá sem finnur merkt en töpuð veiðarfæri getur tilkynnt um fundinn til hlutaðeigandi útgerðar eða Fiskistofu.

5. gr.
Gildistaka o.fl.

1 [Reglugerð þessi er sett með heimild í 16. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og 2. gr. og 30. gr. laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar.][1)]

2 [Brot á ákvæðum þessarar reglugerðar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.][2)]

3 [Reglugerðin öðlast gildi 1. janúar 2021.][3)]

4 Við gildistöku þessarar reglugerðar falla úr gildi eftirfarandi ákvæði annarra reglugerða:
4.-5. gr. reglugerðar nr. 115/2006, um þorskfisknet,
3. gr. reglugerðar nr. 923/2010, um veiðar á skötusel í net.

[1)]Rg. 304/2023 [2)]Rg. 1153/2021, 7. gr. [3)]Rg. 945/2020.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 8. maí 2020.

Reglugerð

nr. 188/2014, um gerð og útbúnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 188/2014 sbr. 1153/2021.*

1. gr.

 Meðaflaskilja er útbúnaður úr grind eða grindum, sem komið er fyrir í flotvörpu við veiðar á uppsjávarfiski í þeim tilgangi að flokka meðafla frá þannig að hann skiljist lifandi á togdýpi úr vörpunni. Meðaflaskilju skal komið fyrir framan við poka vörpunnar og skal ekki hafa áhrif á uppsetningu og eiginleika vörpunnar að öðru leyti.

2. gr.

 Rimabil skal ekki vera meira en 55 mm að innanmáli á milli rima (meðaltal tíu mælinga). Grind(ur) skulu festar við yfirbyrði, hliðarbyrði og undirbyrði þannig að hvergi sé opið aftur í poka milli grinda og nets. Séu grindur skiljunnar fleiri en ein, skal hvergi vera meira bil milli einstakra grinda en 55 mm. Sleppigat skal vera þar sem aftasti hluti skilju kemur við netbyrði. Sleppigat skal ekki vera minna en 1/3 af breidd netbyrðis en aldrei minna en 50 sm. Heimilt er að nota nethlíf yfir sleppigati. Skal nethlíf vera að lágmarki 1/5 hluta breiðari en byrðin sem sleppigatið er á. Skal hlífin fest við leisin og ekki ná lengra aftur fyrir sleppigatið en þrjá metra.

3. gr.

 Ef skyndilokanir eða reglugerðaákvæði vegna flotvörpuveiða á uppsjávarfiski á ákveðnum svæðum eru bundnar því skilyrði, að varpan skuli vera útbúin með meðaflaskilju, er eingöngu heimilt að nota þær skiljur sem falla undir lýsinguna í 2. gr.

4. gr.

 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum 15. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands sbr. 16.-17. gr. sömu laga. […][1)]

[1)]*Rg. 1153/2021, 20. gr.*

5. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 14. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi reglugerð nr. 505/2006, um gerð og búnað meðaflaskilju við veiðar á uppsjávarfiski.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. febrúar 2014.

Reglugerð
nr. 940/2016, um mælingar á fiskilestum.

1. gr.

 Íslensk skip sem stunda veiðar á samningssvæði NAFO utan lögsögu ríkja á samningssvæði NEAFC og í lögsögu Jan Mayen og Noregs skulu frá gildistöku reglugerðar þessarar fullnægja reglum þeim sem í henni eru settar um mælingar fiskilesta og skráningu þeirra upplýsinga. Sé síðar í reglugerð áskilið að við tilteknar veiðar eða leyfi liggi fyrir mæling á fiskilestum og skráningu þeirra upplýsinga, skal farið að ákvæðum reglugerðar þessarar.

2. gr.

 Fiskilestir skipa skulu mældar sérstaklega og um borð í hverju skipi skulu vera teikningar af og lýsingar á lestum þess, þar sem fram kemur heildarrúmmál hverrar lestar.

3. gr.

 Um borð í fiskiskipum þar sem afla er dælt beint í lestar, t.d. í kælitanka, skulu vera skjöl sem sýna hvert rúmmál lestanna er með 10 sentimetra millibili frá ákveðnum og merktum viðmiðunarstað.

4. gr.

 Upplýsingar sem fram koma á skjölum og teikningum skv. 2. og 3. gr. skulu vera á íslensku og ensku og staðfestar af Samgöngustofu. Staðfesting Samgöngustofu skal ekki vera eldri en fimm ára en þó ekki eldri en tveggja ára stundi skip veiðar á samningssvæði NAFO. Séu breytingar gerðar á lestum skips skal endurnýja skjöl og teikningar, sbr. 2. og 3. gr.

5. gr.

 Starfsmenn Fiskistofu, Landhelgisgæslu, Samgöngustofu og eftirlitsaðilar sem vinna að eftirliti með alþjóðlegum samningum, sem Ísland er aðili að, hafa rétt til að kanna skjöl og teikningar um mælingar á fiskilestum.

6. gr.

 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands.

7. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands og laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands til þess að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 150/1998, um mælingar á fiskilestum.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. október 2016.

Reglugerð
nr. 115/2006, um þorskfisknet.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 115/2006 sbr. 809/2012, 225/2016, 474/2020, og 1153/2021.

1. gr.

1 [Á Breiðafirði eru allar þorsfisknetaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) 65°26,85´ N - 23°38,45´ V um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall 65°00,00´ N - 23°12,00´ V.][1)]

2 Á Breiðafirði eru allar þorsfisknetaveiðar bannaðar innan línu, sem dregin er frá Selskeri (austan Sigluness á Barðaströnd) um Selsker sunnan fjarðarins í Eyrarfjall.

[1)]Rg. 225/2016, 1. gr.

2. gr.

1 Lágmarksmöskvastærð þorskfiskneta, sem heimilt er að leggja, skal vera 5½ þumlungur (139,7 mm).

2 […][1)]

[1)]Rg. 809/2012, 1. gr.

3. gr.

1 Þegar möskvastærð er mæld skulu þrír möskvar lagðir saman og teygðir horna á milli eftir lengd netsins. Netið skal mælt vott.

2 Um framkvæmd möskvamælinga vísast að öðru leyti til reglugerðar nr. 24/1998, um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

[…

…][1)]

[1)]Rg. 474/2020, 5. gr. Greinarnar felldar út í heild sinni þ.m.t. greinarnúmer.

6. gr.

1 Skipum, sem hafa 12 menn eða fleiri í áhöfn, er óheimilt að hafa fleiri en 268 net í sjó.

2 Séu í áhöfn 11 menn skulu ekki fleiri en 248 net í sjó.

3 Séu í áhöfn 10 menn skulu ekki fleiri en 228 net í sjó.

4 Séu í áhöfn 9 menn skulu ekki fleiri en 208 net í sjó.

5 Séu í áhöfn 8 menn skulu ekki fleiri en 188 net í sjó.

6 Séu í áhöfn 7 menn skulu ekki fleiri en 168 net í sjó.

7 Séu í áhöfn 6 menn skulu ekki fleiri en 148 net í sjó.

8 Séu í áhöfn 5 menn skulu ekki fleiri en 128 net í sjó.

9 Séu í áhöfn 4 menn skulu ekki fleiri en 108 net í sjó.

10 Séu í áhöfn 3 menn skulu ekki fleiri en 88 net í sjó.

11 Séu í áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 68 net í sjó.

12 Séu í áhöfn 2 menn skulu ekki fleiri en 68 net í sjó.

13 Sé sjálfvirkur netaafdráttarbúnaður (dráttarkarl) notaður við veiðarnar er heimilt að hafa 12 netum fleira í sjó en tilgreint er hér að ofan.

14 Miðað er við að 60 faðma löng slanga sé í hverju neti.

7. gr.

1 Þorskfisknet skulu lögð í eina stefnu á sama veiðisvæði, eftir því sem við verður komið.

[7. gr. a.

1 Óheimilt er að stunda veiðar með þorskfisknetum og grásleppunetum á sama tíma.

2 Séu stundaðar veiðar á skötusel samtímis veiðum með þorskfisknetum vísast til reglugerðar um veiðar á skötusel í net.][1)]

1) Rg. 809/2012, 3. gr.

8. gr.

1 [Týni skip þorskfisknetum í sjó, ber skipstjóra að slæða þau upp. Takist það ekki skal hann tilkynna það Landhelgisgæslunni og skýra frá staðsetningu netanna, eins nákvæmlega og unnt er.][1)]

1) Rg. 225/2016, 3. gr.

9. gr.

1 Auk eftirlits Landhelgisgæslu með veiðum og veiðarfærum hafa eftirlitsmenn Fiskistofu eftirlit með því, að ákvæðum reglugerðar þessarar sé fylgt og skal skipstjóri veiðiskips gera eftirlitsmönnum kleift að gera þær athuganir á veiðarfærum skipsins, er þeir telja nauðsynlegar.

10. gr.

1 Brot á ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2 […][1)]

1) Rg. 1153/2021, 24. gr.

11. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 79, 26. maí 1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands til þess að öðlast gildi 14. febrúar 2006 og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli. Jafnframt er felld úr gildi reglugerð nr. 365, 15. maí 2002 um þorskfisknet.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 13. febrúar 2006.

Reglugerð
nr. 963/2019, um veiðar með dragnót við Ísland.[1)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 963/2019 sbr. 1307/2019, 176/2020, 909/2020, 1153/2021 570/2023 og 1517/2023.

I. KAFLI
Útgáfa leyfa.

1. gr.

1 Fiskiskipum, sem leyfi hafa til veiða í atvinnuskyni í fiskveiðilandhelgi Íslands, er heimilt að stunda veiðar með dragnót á þeim svæðum þar sem þeim er heimilt að stunda veiðar með botn- og flotvörpu, samkvæmt 5. gr. laga nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands.

2. gr.

1 Veiðar með dragnót nær landi en um ræðir í 5. gr. laga nr. 79/1997 eru háðar sérstöku leyfi Fiskistofu.

2 Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum í ágúst ár hvert […][1)]. Aðeins er heimilt að veita leyfi til veiða með dragnót skipum styttri en 42 metrar, enda séu þau með aflvísi lægri en 2.500, sbr. 3.-5. mgr. 5. gr. laga nr. 79/1997. Leyfi til veiða með dragnót skulu bundin við fiskveiðiár.

[1)]Rg. 570/2023, 1. gr.

II. KAFLI
Veiðarfæri.

3. gr.

1 Lágmarksstærð möskva í dragnót skal vera 135 mm. Við mælingar á möskvum dragnótar gilda ákvæði gildandi reglugerðar um möskvamæla og framkvæmd möskvamælinga.

2 Leggluggi er netstykki sem skorið er á legg. Sé legggluggi áskilinn við dragnótaveiðar á tilteknu svæði skal honum komið fyrir á efra byrði pokans (belgsins) þannig:

a. Lengd gluggans skal minnst vera fjórir metrar.
b. Aftari jaðar gluggans skal vera mest fimm metra frá pokaenda.
c. Þegar glugginn er festur við upptöku pokans (belgsins) skal taka tvær upptökur á móti einum legg. Lengdarhliðar gluggans skulu festast slétt við neðra byrði í leisi pokans (belgsins).
d. Möskvastærð í glugganetinu skal ekki vera minni en möskvastærð riðilsins í pokanum.

4. gr.

1 Óheimilt er að nota nokkurn þann útbúnað sem þrengir eða herðir á nokkurn hátt möskva en þó skal eigi teljast ólögmætt að festa net eða annað efni undir poka dragnótar í því skyni að forða eða draga úr sliti. Slitvarar þessir skulu aðeins festir að framan og á hliðunum við pokann.

2 Við veiðar í dragnót er óheimilt að nota hlera eða annað sem komið gæti í stað hlera til útþenslu vængjanna.

III. KAFLI

Svæði lokuð fyrir veiðum með dragnót.

5. gr.

Faxaflói.

1 [Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°04,90´N - 22°41,40´V Garðskagaviti
2. 64°44,50´N - 23°38,50´V Hellnanes][1)]

2 Þó er skipum sem eru styttri en 24 metrar heimilt að stunda veiðar með dragnót á Faxaflóa á tímabilinu frá og með 1. september til og með 20. desember utan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°01,80´N - 22°33,40´V Hólmbergsviti
2. 64°10,50´N - 22°05,40´V Bauja nr. 6
3. 64°22,00´N - 22°23,00´V
4. 64°26,00´N - 22°18,60´V Þormóðssker.

3 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið í Hafursfirði innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°39,60´N - 22°27,20´V
2. 64°40,00´N - 22°50,00´V
3. 64°48,00´N - 22°50,00´V.

[1)]*Rg. 176/2020, 1. gr.*

6. gr.

Vestfirðir.

1 Skipum sem eru lengri en 20 metrar er óheimilt er að stunda veiðar með dragnót, á tímabilinu frá og með 1. júní til og með 31. október, innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°38,41´N - 24°19,39´V Blakknes
2. 65°47,68´N - 24°06,60´V Kópanesviti
3. 66°00,50´N - 23°48,70´V Fjallskagaviti

og innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°04,18´N - 23°46,70´V Barði
2. 66°07,08´N - 23°39,41´V Sauðanesviti.

7. gr.

Patreksfjörður og Tálknafjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin milli eftirfarandi hnita:

1. 65°40,72´N - 24°01,73´V Hvalvíkurnes
2. 65°38,85´N - 24°04,81´V Tálkni
3. 65°36,58´N - 24°09,60´V Ólafsviti.

2 Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars, heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°34,74´N - 23°57,61´V
2. 65°33,57´N - 23°58,10´V

8. gr.

Arnarfjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°46,17´N - 23°37,81´V
2. 65°42,76´N - 23°40,62´V

2 Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°46,17´N - 023°37,81´V
2. 65°42,76´N - 023°40,62´V.

9. gr.

Dýrafjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°55,00´N - 23°35,87´V
2. 65°53,76´N - 23°38,19´V.

2 Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°53,77´N - 23°30,98´V
2. 65°52,94´N - 23°30,98´V.

10. gr.

Önundarfjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°04,35´N - 23°33,96´V
2. 66°02,53´N - 23°35,48´V.

2 Þó er skipum styttri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars og skipum lengri en 20 metrar á tímabilinu frá og með 1. nóvember til og með 31. mars heimilt að stunda veiðar með dragnót inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°03,44´N - 23°31,61´V
2. 66°01,90´N - 23°32,80´V.

11. gr.

Ísafjarðardjúp.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar á eftirfarandi svæðum.

A. Í Ísafjarðardjúpi allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°05,43´N - 22°39,55´V Æðey
2. 66°03,36´N - 22°40,59´V Ögurhólmi.

2 Þó eru skipum sem eru styttri en 20 metrar heimilar veiðar með dragnót á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°58,37´N - 22°30,38´V
2. 65°59,03´N - 22°23,88´V.

B. Á Hesteyrarfirði allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°18,82´N - 22°53,63´V
2. 66°18,62´N - 22°50,13´V.

3 Þó eru skipum sem eru styttri en 20 metrar heimilar veiðar með dragnót á tímabilinu frá og með 1. september til og með 31. mars inn að línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°20,69´N - 22°50,54´V
2. 66°20,52´N - 22°49,55´V.

C. Á Veiðileysufirði allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°19,06´N - 22°45,64´V
2. 66°17,95´N - 22°42,61´V.

D. Á Jökulfjörðum allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 66°17,16´N - 22°37,00´V Kvíar
2. 66°14,69´N - 22°36,99´V Höfðabót.

12 gr.
Ólafsfjörður.

 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 66°07,26´N - 18°36,58´V Bríkursker
2. 66°05,62´N - 18°33,56´V Æðasker.

13. gr.
Eyjafjörður.

 [Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er réttvísandi vestur/austur um Hríseyjarvita milli eftirfarandi hnita:
1. 66°01,09´N - 18°30,55´V
2. 66°01,09´N - 18°16,75´V][1)]

[1)]*Rg. 176/2020, 2. gr.*

14. gr.
Skjálfandaflói.

 Á tímabilinu frá og með 15. mars til og með 31. ágúst eru veiðar með dragnót óheimilar innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 66°06,39´N - 17°49,32´V Bríkur
2. 66°09,77´N - 17°16,54´V Stóristakkur.

15. gr.
Austfirðir.

 [Bátum sem eru lengri er 24 metrar eru óheimilar veiðar með dragnót allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:][1)]
1. 65°21,82´N - 13°42,57´V Landsendi (í norðanverðum Loðmundarfirði)
2. 65°16,25´N - 13°34,47´V Dalatangi
3. 65°10,00´N - 13°30,80´V Norðfjarðarhorn
4. 65°04,70´N - 13°29,60´V Gerpisflös
5. 64°48,10´N - 13°50,30´V Kambanesviti
6. 64°44,31´N - 13°56,74´V Hlaða
7. 64°39,44´N - 14°15,21´V Knararsundsfles (austan Djúpavogs).

[1)]*Rg. 909/2020.*

16. gr.
Þistilfjörður.

 Veiðar með dragnót eru óheimilar á eftirfarandi svæðum.

A. Á tímabilinu frá og með 15. apríl til og með 14. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 66°15,50´N - 15°20,10´V Grenjanes
2. 66°16,09´N - 15°41,40´V Rauðaness.

B. Á tímabilinu frá og með 15. júní til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:
1. 66°23,80´N - 15°42,30´V Melrakkanes
2. 66°23,28´N - 14°50,33´V Svínalækjartangi.

C. Á tímabilinu frá og með 1. júlí til og með 15. ágúst innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°15,50´N - 15°20,10´V Grenjanes
2. 66°11,50´N - 15°28,00´V Laxártangi.

17. gr.

Bakkaflói.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°02,43´N - 14°54,12´V Skarfatangi
2. 66°03,50´N - 14°43,90´V Digranes.

2 Á tímabilinu frá og með 15. febrúar til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 66°09,55´N - 15°01,04´V Fossárós
2. 66°05,78´N - 15°03,33´V Saurbæjartangi
3. 66°02,43´N - 14°54,12´V Skarfatangi.

18. gr.

Vopnafjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°47,37´N - 14°45,90´V Tangasporður
2. 65°45,17´N - 14°41,06´V Drangsnes.

2 Á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°50,96´N - 14°42,97´V Fuglanes
2. 65°47,45´N - 14°19,73´V Svartsnes.

19. gr.

Borgarfjörður eystri.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°34,10´N - 13°49,22´V Landsendi
2. 65°33,20´N - 13°43,87´V Hafnartangi.

20. gr.

Loðmundarfjörður - Seyðisfjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°21,67´N - 13°43,33´V
2. 65°19,95´N - 13°43,33´V Borgarnes
3. 65°17,53´N - 13°42,00´V Skálanes.

21. gr.

Mjóifjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°12,54´N - 13°43,63´V Hof
2. 65°11,40´N - 13°43,23´V Kross.

22. gr.

Eskifjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°03,60´N - 13°59,60´V Mjóeyri
2. 65°02,85´N - 13°59,74´V Skeleyri.

23. gr.

Reyðarfjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar allt árið innan línu sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 65°01,64´N - 14°10,00´V Ljósá
2. 65°00,84´N - 14°10,45´V Handarhald sunnan fjarðarins.

2 Á tímabilinu frá og með 1. febrúar til og með 15. maí innan línu sem dregin er réttvísandi norður frá 64°56,17´N - 13°41,12´V Vattarnesviti.

24. gr.

Fáskrúðsfjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. janúar til og með 30. júní innan línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°53,75´N - 13°50,51´V Víkursker
2. 64°54,44´N - 13°47,26´V Kumlasker.

25. gr.

Stöðvarfjörður.

1 Veiðar með dragnót eru óheimilar á tímabilinu frá og með 1. apríl til og með 15. júní innan línu, sem dregin er milli eftirfarandi hnita:

1. 64°49,60´N - 13°49,60´V Landatangi
2. 64°48,55´N - 13°50,18´V Kambanes.

26. gr.

Berufjörður.

1 Tilkynning um lok veiða (COX) þýðir að skip hefur hætt veiðum og hyggst yfirgefa íslenska efnahagslögsögu. Erlend fiskiskip sem hafa leyfi íslenskra stjórnvalda til fiskveiða innan íslenskrar efnahagslögsögu skulu tilkynna um lok veiða áður en siglt er út úr íslenskri efnahagslögsögu. Tilkynningu um lok veiða (COX) skal senda að hámarki 8 klst. og að lágmarki 2 klst. áður en siglt er úr íslenskri efnahagslögsögu. Tilkynningu um lok veiða (COX) skal ávallt senda áður en tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) er send.

2 Tilkynning um lok veiða (COX) skal innihalda upplýsingar sem kveðið er á um í viðaukum 2.1 og 2.6, í þeirri röð sem þar greinir.

3 Heimilt er að afturkalla tilkynningu um lok veiða (COX) áður en siglt er út fyrir mörk íslenskrar efnahagslögsögu. Óheimilt er að leiðrétta tilkynningu um lok veiða (COX).

9. gr.

Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON).

1 Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í efnahagslögsögu Íslands hefjast og á leið af veiðisvæði út úr efnahagslögsögu Íslands, sigla um einn af ákvörðuðum athugunarstöðum.

2 Um athugunarstaði, sbr. 1. mgr., vísast til reglugerðar nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu, þar sem fram kemur staðsetning (hnit) athugunarstaðanna og tímafrestir tilkynninga.

3 Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) skal innihalda upplýsingar sem kveðið er á um í viðaukum 2.1 og 2.7, í þeirri röð sem þar greinir.

4 Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) skal send með minnst 2 klst. og mest 6 klst. fyrirvara áður en komið er að athugunarstað. Landhelgisgæsla Íslands getur krafið skip um að bíða allt að 6 klst. í athugunarstað ef framkvæma á skoðun.

5 Heimilt er að afturkalla tilkynningu um siglingu í gegnum athugunarstað (CON) áður en komið er í athugunarstað. Óheimilt er að leiðrétta tilkynningu um siglingu í gegnum athugunarstað (CON).

10. gr.

Umskipun á afla (TRA[7]).

1 Óheimilt er að umskipa afla, hvort sem er ferskum, frosnum eða frekar unnum í íslenskri efnahagslögsögu. Þó er heimilt að umskipa afla á skilgreindum svæðum innan tilgreindra hafna í samræmi við reglur NEAFC.

11. gr.

Staðfesting á móttöku tilkynninga.

1 Móttaka rafrænna tilkynninga sem sendar eru skv. ákvæðum þessarar reglugerðar til eftirlitsstöðvar Íslands verða sjálfvirkt staðfestar með staðfestingarskeyti (RET[8]). Ef tilkynning hefur borist

[7] Transhipment report.
[8] Return.

eftirlitsstöð Íslands án vandkvæða mun staðfestingarskeytið sem sent er til fiskskipsins hafa stöðuna „samþykkt“ (ACK[9]). Ef sending tilkynningarinnar er ekki staðfest með staðfestingarskeyti eða staðfestingarskeytið er með stöðuna „ekki samþykkt“ (NAK[10]) ber fiskiskipi að senda tilkynninguna aftur í gegnum eftirlitsstöð fánaríkis. Rafrænar tilkynningar sendar skv. þessari reglugerð teljast ekki mótteknar fyrr en fiskiskipi hefur borist staðfestingarskeyti frá eftirlitsstöð Íslands með stöðuna „samþykkt“ (ACK).

2 Staðfestingarskeyti skal innihalda þær upplýsingar sem kveðið er á um í viðauka 3, í þeirri röð sem þar greinir.

12. gr.

Leiðréttingar og afturkallanir á tilkynningum.

1 Aðeins er hægt að leiðrétta eða afturkalla tilkynningar sem hafa verið samþykktar og hafa stöðuna ACK.

2 Gerð er krafa um nákvæmni skráninga og skulu tilkynningar skipstjóra ávallt vera í samræmi við afladagbók skipsins.

13. gr.

Bilun í búnaði til sjálfvirkra sendinga.

1 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga skv. 2. gr. bilar meðan á veiðiferð stendur þannig að ekki reynist unnt að uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar skal eftirlitsstöð Íslands gerð grein fyrir vandanum og þeim ráðstöfunum sem gripið verður til vegna hans. Eftirlitsstöð fánaríkis fiskiskips skal sjá um að senda tilkynningar skipsins til eftirlitsstöðvar Íslands með öðrum tiltækum leiðum.

14. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum.

15. gr.

1 Reglugerð þessi er sett skv. ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 19. desember 2013.

[9] Acknowledgment.
[10] Not Acknowledged.

VIÐAUKI [1][1)]

[1] [Reglugerð þessi nær til eftirfarandi erlendra fiskiskipa:

1. Norskra fiskiskipa samkvæmt samningi milli Íslands og Noregs frá 10. júní 2013 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil (Agreed Record of Conclusions of Fisheries consultations between Norway and Iceland on Electronic Exchange of catch and activity data).
2. Færeyskra fiskiskipa samkvæmt samningi milli Íslands og Færeyja frá 1. júní 2016 um rafrænar skeytasendingar, upplýsingagjöf og rafræn afladagbókaskil (Agreed record of Conclusions of Fisheries Consultations between Iceland and the Faroe Islands on electronic Exchange of catch and activity data).][2)]

[1)]Tilvísun í reglugerð er í viðauka I en ætti að vera tilvísun í viðauka 1. [2)]Rg. 1032/2017, 2. gr.

VIÐAUKI 2

Yfirlit yfir tilkynningaskyldar athafnir.

Tilkynningaskyldar athafnir	**Kóði**	**Skýringar**
Koma á svæði	**COE**	Sendist áður en komið er í íslenska efnahagslögsögu með þá fyrirætlun að hefja veiðar
Afli og athafnir	**DCA**	Tilkynning um afla og athafnir (DCA) tiltekur nákvæmar upplýsingar um afla og athafnir erlendra fiskiskipa í íslenskri efnahagslögsögu
Koma til hafnar	**POR**	Tilkynning um komu til hafnar þýðir að skipið hefur hætt veiðum og heldur til íslenskrar hafnar
Brottför úr höfn	**DEP**	Sendist við brottför úr íslenskri höfn með þá fyrirætlun að hefja veiðar í íslenskri efnahagslögsögu
Lok veiða	**COX**	Tilkynning um lok veiða (COX) þýðir að skip hefur hætt veiðum og hyggst yfirgefa íslenska efnahagslögsögu
Sigling í gegnum athugunarstað	**CON**	Skip skulu, á leið til veiðisvæðis áður en veiðar í efnahags- lögsögu Íslands hefjast og á leið af veiðisvæði út úr efnahags- lögsögu Íslands, sigla um einn af ákvörðuðum athugunarstöðum
Staðfesting á móttöku tilkynningar	**RET**	Rafrænar tilkynningar sendar skv. þessari reglugerð teljast ekki mótteknar fyrr en fiskiskipi hefur borist staðfestingarskeyti með stöðunni „samþykkt“ (ACK frá eftirlitsstöð Íslands)

VIÐAUKI 2.1

Upplýsingar sem senda skal og uppsetning þeirra í skeytum milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem setja skal í tilkynningu.

Upplýsingar sem senda skal	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Upplýsingar sem eftirlitsstöð fánaríkis sendir með tilkynningunni			
Sendandi	FR	K	Alpha-3 ISO landstákn viðkomandi sendanda
Númer tilkynningar	RN	K	Einkvæmt númer tilkynningar
Dagsetning útsendingar	RD	K	Dagsetning útsendingar frá eftirlitsstöð fánaríkis, ár, mánuður, dagur (YYYYMMDD)
Tímasetning sendingar	RT	K	Nákvæm tímasetning (UTC) útsendingar frá eftirlitsstöð fánaríkis, klukkustund, mánuður (HHMM)
Númer síðustu tilkynningar, sem send var	RX	K[11]	Ef um leiðréttingu eða ógildingu á tilkynningu er að ræða skal nota númer (RN)-tilkynningar sem verið er að breyta
Sérmerking eftirlitsstöðvar fánaríkis	FM	K[12]	Sérmerking eftirlitsstöðvar fánaríkis eins og henni er lýst í viðauka 6
Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva			
Móttakandi tilkynningar	AD	K	Tákn eftirlitsstöðvar sem á að fá tilkynningu, ISL
Kallmerki skips	RC	K	Alþjóðlegt kallmerki fyrir viðkomandi skip
Dagsetning sendingar	DA	K	Dagsetning (UTC) sendingar frá skipinu (YYYYMMDD)
Tímasetning sendingar (klst.)	TI	K	Nákvæm tímasetning (UTC) sendingar frá skipinu (HHMM)
Nafn skipstjóra	MA	K	Nafn skipstjóra
Raðnúmer tilkynningar	SQ	K[13]	Raðnúmer tilkynningar frá skipi á hverju almanaksári
Tegund tilkynningar	TM	K	Tegund tilkynningar með 3 stafa kóda

[11] [Aðeins krafist ef um leiðréttingu eða ógildingu á fyrra skeyti er að ræða. Takmarkanir á leiðréttingum og ógildingum koma fram í 10. gr. í samkomulagi Íslands og Færeyja og 12. gr. í samkomulagi Íslands og Noregs.][1)]

[12] Aðeins krafist ef skýrslan hefur verið send í pósti eða búin til af eftirlitsstöð fánaríkis.

[13] Aðeins krafist ef tilkynningin er send af skipstjóra skipsins.

[1)]Rg. 1032/2017, 2. gr.

VIÐAUKI 2.1

Tilkynning um komu á svæði (COE).

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni			
Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva			
Tegund tilkynningar	**TM**	**K**	**Skilgreining á tilkynningu: „COE“**
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Breiddargráða	XT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða	XG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað niður í tegundir og þyngd Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Áætluð breiddargráða þegar veiði hefst	LT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Áætluð lengdargráða þegar veiði hefst	LG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Áætluð dagsetning við upphaf veiði	PD	K	Áætluð dagsetning (UTC) þegar skipstjóri hyggst hefja veiði (YYYYMMDD)
Áætluð tímasetning við upphaf veiði (klst.)	PT	K	Áætluð tímasetning (UTC) þegar skipstjóri hyggst hefja veiði (HHMM)
Fisktegund sem veiða skal	DS	O	Tegund sem veiða skal samkvæmt tegundakóða FAO (tegund sem veiði beinist að)
Fyrirhugað veiðisvæði	RA	V	Svæði þar sem skipstjóri áætlar að hefja veiði samkvæmt flokkunarkerfi ICES

VIÐAUKI 2.3

Tilkynning um afla og athafnir (DCA).

Með möguleikum á því að skýra frá einstaka veiðiathöfnum.

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal:	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni			
Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitstöðva			
Tegund tilkynningar	**TM**	**K**	**Skilgreining á tilkynningu: „DCA“**
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Blokk A			**Þessi hluti inniheldur aðeins upplýsingar fyrir starfsemi eins dags**
Lýsing á athöfnum	AC	K	Athafnir fiskiskips í samræmi við kóða í viðauka 4. REL skal nota þegar fiski er dælt úr veiðarfæri annars skips. SET skal notað af skipum sem veiða í lagnet eða línu þegar þau eru að setja út veiðarfærin. Ekki þarf að fylla út B-hluta ef athöfnin er ANC, DRI, STE eða SET
Skip í samstarfi	PA	K[14]	Kallmerki skips sem stundar (tvíbura)veiðar með tilkynnanda

Blokk B	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Þennan hluta skal fylla út fyrir hverja veiðiathöfn**
Dagsetning athafnar	BD	K	Dagsetning þegar veiðiathöfn hefst (YYYYMMDD) í UTC
Tímasetning athafnar (klst.)	BT	K	Nákvæm tímasetning þegar veiði hefst (HHMM) í UTC
Breiddargráða við upphaf veiði	LT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða við upphaf veiði	LG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Upphafssvæði	ZO	K	Svæði skilgreint með breiddar- og lengdargráðum (LT/LG) (ISO-3 landskóði fyrir Ísland og Noreg í samræmi við viðauka 7)
Skilgreining á veiðarfæri	GS	K[15]	1 = veitt með einni flot- eða botnvörpu 2 = veitt með tveimur flot- eða botnvörpum 3 = veitt með þremur eða fleiri flot- eða botnvörpum
Veiðarfæri	GE	K	FAO veiðarfærakóði
Veiðarfæri vandamál	GP	K[16]	1 = engin veiði 2 = sprungið veiðarfæri 3 = rifið veiðarfæri 4 = rifinn poki 5 = týnd veiðarfæri 6 = önnur vandamál

[14] Aðeins krafist ef veitt er með öðru skipi.
[15] Aðeins krafist ef veitt er með vörpu.
[16] Aðeins krafist ef um er að ræða veiðarfæravandamál.

Blokk B	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Þennan hluta skal fylla út fyrir hverja veiðiathöfn**
Breiddargráða við lok veiði	XT	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða við lok veiði	XG	K	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi(WGS84)
Lengd veiðiathafnar	DU	K	Lengd veiðiathafnar í mínútum
Dælt frá veiðarfæri skips	TF	K[17]	Kallmerki þess fiskiskips, sem dælt er frá
Umfang veiða	FO	K[18]	Heildarfjöldi öngla Heildarlengd lagneta
Undirflokkur	SS	K[19]	[Kóði fiskstofns samkvæmt skilgreiningu í viðauka (Appendix) 3.0 (til dæmis NOR01 eða ISL01)][1)]
Aflamagn í veiðathöfn eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	CA	K[20]	Magn allra fisktegunda í veiðiathöfn flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal FAO tegundakóda (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)

[1)] *Rg. 1032/2017, 4. gr.*

[17] Aðeins krafist ef dælt er úr veiðarfæri annars fiskiskips.
[18] Aðeins krafist fyrir línuveiðar eða lagnet.
[19] Aðeins krafist ef skilgreind veiðistarfsemi AC er FIS og veiðin (CA) inniheldur stofna sem skráðir eru í viðauka 3.
[20] Aðeins krafist ef eitthvað hefur veiðst (skráð veiði).

VIÐAUKI 2.4

Tilkynning um hafnkomu (POR).

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni			
Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva			
Tegund tilkynningar	**TM**	**K**	**Skilgreining á tilkynningu: „POR“**
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Áætlað lestað magn að eða frá borði eftir tegundum, lífþyngd (óslægð)	KG	K	Áætlað magn sem landað verður, flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Höfn	PO	K	Tákn hafnar (ISO alpha-2 landskóði + 3ja stafa hafnarkóði) sem byggir á UN/LOCODE (Kóði Sameinuðu þjóðanna fyrir verslunar- og flutningahafnir)
Hafnarsvæði	LS	K[21]	Nafn kaupanda eða önnur lýsing sem lýsir nákvæmlega hvar löndun fer fram innan hafnarsvæðis. Skrifleg lýsing sem ekki skal vera lengri en 100 innslættir
Áætluð komudagsetning	PD	K	Áætluð komudagsetning til hafnar í UTC (YYYYMMDD)
Áætlaður komutími (klst.)	PT	K	Áætluð tímasetning til hafnar í UTC (HHMM)

[21] Aðeins krafist ef um löndun er að ræða.

VIÐAUKI 2.5

Tilkynning um brottför úr höfn (DEP).

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni			
Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva			
Tegund tilkynningar	**TM**	**K**	**Skilgreining á tilkynningu: „DEP“**
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Höfn	PO	K	Tákn hafnar, (ISO alpha-2 landskóði + 3ja stafa hafnarkóði) sem byggir á UN/LOCODE (Kóði Sameinuðu þjóðanna fyrir verslunar- og flutningahafnir)
Brottfarardagur (dags.)	ZD	K	UTC brottfarardagsetning úr höfn (YYYYMMDD)
Brottfarartími (klst.)	ZT	K	UTC brottfartími úr höfn (HHMM)
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað niður í tegundir og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Lýsing á athöfnum	AC	K	Athafnir fiskiskips í samræmi við kóða í viðauka 4

VIÐAUKI 2.6

Tilkynning um lok veiða (COX).

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni			
Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva			
Tegund tilkynningar	**TM**	**K**	**Skilgreining á tilkynningu: „COX“**
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Aflamagn um borð eftir tegundum, lífþyngd (óslægt)	OB	K	Magn allra fisktegunda um borð flokkað eftir tegundum og þyngd. Nota skal tegundakóða FAO (SN) Lífþyngd (afli upp úr sjó) í kílógrömmum (WT)
Höfn	PO	K	Tákn hafnar (ISO alpha-2 landskóði + 3ja stafa hafnarkóði) sem byggir á UN/LOCODE (Kóði Sameinuðu þjóðanna fyrir verslunar- og flutningahafnir)

VIÐAUKI 2.7

Tilkynning um siglingu í gegnum athugunarstað (CON).

Uppsetning á tilkynningum sem sendar eru milli eftirlitsstöðva

Upplýsingar sem senda skal	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Upplýsingar skv. viðauka 2.1 sem senda skal með tilkynningunni			
Upplýsingar sem skipstjóri sendir til eftirlitsstöðva			
Tegund tilkynningar	**TM**	**K**	**Skilgreining á tilkynningu: „CON“**
Eftirfarandi atriði eru sértæk fyrir þessa tegund af tilkynningum og eru fyllt út af skipstjóra og send til eftirlitsstöðva			
Nafn á athugunarstað	CP	K	Sjá reglugerð um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu
Breiddargráða	LT	K[22]	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í breiddargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Lengdargráða	LG	K[23]	Staðsetning skips við sendingu tilkynningar í lengdargráðum samkvæmt hnitakerfi (WGS84)
Áætluð dagsetning	PD	K	Áætluð dagsetning sem skipstjóri gerir ráð fyrir að nálgast athugunarstað í UTC (YYYYMMDD)
Áætluð tímasetning (klst.)	PT	K	Áætluð tímasetning (klst.), sem skipstjóri gerir ráð fyrir að nálgast athugunarstað í UTC (HHMM)

[22] Aðeins krafist ef liður CP er athugunarsvæði.
[23] Aðeins krafist ef liður CP er athugunarsvæði.

VIÐAUKI 3

Staðfesting á móttöku tilkynningar (RET).

Uppsetning á staðfestingarskeyti milli eftirlitsstöðva.

Upplýsingar sem senda skal	**Kóði**	**Krafa/ Valfrjálst**	**Skýringar**
Heimilisfang viðtakanda	AD	K	Alpha-3 ISO landstákn viðkomandi móttakanda
Sent frá	FR	K	Alpha-3 ISO landstákn viðkomandi sendanda
Kallmerki	RC	K	Alþjóðlegt kallmerki viðkomandi fiskiskips sem afritað er úr móttekinni tilkynningu
Raðnúmer tilkynningar	SQ	K[24]	Raðnúmer tilkynningar frá viðkomandi skipi á viðeigandi ári, sem afritað er úr móttekinni tilkynnningu
Tegund tilkynningar	TM	K	Tilkynning skilgreind sem „RET“ þ.e. staðfestingarskeyti
Staða gagnvart svari	RS	K	Kóði sem sýnir hvort skeyti hefur verið móttekið eða ekki (ACK eðar NAK)
Kóði fyrir villur í skeyti	RE	V	Númer sem sýnir hvaða villa kom fram (sjá viðauka 2.1)
Númer skeytis sem áður hefur borist	RX	K[25]	Númer fyrra skeytis afritað úr skeyti sem er að berast
Númer skeytis	RN	K	Skeytisnúmer afritað úr skeyti sem er að berast
Dagsetning	DA	K	Dagsetning þegar RET skeyti er sent í UTC (YYYYMMDD)
Tímasetning (klst.)	TI	K	Tímasetning (klst.) þegar RET skeyti er sent í UTC (HHMM)
Athugasemdir	MS	V	Valfrjáls texti með upplýsingum

[24] Aðeins krafist ef SQ kemur fram í tilkynningu frá fiskiskipi.
[25] Aðeins krafist ef RX kemur fram í tilkynningu frá fiskiskipi.

VIÐAUKI 4

Meginathafnir fiskiskips.

Kóði	**Lýsing á athöfn**
ANC	Liggur við akkeri
DRI	Rekur með straumum
FIS	Við veiðar
GUD	Aðstoðarskip
HAU	Dregur inn veiðarfæri
PRO	Er að vinna úr afla
REL	Dæling á afla úr veiðarfæri annars skips
SCR	Unnið við rannsóknir
SET	Verið að leggja veiðarfæri
STE	Á siglingu
TRX	Umskipun í gangi
OTH	Önnur starfsemi
SEF	Leitar að fiski án notkunar veiðarfæra
INW	Heldur sjó vegna veðurs

Reglugerð

nr. 1133/2013, um eftirlitsstaði erlendra skipa vegna veiða og siglinga í íslenskri fiskveiðilögsögu.

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi gildir um öll erlend skip sem stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu með leyfi íslenskra stjórnvalda.

2. gr.

Eftirlitsstaðir.

1 Erlend skip á leið til veiðisvæðis, skulu áður en veiðar í fiskveiðilögsögu Íslands hefjast og á leið út úr fiskveiðilögsögu Íslands, sigla um einn af neðangreindum eftirlitsstöðum:

A. 69°15′N - 013°00′V
B. 68°30′N - 011°00′V
C. 67°30′N - 010°00′V
D. 66°15′N - 009°00′V
E. 65°00′N - 010°00′V
F. 64°00′N - 012°00′V
G. 63°30′N - 016°00′V
H. 63°00′N - 020°00′V
I. 63°30′N - 025°00′V
J. 65°00′N - 027°00′V

2 Landhelgisgæslu Íslands er heimilt að ákveða hvaða eftirlitsstað veiðiskip skal sigla um. Heimilt er með samþykki Landhelgisgæslunnar að halda til annarra eftirlitsstaða. Einnig er Landhelgisgæslunni heimilt að ákveða aðra eftirlitsstaði en þá sem tilgreindir eru í 1. mgr., t.d. vegna staðsetningar veiðisvæðis. Óheimilt er að yfirgefa eftirlitsstað nema með samþykki Landhelgisgæslu Íslands.

3. gr.

Sjálfvirkur fjarskiptabúnaður - fjareftirlit.

1 Öll erlend skip sem stunda veiðar innan íslenskrar fiskveiðilögsögu, skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu skips, stefnu og hraða með sjálfvirkum hætti á klukkustundar fresti til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu og Fiskistofu.

4. gr.

Undanþáguheimildir.

1 Heimilt er að veita undanþágu frá ákvæðum 2. gr. hafi aðilar gert samkomulag þar um.

5. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilögsögu Íslands, með síðari breytingum.

6. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett skv. 9. gr. laga nr. 22, 8. apríl 1998, um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, með síðari breytingum, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 18. desember 2013.

Reglugerð

nr. 431/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO.

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi gildir um veiðar íslenskra skipa á svæði sem nefnt er sem „samningssvæðið“ í samningi um framtíðarsamvinnu ríkja varðandi fiskveiðar í Norðvestur-Atlantshafi, sbr. auglýsingu nr. 17 í C-deild Stjórnartíðinda 29. desember 1978 (NAFO-svæðinu). Vísað er til viðauka III við þann samning um skiptingu þess svæðis í vísindaleg og tölfræðileg undirsvæði (tilgreind með tölustöfum), deilisvæði (hlutar undirsvæðis tilgreindir með tölustaf og stórum bókstaf) og undirdeilisvæði (hlutar deilisvæðis tilgreindir með litlum bókstaf).

2. gr.

Leyfi til veiða.

1 Fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NAFO, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu.

2 Leyfi Fiskistofu gilda fyrir einstaka stofna og eru til eins árs í senn. Um aflamark við veiðar fer samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eftir því sem við á. Leyfin skulu bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands um veiðimagn, veiðisvæði, gerð og búnað veiðarfæra, veiðitíma, eftirlit, sýnatöku, tilkynningar o.fl. Þá skal áskilið að fylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Fjarskiptabúnaður.

1 Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslu Íslands og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

2 Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest til skipstjóra að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

3 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann við komu í næstu höfn. Þar til búnaðinum verður komið í lag, skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar og tilkynna áður en skip fer af einu deilisvæði á annað.

4. gr.

Afladagbók o.fl.

1 Halda skal rafræna afladagbók vegna veiða á NAFO-samningssvæðinu, sem uppfyllir skilyrði sem greinir í reglum NAFO um stjórn og eftirlit (e. Conservation and Enforcement Measures). Halda skal sérstaka vinnslu- og lestarskrá fyrir skipið auk þess að upplýsingar skulu vera um borð um lestarrými, eftir því sem nánar greinir í reglum NAFO.

2 Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerð þessari skal senda á tölvutæku formi úr rafrænni afladagbók skipsins til eftirlitsstöðvarinnar. Tilkynningar skulu sendar með þeim hætti sem lýst er í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

5. gr.

Tilkynningar.

1 Fiskiskip, sem stunda veiðar á samningssvæðinu, skulu senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar:

2 Komutilkynning - COE: Tilkynna skal með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara að skip fari inn á samningssvæðið og skal tilkynning vera í samræmi við reglur NAFO um stjórn og eftirlit.

3 Aflatilkynning - CAT: Tilkynna skal daglega til eftirlitsstöðvarinnar um m.a. heildarafla síðasta sólarhrings miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum, eftir því sem nánar greinir í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

4 Lokatilkynning - COX: Tilkynna skal með a.m.k. 6 klukkustunda fyrirvara þegar skip yfirgefur samningssvæðið og skal tilkynning vera í samræmi við reglur NAFO um stjórn og eftirlit.

5 Um afturköllun tilkynninga fer eftir því sem segir í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

6 Þá skal tilkynna til Fiskistofu, á tölvupóstfangið uthafsv@fiskistofa.is, þegar fiskiskip hefur veiðar á samningssvæðinu og þegar þeim lýkur.

6. gr.

Eftirlit um borð í skipi.

1 Fiskiskipum sem veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því, er skylt að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NAFO, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

2 Um borð í hverju skipi skal vera stigi og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Um búnað og notkun stiga og annarra áhalda fer samkvæmt reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

3 Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

4 Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins, afla þess o.fl. til að ganga úr skugga um að farið sé að reglum NAFO. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar um meint brot og gera skýrslu um skoðunina eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

7. gr.

Eftirlitskostnaður o.fl.

1 Hverju skipi er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæðinu, nema eftirlitsmaður á vegum Fiskistofu sé um borð. Þó er Fiskistofu heimilt að veita undanþágu frá skilyrði 1. ml. enda séu eftirlitsmenn um borð í a.m.k. 25% íslenskra skipa sem stunda veiðar á samningssvæðinu. Skipstjóra er óheimilt að halda skipinu til veiða á samningssvæðinu án þess að hafa eftirlitsmann um borð nema fyrir liggi skrifleg heimild Fiskistofu þar að lútandi.

2 Kostnaður af veru eftirlitsmanns er samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

3 Fyrir hverja veiðiferð skal útgerð skips tilkynna Fiskistofu ósk sína um að veiðieftirlitsmaður verði um borð í skipinu a.m.k. 7 dögum fyrir brottför þess frá Íslandi en a.m.k. 10 dögum fyrir brottför sé um að ræða brottför frá höfn utan Íslands.

8. gr.

Ráðstafanir til verndar viðkvæmum vistkerfum o.fl.

1 Skipstjóri sem stundar veiðar með botnlægum veiðarfærum skal meta magn tegunda sem mögulega falla undir viðkvæm vistkerfi (kóralar, sæfjaðrir, svampar o.fl.) í togi og færa í afladagbók

(og senda einnig upplýsingar á netfangið uthafsv@fiskistofa.is). Ef magn þessara tegunda yfirstígur viðmiðanir NAFO um stjórn og eftirlit, á svæði þar sem veiðar hafa áður verið stundaðar með botnlægum veiðarfærum fer samkvæmt reglum NAFO um tilkynningar, sýnatöku, takmarkanir við frekari veiði og breytta veiðitilhögun.

2 Um botnveiðar á svæðum þar sem botnveiðar hafa ekki verið stundaðar áður og lokuð svæði til verndar viðkvæmum vistkerfum, fer samkvæmt reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

3 Skipstjóri skal ekki beina sókn í tegundir sem meðaflareglur gilda um. Um takmarkanir á meðafla við veiðar og meðferð hans um borð í skipi fer samkvæmt reglum NAFO um stjórn og eftirlit.

9. gr.

Afla- og afurðaskráning.

1 Við vinnslu skal allur afli veiddur á NAFO svæðinu auðkenndur með tegund, afurðaflokki, veiðisvæði og veiðidagsetningu. Um nánari tilhögun og framkvæmd merkinga á umbúðum um afla sem veiddur er á NAFO svæðinu vísast til reglna NAFO.

10. gr.

Hafnkoma erlendis.

1 Fiskiskipum sem hafa heimild Fiskistofu til löndunar erlendis og ætla að landa afla eða afurðum í erlendri höfn, er skylt að tilkynna þar til bæru yfirvaldi hafnarríkis, innan frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu um komu sína til hafnar. Tilkynningar skulu sendar á eyðublöðum NAFO fyrir hafnarríkiseftirlit, sem eru aðgengilegar á vefsíðu NAFO: www.nafo.int.

11. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og IV. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Við mat á brotum skal litið til reglna NAFO um stjórn og eftirlit, eftir því sem við á.

12. gr.

Heimild o.fl.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða til þess að öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 40/2014 um veiðar á samningssvæði Norðvestur-Atlantshafs fiskveiðistofnunarinnar, NAFO, 2014.

2 Reglugerð þessi er sett til að fullnægja skuldbindingum Íslands samkvæmt ráðstöfunum í reglum NAFO um stjórn og eftirlit (NAFO Conservation and Enforcement Measures) (www.nafo.int). Íslenskum skipum er skylt að hafa aðgang að nýjasta eintaki reglnanna við veiðar hverju sinni, sem nálgast má rafrænt á vef nefndarinnar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. maí 2017.

Reglugerð

nr. 432/2017, um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC).

1. gr.

Gildissvið.

1 Reglugerð þessi tekur til íslenskra skipa sem stunda veiðar á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC), utan lögsögu ríkja. Þá tekur reglugerðin til veiða innan lögsögu ríkja, lúti veiðar á viðkomandi tegundum stjórn NEAFC um leyfilegan hámarksafla. Loks gildir reglugerðin um tilkynningarskyldu íslenskra skipa til hafnarríkja, hafi þau stundað veiðar innan eða utan lögsögu eða tekið við afla sem veiddur er á samningssvæði NEAFC og landað aflanum í erlendri höfn.

2. gr.

Leyfi til veiða.

1 Fiskiskipum er óheimilt að stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, sbr. 1. gr., án sérstaks leyfis Fiskistofu.

2 Leyfi Fiskistofu gilda fyrir einstaka stofna og eru til eins árs í senn. Um aflamark við veiðar fer samkvæmt lögum um stjórn fiskveiða, eftir því sem við á. Leyfin skulu bundin þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru til að fullnægja skuldbindingum Íslands um veiðimagn, veiðisvæði, gerð og búnað veiðarfæra, veiðitíma, eftirlit, sýnatöku, tilkynningar o.fl. Þá skal áskilið að fylgt sé ákvæðum þessarar reglugerðar.

3. gr.

Fjarskiptabúnaður.

1 Fiskiskip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu búin fjarskiptabúnaði sem sendir upplýsingar um staðsetningu, stefnu og hraða viðkomandi skips á klukkustundar fresti, með sjálfvirkum hætti, til sameiginlegrar eftirlitsstöðvar Landhelgisgæslunnar og Fiskistofu, hér eftir nefnd eftirlitsstöðin, sem miðlar gögnum til hlutaðeigandi stofnana.

2 Óheimilt er að halda til veiða fyrr en starfsmenn eftirlitsstöðvarinnar hafa staðfest að fjarskiptabúnaður starfi eðlilega. Skulu sendingar samkvæmt framangreindu hefjast þegar viðkomandi skip lætur úr höfn og skal þeim ekki ljúka fyrr en skipið kemur til hafnar að nýju til löndunar afla.

3 Ef búnaður til sjálfvirkra sendinga bilar skal gert við hann svo fljótt sem mögulegt er, þó eigi síðar en að 30 dögum liðnum. Þar til búnaðurinn verður kominn í lag skal senda á annan hátt upplýsingar um staðsetningu skipsins á a.m.k. 4 klukkustunda fresti til eftirlitsstöðvarinnar.

4 Eftirlitsstöðin skal með sjálfvirkum hætti fylgjast með því hvort skip stundi veiðar innan lokaðra svæða. Jafnframt skal eftirlitsstöðin með sama hætti fylgjast með hvort skip stundi botnvörpuveiðar utan svæða þar sem botnvörpuveiðar hafa ekki verið stundaðar áður.

4. gr.

Afladagbók o.fl.

1 Halda skal rafræna afladagbók vegna veiða á NEAFC-samningssvæðinu, sem uppfyllir skilyrði sem greinir í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit (e. Scheme of Control and Enforcement). Að auki skulu skip sem vinna afla um borð, halda sérstaka vinnslu- og lestarskrá eftir því sem nánar greinir í reglum NEAFC.

2 Allar tilkynningar sem skylt er að senda samkvæmt reglugerð þessari skal senda á tölvutæku formi úr rafrænni afladagbók skipsins til eftirlitsstöðvarinnar. Tilkynningar skulu sendar með þeim hætti sem lýst er í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

5. gr.

Tilkynningar.

1 Öll skip sem stunda veiðar á samningssvæðinu skulu senda eftirgreindar tilkynningar til eftirlitsstöðvarinnar:

2 Komutilkynning – COE: Tilkynna skal með ekki meira en 12 klukkustunda fyrirvara og að lágmarki 2 klukkustunda fyrirvara, að skip fari inn á samningssvæðið til veiða og skal tilkynn-ing vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

3 Aflatilkynning – CAT: Tilkynna skal daglega um m.a. heildarafla síðasta sólarhrings miðað við afla upp úr sjó, sundurgreindan eftir tegundum. Tilkynning skal berast í síðasta lagi klukkan 12 UTC næsta dag eftir að veiðar hófust og vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

4 Lokatilkynning – COX: Tilkynna skal með ekki meira en 8 klukkustunda fyrirvara og að minnsta kosti 2 klukkustunda fyrirvara, að skip yfirgefi samningssvæðið. Tilkynning skal vera í samræmi við reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

5 Um afturköllun tilkynninga fer eftir því sem mælt er fyrir um reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

6 Þá skal tilkynna til Fiskistofu, á tölvupóstfangið uthafsv@fiskistofa.is, þegar fiskiskip hefur veiðar á samningssvæðinu og þegar þeim lýkur.

6. gr.

Eftirlit um borð í skipi.

1 Fiskiskipum sem veiða á samningssvæðinu eða hafa stundað veiðar á því, er skylt að veita aðstoð sína til þess að eftirlitsmenn samningsríkja NEAFC, sem sýnt geta fram á með skilríkjum að þeir séu til þess bærir, geti komist um borð eftir að skip eða þyrla sem þeir eru um borð í hefur gefið viðeigandi merki á alþjóðlegu merkjamáli um að þeir æski þess að koma um borð.

2 Um borð í hverju skipi skal vera stigi og önnur áhöld sem gera eftirlitsmönnum kleift að komast um borð með skjótum og öruggum hætti. Um búnað og notkun stiga og annarra áhalda fer samkvæmt reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

3 Skipstjórum er skylt að veita eftirlitsmönnum endurgjaldslaust aðbúnað, starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskiptatækjum, staðsetningartækjum og kortum.

4 Eftirlitsmönnum skal leyft að skoða og mæla veiðarfæri skipsins, afla þess o.fl. til að ganga úr skugga um að farið sé eftir reglum NEAFC. Þá skal eftirlitsmönnum gert kleift að skoða skjöl skipsins, skrifa í þau athugasemdir sínar, m.a. um meint brot og gera skýrslu um skoðunina eftir því sem nánar er mælt fyrir um í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

7. gr.

Eftirlitskostnaður.

1 Kostnaður af veru eftirlitsmanns er samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu. Útgerð skips með eftirlitsmann á vegum Fiskistofu um borð skal sjá honum fyrir fæði og aðstöðu án endurgjalds.

8. gr.

Ráðstafanir til verndar viðkvæmum vistkerfum.

1 Skipstjóri sem stundar veiðar með botnlægum veiðarfærum skal, til verndunar viðkvæmra vistkerfa, meta magn tegunda sem falla undir viðkvæm vistkerfi (kóralar, sæfjaðrir, svampar o.fl.) í togi, neta- eða línulögn og færa í afladagbók til samræmis við reglur NEAFC (og senda einnig

upplýsingar á netfangið uthafsv@fiskistofa.is). Ef magn þessara tegunda yfirstígur viðmiðanir í reglum NEAFC um stjórn og eftirlit, á svæði þar sem veiðar hafa áður verið stundaðar með botnlægum veiðarfærum, gilda reglur NEAFC um tilkynningar, sýnatöku, takmarkanir við frekari veiði og breytta veiðitilhögun.

2 Um veiðar með botnveiðarfærum á svæðum þar sem slíkar veiðar hafa ekki verið stundaðar og lokuð svæði til verndar viðkvæmum vistkerfum, fer samkvæmt reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

9. gr.

Vigtun og aflaskráning.

1 Um vigtun afla gilda ákvæði reglugerðar um vigtun og skráningu sjávarafla. Óheimilt er að flytja óvigtaðan afla um borð í flutningaskip eða önnur veiðiskip, en Fiskistofa getur gefið undanþágu frá þessu við kolmunnaveiðar, ef ástæða er til. Skipum sem stunda veiðar á uppsjávartegundum, er þó heimilt að miðla afla úr veiðarfærum milli veiðiskipa í því skyni að koma í veg fyrir að fiski sé sleppt dauðum úr veiðarfærum. Í þeim tilvikum skulu báðir aðilar (gefandi og þiggjandi) skrá slíkt í rafræna afladagbók skipsins, samanber reglur NEAFC um stjórn og eftirlit.

2 Við vinnslu skal allur afli auðkenndur samkvæmt reglum NEAFC um stjórn og eftirlit.

10. gr.

Löndun erlendis.

1 Afla skal landað og hann veginn í íslenskri höfn. Heimilt er þó með leyfi Fiskistofu að landa afla í höfnum samningsaðila Norðaustur-Atlantshafsfiskveiðinefndarinnar (NEAFC) enda sé tryggt að eftirlit með vigtun og skráning aflans sé fullnægjandi að mati Fiskistofu. Sækja skal um leyfi til löndunar afla í höfnum samningsaðila NEAFC til Fiskistofu og skal skipstjóri í umsókn tilgreina nákvæmlega hvar hann hyggst landa aflanum og áætlað magn, eftir tegundum. Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri veiðiskips senda Fiskistofu endanlegar tölur um landaðan afla og aflaverðmæti, staðfestar af móttakanda aflans eða staðfest afrit af vigtarnótu, liggi það fyrir. Landi skip afla í höfnum samningsaðila NEAFC skal tilkynna þar til bæru yfirvaldi í viðkomandi ríki um komu skips til hafnar innan tiltekins frests sem ákveðinn er af hafnarríkinu í samræmi við reglur NEAFC um hafnarríkiseftirlit og framkvæmd þess. Tilkynningar skal senda með rafrænum hætti á heima-síðu NEAFC (https://psc.neafc.org). Til að geta sent slíkar tilkynningar þarf að vera skráður notandi (og er hvatt til tímanlegrar skráningar).

11. gr.

Viðurlög.

1 Brot á reglugerð þessari og ákvæðum leyfisbréfa gefnum út á grundvelli hennar, varða viðurlögum samkvæmt III. kafla laga nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og IV. kafla laga nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar. Við mat á brotum skal litið til reglna NEAFC um stjórn og eftirlit, eftir því sem við á.

12. gr.

Heimild o.fl.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt lögum nr. 151/1996, um fiskveiðar utan lögsögu Íslands og lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Reglugerðin öðlast þegar gildi. Samtímis fellur úr gildi reglugerð nr. 285/2014 um veiðieftirlit á samningssvæði Norðaustur-Atlantshafsfiskveiði-nefndarinnar (NEAFC).

2 Íslensk skip, sem stunda veiðar á samningssvæði NEAFC, skulu fara eftir reglum NEAFC um stjórn og eftirlit (e. NEAFC Scheme of Control and Enforcement) og öðrum ákvörðunum nefndarinnar. Íslenskum skipum er skylt að hafa aðgang að nýjasta eintaki reglnanna við veiðar hverju sinni, sem nálgast má rafrænt á vef nefndarinnar.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 10. maí 2017.

Reglugerð
nr. 601/1997, um löndun á bræðslufiski erlendis.

1. gr.

1 Reglugerð þessi tekur til löndunar á bræðslufiski í fiskimjölsverksmiðjur erlendis.

2 Einungis er heimilt að landa afla í fiskimjölsverksmiðjur erlendis, þar sem vigtunaraðferðir og eftirlit er viðurkennt af Fiskistofu.

2. gr.

1 Skipstjóri skal strax og haldið er til erlendrar hafnar, tilkynna Fiskistofu um áætlaðan afla um borð í skipinu, löndunarstað og áætlaðan komutíma. Jafnframt skal Landhelgisgæslunni á sama tíma tilkynnt um áætlaðan afla um borð. Verði breyting á löndunarstað, eða áætluðum komutíma, skal það tilkynnt Fiskistofu þegar í stað.

2 Fiskistofu er heimilt að senda eftirlitsmann til þess að fylgjast með löndun á bræðslufiski hjá erlendum fiskimjölsverksmiðjum telji hún ástæðu til þess.

3. gr.

1 Þegar að löndun lokinni skal skipstjóri senda Fiskistofu staðfest afrit af vigtarnótu. Telji Fiskistofa upplýsingar um aflamagn ekki fullnægjandi eða ótrúverðugar, svo sem ef landaður afli er umtalsvert minni en áætlun, sbr. 2. gr., vigtarnótur eru óglöggar eða aðrar upplýsingar misvísandi, skal við það miðað við útreikning afla skipsins að það hafi landað fullfermi, miðað við staðreynda burðargetu þess á þeirri vertíð.

4. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt ákvæðum laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar.

5. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum 5. gr. laga nr. 57, 3. júní 1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 28. október 1997.

Reglugerð
nr. 646/2007, um uppboðmarkaði sjávarafla.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 646/2007 sbr. 774/2007, 398/2021 og 1153/2021.*

I. KAFLI
Gildissvið, skilgreiningar o.fl.

1. gr.
Gildissvið.

 Reglugerð þessi gildir um starfsemi uppboðsmarkaða sjávarafla og hefur það að markmiði að tryggja gagnsæi viðskipta og að skýrar reglur gildi um verðmyndun, þjónustu og greiðslur í viðskiptum með sjávarafla á uppboðsmarkaði.

2. gr.
Skilgreiningar.

 Í reglugerð þessari er merking hugtaka sem hér segir:

Fiskmarkaður: Uppboðs- eða heildsölumarkaður sem annast umboðssölu fyrir sjávarafla.

Leyfishafi: Sá sem fengið hefur leyfi ráðherra samkvæmt lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, til að starfrækja uppboðsmarkað fyrir sjávarafla og ber ábyrgð á starfsemi uppboðsmarkaðarins.

Reiknistofa uppboðsmarkaða: Aðili sem leyfishafi hefur falið að sjá um framkvæmd uppboða og þá starfsemi sem tilgreind er í 6. gr. laga nr. 79/2005.

Fiskafurðir: Matvæli sem unnin eru að öllu leyti eða að hluta úr sjávarafla. Sjávarafli: Öll sjávardýr önnur en spendýr, þar með talin skrápdýr, liðdýr og lindýr. Uppboð: Sala, þar sem hæstbjóðandi hlýtur hlut þann er boðinn er til sölu.

Uppboðsmarkaður: Markaður þar sem sjávarafli, eldistegundir, bæði úr ferskvatns- og sjávareldi, vatnafiskur og afurðir úr framantöldu eru seldar á frjálsu uppboði.

Uppboðsstaður: Staður þar sem aðilar geta kynnt sér afla eða upplýsingar um afla, sem seldur verður á uppboði.

Uppboðsstjóri: Sá aðili sem leyfishafi hefur falið að annast framkvæmd uppboðs og hlotið hefur löggildingu ráðherra til starfa.

3. gr.
Yfirstjórn.

 Sjávarútvegsráðherra fer með yfirstjórn þeirra mála sem reglugerð þessi tekur til.

II. KAFLI
Leyfi til reksturs uppboðsmarkaða.

4. gr.
Útgáfa rekstrarleyfa.

 [Sjávarútvegsráðherra veitir leyfi til reksturs uppboðsmarkaða fyrir sjávarafla sem skulu vera ótímabundin. Rekstrarleyfi skal gefið út á nafn og kennitölu þess einstaklings eða lögaðila sem um ræðir og er óheimilt að framselja það til þriðja aðila. Skilyrði fyrir útgáfu rekstrarleyfis fyrir hverja starfsstöð er starfsleyfi starfsstöðvar samkvæmt lögum um matvæli, nr. 93/1995.][1)]

[1)]*Rg. 398/2021, 1. gr.*

5. gr.

Skilyrði fyrir rekstrarleyfi.

1 Leyfi til reksturs uppboðsmarkaða er einungis heimilt að veita aðilum sem uppfylla eftirtalin skilyrði:

a) Hafa íslenskan ríkisborgararétt og eiga lögheimili hér á landi. Erlendur ríkisborgari sem á lögheimili hér á landi og hefur átt það samfellt í a.m.k. eitt ár skal þó vera undanþeginn skilyrði um íslenskt ríkisfang. Enn fremur gildir ákvæði þetta ekki um einstaklinga sem hafa ríkisfang og búsettir eru í aðildarríki Evrópska efnahagssvæðisins eða í aðildarríki stofnsamnings Fríverslunarsamtaka Evrópu eða til Færeyinga búsettra í Færeyjum eða á Íslandi.
b) Eru fjárráða.
c) Hafa forræði á búi sínu.

2 Þá má veita hlutafélögum eða öðrum lögaðilum sem eiga heimili hér á landi leyfi til reksturs uppboðsmarkaða, enda uppfylli stjórnarmenn og framkvæmdastjórar lögaðila skilyrði b- og c-liðar 1. mgr. Sé um að ræða erlendan aðila eða íslenskan lögaðila sem erlendur aðili á hlut í skal auk þess fullnægt skilyrðum laga um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri.

6. gr.

Ábyrgð leyfishafa.

1 Leyfishafi ber ábyrgð á starfsemi uppboðsmarkaðarins og er honum skylt að hlíta ákvæðum laga, reglugerða og annarra fyrirmæla er um meðferð sjávarafla gilda á hverjum tíma.

7. gr.

Svipting rekstrarleyfis.

1 Ef leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði sett í reglugerð þessari eða lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, getur ráðherra svipt hann leyfi til reksturs uppboðsmarkaðar.

III. KAFLI
Starfsemi uppboðsmarkaða.

8. gr.

Frágangur og merking afla.

1 Fyrir afhendingu skal seljandi tegundaflokka afla, svo sem lög kveða á um og einnig flokka á milli lifandi og dauðblóðgaðs fisks.

2 Öllum afla skulu við löndun fylgja upplýsingar um veiðisvæði, aldur, fiskstærð, veiðarfæri og meðferð og önnur þau atriði sem kunna að hafa áhrif á verð og gæði.

3 Ef afli er meira en sólarhrings gamall skal dagmerkja umbúðir. Séu dagmerkingar vanræktar skal þess sérstaklega getið í uppboðslýsingu og er fiskmarkaði þá heimilt að miða aldur aflans við fyrsta veiðidag viðkomandi veiðiferðar.

4 Seljandi er ábyrgur fyrir því að meðferð og frágangur afla sé í samræmi við gildandi lög og reglugerðir á hverjum tíma.

9. gr.

Húsnæði, búnaður og meðferð afla.

1 [Um húsnæði og búnað uppboðsmarkaðar og meðferð afla gilda lög um matvæli, nr. 93/1995, eftir því sem við á. Eingöngu er heimilt að reka starfsstöð uppboðsmarkaðar sjávarafla í húsnæði sem hefur til þess starfsleyfi samkvæmt lögum um matvæli.]

[1)]Rg. 398/2021, 1. gr.

10. gr.

Vigtun afla.

1 Allur afli skal vigtaður samkvæmt þeim lögum og reglugerðum, sem um það gilda, sbr. nú lög nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar, með síðari breytingum og reglugerð nr. 224/2006, um vigtun og skráningu sjávarafla, með síðari breytingum.

11. gr.

Lágmarksverð.

1 Um sjávarafla sem seldur er á uppboðsmarkaði gilda ekki ákvæði um lágmarksverð samkvæmt lögum nr. 43/1985, um Verðlagsráð sjávarútvegsins.

12. gr.

Gæðakröfur.

1 Standist fiskur ekki almennar gæðakröfur samkvæmt reglugerð nr. 233/1999, um hollustuhætti við meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafla og fiskafurða, með síðari breytingum, sbr. lög nr. 55/1998, um meðferð, vinnslu og dreifingu sjávarafurða, með síðari breytingum, skal hann ekki boðinn upp á uppboðsmarkaði samkvæmt lögum þessum. Kaupandi afla á uppboðsmarkaði getur ekki borið fyrir sig galla á honum, nema hann sé ekki í samræmi við gefnar upplýsingar við söluna, seljandi hafi haft svik í frammi eða almennt sé talið óheiðarlegt að skjóta sér undan ábyrgð.

IV. KAFLI
Framkvæmd uppboðsmarkaða o.fl.

13. gr.

Uppboðsstjóri.

1 Leyfishafi skal hafa í þjónustu sinni a.m.k. einn starfsmann sem sér um framkvæmd uppboðs, uppboðsstjóra. Sjávarútvegsráðherra veitir uppboðsstjóra löggildingu til starfans. Uppboðsstjórar mega hvorki gera boð á uppboði sjálfir né láta aðra gera það fyrir sína hönd.

14. gr.

Uppboðsskilmálar.

1 Uppboðsstjóri skal auglýsa uppboðsskilmála á fullnægjandi hátt og skulu þeir einnig aðgengilegir áður en uppboð hefst. Jafnframt skulu uppboðsskilmálar birtir á heimasíðu þess markaðar, sem uppboðið heldur, eða hjá reiknistofu. Skulu þátttakendur í uppboði kynna sér uppboðsskilmála áður en uppboð hefst.

2 Í uppboðsskilmálum skal gera grein fyrir gjöldum er leggjast ofan á söluverð og greiðsluskilmálum, ef ekki er um staðgreiðslu að ræða, ásamt öðrum skilmálum sem uppboðsstjóra er skylt að geta svo og því hvenær ábyrgð á hinu selda flyst úr hendi seljanda til kaupanda.

15. gr.

Uppboð.

1 Uppboð skulu vera opin almenningi og skal afli vera til sýnis og skoðunar í hæfilegan tíma fyrir uppboðið. Ef ekki er mögulegt að hafa afla til sýnis skal það sérstaklega tekið fram í uppboðslýsingu og skulu upplýsingar um þann afla vera aðgengilegar almenningi á sama hátt í hæfilegan tíma fyrir uppboðið.

16. gr.

Réttaráhrif uppboðs.

Sala sjávarafla á uppboðsmarkaði telst bindandi, að því gefnu að allar upplýsingar sem gefnar voru, séu réttar. Athugasemdum varðandi kaup skal koma á framfæri við uppboðsmarkað svo fljótt sem verða má. Þegar að loknu uppboði á viðkomandi einingu, telst kaupandi eigandi aflans.

17. gr.

Söluverð.

[Kaupandi skal greiða söluverð strax þegar afli hefur verið sleginn honum eða setja viðhlítandi ábyrgð fyrir greiðslu sem uppboðsstjóri metur gilda.][1)] Verði dráttur á greiðslu söluverðs aflans skal kaupandi greiða af því dráttarvexti og kostnað.

[1)]*Rg. 774/2007, 1. gr.*

18. gr.

Kostnaður.

[Seljandi ber allan kostnað sem fellur á aflann fram að sölu þ.m.t. löndunar- og flutningskostnað en kaupandi ber áfallinn kostnað eftir sölu.][1)]

[1)]*Rg. 774/2007, 2. gr.*

19. gr.

Skil afla til kaupanda.

Afli skal afhentur kaupanda í því ástandi sem hann er við uppboð. Óski kaupandi eftir frekari meðhöndlun á því sem keypt var, svo sem flokkun, slægingu, umísun, gámun eða geymslu, skal hann tafarlaust tilkynna það viðkomandi fiskmarkaði. Allur slíkur kostnaður skal greiddur af kaupanda.

20. gr.

Þóknun fyrir sölu.

Þóknun fyrir sölu og þjónustu skal vera samkvæmt gjaldskrá hvers uppboðsmarkaðar sem birta skal með sama hætti og uppboðsskilmála, sbr. 14. gr. og þannig að hún sé öllum aðgengileg á uppboðsstað, eða á heimasíðu uppboðsmarkaðar eða reiknistofu.

21. gr.

Upplýsingaskylda.

[Leyfishöfum er skylt að láta liggja frammi yfirlit yfir selt aflamagn hvers dags og verð þess.][1)] Skulu þeir daglega senda Fiskistofu afrit af slíku yfirliti. Þá skulu leyfishafar senda opinberum aðilum, sem þess óska skýrslu um seljendur, afla, aflamagn, kaupendur og verð.

[1)]*Rg. 774/2007, 3. gr.*

V. KAFLI
Uppgjör og reikningsskil.

22. gr.

Uppgjör.

Leyfishafar uppboðsmarkaða skulu standa skil á uppboðsandvirði hins selda afla til seljanda, að frádregnum beinum kostnaði við uppboðið og lögboðnum gjöldum, m.a. sjá um skil á greiðslum samkvæmt ákvæðum II. kafla laga nr. 24/1986, um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins. Leyfishafar skulu krefjast greiðslutrygginga af kaupanda sé ekki um staðgreiðslu að ræða.

23. gr.

Reikningsskilakerfi.

1 Reiknistofa uppboðsmarkaða annast rekstur reikningsskilakerfis vegna uppboðsmarkaða og er leyfishafa heimilt að fela henni þann hluta starfsemi sinnar sem mælt er fyrir um í 22. gr.

2 Við framkvæmd reikningsskila samkvæmt 1. mgr. skal reiknistofan senda kaupanda reikning fyrir andvirði þess fisks, sem hann hefur keypt á fiskmörkuðunum. Á fiskkaupareikningi skulu koma fram eftirtaldir kostnaðarliðir: fiskkaup, markaðskostnaður og annar kostnaður vegna þjónustu sem kaupandi kann að óska eftir, auk gjalda sem lög kveða á um.

3 Reiknistofa uppboðsmarkaða skal, eftir því sem við á, fara að þeim lögum sem gilda um starfsemi uppboðsmarkaða, enda starfar hún í þeirra umboði. Reiknistofa uppboðsmarkaða skal tryggja svo sem frekast er unnt, jafnræði allra þátttakenda í uppboðum uppboðsmarkaða.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

24. gr.

Ábyrgð seljanda.

1 Seljanda er skylt að gefa alltaf réttar upplýsingar um öll þau atriði sem geta haft áhrif á verðmyndun aflans.

25. gr.

Viðurlög.

1 Brot gegn ákvæðum reglugerðar þessarar varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 79/2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla. […][1)]

[1)] *Rg. 1153/2021, 23. gr.*

26. gr.

Endurútgáfa eldri leyfa.

1 Leyfi til reksturs uppboðsmarkaða, sem gefin voru út fyrir 1. júlí 2007, skulu falla úr gildi frá og með 1. september 2007. Óski leyfishafi eftir því að ráðuneytið endurnýi leyfið skal hann gera það fyrir 1. september 2007, og heldur þá eldra leyfi gildi sínu þar til það hefur verið endurútgefið.

27. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í 5. gr. laga nr. 79, 24. maí 2005, um uppboðsmarkaði sjávarafla, með síðari breytingum, öðlast gildi 1. september 2007.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 2. júlí 2007.

Reglugerð

nr. 941/2016, um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði.

1. gr.

1 Reglugerð þessi gildir um sjávarafla sem seldur er á uppboðsmarkaði samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða.

2. gr.

1 Skipstjóra fiskiskips er heimilt að ákveða að hluti af afla skipsins reiknist ekki til aflamarks þess. Sá hluti sem reiknast ekki til aflamarks skipsins skal þó aldrei nema meira en 0,5% af uppsjávarafla og 5% af öðrum sjávarafla sem hlutaðeigandi skip veiðir á hverju fiskveiðiári. Heimild þessi er háð eftirfarandi skilyrðum:

1. Að aflanum sé haldið aðskildum frá öðrum afla skipsins og hann veginn sérstaklega og skráður.
2. Að aflinn sé seldur á viðurkenndum uppboðsmarkaði fyrir sjávarafurðir og andvirði hans renni til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins, sbr. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, með síðari breytingum.

3. gr.

1 Forráðamenn uppboðsmarkaðarins, sbr. 2. gr., skulu standa skil á andvirði hins selda afla að frádregnum hafnargjöldum og kostnaði við uppboð aflans. Til kostnaðar við uppboð aflans telst:

1. Flutningur afla frá löndunarbryggju á næsta uppboðsmarkað.
2. Annar kostnaður: Eftir atvikum ísun aflans á markaði, flokkun og slæging hans.
3. Þóknun markaðar vegna sölu aflans.

2 Eftirstöðvar andvirðis aflans skiptast með þeim hætti að útgerð skipsins skal fá 20% sem skiptist milli útgerðar og áhafnar samkvæmt samningum þar um og 80% greiðast til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins.

3 Greiðslur til Verkefnasjóðs sjávarútvegsins skal leggja inn á bankareikning sjóðsins eigi síðar en á föstudegi vegna afla sem seldur var í vikunni á undan.

4. gr.

1 Brot á reglugerð þessari varða viðurlögum samkvæmt lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða.

5. gr.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt ákvæðum laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi reglugerð nr. 692/2008, um kostnað vegna sölu afla á uppboðsmarkaði samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 27. október 2016.

Reglugerð
nr. 147/1998, um greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins.

1. gr.

1 Þegar framleiðandi veðsetur framleiðslu sína við töku afurðaláns hjá viðskiptabanka eða öðrum lánveitanda skal hann greiða 8%, sbr. 3. gr., af samanlögðu hráefnisverði hvers skips skv. sölureikningi, sem lagði hráefni til vinnslunnar, inn á sérstaka bankareikninga. Þegar greiðslan er innt af hendi skal tiltaka skipaskrárnúmer viðkomandi skips, nafn skipsins, einkennisstafi, nafn eiganda skips, dagsetningu afhendingar afla, dagsetningu greiðslu og upphæð greiðslu. Veðsetji framleiðandi eða annar fiskkaupandi ekki fiskafurðir sínar skal hann eigi að síður inna þessa greiðslu af hendi innan fjórtán daga frá því fiskurinn var afhentur. Sambærileg skylda hvílir á þeim sem taka fiskafurðir í umboðssölu.

2 Viðskiptabanki útvegsmanns skal við gjaldeyrisskil leggja 8% af brúttósöluverðmæti ísfisks samkvæmt sölureikningi, sem seldur er í erlendri höfn inn á samskonar bankareikning og skulu samskonar upplýsingar gefnar upp. Komi ekki til gjaldeyrisskila skal seljandi fisksins inna greiðsluna af hendi innan 14 daga frá því fiskurinn var afhentur.

3 Sama greiðsluskylda og að framan greinir hvílir á útvegsmönnum veiðiskipa sem vinna og frysta afla um borð og miðast þá 8% greiðslan við skilaverðmæti framleiðslunnar og fellur í gjalddaga við gjaldeyrisskil eða í síðasta lagi innan 14 daga frá því fiskurinn var afhentur.

4 Ákvæði þessarar greinar ná ekki til opinna báta og þilfarsbáta sem samkvæmt skipaskrá Siglingastofnunar Íslands eru undir 10 lestum, sbr. 2. gr.

2. gr.

1 Framleiðendur sjávarafurða og aðrir fiskkaupendur svo og þeir sem taka sjávarafurðir í umboðssölu skulu greiða 8,4% af samanlögðu hráefnisverði þess afla, samkvæmt sölureikningi, sem þeir taka við af opnum bátum og þilfarsbátum undir 10 lestum, inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning smábáta hjá Lífeyrissjóði sjómanna eftir sömu reglum og greinir í 1. gr., eftir því sem við getur átt.

3. gr.

1 Sá banki sem tekið hefur á móti greiðslu skv. 1. gr. skal þegar í stað miðla fénu á þennan hátt:

1. 6% af hráefnisverði greiðist inn á vátryggingarreikning skipsins hjá Landssambandi íslenskra útvegsmanna.
2. 2% af hráefnisverði greiðist inn á sérstakan greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa hjá Lífeyrissjóði sjómanna.

4. gr.

1 Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning smábáta skv. 2. gr. skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna.....37,5%
2. Til Landssambands smábátaeigenda til greiðslu iðgjalda af slysa- og örorkutryggingu skipverja, samskonar þeim sem samið er um í heildarkjarasamningum sjómanna og útvegsmanna, þar á meðal vegna grásleppuveiða, svo og af vátryggingu báts, og eiga þessi ákvæði við allar veiðar smábáta, einnig við grásleppuveiðar, samkvæmt reglum sem sjávarútvegsráðherra setur 56,5%
3. Til Landssambands smábátaeigenda, þar með talið vegna grásleppuveiða 6,0%

5. gr.

1 Fé því, sem safnast á greiðslumiðlunarreikning fiskiskipa skv. 2. tölul. 3. gr., skal skipta mánaðarlega og færa til tekna á bankareikninga í þessum hlutföllum:

1. Til lífeyrissjóða sjómanna.....92,0%
2. Til Sjómannasambands Íslands og sjómanna innan Alþýðusambands Austfjarða og Alþýðusambands Vestfjarða 2,4%
3. Til Farmanna- og fiskimannasambands Íslands og Vélstjórafélags Íslands..... 1,6%
4. Til Landssambands íslenskra útvegsmanna 4,0%

2 Við skiptingu fjár milli þeirra samtaka sem um er rætt í 2. tölul. 1. mgr. annars vegar og 3. tölul. 1. mgr. hins vegar skal taka mið af fjölda félagsmanna er við fiskveiðar vinna. Skulu aðilar koma sér saman um skiptingu fjár milli hlutaðeigandi samtaka og tilkynna Lífeyrissjóði sjómanna um samkomulagið.

3 Komi upp ágreiningur um skiptingu fjár skv. 2. mgr. geta þau samtök sem um er rætt í 2. og 3. tölul. 1. mgr. óskað skriflega eftir því við sjávarútvegsráðherra að skipaður verði gerðardómur til að leysa úr ágreiningnum. Gerðardómur vegna ágreinings um skiptingu fjár skv. 2. tölul. 1. mgr. skal skipaður fimm mönnum; tveim tilnefndum af Sjómannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Austfjarða, einum tilnefndum af Alþýðusambandi Vestfjarða og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardómsins. Gerðardómur um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. skal skipaður þrem mönnum; einum tilnefndum af Farmanna- og fiskimannasambandi Íslands, einum tilnefndum af Vélstjórafélagi Íslands og einum tilnefndum af dómstjóra héraðsdóms Reykjavíkur og er sá jafnframt formaður gerðardóms. Gerðardómi um skiptingu fjár skv. 3. tölul. 1. mgr. er heimilt að taka mið af fleiri atriðum en um er rætt í 2. mgr.

4 Gerðarmenn skulu vera nægjanlega líkamlega og andlega hraustir til að fara með gerðarmál. Þeir skulu vera lögráða og hafa forræði fjár síns. Þeir skulu hafa óflekkað mannorð. Gerðarmenn skulu fullnægja sérstökum hæfisskilyrðum héraðsdómara til meðferðar einstaks máls. Formaður gerðardóms sker úr ágreiningi um hæfisskilyrði gerðarmanna.

5 Gerðarmenn skulu allir taka þátt í störfum dómsins. Formaður getur þó einn tekið við skjölum og sinnt öðrum minni háttar framkvæmdaatriðum.

6 Kröfur aðila fyrir gerðardómi skulu vera skýrar. Gerðarmenn skulu ávallt gefa aðilum kost á að gera kröfur, færa fram sönnunargögn, kynna sér gögn málsins og tjá sig um sakarefnið. Gæta skal jafnræðisreglu. Gerðardómurinn ákveður sjálfur málsmeðferð. Hraða skal gerðarmáli svo sem kostur er. Málflutningur fyrir gerðardómnum skal jafnan vera munnlegur og ætíð ef aðili krefst þess. Að því leyti, sem ekki er öðruvísi kveðið á um í reglugerð þessari, skal við málsmeðferð fyrir gerðardómnum gætt meginreglna laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála í héraði með síðari breytingum.

7 Gerðardómur skal vera skriflegur, skýr, rökstuddur í meginatriðum og undirritaður af þeim gerðarmönnum sem að dómi standa. Sátt fyrir gerðardómi skal vera skrifleg og undirrituð af aðilum og gerðarmönnum.

8 Afl atkvæða í gerðardómi ræður úrslitum máls. Úrskurður gerðardóms er bindandi fyrir aðila máls.

9 Kostnaður af starfi gerðardóms skal greiddur af aðilum máls.

6. gr.

1 Lífeyrissjóður sjómanna skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 1. tölul. 4. gr. og 1. tölul. 5. gr. sé skipt og greitt inn á reikning hvers skips til hlutaðeigandi lífeyrissjóða í hlutfalli við iðgjaldsskyldan aflahlut skipverja.

2 Landssamband íslenskra útvegsmanna skal hafa yfirumsjón með því að fé sem innheimtist skv. 1. tölul. 3. gr. sé skipt og greitt inn á reikning skips hjá hlutaðeigandi tryggingafyrirtæki í samræmi við iðgjaldsskyldu. Ef greiðsla skv. 1. tölul. 3. gr. reynist hærri en iðgjöld vegna vátrygginga skips skal endurgreiða eiganda skipsins mismuninn þegar eftir greiðslu iðgjalda. Landssamband smábátaeigenda skal hafa yfirumsjón með því að fé, sem inn kemur skv. 2. tölul. 4. gr., sé skipt og greitt inn á reikning hvers báts hjá hlutaðeigandi tryggingafyrirtæki. Ef greiðsla skv. 2. tölul. 4. gr. reynist hærri en iðgjöld vegna slysa- og örorkutrygginga skipverja og vátryggingar báts, skal endurgreiða eiganda bátsins mismuninn þegar eftir að iðgjöldin hafa verið innt af hendi.

7. gr.

1 Þeim viðskiptabönkum og öðrum, sem halda eftir fé útvegsmanna samkvæmt lögum þessum, er skylt að senda þeim viðurkenningu fyrir móttöku fjárins án tafar. Lífeyrissjóði sjómanna er skylt að senda þeim samtökum og sjóðum, sem tilgreind eru í 4. og 5. gr. mánaðarlega yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra. Enn fremur skal Lífeyrissjóður sjómanna á sex mánaða fresti senda eigendum skipa yfirlit yfir allar greiðslur sem inntar hafa verið af hendi vegna viðkomandi skips samkvæmt reglugerð þessari og yfirlit yfir allar innborganir á greiðslumiðlunarreikninga og skiptingu þeirra.

2 Ríkisendurskoðun skal í lok hvers árs endurskoða bókhald Lífeyrissjóðs sjómanna og samtaka þeirra og sjóða sem tilgreindir eru í 3. og 4. gr., sem við kemur greiðslum samkvæmt reglugerð þessari.

3 Lögtaksréttur fylgir kröfu vegna hlutdeildar af hráefnisverði, sbr. 1. og 2. gr. reglugerðar þessarar. Sé greiðsla ekki innt af hendi innan mánaðar frá gjalddaga skal greiða dráttarvexti af vangreiddri fjárhæð.

8. gr.

1 Reglugerð þessi, sem er sett með stoð í lögum nr. 24/1986 um skiptaverðmæti og greiðslumiðlun innan sjávarútvegsins, staðfestist hér með til að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 5. mars 1998.

Auglýsing
nr. 1340/2024, um veiðigjald 2025.

1. gr.

1 Veiðigjald á landaðan afla frá og með 1. janúar til 31. desember 2025 nemur í krónum á hvert kílógramm óslægðs afla þeim fjárhæðum sem hér segir:

Tegund	**kr./kg**
Þorskur	28,68
Ýsa	20,21
Ufsi	13,65
Karfi/gullkarfi	16,64
Langa	16,56
Keila	6,37
Steinbítur	16,65
Hlýri	20,38
Skötuselur	40,71
Gulllax/stóri gulllax	1,40
Skarkoli	34,33
Þykkvalúra/sólkoli	39,24
Langlúra	29,49
Síld	10,09
Loðna	7,29
Kolmunni	4,16
Makríll	10,43
Rækja/djúprækja	12,77
Djúpkarfi	12,62
Grásleppa	11,31

2 Veiðigjald fyrir hvern hval er sem hér segir: i) langreyður 73.832 kr., ii) hrefna 11.797 kr. Veiðigjald á sjávargróður er sem hér segir: 737 kr. á hvert landað tonn klóþangs, hrossaþara og stórþara (blautvigt).

3 Auglýsing þessi, sem sett er að fenginni tillögu embættis ríkisskattstjóra skv. 4. gr. laga um veiðigjald nr. 145/2018, sbr. einnig 8. gr. sömu laga, öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Matvælaráðuneytinu, 28. nóvember 2024.

Gjaldskrá
Fiskistofu nr. 50/2025.

I. KAFLI
Almennt.

1. gr.
Gildissvið.

1 Fyrir þjónustu og eftirlit, sem Fiskistofu er falið að sinna samkvæmt lögum nr. 36/1992 um Fiskistofu, lögum nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða, lögum nr. 57/1996 um umgengni um nytjastofna sjávar, lögum nr. 79/1997 um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, lögum nr. 151/1996 um fiskveiðar utan lögsögu Íslands, lögum nr. 54/1992 um vinnslu afla um borð í skipum, lögum nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði, lögum nr. 85/2000 um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, upplýsingalögum nr. 140/2012, og reglugerðum, sem byggja á framangreindum lögum, innheimtir stofnunin gjald samkvæmt gjaldskrá þessari.

2 Gjald fyrir eftirlit og þjónustu skal ekki vera hærra en raunkostnaður af veitingu þjónustu og eftirlits.

3 Gjaldskrá þessi gildir einnig um aðra gjaldskylda starfsemi Fiskistofu samkvæmt lögum.

2. gr.
Gjald fyrir vinnu sérfræðings og veiðieftirlitsmanns.

1 Fiskistofa innheimtir gjald samkvæmt gjaldskrá þessari fyrir verkefni og þjónustu, sem stofnuninni eru falin í lögum og heimilt er að taka gjald fyrir, sem nemur 25.900 krónum fyrir vinnu sérfræðings og 28.200 krónum fyrir vinnu veiðieftirlitsmanns á hverja klukkustund.

3. gr.
Innheimta.

1 Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari skulu greidd samkvæmt reikningi. Gjalddagi er við útgáfu reiknings en eindagi 15 dögum síðar. Sé gjald ekki greitt á eindaga reiknast dráttarvextir frá gjalddaga.

2 Innheimta má gjöld með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

3 Gjöld fyrir veiðileyfi og strandveiðigjald samkvæmt 4. gr. skulu greidd áður en leyfi er gefið út.

II. KAFLI
Leyfisveitingar, vottorð o.fl.

4. gr.
Veiðileyfi.

1 Fyrir veitingu almenns leyfis til veiða í atvinnuskyni samkvæmt 4. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða gjald í samræmi við 1. mgr. 6. gr. laga nr. 36/1992 um Fiskistofu. Sama gjald skal greiða fyrir önnur veiðileyfi, sem veitt eru á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga, sem kveða á um stjórn fiskveiða.

2 Vegna útgáfu leyfis til strandveiða er innheimt strandveiðigjald í samræmi við 2. mgr. 6. gr. laga um Fiskistofu, auk gjalds fyrir veiðileyfi samkvæmt 1. mgr.

3 Gjöld samkvæmt 1. og 2. mgr. skulu greidd áður en leyfi er gefið út.

5. gr.

Vigtunarleyfi.

1 Vegna umsóknar um vigtunarleyfi samkvæmt 2. mgr. 6. gr. laga um umgengni um nytjastofna skal greiða 261.200 krónur fyrir úttekt á vigtunaraðstöðu og útgáfu leyfis samkvæmt 1. málsl. 2. mgr. 6. gr. laganna (heimavigtunarleyfi) og 233.000 krónur fyrir úttekt á vigtunaraðstöðu og útgáfu leyfis samkvæmt 3. málsl. 2. mgr. 6. gr. (endurvigtunarleyfi).

2 Við breytingu á leyfi eða endurnýjun skal fara fram úttekt á vigtunaraðstöðu. Fyrir slíka úttekt skal greiða 176.600 krónur.

6. gr.

Leyfi til framkvæmda við ár og vötn.

1 Fyrir leyfi til framkvæmda í eða við veiðivatn samkvæmt 1. málsl. 1. mgr. 33. gr. laga um lax- og silungsveiði skal greiða 25.900 krónur.

7. gr.

Veiði- og vinnsluvottorð.

1 Fyrir veiðivottorð til að staðreyna löglegan uppruna afla og afurða í samræmi við 9. gr. reglugerðar nr. 994/2013 um skýrsluskil vegna viðskipta með sjávarafla skal greiða 210 krónur.

2 Fyrir vinnsluvottorð í samræmi við gr. 14(2) og IV. viðauka reglugerðar EB nr. 1005/2008, sbr. samkomulag við Evrópusambandið 24. nóvember 2009 um útgáfu vottorða í samræmi við reglugerð EB nr. 1005/2008 um stofnun kerfis til þess að fyrirbyggja, hindra og uppræta ólöglegar, óskráðar og eftirlitslausar veiðar, skal greiða 8.600 krónur.

8. gr.

CITES-vottorð og -leyfi.

1 Fyrir vottorð og leyfi samkvæmt lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna, sem eru í útrýmingarhættu, og reglna settra á grundvelli þeirra laga, skal greiða 25.900 krónur.

III. KAFLI
Eftirlit.

9. gr.

Vera eftirlitsmanns um borð í skipi.

1 Fiskistofa innheimtir gjald vegna veru veiðieftirlitsmanns um borð í skipi meðan þeir stunda eftirlitsstörf um borð í skipum, sem stunda veiðar á grundvelli laga um stjórn fiskveiða, laga um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, laga um fiskveiðar utan lögsögu Íslands eða annarra laga er kveða á um stjórn fiskveiða.

2 Gjald er innheimt fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem veiðieftirlitsmaður er að störfum um borð í skipi, sem hefur leyfi til að vinna afla um borð, sbr. 2. mgr. 7. gr. laga um Fiskistofu. Sama gjald er innheimt þegar ástæða þykir til að fylgjast sérstaklega með veiðum, sbr. 13. gr. laga um umgengni um nytjastofna sjávar, og þegar ákveðið hefur verið, að veiðieftirlitsmaður skuli vera um borð í skipi á grundvelli 16. gr. sömu laga.

3 Gjald fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem eftirlitsmaður er að störfum, sbr. 1. og 2. mgr, skal vera 120.600 krónur.

10. gr.

Eftirlit með löndun erlendis.

1 Vegna ferðar eftirlitsmanns til að fylgjast með löndun úr skipi erlendis skal greiða 101.400 krónur vegna starfa eftirlitsmanns fyrir hvern dag eða hluta úr degi, sem eftirlitsmaður er að störfum. Ferð skal greidd í samræmi við útlagðan kostnað Fiskistofu.

11. gr.

Úttekt á búnaði til vinnslu afla um borð í skipi.

1 Vegna umsóknar um leyfi til vinnslu afla um borð í skipi samkvæmt 5. gr. laga um vinnslu afla um borð í skipum skal greiða 169.300 krónur vegna úttektar Fiskistofu á búnaði til vinnslunnar um borð.

IV. KAFLI
Úthlutun aflaheimilda, flutningur o.fl.

12. gr.

Úthlutun aflamarks á grundvelli laga um stjórn fiskveiða.

1 Vegna úthlutunar aflamarks, sem fæst í skiptum á tilboðsmarkaði, samkvæmt 6. mgr. 8. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 16.300 krónur. Vegna úthlutunar aflamarks á grundvelli 10. gr. laganna skal greiða 5.300 krónur vegna úthlutunar aflamarks á grundvelli 1. tölul. 1. mgr. 10. gr. og 42.800 krónur vegna úthlutunar aflamarks á grundvelli 2. tölul. 1. mgr. 10. gr. til stuðnings byggðarlögum.

13. gr.

Flutningur á aflamarki og aflahlutdeild.

1 Fyrir móttöku og úrvinnslu tilkynningar um flutning á aflamarki og krókaaflamarki sem berst með eyðublaði útgefnu af Fiskistofu samkvæmt 15. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 6.500 krónur.

2 Fyrir móttöku og úrvinnslu tilkynningar um flutning á aflamarki og krókaaflamarki sem framkvæmd er með rafrænu millifærslukerfi Fiskistofu samkvæmt 15. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 480 krónur.

3 Vegna þjónustusamnings um rafrænar tilkynningar um flutning aflamarks milli fiskiskipa skal greiða 51.900 krónur fyrir hvert fiskveiðiár.

4 Fyrir móttöku og úrvinnslu tilkynningar um flutning á aflahlutdeild ásamt staðfestingu Fiskistofu fyrir flutningnum samkvæmt 12. gr. laga um stjórn fiskveiða skal greiða 30.300 krónur.

V. KAFLI
Upplýsingavinnsla o.fl.

14. gr.

Aðgangur að gagnasöfnum og sérvinnsla upplýsinga.

1 Fyrir aðgang að gagnasöfnum Fiskistofu með gagnaveitu skal greiða árgjald, sem nemur 103.800 krónum. Óheimilt er að miðla upplýsingum, sem fengnar eru með slíkum aðgangi til þriðja aðila án samþykktar Fiskistofu, hvort sem miðlun upplýsinganna er gegn gjaldi eður ei.

2 Fyrir sérstakan aðgang að gagnasöfnum og sérvinnslu upplýsinga greiðist tímagjald samkvæmt tímavinnu sérfræðings í samræmi við 2. gr.

15. gr.

Ljósrit og afrit af skjölum.

1 Fyrir ljósrit eða afrit af skjölum samkvæmt beiðni á grundvelli upplýsingalaga nr. 140/2012 og stjórnsýslulaga nr. 37/1993 gilda gjaldskrár, sem forsætisráðherra setur.

VI. KAFLI
Annað.

16. gr.

Endurskoðun gjaldskrár.

1 Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir árslok 2025.

17. gr.

Lagastoð og gildistaka.

 Gjaldskrá þessi, sem sett er samkvæmt 5. gr. laga nr. 36/1992 um Fiskistofu og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma fellur úr gildi gjaldskrá Fiskistofu nr. 1700/2023.

Matvælaráðuneytinu, 21. janúar 2025.

Gjaldskrá

fyrir eftirlit og önnur gjaldskyld verkefni Matvælastofnunar nr. 665/2025.

I. KAFLI

Almennt.

1. gr.

Tímagjald.

1 Tímagjald Matvælastofnunar fyrir þá þjónustu og verkefni sem stofnuninni eru falin í lögum og reglugerðum og heimilt er að taka gjald fyrir, sbr. kafla II–XI:

Almennt tímagjald	13.211 kr.
Tímagjald fyrir heilbrigðisskoðun sláturdýra og tengda þjónustu	10.529 kr.

2 Greitt er fyrir undirbúning og frágang ásamt tíma sem fer í ferðir fyrir hvert eftirlit eða veitta þjónustu. Greitt er fyrir hvern hafinn stundarfjórðung. Ekki er greitt hærra tímagjald en 1 klst. vegna keyrslu til og frá næstu starfsstöð Matvælastofnunar sem sinnir viðkomandi þjónustu að þeim stað þar sem þjónustuverkefnið fer fram.

2. gr.

Rannsóknakostnaður.

1 Kostnaður vegna sýnatöku, rannsókna sem og umsýslu á sýnum sem tekin eru í tengslum við lögbundin verkefni skv. köflum II-IX greiðist af þjónustuþega skv. framlögðum reikningi. Sama á við um allar aðrar sýnatökur og greiningar sem eru tilkomnar vegna frávika hjá þjónustuþega.

2 Sú undantekning er gerð að þjónustuþegar greiða ekki fyrir aðskotaefna- og lyfjaleifasýni með búfénaði á býlum og eldisfiski skráningarskyldra fiskeldisfyrirtækja.

3. gr.

Innheimta.

1 Gjalddagi skal vera 15 dögum frá útgáfu reiknings. Eindagi gjalda samkvæmt gjaldskrá þessari er 15 dögum eftir gjalddaga. Heimilt er að krefjast dráttarvaxta af ógreiddri fjárkröfu frá og með gjalddaga og fram að greiðsludegi, sé reikningur ekki greiddur á eindaga. Heimilt er að innheimta kostnað sem hlýst af innheimtu gjalda séu þau ekki greidd á eindaga.

2 Reikningar verða gefnir út mánaðarlega fyrir þau verkefni og þjónustu sem stofnunin sinnir. Matvælastofnun annast innheimtu gjalda samkvæmt reglugerð þessari. Rísi ágreiningur um gjaldskyldu eða önnur atriði er varða framkvæmd reglugerðarinnar sker matvælaráðherra úr þeim ágreiningi.

3 Innheimta má gjöld sem Matvælastofnun innheimtir skv. gjaldskrá þessari með fjárnámi án undangengins dóms eða sáttar.

II. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um matvæli, nr. 93/1995.

4. gr.

Leyfisveitingar.

1 Fyrir útgáfu starfsleyfis, skv. 9. gr., 13. gr. b. og 20. gr. laganna, sem og fyrir breytingar á útgefnum leyfum, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

5. gr.

Eftirlit og tilfallandi þjónustuverkefni.

1 Fyrir eftirlit með heilbrigðisskoðun á sláturdýrum, sbr. IV. kafla laganna, sem og reglubundið og annað tilfallandi eftirlit og úttektir, eftirfylgni, umsýslu og skjalaskoðun til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt, sbr. 6. gr. og XI. kafla laganna skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum skv. IX. kafla laganna.

2 Hér falla undir þjónustuverkefni sem Matvælastofnun sinnir með frumframleiðendum, kjötvinnslum og kjötpökkunarstöðvum, mjólkurstöðvum, eggjavinnslum, rannsóknastofum, sláturhúsum, matvælafyrirtækjum sem koma að meðferð, flutningi, geymslu, vinnslu og dreifingu sjávarafurða sem og lífrænni framleiðslu.

6. gr.

Inn- og útflutningur.

1 Fyrir eftirlit, umsýslu, skjalaskoðun, úttektir og önnur verkefni, þ.m.t. útgáfu vottorða og staðfestinga, sem og móttöku tilkynninga, sem Matvælastofnun framkvæmir vegna inn- og útflutnings matvæla og innflutnings matvælasnertiefna, sbr. 6. gr. og 27. gr. a til 27. gr. d laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

7. gr.

Framleiðsla, markaðssetning eða innflutningur matvæla með íblönduðu koffíni.

a. Forskoðun.
   Matvælastofnun innheimtir gjald skv. 1. gr. vegna forskoðunar á matvælum sem samanstendur af móttöku umsóknar, forskoðun, ákvörðun um áhættumat og umsýslu.
b. Áhættumat.
   Matvælastofnun innheimtir í kjölfar forskoðunar gjald skv. 1. gr. vegna mats á áhættu, skoðunar á áhættumati, umsýslu og útgáfu leyfis. Kostnaður fer eftir því hvort og til hve margra utanaðkomandi sérfræðinga þarf að leita við áhættumatið.
c. Endurmat/skoðun á áhættumati frá ytri aðila eða stjórnvaldi annars ríkis og vinna við ákvörðun.
   Fyrir vinnu við ákvörðun stofnunarinnar skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

III. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um velferð dýra, nr. 55/2013.

8. gr.

Leyfisveitingar og úttektir.

1 Fyrir leyfi til dýratilrauna og breytinga á slíkum leyfum, skv. II. kafla reglugerðar nr. 460/2017 um vernd dýra sem notuð eru í vísindaskyni, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

9. gr.

Eftirlit.

1 Fyrir úttektir, eftirlit, eftirfylgni sem og vinnu við úrvinnslu tilkynninga sem Matvælastofnun framkvæmir til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt, sbr. 12. og 13. gr. laganna, er greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum skv. X. kafla laganna.

2 Þá er Matvælastofnun heimilt að innheimta útlagðan kostnað í þeim tilvikum þar sem stofnunin á grundvelli lagaheimildar getur falið öðrum aðilum að afla gagna um framkvæmd eftirlits fyrir stofnunina.

IV. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr, nr. 66/1998.

10. gr.

Eftirlit.

 Fyrir eftirlit og aðrar skoðanir sem héraðsdýralæknar og aðrir dýralæknar og eftirlitsmenn sem starfa við umdæmisstofur stofnunarinnar sinna, sbr. 11. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

V. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um innflutning dýra, nr. 54/1990.

11. gr.

Leyfisveiting.

 Fyrir útgáfu innflutningsleyfis og framkvæmd áhættumats, sbr. 2. gr. laganna og breytingar á útgefnum leyfum skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

12. gr.

Eftirlit.

 Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun sem Matvælastofnun framkvæmir skv. ákvæðum laganna og reglugerðum sem settar eru á grundvelli þeirra með innflutningi og útflutning dýra og erfðaefnis þeirra skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

VI. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, nr. 22/1994.

13. gr.

Skráningarskylda.

 Fyrir skráningu og aðrar tilkynningar fóður-, áburðar- eða sáðvörufyrirtækja, sem og skráningu og aðrar tilkynningar fyrir fóður og áburð, sbr. 4. og 5. gr. laganna skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

14. gr.

Leyfisveitingar.

 Fyrir útgáfu starfsleyfis fóðurfyrirtækja sem nota aukefni eða forblöndur í fóðurvörur, framleiða lyfjablandað fóður eða vinna fóður úr aukaafurðum dýra, sbr. 4. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

15. gr.

Eftirlit.

 Fyrir eftirlit, umsýslu og skjalaskoðun Matvælastofnunar sem stofnunin framkvæmir hjá fóður-, áburðar- og sáðvörufyrirtækjum, sbr. II. kafla laganna, til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum skv. VI. kafla laganna.

16. gr.

Inn- og útflutningur.

 Fyrir eftirlit, umsýslu, skjalaskoðun, úttektir og önnur verkefni, þ.m.t. útgáfu vottorða og staðfestinga, sem og móttaka tilkynninga, sem Matvælastofnun framkvæmir vegna inn- og útflutnings fóðurs, áburðar og sáðvöru skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

VII. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um fiskeldi, nr. 71/2008.

17. gr.

Skráningarskylda.

 Fyrir skráningu og aðrar tilkynningar fiskeldisstöðva, sbr. 5. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

18. gr.

Leyfisveitingar.

 Fyrir útgáfu rekstrarleyfis skv. 7. gr. laganna sem og fyrir breytingar á útgefnum leyfum, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

19. gr.

Eftirlit.

 Fyrir eftirlit með starfsemi eftirlitsþega, þ.m.t. eftirlit með framleiðsluskýrslum, sem og þjónustu við eftirfylgni, úttektir og vottorð Matvælastofnunar til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt skal greitt tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingun og öðrum úrræðum sem kveðið er á um í VII. kafla laganna.

VIII. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um skeldýrarækt, nr. 90/2011.

20. gr.

Leyfisveitingar.

 Fyrir útgáfu tilrauna- og ræktunarleyfis, sbr. 7. og 10. gr. laganna, sem og fyrir breytingar á útgefnum leyfum, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

21. gr.

Eftirlit.

 Fyrir eftirlit Matvælastofnunar með skeldýraræktunarstöðvum, sbr. 12. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

22. gr.

Önnur þjónusta.

 Heilnæmiskönnun er skipulögð og framkvæmd af Matvælastofnun í samræmi við ákvæði laga og stjórnvaldsfyrirmæla þar að lútandi. Leyfishafi greiðir kostnað við heilnæmiskönnunina skv. framlögðum reikningi Matvælastofnunar og skal gjaldið ná til vinnu starfsmanna stofnunarinnar og rannsóknakostnaðar sem fellur til við könnunina.

IX. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, nr. 51/1981.

23. gr.

Eftirlit.

 Fyrir eftirlit sem Matvælastofnun framkvæmir og við vinnu vegna útgáfu vottorða með gróðrarstöðvum og öðrum ræktunaraðilum, dreifingaraðilum sem og inn- og útflytjendum, skal greiða tímagjald skv. 1. gr.

X. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um útflutning hrossa, nr. 27/2011.

24. gr.

Eftirlit.

1 Fyrir eftirlit Matvælastofnunar með útflutningi hrossa, sbr. 2. gr. laganna, skal greitt tímagjald skv. 1. gr.

2 Flutningsaðili greiðir allan kostnað sem til fellur vegna veru dýralæknis í flutningsfari, sbr. 4. gr. laganna.

XI. KAFLI

Verkefni og þjónusta skv. lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, nr. 25/1993.

25. gr.

Eftirlit.

1 Fyrir eftirlit, úttektir, leyfi, umsýslu og skjalaskoðun sem stofnunin framkvæmir vegna auka-afurða dýra til að tryggja að ákvæði laganna og reglugerða sem settar eru grundvelli þeirra sé framfylgt skal greiða tímagjald skv. 1. gr. Sama á við um verkefni sem tengjast þvingunarúrræðum vegna aukaafurða dýra.

XII. KAFLI

Önnur lögbundin gjöld.

26. gr.

Yrkisréttur skv. lögum nr. 58/2000.

a.	Umsóknargjald skv. 6. mgr. 3. gr.	30.000 kr.
b.	Athugun á skilyrðum fyrir vernd skv. 2. mgr. 9. gr.	allt að 30.000 kr.
c.	Útgáfa yrkisréttarskjals skv. 1. mgr. 12. gr.	3.000 kr.
d.	Endurútgáfa yrkisréttarskjals skv. 2. mgr. 12. gr.	3.000 - 9.000 kr.

Reikningur skal gefinn út við móttöku erindis um þjónustu.

27. gr.

Vernd afurðarheita skv. lögum nr. 130/2014.

a.	Umsóknargjald skv. 1. mgr. 21. gr.	75.000 kr.
b.	Breyting á afurðarlýsingu skv. 2. mgr. 21. gr.	50.000 kr.

Reikningur skal gefinn út við móttöku erindis um þjónustu.

28. gr.

Yfirmat sláturafurða skv. lögum nr. 93/1995.

a.	Yfirmat, fyrir hvert innvegið kg kjöts í sláturhúsi, sbr. 5. mgr. 13. gr. f. laganna	0,55 kr.

Reikningur skal gefinn út mánaðarlega.

XIII. KAFLI

Endurskoðun, gildistaka og lagastoð.

29. gr.

Endurskoðun gjaldskrár.

1 Gjaldskrá þessa skal endurskoða fyrir lok hvers árs.

30. gr.

Gildistaka og lagastoð.

1 Gjaldskrá þessi er sett með heimild í 25. og 26. gr. laga um matvæli nr. 93/1995, 11. gr. laga um dýralækna og heilbrigðisþjónustu við dýr nr. 66/1998, 8. og 8. gr. a. laga nr. 22/1994 um eftirlit með fóðri, áburði og sáðvöru, 15. gr. laga nr. 90/2011 um skeldýrarækt, 33. gr. laga nr. 55/2013 um

velferð dýra, 18. gr. a laga nr. 54/1990 um innflutning dýra, 14. og 14. gr. a. laga nr. 71/2008 um fiskeldi, 2. mgr. 3. gr. laga nr. 51/1981 um varnir gegn sjúkdómum og meindýrum á plöntum, 2. gr. laga nr. 27/2011 um útflutning hrossa og 13. gr. laga um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim nr. 25/1993.

2 Gjaldskráin öðlast þegar gildi en kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2025, og um leið fellur brott gjaldskrá nr. 590/2024.

Atvinnuvegaráðuneytinu, 27. maí 2025.

Erindisbréf
fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu.[1)]

[1)]Þann 9. nóvember 2010 gaf sjávarútvegs- og landbúnaðarráðherra út erindisbréf eftirlitsmanna Fiskistofu. Með auglýsingu nr. 931/2010, um niðurfellingu erindisbréfs eftirlitsmanna Fiskistofu var eldra erindisbréf fellt úr gildi. Nýtt erindisbréf er ekki lengur birt í Stjórnartíðindum.

1. gr.

1 Erindisbréf þetta tekur til eftirlitsmanna Fiskistofu, sem ráðnir eru til þess að fylgjast með veiðum, í íslensku fiskveiðilögsögunni, veiðum íslenskra skipa utan lögsögu Íslands, veiðum í ám og vötnum og fiskeldi.

2 Jafnframt tekur erindisbréfið til eftirlits með veiðarfærum og búnaði skipa, vinnslu afla um borð í skipum og meðferð afla eftir atvikum.

3 Erindisbréfið tekur einnig til eftirlitsstarfa í landi, s.s. með löndun, vigtun og skráningu afla og meðferð hans eftir atvikum, eldi sjávar- og vatnafiska og skeldýra, vinnslu afla og útflutningi afla og afurða.

2. gr.

1 Eftirlitsmenn hafa skyldur og njóta réttinda, sem opinberir starfsmenn. Um laun þeirra fer eftir ákvæðum kjarasamninga ríkisstarfsmanna.

2 Fiskistofa ákveður vinnutilhögun eftirlitsmanna með hliðsjón af gildandi kjarasamningum.

3 Eftirlitsmönnum er skylt að rækja af alúð og kostgæfni skyldur þær, sem á þeim hvíla í starfi þeirra. Eftirlitsmenn skulu kynna sér og fara eftir siðareglum sem Fiskistofu hefur sett.

4 Eftirlitsmönnum er óheimilt að stunda nokkurn þann atvinnurekstur eða atvinnu sem lýtur að fiskveiðum, fiskverkun, fiskverslun eða rekstur báta til frístundaveiða.

5 Eftirlitsmönnum er bannað, að viðlagðri ábyrgð eftir ákvæðum almennra hegningarlaga um brot í opinberu starfi, að skýra óviðkomandi mönnum frá nokkru því sem leynt á að fara og þeir hafa fengi vitneskju um í starfi sínu.

3. gr.

1 Eftirlitsmenn lúta yfirstjórn fiskistofustjóra, en forstöðumaður fiskveiðistjórnunarsviðs stýrir eftirlitinu. Deildar- og svæðisstjórar sjá um daglega stjórn eftirlitsmanna að svo miklu leyti sem hún er ekki ákveðin í erindisbréfi þessu eða settum reglum og leiðbeiningum um verkefni og verklag eftirlitsmanna.

4. gr.

1 Eftirlitsmenn skulu kynna sér rækilega lög og reglugerðir, sem gilda um málaflokka og viðfangsefni sem eru á verksviði þeirra svo og aðrar reglur, fyrirmæli og leiðbeiningar sem þýðingu geta haft í því sambandi, s.s. ákvæði leyfisbréfa, sem Fiskistofa gefur út og verklagsreglur sem settar hafa verið af yfirstjórn Fiskistofu. Eftirlitsmenn skulu einnig kynna sér tilrauna- og rannsóknaleyfi útgefin af sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu. Þeim er skylt að haga störfum sínum í samræmi við ákvæði slíkra reglna og fyrirmæla, ákvarðanir yfirmanna eftirlitsins og skriflegar vinnulýsingar sem til eru á hverjum tíma.

5. gr.

1 Skipstjórum fiskiskipa er skylt að taka eftirlitsmenn með í veiðiferð sé þess óskað. Einnig er skipstjórum skylt að veita eftirlitsmönnum alla þá starfsaðstöðu og aðstoð sem þeim er nauðsynleg í starfi sínu, m.a. greiðan aðgang að fjarskipta- og staðsetningartækjum.

2 Eftirlitsmaður skal hafa sérhvílu til afnota þegar hann er við eftirlitsstörf um borð í fiskiskipi. Það gildir þó ekki um dagróðrabáta.

6. gr.

1 Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu fylgjast með veiðum á nytjastofnum sjávar og veiðarfærum í því skyni að koma í veg fyrir skaðlegar veiðar og hafa eftirlit með að þeim reglum sé fylgt sem um veiðarnar gilda.

2 Hvenær sem eftirlitsmenn Fiskistofu telja að veiðar skipa geti talist skaðlegar nytjastofnum, m.a. vegna mikils magns af smáfiski í afla, skulu þeir þegar tilkynna Hafrannsóknastofnuninni, eða þeim aðila, sem forstjóri stofnunarinnar hefur tilnefnt í þessu skyni.

3 Sé tilefni til að banna veiðar af fyrrnefndum ástæðum skulu eftirlitsmenn gera tillögur um stærð svæðis eða svæða sem banna þarf veiðar á.

7. gr.

1 Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu fylgjast með veiðum ferskvatnsfiska með það að markmiði að koma í veg fyrir ólöglegar laxveiðar í sjó og að fylgjast með að farið sé að friðunarákvæðum við veiðar á göngusilung í sjó. Þá skulu eftirlitsmenn fylgjast með að farið sé að reglum um malartekju í eða við veiðivötn og grípa til viðeigandi aðgerða ef tilefni er til að ætla að brotið hafi verið gegn lögum og reglum.

8. gr.

1 Eftirlitsmenn Fiskistofu skulu fylgjast með hvalveiðum til að tryggja að farið sé að reglum um veiðarnar og skilyrðum sem þær og leyfi til veiðanna eru bundin.

9. gr.

1 Verði eftirlitsmenn þess varir að ástæða sé til að ætla að brotið hafi verið gegn reglum varðandi fiskveiðar í sjó, hvalveiðar, lax og silungsveiðar eða fiskeldi skulu þeir gera skýrslu, þar sem meintu broti er lýst eins nákvæmlega og unnt er og skal skýrslunni skilað til yfirmanns eins skjótt og kostur er.

10. gr.

1 Eftirlitsmenn skulu eftir því sem við verður komið og í samráði við Hafrannsóknastofnunina annast almenna sýnatöku á afla, skrá kyn hans, lengd, kynþroska o.s.frv. Einnig skulu þeir gera aðrar þær athuganir fyrir Hafrannsóknastofnunina sem við verður komið, enda liggi fyrir samþykki yfirmanna þeirra.

11. gr.

1 Eftirlitsmenn skulu fylgjast með að afli sé veginn af löggiltum vigtarmönnum á löggiltum vogum eins og lög og reglur mæla fyrir um, að tegundum sé haldið aðgreindum og að landað magn hverrar tegundar sé rétt tilgreint við skráningu í gagnagrunn Fiskistofu og löndunarhafna (Gafl).

2 Jafnframt skulu eftirlitsmenn, eftir nánari fyrirmælum yfirmanna og settum verklagsreglum, safna upplýsingum um hreinlæti, hollustuhætti og innra eftirlit vinnsluleyfishafa.

12. gr.

1 Að lokinni hverri eftirlitsferð skulu eftirlitsmenn gefa yfirmanni skýrslu um ferðina. Sérstaka skýrslu skal gefa um meint brot.

2 Ennfremur skulu eftirlitsmenn halda dagbók (gagnasafn) í því formi sem yfirmenn ákveða. Í dagbók skal tekið fram í hvaða skipum og/eða verstöðvum eftirlit fór fram og hvenær og í hverju eftirlitið fólst. Skila skal dagbók samkvæmt fyrirmælum yfirmanns.

13. gr.

 Eftirlitsmenn skulu leita álits og úrskurðar yfirmanns um atriði sem þeir eru í vafa um.

14. gr.

 Erindisbréf þetta er gefið út samkvæmt lögum nr. 116/2006, um stjórn fiskveiða með síðari breytingum, lögum nr. 57/1996, um umgengni um nytjastofna sjávar með síðari breytingum, lögum nr. 79/1997, um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands með síðari breytingum, lögum nr. 151/1996, um veiðar utan lögsögu Íslands með síðari breytingum, lögum nr. 61/2006, um lax og silungsveiði með síðari breytingum, lögum nr. 26/1949, um hvalveiðar, með síðari breytingum og lögum nr. 71/2008, um fiskeldi, til að öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi erindisbréf nr. 87/1995, fyrir eftirlitsmenn Fiskistofu.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytið 9. nóvember 2010.

Reglur
um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðnum.[1)]

[1)]Þann 26. janúar 2023 gaf matvælaráðherra út reglur um stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins og úthlutun úr sjóðunum. Reglurnar hafa ekki verið birtar í Stjórnartíðindum.

I. KAFLI
Hlutverk.

1. gr.

 Verkefnasjóður sjávarútvegsins er sjóður í vörslu matvælaráðherra og skal verja fé úr honum til rannsókna og nýsköpunar á sviði sjávarútvegs og til eftirlits með fiskveiðum sbr. II. og III. kafla þessara reglna.

II. KAFLI
Verkefnasjóður sjávarútvegsins.

2. gr.

 Í Verkefnasjóð sjávarútvegsins rennur gjald sem lagt er á samkvæmt ákvæðum laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, auk andvirðis afla sem ekki reiknast til aflamarks fiskiskipa, samkvæmt 9. mgr. 11. gr. laga nr. 116/2006 um stjórn fiskveiða. Þá runnu eftirstöðvar eigna Þróunarsjóðs sjávarútvegsins til Verkefnasjóðsins samkvæmt ákvæðum laga nr. 27/2005.

3. gr.

 Matvælaráðherra tilnefnir þrjá menn í stjórn sjóðsins og er hlutverk stjórnar að gera tillögur til ráðherra um úthlutun úr sjóðnum af því fé sem hann hefur til umráða sbr. 2. gr. Stjórnin skal halda fundi eftir því sem tilefni er til, þó að lágmarki ársfjórðungslega.

4. gr.

 Fé úr Verkefnasjóði sjávarútvegsins skal einungis úthluta til verkefna um hafrannsóknir eða eftirlit sem falla undir verkefnasvið Matvælaráðuneytisins t.a.m. á vegum Hafrannsóknastofnunarinnar, Fiskistofu, Matvælastofnunar, Matís ohf. sem og Matvælasjóðs. Stjórn Verkefnasjóðs sjávarútvegsins getur lagt til að fé verði veitt til Matvælasjóðs í verkefni á sviði hafrannsókna eða eftirlits með fiskveiðum.

III. KAFLI
Matvælasjóður

5. gr.

 Ráðherra getur ákveðið að verja hluta af fjárhæð í eigu Verkefnasjóðs samkvæmt 2. gr. til Matvælasjóðs á hverju ári.

6. gr.

 Styrkjum úr Matvælasjóði vegna framlags Verkefnasjóðs skal einungis úthlutað til verkefna sem sótt er um á grundvelli auglýsinga Matvælasjóðs í fjölmiðlum um styrki til verkefna sem snúa að rannsóknum og nýsköpun á sviði sjávarútvegs eða eftirlits með fiskveiðum. Hver styrkur skal að hámarki nema 50% af áætluðum heildarkostnaði hvers verkefnis úr Matvælasjóði.

IV. KAFLI
Gildistaka.
7. gr.

 Reglur þessar eru settar skv. 3. mgr. 1. gr. laga nr. 37/1992, um sérstakt gjald vegna ólögmæts sjávarafla, og öðlast þegar gildi. Frá sama tíma falla úr gildi reglur frá 21. júlí 2011.

Matvælaráðuneytinu, 26. janúar 2023.

Reglugerð

nr. 829/2005, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu.[1)2)]

[1)]Breytingasaga reglugerðar nr. 829/2005 sbr. rg. 813/2014. [2)]Reglugerðin ber sama heiti og rg. 993/2004, um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu. Reglugerð 829/2005 gildir um alþjóðaverslun með tegundir úr hafi en reglugerð 993/2004 gildir um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna. Þannig er munur er á gildissviði og á því hvaða aðili fer með yfirstjórn. Hins vegar er ósamræmi er í þeim viðaukum sem birtir eru með hvorri reglugerð fyrir sig. Þrátt fyrir að viðauki við reglugerð 993/2004 sé nýrri þá er eldri viðauki birtur hér.

I. KAFLI
Almenn ákvæði

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi gildir um alþjóðaverslun með tegundir úr hafi sem heyra undir samninginn um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna í útrýmingarhættu, sem gerður var í Washington 3. mars 1973 (CITES). Markmið samningsins, þessarar reglugerðar og reglugerðar nr. 993/2004 er að vernda tegundir dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu með því að stjórna alþjóðlegum viðskiptum með þær.

2. gr.
Stjórnvöld.

1 Sjávarútvegsráðuneytið fer með yfirstjórn mála samkvæmt reglugerð þessari. Fiskistofa veitir leyfi, annast eftirlit og aðra framkvæmd reglugerðarinnar. Hafrannsóknastofnunin er umsagnaraðili og vísindalegt stjórnvald varðandi tegundir úr hafi.

2 Umhverfisráðuneytið fer með yfirstjórn mála er varðar aðrar lífverur en tegundir í hafi.

3 Tollyfirvöld annast skoðun á eintökum og gögnum sem þeim fylgja við inn- og útflutning, skv. reglugerð þessari.

3. gr.
Skilgreiningar.

1 Merking orða og orðasambanda í reglugerð þessari er sem hér segir:

Samningurinn: Samningur um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu (CITES), sem gerður var í Washington 3. mars 1973 ásamt breytingum á honum sem gerðar voru í Bonn 22. júní 1979 og viðaukum við hann, ásamt þeim fyrirvörum sem Ísland hefur gert við samninginn.

Endurútflutningur: Útflutningur á sérhverju eintaki sem áður hefur verið flutt inn.

Aðflutningur úr sjó: Innflutningur á eintaki af sérhverri tegund sem tekin hefur verið úr sjó utan lögsögu ríkja.

Persónubundnar eigur eða heimilismunir: Eintök, hlutar og afurðir af þeim tegundum samningsins sem eru í eigu einstaklings sem eru eða er ætlað að vera hluti af venjulegum munum hans og eigum sbr. eftirfarandi;

a. er eign eða borið af einstaklingi án viðskiptalegs tilgangs;
b. aflað hefur verið á löglegan hátt;
c. er þegar innflutningur, útflutningur eða endurútflutningur á sér stað;
    i. borið á eða af viðkomandi einstaklingi eða er í farangri hans;
    ii. hluti af búslóð viðkomandi einstaklings.

Tegund: Tegund, undirtegund eða landfræðilega aðskilið afbrigði hennar.

Tegund samningsins: Tegund, undirtegund eða landfræðilega aðskilið afbrigði tegundar sem tilgreind er í I.-III. viðauka samningsins.

Eintak: Sérhvert dýr eða planta, hvort sem er lifandi eða dauð og hlutar eða afurðir þeirra;

i. Fyrir dýrategundir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti dýrsins, afleiða hans eða afurð. Fyrir dýrategundir sem tilgreindar eru í III. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti dýrsins sem tilgreindur er í III. viðauka, afleiða hans eða afurð; og
ii. Fyrir plöntutegundir sem tilgreindar eru í I. og II. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti plöntunnar, afleiða hans eða afurð. Fyrir plöntutegundir sem tilgreindar eru í III. viðauka; sérhver auðþekkjanlegur hluti plöntunnar sem tilgreindur er í III. viðauka, afleiða hans eða afurð.

Leyfisveitandi: Fiskistofa.

Viðskipti: Innflutningur, útflutningur, endurútflutningur og aðflutningur úr sjó á tegundum sem eru í I.-III. viðauka samningsins.

Umsagnaraðili: Hafrannsóknastofnunin.

Vísindalegt stjórnvald: Vísindastofnun sem tilgreind hefur verið til skrifstofu samningsins sbr. 9. gr. hans og er bær til þess að veita umsögn um innflutnings-, útflutnings- og endurútflutningsleyfi, vottorð vegna aðflutnings úr sjó, og vísindalega ráðgjöf varðandi greiningu eintaks, verndarstöðu þess, aðstæður fyrir lifandi eintak á ákvörðunarstað og önnur atriði sem verslun með eintakið getur haft áhrif á. Þær íslensku stofnanir sem tilkynntar hafa verið til skrifstofu samningsins í þessu skyni eru Náttúrufræðistofnun Íslands og Hafrannsóknastofnunin.

4. gr.

Leyfi og vottorð.

1 Innflutningur, útflutningur, endurútflutningur og aðflutningur úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem reglugerð þessi nær til, sbr. I.-III. viðauka, er háður leyfi eða vottorði eftir því sem nánar greinir í köflum II-IV. Inn- eða útflytjandi skal leggja fram með umsókn um inn- eða útflutningsleyfi upplýsingar, sbr. fylgiskjal B.

2 Innflutnings-, útflutnings- og endurútflutningsleyfi og vottorð um aðflutning úr sjó skulu gefin út í samræmi við reglur samningsins. Leyfi og vottorð samkvæmt reglugerð þessari skulu bera heiti samningsins, nafn og stimpil leyfisveitanda og sérstakt eftirlitsnúmer auk þess sem þau skulu innihalda upplýsingar, sbr. fylgiskjal B. Leyfi til innflutnings, útflutnings og endurútflutnings gildir í sex mánuði frá útgáfudegi, en vottorð um aðflutning úr sjó gilda í eitt ár frá útgáfudegi.

3 Hvert afrit leyfis eða vottorðs skal vera greinilega merkt sem afrit og ekkert slíkt afrit má nota í stað frumrits, nema að því marki sem staðfest áritun á því segir til um.

4 Sérstakt leyfi eða vottorð þarf fyrir hverja sendingu eintaka, nema í þeim tilfellum sem falla undir 13. gr.

5 Leyfisveitandi skal ógilda og varðveita frumrit útflutningsleyfis eða endurútflutningsleyfis og samsvarandi innflutningsleyfi sem framvísað er vegna innflutnings.

6 Þar sem við á og mögulegt er leyfisveitanda heimilt að festa merki á sérhvert eintak til auðkenningar. Merkið skal vera óafmáanlegt s.s. blýinnsigli og örmerki og hannað þannig að það fyrirbyggi að svo miklu leyti sem unnt er að óviðkomandi aðilar geti gert eftirlíkingu af því.

7 [Ávallt skal setja leyfi og vottorði þau skilyrði að lifandi einstaklingar sem fluttir eru eða eru í geymslu meðan á milliflutningi eða umfermingu stendur, skuli undirbúa, flytja og annast á þann hátt að sem minnst hætta sé á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð sbr. reglur alþjóða flugmálasamtakanna IATA, um flutning á lifandi dýrum (Life animals regulation).][1)]

8 Tekið skal gjald fyrir útgáfu leyfa á grundvelli þessarar reglugerðar í samræmi við gjaldskrá sem birt skal í B-deild Stjórnartíðinda og skal gjaldið miðast við þann kostnað sem hlýst af meðferð, afgreiðslu og útgáfu leyfis.

[1)]*Mismunur er á þessu ákvæði og því sem er í rg. 993/2004 eftir breytingar í 1. gr. rg.493/2017.*

5. gr.

Fyrirvarar.

1 Fara skal með verslun með tegundir sem skráðar eru í I. viðauka og Ísland hefur gert fyrirvara við, sbr. 23. gr. samningsins eða mótmælt sbr. 15. gr. samningsins, sbr. fylgiskjal A, eins og tegund sé skráð í II. viðauka.

2 Fara skal með verslun með tegundir sem skráðar eru í II. eða III. viðauka og Ísland hefur gert fyrirvara við sbr. 23. gr. samningsins eða mótmælt sbr. 15. gr. samningsins, sbr. fylgiskjal A, eins og viðkomandi tegund sé ekki skráð í viðauka samningsins.

II. KAFLI
Innflutningur.

6. gr.

Innflutningsleyfi.

1 Ávallt skal sækja um innflutningsleyfi fyrir eintök af tegundum sem tilgreindar eru í I. viðauka samningsins áður en til innflutnings kemur.

7. gr.

I. viðauki.

1 Leyfi til innflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka skal aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Sótt hafi verið um útflutningsleyfi eða endurútflutningsleyfi í útflutningslandinu.
2. Fyrir liggi umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu, fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi aðbúnað til þess að hýsa viðkomandi tegund og ekki séu aðrar ástæður varðandi verndun tegundarinnar sem mæla gegn útgáfu innflutningsleyfisins.
3. Ekkert bendi til þess að nota eigi eintakið fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

8. gr.

II. viðauki.

1 [Innflutningur á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er útflutningsleyfi eða endurútflutningsvottorði.][1)]

[1)]*Mismunur er á þessu ákvæði og því sem er í rg. 993/2004 eftir breytingar í 2. gr. rg.493/2017.*

9. gr.

III. viðauki.

1 Innflutningur á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í III. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er upprunavottorði. Innflutningur frá ríki sem hefur tilgreint viðkomandi tegund í III. viðauka er aðeins heimill ef framvísað er útflutningsleyfi. Þegar um endurútflutning er að ræða er innflutningur heimill gegn framvísun vottorðs frá endurútflutningslandinu um að eintakið hafi verið skráð þar í landi eða sé endurútflutt. Slíkt vottorð gildir sem viðurkenning þess að ákvæðum samningsins hafi verið fylgt varðandi viðkomandi eintak.

III. KAFLI

Útflutningur og endurútflutningur.

10. gr.

I. viðauki.

1 Leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við skal því aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Veitt hafi verið innflutningsleyfi í innflutningslandi.
2. Fyrir liggi umsögn viðeigandi vísindalegs stjórnvalds um að útflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu.
3. Eintaksins hafi verið aflað samkvæmt gildandi reglum um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
4. Gögn liggi fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð; og
5. Ekki sé um aðra þætti að ræða sem varða verndun tegundarinnar sem mæla gegn útgáfu útflutningsleyfisins.

11. gr.

II. viðauki.

1 Leyfi til útflutnings á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við skal því aðeins gefa út að eftirfarandi skilyrðum hafi verið fullnægt:

1. Sótt hafi verið um innflutningsleyfi í innflutningslandi, ef útflutningurinn er til lands sem gerir slíka kröfu í samræmi við 14. gr. samningsins.
2. Fyrir liggi umsögn viðeigandi vísindalegs stjórnvalds um að útflutningur muni ekki stefna viðkomandi tegund í útrýmingarhættu.
3. Leyfisveitandi hafi fullvissað sig, í samráði við umsagnaraðila eftir því sem við á, að eintakið hafi ekki verið tekið í blóra við lög um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
4. Gögn liggi fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

2 Fiskistofa skal reglulega senda umsagnaraðila og vísindalegu stjórnvaldi upplýsingar um útgefin útflutningsleyfi vegna eintaka af tegund í II. viðauka. Tollayfirvöld skulu jafnframt senda Fiskistofu og umsagnaraðilum reglulega upplýsingar um útflutning slíkra eintaka. Telji vísindalegt stjórnvald að takmarka beri útflutning á eintökum ákveðinnar tegundar til þess að viðhalda tegundinni á útbreiðslusvæði hennar, í samræmi við hlutverk hennar í þeim vistkerfum sem hún tilheyrir, og vel yfir þeim mörkum þar sem komið gæti til álita að fella hana undir I. viðauka, skal vísindalega stjórnvaldið vinna tillögur og tilmæli til Fiskistofu varðandi aðgerðir til þess að takmarka veitingu leyfa til útflutnings á eintökum af þeirri tegund.

3 Leyfi til endurútflutnings má aðeins gefa út hafi eintakið verið flutt inn til landsins í samræmi við ákvæði samningsins og gögn liggi fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

12. gr.

III. viðauki.

1 Fyrir eintök þeirra tegunda sem Ísland hefur tilgreint í III. viðauka samningsins skal sækja um útflutningsleyfi. Leyfið má aðeins gefa út þegar fullnægt hefur verið eftirfarandi skilyrðum:

1. Eintakið hafi verið tekið í samræmi við gildandi reglur um verndun þeirrar tegundar sem um ræðir.
2. Gögn liggi fyrir um að aðbúnaður og flutningur á lifandi eintökum verði með þeim hætti að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

2 Þegar um endurútflutning er að ræða skal vottorð, sem umsjónarstjórnvald upprunalands eða endurútflutningslandsins gefur um að eintakið hafi verið skráð í því landi eða sé endurútflutt, viðurkennt af innflutningslandinu sem sönnun þess að ákvæðum þessa samnings hafi verið fylgt með tilliti til þess eintaks sem í hlut á.

IV. KAFLI
Aðflutningur úr sjó.

13. gr.
Vottorð.

1 Heimilt er að veita vottorð um aðflutning úr sjó fyrir tiltekinn fjölda eintaka eða magn tegundar sem gildir í allt að eitt ár.

14. gr.
I. viðauki.

1 Vottorð um aðflutning úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í I. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við má aðeins gefa út hafi eftirfarandi skilyrðum um innflutning verið fullnægt:

1. Fyrir liggi umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna tegundinni sem í hlut á í útrýmingarhættu.
2. Fyrirhugaður viðtakandi lifandi eintaks hafi viðeigandi útbúnað til þess að hýsa og sjá um það.
3. Ekki standi til að nota eintakið fyrst og fremst í viðskiptalegum tilgangi.

15. gr.
II. viðauki.

1 Vottorð um aðflutning úr sjó á eintökum þeirra tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka og Ísland hefur ekki gert fyrirvara við, má aðeins gefa út eftir að fyrir liggur umsögn vísindalegs stjórnvalds hér á landi um að innflutningur muni ekki stefna tegundinni sem við á í útrýmingarhættu. Jafnframt skal setja aðflutningi þau skilyrði að sérhvert lifandi eintak verið meðhöndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

V. KAFLI
Undantekningar.

16. gr.
Persónubundnir munir.

1 Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um dauð eintök, hluta og afurðir tegunda, sem taldar eru í I. og II. viðauka, sem teljast persónubundar eigur eða heimilismunir sem aflað hefur verið í því landi sem eigandinn hefur búsetu og fluttir eru inn, út eða endurútfluttir. Undanþága þessi á þó ekki við:

1. Í þeim tilvikum þegar eintaka tegundar sem tilgreind er í I. viðauka var aflað af eigandanum utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og þau eru flutt inn til þess lands; eða
2. Þegar um er að ræða eintök af tegundum sem tilgreindar eru í II. viðauka:
    a. eigandinn hefur aflað þeirra utan þess lands sem hann hefur venjulega búsetu í og í landi þar sem brottflutningur úr náttúrulegu umhverfi átti sér stað;
    b. þau eru flutt inn til þess lands sem eigandinn hefur venjulega búsetu í; og
    c. landið þar sem brottflutningur úr náttúrulegu umhverfi átti sér stað krefst þess að útflutningsleyfi séu gefin út áður en útflutningur slíkra eintaka fer fram.

2 [Ekki þarf innflutnings-, útflutnings- eða endurútflutningsleyfi fyrir dauð eintök, hluta eða afurðir neðangreindra tegunda sem teljast persónulegar eigur eða heimilismunir, ef um er að ræða eftirfarandi eintök:

1. styrjukavíar (tegundir af ættbálki Acipenseriformes), að hámarki 250 grömm á mann.
2. hristur (rainsticks) úr afurðum af (Cactaceae), að hámarki þrjár á mann;
3. krókódílar, að hámarki fjögur eintök á mann;
4. skeljar af tegundinni Queen conch (*Strombus gigas*), að hámarki þrjú eintök á mann.][1)]

[1)]Mismunur er á þessu ákvæði og því sem er í rg. 993/2004 eftir breytingar í 3. gr. rg.493/2017. Þannig eru fleiri tegundir sem tilteknar eru í rg. 993/2004 og hámarksmagn styrjukavíars er helmingi minna en það magn sem er tilgreint í rg. 829/2005.

17. gr.

Undanþágur.

1 Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um flutning eða umskipun eintaka í eða gegnum lögsögu Íslands á meðan eintökin eru í vörslu tollyfirvalda.

2 Ákvæði II.-IV. kafla gilda ekki um eintök sem aflað hefur verið áður en ákvæði samningsins tóku gildi hvað varðar viðkomandi tegund eða eintak.

3 Fara skal með eintök dýrategunda, sem tilgreindar eru í I. viðauka og alin í vörslu manna í viðskiptaskyni og eintök plöntutegunda sem tilgreindar eru í I. viðauka og hefur verið fjölgað á tæknilegan hátt, samkvæmt ákvæðum þeim sem við eiga um einstaklinga tegunda sem taldar eru upp í II. viðauka.

4 Leyfa, sem fjallað er um í II.-IV. kafla, skal ekki krafist þegar um er að ræða lán sem ekki eru viðskiptalegs eðlis, gjafir og skipti milli vísindamanna og viðurkenndra vísindastofnana sem skráðar hafa verið á lista samningsins yfir vísindamenn og vísindastofnanir, plöntueintök í grasasöfnum og önnur varðveitt, þurrkuð eða uppsett safneintök og lifandi efni plantna sem bera merki sem gefið er út eða viðurkennt af leyfisveitanda.

5 Leyfisveitandi getur heimilað flutning eintaka sem um getur í 2. og 4. mgr. þessarar greinar og eru hluti af ferðadýragarði, fjölleikahúsi, dýra- eða plöntusýningu eða annarri farandsýningu án leyfa eða vottorða gegn því að viðkomandi útflytjandi eða innflytjandi skrái allar upplýsingar um eintökin hjá leyfisveitanda og sérhvert lifandi eintak verði flutt og meðhöndlað þannig að sem minnst hætta verði á meiðslum, heilsutjóni eða illri meðferð.

VI. KAFLI

Ýmis ákvæði.

18. gr.

Tollstöðvar.

1 Innflutningur og útflutningur á lifandi dýrum og plöntum hér á landi skal fara í gegnum tollstöðina á Keflavíkurflugvelli eða um eftirfarandi hafnir: Reykjavíkurhöfn, Keflavíkurhöfn, Hafnarfjarðarhöfn, Akureyrarhöfn eða Seyðisfjarðarhöfn.

2 Sérhverju eintaki tegundar sem tilgreind er í viðaukum samningsins skal fylgja vottorð/leyfi. Við innflutning eintaks skulu tollverðir halda eftir frumriti vottorðs/leyfis og koma því til Fiskistofu. Þegar eintök eru flutt út skal varan tollskoðuð og kvittað á vottorð/leyfi.

3 Allar tollstöðvar sem settar eru á stofn skv. 1. mgr. skulu hafa yfir að ráða nægilega fjölmennu og hæfu starfsliði. Tryggja skal að fyrir hendi sé aðstaða sem samræmist lögum um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000, lögum um dýravernd og reglugerð þessari hvað varðar flutning og aðstöðu lifandi dýra og að viðeigandi ráðstafanir séu gerðar fyrir lifandi plöntur, þar sem þörf krefur.

4 Tryggja skal að almenningi séu kynnt framkvæmdaákvæði reglugerðar þessarar á tollstöðvum.

19. gr.

Þvingunarúrræði.

1 [Leyfisveitanda er heimilt að gera upptæk til ríkissjóðs eintök dýra eða plantna og afurða þeirra sem hafa verið flutt eða reynt hefur verið að flytja ólöglega inn eða á annan hátt verið farið með andstætt ákvæðum reglugerðar þessarar, án tillits til þess hver er eigandi þeirra eða til eignarhafta sem á þeim hvíla. Leita skal aðstoðar lögreglu eftir því sem þörf er á við framkvæmd þessa ákvæðis.][1)]

2 Lifandi eintök sem gerð eru upptæk skulu endursend til upprunastaðar eða komið fyrir í viðurkenndum almenningsdýragarði, og ber eigandi þeirra kostnaðinn.

[1)]Mismunur er á þessu ákvæði og því sem er í rg. 993/2004 eftir breytingar í 4. gr. rg.493/2017.

20. gr.

Viðurlög.

1 Brot gegn reglugerð þessari varða sektum eða fangelsi allt að tveimur árum. Tilraun til brota gegn reglugerð þessari varðar refsingu sem fullframið brot, sbr. III. kafla almennra hegningarlaga. Sama gildir um hlutdeild í brotum.

2 Sektir samkvæmt lögum þessum má gera jafnt lögaðila sem einstaklingi. Nú er brot framið í starfsemi lögaðila og verður honum þá gerð fésekt skv. II. kafla A almennra hegningarlaga. Einnig er lögaðili ábyrgur fyrir greiðslu sektar sem starfsmaður hans er dæmdur til að greiða vegna brota á lögum þessum, enda sé brot framið í starfi hans hjá lögaðilanum.

21. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi, sem sett er skv. 4. gr. laga um framkvæmd samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu, nr. 85/2000, öðlast þegar gildi.

Sjávarútvegsráðuneytinu, 12. september 2005.

1 CITES viðaukarnir eru hér prentaðir í heild. Tegundir sem falla undir þessa reglugerð eru merktar með undirstrikun[1)], aðrar tegundir í viðaukunum skal fara með samkvæmt reglugerð umhverfisráðuneytis nr. 993/2004.[2)]

[1)]Uppfærðir CITES viðaukar eru birtir hér. Tegundir með skyggðum bakgrunni í stað merkingar með undirstrikun teljast vera nytjategundir sjávar og falla undir umsjón matvælaráðuneytis og Fiskistofu, sbr. rg. 829/2005. Vegna ósamræmis í viðauka í rg. 829/2024 og rg. 993/2004 þá eru breytingar auðkenndar sérstaklega með [*)] eða með dekkri skyggingu en þeirri sem er þegar til staðar í rg. 993/2004. [2)]Breytingasaga reglugerðar nr. 993/2004 sbr. rg. 5/2005 og rg. 493/2017.

[**Fylgiskjal.**

VIÐAUKAR I, II og III

Skýringar.

1. Til tegunda sem tilgreindar eru í þessum viðaukum er vísað sem hér segir:
   a) með heiti viðkomandi tegundar; eða
   b) sem allra þeirra tegunda sem tilheyra stærri flokkunareiningu eða tilgreindum hluta hennar.
2. Skammstöfunin „spp.“ táknar allar tegundir í flokkunareiningu sem er ofar tegund.
3. Tilvitnanir í flokkunareiningar ofar tegund eru einungis til fróðleiks og veita upplýsingar um stöðu viðkomandi lífveru eða lífvera í flokkunarkerfinu. Almenn heiti tilgreind á eftir vísindalegu heiti tegunda eru eingöngu til upplýsingar. Þeim er ætlað að gefa til kynna hvaða tegund innan viðkomandi ættar er tilgreind í viðauka samningsins. Í flestum tilfellum eru þetta ekki allar tegundir innar viðkomandi ættar.
4. Eftirfarandi skammstafanir eru hafðar um þær flokkunareiningar plantna sem eru smærri en tegund:
   a) „ssp.“ táknar undirtegund og
   b) „var(s).“ táknar afbrigði.
5. Þar sem engar þeirra tegunda eða stærri flokkunareininga í plönturíkinu í I. viðauka eru merktar þannig að farið skuli með blendinga þeirra samkvæmt ákvæðum 3. gr. samningsins þýðir það að versla má með blendinga einnar eða fleiri þessara tegunda eða stærri flokkunareininga sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður ef vottorð liggur fyrir um að um fjölgun við tilbúnar aðstæður sé að ræða, og að fræ þessara blendinga og frjókorn (þar á meðal frjókekkir), afskorin blóm, ungplöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro)*, í föstu efni eða vökva, og flutt eru í dauðhreinsuðum ílátum heyra ekki undir ákvæði samningsins.
6. Land sem tilgreint er í III. viðauka á eftir tegundarheiti á við það land sem tilnefndi viðkomandi tegund í viðaukann.
7. Í samræmi við iii-lið b-liðar 1. gr. samningsins merkir táknið (#) sem stendur ásamt tölu við heiti tegundar eða stærri flokkunareiningar sem tilgreind er í II. viðauka hluta lífveru eða afurðir hennar sem tilgreindar eru í tengslum við umrædda tegund að því er samninginn varðar sem hér segir:
   #1 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
   a) fræ, gró og frjókorn (þar á meðal frjókekki);
   b) ungplöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro)*, í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum; og
   c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður.
   #2 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
   a) fræ og frjókorn;
   b) ungplöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro)*, í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
   c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
   d) efnaafleiður og lyf.
   #3 Táknar heilar eða sneiddar rætur og rótarhluta nema framleiðslu eða afurðir á borð við duft, töflur, seyði, heilsudrykki, te og sælgæti.
   #4 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
   a) fræ, nema fræ mexíkóskra kaktusa sem upprunnir eru í Mexíkó, og frjókorn;
   b) ungplöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro)*, í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
   c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður;

d) ávexti og hluta þeirra og afurðir af þeim sem eru af náttúrulegum plöntum eða plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
e) aðskilda stöngulliði (þófa) og plöntuhluta og afurðir af þeim sem eru af náttúrulegum plöntum eða plöntum af ættkvíslinni *Opuntia* og undirættkvíslinni *Opuntia* sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður.

#5 Táknar trjáboli, sagaðan við og viðarspón.
#6 Táknar trjáboli, sagaðan við, viðarspón og krossvið.
#7 Táknar trjáboli, viðarspæni og óunnið kurlað efni.
#8 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
a) fræ og frjókorn (þar á meðal frjókekki);
b) ungplöntur eða vefjarækt sem fengin er með ræktun í glasi (*in vitro)*, í föstu efni eða vökva, flutt í dauðhreinsuðum ílátum;
c) afskorin blóm af plöntum sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður; og
d) ávexti og hluta þeirra og afurðir af þeim sem eru af plöntum af ættkvíslinni *Vanilla* sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður

#9 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema þá sem eru merktir „Framleitt úr efni úr Hoodia spp sem fengið er úr skipulagðri ræktun og framleiðslu sem stjórnað er í samvinnu við CITES stjórnvöld í Botswana/Namibíu/Suður Afríku samkvæmt samningi no BW/NA/ZA xxxxx“ og

#10 Táknar alla plöntuhluta og afurðir af þeim nema:
a) fræ og frjókorn;
b) fullunninn lyf.][1)]

[1)] *Í 1. gr. rg. 813/2014 eru gerðar breytingar á I. og II. viðauka. Þar eru tilgreind ensk heiti tegunda í sviga á eftir latneskum tegundarheitum. Ensk heiti eru hins vegar ekki tilgreind í þeim viðauka með rg. 993/2004 sbr. rg. 493/2017. Ósamræmi er í viðauka í rg. 829/2024 og rg. 993/2004.*

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
F Á N A (ANIMALS) **P H Y L U M S E I L D Ý R** **CLASS G - (SPENDÝR)**		
Nefdýr - MONOTREMATA		
Mjónefir - Tachyglossidae Echidnas, spiny anteaters		
	Zaglossus spp.	
DASYUROMORPHIA		
Pokamarðaræt - Dasyuridae Dunnarts		
Sminthopsis longicaudata ***Sminthopsis psammophila***		
Pokaúlfaætt - Thylacinidae Tasmanian wolf, thylacine		
Thylacinus cynocephalus (Hugsanlega útdauð)		
PERAMELEMORPHIA		
Pokagreifingjaætt - Peramelidae Bandicoots		
Chaeropus ecaudatus (Hugsanlega útdauð) ***Macrotis lagotis*** ***Macrotis leucura*** ***Perameles bougainville***		
DIPROTODONTIA		
Kjúkudýr - Phalangeridae Cuscuses		
	Phalanger orientalis ***Spilocuscus maculatus***	
Vambaætt - Vombatidae Northern hairy-nosed wombat		
Lasiorhinus krefftii		
Kengúruætt - Macropodidae Kangaroos, wallabies		
Lagorchestes hirsutus ***Lagostrophus fasciatus*** ***Onychogalea fraenata*** ***Onychogalea lunata***	***Dendrolagus inustus*** ***Dendrolagus ursinus***	
Potoroidae Rat-kangaroos		
Bettongia* spp.** ***Caloprymnus campestris (Hugsanlega útdauð)		
SCANDENTIA		
Tupaiidae Tree shrews		
	Tupaiidae spp.	
LEÐURBLÖKUR - CHIROPTERA		
Phyllostomidae Broad-nosed bat		
		Platyrrhinus lineatus (Uruguay)
Fluguhundaætt - Pteropodidae Fruit bats, flying foxes		
Acerodon jubatus	***Acerodon* spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Acerodon lucifer (Hugsanlega útdauð) ***Pteropus insularis*** ***Pteropus mariannus*** ***Pteropus molossinus*** ***Pteropus phaeocephalus*** ***Pteropus pilosus*** ***Pteropus samoensis*** ***Pteropus tonganus***	***Pteropus* spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
PRÍMATAR - PRIMATES Apes, monkeys		
	PRIMATES spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Lemúraætt - Lemuridae Large lemurs		
Lemuridae spp.		
Megaladapidae Sportive lemurs		
Megaladapidae spp. (Hugsanlega útdauð)		
Múselmúraætt - Cheirogaleidae Dwarf lemurs		
Cheirogaleidae spp.		
Indræett - Indridae Avahi, indris, sifakas, woolly lemurs		
Indridae spp.		
Nagapaætt - Daubentoniidae Aye-aye		
Daubentonia madagascariensis		
Silkiapaætt - Callitrichidae Marmosets, tamarins		
Callimico goeldii ***Callithrix aurita*** ***Callithrix flaviceps*** ***Leontopithecus spp.*** ***Saguinus bicolor*** ***Saguinus geoffroyi*** ***Saguinus leucopus*** ***Saguinus oedipus***		
Griprófuapar - Cebidae New World monkeys		
Alouatta coibensis ***Alouatta palliata*** ***Alouatta pigra*** ***Ateles geoffroyi frontatus*** ***Ateles geoffroyi panamensis*** ***Brachyteles arachnoides*** ***Cacajao*** *spp.* ***Chiropotes albinasus*** ***Lagothrix flavicauda*** ***Saimiri oerstedii***		
Stökkapar - Cercopithecidae Old World monkeys		
Cercocebus galeritus galeritus ***Cercopithecus diana*** ***Macaca silenus*** ***Mandrillus leucophaeus*** ***Mandrillus sphinx***		
Nasalis concolor ***Nasalis larvatus*** ***Presbytis potenziani*** ***Procolobus pennantii kirkii*** ***Procolobus rufomitratus*** *Pygathrix* spp. ***Semnopithecus entellus*** ***Trachypithecus geei*** ***Trachypithecus pileatus***		
Gibbonapar - Hylobatidae Gibbons		
Hylobatidae spp.		
Mannaætt - Hominidae Chimpanzees, gorilla, orangutan		
Gorilla gorilla ***Pan spp.*** ***Pongo pygmaeus***		
TANNLEYSINGJAR - XENARTHRA		
Mauræetur - Myrmecophagidae American anteaters		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	Myrmecophaga tridactyla	***Tamandua mexicana*** (Guatemala)
Letidýr - Bradypodidae Three-toed sloth		
	Bradypus variegatus	
Megalonychidae Two-toed sloth		
		Choloepus hoffmanni (Costa Rica)
Beltisdýr - Dasypodidae Armadillos		
Priodontes maximus	***Chaetophractus nationi*** (Útflutningskvóti hefur verið ákveðinn 0 eintök. Öll eintök skulu metin sem eintök af tegund í I. viðauka og verslun með þau hagað skv. því.)	***Cabassous centralis*** (Costa Rica) ***Cabassous tatouay*** (Uruguay)
HREISTURDÝR - PHOLIDOTA		
Hreisturdýraætt - Manidae Pangolins		
	***Manis* spp.** (Útflutningskvóti *Manis crassicaudata*, *M. javanica* and *M. pentadactyla* hefur verið ákveðinn 0 fyrir eintök ættuð úr náttúrunni sem ætluð eru til útflutnings í viskiptalegum tilgangi)	
NARTARAR/HÉRUNGAR - LAGOMORPHA		
Leporidae Hispid hare, volcano rabbit		
Caprolagus hispidus ***Romerolagus diazi***		
NAGDÝR - RODENTIA		
Íkornaætt - Sciuridae Ground squirrels, tree squirrels		
Cynomys mexicanus	*Ratufa* spp.	***Epixerus ebii*** (Ghana) ***Marmota caudata*** (India) ***Marmota himalayana*** (India) ***Sciurus deppei*** (Costa Rica)
Anomaluridae African flying squirrels		
		Anomalurus beecrofti (Ghana) ***Anomalurus derbianus*** (Ghana) ***Anomalurus pelii*** (Ghana) ***Idiurus macrotis*** (Ghana)
Músaætt - Muridae Mice, rats		
Leporillus conditor *Pseudomys praeconis* *Xeromys myoides* *Zyzomys pedunculatus*		
Hystricidae Crested porcupine		
		Hystrix cristata (Ghana)
Erethizontidae New World porcupines		
		Sphiggurus mexicanus (Honduras) ***Sphiggurus spinosus*** (Uruguay)
Agoutidae Paca		
		Agouti paca (Honduras)
Dasyproctidae Agouti		
		Dasyprocta punctata (Honduras)
Silkikanínur - Chinchillidae Chinchillas		
***Chinchilla* spp.** (Ræktuð eintök tegundarinnar eru ekki háð ákvæðum samningsins)		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
HVALIR - CETACEA Dolphins, porpoises, whales		
	CETACEA spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka. Útflutningskvóti hefur verið ákveðinn 0 fyrir lifandi eintök Svartahafsstofns Tursiops truncatus sem koma úr náttúrunni og ætluð eru til útflutnings í viðskiptalegum tilgangi)	
Fljótahöfrungar - Platanistidae River dolphins		
Lipotes vexillifer **Platanista spp.**		
Nefjuhvalir - Ziphiidae Beaked whales, bottle-nosed whales		
Berardius spp. **Hyperoodon spp.**		
Búrhvalir - Physeteridae Sperm whales		
Physeter catodon		
Delphinidae Marine dolphins		
Orcaella brevirostris		
Sotalia spp. **Sousa spp.**		
Hnísur - Phocoenidae Porpoises		
Neophocaena phocaenoides **Phocoena sinus**		
Gráhvalir - Eschrichtiidae Grey whale		
Eschrichtius robustus		
Reyðarhvalir - Balaenopteridae Humpback whale, rorquals		
Balaenoptera acutorostrata (Nema stofn við Vestur-Grænland sem tilgreindur er í II. viðauka) **Balaenoptera bonaerenses** **Balaenoptera borealis** **Balaenoptera edéni** **Balaenoptera musculus** **Balaenoptera physalus** **Megaptera novaeangliae**		
Sléttbakar - Balaenidae Bowhead whale, right whales		
Balaena mysticetus **Eubalaena spp.**		
Dvergbakaætt - Neobalaenidae Pygmy right whale		
Caperea marginata		
RÁNDÝR – CARNIVORA		
Hundaætt - Canidae Bush dog, foxes, wolves		
Canis lupus (Eingöngu stofnar í Bútan, Indlandi, Nepal og Pakistan; aðrir stofnar eru tilgreindir í II. viðauka)	***Canis lupus*** (Nema stofnar í Bútan, Indlandi, Nepal og Pakistan sem tilgreindir eru í I. viðauka.) ***Cerdocyon thous*** ***Chrysocyon brachyurus*** ***Cuon alpinus*** ***Pseudalopex culpaeus*** ***Pseudalopex griseus*** ***Pseudalopex gymnocercus***	***Canis aureus*** (India)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Speothos venaticus		***Vulpes bengalensis*** (India)
	Vulpes cana	***Vulpes vulpes griffithi*** (India) ***Vulpes vulpes montana*** (India) ***Vulpes vulpes pusilla*** (India)
	Vulpes zerda	
Bjarnaætt - Ursidae Bears, pandas		
Ailuropoda melanoleuca ***Ailurus fulgens*** ***Helarctos malayanus*** ***Melursus ursinus*** ***Tremarctos ornatos*** ***Ursus arctos*** (Eingöngu stofnar í Bútan, Kína, Mexíkó og Mongólíu; allir aðrir stofnar eru í II. viðauka) ***Ursus arctos isabellinus*** ***Ursus thibetanus***	**Ursidae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Procyonidae Coatis, kinkajou, olingos		
		Bassaricyon gabbii (Costa Rica) ***Bassariscus sumichrasti*** (Costa Rica) ***Nasua narica*** (Honduras) ***Nasua nasua solitaria*** (Uruguay) ***Potos flavus*** (Honduras)
Marðaætt - Mustelidae Badgers, martens, weasels, etc.		
Otrar - Lutrinae Otters		
Aonyx congicus (Eingöngu stofnar í Kamerún og Nígeríu; allir aðrir stofnar eru í II. viðauka) ***Enhydra lutris nereis*** ***Lontra felina*** ***Lontra longicaudis*** ***Lontra provocax*** ***Lutra lutra*** ***Pteronura brasiliensis***	**Lutrinae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka) vegna Enhydra lutis (sæotur)	
Mellivorinae Honey badger		
		Mellivora capensis (Botswana, Ghana)
Skunkar - Mephitinae Hog-nosed skunk		
	Conepatus humboldtii	
Merðir - Mustelinae Grisons, martens, tayra, weasels		
		Eira barbara (Honduras) ***Galictis vittata*** (Costa Rica) ***Martes flavigula*** (India) ***Martes foina intermedia*** (India) ***Martes gwatkinsii*** (India) ***Mustela altaica*** (India) ***Mustela erminea ferghanae*** (India) ***Mustela kathiah*** (India)
Mustela nigripes		***Mustela sibirica*** (India)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Desdýr/þefkettir - Viverridae Binturong, civets, falanouc, fossa, linsangs, otter-civet, palm civets		
		Arctictis binturong (India) ***Civettictis civetta*** (Botswana)
	Cryptoprocta ferox ***Cynogale bennettii*** ***Eupleres goudotii*** ***Fossa fossana*** ***Hemigalus derbyanus***	
		Paguma larvata (India) ***Paradoxurus hermaphroditus*** (India) ***Paradoxurus jerdoni*** (India)
	Prionodon linsang	
Prionodon pardicolor		
		Viverra civettina (India) ***Viverra zibetha*** (India) ***Viverricula indica*** (India)
Herpestidae Mongooses		
		Herpestes brachyurus fuscus (India) ***Herpestes edwardsii*** (India) ***Herpestes javanicus auropunctatus*** (India) ***Herpestes smithii*** (India) ***Herpestes urva*** (India) ***Herpestes vitticollis*** (India)
Hyaenidae Aardwolf		
		Proteles cristatus (Botswana)
Kattardýr - Felidae Cats		
Acinonyx jubatus (Árlegir útflutningskvótar fyrir lifandi eintök og veiðiminjagripi eru sem hér segir: Botsvana: 5; Namibía: 150; Simbabve: 50. Viðskipti með þessi eintök eru háð ákvæðum 3. greinar samningsins.) ***Caracal caracal*** (Eingöngu stofnar í Asíu; allir aðrir stofnar tegundarinnar eru í II. viðauka.) ***Catopuma temminckii*** ***Felis nigripes***	**Felidae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka. Ræktuð eintök eru ekki háð ákvæðum samningsins)	
Herpailurus yaguarondi (Eingöngu stofnar í Mið og Norður Ameríku; allir aðrir stofnar tegundarinnar eru í II. viðauka) ***Leopardus pardalis*** ***Leopardus tigrinus*** ***Leopardus wiedii*** ***Lynx pardinus*** ***Neofelis nebulosa*** ***Oncifelis geoffroyi*** ***Oreailurus jacobita*** ***Panthera leo persica*** ***Panthera onca*** ***Panthera pardus*** ***Panthera tigris*** ***Pardofelis marmorata***		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Prionailurus bengalensis bengalensis (Eingöngu stofnar í Banglades, Indlandi og Tælandi; allir aðrir stofnar tegundarinnar eru í II. viðauka) ***Prionailurus planiceps*** ***Prionailurus rubiginosus*** (Eingöngu stofninn á Indlandi; allir aðrir stofnar tegundarinnar eru í II. viðauka) ***Puma concolor coryi*** ***Puma concolor costaricensis*** ***Puma concolor couguar*** ***Uncia uncia***		
Eyrnaselir - Otariidae Fur seals, sealions		
Arctocephalus townsendi	**Arctocephalus spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)**	
Odobenidae Walrus		
		Odobenus rosmarus (Canada)
Selir - Phocidae Seals		
Monachus spp.	**Mirounga leonina**	
RANADÝR – PROBOSCIDEA		
Fílaætt - Elephantidae Elephants		
Elephas maximus ***Loxodonta africana*** (Nema stofnar í Botsvana, Namibíu, Suður Afríku og Simbabve, sem eru í II. viðauka)		
	Loxodonta africana (Eingöngu stofnar í Botsvana[1], Namibíu[1], Suður Afríku[1] og Simbabve[2], allir aðrir stofnar eru í I. viðauka)	

[1] Stofnar í Botswana, Namibíu og Suður Afríku (skráðir í II. viðauka):
Í þeim tilgangi einum að leyfa: 1) verslun með veiðiminjagripi, sem ekki er viðskiptalegs eðlis; 2) verslun með lifandi dýr í tengslum við verndunaráætlanir á staðnum; 3) verslun með húðir; 4) verslun með leðurvörur, sem ekki er viðskiptalegs eðlis; 5) verslun með óunnið fílabein (að því er varðar Botswana og Namibíu, heilar tennur og hlutar; að því er varðar Suður Afríku, heilar tennur og skornir tannhlutar sem eru bæði 20 cm eða meira að lengd og eitt kílógramm eða meira að þyngd), með fyrirvara um eftirfarandi: i) á aðeins við um skráðar birgðir í eigu hins opinbera með uppruna í viðkomandi ríki (að undanskildu fílabeini sem hald hefur verið lagt á og fílabeini af ókunnum uppruna) og, í tilviki Suður Afríku, aðeins um fílabein sem á uppruna sinn í Kruger þjóðgarðinum; ii) nær aðeins til viðskiptaaðila sem skrifstofan, í samráði við stjórn samningsins, hefur gengið úr skugga um að búi yfir fullnægjandi löggjöf og eftirliti með viðskiptum til þess að tryggja að innflutt fílabein verði ekki flutt út að nýju og að eftirlit verið með því haft í samræmi við allar kröfur ályktunar aðildarríkjafundar nr. 10.10 (Rev. CoP12) um framleiðslu og viðskipti innanlands; iii) gildir ekki fyrir maí 2004, og í öllu falli ekki fyrr en skrifstofan hefur sannprófað fyrirhuguð innflutningslönd og MIKE-verkefnið hefur skilað skýrslu til skrifstofunnar um grunnupplýsingar (t.d. stofnstærð fíla, tíðni ólöglegra veiða); iv) að hámarki má eiga viðskipti með 20.000 kg (Botswana), 10.000 kg (Namibía) og 30.000 kg (Suður Afríka) af fílabeini og skal það sent með einni sendingu undir ströngu eftirliti skrifstofunnar; v) afraksturinn af viðskiptunum ber einungis að nota til verndunar á fílastofninum og til samfélagsverndar og í þróunarverkefni í heimkynnum fílanna eða á aðliggjandi svæðum; vi) gildir aðeins eftir að fastanefndin hefur samþykkt að ofangreind skilyrði hafi verið uppfyllt. Að fenginni tillögu frá skrifstofunni er fastanefndinni heimilt að ákveða að endi skuli bundinn á þessi viðskipti, að hluta eða með öllu, ef útflutnings- eða innflutningsríkin fara ekki að reglum eða ef sýnt er fram á skaðleg áhrif verslunarinnar á aðra fílastofna. Öll önnur eintök teljast vera eintök af þeim tegundum sem getið er í I. viðauka og verslun með þau skal háð eftirliti samkvæmt því.

[2] Stofn í Zimbabwe (skráður í II. viðauka):
Í þeim tilgangi einum að leyfa: 1) útflutning veiðiminjagripa sem ekki er viðskiptalegs eðlis; 2) útflutning lifandi dýra til viðeigandi og samþykktra áfangastaða; 3) útflutning húða; 4) útflutning leðurvarnings og útskorins fílabeins sem

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
SÆKÝR – SIRENIA		
Dúgonsækýr - Dugongidae Dugong		
Dugong dugon		
Manötuætt - Trichechidae Manatees		
Trichechus inunguis **Trichechus manatus**	**Trichechus senegalensis**	
HÓFDÝR – PERISSODACTYLA		
Hestaætt - Equidae Horses, wild asses, zebras		
Equus africanus (Að undanskildu ræktuðu afbrigði tegundarinnar, sem flokkast sem ***Equus asinus***, og er ekki háð ákvæðum samningsins) ***Equus grevyi*** ***Equus hemionus hemionus***	***Equus hemionus*** (Nema undirtegund sem tilgreind er í I. viðauka) ***Equus kiang*** ***Equus onager*** (Nema undirtegund sem tilgreind er í I. viðauka)	
Equus onager khur ***Equus przewalskii*** Equus zebra zebra	***Equus zebra hartmannae***	
Tapíraætt - Tapiridae Tapirs		
Tapiridae spp. (Nema tegund tilgreind í II. viðauka)	***Tapirus terrestris***	
Nashyrningaætt - Rhinocerotidae Rhinoceroses		
Rhinocerotidae spp. (Nema undirtegund tilgeind í II. viðauka)	***Ceratotherium simum simum*** (Eingöngu stofn Suður Afríku; allir aðrir stofnar eru tilgreindir í I. viðauka. Eingöngu í þeim tilgangi að heimila alþjóðlega verslun með lifandi eintök til sæmandi og viðunandi áfangastaða og veiðiminjagripi. Öll önnur eintök skulu talin til tegundar sem tilgreind er í I. viðauka og vera meðhöndluð í samræmi við það)	
KLAUFDÝR – ARTIODACTYLA		
Tragulidae Mouse-deer		
		Hyemoschus aquaticus (Ghana)
Svínaætt - Suidae Babirusa, pygmy hog		
Babyrousa babyrussa ***Sus salvanius***		

ekki er viðskiptalegs eðlis. Öll önnur eintök teljast vera eintök af þeim tegundum sem getið er í I. viðauka og verslun með þau skal háð eftirliti samkvæmt því. Til að tryggja að þegar a) áfangastaðir lifandi dýra eiga að vera „viðeigandi og samþykktir“ og/eða b) tilgangur innflutningsins á að vera „ekki viðskiptalegs eðlis“, er einungis heimilt að gefa út útflutnings- og endurútflutningsleyfi eftir að umsjónarstjórnvaldið sem gefur út leyfið hefur fengið í hendur frá umsjónarstjórnvaldi innflutningsríkisins vottorð um að: í tilviki a), hliðstætt við b-lið 3. mgr. 3. gr. samningsins, að geymsluaðstaða hafi verið tekin út af þar til bæru vísindalegu stjórnvaldi og að fyrirhugaður viðtakandi hafi reynst búa yfir viðeigandi aðstöðu til þess að hýsa og annast dýrin, og/eða, í tilviki b), hliðstætt við c-lið 3. mgr. 3. gr., að umsjónarstjórnvald hafi fullvissu um að eintökin verði ekki notuð í tilgangi sem er fyrst og fremst viðskiptalegs eðlis.

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Naflasvín - Tayassuidae Peccaries		
Catagonus wagneri	**Tayassuidae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka og stofnar *Pecari tajacu* í Mexíkó og Bandaríkjum Norður Ameríku, sem ekki eru tilgreindar í viðaukum samningsins)	
Flóðhestar - Hippopotamidae Hippopotamuses		
	Hexaprotodon liberiensis ***Hippopotamus amphibius***	
Úlfaldaætt - Camelidae Guanaco, vicuna		
Vicugna vicugna (Nema eftirfarandi stofnar í: Argentínu - stofnar í Jujuy- og Catamarca héraði og hálf villtir stofnar í héruðunum Jujuy, Salta, Catamarca, La Rioja og San Juan; Bólivíu - allur stofninn; Síle - stofninn í Primera-héraði; Perú - allur stofninn; sem tilgreindir eru í II. viðauka)	*Lama guanicoe* ***Vicugna vicugna*** (Eingöngu eftirfarandi stofnar í: Argentínu[3] - stofn í Jujuy- og Catamarca héraði og hálfvilltir stofnar í héruðunum Jujuy, Salta, Catamarca, La Rioja og San Juan; Bólivíu[4]: allur stofninn; Síle[5]: stofninn í Primera –héraði Perú[6]: allur	

[3] Stofn í Argentínu (skráður í II. viðauka):
Í þeim tilgangi einum að leyfa alþjóðleg viðskipti með ull af lifandi vikúnjum af þeim stofnum sem getið er í II. viðauka, og með klæði og afurðir úr ullinni og aðra handunna hluti. Á ranghverfu klæðisins skal vera auðkenni samþykkt af ríkjunum þar sem viðkomandi tegund á heimkynni og sem undirritað hafa samninginn Convenio para la Conservación y Manejo de la Vicuña, og á faldinum skulu standa orðin „VICUÑA-ARGENTINA“. Aðrar vörur skulu bera merkimiða, sem m.a. felur í sér auðkennið og orðin „VICUÑA–ARGENTINA–ARTESANÍA“. Öll önnur eintök teljast vera eintök af þeim tegundum sem tilgreind eru í I. viðauka og skal verslun með þau lúta stjórn samkvæmt því.

[4] Stofn í Bólivíu (skráður í II. viðauka):
Í þeim tilgangi einum að leyfa alþjóðlega verslun með: a) ull og ullarafurðir af lifandi dýrum úr stofnunum á verndarsvæðunum Mauri-Desaguadero, Ulla Ulla og Lipez-Chicas; og b) vörur sem framleiddar eru úr ull af lifandi dýrum annarra hluta stofnsins í Bólivíu. Á ranghverfu klæðisins skal vera auðkenni samþykkt af ríkjunum þar sem viðkomandi tegund á heimkynni og sem undirritað hafa samninginn Convenio para la Conservación y Manejo de la Vicuña, og á faldinum skulu standa orðin „VICUÑA-BOLIVIA“. Aðrar vörur skulu bera merkimiða, sem m.a. felur í sér auðkennið og orðin „VICUÑA-BOLIVIA-ARTESANÍA“. Öll önnur eintök teljast vera eintök af þeim tegundum sem tilgreind eru í I. viðauka og skal verslun með þau lúta stjórn samkvæmt því.

[5] Stofn í Síle (skráður í II. viðauka):
Í þeim tilgangi einum að leyfa alþjóðleg viðskipti með ull af lifandi vikúnjum af þeim stofnum sem getið er í II. viðauka, og með klæði og afurðir úr ullinni, þar á meðal dýra handunna hluti og prjónavöru. Á ranghverfu klæðisins skal vera auðkenni samþykkt af ríkjunum þar sem viðkomandi tegund á heimkynni og sem undirritað hafa samninginn Convenio para la Conservación y Manejo de la Vicuña, og á faldinum skulu standa orðin „VICUÑA–CHILE“. Aðrar afurðir skulu bera merkimiða, sem m.a. felur í sér auðkennið og orðin „VICUÑA–CHILE-ARTESANÍA“. Öll önnur eintök teljast vera eintök af þeim tegundum sem tilgreind eru í I. viðauka og skal verslun með þau lúta stjórn samkvæmt því.

[6] Stofn í Perú (skráður í II. viðauka):
Í þeim tilgangi einum að leyfa alþjóðleg viðskipti með ull af lifandi vikúnjum og með þær birgðir sem fyrir lágu þegar níundi fundur ráðstefnu aðila var haldinn (nóvember 1994), sem námu 3.294 kg af ull, og með klæði og afurðir úr ullinni, þar á meðal dýra handunna hluti og prjónavöru. Á ranghverfu klæðisins skal vera auðkenni samþykkt af ríkjunum þar sem viðkomandi tegund á heimkynni og sem undirritað hafa samninginn Convenio para la Conservación y Manejo de la Vicuña, og á faldinum skulu standa orðin „VICUÑA-PERU“. Aðrar afurðir skulu bera merkimiða, sem

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	stofninn; allir aðrir stofnar eru tilgreindir í I. viðauka)	
Moskushjartaætt - Moschidae Musk deer		
***Moschus* spp.** (Eingöngu stofnar í Afganistan, Bútan, Indlandi, Myanmar, Nepal og Pakistan; allir aðrir stofnar eru tilgreindir í II. viðauka)	***Moschus* spp.** (Nema stofnar í Afganistan, Bútan, Indlandi, Myanmar, Nepal og Pakistan; sem eru tilgreindir í I. viðauka)	
Hjartardýr - Cervidae Deer, guemals, muntjacs, pudus		
Axis calamianensis ***Axis kuhlii*** ***Axis porcinus annamiticus*** ***Blastocerus dichotomus*** ***Cervus duvaucelii***	***Cervus elaphus bactrianus***	***Cervus elaphus barbarus*** (Tunisia)
Cervus elaphus hanglu ***Cervus eldii*** ***Dama mesopotamica*** ***Hippocamelus spp.***		***Mazama americana cerasina*** (Guatemala)
Megamuntiacus vuquanghensis ***Muntiacus crinifrons***		***Odocoileus virginianus mayensis*** (Guatemala)
Ozotoceros bezoarticus		
Pudu puda	***Pudu mephistophiles***	
Kvíslantilópur - Antilocapridae Pronghorn		
Antilocapra americana (Eingöngu stofn í Mexíkó; engir aðrir stofnar eru tilgreindir í viðaukum samningsins)		
Slíðurhyrningar - Bovidae Antelopes, cattle, duikers, gazelles, goats, sheep, etc.		
Addax nasomaculatus	***Ammotragus lervia***	***Antilope cervicapra*** (Nepal)
Bos gaurus (Undanskilin eru ræktuð eintök, tilgreind sem *Bos frontalis*, sem ákvæði samningsins taka ekki til) ***Bos mutus*** (Undanskilin eru ræktuð eintök, tilgreind sem *Bos grunniens*, sem ákvæði samningsins taka ekki til)	***Bison bison athabascae***	
Bos sauveli		***Bubalus arnee*** (Nepal) (Undanskilin eru ræktuð eintök, tilgreind sem ***Bubalus bubalis***, sem ákvæði samningsins taka ekki til)

m.a. felur í sér auðkennið og merkinguna „VICUÑA-PERU-ARTESANÍA“. Öll önnur eintök skulu teljast vera eintök af þeim tegundum sem tilgreindar eru í I. viðauka og skal verslun með þær lúta stjórn samkvæmt því.

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Bubalus depressicornis		
Bubalus mindorensis		
Bubalus quarlesi		
	Budorcas taxicolor	
Capra falconeri		
	Cephalophus dorsalis	
Cephalophus jentinki		
	Cephalophus monticola	
	Cephalophus ogilbyi	
	Cephalophus silvicultor	
	Cephalophus zebra	
		Damaliscus lunatus (Ghana)
	Damaliscus pygargus pygargus	
		Gazella cuvieri (Tunisia)
Gazella dama		
		Gazella dorcas (Tunisia)
		Gazella leptoceros (Tunisia)
Hippotragus niger variani		
	Kobus leche	
Naemorhedus baileyi		
Naemorhedus caudatus		
Naemorhedus goral		
Naemorhedus sumatraensis		
Oryx dammah		
Oryx leucoryx		
	Ovis ammon (Nema undirtegundin sem tilgreind er í I. viðauka)	
Ovis ammon hodgsonii		
Ovis ammon nigrimontana		
	Ovis canadensis (Eingöngu stofn í Mexíkó; enginn annar stofn er tilgreindur í viðauka samningsins)	
Ovis orientalis ophion		
	Ovis vignei (Nema undirtegund tilgreind í I. viðauka)	
Ovis vignei vignei		
Pantholops hodgsonii		
Pseudoryx nghetinhensis		
Rupicapra pyrenaica ornata		
	Saiga tatarica	
		Tetracerus quadricornis (Nepal)
		Tragelaphus eurycerus (Ghana)
		Tragelaphus spekii (Ghana)
FUGLAR **CLASS AVES (BIRDS)**		
STRÚTAR - STRUTHIONIFORMES		
Strútar - Struthionidae Ostrich		
Struthio camelus (Eingöngu stofnar í Alsír, Búrkína Fasó, Kamerún, Lýðveldi Mið Afríku, Chad, Malí, Máritaníu, Marokkó, Níger, Nígeríu, Senegal og Súdan; aðrir stofnar eru ekki tilgreindir í viðaukum samningsins)		
NANDÚAR - RHEIFORMES		
Nandúætt - Rheidae Rheas		
	Rhea americana	

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Rhea pennata (Nema *Rhea pennata pennata* sem er tilgreind í II. viðauka)	***Rhea pennata pennata***	
TÍNAMÚAR - TINAMIFORMES		
Tínamúaætt - Tinamidae Tinamou		
Tinamus solitarius		
MÖRGÆSIR - SPHENISCIFORMES		
Mörgæsaætt - Spheniscidae Penguins		
Spheniscus humboldti	***Spheniscus demersus***	
GOÐAR - PODICIPEDIFORMES		
Goðaætt - Podicipedidae Grebe		
Podilymbus gigas		
STORMFUGLAR - PROCELLARIIFORMES		
Trosaætt - Diomedeidae Albatross		
Diomedea albatrus		
PELÍKANAFUGLAR - PELECANIFORMES		
Pelíkanaætt - Pelecanidae Pelican		
Pelecanus crispus		
Súluætt - Sulidae Booby		
Papasula abbotti		
Freigátaætt - Fregatidae Frigatebird		
Fregata andrewsi		
STORKFUGLAR - CICONIIFORMES		
Ardeidae Egrets, herons		
		Ardea goliath (Ghana) ***Bubulcus ibis*** (Ghana) ***Casmerodius albus*** (Ghana) ***Egretta garzetta*** (Ghana)
Skónefaætt - Balaenicipitidae Shoebill, whale-headed stork		
	Balaeniceps rex	
Storkaætt - Ciconiidae Storks		
Ciconia boyciana ***Jabiru mycteria*** ***Mycteria cinerea***	***Ciconia nigra***	 ***Ephippiorhynchus senegalensis*** (Ghana) ***Leptoptilos crumeniferus*** (Ghana)
Stórnefaætt - Threskiornithidae Ibises, spoonbills		
    Geronticus eremita ***Nipponia nippon***	 ***Eudocimus ruber*** ***Geronticus calvus*** ***Platalea leucorodia***	***Bostrychia hagedash*** (Ghana) ***Bostrychia rara*** (Ghana) ***Threskiornis aethiopicus*** (Ghana)
Flæmingjaætt - Phoenicopteridae Flamingos		
	Phoenicopteridae spp.	
GÁSFUGLAR - ANSERIFORMES		
Andfuglar - Anatidae Ducks, geese, swans, etc.		
Anas aucklandica		***Alopochen aegyptiacus*** (Ghana) ***Anas acuta*** (Ghana)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	Anas bernieri	
		Anas capensis (Ghana)
		Anas clypeata (Ghana)
		Anas crecca (Ghana)
	Anas formosa	
Anas laysanensis		
Anas oustaleti		
		Anas penelope (Ghana)
		Anas querquedula (Ghana)
		Aythya nyroca (Ghana)
Branta canadensis leucopareia		
	Branta ruficollis	
Branta sandvicensis		
		Cairina moschata (Honduras)
Cairina scutulata		
	Coscoroba coscoroba	
	Cygnus melanocorypha	
	Dendrocygna arborea	
		Dendrocygna autumnalis (Honduras)
		Dendrocygna bicolor (Ghana, Honduras)
		Dendrocygna viduata (Ghana)
		Nettapus auritus (Ghana)
	Oxyura leucocephala	
		Plectropterus gambensis (Ghana)
		Pteronetta hartlaubii (Ghana)
Rhodonessa caryophyllacea (Hugsanlega útdauð)		
	Sarkidiornis melanotos	
FÁLKAÆTTBÁLKUR/DAGRÁNFUGLAR - FALCONIFORMES Eagles, falcons, hawks, vultures		
	FALCONIFORMES spp. (Nema tegundir sem tilgreindar eru í I. viðauka og tegundir sem tilheyra ættinni Cathartidae, en ein þeirra er tilgreind í III. viðauka; aðrar tegundir eru ekki tilgreindar í viðaukum samningsins)	
Hrævar - Cathartidae New World vultures		
Gymnogyps californianus		
		Sarcoramphus papa (Honduras)
Vultur gryphus		
Haukaætt - Accipitridae Hawks, eagles		
Aquila adalberti		
Aquila heliaca		
Chondrohierax uncinatus wilsonii		
Haliaeetus albicilla		
Haliaeetus leucocephalus		
Harpia harpyja		
Pithecophaga jefferyi		
Fálkaætt - Falconidae Falcons		
Falco araea		
Falco jugger		
Falco newtoni (Eingögnu stofn á Seychelles eyjum)		
Falco pelegrinoides		
Falco peregrinus		
Falco punctatus		
Falco rusticolus		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
HÆNSNFUGLAR - GALLIFORMES		
Háleggjahænsn - Megapodiidae Megapodes, scrubfowl		
Macrocephalon maleo		
Trjáhænsn - Cracidae Chachalacas, currassows, guans		
		Crax alberti (Colombia)
Crax blumenbachii		
		Crax daubentoni (Colombia)
		Crax globulosa (Colombia)
		Crax rubra (Colombia, Costa Rica, Guatemala, Honduras)
Mitu mitu		
Oreophasis derbianus		
		Ortalis vetula (Guatemala, Honduras)
		Pauxi pauxi (Colombia)
Penelope albipennis		
		Penelope purpurascens (Honduras)
		Penelopina nigra (Guatemala)
Pipile jacutinga		
Pipile pipile		
Fasanaætt - Phasianidae Grouse, guineafowl, partridges, pheasants, tragopans		
		Agriocharis meleagrides (Ghana)
		Agriocharis ocellata (Guatemala)
		Arborophila charltonii (Malaysia)
		Arborophila orientalis (Malaysia)
	Argusianus argus	
		Caloperdix oculea (Malaysia)
Catreus wallichii		
Colinus virginianus ridgwayi		
Crossoptilon crossoptilon		
Crossoptilon harmani		
Crossoptilon mantchuricum		
	Gallus sonneratii	
	Ithaginis cruentus	
Lophophorus impejanus		
Lophophorus lhuysii		
Lophophorus sclateri		
Lophura edwardsi		
		Lophura erythrophthalma (Malaysia)
		Lophura ignita (Malaysia)
Lophura imperialis		
Lophura swinhoii		
		Melanoperdix nigra (Malaysia)
	Pavo muticus	
	Polyplectron bicalcaratum	
Polyplectron emphanum		
	Polyplectron germaini	
		Polyplectron inopinatum (Malaysia)
	Polyplectron malacense	
	Polyplectron schleiermacheri	
Rheinardia ocellata		
		Rhizothera longirostris (Malaysia)
		Rollulus rouloul (Malaysia)
Syrmaticus ellioti		
Syrmaticus humiae		
Syrmaticus mikado		
Tetraogallus caspius		
Tetraogallus tibetanus		
Tragopan blythii		
Tragopan caboti		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Tragopan melanocephalus		***Tragopan satyra*** (Nepal)
Tympanuchus cupido attwateri		
TRANFUGLAR - GRUIFORMES		
Trönuætt - Gruidae Cranes		
	Gruidae spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Grus americana		
Grus canadensis nesiotes		
Grus canadensis pulla		
Grus japonensis		
Grus leucogeranus		
Grus monacha		
Grus nigricollis		
Grus vipio		
Relluætt - Rallidae Rail		
Gallirallus sylvestris		
Kagúnaætt - Rhynochetidae Kagu		
Rhynochetos jubatus		
Doðruætt - Otididae Bustards		
	Otididae spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Ardeotis nigriceps		
Chlamydotis undulata		
Eupodotis bengalensis		
FJÖRUNGAR/FJÖRFUGLAR - CHARADRIIFORMES		
Burhinidae Thick-knee		
		Burhinus bistriatus (Guatemala)
Snípur - Scolopacidae Curlews, greenshanks		
Numenius borealis		
Numenius tenuirostris		
Tringa guttifer		
Máfaætt - Laridae Gull		
Larus relictus		
DÚFNAFUGLAR - COLUMBIFORMES		
Dúfnaætt - Columbidae Doves, pigeons		
Caloenas nicobarica		***Columba guinea*** (Ghana)
		Columba iriditorques (Ghana)
		Columba livia (Ghana)
		Columba mayeri (Mauritius)
		Columba unicincta (Ghana)
Ducula mindorensis		
	Gallicolumba luzonica	
	***Goura* spp.**	
		Oena capensis (Ghana)
		Streptopelia decipiens (Ghana)
		Streptopelia roseogrisea (Ghana)
		Streptopelia semitorquata (Ghana)
		Streptopelia senegalensis (Ghana)
		Streptopelia turtur (Ghana)
		Streptopelia vinacea (Ghana)
		Treron calva (Ghana)
		Treron waalia (Ghana)
		Turtur abyssinicus (Ghana)
		Turtur afer (Ghana)
		Turtur brehmeri (Ghana)
		Turtur tympanistria (Ghana)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
PÁFAGAUKAR - PSITTACIFORMES		
	PSITTACIFORMES spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka og III. viðauka; og tegundirnar *Melopsittacus undulatus* og *Nymphicus hollandicus* sem ekki eru í viðaukum samningsins)	
Páfagaukaætt - Psittacidae Amazons, cockatoos, lories, lorikeets, macaws, parakeets, parrots		
Amazona arausiaca ***Amazona barbadensis*** ***Amazona brasiliensis*** ***Amasozona finchi*** ***Amazona guildingii*** ***Amazona imperialis*** ***Amazona leucocephala*** ***Amazona ochrocephala auropalliata*** ***Amazona ochrocephala belizensis*** ***Amazona ochrocephala caribaea*** ***Amazona ochrocephala oratrix*** ***Amazona ochrocephala parvipes*** ***Amazona ochrocephala tresmariae*** ***Amazona pretrei*** ***Amazona rhodocorytha*** ***Amazona tucumana*** ***Amazona versicolor*** ***Amazona vinacea*** ***Amazona viridigenalis*** ***Amazona vittata*** ***Anodorhynchus spp.*** ***Ara ambigua*** ***Ara glaucogularis*** (Gjarnan er verslað með tegundina undir rangnefninu *Ara caninde*) ***Ara macao*** ***Ara militaris*** ***Ara rubrogenys*** ***Cacatua goffini*** ***Cacatua haematuropygia*** ***Cacatua moluccensis*** ***Cyanopsitta spixii*** ***Cyanoramphus forbesi***		
Cyanoramphus novaezelandiae ***Cyclopsitta diophthalma coxeni*** ***Eos histrio*** ***Eunymphicus cornutus*** ***Geopsittacus occidentalis*** (hugsanlega útdauð) ***Guarouba guarouba*** ***Neophema chrysogaster*** ***Ognorhynchus icterotis*** ***Pezoporus wallicus*** ***Pionopsitta pileata*** ***Probosciger aterrimus*** ***Propyrrhura couloni*** ***Propyrrhura maracana*** ***Psephotus chrysopterygius*** ***Psephotus dissimilis***		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Psephotus pulcherrimus (hugsanlega útdauð) ***Psittacula echo*** ***Pyrrhura cruentata*** ***Rhynchopsitta spp.*** ***Strigops habroptilus*** ***Vini ultramarina***		***Psittacula krameri*** (Ghana)
GAUKFUGLAR - CUCULIFORMES		
Dofraætt - Musophagidae Turacos		
	Musophaga porphyreolopha ***Tauraco* spp.**	***Corythaeola cristata*** (Ghana) ***Crinifer piscator*** (Ghana) ***Musophaga violacea*** (Ghana)
UGLUR - STRIGIFORMES Owls		
	STRIGIFORMES spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Kransuglur - Tytonidae Barn owl		
Tyto soumagnei		
Ugluætt - Strigidae Owls		
Athene blewitti ***Mimizuku gurneyi*** ***Ninox novaeseelandiae undulata*** ***Ninox squamipila natalis***		
ÞYTFUGLAR - APODIFORMES		
Kólibríar - Trochilidae Hummingbirds		
  Glaucis dohrnii	**Trochilidae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
ÞRÚGAR - TROGONIFORMES		
Þrúgaætt - Trogonidae Quetzal		
Pharomachrus mocinno		
MEITILFUGLAR - CORACIIFORMES		
Hornaætt - Bucerotidae Hornbills		
  Aceros nipalensis ***Aceros subruficollis*** ***Buceros bicornis*** ***Buceros vigil***	***Aceros* spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka) ***Anorrhinus* spp.** ***Anthracoceros* spp.** ***Buceros* spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka) ***Penelopides*** spp.	
SPÆTUFUGLAR - PICIFORMES		
Capitonidae Barbet		
		Semnornis ramphastinus (Colombia)
Piparfuglar/túkanar - Ramphastidae Toucans		
    	Pteroglossus aracari ***Pteroglossus viridis*** ***Ramphastos sulfuratus*** ***Ramphastos toco***	***Baillonius bailloni*** (Argentina) ***Pteroglossus castanotis*** (Argentina) ***Ramphastos dicolorus*** (Argentina)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	Ramphastos tucanus ***Ramphastos vitellinus***	***Selenidera maculirostris*** (Argentina)
Spætuætt - Picidae Woodpeckers		
Campephilus imperialis		
Dryocopus javensis richardsi		
SPÖRFUGLAR - PASSERIFORMES		
Skaraætt - Cotingidae Cotingas		
Cotinga maculata ***Xipholena atropurpurea***	***Rupicola*** spp.	***Cephalopterus ornatus*** (Colombia) ***Cephalopterus penduliger*** (Colombia)
Pjáturætt - Pittidae Pittas		
Pitta gurneyi ***Pitta kochi***	***Pitta guajana*** ***Pitta nympha***	
Kjarrhalaætt - Atrichornithidae Scrub-bird		
Atrichornis clamosus		
Svöluætt - Hirundinidae Martin		
Pseudochelidon sirintarae		
Glymaætt - Pycnonotidae Bulbul		
	Pycnonotus zeylanicus	
Grípaætt - Muscicapidae Old World flycatchers		
Dasyornis broadbenti litoralis (Hugsanlega útdauð) ***Dasyornis longirostris*** ***Picathartes gymnocephalus*** ***Picathartes oreas***	***Cyornis ruckii*** ***Garrulax canorus*** ***Leiothrix argentauris*** ***Leiothrix lutea*** ***Liocichla omeiensis***	***Bebrornis rodericanus*** (Mauritius) ***Terpsiphone bourbonnensis*** (Mauritius)
Hvíteygluætt - Zosteropidae White-eye		
Zosterops albogularis		
Hunangsfuglaætt - Meliphagidae Honeyeater		
Lichenostomus melanops cassidix		
Tittlingaætt - Emberizidae Cardinals, tanagers		
	Gubernatrix cristata ***Paroaria capitata*** ***Paroaria coronata*** ***Tangara fastuosa***	
Starlingaætt - Icteridae Blackbird		
Agelaius flavus		
Finkuætt - Fringillidae Finches		
Carduelis cucullata	***Carduelis yarrellii***	***Serinus canicapillus*** (Ghana) ***Serinus leucopygius*** (Ghana) ***Serinus mozambicus*** (Ghana)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Strildaætt - Estrildidae Mannikins, waxbills		
		Amadina fasciata (Ghana)
	Amandava formosa	
		Amandava subflava (Ghana) ***Estrilda astrild*** (Ghana) ***Estrilda caerulescens*** (Ghana) ***Estrilda melpoda*** (Ghana) ***Estrilda troglodytes*** (Ghana) ***Lagonosticta rara*** (Ghana) ***Lagonosticta rubricata*** (Ghana) ***Lagonosticta rufopicta*** (Ghana) ***Lagonosticta senegala*** (Ghana) ***Lagonosticta vinacea*** (Ghana) ***Lonchura bicolor*** (Ghana)
		Lonchura cantans (Ghana) ***Lonchura cucullata*** (Ghana) ***Lonchura fringilloides*** (Ghana) ***Mandingoa nitidula*** (Ghana) ***Nesocharis capistrata*** (Ghana) ***Nigrita bicolor*** (Ghana) ***Nigrita canicapilla*** (Ghana) ***Nigrita fusconota*** (Ghana) ***Nigrita luteifrons*** (Ghana) ***Ortygospiza atricollis*** (Ghana)
	Padda oryzivora	
		Parmoptila rubrifrons (Ghana) ***Pholidornis rushiae*** (Ghana)
	Poephila cincta cincta	
		Pyrenestes ostrinus (Ghana) ***Pytilia hypogrammica*** (Ghana) ***Pytilia phoenicoptera*** (Ghana) ***Spermophaga haematina*** (Ghana) ***Uraeginthus bengalus*** (Ghana)
Ploceidae Weavers, whydahs		
		Anaplectes albifrons (Ghana) ***Anaplectes rubriceps*** (Ghana) ***Anomalospiza imberbis*** (Ghana) ***Bubalornis albirostris*** (Ghana) ***Euplectes afer*** (Ghana) ***Euplectes ardens*** (Ghana) ***Euplectes franciscanus*** (Ghana) ***Euplectes hordeaceus*** (Ghana) ***Euplectes macrourus*** (Ghana) ***Malimbus cassini*** (Ghana) ***Malimbus malimbicus*** (Ghana) ***Malimbus nitens*** (Ghana) ***Malimbus rubricollis*** (Ghana) ***Malimbus scutatus*** (Ghana) ***Pachyphantes superciliosus*** (Ghana) ***Passer griseus*** (Ghana) ***Petronia dentata*** (Ghana) ***Plocepasser superciliosus*** (Ghana) ***Ploceus albinucha*** (Ghana) ***Ploceus aurantius*** (Ghana) ***Ploceus cucullatus*** (Ghana) ***Ploceus heuglini*** (Ghana) ***Ploceus luteolus*** (Ghana) ***Ploceus melanocephalus*** (Ghana) ***Ploceus nigerrimus*** (Ghana) ***Ploceus nigricollis*** (Ghana)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
		Ploceus pelzelni (Ghana) ***Ploceus preussi*** (Ghana)
		Ploceus tricolor (Ghana) ***Ploceus vitellinus*** (Ghana) ***Quelea erythrops*** (Ghana) ***Sporopipes frontalis*** (Ghana) ***Vidua chalybeata*** (Ghana) ***Vidua interjecta*** (Ghana) ***Vidua larvaticola*** (Ghana) ***Vidua macroura*** (Ghana) ***Vidua orientalis*** (Ghana) ***Vidua raricola*** (Ghana) ***Vidua togoensis*** (Ghana) ***Vidua wilsoni*** (Ghana)
Sturnidae Mynahs (Starlings)		
Leucopsar rothschildi	***Gracula religiosa***	
Paradísarfuglar - Paradisaeidae Birds of paradise		
	Paradisaeidae spp.	
SKRIÐDÝR **CLASS REPTILIA - (REPTILES)**		
SKJALDBÖKUR - TESTUDINATA		
Fljótaskjaldbökur - Dermatemydidae Central American river turtle		
	Dermatemys mawii	
Platysternidae Big-headed turtle		
	Platysternon megacephalum	
Fenjaskjaldbökur - Emydidae Box turtles, freshwater turtles		
Batagur baska ***Clemmys muhlenbergi*** ***Geoclemys hamiltonii*** ***Kachuga tecta*** ***Melanochelys tricarinata*** ***Morenia ocellata***	***Annamemys annamensis*** ***Callagur borneoensis*** ***Clemmys insculpta*** ***Cuora* spp.** ***Heosemys depressa*** ***Heosemys grandis*** ***Heosemys leytensis*** ***Heosemys spinosa*** ***Hieremys annandalii*** ***Kachuga* spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka) ***Leucocephalon yuwonoi*** ***Mauremys mutica*** ***Notochelys platynota*** ***Orlitia borneensis*** ***Pyxidea mouhotii*** ***Siebenrockiella crassicollis***	Geoemyda spengleri (China Mauremys iversoni (China) Mauremys pritchardi (China) Ocadia glyhistoma (China) Ocadia philippeni (China) Ocadia sinensis (China) Sacalia bealei (China) Sacalia Pseudocellata (China) Sacalia qudriocellata (China)

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Terrapene coahuila	***Terrapene* spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Landskjaldbökur - Testudinidae Tortoises		
Geochelone nigra ***Geochelone radiata*** ***Geochelone yniphora*** ***Gopherus flavomarginatus*** ***Psammobates geometricus*** ***Pyxis planicauda*** ***Testudo kleinmanni*** ***Testudo werneri***	**Testudinidae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka. Útflutningskvóti hefur verið ákveðinn 0 fyrir eintök *Geochelone sulcata* ættuð úr náttúrunni sem ætluð eru til útflutnings í viðskiptalegum tilgangi)	
Sæskjaldbökur - Cheloniidae Marine turtles		
Cheloniidae spp.		
Leðurbökuætt - Dermochelyidae Leatherback turtle		
Dermochelys coriacea		
Svínstrýnisskjaldbökur Caretttochelyidae Pig-nosed turtles		
	Carettochelys insculpta	
Þríklóaætt - Trionychidae Softshell turtles, terrapins		
	Amyda cartilaginea	
Apalone ater ***Aspideretes gangeticus*** ***Aspideretes hurum*** ***Aspideretes nigricans***	***Chitra spp.*** ***Lissemys punctata*** ***Pelochelys spp.***	Palea stendachneri (China) ***Pelodiscus axenaria (China)*** ***Pelodiscus maackii (China)*** ***Pelodiscus parviformis (China)*** ***Pelodiscus sinensis (China)*** ***Rafetus swinhoei (China)*** ***Trionyx triunguis*** (Ghana)
Pelomedusidae Afro-American side-necked turtles		
	Erymnochelys madagascariensis ***Peltocephalus dumeriliana*** ***Podocnemis*** spp.	***Pelomedusa subrufa*** (Ghana) ***Pelusios adansonii*** (Ghana) ***Pelusios castaneus*** (Ghana) ***Pelusios gabonensis*** (Ghana) ***Pelusios niger*** (Ghana)
Chelidae Austro-American side-necked turtle		
	Chelondina mccordii	
Pseudemydura umbrina		
KRÓKÓDÍLAR - CROCODYLIA Alligators, caimans, crocodiles		
	CROCODYLIA spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Breiðtrýningar - Alligatoridae Alligators, caimans		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Alligator sinensis ***Caiman crocodilus apaporiensis*** ***Caiman latirostris*** (Nema stofn í Argentínu sem tilgreindur er í II. viðauka)		
Melanosuchus niger (Nema stofn í Ekvador, sem tilgreindur er í II. viðauka, og er háður árlegum útflutningskvóta upp á 0 eintök þar til útflutningskvóti verður samþykktur af skrifstofu samningsins og sérfræðinganefnd IUCN/SSC um krókódíla)		
Krókódílaætt - Crocodylidae Crocodiles		
Crocodylus acutus (nema stofn á Kúbu sem tilgreindur er í viðauka II ***Crocodylus cataphractus*** ***Crocodylus intermedius*** ***Crocodylus mindorensis*** ***Crocodylus moreletii*** ***Crocodylus niloticus*** (Nema stofnar í Botsvana, Eþíópíu, Kenýa, Madagaskar, Malaví, Mósambík, Suður Afríku, Úganda, Sameinuðu lýðveldi Tansaníu (háð árlegum útflutningskvóta upp á 1600 eintök villtra dýra, þar með taldir veiðiminjagripir, í viðbót við ræktuð dýr), Zambíu og Zimbabve; sem tilgreindir eru í II. viðauka) ***Crocodylus palustris*** ***Crocodylus porosus*** (Nema stofnar Ástaralíu, Indónesíu, og Papa Nýju Gíneu, sem tilgreindir eru í II. viðauka) ***Crocodylus rhombifer*** ***Crocodylus siamensis*** ***Osteolaemus tetraspis*** ***Tomistoma schlegelii***		
Langtrýningar - Gavialidae Gavial		
Gavialis gangeticus		
RANAKOLLAR - RHYNCHOCEPHALIA		
Ranakollsætt - Sphenodontidae Tuatara		
Sphenodon **spp.**		
EÐLUR - SAURIA		
Gekkóætt - Gekkonidae Geckos		
	Cyrtodactylus serpensinsula	*Hopolodactylus spp (N-Zeeland) bætt í*
		Naultinus spp (N-Zeeland)
	Phelsuma **spp.**	
	Uroplatus spp	
Gámuætt - Agamidae Agamas, mastigures		
	Uromastyx **spp.**	
Kameljónaætt - Chamaeleonidae Chameleons		
	Bradypodion **spp.** ***Brookesia*** **spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Brookesia perarmata		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	***Calumma* spp.** ***Chamaeleo* spp.** ***Furcifer* spp.**	
Kembuætt - Iguanidae Iguanas		
Brachylophus* spp.** ***Cyclura* spp.** ***Sauromalus varius	***Amblyrhynchus cristatus*** ***Conolophus* spp.** ***Iguana* spp.** ***Phrynosoma coronatum***	
Skriðluætt - Lacertidae Lizards		
Gallotia simonyi	 ***Podarcis lilfordi*** ***Podarcis pityusensis***	
Bandeðluætt - Cordylidae Spiny-tailed lizards		
	***Cordylus* spp.**	
Teiguætt - Teiidae Caiman lizards, tegu lizards		
	Crocodilurus amazonicus *Dracaena* spp. *Tupinambis* spp.	
Skinkuætt - Scincidae Skink		
	Corucia zebrata	
Dilluætt - Xenosauridae Chinese crocodile lizard		
	Shinisaurus crocodilurus	
Fáreðlur - Helodermatidae Beaded lizard, gila monster		
	***Heloderma* spp.**	
Frýnuætt - Varanidae Monitor lizards		
  Varanus bengalensis ***Varanus flavescens*** ***Varanus griseus*** ***Varanus komodoensis*** ***Varanus nebulosus***	***Varanus* spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
SLÖNGUR - SERPENTES Snakes		
Loxocemidae Mexican dwarf boa		
	Loxocemidae spp.	
Pythonidae Pythons		
  Python molurus molurus	**Pythonidae spp.** (Nema undirtegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Kyrkislöngur - Boidae Boas		
  Acrantophis spp. ***Boa constrictor occidentalis*** ***Epicrates inornatus*** ***Epicrates monensis***	**Boidae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Epicrates subflavus ***Sanzinia madagascariensis***		
Bolyeriidae Round Island boas		
  Bolyeria multocarinata ***Casarea dussumieri***	**Bolyeriidae spp.** (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Tropidophiidae Wood boas		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	Tropidophiidae spp.	
Grópleysingjar - Colubridae Typical snakes, water snakes, whipsnakes		
		Atretium schistosum (India) ***Cerberus rhynchops*** (India)
	Clelia clelia ***Cyclagras gigas*** ***Elachistodon westermanni*** ***Ptyas mucosus***	
		Xenochrophis piscator (India)
Eiturslöngur - Elapidae Cobras, coral snakes		
	Hoplocephalus bungaroides	
		Micrurus diastema (Honduras) ***Micrurus nigrocinctus*** (Honduras)
	Naja atra ***Naja kaouthia*** ***Naja mandalayensis*** ***Naja naja*** ***Naja oxiana*** ***Naja philippinensis*** ***Naja sagittifera*** ***Naja samarensis*** ***Naja siamensis*** ***Naja sputatrix*** ***Naja sumatrana*** ***Ophiophagus hannah***	
Höggormar - Viperidae Vipers		
		Crotalus durissus (Honduras) ***Daboia russelii*** (India)
Vipera ursinii (Eingöngu stofn í Evrópu, að undanskildu því svæði sem áður tilheyrði Sovétríkjunum; stofn þess svæðis er ekki tilgreindur í viðauka samningsins)		
	Vipera wagneri	
FROSKDÝR **CLASS AMPHIBIA – (AMPHIBIANS)**		
FROSKAR - ANURA		
Körtuætt - Bufonidae Toads		
Altiphrynoides **spp.** ***Atelopus zeteki***		
Bufo periglenes ***Bufo superciliaris*** ***Nectophrynoides*** **spp.** ***Nimbaphrynoides*** **spp.** ***Spinophrynoides*** **spp.**		
Eiturfroskaætt - Dendrobatidae Poison frogs		
	Dendrobates **spp.** ***Epipedobates*** **spp.** ***Minyobates*** **spp.** ***Phyllobates*** **spp.**	
Mantellidae Mantellas		
	Mantella **spp.**	
Microhylidae Red rain frog, tomato frog		
Dyscophus antongilii		
	Scaphiophryne gottlebei	
Myobatrachidae Gastric-brooding frogs		
	Rheobatrachus **spp.**	

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Froskaætt - Ranidae Frogs		
	Euphlyctis hexadactylus ***Hoplobatrachus tigerinus***	
SALAMÖNDRUR - CAUDATA		
Jarðmöndruætt - Ambystomidae Axolotls		
	Ambystoma dumerilii ***Ambystoma mexicanum***	
Risamöndruætt - Cryptobranchidae Giant salamanders		
***Andrias* spp.**		
HÁKARLAR **CLASS ELASMOBRANCHII - (SHARKS)**		
ORECTOLOBIFORMES		
Rhincodontidae Whale shark		
	Rhincodon typus	
LAMNIFORMES		
Lamnidae Great white shark		
	Carcharodon carcharias færður úr III.	
	[Carcharhinus longimanus (oceanic whitetip shark)][*)]	
	[Sphyrna lewini (scalloped hammerhead shark)][*)]	
	[Sphyrna mokarran (great hammerhead shark)][*)]	
	[Sphyrna zigaena (smooth hammerhead shark)][*)]	
	[Lamna nasus (porbeagle shark)][*)]	
Cetorhinidae Basking shark		
	Cetorhinus maximus	
	[Manta spp. (manta rays)][*)]	
[Pristidae spp. (sawfishes)][*)]		
FISKAR **CLASS ACTINOPTERYGII - (FISH)**		
STYRJUR - ACIPENSERIFORMES Paddlefish, sturgeons		
	ACIPENSERIFORMES spp. (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Styrjuætt - Acipenseridae Sturgeons		
Acipenser brevirostrum **Acipenser sturio**		
BEINTUNGUR - OSTEOGLOSSIFORMES		
Beintunguætt - Osteoglossidae Arapaima, bonytongue		
Scleropages formosus	***Arapaima gigas***	
KARPFISKAR – CYPRINIFORMES		
Vatnakarpaætt - Cyprinidae Blind carps, plaeesok		
Probarbus jullieni	***Caecobarbus geertsi***	
Sogkarpaætt - Catostomidae Cui-ui		
Chasmistes cujus		
GRANAR – SILURIFORMES		
Pangasiidae Pangasid catfish		
Pangasianodon gigas		
SYNGNATHIFORMES		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Syngnathidae Pipefishes, seahorses		
	Hippocampus spp.	
PERCIFORMES		
Labridae Wrasses		
	Cheilinus undulatus	
Baulfiskaætt - Sciaenidae Totoaba		
Totoaba macdonaldi		
LUNGNAFISKAR **CLASS SARCOPTERYGII - (LUNGFISHES)**		
COELACANTHIFORMES		
Latimeriidae Coelacanths		
Latimeria spp.		
CERATODONTIFORMES		
Ceratodontidae Australian lungfish		
	Neoceratodus forsteri	
PHYLUM ECHINODERMATA		
Class holothuroide (Sea cucumbers – sæbjúgu)		
ASPIDOCHOROTIDA		
Stichopodidae Sea cucombers		
	Isostichopus fuscus (Ecuador)	
LIÐFÆTLUR - P H Y L U M A R T H R O P O D A **ÁTTFÆTLUR** **CLASS ARACHNIDA (SPIDERS)**		
SPORÐDREKAR – SCORPIONES		
Sporðdrekaætt - Scorpionidae Scorpions		
	Pandinus dictator ***Pandinus gambiensis*** ***Pandinus imperator***	
KÖNGULÆR – ARANEAE		
Fuglakóngulær - Theraphosidae Red-kneed tarantulas, tarantulas		
	Aphonopelma albiceps ***Aphonopelma pallidum*** *Brachypelma* spp.	
SKORDÝR **CLASS INSECTA - (INSECTS)**		
COLEOPTERA		
Lucanidae Cape stag beetles		
		***Colophon* spp.** (South Africa)
LEPIDOPTERA		
Papilionidae Birdwing butterflies, swallowtail butterflies		
	Atrophaneura jophon ***Atrophaneura pandiyana*** ***Bhutanitis* spp.**	
Ornithoptera alexandrae ***Papilio chikae*** ***Papilio homerus*** ***Papilio hospiton***	*Ornithoptera* spp. (sensu D'Abrera) (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka) ***Parnassius apollo*** ***Teinopalpus* spp.**	

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	***Trogonoptera* spp.** (sensu D'Abrera) ***Troides* spp.** (sensu D'Abrera)	
LIÐORMAR –P H Y L U M A N N E L I D A- **IGLUR** **CLASS HIRUDINOIDEA – (LEECHES)**		
ARHYNCHOBDELLIDA		
Læknablóðsuguætt - Hirudinidae Medicinal leech		
	Hirudo medicinalis	
P H Y L U M M O L L U S C A – MOLLUSCA - **SAMLOKUR** **CLASS BIVALVIA – (CLAMS, MUSSELS)**		
VENERIDA		
Risasamlokuætt - Tridacnidae Giant clams		
	Tridacnidae spp.	
VATNASAMLOKUR - UNIONIDA		
Vatnasamlokuætt - Unionidae Freshwater mussels, pearly mussels		
Conradilla caelata ***Dromus dromas*** ***Epioblasma curtisi*** ***Epioblasma florentina*** ***Epioblasma sampsoni*** ***Epioblasma sulcata perobliqua*** ***Epioblasma torulosa gubernaculum*** ***Epioblasma torulosa torulosa*** ***Epioblasma turgidula*** ***Epioblasma walkeri*** ***Fusconaia cuneolus*** ***Fusconaia edgariana*** ***Lampsilis higginsii*** ***Lampsilis orbiculata orbiculata*** ***Lampsilis satur*** ***Lampsilis virescens*** ***Plethobasus cicatricosus*** ***Plethobasus cooperianus*** ***Pleurobema plenum***	***Cyprogenia aberti*** ***Epioblasma torulosa rangiana*** ***Pleurobema clava***	
Potamilus capax ***Quadrula intermedia*** ***Quadrula sparsa*** ***Toxolasma cylindrella*** ***Unio nickliniana*** ***Unio tampicoensis tecomatensis*** ***Villosa trabalis***		
MYTILOIDA		
Mytilidae (sæskeljar)		
	Lithophaga lithophaga	
SNIGLAR **CLASS GASTROPODA – (SNAILS AND CONCHES)**		
LANDLUNGNASNIGLAR – STYLOMMATOPHORA		
Achatinellidae Agate snails, oahu tree snails		
***Achatinella* spp.**		

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Camaenidae Green tree snail		
	Papustyla pulcherrima	
MIÐSNIGLAR – MESOGASTROPODA		
Jöfursniglaætt - Strombidae Queen conch		
	Strombus gigas	
HOLDÝR – P H Y L U M C N I D A R I A **KÓRALDÝR** **CLASS ANTHOZOA – (CORALS, SEA ANEMONES)**		
HELIOPORACEA Blue corals		
	Helioporidae spp. (Tekur eingöngu til tegundarinnar Heliopora coerulea. Ákvæði samningsins ná ekki til steingervinga)	
PÍPUKÓRALLAÆTT – STOLONIFERA		
Pípukórallaætt - Tubiporidae Organ-pipe corals		
	Tubiporidae spp. (Ákvæði samningsins ná ekki til steingervinga)	
SVARTKÓRALLAR - ANTIPATHARIA Black corals		
	ANTIPATHARIA spp.	
STEINKÓRALLAR - SCLERACTINIA Stony corals		
	SCLERACTINIA spp. (Ákvæði samningsins ná ekki til steingervinga)	
SMÁHVELJUR **CLASS HYDROZOA - (SEA FERNS, FIRE CORALS, STINGING MEDUSAE)**		
ELDKÓRALLAR – MILLEPORINA		
Eldkórallaætt - Milleporidae Fire corals		
	Milleporidae spp. (Ákvæði samningsins ná ekki til steingervinga)	
STJÖRNUKÓRALLAR – STYLASTERINA		
Stjörnukórallaætt - Stylasteridae Lace corals		
	Stylasteridae spp. (Ákvæði samningsins ná ekki til steingervinga)	
F L Ó R A (PLANTS) PLÖNTUR		
ÞYRNILILJUÆTT - AGAVACEAE Agaves		
Agave arizonica ***Agave parviflora*** ***Nolina interrata***	 ***Agave victoriae-reginae*** #1	
PÁSKALILJUÆTT - AMARYLLIDACEAE Snowdrops, sternbergias		
	***Galanthus* spp.** #1 ***Sternbergia* spp.** #1	
NERÍUÆTT - APOCYNACEAE Elephant trunks		
	Hoodia spp #1	
 Pachypodium ambongense *Pachypodium baronii*	***Pachypodium* spp.** #1 (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Pachypodium decaryi	***Rauvolfia serpentina*** #2	
BERGFLÉTTUÆTT - ARALIACEAE Ginseng		
	Panax ginseng #3 (Eingöngu stofn í Rússlandi; enginn annar stofn er tilgreindur í viðauka samningsins) ***Panax quinquefolius*** #3	
APATRÉSÆTT - ARAUCARIACEAE Monkey-puzzle tree		
Araucaria araucana		
ROÐABERJAÆTT / MÍTURSÆTT - BERBERIDACEAE May-apple		
	Podophyllum hexandrum #2	
ANANASÆTT - BROMELIACEAE Air plants, bromelias		
	Tillandsia harrisii #1 ***Tillandsia kammii*** #1 ***Tillandsia kautskyi*** #1 ***Tillandsia mauryana*** #1 ***Tillandsia sprengeliana*** #1 ***Tillandsia sucrei*** #1 ***Tillandsia xerographica*** #1	
KAKTUSÆTT - CACTACEAE Cacti		
Ariocarpus* spp.** ***Astrophytum asterias ***Aztekium ritteri***	CACTACEAE spp. [7] #4 (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Coryphantha werdermannii ***Discocactus* spp.** ***Echinocereus ferreirianus* ssp. *lindsayi*** ***Echinocereus schmollii*** ***Escobaria minima*** ***Escobaria sneedii*** ***Mammillaria pectinifera*** ***Mammillaria solisioides*** ***Melocactus conoideus*** ***Melocactus deinacanthus*** ***Melocactus glaucescens*** ***Melocactus paucispinus*** ***Obregonia denegrii*** ***Pachycereus militaris*** ***Pediocactus bradyi*** ***Pediocactus knowltonii*** ***Pediocactus paradinei*** ***Pediocactus peeblesianus*** ***Pediocactus sileri***		

[7] Lífverur eftirfarandi blendinga og/eða ræktunarafbrigða sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður lúta ekki ákvæðum samningsins:
Hatiora x *graeseri*
Schlumbergera x *buckleyi*
Schlumbergera russelliana x *Schlumbergera truncata*
Schlumbergera orssichiana x *Schlumbergera truncata*
Schlumbergera opuntioides x *Schlumbergera truncata*
Schlumbergera truncata (ræktunarafbrigði)
Gymnocalycium mihanovichii (ræktunarafbrigði) tilbrigði sem eru án blaðgrænu, ágrædd á eftirfarandi stofnplöntur: *Harrisia* 'Jusbertii', *Hylocereus trigonus* eða *Hylocereus undatus*
Opuntia microdasys (ræktunarafbrigði).

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Pelecyphora* spp.** ***Sclerocactus brevihamatus* ssp. *tobuschii ***Sclerocactus erectocentrus*** ***Sclerocactus glaucus*** ***Sclerocactus mariposensis*** ***Sclerocactus mesae-verdae*** ***Sclerocactus nyensis*** ***Sclerocactus papyracanthus*** ***Sclerocactus pubispinus*** ***Sclerocactus wrightiae*** ***Strombocactus* spp.** ***Turbinicarpus* spp.** ***Uebelmannia* spp.**		
CARYOCARACEAE Ajo		
	Caryocar costaricense #1	
KÖRFUBLÓMAÆTT - COMPOSITAE (Asteraceae) Kuth		
Saussurea costus		
HELLUHNOÐRAÆTT - CRASSULACEAE Dudleyas		
	Dudleya stolonifera ***Dudleya traskiae***	
GRÁTVIÐARÆTT - CUPRESSACEAE Alerce, cypresses		
Fitzroya cupressoides ***Pilgerodendron uviferum***		
TRJÁBURKNAÆTT - CYATHEACEAE Tree-ferns		
	***Cyathea* spp.** #1	
KÖNGULPÁLMAÆTT - CYCADACEAE Cycads		
Cycas beddomei	CYCADACEAE spp. #1	
FJALLBRÚÐUÆTT - DIAPENSIACEAE Oconee-bells		
	Shortia galacifolia #1	
PÁLMAÆTT - DICKSONIACEAE Tree-ferns		
	Cibotium barometz #1 ***Dicksonia* spp.** #1 (Eingöngu stofnar í Ameríku; aðrir stofnar eru ekki tilgreindir í viðaukum samningsins)	
KAKTUSVIÐARÆTT - DIDIEREACEAE Alluaudias, didiereas		
	DIDIEREACEAE spp. #1	
MJÖLRÓTARÆTT - DIOSCOREACEAE Elephant's foot, kniss		
	Dioscorea deltoidea #1	
SÓLDAGGARÆTT - DROSERACEAE Venus' flytrap		
	Dionaea muscipula #1	
MJÓLKURJURTAÆTT - EUPHORBIACEAE Spurges		
Euphorbia ambovombensis ***Euphorbia capsaintemariensis*** ***Euphorbia cremersii*** (Tekur einnig til afbrigðanna *viridifolia* og *rakotozafyi*) ***Euphorbia cylindrifolia*** (Tekur jafnframt til spp. *tuberifera*) ***Euphorbia decaryi*** (Tekur jafnframt til afbrigðanna *ampanihyenis, robinsonii* og *spirosticha*)	***Euphorbia* spp.** #1 (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka; plöntur af ræktunarafbrigðum *Euphorbia trigona* sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður lúta ekki ákvæðum samningsins)	

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
Euphorbia francoisii ***Euphorbia moratii*** (Tekur jafnframt til afbrigðanna *antsingiensis*, *bemarahensis* og *multiflora*) ***Euphorbia parvicyathophora*** ***Euphorbia quartziticola*** ***Euphorbia tulearensis***		
VAXVIÐARÆTT - FOUQUIERIACEAE Ocotillos		
Fouquieria fasciculata ***Fouquieria purpusii***	***Fouquieria columnaris*** #1	
GNETACEAE Gnetums		
		Gnetum montanum #1 (Nepal)
VALHNOTUÆTT - JUGLANDACEAE Gavilan		
	Oreomunnea pterocarpa #1	
ERTUBLÓMAÆTT - LEGUMINOSAE (Fabaceae) Afrormosia, cristobal, rosewood, sandalwood		
Dalbergia nigra	***Pericopsis elata*** #5 ***Platymiscium pleiostachyum*** #1 ***Pterocarpus santalinus*** #7	***Dipteryx panamensis*** (Costa Rica)
LILJUÆTT - LILIACEAE Aloes		
Aloe albida ***Aloe albiflora*** ***Aloe alfredii*** ***Aloe bakeri*** ***Aloe bellatula*** ***Aloe calcairophila*** ***Aloe compressa*** (Tekur jafnframt til afbrigðanna *rugosquamosa*, *schistophila* og *paucituberculata*) ***Aloe delphinensis*** ***Aloe descoingsii*** ***Aloe fragilis*** ***Aloe haworthioides*** (Tekur jafnframt til afbr. *aurantiaca*) ***Aloe helenae*** ***Aloe laeta*** (Tekur jafnframt til afbr. *maniaensis*) ***Aloe parallelifolia*** ***Aloe parvula*** ***Aloe pillansii*** ***Aloe polyphylla*** ***Aloe rauhii*** ***Aloe suzannae*** ***Aloe versicolor*** ***Aloe vossii***	***Aloe* spp.** #1 (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka. Tekur heldur ekki til *Aloe vera*, einnig þekkt sem *Aloe barbadensis* sem er ekki tilgreind í viðaukum samningsins)	
MAGNOLIACEAE Magnolia		
		Magnolia liliifera var. *obovata* #1 (Nepal)
MAHÓNÍÆTT - MELIACEAE Mahoganies, Spanish cedar		
		Cedrela odorata #5

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
	Swietenia humilis #1 ***Swietenia macrophylla*** #6 (Stofnar í Mið og Suður Ameríku (Tekur gildi 15. nóvember 2003)) ***Swietenia mahagoni*** #5	[Stofn í Kólombíu (Colombia) Stofn í Perú (Peru)] ***Swietenia macrophylla*** #5 (Gildir til 15. nóvember 2003) [Stofn í Bólivíu, stofn í Brasilíu Allir stofnar tegundarinnar í Kosta Ríka, stofn í Kólombíu, stofn í Mexíkó og stofn í Perú.]
KÖNNUBERAÆTT - NEPENTHACEAE Pitcher-plants (Old World)		
Nepenthes khasiana ***Nepenthes rajah***	***Nepenthes* spp.** #1	
BRÖNUGRASAÆTT - ORCHIDACEAE Orchids		
(Ákvæði samningsins taka ekki til ungplantna eða vefjaræktaðra eftirfarandi tegunda í I. viðauka sem fengnar eru með ræktun í glasi (*in vitro)*, í föstu efni eða vökva, og flutt er í dauðhreinsuðum ílátum) ***Aerangis ellisii*** ***Dendrobium cruentum*** ***Laelia jongheana*** ***Laelia lobata*** ***Paphiopedilum* spp.** **Peristeria elata** ***Phragmipedium* spp.** ***Renanthera imschootiana***	ORCHIDACEAE spp.[8] #8 (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
OROBANCHACEAE Broomrape		
	Cistanche deserticola	
PÁLMAÆTT - PALMAE (Arecaceae) Palms		
Chrysalidocarpus decipiens #1	***Beccariophoenix madagascariensis*** ***Lemurophoenix halleuxii*** ***Marojejya darianii*** ***Neodypsis decaryi*** #1 ***Ravenea louvelii*** ***Ravenea rivularis*** ***Satranala decussilvae*** ***Voanioala gerardii***	

[8] Eintök blendinga af ættkvíslinni *Phalaenopsis*, sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður, lúta ekki ákvæðum samningsins þegar: 1) viðskipti með eintök eiga sér stað í sendingum sem samanstanda af stökum pakkningum (þ.e. öskjum, pappa- eða trékössum) sem hafa að geyma 100 plöntur eða fleiri hver; 2) allar plöntur í hverri pakkningu eru af sama blendingi, án þess að neinir mismunandi blendingar séu hafðir saman í pakkningu; 3) auðvelt er að greina að plöntum í pakkningu hefur verið fjölgað við tilbúnar aðstæður á því að þær eru jafnar að stærð og þroska, rætur eru heilar og almennt eru engin merki um áverka eða skemmdir sem rekja mætti til þess að plönturnar eigi uppruna sinn í villtri náttúru; 4) plönturnar bera ekki merki um náttúrulegan uppruna, svo sem skemmdir af völdum skordýra eða annarra dýra, sveppa eða þörunga, eða áverka á rótum, laufum eða öðrum hlutum sem stafa af söfnun þeirra; og 5) sendingum fylgja skjöl undirrituð af flytjanda, svo sem reikningur, þar sem fjöldi plantna er tilgreindur með skýrum hætti. Plöntum sem ekki falla augljóslega undir undanþáguna verða að fylgja viðeigandi CITES skjöl.

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
PAPAVERACEAE Poppy		
		Meconopsis regia #1 (Nepal)
ÞALLARÆTT - PINACEAE Guatemala fir		
Abies guatemalensis		
GAGNVIÐARÆTT - PODOCARPACEAE Podocarps		
Podocarpus parlatorei		***Podocarpus neriifolius*** #1 (Nepal)
FINGRABLÖÐKUÆTT - PORTULACACEAE Lewisias, portulacas, purslanes		
	Anacampseros* spp.** #1 ***Avonia* spp.** #1 ***Lewisia serrata #1	
MARÍULYKILSÆTT - PRIMULACEAE Cyclamens		
	***Cyclamen* spp.**[9] #1	
LOKASKEGGSÆTT - PROTEACEAE Proteas		
	Orothamnus zeyheri #1 ***Protea odorata*** #1	
SÓLEYJAÆTT - RANUNCULACEAE Golden seals, yellow adonis, yellow root		
	Adonis vernalis #2 ***Hydrastis canadensis*** #3	
RÓSAÆTT - ROSACEAE African cherry, stinkwood		
	Prunus africana #1	
MÖÐRUÆTT - RUBIACEAE Ayuque		
Balmea stormiae		
GILDRUBLÖÐUNGAÆTT - SARRACENIACEAE Pitcher-plants (New World)		
Sarracenia oreophila ***Sarracenia rubra* ssp. *alabamensis*** ***Sarracenia rubra* ssp. *jonesii***	***Sarracenia* spp.** #1 (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
GRÍMUBLÓMAÆTT - SCROPHULARIACEAE Kutki		
	Picrorhiza kurrooa #3 (Tekur ekki til ***Picrorhiza scrophulariiflora)***	
BURKNAVIÐARÆTT - STANGERIACEAE Stangerias		
Stangeria eriopus	*Bowenia* spp. #1	
ÝVIÐARÆTT - TAXACEAE Himalayan yew		
	Taxus chinensis and infraspecific taxa af this species (10 fyrir ofan strik)#10 Taxus cuspidata and infraspecific taxa af this species (10 fyrir ofan strik)#10 Taxus fuana and infraspecific taxa af this species (10 fyrir ofan strik)#10 Taxus sumatrana and infraspecific taxa af this species (10 fyrir ofan strik)#10 Taxus wallichiana #10	
TROCHODENDRACEAE (Tetracentraceae) Tetracentron		
		Tetracentron sinense #1 (Nepal)
TÝSBLÓMAÆTT - THYMELAEACEAE (Aquilariaceae) Agarwood, ramin		
	Aquilaria spp. #1 ***Gonystylus* spp.** #1 *Gyrinops spp.* #1	

[9] Plöntur af ræktunarafbrigðum *Cyclamen persicum* sem fjölgað er við tilbúnar aðstæður lúta ekki ákvæðum samningsins. Undanþágan nær þó ekki til plöntuhluta sem seldir eru sem dvalarhnýði.

I. viðauki	II. viðauki	III. viðauki
GARÐABRÚÐUÆTT - VALERIANACEAE Himalayan spikenard		
	Nardostachys grandiflora #3	
FURÐUBLÖÐKUÆTT - WELWITSCHIACEAE Welwitschia		
	Welwitschia mirabilis #1	
KÖNGULVIÐARÆTT - ZAMIACEAE Cycads		
Ceratozamia **spp.** ***Chigua*** **spp.**	ZAMIACEAE spp. #1 (Nema tegundir tilgreindar í I. viðauka)	
Encephalartos **spp.** ***Microcycas calocoma***		
ENGIFERSÆTT - ZINGIBERACEAE Ginger lily		
	Hedychium philippinense #1	
BLAKKAVIÐARÆTT - ZYGOPHYLLACEAE Lignum-vitae		
	Guaiacum **spp.** #2	

**)Rg. 813/2014, 1. gr.*

Fylgiskjal A.

[**Fyrirvarar Íslands við samninginn.**

Ísland hefur gert eftirfarandi fyrirvara við tegundir í viðaukum samningsins.

Samkvæmt a-lið 2. tölul. 23. gr. samnings um alþjóðaverslun með tegundir villtra dýra og plantna sem eru í útrýmingarhættu eru gerðir fyrirvarar að því er eftirfarandi tegundir í I. og II. viðauka varðar:

Steypireyður (*Balaenoptera musculus*) í I. viðauka.
Langreyður (*Balaenoptera physalus*) í I. viðauka.
Sandreyður (*Balaenoptera borealis*) í I. viðauka.
Hnúfubakur (*Megaptera novaengliae*) í I. viðauka.
Búrhvalur (*Physeter macrocephalus/(catodon)*) í I. viðauka.
Andanefja (*Hyperoodon ampullatus*) í I. viðauka.
Hrefna/Hrafnreyður (*Balaenoptera acutorostrata*), Vestur-Grænlandsstofn skráður í II. viðauka, aðrir stofnar skráðir í I. viðauka.
Suðurskauta hrefna (*Balaenoptera bonaerensis*) í I. viðauka.
Marsvín/Grindhvalur (*Globicephala melas*) í II. viðauka.
Háhyrningur (*Orcinus orca*) í II. viðauka.
Hnýðingur (*Lagenorhyncus albirostris*) í II. viðauka.
Leiftur (*Lagenorhyncus acutus*) í II. viðauka.
Hnísa (*Phocoena phocoena*) í II. viðauka.
Höfrungur/Léttir (*Delphinus delphis*) í II. viðauka.
Stökkull (*Tursiops truncatus*) í II. viðauka.
Hvalháfur (*Rhincodon typus*) í II. viðauka.
Beinhákarl (*Cetorhinus maximus*) í II. viðauka.
Hvítur hákarl (*Carcharodon carcharias)* í II.viðauka.
Hámeri (*Lamna nasus*) i II. viðauka.][1)]

[1)]*Rg. 813/2014, 2. gr.*

Fylgiskjal B.

Upplýsingar sem tilgreina skal í leyfi sbr. 3. mgr. 4. gr.

1. Innflytjandi, nafn og heimilisfang.
2. Innflutningsland.
3. Útflytjandi, nafn og heimilisfang.
4. Sérstakar aðstæður, ef um þær er að ræða, t.d. um aðbúnað og meðferð lifandi dýra.
5. Tilgangur viðskiptanna.
6. Tegundir - vísindaheiti og almennt heiti dýrs eða plöntu.
7. Lýsing á eintaki.
8. Viðaukanr. og uppruni.
9. Magn/fjöldi - einingar meðtaldar.
10. Upprunaland, útflutningsvottorð og leyfisnúmer.
11. Útflutningsland/endurútflutningur.
12. Dagsetning leyfis.

II. hluti

Lax- og silungsveiði

Lög
nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

I. KAFLI
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

 Markmið laga þessara er að kveða á um veiðirétt í ferskvatni og skynsamlega, hagkvæma og sjálfbæra nýtingu fiskstofna í ferskvatni og verndun þeirra.

2. gr.
Gildissvið.

 Ákvæði laga þessara gilda um alla veiði úr ferskvatnsfiskstofnum á íslensku forráðasvæði, nema aðra skipan leiði af ákvæðum annarra laga.

3. gr.
Skilgreiningar.

 Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Afréttur:* Landsvæði utan byggðar sem að staðaldri hefur verið notað til sumarbeitar fyrir búfé.
2. *Almenningur í stöðuvatni:* Sá hluti stöðuvatns sem er fyrir utan 115 m breitt vatnsbelti (netlög) landareigna þeirra sem að vatninu liggja.
3. *Á:* Straumvatn frá ósasvæði til upptaka.
4. *Áll:* Sá staður langs eftir vatni, stöðuvatni eða straumvatni þar sem dýpi er mest milli grynninga eða sandeyra sem eigi teljast bakkar. Nú eru álar fleiri en einn og heitir sá höfuðáll sem vatnsmestur er.
5. *Áveita:* Mannvirki sem notað er til þess að veita vatni á land.
6. *Bakki:* Fast takmark á farvegi straumvatns eða legi stöðuvatns, svo sem klettar, gróið land eða eyrar sem vatn fellur eigi yfir í meðalvexti eða sjór um stórstraumsflæði.
7. *Eignarland:* Landsvæði, þar með talið innan netlaga í stöðuvötnum og sjó, sem er háð einkaeignarrétti þannig að eigandi landsins fer með öll venjuleg eignarráð þess innan þeirra marka sem lög segja til um á hverjum tíma.
8. *Farvegur:* Vatnsleg sem vatnsfall rennur eftir, hvort heldur af manna völdum eða náttúru.
9. *Fasteign:* Afmarkaður hluti lands, ásamt eðlilegum hlutum þess, lífrænum og ólífrænum, og mannvirki sem varanlega er við landið skeytt.
10. *Ferskvatnsvistkerfi:* Tiltekið svæði þar sem vatnadýr tengjast hvert öðru og umhverfi sínu á einn eða annan hátt.
11. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
12. *Fiskför:* För fisks um veiðivatn.
13. *Fiskigengd:* Sá fjöldi fiska sem gengur í veiðivatn eða elst upp í veiðistærð í veiðivatni.
14. *Fiskihverfi:* Veiðivatn eða -vötn sem sami fiskstofn byggir og fer um fram og aftur eða ætla má að sami fiskstofn byggi og fari um fram og aftur þá er ræktaður hefur verið.
15. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni eða arð af veiðivatni.

16. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.

17. *Fiskur:* Lax *(Salmo salar)*, silungur (urriði *(Salmo trutta)*, bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)*), áll *(Anguilla anguilla og Anguilla rostrata)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

18. *Fiskvegur:* Hvers konar mannvirki er gerir veiðivötn fiskgeng eða greiðir fiskför um þau.

19. *Framkvæmd í veiðivatni:* Hvers konar framkvæmd í og við veiðivatn, svo sem mannvirki, efnistaka eða jarðrask, sem hefur áhrif á lífríki, rennsli, veiði og ásýnd veiðivatns.

20. *Föst veiðivél:* Veiðitæki sem fest er í vatni og fiskur getur ánetjast í eða króast af, svo sem lagnet, króknet og girðing.

21. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.

22. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).

23. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.

24. *Háflæði:* Mesta rennsli eða hækkun á vatnsborði sem verður að jafnaði oftar en annað hvert ár í ólögðu vatni og þegar auð er jörð.

25. *Jörð:* Lögbýli samkvæmt ábúðarlögum.

26. *Kvísl:* Hluti af straumvatni sem fellur sér milli bakka.

27. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.

28. *Lögn:* Staður í vatni þar sem fastri veiðivél verður við komið.

29. *Merkivatn:* Vatn það sem landamerkjum ræður.

30. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

31. *Ós í á:* Sá staður þar sem straumur þverár sameinast straumi höfuðár.

32. *Ós í sjó:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í sjó um stórstraumsfjöru.

33. *Ós í stöðuvatn:* Sá staður þar sem straumur ár hverfur í stöðuvatn.

34. *Ós úr stöðuvatni:* Sá staður þar sem straumlína ár hefst í stöðuvatni.

35. *Ósasvæði:* Svæði í straumvatni er nær frá ósi í sjó upp til þess staðar þar sem straumlína hverfur um stórstraumsflæði.

36. *Rennsli:* Hreyfing vatns, hvort heldur er af manna völdum eða náttúru.

37. *Sjálfbær nýting fiskstofna:* Nýting þar sem ekki er gengið á fiskstofn. Eftir veiði er hrygningarstofn nægilega stór til þess að tryggja eðlilega nýliðun og til þess að viðhalda fjölbreytileika stofnsins.

38. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.

39. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.

40. *Straumlína (strengur):* Lína sem liggur eftir endilöngu straumvatni um þá staði þess þar sem straumur er mestur.

41. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

42. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

43. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

44. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

45. *Vatnafiskur:* Fiskur sem lifir að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

46. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

47. *Vatnsfall:* Rennandi vatn í afmörkuðum farvegi, þó að tíma- og staðbreytilegur sé, sem rennur undan þyngdaraflinu niður á við.

48. *Vatnsleg:* Lægð í landi, sem vatn stendur í, vatnsfall eða stöðuvatn, ásamt tilheyrandi botni og bökkum allt að vatnsborðsstöðu við háflæði. Lönd sem flæðir yfir ofan háflæðis teljast ekki til vatnslegs.

49. *Vatnsmiðlun:* Geymsla og miðlun vatns til þess að breyta náttúrulegu vatnsmagni straumvatns (vatnsfalls) eða til þess að stýra rennsli vatns.

50. *Vatnsnýting:* Vatnstaka, veiting eða virkjun vatns til heimilis- og búsþarfa, í arðsemisskyni eða til að verja fasteign spjöllum.

51. *Vatnsveita:* Mannvirki til að flytja vatn til notenda.

52. *Vatnsvirki:* Mannvirki umhverfis vatn, í eða yfir vatni eða við það.

53. *Veiðifélag:* Félag allra veiðiréttarhafa í sama fiskihverfi, veiðivatni eða landsvæði, sbr. 38. gr.

54. *Veiðihlutur:* Hundraðshluti jarðar í veiði vatns samkvæmt arðskrá.

55. *Veiðimagn:* Samanlögð þyngd veiddra fiska.

56. *Veiðimál:* Hvers konar mál er lúta að lax-, silungs- og álaveiði, fiskrækt eða fiskeldi.

57. *Veiðiréttarhafi:* Sá einstaklingur sem á hverjum tíma fer með rétt fasteignar til veiði, sbr. fyrirmæli II. kafla laga þessara.

58. *Veiðitala:* Tala veiddra fiska.

59. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

60. *Veiðivél:* Sjá föst veiðivél.

61. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

62. *Þjóðlenda:* Landsvæði utan eignarlanda þó að einstaklingar eða lögaðilar kunni að eiga þar takmörkuð eignarréttindi.

63. *Örmerkingar:* Merkingar á laxi með málmflísum í trjónuna.

4. gr.

[*Lax- og silungsveiðisvið.*][1)]

1 [Framkvæmd stjórnsýslu og eftirlits samkvæmt lögum þessum skal vera á sérstöku sviði Fiskistofu sem nefnist lax- og silungsveiðisvið. Fiskistofustjóri ræður sviðsstjóra til að stýra því sviði. Skal hann hafa háskólapróf sem nýtist honum í starfi og heyra undir fiskistofustjóra.][1)]

2 Í samræmi við fyrirmæli einstakra greina laga þessara er ráðherra heimilt að setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð.[2)]

3 Þegar talað er um reglur í lögum þessum er átt við svæðis- og tímabundnar reglur sem [Fiskistofa][1)] setur á grundvelli laganna eða reglugerða ráðherra sem settar eru með stoð í lögum þessum.

4 Við setningu reglugerða og reglna samkvæmt lögum þessum skal leita faglegra umsagna eftir því sem við kann að eiga, þar með talið frá viðkomandi veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum.

5 Öll veiðifélög samkvæmt ákvæðum VI. kafla laga þessara hafa með sér landssamtök, Landssamband veiðifélaga, sem gætir sameiginlegra hagsmuna þeirra.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]Rg. 105/2000 (um flutning og sleppingar laxfiska og varnir gegn fisksjúkdómum og blöndun laxastofna), sbr. 528/2003 og 55/2019.

[4. gr. a.

Veiðieftirlitsmenn.

1 Fiskistofa skipar eftirlitsmenn með veiði samkvæmt lögum þessum þar sem þurfa þykir enda æski þess veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem veiðifélag hefur ekki verið stofnað, og greiði

kostnað af eftirlitinu. Á sama hátt skipar Fiskistofa eftirlitsmann með klaköflun þar sem þurfa þykir og greiðir viðkomandi klakleyfishafi kostnað sem af þessu leiðir.

2 Fiskistofu er heimilt að skipa eftirlitsmenn með því að bann við laxveiðum í sjó sé virt. Kostnaður við störf þeirra greiðist úr ríkissjóði.

3 Eftirlitsmenn skulu hafa nákvæmar gætur á því að veiði í umdæmi þeirra sé stunduð með löglegum hætti. Þeir safna skýrslum, m.a. skulu þeir gera skrár um veiðivélar, lagnir og drætti í umdæmum sínum og sjá um merkingu veiðarfæra. Nánari fyrirmæli um starfsemi eftirlitsmanna setur Fiskistofa í erindisbréfi.

4 Eftirlitsmenn skulu eiga frjálsa för um veiðivatn, meðfram því og um netlög í sjó eftir því sem þörf krefur. Þeir hafa vald til að taka upp ólögleg veiðitæki eða veiðitæki sem notuð eru á óleyfilegum tíma eða óleyfilegum stað.][1)]

[1)] *L. 81/2008, 9. gr.*

II. KAFLI.
Um veiðirétt.

5. gr.
Veiðiréttur.

1 Eignarlandi hverju fylgir veiðiréttur í vatni á eða fyrir því landi, enda sé ekki mælt fyrir um aðra skipan í lögum.

2 Í þjóðlendum er íslenska ríkið eigandi veiðiréttar samkvæmt lögum þessum með þeim takmörkunum sem leiðir af veiðirétti afréttareigenda, sbr. ákvæði 7. gr.

3 Ábúð á jörð fylgir veiðiréttur sem jörðinni tilheyrir, nema á annan veg semjist milli jarðeiganda og ábúanda.

4 Þegar vatn skilur fasteignir, sem veiðiréttur fylgir, er landeiganda einum heimil veiði fyrir landi sínu. Mönnum er þó ævinlega heimil för í annarra land til þess að koma í veg fyrir missi afla eða koma í veg fyrir tjón á veiðibúnaði. Ávallt skulu þeir gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum nágranna og bæta tjón ella á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

5 Ef farvegur straumvatns breytist eða stöðuvatn tekur sér nýtt leg færist veiðiréttur til eigenda þeirra fasteigna er land eiga undir, sbr. þó 7. og 8. gr. vatnalaga, nr. 15/1923.

6. gr.
Veiðiréttur í almenningi stöðuvatns.

1 Fasteignaeigendum, er land eiga að stöðuvatni, er einum heimil veiði í almenningi vatnsins, þar með talin dorgveiði um ís, og er hún þeim öllum jafnheimil. Ef forn venja er til þess að veiðiréttur í almenningi stöðuvatns fylgi tiltekinni eða tilteknum fasteignum gildir sú skipan mála.

7. gr.
Veiðiréttur á afrétti í þjóðlendu.

1 Þeim jörðum sem rétt eiga til upprekstrar á afrétt í þjóðlendu fylgir veiðiréttur í vötnum þeim sem á þeim afrétti eru, með sama hætti og verið hefur. Veiðifélag fer að jafnaði með hagnýtingu og ráðstöfun veiði í slíkum vötnum.

8. gr.
Veiðiréttur í óskiptri sameign.

1 Ef fasteign eða veiðiréttur samkvæmt lögum þessum er í óskiptri sameign er sameigendum öllum veiði jafnheimil.

2 Rétt er þeim er telur sig vanhaldinn að krefjast skipta á veiði, annaðhvort þannig að hvor eða hver hafi sinn hluta vatns eða veiði sinn tíma, dag eða vikur, í samræmi við eignarhluta sinn. Skal skorið úr um skiptinguna með mati skv. VII. kafla laga þessara náist samkomulag ekki.

9. gr.

Aðskilnaður veiðiréttar frá fasteign.

1 Ekki má skilja veiðirétt að nokkru leyti eða öllu frá fasteign, hvorki fyrir fullt og allt né um tiltekinn tíma. Ráðherra getur þó, að fenginni jákvæðri umsögn [Fiskistofu],[1)] veitt undanþágu frá banni þessu. Á lögbýlum, þar sem stundaður er landbúnaður, skal þess gætt við veitingu undanþágu að aðskilnaður valdi því ekki að torvelt verði eftirleiðis að stunda þar landbúnað. Þá má slíkur aðskilnaður ekki valda hættu á því að fiskstofnar viðkomandi veiðivatns verði ofnýttir.

2 Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er heimilt að skilja stangveiðirétt frá fasteign um tiltekinn tíma, allt að tíu árum. Ef ekki er á annan veg samið felst í slíkri ráðstöfun afsal veiðiréttarhafa á rétti til annarrar veiði en stangveiði á umsömdu tímabili.

[1)]L. 81/2008, 8. gr.

10. gr. … [1)]

[1)]L. 88/2020, 9. gr.

11. gr.

Ófriðun sels.

1 Ef selur er í veiðivatni, ósi þess eða ósasvæði er þeim er veiðirétt eiga samkvæmt lögum þessum heimilt að styggja hann og skjóta.

2 Nú fara ekki saman nytjar sellátra og selalagna annars vegar og nýting og viðkoma lax og göngusilungs í veiðivatni hins vegar. Getur [Fiskistofa][1)] þá, að ósk veiðifélags eða veiðiréttarhafa og að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar][2)] og Náttúrufræðistofnunar Íslands, heimilað ófriðun sellátursins og upptöku allra selalagna í eða við það veiðivatn eða fiskihverfi.

3 Ef sannað þykir að aðgerðir þær sem [Fiskistofa][1)] heimilar skv. 2. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum þeirra er sellátur eiga eða nytja skulu veiðiréttarhafar þeir er aðgerðanna óska bæta tjónið. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

4 [Ráðherra getur með reglugerð[3)] sett reglur um selveiðar, m.a. um skráningu selveiða og að banna eða takmarka selveiðar á íslensku forráðasvæði ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar.][4)]

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr. [3)]Rg. 1100/2019 (um bann við selveiðum). [4)]L. 36/2019, 1. gr.

III. KAFLI.
Um veiðistjórn.

12. gr.

Skráning veiðivatna.

1 Skrá skal öll veiðivötn og veiðiréttarhafa og annast [Fiskistofa][1)] þá skráningu.

2 Við gerð og frágang skrár skv. 1. mgr. skal þess gætt að samræmi sé milli hennar og annarra skráa sem haldnar eru lögum samkvæmt af opinberum aðilum og geyma upplýsingar um eiginleika og eignarhald fasteigna.

3 Veiðiréttarhöfum er skylt að veita [Fiskistofu][1)] þær upplýsingar sem hún óskar eftir og nauðsynlegar eru skráningarinnar vegna.

4 Ráðherra skal með reglugerð setja nánari ákvæði um skráningu veiðivatna og þær upplýsingar sem við slíka skráningu skulu liggja fyrir.

[1)]L. 81/2008, 8. gr.

13. gr.

Veiðiskýrslur.

1 Gera skal skýrslu um veiði í sérhverju veiðivatni og netlögum sjávarjarða og hvílir skylda til skýrslugjafar á handhafa veiðiréttar og sérhverjum þeim er veiði stundar.

2 [[Hafrannsóknastofnun][1)] safnar veiðiskýrslum í samræmdu formi sem stofnunin útbýr og leggur til í umboði Fiskistofu. Veiðiskýrslur teljast opinber gögn og almennar upplýsingar úr veiðiskýrslum skulu jafnframt vera aðgengilegar almenningi sem og öðrum rannsóknar- og ráðgjafaraðilum samkvæmt ákvörðun Fiskistofu.][2)]

3 Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki er veiðifélag, skulu sjá til þess að skýrslur séu gefnar um veiði í sérhverju veiðivatni og að þeim sé skilað til [Fiskistofu].[3)] …[2)]

4 Ráðherra getur með reglugerð sett nánari fyrirmæli um skráningu veiði.

[1)]L. 113/2015, 7. gr. [2)]L. 81/2008, 10. gr. [3)]L. 81/2008, 8. gr.

14. gr.

Laxveiðar í sjó.

1 Ekki má veiða lax í sjó. Veiðist lax í veiðitæki í sjó skal sleppa honum strax aftur.

15. gr.

Veiðar göngusilungs í sjó.

1 Ekki má veiða göngusilung í sjó. Slíkar veiðar eru þó heimilar í netlögum sjávarjarða og skulu þær hlíta sömu reglum og veiði silungs í ósöltu vatni eftir því sem við getur átt.

2 Við veiðar göngusilungs í fastar veiðivélar í netlögum einstakra sjávarjarða skal miða við þann netafjölda sem viðkomandi fasteign hafði síðustu fimm ár fyrir gildistöku laga um lax- og silungsveiði, nr. 53/1957. [Fiskistofa][1)] skal halda skrá um framangreindan rétt sjávarjarða til netaveiði í netlögum og sinna eftirliti með þeim veiðum í samræmi við ákvæði laga þessara.

3 Á tímabilinu 1. apríl til 1. október ár hvert má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær ósi straumvatns, sem fiskur gengur í, en 1.500 metra ef meðalvatnsmagn ár er innan við 25 m^3 á sekúndu en 2.000 metra ef vatnsmagnið er meira. Gangi lax í straumvatn má þó aldrei leggja net né hafa ádrátt í sjó nær en 2.000 metra. Á framangreindu tímabili má ekki leggja net né hafa ádrátt í sjó nær hafbeitarstöð í starfrækslu en 1.500 metra.

4 Ef stangveiði er stunduð í netlögum sjávarjarða á svæðum þeim sem tilgreind eru í 3. mgr. er eiganda sjávarjarðar skylt að hafa fullt samráð við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, og eigendur viðkomandi hafbeitarstöðvar.

5 [Fiskistofu][1)] er að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, sem hagsmuna eiga að gæta heimilt með reglum[2)] að takmarka eða banna á tilteknum svæðum og um tiltekinn tíma veiði silungs samkvæmt grein þessari, ef slíkt er nauðsynlegt, til þess að tryggja fiskigengd í nærliggjandi veiðivötn.

6 Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 5. mgr. hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum eiganda sjávarjarðar skulu þeir bæta honum tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

7 [Fiskistofa][1)] setur nánari reglur[2)] um netaveiði göngusilungs í sjó.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]Sjá nánar reglur í II. hluta þessa rits.

16. gr.

Takmarkanir á veiði sjávarfiska.

1 Að fenginni heimild [þess ráðuneytis er fer með málefni sjávarútvegs][1)] getur [Fiskistofa][2)] að eigin frumkvæði eða samkvæmt beiðni veiðifélags eða veiðiréttarhafa takmarkað eða bannað veiði sjávarfiska framan við árósa straumvatna ef sýnt þykir að slíkar veiðar geti spillt fiskigengd í

viðkomandi veiðivötn eða að slíkt er af öðrum ástæðum nauðsynlegt til verndar fiskstofnum veiðivatnsins. Áður en gripið er til slíkrar takmörkunar eða banns skal leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].[3)]

2 Ef sannað þykir að takmarkanir skv. 1. mgr. á veiðum innan netlaga hafi í för með sér tjón á fjárhagslegum hagsmunum tiltekins landeiganda skulu þeir bæta tjónið sem takmörkunin er til hagsbóta fyrir. Bætur skulu ákvarðaðar með mati skv. VII. kafla laga þessara.

[1)]L. 126/2011, 428. gr. [2)]L. 81/2008, 8. gr. [3)]L. 113/2015, 7. gr.

17. gr.

Veiðitími lax.

1 Laxveiðar eru heimilar á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert, en þó aðeins í 105 daga innan þess tímabils. [Fiskistofu][1)] er heimilt, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] að lengja veiðitíma í allt að 120 daga og allt til 31. október ár hvert í þeim veiðivötnum þar sem fyrst og fremst er veitt úr stofnum sem viðhaldið er með viðvarandi sleppingu seiða. Þá er [Fiskistofu],[1)] að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] heimilt að lengja um allt að fimmtán daga veiðitímabil skv. 1. málsl. í þeim veiðivötnum þar sem öllum laxi er sleppt.

2 Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal lax vera friðaður fyrir allri veiði a.m.k. 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

3 Ef lax veiðist á tímabilinu frá 1. apríl og þar til veiðitími skv. 1. mgr. hefst er skylt að sleppa slíkum fiski.

4 Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa][1)] staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[2)] Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],[1)] að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

5 Í reglum skv. 4. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr.,
b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,
c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr.

18. gr.

Veiðitími göngusilungs.

1 Veiðar göngusilungs eru heimilar frá 1. apríl til 10. október ár hvert, en í veiðivatni, þar sem megnið af veiðinni er villtur laxastofn, skulu lok veiðitíma miðast við 30. september ár hvert. Þó getur [Fiskistofa],[1)] að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] heimilað stangveiðar utan þess veiðitíma í veiðivötnum þar sem slíkar veiðar hafa verið stundaðar.

2 Á veiðitíma þeim sem um getur í 1. mgr. skal göngusilungur vera friðaður gegn allri veiði 84 stundir í viku hverri. Netaveiði má aldrei stunda frá föstudagskvöldi klukkan 22 til þriðjudagsmorguns klukkan 10.

3 Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa][1)] staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[2)] Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],[1)] að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

4 Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda veiðidaga skv. 1. mgr. vegna dorgveiði,
b. takmarkanir á notkun tiltekinna veiðitækja á ákveðnum tímabilum,

c. ákvörðun um daglegan veiðitíma,
d. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr.

19. gr.
Veiðitími vatnasilungs.

1 Veiðar á vatnasilungi eru heimilar frá 1. janúar til 31. desember ár hvert.

2 Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa][1)] staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[2)] Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],[1)] að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

3 Í reglum skv. 2. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:
a. alfriðun veiðivatns um tiltekið tímabil,
b. tímabundna friðun innan veiðitímabils, t.d. um ákveðinn daga- eða vikufjölda,
c. takmarkaðar veiðar til heimilisþarfa á friðunartíma,
d. friðun vatnasilungs á hrygningarstöðvum,
e. ákvörðun um mörk veiðisvæða.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr.

20. gr.
Álaveiðar.

1 Álaveiðar eru heimilar allt árið. Að álaveiðum skal jafnan þannig staðið að veiðar og gengd lax og silungs spillist eigi.

2 [Ráðherra getur með reglugerð[1)] sett reglur um álaveiðar, m.a. um að banna eða takmarka álaveiðar um allt land eða á tilteknum svæðum ef það er talið nauðsynlegt að mati Hafrannsóknastofnunar.][2)]

3 Veiðifélög eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiðitíma og veiðitakmarkanir í einstökum veiðivötnum. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa][3)] staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[4)] Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],[3)] að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur. Í slíkum reglum skal m.a. kveðið á um tíma- eða staðbundnar friðanir áls og gerð og frágang heimilla veiðitækja.

[1)]Rg. 408/2019 (um bann við álaveiðum). [2)]L. 29/2018, 1. gr. [3)]L. 81/2008, 8. gr. [4)]L. 113/2015, 7. gr.

21. gr.
Ósaveiðar.

1 Eigi má veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum í ár eða ósum í stöðuvötn og eigi 100 metra upp frá slíkum ósum eða 250 metra niður frá þeim. Eigi má heldur veiða fisk með föstum veiðivélum í ósum úr stöðuvötnum þeim er lax eða göngusilungur fer um né 50 metra upp eða niður frá slíkum ósum.

2 [Fiskistofa][1)] getur, að ósk hlutaðeigandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] bannað eða takmarkað umfram það sem greinir í 1. mgr. alla veiði eða tilteknar veiðiaðferðir, þar með talið stangveiði, upp eða niður frá ósi, enda þyki slíkt nauðsynlegt vegna fiskigengdar og viðhalds veiði í vatninu.

3 Bann eða takmörkun veiði skv. 2. mgr. skal vera tímabundin, sé þess kostur. Ef sannað þykir að slíkt bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir

veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið á grundvelli mats skv. VII. kafla laga þessara.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr.

22. gr.

Gönguhelgi.

1 Í straumvatni eða hluta straumvatns þar sem veiði er stunduð með föstum veiðivélum skal fiskur eiga frjálsa för eftir miðju vatni og nefnist þar gönguhelgi.

2 Gönguhelgi tekur yfir þriðjung af breidd straumvatns um miðbik og ósasvæði skv. 1. mgr. 21. gr. Þó skal fiskur eiga frjálsa för eftir aðalstraumlínu, þótt skemmra liggi frá bakka en nemur þriðjungi af breidd vatns.

3 Nú rennur straumvatn í kvíslum og skal þá haga veiði í hverri kvísl sem hún væri sérstakt vatn.

4 Nú greinir menn á um gönguhelgi eða aðalstraumlínu og skal þá skorið úr með mati skv. VII. kafla laga þessara.

23. gr.

Veiðar við fiskvegi.

1 Ekki má veiða eða styggja fisk í fiskvegi eða fiskteljara nær neðra mynni þeirra en 30 metrum og ekki nær efra mynni þeirra en 20 metrum. Ekki má spilla fiskvegum eða fiskteljurum eða tálma með nokkrum hætti fiskför að þeim né um þá. Veiðifélagi er þó heimilt, með samþykki [Fiskistofu],[1)] að setja aðrar reglur um veiðar í námunda við fiskvegi.

[1)]L. 81/2008, 8. gr.

24. gr.

Svæðisbundin friðun lax og göngu- og vatnasilungs.

1 Ef nauðsyn ber til að draga úr veiði eða friða heilt vatn eða hluta þess um tiltekinn tíma gegn allri veiði eða takmarka einstakar veiðiaðferðir í vatninu til verndar fiskstofnum þess getur [Fiskistofa][1)] sett reglur um slíka friðun, að fenginni tillögu eða umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[2)] Áður en slíkar reglur eru settar skal jafnan leita umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.

2 [Með sömu skilmálum og greinir í 1. mgr. er Fiskistofu heimilt, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] að setja reglur um friðun tiltekinna svæða í vatni, þar sem fiskur safnast saman til hrygningar, eða vegna fyrirstöðu á göngu, enda sé veiði á þeim stöðum skaðleg fiskstofnum vatnsins.][3)]

3 Friðun skv. 2. mgr. getur ýmist verið bundin við tiltekinn tíma eða ótímabundin. Ef sannað þykir að bann eða takmörkun valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar við viðkomandi veiðivatn, sem bannið eða takmörkunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Ef eigi semst skal ákveða bætur með mati skv. VII. kafla laga þessara.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr. [3)]L. 157/2012, 20. gr.

25. gr.

Eyðing fisks.

1 Ef rétt þykir að eyða fiski eða lagardýrum úr veiðivatni vegna sjúkdóma eða sníkjudýra getur [Fiskistofa][1)] heimilað slíkt. Skal áður aflað umsagnar viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, [Hafrannsóknastofnunar],[2)] Umhverfisstofnunar, Náttúrufræðistofnunar Íslands og fisksjúkdómanefndar. Ef nauðsyn ber til skal kveða á um notkun tiltekinna efna við eyðingu fiskstofnsins, með þeim skilyrðum sem þurfa þykir.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr.

26. gr.

Veiðar í klak- og vísindaskyni og merkingar vatnafiska.

1 Heimilt er veiðifélögum að veiða lax eða silung til hrognatöku vegna fiskræktar enda liggi fyrir samþykkt fiskræktaráætlun, sbr. lög um fiskrækt. Þá getur [Fiskistofa][1)] heimilað veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að veiða lax eða silung til hrognatöku í sama skyni. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. og IV. kafla laga þessara en um nánari framkvæmd þeirra fer eftir lögum um fiskrækt.

2 [Fiskistofa][1)] getur heimilað þeim er rannsóknir stunda á lífríki ferskvatns veiðar ferskvatnsfiska í vísindaskyni, þar með talið í eignarlöndum. Eru slíkar veiðar undanþegnar ákvæðum III. kafla laga þessara um veiðistjórn og ákvæðum IV. kafla um veiðitæki og veiðiaðferðir.

3 Til veiða í vísindaskyni þarf veiðiskírteini sem [Fiskistofa][1)] gefur út á nafn einstaklings, eða stofnunar ef rannsóknir eru stundaðar á hennar vegum. [Fiskistofu][1)] er heimilt að gera ákveðnar kröfur um færni og kunnáttu þeirra sem óska eftir veiðiskírteini. Skal skírteinið gilda tímabundið. Að jafnaði skal tiltekið til hverra veiðivatna rannsókn tekur. Ef sérstaklega stendur á, t.d. þar sem rannsóknir eru stundaðar á landsvísu eða afmörkuðum svæðum landsins, er ekki þörf slíkrar tilgreiningar. Veiðar í vísindaskyni skulu, eftir því sem kostur er, stundaðar í samráði við veiðifélög eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög.

4 Handhafa veiðiskírteinis er ekki heimilt að hagnýta sér í eigin þágu þann fisk sem veiddur er í vísindaskyni. Veiðiréttarhafa er heimilt að hagnýta sér aflann, en ber að öðru leyti ekki endurgjald vegna slíkrar veiði.

5 [Fiskistofa][1)] veitir heimildir til merkinga á vatnafiskum með skilyrðum sem hún setur og heldur gagnabanka um merkingar. Eigendur veiðiréttar og þeir sem veiði stunda skulu skila merkjum til [Fiskistofu],[1)] í samræmi við reglur sem stofnunin setur.

6 [Fiskistofa][1)] getur sett reglur um upprunamerkingu á þeim laxi sem boðinn er til sölu og gert sérstakar kröfur um merkingar á stangveiddum slátruðum laxi sem veiddur er í ám. [Fiskistofa][1)] leggur þá til slík merki, hagsmunaaðilum að kostnaðarlausu.

[1)]L. 81/2008, 8. gr.

IV. KAFLI.
Um veiðitæki og veiðiaðferðir.

27. gr.

Veiðitæki og veiðiaðferðir í straumvatni.

1 Í straumvatni má við veiðar aðeins nota færi, stöng, lagnet og króknet.

2 Ekki má í straumvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti. Ekki má veiða fisk með því að veita af honum vatni.

3 [Fiskistofa][1)] getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] heimilað veiðifélagi eða veiðiréttarhafa ádráttarveiði á göngusilungi á veiðisvæði sínu. Ádráttarveiði á laxi er einungis heimil í vísindaskyni og til öflunar klakfisks. [Fiskistofu][1)] er einnig heimilt að leyfa veiði með girðingum og kistum þar sem sérstaklega hagar til, enda setji hún með sama skilorði ákvæði um gerð og notkun þessara veiðitækja umfram það sem segir í lögum þessum.

4 Ekki er heimilt að stunda samhliða veiði á stöng og veiði með föstum veiðivélum eða ádrætti á sama svæði í straumvatni eða svæði stöðuvatns þar sem göngufiskur fer um.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr.

28. gr.

Fastar veiðivélar í straumvatni.

1 Lagnet og krókнet skulu liggja frá bakka eða garði er gengur þvert á straum út frá bakka, beint út í straumvatn eða forstreymis. Leiðara má hafa frá krók, og telst hann hluti veiðivélar. Ekki má leggja lagnet svo að af verði gildra, og ekki má nota tvöföld net.

2 Á tímabilinu frá 20. maí til 30. september ár hvert mega net þau er í 1. mgr. greinir, á þeim svæðum sem lax gengur um, ekki vera smáriðnari en svo að 4,5 cm séu á milli hnúta, þegar net eru vot, og á sama við um leiðara frá krókneti eða öðrum föstum veiðivélum.

3 Veiðifélag setur reglur um gerð og möskvastærð silungsveiðineta á félagssvæði sínu ef ætlunin er að stunda þar netaveiðar á silungi. Slíkar reglur skulu samþykktar af [Fiskistofu],[1)] að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[2)]

4 Milli fastra veiðivéla, hvort sem þær eru sömum megin í straumvatni eða ekki, skal jafnan vera hundrað metra bil eftir endilöngu vatni, þar sem skemmst er á milli þeirra. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd veiðivéla frá bakka og út á vatn. Til fastrar veiðivélar telst fjarlægð hennar frá bakka straumvatns, svo og leiðari.

5 Ekki má fjölga föstum veiðivélum frá því sem var síðustu fimm árin fyrir gildistöku laga nr. 53/1957, um lax- og silungsveiði. [Fiskistofa getur þó, ef sérstaklega stendur á og að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] heimilað fjölgun lagna.][3)]

6 [Ef heimil veiðitæki samkvæmt lögum þessum þykja stofna viðgangi fiskstofns í veiðivatni í hættu er Fiskistofu heimilt að fækka föstum veiðivélum í því vatni. Skal áður aflað umsagnar [Hafrannsóknastofnunar][2)] og viðkomandi veiðifélags eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag.][3)]

7 Ef sannað þykir að ákvarðanir [Fiskistofu][1)] skv. 5. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra veiðiréttarhafa í sama veiðivatni skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr. [3)]L. 157/2012, 20. gr.

29. gr.

Stangveiði í straumvatni.

1 Við veiði með færi og stöng skal nota agn, lifandi eða dautt, sem fiskur eltir og tekur. Aldrei má við slíka veiði nota krækjur eða neitt annað sem festir í fiski honum að óvörum og án þess að hann elti það.

2 Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um stangveiði á veiðisvæði sínu [fyrir tilgreindan árafjölda].[1)] Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa][2)] staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[3)] Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],[2)] að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

3 Í reglum skv. 2. mgr. skal kveða á um eftirfarandi atriði:

a. fjölda stanga sem á má veiða hverju sinni,
b. aðra tilhögun veiði sem nauðsynleg þykir.

4 Ef ágreiningur rís um skiptingu veiðitíma, veiðistaði eða endurgjald fyrir stangveiði milli veiðiréttarhafa er þeim sem telur sig vanhaldinn heimilt að krefjast mats skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

[1)]L. 14/2014, 1. gr. [2)]L. 81/2008, 8. gr. [3)]L. 113/2015, 7. gr.

30. gr.

Veiðitæki og veiðiaðferðir í stöðuvötnum.

1 Í stöðuvatni má við veiðar aðeins nota færi, dorg, stöng, lóð, lagnet og ádráttarnet. Í almenningi stöðuvatns er ádráttarveiði þó óheimil.

2 Ekki má í stöðuvatni veiða fisk með krók eða sting eða í háf. Þó má nota þessi tæki til þess að bjarga á land fiski sem fastur er á öngli eða í neti.

3 Veiðifélag eða veiðiréttarhafar, þar sem ekki eru veiðifélög, skulu setja nánari reglur um veiði á veiðisvæði sínu. Slíkar reglur, nýtingaráætlun, skal [Fiskistofa][1)] staðfesta að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar].[2)] Sinni veiðifélög eða veiðiréttarhafar ekki þessari skyldu sinni getur [Fiskistofa],[1)] að eigin frumkvæði, sett slíkar reglur.

4 Í reglum skv. 3. mgr. er m.a. heimilt að kveða á um eftirfarandi atriði:

a. undanþágu til notkunar annarra veiðitækja en greinir í 1. mgr.,
b. fjölda, gerð og notkun þeirra veiðitækja sem leyfð eru,
c. lágmarksstærð fisks sem veiða má,
d. fjarlægð stangveiði frá föstum veiðivélum,
e. undanþágu frá banni við ádrætti í almenningi stöðuvatns.

5 Fari lax og göngusilungur um stöðuvatn skulu gilda um það sömu reglur og um straumvötn með tilliti til staðsetningar fastra veiðivéla og gönguhelgi. Að öðru leyti gilda reglur laga þessara um veiði í straumvötnum um veiði í stöðuvötnum eftir því sem við getur átt.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]L. 113/2015, 7. gr.

31. gr.

Tæki og aðferðir við veiðar göngusilungs í sjó.

1 Veiða má göngusilung í netlögum sjávarjarða á færi, stöng og í lagnet. Við þær veiðar má ekki nota nein þau veiðitæki sem ætluð eru til laxveiða.

32. gr.

Reglugerðarheimild.

1 Ráðherra skal í reglugerð[1)] setja nánari fyrirmæli um veiðitæki og veiðiaðferðir samkvæmt kafla þessum, þ.m.t. um merkingu fastra veiðivéla.

2 [Fiskistofa getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2)] með reglum heimilað notkun annarra veiðitækja og aðrar veiðiaðferðir en greinir í kafla þessum, enda skaði slíkt hvorki lífríki vatns, fiskigengd né fiskför.][3)]

[1)]Rg. 449/2013 (um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó). [2)]L. 113/2015, 7. gr. [3)]L. 157/2012, 20. gr.

V. KAFLI.

Um fiskvegi og aðra mannvirkjagerð í og við veiðivötn.

33. gr.

Um heimild til mannvirkjagerðar í veiðivötnum.

1 Sérhver framkvæmd í eða við veiðivatn, allt að 100 metrum frá bakka, sem áhrif getur haft á fiskigengd þess, afkomu fiskstofna, aðstæður til veiði eða lífríki vatnsins að öðru leyti, er háð leyfi [Fiskistofu].[1)] Um byggingarleyfis- og framkvæmdaleyfisskyldar framkvæmdir fer einnig samkvæmt [skipulagslögum og lögum um mannvirki][2)] og reglum settum samkvæmt þeim.

2 Með umsókn framkvæmdaraðila eða landeiganda til [Fiskistofu][1)] um leyfi til framkvæmda við ár og vötn skulu fylgja álit viðkomandi veiðifélags þegar það á við og umsögn sérfræðings á sviði veiðimála um hugsanleg áhrif framkvæmdar á lífríki veiðivatns. Leyfi [Fiskistofu][1)] skal aflað áður en ráðist er í framkvæmd.

3 Ef sérstök ástæða þykir til getur [Fiskistofa][1] krafist þess að framkvæmdaraðili láti gera líffræðilega úttekt á veiðivatni áður en leyfi til framkvæmdar er veitt. [Fiskistofa][1] getur í slíkum tilvikum kveðið nánar á um til hvaða þátta úttektin skuli ná.

4 Kostnaður vegna nauðsynlegra líffræðilegra úttekta skal greiddur af þeim sem óskar eftir leyfi til framkvæmda. [Fyrir útgáfu leyfis skv. 1. málsl. 1. mgr. greiðist gjald samkvæmt gjaldskrá Fiskistofu, sbr. 5. gr. laga nr. 36/1992, um Fiskistofu, með síðari breytingum.][3]

[1] L. 81/2008, 8. gr. [2] L. 123/2010, 57. gr. [3] L. 67/2015, 13. gr.

[33. gr. a.
Úrræði Fiskistofu.

1 Sé leyfisskyld framkvæmd samkvæmt lögum þessum hafin án leyfis getur Fiskistofa stöðvað hana tafarlaust. Ef staðið er þannig að framkvæmd eða starfsemi að ekki samrýmist lögum þessum, reglugerðum settum samkvæmt þeim eða útgefnu leyfi skal Fiskistofa veita framkvæmdaraðila skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta. Ef þá er ekki farið að fyrirmælum er heimilt að stöðva framkvæmd eða starfsemi og beita dagsektum þar til úr hefur verið bætt. Dagsektir geta numið 10.000–500.000 kr. Við ákvörðun dagsekta skal tekið tillit til eðlis vanrækslu eða brots og þeirra hagsmuna sem eru í húfi. Ákvörðun um dagsektir skal tilkynnt þeim sem hún beinist að á sannanlegan hátt. Dagsektir renna í ríkissjóð.

2 Ef þörf krefur er lögreglu skylt að aðstoða Fiskistofu við aðgerðir skv. 1. mgr.

3 Heimilt er Fiskistofu að afturkalla leyfi sem gefið er út samkvæmt lögum þessum ef um ítrekaða vanrækslu leyfishafa er að ræða eða ljóst er að hann getur ekki staðið við skyldur sínar samkvæmt leyfinu.

4 Heimilt er Fiskistofu að mæla fyrir um að sá sem staðið hefur að óheimilum framkvæmdum fjarlægi mannvirki, lagi jarðrask og færi umhverfi til fyrra horfs. Ef slíkri skyldu er ekki sinnt innan þeirra tímamarka sem Fiskistofa ákveður er heimilt að láta vinna verkið á kostnað hins brotlega. Skal kostnaður þá greiddur til bráðabirgða úr ríkissjóði en innheimtur síðar hjá hlutaðeigandi.

5 Áður en gripið er til úrræða skv. 3. eða 4. mgr. skal veita skriflega aðvörun og hæfilegan frest til úrbóta.

6 Dagsektir skv. 1. mgr. og krafa um endurgreiðslu kostnaðar skv. 4. mgr. eru aðfararhæfar.

7 Úrræði Fiskistofu samkvæmt þessu ákvæði koma til viðbótar öðrum úrræðum opinberra aðila, m.a. á grundvelli vatnalaga, skipulagslaga og laga um mannvirki.][1]

[1] L. 52/2021, 1. gr. Um lagaskil sjá 7. gr. s.l.

34. gr.
Fiskvegir.

1 [Fiskistofa][1] getur, að fenginni umsögn [Hafrannsóknastofnunar],[2] heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, að gera fiskveg eða önnur sambærileg mannvirki í vatni eða meðfram vatni. Þar sem ekki er starfandi veiðifélag þarf ósk um slíkt að koma frá a.m.k. 2/3 veiðiréttarhafa.

2 Ráðherra getur heimilað veiðifélögum eða veiðiréttarhöfum skv. 1. mgr. að taka eignarnámi land, landsafnot, vatn eða afnot vatns sem með þarf til gerðar, starfrækslu og viðhalds fiskvegar eða annarra sambærilegra mannvirkja. Um bætur fer samkvæmt eignarnámsmati.

3 Með sömu skilyrðum og greinir í 1. mgr. getur [Fiskistofa][1] heimilað lokun fiskvegar, tímabundið eða ótímabundið.

4 Ef sannað þykir að beiting heimilda skv. 1. og 3. mgr. valdi tilteknum veiðiréttarhafa tjóni umfram aðra skulu þeir veiðiréttarhafar, sem ákvörðunin er fyrst og fremst til hagsbóta fyrir, bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

[1] L. 81/2008, 8. gr. [2] L. 113/2015, 7. gr.

35. gr.

Önnur mannvirkjagerð.

1 Ef heimiluð er á grundvelli annarra laga gerð mannvirkis sem tálmar fiskför í eða við veiðivatn er þeim sem heimild fær skylt að kosta gerð og viðhald fullnægjandi fiskvegar samkvæmt ákvæðum 34. gr.

2 Skylda til gerðar fiskvegar skv. 1. mgr. er ekki fyrir hendi ef sýnt er fram á með mati skv. VII. kafla laga þessara að gerð fiskvegarins og viðhald hafi til muna meiri kostnað í för með sér en sem nemur tjóni á veiði þeirra veiðiréttarhafa sem land eiga að veiðivatni ofan mannvirkis. Tjón þeirra skal hins vegar sá bæta að fullu er heimild fær til mannvirkjagerðar.

3 Ef vatni er veitt úr eða í veiðivatn til áveitu, vatnsveitu, vatnsaflsvirkjana eða annarra nota, sem ekki tengjast veiði eða fiskför, getur [Fiskistofa][1)] sett það skilyrði að svo sé búið um hnútana að fiskur eða fiskseiði gangi ekki í skurði eða leiðslur. Kostnað, er af slíku hlýst, skal sá greiða er á eða hagsbóta nýtur af framkvæmdinni.

4 Hafi vatnsmiðlun áhrif á vatnsmagn í veiðivatni skal ávallt haga henni þannig að sem minnst röskun hljótist af fyrir lífríki, fiskför og veiði. Rekstraraðila miðlunar er skylt að hafa samráð við veiðifélag eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki er veiðifélag, um vatnsmagnsbreytingar sem fyrirhugaðar eru á hverjum tíma og líklegar eru til að hafa áhrif á fiskför.

[1)] *L. 81/2008, 8. gr.*

36. gr.

[*Kæruleið og skaðabætur.*][1)]

1 [Ákvarðanir Fiskistofu sem teknar eru samkvæmt þessum kafla sæta kæru til úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála. Um aðild, kærufrest, málsmeðferð og annað er varðar kæruna fer samkvæmt lögum um úrskurðarnefndina.][1)]

2 Ef sannað þykir að framkvæmd eða mannvirkjagerð í eða við veiðivatn spilli fiskigengd, lífríki veiðivatns eða öðrum þeim hagsmunum sem verndar njóta samkvæmt lögum þessum og slíkt veldur tilteknum veiðiréttarhafa tjóni, skal sá aðili er að framkvæmd stendur bæta tjónið. Skulu bætur ákveðnar með mati skv. VII. kafla laga þessara, ef eigi semur.

[1)] *L. 131/2011, 1. gr.*

VI. KAFLI.

Um veiðifélög.

37. gr.

Starfsvettvangur veiðifélags og félagsaðild.

1 Í því skyni að markmiðum laga þessara skv. 1. gr. verði náð er mönnum skylt að hafa með sér félagsskap um skipulag veiði í hverju fiskihverfi. Hlutverk slíks félags er m.a. eftirfarandi:

a. að sjá til þess að reglum laga þessara og samþykktum viðkomandi félags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu,

b. að stunda fiskrækt á félagssvæðinu, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra,

c. að skipta veiði eða arði af veiði milli félagsmanna í samræmi við rétt þeirra,

d. að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu,

[e. að nýta eignir veiðifélags og ráðstafa þeim með sem arðbærustum hætti fyrir félagsmenn; heimilt er veiðifélagi að ráðstafa eign félagsins utan veiðitíma og þá til skyldrar starfsemi],[1)]

[f.][1)] að hafa að öðru leyti með höndum verkefni þau sem því eru falin í lögunum og varða framkvæmd þeirra.

2 Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr., en um atkvæðisrétt þeirra fer skv. 40. gr. [Félagsmenn bera ekki persónulega ábyrgð á fjárskuldbindingum veiðifélags.][2)]

3 Veiðifélag sem starfar samkvæmt lögum þessum skal taka til allrar veiði í umdæmi félagsins og eftir stofnun þess er öllum óheimilt að veiða í vatni á félagssvæðinu nema samkvæmt heimild frá félaginu.

4 Hafi veiðifélag ráðstafað í heild stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu. Ávallt skulu þeir sem aðgengis njóta gæta þess að valda sem minnstri röskun á hagsmunum félagsmanns.

5 Ef nýr aðili tekur við veiðirétti skv. II. kafla laga þessara fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings er þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuldbindingar fráfarandi félagsmanns.

6 Sjálfstæðar eignir veiðifélags tilheyra þeim fasteignum á félagssvæðinu sem veiðirétt eiga, og í arðskrárhlutfalli.

7 Ráðherra skal í reglugerð[3)] setja nánari fyrirmæli um starfsemi veiðifélaga svo sem nánar er kveðið á um í kafla þessum.

[1)]L. 50/2015, 1. gr. [2)]L. 14/2014, 2. gr. [3)]Rg. 345/2014 (um starfsemi veiðifélaga), sbr. 318/2022, 501/2022 og 1086/2025.

38. gr.

Umdæmi veiðifélags.

1 Umdæmi veiðifélags getur náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti, eða veiðivötn á afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.

2 [Fiskistofa][1)] skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði.

3 Ef veiði hefst fyrir eða á landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu, og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi.

4 Ef félagssvæði er hluti straumvatns skal umdæmi félags ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t.d. vegna fiskræktar.

[1)]L. 81/2008, 8. gr.

39. gr.

Stofnun veiðifélags.

1 Þar sem ekki er starfandi veiðifélag fyrir geta einn eða fleiri veiðiréttarhafar átt frumkvæði að stofnun veiðifélags og boðun stofnfundar, en að þeim frátöldum [Fiskistofa].[1)]

2 Til stofnfundar skal boða alla þekkta veiðiréttarhafa á fyrirhuguðu félagssvæði, sbr. 12. gr. Ráðherra skal í reglugerð[2)] setja nánari ákvæði um boðun stofnfundar og dagskrá hans. Til annarra funda en stofnfundar í veiðifélagi skal boða með sama hætti.

3 Á stofnfundi skal setja veiðifélagi samþykktir sem hafa a.m.k. að geyma ákvæði um:

a. nafn félags,
b. heimilisfang og varnarþing,
c. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar þær fasteignir eða einstaklingar og lögaðilar sem veiðiréttindi eiga skv. II. kafla laga þessara,
d. verkefni félagsins,
e. skipun og starfssvið félagsstjórnar,
f. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og endurskoðun,
g. skyldu til framlagningar fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár á aðalfundi félags,

h. meðferð afla félags eða arðs og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

4 Ráðherra skal í reglugerð[2)] setja veiðifélögum fyrirmynd að samþykkt í samræmi við efni málsgreinar þessarar.

5 Í samþykktum má ákveða að félag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur.

6 Atkvæði 2/3 hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna þarf til þess að samþykktir séu löglega gerðar eða þeim breytt. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þar afl atkvæða.

7 Hafi veiðifélag ekki sett sér lögmætar samþykktir, þrátt fyrir ákvæði greinar þessarar, getur [Fiskistofa][1)] sett félagi samþykktir sem gilda þar til lögmætar samþykktir hafa verið settar af félaginu sjálfu.

8 Sá er vefengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags getur borið ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi.

9 Samþykkt skv. 3. mgr. skal staðfest af [Fiskistofu][1)] og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur skv. 7. mgr. er liðinn.

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]Rg. 345/2014 (um starfsemi veiðifélaga).

40. gr.
Atkvæðisréttur í veiðifélagi.

1 Á félagssvæði veiðifélags fylgir eitt atkvæði hverri jörð sem veiðirétt á í samræmi við ákvæði laga þessara. Hið sama gildir um veiðifélag sem einungis tekur til veiðivatna á afréttum í þjóðlendu. Með jörð í framangreindum skilningi er átt við þær jarðir, [þar á meðal eyðijarðir],[1)] sem fullnægðu skilyrðum laga til að teljast lögbýli við gildistöku eldri jarðalaga, nr. 65/1976.

2 [Á fundi veiðifélags má ekki taka ákvörðun sem er ætlað að afla ákveðnum félagsmönnum eða öðrum ótilhlýðilegra hagsmuna á kostnað annarra félagsmanna eða félagsins.

3 Við ákvörðun um ráðstöfun veiðiréttar skv. d-lið 1. mgr. 37. gr. þarf samþykki hið minnsta 2/3 hluta atkvæða ef lagt er til að draga úr veiði frá því sem tíðkast hefur á viðkomandi veiðisvæði, nema breytingarnar séu óverulegar.

4 Ef tillaga kemur fram á félagsfundi um að ráðstafa rétti til stangveiði til félagsmanns í veiðifélaginu eða til aðila sem tengjast honum þarf samþykki hið minnsta 2/3 hluta atkvæða. Þetta gildir þó aðeins ef hlutaðeigandi félagsmaður eða aðilar sem tengjast honum fara að lágmarki með 30% atkvæða. Hugtakið tengdir aðilar í skilningi ákvæðisins hefur sömu merkingu og í lögum um ársreikninga. Skylt er að tilkynna eigi síðar en á félagsfundi ef tengsl eða atkvæðavægi er sem segir í þessari grein.

5 Matsnefnd skv. VII. kafla laga þessara sker úr ágreiningi skv. 3. og 4. mgr. Kærufrestur skal vera tvær vikur og hafa þeir einir kærurétt sem lögvarða hagsmuni hafa af úrlausn málsins. Óheimilt er veiðifélagi, eða veiðifélagsdeild, að gera bindandi samning um ráðstöfun veiðiréttar á meðan kærufrestur varir. Sé kæra lögð fram innan kærufrests er óheimilt að gera bindandi samning þar til matsnefnd hefur endanlega leyst úr málinu. Matsnefnd getur þó, hvort heldur er að kröfu málsaðila eða að eigin frumkvæði, tekið ákvörðun um að aflétta banni við samningsgerð ef ólíklegt er að meðferð nefndarinnar leiði til breytinga á ákvörðun veiðifélags. Úrskurður matsnefndar skal kveðinn upp innan átta vikna eftir að kæra barst nefndinni. Ef úrskurður hefur ekki verið kveðinn upp fyrir þann tíma er veiðifélagi heimilt að hrinda hinum umdeildu ákvörðunum í framkvæmd og getur matsnefnd þá ekki ógilt bindandi ákvarðanir.][2)]

6 Ef eigendur jarðar eða veiðiréttar eða ábúendur jarðar eru fleiri en einn skulu þeir gera með sér skriflegan samning um það hver fari með atkvæðisréttinn og skal það tilkynnt veiðifélagi með sannanlegum hætti. Hið sama gildir þegar jörð hefur löglega verið skipt …[2)] milli eigenda. [Ef ekki

næst sameiginleg niðurstaða geta 2/3 hlutar sameigenda eða ábúenda tekið ákvörðun um það hver fari með atkvæðisréttinn. Um innbyrðis atkvæðavægi fer eftir almennum reglum.][2)]

7 Þegar sameinaðar hafa verið jarðir, sem veiðirétt hafa, fylgir eitt atkvæði hinni sameinuðu jörð.

8 Þegar veiðiréttur hefur löglega verið skilinn frá jörð, eða land hefur verið fellt úr tölu jarða með samþykki réttra yfirvalda, skal eitt atkvæði koma fyrir þá jörð eða það land sem veiðirétturinn tilheyrði upphaflega.

9 Ef landareign er leigð samkvæmt ábúðarlögum skal ábúandi fara með atkvæðisrétt ábúðarjarðar sinnar, nema á annan veg hafi verið samið, sbr. 3. mgr. 5. gr.

10 Félagsmaður má fela öðrum að fara með atkvæði sitt, enda sé umboðið skriflegt og ekki eldra en þriggja mánaða. Geta skal umboðsins í fundargerðabók.

11 Ef lagt er fyrir fund í veiðifélagi að ráðast vegna starfsemi félagsins í framkvæmdir, sem hafa fjárútlát í för með sér er nema a.m.k. 25% af tekjum félags af veiði á því starfsári, getur hver félagsmaður krafist þess að ákvörðun ráðist með greiðslu atkvæða er hafi vægi í samræmi við arðskrá félagsins. Gildir þá hver eining í arðskrá sem eitt atkvæði. Í samþykktum veiðifélags er heimilt að ákveða að regla þessi um atkvæðagreiðslur gildi í fleiri tilgreindum tilvikum sem varða ákvarðanatöku í veiðifélagi.

12 Um málefni, sem ekki er sérstaklega kveðið á í lögum eða samþykktum félags, ræður afl atkvæða.

[1)]L. 119/2009, 1. gr. [2)]L. 52/2021, 2. gr.

41. gr.
Arðskrá.

1 Veiðifélagi er skylt að láta gera skrá er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði.

2 Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal m.a. taka tillit til:

a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði,
b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og
c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.

3 Arðskrá skal leggja fram til samþykktar eða synjunar félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi. Um arðskrá skal greiða atkvæði, og þarf atkvæði 2/3 hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna til samþykktar henni. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þá afl atkvæða.

4 Ef arðskrá er ekki samþykkt ber stjórn veiðifélags að óska eftir mati skv. VII. kafla laga þessara um þau atriði sem greinir í 1. mgr. Einnig er sérhverjum félagsmanni rétt að krefjast mats með framangreindum hætti, enda komi sú krafa fram innan tveggja mánaða frá fundi þar sem arðskrá hefur verið samþykkt.

5 Arðskrá skv. [1.–3. mgr.][1)] skal staðfest af [Fiskistofu][2)] og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur skv. 4. mgr. er liðinn. …[1)] Komi fram krafa um mat gildir eldri arðskrá ef henni er til að dreifa þar til matsgerð skv. VII. kafla laga þessara liggur fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt.

6 Heimilt er veiðifélagi samkvæmt ákvörðun félagsfundar eða stjórnar, svo og einstökum félagsmönnum, að krefjast endurskoðunar á arðskrá átta árum eftir gildistöku hennar.

7 Nánari fyrirmæli um arðskrár skal ráðherra setja í reglugerð.[3)]

[1)]L. 14/2014, 3. gr. [2)]L. 81/2008, 8. gr. [3)]Rg. 403/2012 (um aðskrár veiðifélaga), sbr. 495/2023.

42. gr.

Nánari ákvæði um starfshætti veiðifélags.

1 Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð.

2 Félagsstjórn skal senda [Fiskistofu][1)] samþykktir viðkomandi veiðifélags og arðskrá til staðfestingar.

3 Skylt er stjórn veiðifélags að gefa [Fiskistofu][1)] skýrslu um starfsemi félagsins og þau atriði önnur sem stofnunin kann að óska eftir og henni eru nauðsynleg við framkvæmd laga þessara.

4 Aðalfund veiðifélags skal halda árlega fyrir 1. júní ár hvert og aukafundi eftir þörfum. Boði félagsstjórn ekki til aðalfundar fyrir 1. september ár hvert er þeim sem fund vilja halda heimilt að boða hann. Nánari ákvæði um slíka fundi skal ráðherra setja í reglugerð.[2)]

[1)]L. 81/2008, 8. gr. [2)]Rg. 345/2014 (um starfsemi veiðifélaga).

43. gr.

Kæruheimild.

1 Nú greinir félagsmenn veiðifélags á um lögmæti ákvörðunar sem tekin hefur verið á fundi veiðifélags eða af félagsstjórn og getur þá hver félagsmaður kært ákvörðunina til [Fiskistofu][1)] innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

2 [Fiskistofa][1)] skal hafa lokið afgreiðslu máls innan tveggja mánaða frá því að kæra barst.

3 Reynist hin kærða ákvörðun ólögmæt fellir [Fiskistofa][1)] hana úr gildi. Ákvörðun [Fiskistofu][1)] samkvæmt þessari grein verður ekki kærð til ráðherra.

[1)]L. 81/2008, 8. gr.

VII. KAFLI.
Um matsgerðir og skaðabætur.

44. gr.

Skipan matsnefndar o.fl.

1 [Ráðherra][1)] skipar þrjá menn og jafnmarga til vara í matsnefnd til fjögurra ára í senn. [Einn skal skipaður án tilnefningar og skal hann vera formaður nefndarinnar og einn að fenginni ábendingu Hafrannsóknastofnunar.][2)] Einn nefndarmaður skal skipaður að tilnefningu stjórnar Landssambands veiðifélaga. Nefndin skiptir með sér störfum. …[3)]

2 Ráðherra er heimilt að framlengja starfstíma matsnefndar um sex mánuði til þess að ljúka þeim málum sem nefndin hafði til meðferðar þegar ráðherra skipar nýja menn í nefndina.

3 Heimilt er matsnefndinni að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar ef þörf þykir. Henni er einnig heimilt að leita eftir áliti eða rannsóknum sérfræðinga eða rannsóknastofnana á lífríki vatns þar sem það hefur þýðingu fyrir úrlausn máls.

4 Ráðherra ákveður tímagjald matsmanna og starfsmanns nefndarinnar. …[2)] Við ákvörðun matskostnaðar skv. 47. gr. skal miðað við að hann standi almennt undir kostnaði af starfsemi matsnefndarinnar.

5 Matsnefnd er heimilt að ráða sér starfsmann.

[1)]L. 126/2011, 428. gr. [2)]L. 52/2021, 3. gr. [3)]L. 47/2011, 1. gr.

45. gr.

Beiðni um úrskurð eða matsgerð.

1 Ef félagsmenn í veiðifélagi greinir á um arðskrá verður ágreiningi þar að lútandi skotið til matsnefndar í samræmi við 4. og 6. mgr. 41. gr.

2 Nú greinir menn á um hvar um sé að tefla sjó, straumvatn, stöðuvatn, á, ós, ósasvæði, kvísl, ál eða takmörk fiskihverfis og er þá heimilt að bera ágreininginn undir úrskurð matsnefndar.

3 Matsnefnd fer að auki með önnur þau verkefni sem henni eru falin lögum samkvæmt.

4 Beiðni um úrskurð um ágreiningsefni skal vera skrifleg og skal ágreiningsefnið skýrt afmarkað. Beiðninni skulu fylgja öll nauðsynleg gögn.

46. gr.

Málsmeðferð.

1 Matsnefnd skal ákveða fyrirtöku máls með a.m.k. viku fyrirvara með skriflegri tilkynningu til veiðifélags og eigenda veiðiréttar, sem málið beinlínis varðar, í ábyrgðarbréfi …[1] eða með öðrum tryggilegum hætti. Matsnefnd getur þess í stað óskað eftir því við hlutaðeigandi veiðifélag að það annist tilkynningu til allra eigenda veiðiréttar um fyrirtöku máls. Ef ekki þykir nægilega ljóst fyrir fram hvaða aðilar eigi beinna hagsmuna að gæta skal birta tilkynningu um fyrirtöku máls í Lögbirtingablaði.

2 Við fyrstu fyrirtöku máls skal skorað á aðila að upplýsa hvort þeir geri athugasemdir við hæfi nefndarmanna til meðferðar máls. Þá skal og farið yfir afmörkun ágreiningsefnis sem til úrlausnar er og ákvarðar nefndin það nánar sé ástæða til.

3 Um meðferð máls fer samkvæmt ákvæðum stjórnsýslulaga sé ekki á annan veg mælt fyrir í lögum þessum.

4 Matsnefnd skal ganga á vettvang að tilkvöddum málsaðilum samkvæmt ákvörðun nefndarinnar.

5 Matsnefnd skal í rökstuddum skriflegum úrskurði gera grein fyrir niðurstöðu sinni. Form og efni úrskurðarins skal vera í samræmi við 31. gr. stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt. Úrskurð skal birta með sama hætti og segir í 1. mgr.

[1] *L. 88/2020, 10. gr.*

47. gr.

Kostnaður af matsgerð.

1 Í úrskurði matsnefndar skal kveðið á um kostnað af meðferð máls og skiptingu hans á aðila …[1]. [Veiðifélag skal að jafnaði bera kostnað af ágreiningsmálum og endurskoðun arðskrár. Ef kæra er bersýnilega tilefnislaus eða höfð uppi í þeim tilgangi að tefja fyrir framgangi máls getur nefndin gert kæranda að greiða veiðifélagi málskostnað.][1]

2 Til málskostnaðar telst allur kostnaður af matinu, þ.m.t. laun matsmanna samkvæmt tímaskýrslu og sérfræðinga skv. 3. mgr. 44. gr., ferðakostnaður og annar kostnaður, svo og laun starfsmanns nefndarinnar samkvæmt tímaskýrslu. [Matsnefnd getur krafið veiðifélag um tryggingu fyrir þóknun sinni og öðrum kostnaði, en krafa um það skal byggjast á rökstuddri kostnaðaráætlun og koma fram við fyrstu fyrirtöku máls.][1]

[1] *L. 52/2021, 4. gr.*

48. gr.

Úrskurðir matsnefndar og málshöfðunarfrestur.

1 Matsnefnd skv. 1. mgr. 44. gr. er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda.

2 Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

49. gr.

Bótaskyld skerðing á veiðirétti.

1 Nú hafa lagaákvæði leitt til þess að veiði veiðieiganda skerðist verulega og að mun umfram aðra eigendur veiði í sama fiskihverfi, og á hann þá rétt til bóta úr ríkissjóði eftir mati.

2 Nú leiðir ákvörðun veiðifélags um veiði og friðun til þess að veiðieigandi verður að mun öðrum fremur fyrir tjóni og á hann þá rétt til bóta úr hendi annarra veiðieigenda á félagssvæðinu, á meðan sú ákvörðun gildir. Skulu bætur þessar vera árgjald sem ákveðið er með mati, ef ekki semur. Ákveða má þeim er tjón hefur beðið bætur með því að úthluta honum arði í arðskrá. Stjórn veiðifélags er skylt að annast innheimtu bóta á félagssvæðinu.

3 [Ef ákvörðun skv. 3. mgr. 40. gr. leiðir til tjóns fyrir veiðiréttarhafa skulu þeir sem lögðust gegn ákvörðuninni eiga rétt til bóta úr hendi þeirra sem greiddu tillögunni atkvæði sitt, á meðan sú ákvörðun gildir, nema hún hafi byggst á málefnalegum rökum. Þeir sem greiddu tillögunni atkvæði sitt eru sameiginlega ábyrgir gagnvart þeim sem lögðust gegn henni, en um bótaskyldu þeirra innbyrðis ræður hlutfall í arðskrá.][1)]

4 Um ákvörðun bótafjárhæðar, greiðslu bóta og endurgjald, er greinir í lögum þessum, skal eftir því sem við á fara eftir lögum um framkvæmd eignarnáms.

[1)]L. 52/2021, 5. gr.

VIII. KAFLI.
Refsi- og réttarfarsákvæði.

50. gr.
Um refsingar.

1 Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að tveimur árum, ef miklar sakir eru, ef:

a. hann veiðir án leyfis í vatni annars manns,

b. hann er staðinn að því að vera með veiðarfæri við veiðivatn annars manns fyrir utan venjulega vegi, nema sannað sé að hann hafi átt þar lögmæt erindi,

c. hann veiðir á tíma þegar veiði er bönnuð eða á stöðum þar sem veiði er bönnuð,

d. hann notar veiðitæki eða veiðiaðferðir sem bannað er að nota eða fylgir ekki settum reglum um tilhögun veiðitækja eða um veiðiaðferð,

e. hann veiðir fisk sem er minni en leyft er að veiða eða sleppir ekki veiddum fiski er sleppa skal,

f. hann brýtur ákvæði 1. eða 3. mgr. 27. gr., 28. gr., 1. mgr. 29. gr., 1. eða 2. mgr. 30. gr., [1. mgr. 33. gr.],[1)]

g. hann spillir fiskvegi eða tálmar á ólögmætan hátt fiskför um vatn,

h. hann notar sprengiefni, skotvopn, rafmagn, eitruð efni eða deyfandi eða veitir vatni af fiski við veiði,

i. hann hlítir ekki settum reglum um veiðifélög eða samþykktum þeirra.

[1)]L. 119/2009, 2. gr.

51. gr.
Um fullframningarstig brota.

1 Brot þau er getur í c-, d- og h-liðum 50. gr. teljast fullframin jafnskjótt og veiðarfæri er komið að veiðistað, nema sannað sé að það hafi verið flutt þangað í lögmætum tilgangi.

52. gr.
Um skaðabótarétt brotaþola.

1 Nú veiðir maður án leyfis í vatni annars manns, og skal sá er misgert var við fá allt veiðifang eða andvirði þess auk bóta fyrir annað tjón sem hann kann að hafa orðið fyrir.

53. gr.
Um upptöku veiðitækja og ólöglegs afla.

1 Ólögleg veiðitæki og veiðitæki, sem notuð eru með ólöglegum hætti, skulu gerð upptæk. Eins fer um ólöglegt veiðifang, sbr. þó 52. gr.

54. gr.

Um ráðstöfun sektarfjár.

[1] Sektir samkvæmt lögum þessum og andvirði upptækra veiðitækja renna í ríkissjóð.

55. gr.

Stjórnvaldssektir.

[1] Lögregla og Landhelgisgæsla Íslands geta lagt stjórnvaldssekt að fjárhæð 50.000 kr. á skipstjóra eða hvern þann sem veitt hefur lax í sjó og af ásetningi eða gáleysi ekki sleppt honum strax aftur. Ef brot er stórfellt má leggja á hinn brotlega 200.000 kr. stjórnvaldssekt. Sektir samkvæmt þessari grein renna í Landhelgissjóð Íslands.

IX. KAFLI.
Gildistaka o.fl.

56. gr.

Gildistaka o.fl.

[1] Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006.

[2] Ákvæðum VII. kafla skal einvörðungu beitt um mál sem koma til meðferðar matsnefndar eftir gildistöku laganna. Sé mál enduruppteki eftir gildistöku laga þessara skal beita lögunum um þau mál upp frá því.

[3] Þau mál sem eru til meðferðar hjá matsmönnum og yfirmatsmönnum skv. 2. og 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, þegar lög þessi taka gildi, skal til lykta leiða af þeim matsmönnum samkvæmt ákvæðum laga nr. 76/1970, með síðari breytingum.

[4] Mati skv. 2. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, má skjóta til matsnefndar áður en liðnir eru tveir mánuðir frá birtingu mats.

[5] Mat skv. 3. mgr. 101. gr. laga nr. 76/1970, um lax- og silungsveiði, verður borið undir matsnefnd í samræmi við ákvæði 2. mgr. 45. gr. laga þessara.

[6] …

57. gr. …

Ákvæði til bráðabirgða.

I. …[1)]

[1)] *L. 88/2020, 11. gr.*

II.

[1] Samþykktum einstakra veiðifélaga skal breytt til samræmis við fyrirmæli og reglur laga þessara, í síðasta lagi innan árs frá gildistöku þeirra.

[III.

[1] Matsnefnd sem skipuð var af ráðherra í janúar 2021 á grundvelli 1. mgr. 44. gr. heldur valdheimild sinni óraskaðri út skipunartíma sinn, sbr. ákvæði 1. mgr. 44. gr.][1)]

[1)] *L. 52/2021, 6. gr.*

[IV.

[1] Þrátt fyrir ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 27. gr. er veiðifélögum og veiðiréttarhöfum, þar sem ekki eru starfandi veiðifélög, heimilt að veiða hnúðlax (*Oncorhynchus gorbuscha*) með ádráttarnetum árin 2023, 2024 og 2025. Ráðherra getur með reglugerð[1)] sett nánari reglur um veiðar á hnúðlaxi, m.a. um leyfisveitingar, skráningu, sýnatökur og aðra framkvæmd veiða.][2)]

[1)] *Rg. 665/2023 (um veiðar á hnúðlaxi).* [2)] *L. 46/2023, 1. gr.*

Lög
nr. 58/2006, um fiskrækt.

I. KAFLI.
Markmið og gildissvið.

1. gr.
Markmið.

 Markmið laga þessara er að stuðla að fiskrækt í ferskvatni. Við framkvæmd laganna skal þess ávallt gætt að sem minnst röskun verði á vistkerfi ferskvatns og á villtum ferskvatnsfiskstofnum og að sjálfbærri nýtingu þeirra sé ekki stefnt í hættu.

2. gr.
Gildissvið.

 Lög þessi taka til allrar fiskræktar sem fram fer í ferskvatni á íslensku forráðasvæði. Við framkvæmd þeirra skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um eldi vatnafiska og laga um varnir gegn fisksjúkdómum.

3. gr.
Skilgreiningar.

 Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskræktarslepping:* Slepping samstofna smáseiða eða gönguseiða í því skyni að auka fiskigengd í veiðivatni.
7. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
8. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
9. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
10. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
11. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
12. *Hafbeitarstofn:* Hópur vatnafiska sem klakinn hefur verið út undan fiski úr hafbeit.
13. *Hafbeitarstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu hafbeitar.
14. *Kynbætur:* Markvisst val með tilliti til ákveðinna arfgengra eiginleika. Slíkir eiginleikar geta verið mikill vaxtarhraði eða síðkynþroski. Til undaneldis eru valdir fiskar sem sýna ákjósanlega eiginleika umfram aðra fiska í stofninum. Slíku vali er viðhaldið og það aukið með vali í hverri kynslóð.
15. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.

16. *Laxastofn:* Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.

17. *Netlög:* Vatnsbotn 115 metra út frá bakka landareignar að stöðuvatni, svo og sjávarbotn 115 metra út frá stórstraumsfjöruborði landareignar.

18. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.

19. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.

20. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

21. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

22. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

23. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar)*, silungur (urriði *(Salmo trutta)*, bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)*), áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

24. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

25. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

26. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

27. *Örmerkingar:* Merkingar á laxi með málmflísum í trjónuna.

4. gr.

Stjórnsýsla.

1 [Ráðherra][1)] fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum, en framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum [Fiskistofu][2)] sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

2 Ráðherra skal í samræmi við fyrirmæli einstakra greina setja nánari ákvæði um framkvæmd þeirra í reglugerð. Við setningu reglugerða skal ávallt leitað faglegrar umsagnar [Fiskistofu],[2)] [Hafrannsóknastofnunar][3)] og fisksjúkdómanefndar sem starfar samkvæmt lögum um varnir gegn fisksjúkdómum.

[1)]L. 126/2011, 425. gr. [2)]L. 81/2008, 1. gr. [3)]L. 113/2015, 4. gr.

II. KAFLI.
Fiskræktaráætlun.

5. gr.

Fiskræktaráætlun.

1 Í hverju veiðivatni, þar sem ætlunin er að stunda fiskrækt með sleppingu seiða, hafbeit til stangveiði eða öðru því er að fiskrækt lýtur, er veiðifélagi eða veiðiréttarhöfum, þar sem ekki er veiðifélag, skylt að gera fiskræktaráætlun er nái til fimm ára í senn. Hlutverk fiskræktaráætlunar er að gera fyrirhugaða fiskrækt markvissa og árangursríka og tryggja eftir föngum að þannig sé að fiskrækt staðið í hvívetna að vistkerfi villtra ferskvatnsfiskstofna stafi ekki hætta af slíkum framkvæmdum.

6. gr.

Samþykkt fiskræktaráætlunar.

1 Framkvæmd samkvæmt fiskræktaráætlun er háð því að [Fiskistofa][1)] hafi áður samþykkt áætlunina. Áður en samþykki er veitt skal [Fiskistofa][1)] leita umsagnar [Hafrannsóknastofnunar].[2)] Í samþykki skulu koma fram þeir skilmálar sem [Fiskistofa][1)] telur nauðsynlega, m.a. til verndar

viðkomandi fiskstofni gegn sjúkdómum og erfðablöndun. Nánar skal kveðið á um samþykkt fiskræktaráætlunar í reglugerð sem ráðherra setur.

[1)]L. 81/2008, 1. gr. [2)]L. 113/2015, 4. gr.

III. KAFLI.
Almenn ákvæði um fiskrækt.

7. gr.
Hrognataka.

1 Veiðifélagi er heimil lax- og silungsveiði til hrognatöku í samræmi við ákvæði II. kafla laga þessara og 26. gr. laga um lax- og silungsveiði. Ef meiri hluti veiðiréttarhafa við veiðivatn, þar sem ekki er veiðifélag, vill láta veiða lax og silung til hrognatöku í því vatni skal afla leyfis [Fiskistofu].[1)] Leyfi veiðiréttarhafa til hrognatöku skal vera tímabundið og skulu í því felast þau skilyrði sem nauðsynleg eru að mati [Fiskistofu][1)] til verndar fiskstofnum veiðivatnsins.

[1)]L. 81/2008, 1. gr.

8. gr.
Fiskrækt í ám og vötnum.

1 Við fiskrækt í ám og vötnum skal einungis nota stofn úr viðkomandi veiðivatni.

9. gr.
Bann við flutningi laxfisks milli veiðivatna.

1 Hvers konar flutningur á laxfiskum úr náttúrulegu veiðivatni, hafbeitar- eða eldisstöð í annað náttúrulegt veiðivatn til stangveiði er óheimill.

10. gr.
Undanþága.

1 [Fiskistofa][1)] getur veitt undanþágu frá banni skv. 8. og 9. gr. Til þess að fá slíka undanþágu þarf veiðifélag eða veiðiréttarhafar veiðivatns, þar sem ekki er veiðifélag, að sækja um það til [Fiskistofu].[1)] Undanþágu má að hámarki veita til tveggja ára í senn. Með umsókn um undanþágu skal fylgja greinargerð umsækjanda um fyrirhugaða framkvæmd og umsagnir fisksjúkdómanefndar og [Hafrannsóknastofnunar][2)] um hugsanleg áhrif framkvæmdarinnar á lífríkið, þ.m.t. hættu á erfðamengun. Sá er undanþágu beiðist ber kostnað af gerð umsagna.

2 [Fiskistofa][1)] getur afgreitt undanþágur frá ákvæðum 8. gr. að fengnum sérfræðilegum umsögnum, en um umsókn um undanþágu frá ákvæðum 9. gr. gilda ákvæði 11. gr.

[1)]L. 81/2008, 1. gr. [2)]L. 113/2015, 4. gr.

11. gr.
Málsmeðferð undanþágubeiðni.

1 Innan tveggja vikna frá móttöku undanþágubeiðni skv. 10. gr. birtir [Fiskistofa][1)] umsóknina með opinberri auglýsingu og kallar eftir umsögnum veiðifélaga eða veiðiréttarhafa, þar sem ekki eru veiðifélög, um framkvæmdina. Frá og með þeim tíma skal hverjum sem er vera heimill aðgangur hjá [Fiskistofu][1)] að öllum gögnum málsins. Athugasemdum við umsókn skal skilað til [Fiskistofu][1)] innan fimm vikna frá birtingu auglýsingar.

[1)]L. 81/2008, 1. gr.

12. gr.
Ákvörðun [Fiskistofu].[1)]

1 Innan átta vikna frá því að [Fiskistofa][1)] birtir umsókn um undanþágu, sbr. ákvæði 10. og 11. gr., skal hún taka rökstudda ákvörðun um það hvort fallist sé á umsókn eða henni hafnað.

[Fiskistofu][1)] er heimilt að binda undanþágu nauðsynlegum skilyrðum til að tryggja að markmið laganna náist. Þegar ákvörðun [Fiskistofu][1)] liggur fyrir skal hún kynnt umsækjanda og þeim sem athugasemdir hafa gert. Jafnframt skal birta hana opinberlega. Ákvörðun [Fiskistofu][1)] samkvæmt grein þessari er endanleg á stjórnsýslustigi.

[1)]L. 81/2008, 1. gr.

13. gr.

Setning reglugerðar.

[1] [Ráðherra][1)] skal í reglugerð kveða nánar á um málsmeðferð samkvæmt kafla þessum. Reglugerð skal m.a. hafa að geyma ákvæði um form undanþágubeiðni, málsmeðferð fyrir [Fiskistofu][2)] og form ákvörðunar. Einnig er ráðherra heimilt að ákveða með reglugerð að innheimt skuli gjald af þeim er undanþágu óskar vegna kostnaðar stjórnvalda af málsmeðferð. Einnig getur ráðherra í reglugerð sett nánari fyrirmæli um hvernig að hrognatöku skv. 7. gr. skuli staðið.

[1)]L. 126/2011, 425. gr. [2)]L. 81/2008, 1. gr.

IV. KAFLI.

Hafbeit.

14. gr.

Um hafbeit.

[1] Um hafbeit gilda ákvæði laga þessara og 1. gr., 5.–12. gr., 14.–17. gr. og 19.–22. gr. laga um eldi vatnafiska eftir því sem við getur átt.

V. KAFLI.

Gildistökuákvæði o.fl.

15. gr.

Gildistaka o.fl.

[1] Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. …

[2] …

16. gr.

…

Ákvæði til bráðabirgða. …[1)]

[1)]L. 88/2020, 17. gr.

Lög
nr. 60/2006, um varnir gegn fisksjúkdómum.

I. KAFLI.
Markmið, gildissvið, skilgreiningar og stjórnsýsla.

1. gr.
Markmið.

 Markmið laga þessara er að vernda lífríki vatna, vatnafisk og lagardýr sem alin eru í eldisstöð á landi eða í sjó með því að sporna við sjúkdómum og sníkjudýrum.

2. gr.
Gildissvið.

 Lög þessi taka til vatnafisks og innflutnings fisks og hrogna á íslenskt forráðasvæði. Við framkvæmd laganna skal gætt samræmis við framkvæmd laga um lax- og silungsveiði, laga um fiskrækt [og laga um fiskeldi].[1)]

[1)] *L. 81/2008, 6. gr.*

3. gr.
Skilgreiningar.

 Í lögum þessum, reglugerðum og reglum, settum á grundvelli þeirra, er merking hugtaka sem hér segir:

1. *Alifiskur:* Fiskur sem alinn er eða látinn ganga sjálfala í tjörnum eða ílátum.
2. *Eldisdýr:* Lifandi fiskur, krabbadýr eða lindýr frá eldisstöð, óháð þroskastigi, að meðtöldum dýrum sem lifa upprunalega villt en eru ætluð fyrir eldisstöð.
3. *Fiskeldi:* Geymsla, gæsla og fóðrun vatnafiska og annarra vatnadýra, klak- og seiðaeldi, hvort sem er í söltu eða ósöltu vatni.
4. *Fiskeldisstöð:* Staður þar sem vatn, sjór, land eða mannvirki er nýtt í þágu fiskeldis.
5. *Fiskrækt:* Hvers konar aðgerðir sem ætla má að skapi eða auki fisk í veiðivatni.
6. *Fiskstofn:* Hópur fiska sömu tegundar sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
7. *Fiskur:* Fiskur í merkingu laga þessara tekur til allra tegunda lagardýra sem lifa í vatni og sjó, hvort sem er við náttúrulegar aðstæður eða í eldi.
8. *Geldstofn:* Vatnafiskur sem ekki framleiðir frjóar kynfrumur.
9. *Göngusilungur:* Silungur er gengur úr sjó í ósalt vatn, svo sem sjóbirtingur (urriði) og sjóreyður (bleikja).
10. *Hafbeit:* Slepping gönguseiða til sjógöngu og föngun þeirra sem fullvaxta fiska á sleppistað þegar þeir ganga úr sjó í ferskvatn, annaðhvort til slátrunar eða flutnings í annað veiðivatn til endurveiða.
11. *Lagardýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa og geta afkvæmi í sjó eða fersku vatni.
12. *Laxastofn:* Hópur laxa sem hrygnir á tilteknum stað og tíma, en gerir það ekki í neinum mæli með öðrum hópum á öðrum stað eða tíma.
13. *Sjávarfiskur:* Fiskur sem lifir allan sinn lífsferil í sjó.
14. *Sjór:* Salt vatn utan árósa.
15. *Straumvatn:* Ósalt vatn, á eða ósasvæði sem í er greinilegur straumur, þá er enginn vöxtur er í, og um stórstraumsfjöru.
16. *Stöðuvatn:* Ósalt vatn sem eigi er í greinilegur straumur annar en sá sem stafar af sjávarföllum, vindi eða aðrennsli í leysingum.

17. *Vatn:* Ósalt vatn með föstu legi eða farvegi, straumvatn eða stöðuvatn.

18. *Vatnadýr:* Öll dýr með kalt blóð sem lifa að hluta eða allan sinn lífsferil í fersku vatni.

19. *Vatnafiskur:* Lax *(Salmo salar)*, silungur (urriði *(Salmo trutta)*, bleikja *(Salvelinus alpinus)* og regnbogasilungur *(Oncorhynchus mykiss)*), áll *(Anguilla anguilla)* eða annar vatnafiskur ef ræktaður verður.

20. *Vatnasilungur:* Silungur sem elur allan aldur sinn í ósöltu vatni, svo sem vatnaurriði, vatnableikja (reyður), lækjasilungur og murta.

21. *Veiðivatn:* Á eða stöðuvatn sem veiði er í eða mætti í vera ef fiskur væri ræktaður þar.

22. *Villtur fiskstofn:* Fiskstofn þar sem meiri hluti fisks er klakinn í náttúrulegu umhverfi, elst þar upp og er kominn undan villtum foreldrum.

4. gr.

Stjórnsýsla.

1 [Ráðherra][1)] fer með yfirstjórn mála samkvæmt lögum þessum. Framkvæmd stjórnsýslunnar er að öðru leyti í höndum [Matvælastofnunar][2)] sem hefur eftirlit með því að ákvæðum laganna sé framfylgt.

2 [Matvælastofnun][2)] til ráðgjafar við framkvæmd laganna er fisksjúkdómanefnd. [Ráðherra skipar fimm manna fisksjúkdómanefnd: einn samkvæmt tilnefningu Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum, tvo samkvæmt tilnefningu Hafrannsóknastofnunar og skal annar vera sérfróður um ferskvatnsfiska en hinn um sjávardýr og einn samkvæmt tilnefningu Fiskistofu og yfirdýralækni, sem jafnframt skal vera formaður nefndarinnar.][3)] Varamenn skulu skipaðir með sama hætti. [Matvælastofnun][2)] skal hafa forgöngu um að stundaðar séu fisksjúkdómarannsóknir og gera tillögur til ráðherra um aðferðir til varnar gegn útbreiðslu fisksjúkdóma, sem getur um í lögum þessum, og annað er að fisksjúkdómum lýtur.

3 [Matvælastofnun er heimilt að fela aðilum sem hlotið hafa faggildingu samkvæmt lögum um faggildingu o. fl., nr. 24/2006, að annast framkvæmd eftirlits samkvæmt sérstökum samningi. Þeir skulu bundnir þagnarskyldu um það sem þeir fá vitneskju um við framkvæmd eftirlitsins og leynt á að fara. Um þagnarskylduna gilda ákvæði 18. gr. laga um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins, nr. 70/1996, og skal brot á henni varða refsingu skv. 136. gr. almennra hegningarlaga, nr. 19/1940.][4)]

[1)]L. 126/2011, 427. gr. [2)]L. 167/2007, 79. gr. [3)]L. 113/2015, 5. gr. [4)]L. 101/2019, 25. gr.

II. KAFLI.
Um innflutning á lifandi fiski og hrognum.

5. gr.

Innflutningur lifandi ferskvatnsfiska.

1 Um innflutning lifandi laxfiska og annarra fiska er lifa í ósöltu vatni, óháð þroskastigi, þ.m.t. hrogna og svilja, gilda ákvæði 2. og 3. mgr. 2. gr. laga nr. 54/1990, um innflutning dýra. Óheimilt er að sleppa í veiðivatn lifandi fiskum, lagardýrum eða vatnaplöntum sem fluttar hafa verið til landsins.

6. gr.

Um innflutning skrautfiska.

1 [Matvælastofnun][1)] er heimilt að leyfa innflutning skrautfiska og hrogna þeirra með þeim skilyrðum sem nauðsynleg eru svo að markmið laga þessara náist. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari fyrirmæli þar að lútandi.

[1)]L. 167/2007, 79. gr.

7. gr.

Tímabundin viðkoma vegna flutnings á fiski.

1 Ef fiskur er fluttur milli landa með viðkomu á Íslandi skal sá flutningur fara fram undir eftirliti [Matvælastofnunar][1)] og hlíta þeim fyrirmælum sem stofnunin setur. Ráðherra skal í reglugerð setja nánari reglur um slíkan flutning.

[1)]L. 167/2007, 79. gr.

8. gr.

Sótthreinsun veiðitækja og veiðibúnaðar.

1 Skylt er að sótthreinsa veiðitæki, veiðibúnað, báta og annan sambærilegan búnað, sem notaður hefur verið erlendis, áður en leyfilegt er að [nota hann við veiðar í íslensku veiðivatni],[1)] enda liggi ekki fyrir fullnægjandi vottorð, að mati [Matvælastofnunar],[2)] um að búnaðurinn hafi verið sótthreinsaður erlendis. [Matvælastofnun getur falið umráðamönnum veiðistaða framkvæmd aðgerða samkvæmt þessari grein í samræmi við reglur sem stofnunin setur auk þess að fela tollyfirvöldum framkvæmd aðgerða, eftir því sem við á.][1)]

[1)]L. 88/2020, 14. gr. [2)]L. 167/2007, 79. gr.

9. gr.

Innflutningur á dauðum fiski.

1 [Matvælastofnun][1)] er rétt að banna innflutning á dauðum fiski, ferskum eða frystum, ef ástæða þykir til, t.d. vegna hættu á sjúkdómum og sníkjudýrum í vatnafiski. Slík fyrirmæli [Matvælastofnunar][1)] skulu birt í B-deild Stjórnartíðinda.

[1)]L. 167/2007, 79. gr.

III. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

10. gr.

Viðbrögð vegna sjúkdóma og sníkjudýra í veiðivatni eða fiskeldisstöð.

1 Ef upp kemur smitandi sjúkdómur eða sníkjudýr í veiðivatni eða í fiskeldisstöð er [Matvælastofnun][1)] heimilt, að höfðu samráði við fisksjúkdómanefnd og með hliðsjón af lögum um dýrasjúkdóma og varnir gegn þeim, að grípa til nauðsynlegra ráðstafana til að hefta útbreiðslu þeirra. Við framkvæmd slíkra ráðstafana skal þar að auki og eftir föngum haft samráð við viðkomandi veiðifélag, veiðiréttarhafa, hafi veiðifélag ekki verið stofnað, eða rekstrarleyfishafa fiskeldis- eða hafbeitarstöðvar. [Sé um að ræða ráðstafanir vegna sjúkdóma eða sníkjudýra í sjókvíaeldi skal leita samráðs um ráðstafanir við Hafrannsóknastofnun.][2)]

[1)]L. 167/2007, 79. gr. [2)]L. 101/2019, 26. gr.

11. gr.

Setning reglugerða.

1 Ráðherra skal, að höfðu samráði við [Matvælastofnun],[1)] fisksjúkdómanefnd, [Hafrannsóknastofnun][2)] og erfðanefnd landbúnaðarins, eftir því sem við á, setja nánari ákvæði um framkvæmd laga þessara í reglugerð.[3)]

2 Í reglugerð skal mælt fyrir um skilyrði innflutnings lifandi fisks, hrogna og svilja þar sem m.a. skal kveðið á um að fyrir hendi sé heilbrigðisvottorð og að fisksjúkdómanefnd mæli ekki gegn slíkum innflutningi. Þá skal nánar mælt fyrir um sótthreinsun hrogna, íláta og umbúða innfluttra fiska, sem og meðferð þeirra að öðru leyti. Enn fremur skal í reglugerð mælt fyrir um framkvæmd sótthreinsunar veiðibúnaðar. Jafnframt skal kveðið á um nánari skilyrði sem [Matvælastofnun][1)] getur sett fyrir innflutningi á dauðum fiski.

3 Í reglugerð skal einnig mælt fyrir um heilbrigðiseftirlit í eldisstöðvum, um töku sýnishorna, um sóttvarnaraðgerðir og um kostnað af nauðsynlegum ráðstöfunum og annað það sem nauðsynlegt kann að teljast til þess að ná þeim markmiðum laga þessara að tryggja heilbrigði í vatnafiski. [Ráðherra skal, að höfðu samráði við Matvælastofnun, setja reglugerð sem mælir fyrir um aðgerðir vegna sníkjudýra í fiskeldi, svo sem um skyldu rekstraraðila til að telja laxalús og tiltekin viðmiðunarmörk um viðbrögð og aðgerðir vegna útbreiðslu laxalúsar.][4)]

[1)]L. 167/2007, 79. gr. [2)]L. 113/2015, 6. gr. [3)]Rg. 449/2005 (um eftirlit með heilbrigði eldisdýra sem flutt eru til EES-svæðisins frá þriðju ríkjum), sbr. 712/2006. Rg. 739/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 282/2004 um að taka upp vottorð til að tilkynna um komu dýra til Bandalagsins frá þriðju löndum og um heilbrigðiseftirlit með þeim og reglugerðar Evrópusambandsins nr. 585/2004 um breytingu á reglugerð Evrópusambandsins nr. 282/2004). Rg. 740/2006 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 136/2004 um reglur um heilbrigðiseftirlit á skoðunarstöðvum Bandalagsins á landamærum með afurðum sem eru fluttar inn frá þriðju löndum). Rg. 1254/2008 (um heilbrigðiskröfur vegna lagareldisdýra og afurða þeirra og um forvarnir og varnir gegn tilteknum sjúkdómum í lagardýrum), sbr. 303/2009 og 367/2013. Rg. 1077/2011 (um gildistöku reglugerðar Evrópusambandsins nr. 599/2004 um að samþykkja samræmda fyrirmynd að vottorði og skoðunarskýrslu í tengslum við viðskipti innan Bandalagsins með dýr og afurðir úr dýraríkinu). Rg. 346/2012 (um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar ráðstafanir til að hamla gegn aukinni dánartíðni hjá ostrum af tegundinni Crassostrea gigas). Rg. 119/2013 (um sýnatöku- og greiningaraðferðir við greiningu og staðfestingu á tilvist lindýrasjúkdómanna bónamíósis (Bonamia ostreae) og marteilíósis (Marteilia refringens)). Rg. 220/2013 (um ráðstafanir til að takmarka áhrif tiltekinna sjúkdóma í lagareldisdýrum og villtum lagardýrum). Rg. 221/2013 (um framkvæmd tilskipunar ráðsins 2006/88/EB að því er varðar eftirlits- og útrýmingaráætlanir og sjúkdómalausa stöðu ríkja, svæða og hólfa). Rg. 271/2013 (um rafrænt aðgengi að upplýsingum um lagareldisfyrirtæki og viðurkenndar vinnslustöðvar). Rg. 272/2013 (um viðmiðunarreglur fyrir áhættumiðað dýraheilbrigðiseftirlit sem kveðið er á um í tilskipun ráðsins 2006/88/EB). Rg. 273/2013 (um kröfur varðandi sóttkví fyrir lagareldisdýr). Rg. 300/2018 (um velferð lagardýra, varnir gegn sjúkdómum og heilbrigðiseftirlit með eldisstöðvum), sbr. 1061/2021 og 1447/2021. Rg. 462/2021 (um gildistöku reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 um smitandi dýrasjúkdóma (dýraheilbrigði)), sbr. 634/2021, 1059/2021, 1369/2021, 717/2022, 1033/2022 og 283/2023. Rg. 463/2021 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2018/1882 um beitingu tiltekinna reglna um forvarnir og varnir gegn sjúkdómum fyrir flokka skráðra dýrasjúkdóma (dýraheilbrigði)). Rg. 464/2021 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2002 um reglur um beitingu reglugerðar (ESB) 2016/429 að því er varðar tilkynningu og skýrslugjöf í Sambandinu um skráða sjúkdóma (dýraheilbrigði)). Rg. 580/2021 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/404 um skrár yfir þriðju lönd, yfirráðasvæði eða hluta þeirra þaðan sem heimilt er að flytja inn dýr, kímefni og afurðir úr dýraríkinu til Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB) 2016/429), sbr. 61/2022, 383/2022, 443/2022, 524/2022, 525/2022, 711/2022, 927/2022, 1031/2022, 1143/2022, 1236/2022, 1393/2022 og 1547/2022. Rg. 581/2021 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð (ESB) 2017/625), sbr. 453/2022 og 715/2022. Rg. 637/2021 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2236 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af lagardýrum og af tilteknum lagardýraafurðum og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð (dýraheilbrigði)), sbr. 1548/2022. Rg. 1069/2021 (um (1.) breytingu á reglugerð nr. 581/2021 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/405 um skrár yfir þriðju lönd eða svæði þeirra sem hafa heimild til að flytja inn tiltekin dýr og vörur, sem eru ætluð til manneldis, til Sambandsins í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2017/625). Rg. 1376/2021 (Reglugerð um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/690 um reglur um beitingu reglugerðar (ESB) 2016/429 að því er varðar skráða sjúkdóma sem falla undir eftirlitsáætlanir Sambandsins). Rg. 1377/2021 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/620 um reglur um beitingu reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar samþykki fyrir sjúkdómalausri stöðu og bólusetningarlausri stöðu tiltekinna aðildarríkja eða svæða eða hólfa þeirra að því er varðar tiltekna skráða sjúkdóma og samþykki fyrir útrýmingaráætlunum vegna þessara skráðu sjúkdóma (dýraheilbrigði)), sbr. 708/2022 og 1041/2022. Rg. 450/2022 (um gildistöku framseldrar reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/692 um viðbætur við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 að því er varðar reglur um komu sendinga af tilteknum dýrum, kímefni og afurðum úr dýraríkinu inn í Sambandið og um tilflutning þeirra og meðhöndlun eftir komu), sbr. 712/2022. Rg. 454/2022 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB), sbr. 721/2022, 1032/2022 og 1472/2022. Rg. 930/2022 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/2037 um

undanþágur frá kvöðum um rekstrarleyfi fiskeldisstarfsstöðva og skráningu og varðveislu gagna hjá rekstraraðilum). Rg. 1034/2022 (um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2021/1911 um breytingu á II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) 2021/620 að því er varðar sjúkdómslausa stöðu sjálfstjórnarhéraðsins Galicia og sjálfstjórnarhéraðsins Principado de Asturias á Spáni vegna sýkingar af völdum samsetninga Mycobacterium tuberculosis, um breytingu á VIII. viðauka við hana að því er varðar sjúkdómslausa stöðu sjálfstjórnarhéraðsins Islas Baleares, sýslnanna Huelva og Sevilla og svæðanna Azuaga, Badaj). Rg. 1137/2022 (um (3.) breytingu á reglugerð nr. 454/2022 um gildistöku framkvæmdarreglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) 2020/2235 frá 16. desember 2020 um reglur um beitingu reglugerða Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) 2016/429 og (ESB) 2017/625 að því er varðar fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum, fyrirmyndir að opinberum vottorðum og fyrirmyndir að dýraheilbrigðisvottorðum/opinberum vottorðum vegna komu inn í Sambandið og tilflutninga innan Sambandsins á sendingum af tilteknum flokkum dýra og vara og opinbera vottun að því er varðar slík vottorð og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 599/2004, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 636/2014 og (ESB) 2019/628, tilskipun 98/68/EB og ákvörðunum 2000/572/EB, 2003/779/EB og 2007/240/EB). [4)]*L. 101/2019, 27. gr.*

IV. KAFLI.
Refsi- og gildistökuákvæði.

12. gr.
Um refsingar.

1 Það varðar mann sektum eða fangelsi allt að einu ári brjóti hann gegn ákvæðum 7. gr. af ásetningi eða gáleysi. Það varðar sömu refsingu brjóti maður af ásetningi eða gáleysi fyrirmæli [Matvælastofnunar][1)] skv. 9. gr. um bann við innflutningi á dauðum, ferskum eða frystum fiski.

[1)]*L. 167/2007, 79. gr.*

13. gr.
Gildistaka o.fl.

1 Lög þessi öðlast gildi 1. júlí 2006. …

…

Ákvæði til bráðabirgða. …[1)]

[1)]*L. 88/2020, 15. gr.*

Lög
nr. 50/1986, um Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

I. KAFLI.
Tilgangur.

1. gr.

1 Tilgangur laga þessara er að efla innlendar rannsóknir á fisksjúkdómum og reglubundið eftirlit með heilbrigði hrogna, seiða og alifiska.

II. KAFLI.
Rannsóknadeild fisksjúkdóma.

2. gr.

1 Við Tilraunastöð Háskóla Íslands í meinafræði að Keldum skal starfa deild, Rannsóknadeild fisksjúkdóma, er hafi það hlutverk að annast rannsóknir á fisksjúkdómum, sjúkdómsgreiningar á fiski, útgáfu heilbrigðisvottorða og aðra skylda starfsemi.

2 Deildin lætur fiskeldisstöðvum í té vottorð um heilsufar fisks í stöðinni eftir því sem reglubundið eftirlit, sbr. lög [um varnir gegn fisksjúkdómum][1)] og lög nr. 61/1985,[2)] og rannsóknir og önnur starfsemi deildarinnar samkvæmt lögum þessum gefa tilefni til.

[1)]L. 60/2006, 13. gr. [2)]L. 61/1985 breyttu þágildandi l. 77/1981, um dýralækna.

3. gr.

1 [Forstöðumaður Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði ræður deildarstjóra Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, sbr. lög nr. 67/1990.][1)]

2 Deildarstjóri sér um stjórn deildarinnar og markar henni stefnu og starfssvið í samræmi við lög og reglur og sér um tengsl við þá er varnir gegn fisksjúkdómum varða. Hann annast gerð starfs- og fjárhagsáætlunar og ber ábyrgð á fjárhag deildarinnar.

[1)]L. 83/1997, 118. gr.

4. gr.

1 Deildin hefur sjálfstæðan fjárhag og lýtur yfirstjórn forstöðumanns Tilraunastöðvar Háskóla Íslands í meinafræði.

5. gr.

1 Verkefni Rannsóknadeildar fisksjúkdóma skulu m.a. vera:

1. Að stunda rannsóknir á sviði fisksjúkdóma.
2. Að greina sjúkdóma er upp kunna að koma í alifiski.
3. Að rannsaka, þegar þess er þörf, alifiska sem fengið hafa lyfjagjöf.
4. Að veita fiskeldisstöðvum hvers konar aðstoð og ráðgjöf er að gagni má koma til varnar útbreiðslu sjúkdóma og til að tryggja heilbrigði fiska.
5. Að gefa út heilbrigðisvottorð samkvæmt tillögum [Matvælastofnunar][1)] og í samræmi við erlendar kröfur vegna útflutnings. Heilbrigðisvottorðin byggi á reglubundnu eftirliti og sýnum frá eldisstöðvum, sem og sýnum úr villtum fiskum sem valdir eru til undaneldis.
6. Að sinna öðrum skyldum verkefnum eftir ákvörðun forstöðumanns.

[1)]L. 167/2007, 82. gr.

6. gr.

1 Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal starfa í samvinnu við [Matvælastofnun][1)] og dýralækni fisksjúkdóma.

2 Rannsóknadeildin getur samið við aðrar rannsóknastofnanir um að annast tiltekna þætti rannsókna vegna fisksjúkdóma í landinu.

[1)]L. 167/2007, 82. gr.

7. gr.

1 Starfsmenn rannsóknadeildarinnar mega ekki vera fjárhagslega tengdir fiskeldisfyrirtækjum eða sitja í stjórn slíkra fyrirtækja.

8. gr.

1 Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal árlega semja skýrslu um starfsemi sína og senda hana [þeim ráðherra sem fer með vísindamál].[1)]

[1)]L. 126/2011, 116. gr.

9. gr.

1 [Sá ráðherra er fer með vísindamál][1)] setur Rannsóknadeild fisksjúkdóma starfsreglur og staðfestir gjaldskrá fyrir þá þjónustu, sem hún veitir, með reglugerð.

[1)]L. 126/2011, 116. gr.

III. KAFLI.

Fisksjúkdómarannsóknir.

10. gr.

1 [Matvælastofnun][1)] setur reglur um lágmarkstíðni sýnatöku og fjölda sýna sem tekin skulu úr hverri klak- og eldisstöð til að tryggja grunneftirlit. Skulu allar klak- og eldisstöðvar hlíta slíku eftirliti hvort sem um sölu úr stöðinni er að ræða eða ekki. Þegar um sýnatöku vegna fyrirhugaðs útflutnings er að ræða skal rannsóknadeildin ganga úr skugga um að sýnatökur og úrvinnsla séu í samræmi við reglur um þau atriði í viðkomandi landi.

2 Í hverri eldisstöð skal vera eftirlitsbók eða annað tilsvarandi skráningarform þar sem skráðar eru heimsóknir fulltrúa Rannsóknadeildar fisksjúkdóma og niðurstöður eftirlits dýralækna og athugasemdir þeirra, sem og fyrirmæli er varða sjúkdómavarnir.

3 Vilji umsjónarmaður eldisstöðvar eigi hlíta skriflegum fyrirmælum eftirlitsaðila er rétt að skjóta málinu til úrskurðar [þess ráðherra er fer með varnir gegn dýrasjúkdómum].[2)]

[1)]L. 167/2007, 82. gr. [2)]L. 126/2011, 116. gr.

11. gr.

1 Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal rannsaka sýni frá fiskeldisstöðvum með viðurkenndum aðferðum. Finnist ekkert athugavert við rannsókn er sú niðurstaða skráð í skýrslur um viðkomandi stöð. Þær niðurstöður, ásamt reglubundnu eftirliti, eru grundvöllur útgáfu heilbrigðisvottorða, sbr. 14. gr.

2 Ef tilteknir smitsjúkdómar, sem taldir eru hættulegir eða sérstaklega er getið í reglugerð, greinast skal rannsóknadeildin þegar í stað tilkynna um sjúkdóminn til [Matvælastofnunar] [1)] og dýralæknis fisksjúkdóma.

3 [Matvælastofnun][1)] skal þá í samráði við Rannsóknadeild fisksjúkdóma og dýralækni fisksjúkdóma gera tillögur til ráðherra um nauðsynlegar aðgerðir og varúðarráðstafanir.

4 Að fengnum úrskurði ráðherra skal dýralæknir fisksjúkdóma hafa með höndum nauðsynlegar aðgerðir í samvinnu við héraðsdýralækna.

[1)]*L. 167/2007, 82. gr.*

12. gr.

1 Deildarstjóri Rannsóknadeildar fisksjúkdóma, dýralæknir fisksjúkdóma, svo og héraðsdýralæknar eða fulltrúar þeirra, skulu hafa frjálsan aðgang að fiskeldisstöðvum og skulu þeim veittar allar nauðsynlegar upplýsingar.

2 Gæta skulu þeir þó þess að valda ekki meiri truflun á starfseminni en nauðsynlegt er hverju sinni.

3 Eigi er þó heimilt að krefjast annarra upplýsinga en þeirra sem eru nauðsynlegar eða kunna að vera nauðsynlegar vegna eftirlitsins. Ekki er heimilt að láta öðrum í té upplýsingar sem ætla má að fara eigi leynt.

13. gr.

1 Forráðamönnum eldisstöðva er skylt að tilkynna Rannsóknadeild fisksjúkdóma, héraðsdýralækni eða dýralækni fisksjúkdóma þegar í stað ef vart verður við sjúkdóm í stöðinni. Þeim er og skylt að upplýsa um öll þau atriði sem að gagni mega koma til að greina sjúkdóminn og hefta útbreiðslu hans.

14. gr.

1 Rannsóknadeild fisksjúkdóma skal veita klak- og eldisstöðvum heilbrigðisvottorð, enda hafi reglubundið eftirlit og rannsóknir sýna ekki leitt í ljós sjúkdóma í stöðinni eða grun um þá. Slíkt vottorð veitir heimild til sölu á alifiski og sótthreinsuðum hrognum innanlands eða til útlanda, sbr. 10. gr., með þeim almennu takmörkunum sem um það kunna að gilda hverju sinni.

15. gr.

1 Óski fiskeldisstöð eftir frekari rannsóknum en mælt er fyrir um í lögum þessum skal Rannsóknadeild fisksjúkdóma verða við slíkri beiðni eftir því sem kostur er, á kostnaðarverði, og afhenda síðan niðurstöður í skýrslu eða með vottorði eftir því sem við á.

IV. KAFLI.
Kostnaður.

16. gr.

1 Gjaldskrá skal ákveðin með reglugerð fyrir eitt ár í senn með hliðsjón af fjárhagsáætlun Rannsóknadeildar fisksjúkdóma. Fiskeldisstöð leggur til sýni vegna eftirlits og rannsókna án endurgjalds. Við ákvörðun gjaldskrár skal tekið mið af því að fiskeldisstöðvarnar greiði tvo þriðju hluta af launa- og rekstrarkostnaði við skyldurannsóknir, sbr. 10. gr.

2 Kostnaður við rannsóknir í klak- og eldisstöð, sem sett hefur verið í sölu- eða dreifingarbann vegna uppkomins sjúkdóms, skal greiddur úr ríkissjóði.

3 Að öðru leyti skal starfsemi deildarinnar kostuð úr ríkissjóði.

V. KAFLI.
Ýmis ákvæði.

17. gr. …

18. gr.

1 Fyrir brot gegn lögum þessum, reglugerðum og fyrirmælum gefnum samkvæmt þeim skal refsa með sektum en með [fangelsi allt að 2 árum][1)] séu sakir miklar.

…[2)]

[1)]L. 82/1998, 182. gr. [2)]L. 88/2008, 233. gr.

19. gr.

 Lög þessi öðlast þegar gildi.

Ákvæði til bráðabirgða. …[1)]

[1)]L. 88/2020, 13. gr.

Lög
nr. 72/2008, um Fiskræktarsjóð.

1. gr.
Fiskræktarsjóður.

Fiskræktarsjóður er sjálfstæður sjóður í eigu ríkisins og á forræði [ráðherra][1] sem hefur það hlutverk að veita lán eða styrki til verkefna sem þjóna þeim markmiðum að efla fiskrækt, bæta veiðiaðstöðu, styðja við rannsóknir í ám og vötnum og auka verðmæti veiði úr þeim.

[1] L. 126/2011, 484. gr.

2. gr.
Stjórn Fiskræktarsjóðs.

Fiskræktarsjóður lýtur [fjögurra][1] manna stjórn sem [ráðherra][2] skipar til fjögurra ára í senn. Tveir nefndarmanna skulu skipaðir samkvæmt tilnefningu Landssambands veiðifélaga [og einn samkvæmt tilnefningu Landssambands stangaveiðifélaga].[1] Ráðherra skipar formann nefndarinnar án tilnefningar og skal atkvæði hans ráða úrslitum ef atkvæði falla jöfn. Nú tilnefnir einn framangreindra aðila eigi mann í stjórn sjóðsins og skipar þá ráðherra í nefndina án tilnefningar. Varamenn skal skipa með sama hætti.

[1] L. 62/2018, 1. gr. [2] L. 126/2011, 484. gr.

3. gr.
Verkefni stjórnar.

Stjórn Fiskræktarsjóðs hefur yfirumsjón með starfsemi hans í samræmi við lög þessi og reglugerð. Verkefni stjórnar eru m.a. að:

a. skila ársreikningum og reglulegu yfirliti um starfsemi sjóðsins til ráðherra,
b. taka ákvarðanir um ávöxtun eigin fjár,
c. taka ákvarðanir um úthlutanir og útgjöld.

4. gr.
Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs.

Ráðstöfunarfé Fiskræktarsjóðs er:

a. [fjárveiting á grundvelli fjárheimildar í fjárlögum],[1]
b. arður af eigin fé,
c. …[1]
d. annað.

[1] L. 47/2018, 2. gr.

5. gr.

…[1]

[1] L. 62/2018, 2. gr.

6. gr.

…[1]

[1] L. 62/2018, 3. gr.

7. gr.
Eigið fé Fiskræktarsjóðs.

1 …[1)]

2 Eigið fé, sem ekki hefur verið ráðstafað með heimild í 8. gr., skal ávaxtað samkvæmt samningi við aðila sem hefur leyfi til fjárvörslu lögum samkvæmt, um vörslu og ávöxtun eigin fjár.

3 …[1)]

[1)]L. 62/2018, 4. gr.

8. gr.
Úthlutanir úr Fiskræktarsjóði.

1 Fyrir 1. september hvert ár skal stjórn Fiskræktarsjóðs gefa út og láta birta lána- og úthlutunarreglur sem gilda skulu fyrir sjóðinn næsta almanaksár. Reglurnar skulu áður bornar undir ráðherra til samþykktar.

2 Heimilt er að veita lán og styrki úr Fiskræktarsjóði í samræmi við gildandi lána- og úthlutunarreglur.

3 Fiskræktarsjóði er heimilt að afla umsagnar Fiskistofu um umsóknir um lán eða styrki til framkvæmda er lúta að fiskrækt í ám og vötnum þyki þess þörf.

4 Fiskræktarsjóði er heimilt að skilyrða úthlutanir við að úthlutunarhafar geri grein fyrir framvindu verkefna og ráðstöfun fjár samkvæmt nánari reglum sjóðstjórnar.

5 Fiskræktarsjóði er heimilt að ákveða að greiða úthlutanir í áföngum eftir framvindu verkefna.

6 Um málsmeðferð við veitingu lána og styrkja gilda ákvæði stjórnsýslulaga.

9. gr.
Reglugerðarheimild. Kostnaður af rekstri.

1 Ráðherra er heimilt að setja með reglugerð nánari ákvæði um framkvæmd þessara laga, þ.m.t. um málsmeðferð og ráðstöfun fjár úr Fiskræktarsjóði.

2 Allur kostnaður af starfsemi Fiskræktarsjóðs greiðist af honum.

10. gr.

1 …[1)]

[1)]L. 62/2018, 5. gr.

11. gr.
Gildistaka.

1 Lög þessi öðlast gildi 1. janúar 2009. …

Ákvæði til bráðabirgða. … [1)]

[1)]L. 88/2020, 16. gr.

Reglugerð
nr. 345/2014, um starfsemi veiðifélaga.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 345/2014 sbr. 318/2022, 501/2022 og 1086/2025.*

1. gr.
Aðild að veiðifélagi.

1 Félagsmenn veiðifélags eru allir þeir sem skráðir eru veiðiréttarhafar á félagssvæðinu skv. 12. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. Ef nýr aðili tekur við veiðirétti skv. II. kafla laganna fyrir afsal eða á grundvelli ábúðarsamnings er þeim aðila skylt að gerast félagsmaður í veiðifélagi og taka á sig skuldbindingar fráfarandi félagsmanns.

2. gr.
Umdæmi veiðifélags.

1 Umdæmi veiðifélags getur náð yfir heilt fiskihverfi, einstakt veiðivatn í fiskihverfi, hluta af veiðivatni, þar sem sérstaklega hagar til um veiði eða vatnskosti, eða veiðivötn á afrétti sem eru hluti af einu eða fleiri fiskihverfum og eru á sama landsvæði.

2 Fiskistofa skal ákveða umdæmi veiðifélags að höfðu samráði við veiðiréttarhafa á væntanlegu félagssvæði. Sama gildir þegar fyrirhugað er að stofna deild í veiðifélagi.

3 Ef veiði hefst fyrir landi fasteignar, sem liggur að fiskihverfi veiðifélags en er utan félagssvæðis, skal sú fasteign tilheyra félagssvæðinu, og er viðkomandi veiðiréttarhafa skylt að gerast félagi. Ef félagssvæði er hluti straumvatns skal umdæmi veiðifélags ná svo langt upp með vatninu sem veiði er stunduð, nema sérstaklega standi á, t.d. vegna fiskræktar.

3. gr.
Stofnfundur veiðifélags.

1 Einn eða fleiri veiðiréttarhafar geta átt frumkvæði að stofnun veiðifélags, en Fiskistofa að þeim frátöldum. Á stofnfundi skal setja veiðifélagi samþykktir.

2 Til stofnfundar veiðifélags skal boða alla þekkta veiðiréttarhafa á fyrirhuguðu félagssvæði, sbr. 12. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði. [Stofnfund skal boða skriflega með tryggilegum hætti eigi síðar en 14 dögum fyrir fundardag.][1)]

3 Á stofnfundi skal liggja fyrir ákvörðun Fiskistofu um umdæmi veiðifélags.

4 Fundur er lögmætur, ef hann er löglega boðaður. Dagskrá stofnfundar skal vera sem hér segir:

1. Stofnun félags.
2. Samþykkt félags.
3. Kosning stjórnar og skoðunarmanna.
4. Önnur mál.

5 Sá er vefengja vill lögmæti stofnaðs veiðifélags getur borið ágreining þar að lútandi undir dómstóla innan sex mánaða frá stofnfundi.

[1)]*Rg. 318/2022.*

4. gr.
Samþykktir veiðifélags.

1 Á stofnfundi skal setja veiðifélagi samþykktir sem hafa að geyma ákvæði um a.m.k.:

a. nafn félags,
b. heimilisfang og varnarþing,

c. félagssvæði og skulu þar taldar upp allar þær fasteignir eða einstaklingar og lögaðilar sem veiðiréttindi eiga skv. II. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði,
d. verkefni félagsins,
e. skipun og starfssvið félagsstjórnar,
f. málsmeðferðarreglur, reikninga félags og endurskoðun,
g. skyldu til framlagningar fjárhagsáætlunar fyrir komandi starfsár á aðalfundi félagsins,
h. meðferð afla félags eða arðs og greiðslu kostnaðar af starfsemi félags.

2 Atkvæði 2/3 hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna þarf til þess að samþykktir séu löglega gerðar eða þeim breytt. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir og ræður þar afl atkvæða.

3 Hafi veiðifélag ekki sett sér lögmætar samþykktir, þrátt fyrir ákvæði þessarar greinar, getur Fiskistofa sett félagi samþykktir sem gilda þar til lögmætar samþykktir hafa verið settar af félaginu sjálfu.

4 Samþykkt skal staðfest af Fiskistofu og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur samkvæmt 4. mgr. 3. gr. er liðinn. Félagsstjórn skal senda Fiskistofu samþykktir viðkomandi veiðifélags til staðfestingar, bæði sem skjal og sem rafrænt eintak ásamt fundargerðum og öðrum gögnum, sem staðfesta lögmæti samþykktarinnar.

5. gr.

Stjórn veiðifélags.

1 Stjórn félagsins og deilda ef þær eru starfandi skipa þrír, fimm eða sjö menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Kjörgengir í stjórn eru allir sem aðild eiga að veiðifélagi. Einnig má kjósa fulltrúa í stjórn, sem ekki er félagsmaður og starfar hann þá í stjórninni og á fundum veiðifélagsins samkvæmt sérstöku skriflegu umboði félagsmanns.

2 Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl þannig: Formaður gengur út eftir eitt ár. Séu stjórnarmenn þrír gengur einn meðstjórnandi út eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn fimm, ganga tveir meðstjórnendur út eftir tvö ár, en tveir eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn sjö ganga þrír meðstjórnendur út eftir tvö ár, en þrír eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.

3 Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn til vara ár hvert.

4 Heimilt er að setja í samþykktir veiðifélags að kjósa megi formann beinni kosningu og stjórn félagsins og skoðunarmenn í einu lagi til þriggja ára í senn.

6. gr.

Verksvið veiðifélags.

1 Veiðifélag sem hefur verið stofnað sinnir lögbundnum verkefnum, sbr. 37. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sem eru m.a.:

a. að sjá til þess að reglum laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og samþykktum viðkomandi félags um veiðistjórnun og veiðiaðferðir sé framfylgt á félagssvæðinu,
b. að stunda fiskrækt á félagssvæðinu, eftir því sem þörf krefur, til að tryggja vöxt og viðgang fiskstofna og sjálfbæra nýtingu þeirra,
c. að skipta veiði eða arði af veiði milli félagsmanna í samræmi við rétt þeirra,
d. að ráðstafa rétti til stangveiði í fiskihverfi í heild eða að hluta með hagsmuni félagsmanna að leiðarljósi, en þó þannig að gætt sé markmiða laganna um sjálfbæra nýtingu,
e. að hafa að öðru leyti með höndum verkefni þau sem því eru falin með lögum og varða framkvæmd þeirra.

2 Veiðifélag sem starfar samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, skal taka til allrar veiði í umdæmi félagsins og eftir stofnun þess er öllum óheimilt að veiða í vatni á

félagssvæðinu, nema samkvæmt heimild frá félaginu. Hafi veiðifélag ráðstafað stangveiði á félagssvæði sínu er einstökum félagsmönnum skylt að veita aðgang að veiðistöðum fyrir landi sínu.

3 Veiðifélag eða stjórn veiðifélags sem starfar í umboði þess skal alla jafna ekki hafa á hendi verkefni eða framkvæmdir sem ekki eru fyrirmæli um í lögum eða eru ekki í efnislegum tengslum við skilgreint hlutverk veiðifélaga.

7. gr.

Verksvið stjórnar.

1 Stjórn veiðifélags hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Stjórnin fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma, og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

8. gr.

Starfsemi deilda.

1 Í samþykktum veiðifélags má kveða á um að veiðifélag skuli starfa í deildum, enda taki hver deild yfir tiltekið veiðivatn eða hluta vatns. Hver deild ráðstafar þá veiði í sínu umdæmi með þeim skilyrðum sem aðalfundur félagsins setur. Í samþykkt fundarins skal kveða á um stofnun deilda, starfssvæði, starfshætti deildarinnar, þær heimildir sem deildin hefur lögum samkvæmt og annað eftir því sem við á. Að öðru leyti fer um starfsemi deildarinnar samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

9. gr.

Fyrirsvar jarða í sameign og atkvæði á fundi.

1 Tilkynna skal til veiðifélags um fyrirsvarsmann jarðar, séu eigendur fleiri en þrír fjárráða einstaklingar/lögaðilar, sbr. 9. gr. jarðalaga nr. 81/2004. Skriflegan samning um hver fari með atkvæðisrétt jarðar, sbr. 40. gr. laga nr. 61/2006 má því aðeins taka gildan á félagsfundi, að hann sé undirritaður af öllum eigendum viðkomandi jarðar. Umboð til að greiða atkvæði á fundi er því aðeins gilt að umboðið sé undirritað af öllum eigendum jarðar séu þeir fleiri en einn og sé eigi eldra en þriggja mánaða. Geta skal umboðsins í fundargerðabók.

10. gr.

Málsmeðferðarreglur og hæfi.

1 Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna sérstaklega umfram aðra félagsmenn.

2 Stjórn veiðifélags skal sjá til þess að mál sem tekin eru til meðferðar séu nægilega upplýst áður en ákvörðun er tekin í þeim.

3 Stjórn veiðifélags skal haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna.

4 Áður en stjórn veiðifélags tekur ákvörðun á stjórnarfundi í máli sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra, skal þess gætt að hann eigi þess kost að tjá sig um efni máls, enda liggi afstaða hans til málsins ekki fyrir í gögnum málsins eða slíkt sé augljóslega óþarft.

5 Félagsmenn eiga rétt á aðgangi að þeim gögnum sem félagstjórn hefur undir höndum. Stjórn veiðifélags er þó heimilt í undantekningartilvikum að undanskilja tiltekin gögn aðgangi félagsmanna, ef þau eiga ekki erindi til einstakra félagsmanna sökum eðlis síns, eða rétt þykir vegna viðskiptalegra sjónarmiða að um þau gildi trúnaður í tiltekinn tíma. Aflétta skal trúnaði af gögnum um leið og skilyrði til þess eru fyrir hendi.

6 Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

11. gr.
Arðskrá.

1 Veiðifélagi er skylt að láta gera skrá, er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði, sem koma á í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklings er veiðirétt á í vatni á félagssvæði.

2 Arðskrá skal leggja fram til samþykktar eða synjunar félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi. Um arðskrá skal greiða atkvæði og þarf atkvæði 2/3 hluta atkvæðisbærra félagsmanna til samþykktar hennar. Sé fundarsókn ekki næg, skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þá afl atkvæða.

3 Ef arðskrá er ekki samþykkt, ber stjórn veiðifélags að óska eftir mati samkvæmt VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, um þau atriði, sem greinir í 1. mgr. Einnig er sérhverjum félagsmanni rétt að krefjast mats með framangreindum hætti, enda komi sú krafa fram innan tveggja mánaða frá fundi, þar sem arðskrá hefur verið samþykkt.

4 Stjórn veiðifélags skal senda Fiskistofu arðskrá skv. 1.–3. mgr. til staðfestingar og birtingar í B-deild Stjórnartíðinda eftir að frestur til að krefjast mats skv. 3. mgr. er liðinn. Arðskrá tekur gildi tveimur mánuðum eftir slíka birtingu. Komi fram krafa um mat gildir eldri arðskrá, ef henni er til að dreifa, þar til matsgerð (úrskurður) skv. VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, liggur fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt.

5 Rétt er veiðifélagi samkvæmt ákvörðun félagsfundar eða stjórnar, svo og einstökum félagsmönnum, að krefjast endurskoðunar á arðskrá átta árum eftir gildistöku hennar.

6 Um arðskrár veiðifélaga fer eftir sérstakri reglugerð um það efni.

12. gr.
Aðalfundir.

1 Aðalfund veiðifélags skal halda árlega fyrir 1. júní ár hvert. Dagskrá aðalfundar skal vera sem hér segir:

1. Skýrsla stjórnar.
2. Endurskoðaðir reikningar félagsins lagðir fram.
3. Umræður um skýrslu stjórnar og reikninga.
4. Fjárhagsáætlun næsta árs.
5. Kosning stjórnar og skoðunarmanna, sbr. 4. gr.
6. Önnur mál.

2 Á fundum í veiðifélagi, hvort sem er aðalfundum eða aukafundum, skal liggja frammi skrá um atkvæðisbæra félagsmenn. Framlögð umboð á fundi skal færa í fundargerðabók.

3 Boði stjórn veiðifélags ekki til aðalfundar fyrir 1. september ár hvert, er þeim er fund vilja halda heimilt að boða hann.

13. gr.
Aukafundir.

1 Aukafundi skal halda ef félagsstjórn telur ástæður til eða ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefni. Nú lætur félagsstjórn undir höfuð leggjast að boða aukafund í tvo mánuði, og er þeim er fund vilja halda þá rétt að boða hann.

14. gr.
Boðun funda.

1 [Stjórn veiðifélags skal boða skriflega til aðalfundar með dagskrá til allra veiðiréttarhafa með a.m.k. 10 daga fyrirvara.

2 Aukafundi skal boða skriflega með dagskrá, til allra veiðiréttarhafa, eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Heimilt er þó að mæla fyrir um annað fyrirkomulag, um boðun aukafunda, í samþykktum veiðifélags.

3 Skylt er að boða fundi í veiðifélagi skriflega með tryggilegum hætti með minnst 10 daga fyrirvara, ef breyta skal samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi.][1)]

[1)]*Rg. 1086/2025, 1. gr.*

15. gr.

Atkvæðagreiðslur.

1 Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki ⅔ atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

2 Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, og gildir þá ein eining í arðskrá, sem eitt atkvæði hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundargerðabók.

16. gr.

Kostnaður af starfsemi veiðifélags.

1 Kostnað af starfsemi veiðifélags skulu félagsmenn greiða í því hlutfalli sem þeir taka arð.

17. gr.

Skýrsla um starfsemi veiðifélags o.fl.

1 Skylt er stjórn veiðifélags að gefa Fiskistofu skýrslu um starfsemi félagsins og þau atriði önnur, sem stofnunin kann að óska eftir og henni eru nauðsynleg við framkvæmd laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og þessarar reglugerðar.

18. gr.

Kæruheimild.

1 Ef félagsmenn greinir á um lögmæti ákvörðunar sem tekin hefur verið á fundi veiðifélags eða af félagsstjórn þá getur hver félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu innan þriggja mánaða frá því að ákvörðun var tekin.

2 Ákvörðun Fiskistofu samkvæmt þessari grein verður ekki kærð til ráðherra.

19. gr.

Viðurlög.

1 Um brot gegn reglugerð þessari og viðurlög fer eftir VIII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði.

20. gr.

Fyrirmynd að samþykktum.

1 Í samræmi við ákvæði 2. málsl. 3. mgr. 39. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, fylgir reglugerð þessari fyrirmynd að samþykktum veiðifélags.

21. gr.

Gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 37. gr., 2. mgr. 39. gr., 3. mgr. 39. gr. og 4. mgr. 42. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 1024/2006, um starfsemi veiðifélaga.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 26. mars 2014.

[**Fylgiskjal.**

* Sá texti samþykktarinnar sem er innan hornklofa […] er texti sem veiðifélag þarf að taka afstöðu til hvort eigi við um félagið í hverju tilviki og þarf því að aðlaga að hverri samþykkt fyrir sig.

Samþykkt veiðifélags.

1. gr.

1 Nafn félagsins er _____

2. gr.

1 Heimili þess og varnarþing er þar sem formaður þess er búsettur hverju sinni.

3. gr.

1 Félagsmenn eru skráðir eigendur/ábúendur eftirtalinna jarða og landareigna, sem land eiga að [eða veiðirétt í] … frá ósi í sjó til upptaka eða að …

2 Þær eru: …

3 [Félagið starfar í eftirfarandi deildum, sem allar ráðstafa veiði á sínu félagssvæði með þeim skilyrðum, sem samþykkt eru á aðalfundi: …].

4. gr.

1 Verkefni félagsins er að viðhalda góðri fiskgengd á félagssvæðinu og stuðla að sjálfbærri nýtingu fiskistofna. Félagið tekur til allrar veiði á félagssvæðinu og ráðstafar henni í samræmi við samþykkt félagsfundar. Til að slík framkvæmd nái fram að ganga þarf atkvæði ⅔ fundarmanna og skal geta þess í fundarboði að slík ákvörðun liggi fyrir fundinum.]

2 Félaginu ber einnig að vernda vistkerfi vatnafiska á félagssvæðinu og koma í veg fyrir að verklegar framkvæmdir eða önnur starfsemi skaði lífríki þess. Félaginu er heimilt að stunda fiskrækt í samræmi við gilda fiskræktaráætlun á hverjum tíma.

5. gr.

1 Stjórn félagsins [og deilda ef þær eru starfandi] skipa [þrír, fimm eða sjö] menn, formaður og meðstjórnendur. Skulu þeir kosnir á aðalfundi til þriggja ára í senn. Stjórnarmenn skulu eiga aðild að félaginu eða starfa í umboði þeirra sem getið er í 3. gr. Stjórnarmenn ganga úr stjórninni á víxl í samræmi við fjölda stjórnarmanna, þannig; [Formaður gengur út eftir eitt ár. Séu stjórnarmenn þrír gengur einn meðstjórnandi út eftir tvö ár, en hinn eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn fimm, ganga tveir meðstjórnendur út eftir tvö ár, en tveir eftir þrjú ár. Séu stjórnarmenn sjö ganga þrír meðstjórnendur út eftir tvö ár, en þrír eftir þrjú ár og helst svo sama röð áfram.]

2 Stjórnin skiptir með sér verkum. Enginn atkvæðisbær félagsmaður getur skorast undan kosningu, nema sérstök forföll hamli, eða ef hann hefur verið í stjórn í þrjú ár. Kjósa skal þrjá varamenn til eins árs í senn. Kjósa skal tvo skoðunarmenn og einn skoðunarmann til vara ár hvert.

6. gr.

1 Stjórnin hefur á hendi allar framkvæmdir félagsins milli aðalfunda. Aðalfundur ákveður þóknun fyrir störf stjórnar. Hún fær menn sér til aðstoðar við þau störf í þágu félagsins, sem vinna þarf á hverjum tíma og semur við þá um þóknun fyrir. Formaður er fulltrúi félagsins út á við og hefur yfirumsjón með öllum störfum félagsins og fjárreiðum.

2 Óheimilt er öllum að veiða á félagssvæðinu, nema með skriflegu leyfi félagsstjórnar eða aðila sem veitir slík leyfi í umboði hennar. Í leyfinu skal tekið fram um veiðitíma og veiðitæki, og með hvaða kjörum leyfið er veitt.

7. gr.

1 Stjórnarmenn skulu víkja sæti við meðferð þeirra mála félagsins sem snerta hagsmuni þeirra eða venslamanna þeirra sérstaklega umfram aðra félagsmenn. Þeir skulu haga störfum sínum þannig að jafnræðis sé gætt meðal félagsmanna. Stjórn félagsins skal gæta andmælaréttar félagsmanns áður en mál sem snertir hagsmuni tiltekins félagsmanns umfram aðra félagsmenn er tekið til afgreiðslu á stjórnarfundi. Stjórn félagsins skal ætíð gæta þess að mál sé nægjanlega upplýst áður en ákvörðun í því er tekin.

2 Rísi ágreiningur um lögmæti ákvörðunar félagsstjórnar eða fundar í félaginu getur félagsmaður kært ákvörðunina til Fiskistofu. Kærufrestur er þrír mánuðir frá því að ákvörðunin var tekin.

8. gr.

1 Fundi í félaginu skal boða skriflega með dagskrá eigi síðar en 10 dögum fyrir fundardag. Skylt er að boða fundi í félaginu skriflega með tryggilegum hætti ef breyta á samþykktum félagsins eða ráðstafa veiði á félagsfundi. Afl atkvæða ræður úrslitum mála á fundum. Þó verður breyting á samþykkt eða arðskrá að hljóta samþykki ⅔ atkvæðisbærra félagsmanna. Nú verður breyting á samþykkt eða arðskrá ekki afgreidd vegna ófullnægjandi fundarsóknar, og má þá boða til annars fundar. Á þeim fundi ræður afl atkvæða.

2 Nú er ráðgert að breyta samþykkt, arðskrá eða ráðstafa veiði og skal þess getið í fundarboði. Nú fer atkvæðagreiðsla fram á fundi skv. fyrirmælum 7. mgr. 40. gr. laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði og gildir þá ein eining í arðskrá hjá félagsmanni sem hefur atkvæðisrétt, sem eitt atkvæði, sbr. 1. mgr. 40. gr. sömu laga. Greiða má atkvæði skriflega, enda sé þess getið í fundargerðabók.

3 Á félagsfundi skal leggja fram skrá yfir atkvæðisbæra félagsmenn. Umboð sem lögð eru fram á fundi skulu skráð í fundargerðarbók.

9. gr.

1 Aðalfund skal halda eigi síðar en 1. júní ár hvert. Á aðalfundi skýrir stjórnin frá störfum félagsins á liðnu starfsári og leggur fram tillögur um starfsemi þess á næsta ári ásamt fjárhagsáætlun félagsins fyrir komandi starfsár. Þá skal hún leggja fram endurskoðaða reikninga félagsins og ályktar fundurinn um þá. Aukafundi skal halda eftir þörfum eða ef ¼ félagsmanna æskir þess og tilgreinir fundarefnið.

10. gr.

1 Reikningsár félagsins er almanaksárið. Stjórninni ber að færa reikningana í gerðabók, sem henni er skylt að halda, svo og samþykktir félagsins, félagaskrá, arðskrá og fundargerðir.

11. gr.

1 Arði af sameiginlegri veiði skal skipt niður á félagsmenn samkvæmt arðskrá. Félagsmenn greiða gjöld til félagsins í sömu hlutföllum og þeir taka arð.][1)]

[1)] *Rg. 1086/2025, 2. gr.*

Reglugerð
nr. 403/2012, um arðskrár veiðifélaga.[1)]

[1)]*Breytingasaga reglugerðar nr. 403/2012 sbr. 495/2023.*

I. KAFLI
Almennt um arðskrár.

1. gr.

Arðskrá.

1 Veiðifélagi er skylt að láta gera skrá, arðskrá, er sýni hluta þann af veiði eða arð af veiði sem koma skal í hlut hverrar fasteignar, lögaðila eða einstaklinga er veiðirétt eiga í vatni á félagssvæði. Við gerð arðskrár skal horft til þeirra sjónarmiða sem rakin eru í 7. gr. þessarar reglugerðar.

2 Arðskrá skal sýna heildarfjölda eininga sem til úthlutunar eru á félagssvæðinu svo og arðshlut hverrar fasteignar í einingum talið.

2. gr.

Samþykkt og staðfesting arðskrár.

1 Arðskrá skal leggja fram til samþykktar eða synjunar félagsmanna á löglega boðuðum félagsfundi. Um arðskrá skal greiða atkvæði og þarf atkvæði ⅔ hluta allra atkvæðisbærra félagsmanna til samþykktar henni. Sé fundarsókn ekki næg skal boða til annars fundar með sama hætti og að framan greinir, og ræður þá afl atkvæða.

3. gr.

Matsgerð.

1 Ef arðskrá er ekki samþykkt ber stjórn veiðifélags að óska eftir mati skv. VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, á þeim atriðum sem greinir í 1. mgr. 1. gr. þessarar reglugerðar. Einnig er sérhverjum félagsmanni rétt að krefjast mats með framangreindum hætti, enda komi sú krafa fram innan tveggja mánaða frá fundi þar sem arðskrá hefur verið samþykkt.

2 Komi fram krafa um mat gildir eldri arðskrá, ef henni er til að dreifa, þar til matsgerð skv. VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði liggur fyrir og arðskrá á grundvelli hennar hefur verið staðfest og birt.

II. KAFLI
Matsbeiðnir, málsmeðferð við matsgerðir.

4. gr.

Matsbeiðnir.

1 Beiðnir um matsgerðir skulu vera skriflegar og undirritaðar og efni þeirra skýrt af-markað. Beiðnum skulu fylgja nauðsynleg gögn.

2 Matsbeiðandi skal senda beiðni um mat til matsnefndar skv. lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og skal hún vera undirrituð af matsbeiðanda eða stjórnarmönnum í veiðifélagi, þegar veiðifélag óskar eftir mati eða endurskoðun. Beiðninni skal fylgja staðfest afrit af fundargerð veiðifélags þar sem samþykkt er að óska eftir mati ef veiðifélag óskar eftir mati eða endurskoðun.

3 Matsnefnd skal við upphaf mats gæta þess að a.m.k. átta ár séu liðin frá gildistöku síðustu matsgerðar ef henni er til að dreifa.

5. gr.

Fyrirtaka máls.

1 Við upphaf málsmeðferðar skal matsnefnd gæta þess að sem flest grunngögn liggi fyrir, sbr. 9. gr.

2 Matsnefnd skal ákveða fyrirtöku máls með a.m.k. viku fyrirvara með skriflegri tilkynningu til veiðifélags og eigenda veiðiréttar, sem málið beinlínis varðar, með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum tryggilegum hætti.

3 Við fyrirtöku máls skal matsnefnd upplýsa aðila um hvaða þættir það eru sem geta varðað matskostnað og um heimildir matsnefndarinnar til að úrskurða um matskostnað og skiptingu hans á aðila. Þrátt fyrir ákvæði 2. mgr. getur matsnefnd óskað eftir því við hlutaðeigandi veiðifélag að það annist sjálft tilkynningu til allra eigenda veiðiréttar um fyrirtöku máls, og þá með sama hætti og málsgreinin kveður á um. Ef ekki þykir nægilega ljóst fyrirfram hvaða aðilar eigi beinna hagsmuna að gæta skal birta tilkynningu um fyrirtöku máls í Lögbirtingablaði.

4 Við fyrstu fyrirtöku máls skal kanna hæfi nefndarmanna og skora á aðila að upplýsa hvort þeir geri athugasemdir við hæfi þeirra til meðferðar máls. Þá skal og farið yfir afmörkun ágreiningsefnis sem til úrlausnar er og ákvarðar nefndin það nánar, sé ástæða til.

5 Matsnefnd skal ganga á vettvang að tilkvöddum málsaðilum samkvæmt ákvörðun nefndar−innar.

6 Matsnefnd skal bóka á fundi sínum ef ágreiningur er milli aðila um veiðirétt og hvers eðlis hann sé.

7 Vinna skal matsgerð svo fljótt sem unnt er og gæta þess að ekki verði tafir á málsmeðferð.

6. gr.

Skriflegar greinargerðir.

1 Matsnefndin skal á fundi með veiðiréttareigendum gefa hverjum og einum þeirra kost á að leggja fram skriflegar greinargerðir og kröfur um þau atriði sem varðað geta mat á arði einstakra fasteigna. Hverjum og einum veiðiréttareiganda skal einnig gefinn kostur á að gera grein fyrir sínum sjónarmiðum fyrir nefndinni óski þeir þess.

2 Veiðiréttareigendum skulu kynnt fram komin atriði eða kröfugerðir sem kunna að varða hagsmuni þeirra sérstaklega þannig að koma megi að andmælum.

III. KAFLI
Framkvæmd mats, úrskurðir o.fl.

7. gr.

Matsþættir.

1 Við niðurjöfnun veiði eða úthlutun arðs af henni skal taka tillit til eftirfarandi meginþátta:

a. aðstöðu til netaveiði og stangveiði,
b. landlengdar að veiðivatni, vatnsmagns og stærðar vatnsbotns og
c. hrygningar- og uppeldisskilyrða fisks.

2 Við mat á framangreindum þáttum skal m.a. horft til:

veiðitalna í stangveiði og netaveiði,
hvort breytt hafi verið um veiðiaðferðir sem áhrif hafi á veiði,
flatarmáls og gerðar vatnsbotns,
hvort þverár renni í veiðivatn,
hvort seiðasleppingar hafi áhrif á skiptingu arðs,
hvort laxastigar og/eða fiskvegir séu á veiðisvæðinu, sem og lokun slíkra mannvirkja,
framkvæmda á vegum veiðifélags sem áhrif hafa á veiðisvæði,
hvort veiðistöðum hefur verið spillt vegna framkvæmda á vegum veiðifélags,

annarra þátta sem matsnefnd telur að rétt sé að horfa til við úthlutun arðs eða niðurjöfnun veiði.

3 Við mat framangreindra þátta skal horft til vægis þeirra við verðmætasköpun veiðivatnsins.

8. gr.

Sérfræðiaðstoð.

1 Heimilt er matsnefndinni að kveðja sérfræðinga sér til aðstoðar ef þörf þykir. Henni er einnig heimilt að leita eftir áliti eða rannsóknum sérfræðinga eða rannsóknastofnana á lífríki vatns þar sem það hefur þýðingu fyrir úrlausn máls.

9. gr.

Gögn við mat.

1 Stjórn veiðifélags skal láta matsnefndinni í té öll gögn sem óskað er eftir og varðað geta matið. Matsnefnd skal leggja fyrir veiðifélag að framvísa þeim gögnum við upphaf mats sem varða sameiginlega hagsmuni veiðiréttareigendanna, s.s. mælingum á landlengd að veiðivatni, búsvæðamati ef þurfa þykir og veiðitölum sundurgreindum eftir veiðistöðum.

2 Matsmenn skulu hafa aðgang að rannsóknaskýrslum og öðrum gögnum sem veiðifélög og/eða opinberir aðilar hafa undir höndum.

10. gr.

Úrskurður.

1 Matsnefnd skal í rökstuddum, skriflegum úrskurði gera grein fyrir niðurstöðu sinni. Form og efni úrskurðarins skal vera í samræmi við 31. gr. stjórnsýslulaga eftir því sem við getur átt.

11. gr.

Birting úrskurðar fyrir aðilum.

1 Úrskurð skal birta aðilum með ábyrgðarbréfi, símskeyti eða með öðrum tryggilegum hætti. Ef það er ekki unnt skal birta úrskurðinn í Lögbirtingablaði.

IV. KAFLI
Ýmis ákvæði.

12. gr.

Málshöfðunarfrestur.

1 Matsnefnd skv. VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði er sjálfstæð í störfum sínum og verður úrskurðum hennar ekki skotið til annarra stjórnvalda. Vilji aðili bera úrskurð nefndarinnar undir dómstóla skal hann höfða mál innan sex mánaða frá því að honum var birtur úrskurður nefndarinnar. Málshöfðun frestar ekki réttaráhrifum úrskurðar.

13. gr.

Kostnaður af matsgerð.

1 [Í úrskurði matsnefndar skal kveðið á um kostnað af meðferð máls og skiptingu hans á aðila.][1)] Veiðifélag skal að jafnaði bera kostnað af endurskoðun arðskrár. Til málskostnaðar telst allur kostnaður af matinu, þ.m.t. laun matsmanna samkvæmt tímaskýrslu og laun sérfræðinga skv. 8. gr., ferðakostnaður og annar kostnaður, svo og laun starfsmanns nefndarinnar samkvæmt tímaskýrslu eftir því sem við á. […][2)] […][2)] Matsnefnd skal skila til sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytisins skýrslu og reikningi fyrir hverja matsgerð þar sem gerð skal grein fyrir vinnu nefndarinnar við einstakar matsgerðir. Sundurliða skal einstaka kostnaðarþætti, m.a. vinnu einstakra matsmanna, aksturskostnað, annan útlagðan kostnað og aðra kostnaðarþætti eftir því sem við á.[1)]

[1)]Rg. 495/2023, a. liður 1. gr. [2)]Rg. 495/2023, b. liður 1. gr.

14. gr.

Birting arðskrár í B-deild Stjórnartíðinda og gildistaka.

1 Arðskrá sem gerð er og samþykkt hefur verið af veiðifélagi, sbr. 1.-2. gr. þessarar reglugerðar skal staðfest af Fiskistofu og birt í B-deild Stjórnartíðinda eftir að málskotsfrestur samkvæmt 2. málsl. 1. mgr. 3. gr. er liðinn. Tekur arðskráin gildi tveimur mánuðum eftir slíka birtingu.

2 Ef arðskrá er byggð á úrskurði matsnefndar skv. VII. kafla laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, skal úrskurður nefndarinnar sendur Fiskistofu til staðfestingar og birtingar í B-deild Stjórnartíðinda, að lokinni birtingu úrskurðar fyrir eigendum veiðiréttar samkvæmt 11. gr. þessarar reglugerðar. Arðskráin tekur gildi daginn eftir birtingu hennar í Stjórnartíðindum, sbr. 2. mgr. 8. gr. laga nr. 15/2005, um Stjórnartíðindi og Lögbirtingablað.

15. gr.

Endurskoðun arðskrár.

1 Heimilt er veiðifélagi samkvæmt ákvörðun félagsfundar eða stjórnar, svo og einstökum félagsmönnum, að krefjast endurskoðunar á arðskrá, eða hluta hennar eftir atvikum, átta árum eftir gildistöku hennar.

V. KAFLI

Refsiheimild, lagastoð og gildistaka.

16. gr.

Refsiheimild.

1 Um brot gegn reglugerð þessari og viðurlög við þeim fer eftir VIII. kafla laga nr. 61/2006 um lax- og silungsveiði.

17. gr.

Lagastoð og gildistaka.

1 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 7. mgr. 41. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 412/2007, um arðskrár veiðifélaga.

Sjávarútvegs- og landbúnaðarráðuneytinu, 12. apríl 2012.

Reglugerð

nr. 449/2013, um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó.

1. gr.

 Reglugerð þessi varðar eingöngu lagnetaveiðar á silungi í sjó.

2. gr.

 Lagnet skal leggja innan netlaga og skal lengd þess ekki vera meiri en 50 metrar. Netið skal leggja þvert á fjöru og skal dýpt nets ekki fara yfir 2,5 metra.

3. gr.

 Óheimilt er að mynda gildru með staurum, grjóti eða öðrum föstum búnaði, en heimilt er að festa net í beina línu á stangir og fergja blýlínu svo net veiði við botn, enda séu endar netsins vel merktir með baujum. Útendi nets skal vera tryggilega festur í stjóra eða á stöng. Ekki er heimilt að setja lykkju í stjóra eða annan búnað við útenda nets sem nota mætti til að draga net frá eða að landi.

4. gr.

 Lagnet skal eigi vera smáriðnara en svo að 3,0 sm séu milli hnúta (6,0 sm riðill) þegar net eru vot. Netið skal hins vegar eigi vera stórriðnara en svo að 4,0 sm (leyfilegt frávik +/- 0,2 sm) séu milli hnúta (8,0 sm riðill) og notað sé einfalt girni, sem fari ekki yfir 0,4 mm að þykkt.

5. gr.

 Bil milli lagneta í sjó skal vera minnst 100 metrar eftir endilangri strönd. Mæla skal lengd nets frá útenda þess í bakka. Þó má bil aldrei vera skemmra en fimmföld lengd lagnets ásamt leiðara. Í sundum milli strandar og eyja eða hólma skal bil milli neta eftir endilöngu sundi vera hið sama og að framan getur, hvoru megin sunds sem net liggur.

6. gr.

 Net, sem ætlað er til veiða á göngusilungi, skal merkt í báða enda með bauju ásamt nafni ábúanda og lögbýlis, sem hefur umræddan veiðirétt. Ef maður veiðir fyrir landi annars aðila skal hann geta framvísað leyfi landeiganda til veiðanna og merkja netið með nafni og heimilisfangi sínu.

7. gr.

 Í samræmi við 2. mgr. 18. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, er óheimilt að stunda netaveiðar á silungi í netlögum sjávarjarða frá kl. 22.00 á föstudagskvöldi til kl. 10.00 á þriðjudagsmorgni. Um annan friðunartíma fer samkvæmt lögum nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum.

8. gr.

 Um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar fer samkvæmt 50. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum, enda varði brotið ekki þyngri refsingu samkvæmt öðrum lögum.

9. gr.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í 32. gr. laga nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, með síðari breytingum og öðlast þegar gildi. Jafnframt fellur úr gildi frá sama tíma reglugerð nr. 402/2012, um búnað og frágang neta vegna veiða göngusilungs í sjó.

Atvinnuvega- og nýsköpunarráðuneytinu, 23. apríl 2013.

Reglugerð
nr. 665/2023, um veiðar á hnúðlaxi.

1. gr.
Gildissvið.

1 Reglugerð þessi gildir um veiðar á hnúðlaxi (*Oncorhynchus gorbuscha*).

2. gr.
Leyfi til veiða á hnúðlaxi.

1 Veiðifélögum og veiðiréttarhöfum, þar sem ekki eru starfandi veiðifélög, er heimilt að veiða hnúðlax með ádráttarnetum árin 2023, 2024 og 2025.

3. gr.
Umsóknir.

1 Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til veiða á hnúðlaxi.

2 Í umsóknum skal koma fram í hvaða ám, vötnum og við hvaða land áformað er að veiða.

4. gr.
Málsmeðferð og útgáfa leyfa.

1 Fiskistofa annast útgáfu leyfa til veiða á hnúðlaxi.

2 Heimilt er að binda útgáfu leyfa til veiða ákveðnum skilyrðum, m.a. um skýrsluskil, gerð veiðarfæra og veiðitímabil. Leyfi skulu m.a. bundin því skilyrði að allur afli sé skráður og að Fiskistofu verði sendar árlega skýrslur um sókn og afla.

3 Í leyfi skal koma fram fyrir hvaða ár, vötn, veiðisvæði og tímabil það gildir.

4 Leyfi til veiða á hnúðlaxi skulu gefin út fyrir hvert almanaksár.

5.gr.
Framkvæmd og tilhögun veiða.

1 Við veiðarnar skal leyfishafi fara eftir lögum og stjórnvaldsfyrirmælum sem gilda um veiðarnar og einnig sérstökum ákvæðum sem sett eru um veiðarnar í leyfinu.

6. gr.
Framsal.

1 Framsal leyfa til veiða á hnúðlaxi samkvæmt þessari reglugerð er óheimilt.

8. gr.
Afturköllun leyfa.

1 Fiskistofa getur afturkallað leyfi sem veitt hefur verið ef leyfishafi uppfyllir ekki skilyrði leyfisins. Endurnýjun leyfa skal vera háð því að skilað hafi verið skýrslu um veiði og veiðisókn síðasta árs sem veiði var stunduð.

9. gr.
Eftirlit.

1 Fiskistofa hefur eftirlit með að veiðar samkvæmt þessari reglugerð séu í samræmi við lög og reglur og getur gripið til aðgerða ef hún telur ástæðu til t.d. vegna brota á reglugerðinni eða ef skilyrði leyfisins eru ekki lengur uppfyllt.

10. gr.

Gildistaka.

 Reglugerð þessi er sett samkvæmt heimild í IV. ákvæði til bráðabirgða við lög nr. 61/2006, um lax- og silungsveiði, sbr. lög nr. 46/2023 og öðlast þegar gildi.

Matvælaráðuneytinu, 26. júní 2023.

Reglugerð
nr. 408/2019, um bann við álaveiðum.

1. gr.
Bann við veiðum.

1 Reglugerð þessi gildir um bann við veiðum á öllum tegundum áls á Íslandi.

2 Allar álaveiðar eru óheimilar í sjó, ám og vötnum á Íslandi nema að fengnu sérstöku leyfi frá Fiskistofu til álaveiða til eigin neyslu.

3 Ef áll veiðist í lax- eða silungsveiði er skylt að sleppa honum. Öll sala og markaðsfærsla á íslenskum ál og álaafurðum er bönnuð.

2. gr.
Leyfi til veiða vegna eigin neyslu.

1 Fiskistofa getur veitt leyfi til takmarkaðra veiða á áli til eigin neyslu þar sem veiðar hafa verið eða verða stundaðar sem búsílag. Leyfi skulu bundin því skilyrði að allur afli sé skráður og að Fiskistofu verði sendar árlega skýrslur um sókn og afla.

2 Leyfi til álaveiða til eigin neyslu skulu gefin út fyrir hvert almanaksár.

3 Bannað er að markaðsfæra veiddan afla.

3. gr.
Umsóknir.

1 Fiskistofa auglýsir eftir umsóknum um leyfi til álaveiða til eigin neyslu eigi síðar en 1. mars ár hvert og skal umsóknarfrestur vera til og með 1. apríl ár hvert.

